This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

Digitized by Google

Scan
4114
5A



Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

BÓKMENTASAGA
ÍSLENDÍNGA

FRAM UNDIR SIÐABÓT

EFTIR

FINN JÓNSSON

GEFIN ÚT AF

HINU ÍSLENSKA BÓKMENTAFJELAGI

KAUPMANNAHÖFN
Í PRENTSMIÐJU S. L. MÖLLERS
1904—5

Digitized by Google

Scan. 4114.5
A
HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

Digitized by Google

Minníngu tveggja ágætismanna

EGGERTS prests BRÍMS

og

GÍSLA kennara MAGNÚSSONAR

er bókin helguð af þakklátum hug.

Digitized by Google

Digitized by Google

Fyrir löngu var sú ætlun vakin hjá mjer að rita stutta sögu íslenskra bókmenta í fornöld, jafnskjótt sem jeg gæti komið því við eftir að hafa lokið bókmentasögu þeirri, er jeg hef verið að semja í allmörg ár og gefið út á dönsku. Sú bók er alt upp að 1800 síðum í allmiklu stærra broti en þessi bók, er hjer birtist, og mega menn þar af sjá muninn — og þó kann ef til vill sumum að þykja þessi bók fulllöng. Það var tilgángur minn að setja í hana meginið af efninu; mjer fanst óþarfi og lítt viðeigandi að hlaupa yfir mikið eða láta af hendi enn minna ágrip. Jeg ætlast til þess, að bókin verði álitin hæfileg til lesturs fyrir alþýðu manna og námfúsa únglínga; engu síður er það ætlun mín, að hana megi hafa við tilsögn í hinum meiri skólum, latínuskólanum og ef til vill gagnfræðaskólum; en þá verður kennarinn að fara fljótt yfir sumt og enda láta hlaupa yfir ýmislegt, sem minna þykir í varið. Reynslan verður að skera úr því, hvort bókin er hæf til þess.

Annars hef jeg lítið um rit þetta að segja. Síðan jeg samdi hina meiri bókina hafa skoðanir mínar ekki breyst í neinu, nema ef til vill í einstöku þýðingarlitlum atriðum. Um eddukvæðin hef jeg sömu skoðun sem áður. Jeg læt hvern, sem þykist hafa vit á, ráða sinni skoðun. Jeg hef sett þau hjer í umræðu mitt á milli norrænna og íslenskra skálda, til þess að tákna, að þau sjeu vafagepill.

Digitized by Google

Að jeg hef tekið norræn skáld og rit með rjettlætist af því, að þau eru á svo margan hátt tvinnuð saman við íslenska bókfræði, að það er blátt áfram ekki hægt að sleppa þeim.

Jeg vil geta þess hjer, að »norræn« hef jeg í merkingunni »norskur« (þetta orð kann jeg ekki við), »norð-ræn« — sem er auðvitað sama orðið — læt jeg eiga við öll norðurlönd.

Efnið í sögum og þáttum hef jeg ekki hirt að segja; jeg ætlast til að lesendur þekki þær, enda hafa þeir nú hinar handhægu útgáfur hr. Sigurðar Kristjánssonar að leita til.

Rjettritunin á bókinni er sú, sem jeg tel rjettasta og samkvæmasta á því stigi sem mál vort er nú. Jeg hef ritað nöfn á mönnum og ritum og kvæðum, þar sem þau eru nefnd fyrst í aðalumræðu, með fornri rjettritun, en sumstaðar hefur slæðst inn í ósamkvæmni eða prentvillur, og bið jeg afsökunar á því, og svo öðrum vangávillum.

Óska jeg svo að bókin megi verða að tilætluðum notum.

Kaupmannahöfn 5. desbr. 1904.

F. J.

Digitized by Google

Efnisyfirlit.

Fyrsti kafli (800—1100) . . . . . 1—151
Fyrsta grein (upphaf) . . . . . 1—15
Önnur grein (um skáldskap) . . . . 15—48
[Efni. Hættir. Skáldsk.mál. Nám. Tegundir. Gildi. Rjettfeðrun. Skýring].
Þriðja gr. (norræn skáld) . . . . . 48—62
Fjórða gr. (eddukvæði) . . . . . 63—75
Fimta gr. (goðakv.) . . . . . 75—91
Sjötta gr. (hetjukv.) . . . . . 91—107
Sjöunda gr. (ísl. skáld) . . . . . 107—151
Annar kafli (1100—1300) . . . . . 151—406
Fyrsta gr. (um skáldskap) . . . . . 151—194
A a, Höfðingjaskáld . 157—173
b, Önnur skáld . . 173—175
c, Orkneysk skáld 175—180
d, Þulur . . . . . 180—181
B, Helgikvæði . . . . 181—186
C, Fornaldarsögukv. . 187—192
D, Ýmislegt . . . . 192—194
Önnur gr. (sögur; söguritun) . . . . 194—237
[Upptök. Ritun og áreiðanleiki. Höfundar. Tegundir. Gerð og fyrirkomulag. Þýðing].
Þriðja gr. . . . . 238—287
A, Ari fróði . . . . . 238—243
B, Sögur . . . . . 243—287
[Ísl.sögur og þættir. Um Ísl. á 12. öld. Yngri sögur um 10. öld. Um Ísl. á 13. öld. Biskupas. Landnáma].

Digitized by Google

Fjórða grein . . . . . 287—315
Sögur um Noreg m. m.
A, Höfundar . . . 287—297
B, Sögur . . . . . 297—315
Fimta gr. (Snorri og Sturla) . . . . 316—334
Sjötta gr. (Fornaldarsögur) . . . . 334—358
Sjöunda gr. (Þýddar sögur) . . . . 359—365
A, Veraldlegar sögur 360—362
B, Helgra m. sögur . 362—365
Áttunda gr. (lög) . . . . . 365—376
Níunda gr. (málfræði) . . . . . 377—384
Tíunda gr. (önnur vísindi) . . . . . 385—390
A, Guðfræði . . . . . 385—386
B, Landafræði . . . . 386—387
C, Læknisfræði . . . 387—388
D, Tölvísi og tímatal. 388—390
Ellefta gr. (norræn rit) . . . . . 390—406
A, Frumsamin rit . . 393—398
B, Þýðingar . . . . . 398—406
[Helgirit. Riddaras.]
Þriðji kafli (1300—1450) . . . . . 406—458
Fyrsta gr. (upphaf) . . . . . 406—409
Önnur gr. (um kveðskap) . . . . . 410—435
A, Helgikvæði . . . . 410—417
B, Veraldl. kv., rímur 417—435
Þriðja gr. (um sögurit) . . . . . 436—444
A, Sögur . . . . . 436—439
B, Annálar . . . . . 439—444
Fjórða gr. (um skáldsögur) . . . . 444—454
A, Um íslendinga . . 445—449
B, Fornaldars.-kendar 449—450
C, Riddaras.-kendar . 450—454
Fimta gr. (Helgisögur og ævintýri) 454—458
Fjórði kafli (1450—1550) . . . . . 458—469
Höfundar og rit . . . . . 470—477

Digitized by Google

Fyrsti kafli.

Um 800—um 1100.

Fyrsta grein.

Það er ekki fyrr en um 800 að þjóðir þær, er norðurlönd byggja, færast til fulls fram í dagsbirtu sögunnar; þá fyrst lendir þeim saman við útlendar þjóðir svo að skráð sje um og vitneskja um þær breiðist út um önnur lönd. Það voru suðrænar þjóðir, eftir að Karl mikli hafði brotið þær undir sig og stofnað ríki sitt. Og það voru vestrænar þjóðir, eftir að norðmenn höfðu hætt sjer út á hafið hið mikla, „er girðir lönd öll“, og fundið sjóveginn vestur til Bretlandseyja. Hvorttveggja varð í lok 8. aldar. Fyrir þann tíma segir fátt af forfeðrum vorum; vjer vitum, að Danir, Svíar og Norðmenn (= íbúar Noregs) hafa aðallega búið í þeim löndum, sem eru kend við þessar þjóðir, að minsta kosti frá því um Krists fæðingu, og eflaust lengra aftur í tímann. Fornfræðingar halda jafnvel, að steinaldarmenn sje forfeður vorir í beinan legg. Svo mikið er víst, að vjer getum með fullum sanni sagt, að forfeður vorir hafi búið á norðurlöndum mörg hundruð ára áður en sönn saga þeirra hefst. Bestu vitnin um það eru rúnaristurnar í Danmörku og Noregi, er geyma

Digitized by Google

leifar hins elsta norræna máls, er vjer nú þekkjum, og eru þær elstu frá 5. öld. Í einni eða tveimur þeirra bregður fyrir ljóðum eða vísum með bragarhætti, sem auðsjáanlega er sá sami og fornyrðislagið. Þótt ekkert væri nema þetta til að nefna, sýnir það þó, að forfeður vorir hafa þá þegar staðið á ekki alllágu menningarstigi. Þeir kunnu að rista rúnir í trje og steina, hafa kunnað að láta í ljós hugsanir sínar í bundnu máli, og þá hafa þeir eflaust haft allþroskaðan átrúnað á goð og æðri verur. Þeir hafa kunnað að smíða úr málmi og skera í trje; þeir hafa þá verið orðnir góðir og vanir sjómenn; það sýna skip, er fundist hafa í jörðu; og þeir hafa eflaust verið farnir að fara ráns- og víkingarferðir, en allar þessar ferðir voru þá aðeins farnar með ströndum fram og að mestu leyti ekki nema um Eystrasalt („í austurveg“) að ströndunum austanmegin þess. Með þessum ferðum komast Norðurlandabúar í ýmisleg viðskifti við aðrar erlendar og ókunnar þjóðir, er þeir gátu lært mart af bæði beinlínis og óbeinlínis. Frá ómunatíð höfðu gengið menningarstraumar norður á við alt í frá Ítalíu og Grikklandi, bæði beinlínis og óbeinlínis. Beinlínis með því, að suðrænir kaupmenn komu alla leið norður að Danmörk og Eystrasaltsströndum með vörur sínar og keyptu raf fyrir, er þá var þeim svo eftirsóknarvert og svo mikið var til af og er enn. Óbeinlínis með því, að menningin sunnan að breiddist út frá kyni til kyns, frá þjóð til þjóðar; ein tók við af annari; en til þessa gekk löngur tími, og norðrænu þjóðirnar, er voru svo afskektar, fengu seint, og seinna en flestar aðrar, menningaröldurnar heim í garð til

Digitized by Google

sín. En fornfræðíngar geta rakið þessa menníngarstrauma öld eftir öld og þykjast geta sýnt með rökum, hvernig þeir hafa breytt skoðunum manna í trúarefnum, einkum þó að því er snertir hugmyndir þeirra á lífinu eftir dauðann. Samkvæmt rannsóknum þessum hafa menn hlotið að hafa haft líkar hugmyndir á 5. öld og þar á eftir eins og þær, er vjer þekkjum úr hinum elstu norrænu kvæðum (Valhallartrú osfrv.). Með þessum menníngarstraumum hafa rúnirnar borist á norðurlönd, en þær eru upphaflega ekki annað en rómverska stafrofið í yngri mynd sinni. Vafalaust hefur og Óðinstrúin runnið inn á norðurlönd með einhverjum af þessum straumum, hvort sem það hefur nú verið fyrr eða seinna, því að þar greinir menn á um. En hitt er frá með öllu, að Norðurlandabúar hafi komist í nokkurt beint viðskiftasamband við vesturlönd og íbúa þeirra fyrr en rjett fyrir 800. Þá fyrst (árið 793) komu herskip, frá Hörðalandi segja írskir annálar, þángað til að ræna og rupla. Þá fyrst var vesturvegur fundinn og þá fyrst hófst vesturvíking.

Þegar hjer var komið sögunni voru þá Norðmenn á allhátt stig komnir; þeir voru auðvitað djarfir og kænir siglíngamenn, úr því að þeir hættu sjer út á reginhaf í svo miklar og torsóttlegar ferðir; þeir hafa haft góð vopn og annan útbúnað; þeir hafa jafnvel þá haft skrautskjöldu með ýmsum myndum og litarskrúði; þeirra mun síðar getið.

Það er óhætt að fullyrða, að þeir hafa þá og, eins og getið var, haft átrúnað á allháu stigi, eins og elstu kvæðin bera líka vott um; þessi átrúnaður

Digitized by Google

eins og hann var nú orðinn margbreyttur og þroskaður, var árángur margra alda hugsunar, skáldskapar má vel segja. Menn trúðu á marga guði og gyðjur, hvert með sínum einkennum og verknaði; þeir hafa beðið til þeirra, blótað þau á helgum stöðum, þótt vjer vitum lítið eða ekkert um blótin sjálf og aðferðina við þau.

Lífið í Noregi fyrir 800 var einfalt og óbrotið. Landið var skift í fylki hvert með sínu sjálfstæði; yfir hverju fylki var höfðingi, er nefndist konúngur (fylkiskonúngar, smákonúngar), eða, stundum, hersir. Þeir, sem stýrðu blótum, voru víst kallaðir goðar. Samgöngur milli hinna einstöku fylkna eða landshluta voru erfiðar í þá daga; það var yfir fjöll eða firnindi eða breiða skóga að fara, eða lángt út fyrir nes og skaga og inn aftur fjörðu, er skárust lángt inn í landið. En af því að allir landsmenn stóðu á sama stigi, voru af einum kynstofni og töluðu sama mál, fundu þeir skyldleikann og sambandið sín á milli andspænis öðrum út á við. Bændurnir, höldarnir, lifðu mjög frjálsu lífi hver á sinni jörð; komu saman til blóta, blótveislna og þínga; þíngin eru hin fyrstu samtök út á við og náðu þau yfir fleiri hjeruð, fylki, í senn. Á þeim voru lög rjett og dómar dæmdir. Engu að síður mátti segja, að hvert hjerað væri út af fyrir sig og hver bóndi væri afskektur. Af því spratt spurulsemi, um hvernig liði hjá öðrum utan hjeraðs og innan. Altaf gat eitthvað borið við, er varðaði þá alla meir eða minna og þeir þurftu að vita sem best og glöggvast. Það var því ekki að furða, þótt menn tækju tveim höndum mönnum sem að garði komu, gestum, hvort

Digitized by Google

sem þeir voru lángt eða skamt að, eins og enn er títt á Íslandi. Menn sátu svo að segja beinlínis fyrir þeim, er um veginn færu, til þess að krefja þá sagna, og sátu þá oft þar sem víðsýnt var út yfir, t. d. á hinum miklu forngröfum, haugum, er voru við bæinn. Á þessum haugum sátu menn líka til þess að geta litið yfir verknað vinnufólksins á sumrin, og höfðu menn þá einhverja handvinnu sjer að gamni. Hvernig menn hafi annars skemt sjer, t. d. á veturna, vitum vjer ekkert um nema hvað vjer getum getið oss til, að menn hafi haft sömu skemtan sem síðar, sögur sagðar um fornhetjur og forna viðburði og kvæði kveðin með líku efni; snemma hafa verið til fróðir menn, er kunnu hvorttveggja, hvort sem heldur voru sögur um menn eða guði, og lítur út fyrir að þeir hafi verið nefndir þulir í Noregi; þeir hafa og eflaust verið skáld, það er, þeir hafa sett fróðleik sinn í ljóð og mælt þau fram við ýms tækifæri. Á elstu sögutímum lítur jafnvel svo út sem þessir þulir hafi verið hjá konúngunum um lengri eða skemri tíma; í höllinni var þeim sjerstakur stóll ætlaður, þularstóll. Þessir menn hafa jafnaðarlega verið gamlir menn og reyndir, síðskeggjaðir og hármiklir, og hafa eflaust þótt vita jafnlángt nefi sínu; enda fær þulur nokkru seinna beinlínis hjer um bil sömu merkíngu og galdramaður. Þeir voru í miklum hávegum hafðir og hafa eflaust haft mikil áhrif á ráðagjörðir og mál manna.

Þá er hjer var komið, eða á 9. öld, var í Noregi orðin breytíng á skoðun manna á rúnunum og hvernig þær skyldi nota; áður voru þær hafðar til

Digitized by Google

letra á legsteinum, nú var þessu að mestu hætt og rúnirnar voru orðnar töfrastafir, tákn, er hægt var að vinna með ýmislegt yfirnáttúrlegt (vinna sigur, lækna, drepa eitur, hlífa osfrv.).

Galdur og seiður, til þess að fá vitneskju um ókomna tíma eða til þess að vinna eitthvað yfirnáttúrlegt með, helst ilt, var nú orðinn allalmennur og fór einatt í vöxt, og var mjög tíðkaður í Noregi á 10. öldinni. Seiðmenn og spákonur eða völur fóru um alt land og spáðu fyrir um árferði og örlög manna. Menn hræddust þessar galdranornir og sýndu þeim því alla virðingu og gestrisni til þess að styggja þær ekki, enda trúðu menn á mátt þeirra og spávísi, nema einstöku úngir oflátar, sem trúðu mest á sjálfa sig og hirtu ekki um kerlingahjal, en þeim hefndist þá oftast fyrir, segir sagan. Besta lýsíngu á völu má lesa í Eiríks sögu rauða.

Norðmenn voru mjög glöggsýnir menn og skýrir; þeir tóku mjög nákvæmlega eftir náttúrunni í kringum sig og höfðu óvenjunæma tilfinníngu fyrir öllu, sem fyrir þá bar; engu síður athuguðu þeir hver annan, tóku eftir því sem var einkennilegt við aðra menn. En þeir höfðu og mjög nákvæmlega athugað lunderni manna og framkomu í lífinu, sambandið milli þeirra í allskonar viðskiftum, sambandið milli karls og konu, í stuttu máli, þeir höfðu athugað sálarfar manna og fjelagslíf, sem þar af sprettur. Athuganir þessar leiddu svo til þess að ýmsar reglur mynduðust, ýmsir algildir sannleikar og meginsetníngar urðu til, stuttar og skorinortar, kjarn- og kraftmiklar, orðatiltæki og málshættir (maðr er manns gaman; sjaldan verðr víti vörum osfrv.).

Digitized by Google

Um 800 má því segja, að Norðmenn höfðu eigi aðeins allmiklar goðasagnir heldur og allþroskaða siðafræði og lífsreynslu (heimspeki). Þar við bætast svo fornsögur um hetjur og framúrskarandi menn af þeirra eigin ættstofni og svo loks um hetjur frændþjóða sinna fyrir sunnan; þessar útlendu fornsögur komust snemma inn á norðurlönd og urðu mjög almennar og kærar (þýskar sögur um Sigurð fáfnisbana, Gjúkúnga osfrv.).

Alt þetta var aðalefnið í andlegu lífi þeirra.

Það er talið, að tvent sje merkast í sögu Norðmanna á þessum elstu tímum, víkingaferðirnar og ríki Haralds hárfagra. Og þetta er rjett, hvorttveggja er afarmerkilegt og hafði hinar mestu afleiðingar í för með sjer.

Víkingaferðirnar brugðu fyrir augu manna mörgu óþektu og nýstárlegu; og vafalaust er, að Norðmenn hafa orðið fyrir mörgum áhrifum af vestrænni menningu; húsabyggingar, húsbúnaður, klæðaburður, vopnasmíð, skipasmíð og þess konar alt, sem birtist út á við og lá opið fyrir augum þeirra, hafa hlotið að vekja eða getað vakið athygli þeirra og stælt þá til þess að líkja eftir því, sem þeir sáu, og semja sig eftir því. Enda hafa menn getað sýnt órækar sannanir þessa. Eins er ekki fyrir það að synja, að þeir hafi tekið einstöku vestræn (írsk) orð upp í mál sitt, er þeir heyrðu oft; en slíkt hefur ekki getað orðið fyr en eftir langan tíma, og víst er það, að þau orð, er þannig má með vissu rekja til írsku eða keltnesku, eru örfá, svo fá, að þeirra gætir ekki.

Það hefur verið reynt til þess að sanna að hin

Digitized by Google

gamla goðafræði sje að miklu eða mestu leyti til orðin þannig, að norrænir víkingar hafi heyrt hjá írskum múnkum og prestum margar kristnar sagnir bæði úr guðspjöllunum og öðrum ritum, og sömuleiðis margar grískar og rómverskar goðasagnir; hafi þeir svo tekið þetta upp, myndað það öðruvísi, breytt því eftir eigin geðþótta eða af misskilningi og upp úr öllu soðið þær goðasagnir og hugmyndir, er vjer þekkjum úr sögum og kvæðum. Það er S. Bugge, sem er helsti maður þessara skoðana og rannsókna. En enn sem komið er má sannlega segja, að það hafi ekki tekist að sanna órækt, að eitt einasta atriði, hvað þá heldur heil saga eða hugmyndakerfi sje til orðið á þenna hátt. En það er svo mart, sem gagngert mælir móti því, fyrst og fremst elstu kvæðin sjálf; svo framarlega sem þau eru frá þeim tíma, er þau eiga að vera frá, eru þau órækt vitni um, að goðafræðin norræna var fullmynduð um 800 og hefur því ekki með nokkru móti orðið fyrir vestrænum áhrifum. Ef hægt er að sanna, að eitthvert atriði sje af kristnum rótum runnið, þá er einsætt, að það er eldra en frá víkingaöldinni og þá komið beina leið sunnan að, eins og svo mart annað. Til þess að styðja vestrænu kenninguna hefur svo verið reynt að hnekkja aldri elstu kvæðanna og gera þau miklu yngri, en þetta hefur heldur ekki tekist; um þetta mun síðar verða frekara mælt.

Hvort og hvernig víkingaferðirnar hafi annars haft áhrif á sálir Norðmanna og síðar Íslendinga, er hulinn leyndardómur, en þó að þær kunni að hafa gert Íslendinga að einhverju öðruvísi en Norð-

Digitized by Google

menn, t. d. gert þá fjörugri (?; en hvað sögðu Norðmenn um „mörlandann“?), þá hafa þessi viðskifti við Íra, er hjer er átt við, ekki haft nein sýnileg eða sannanleg áhrif á kveðskap eða söguritun Íslendinga eða þýðingu. Verður því ekkert tillit tekið til þessara hugmynda í þessari bók, því að bæði kveðskapurinn og söguritunin hafa sínar eðlilegu innlendu orsakir, eins og síðar skal sýnt.

Þó að víkingaferðirnar hafi haft ýmislega þýðingu, þar á meðal þá, að þær leiddu til þess að Ísland fanst, verðum vjer að neita því, að þær hafi haft nokkuð verulegt að segja fyrir norrænar bókmentir eða efni þeirra.

Hinn merkisatburðurinn var, að Haraldur, sonur Hálfdanar svarta, hinn hárfagri, sem hann síðar var nefndur, „ruddi ríki fyrir sjer í Noregi“, þ. e. braut undir sig allan Noreg og eyddi öllum fylkiskonúngum og gerðist einvaldshöfðíngi yfir öllu landi. Það má nærri geta, að slíkt hafi ekki gengið breytíngalaust af; mart gamalt varð að detta úr sögunni, t. d. þulirnir, sem áður var um talað; þeir hurfu nú og komu skáld í staðinn. En mest varð breytíngin að því er snerti þegnskyldu manna við konúng; Haraldur setti nú jarla yfir fylkin; þeir voru konúnglegir embættismenn og áttu að hafa strángt eftirlit með mönnum; því hafa menn kunnað illa; landvarnarskyldan breyttist með öllu; Haraldur kastaði eign sinni á svo mikið land í Noregi, að menn þóttust ekki mega um frjálst höfuð strjúka; þeim sem óðul áttu eða fornar ættjarðir þótti sem þeir væri sviftir þeim og þar með sínum helgustu rjettindum fyrir sakir þeirra álaga og

Digitized by Google

kvaða, sem Haraldur setti. Auðvitað voru það margir, og í rauninni allur fjöldinn, er urðu að hlíta þessu, og margir höfðingjar snerust fúslega til hlýðni við konúng og þágu af honum tign og metorð, en þeir voru líka margir, sem vildu ekki beygja sig undir ok Haralds og ánauð, og þeir, er höfðu gengið í berhögg við hann, áttu ekki fritt í landi, nema þeir beygðu sig. Öllum þess konar mönnum var einn kostur nauðugur, sá að flýja lönd og óðul. Margir fóru austur á Jamtaland og byggðu þar, en lángflestir fóru í aðra átt. Svo heppilega vildi til, að litlu eftir miðja 9. öld eða meðan Haraldur var að vinna Noreg, fanst mikið eyland norður í höfum og reyndist vel byggilegt fyrir landkosta sakir. Þetta land var Ísland. Það varð nú griðastaður og nýtt heimili allra þeirra, er landflótta urðu að fara úr Noregi og ekki tóku sjer bólfestu í Færeyjum eða öðrum vestureyjum. Útflutningarnir urðu svo miklir, að Haraldi þótti enda landauðn nema — þó er þetta eflaust orðum aukið — og landið byggðist alt á árunum 870—930 hjer um bil. Eftir þann tíma komu aðeins stöku Norðmenn til landsins og settust þar að.

Lángflestir landnámsmannanna komu beina leið frá Noregi; aðeins tiltölulega fáir komu frá vesturlöndum, en lángfæstir höfðu verið þar að staðaldri áður eða verið fæddir þar og upp aldir. Hinir höfðu annaðhvort komið þar til að herja eða verið þar einn eða tvo vetur eða svo. Það er ekki meir en einn níundi hluti allra landnámsmanna, sem vitanlega hafa komist í nokkuð samband við vesturlönd og haft kynni af þeim, áður en þeir

Digitized by Google

fluttust til Íslands, og þessi kynni hafa oft og einatt verið næsta lítil og grunn. Heilir landshlutar af Íslandi, t. d. allir Austfirðir, Skaftafellssýslurnar, Rángárvallasýsla að mestöllu og næstum alt land vestur að Dalasýslu er alveg laust við þessa „vestrænu“ landnámsmenn; þar næst allir Vestfirðir (Ísafjarðarsýsla), og Norðurland alt, nema Eyjafjörðurinn. Það er því auðsjeð af þessu, að það er minsti hluti landsins byggður því fólki, er nokkur kynni hafi haft af Írum og írskri menníngu. Og þótt þetta fólk hafi sumt verið af írskum ættum í aðra röndina, kunnað ef til vill eitthvað í málinu, írsku, og þekt eitthvað af írskum sögum og kvæðum eða vísindum, þá er auðsjeð, að lángmestur þorri landnámsmanna þekti ekkert nema þá menníngu, sem þeir höfðu kynst í Noregi. Og það má nærri geta, að þeir sem voru ekki nema einn eða tvo vetur í vesturlöndum hafa ekki orðið svo gagnsýrðir af írskri menníngu, að þeirra eigin hafi ekki verið lángtum yfirgnæfandi. Vjer hikum því ekki við að segja, að svo að segja öll menníng á Íslandi frá landnámsöld og niður úr var í öllu eðli sínu af norrænum rótum runnin; hafi írsk menníng verið nokkur eða töluverð hjá hinum einstöku ættum, er bendlaðar höfðu verið við vesturlönd og einkum settust að í Dölum og Eyjafirði, þá vantar oss mæli til þess að meta hana og vjer verðum hennar lítt eða ekki varir. Vjer getum hjer ekkert tillit tekið til þeirrar „blóðblöndunar“, er á að hafa átt sjer stað, með því að vjer þekkjum svo að segja ekki neitt til þess, hvernig þesskonar blóðblöndun verkar, hvert megin hún hefur og afleiðíngar, enda

Digitized by Google

skiljum vjer og skýrum íslenskar bókmentir fullljóst að öllu, án þess að þurfa að byggja tilgátur á því, sem oss er í raun og veru hulinn leyndardómur.

Haraldur hárfagri var einvaldur í Noregi eftir Hafursfjarðarorustu (872). Hann settist þá um kyrt og átti lengi allrólega daga. Hann hafði um sig hirð og hjelt sig sem aðrir þjóðkonúngar að rausn og hirðprýði. Hirðin var skipuð hraustum og duglegum drengjum, úlfheðnum og berserkjum. Við hana voru jafnvel útlendir leikarar og skemtu henni og konúngi með ýmsum leikjum og skrípalátum. En mest allra voru skáldin metin, segir í Egilssögu, og þau skipuðu annað öndvegi og innarst sat sá er elstur var þeirra allra og hafði verið hjá Hálfdani svarta, Auðun illskælda. Það er víst valla ofsagt, að Haraldur hárfagri sje hinn eiginlegi stofnari hirðskáldanna; skáldin koma nú í stað hinna gömlu fræðimanna, þulanna, og Haraldur er ef til vill sá fyrsti er skáldin hafa ort um persónulega sjálfan og verk hans. Haraldur varð að þessu leyti dæmi og fyrirmynd allra sinna eftirmanna og annara konúnga á norðurlöndum alt niður að lokum 13. aldar.

Það er ljóst af þessu, hve geysimikla þýðingu það hafði með sjer, að Haraldur vinnur allan Noreg og myndar þar eitt konúngsríki. Vjer munum síðar sýna, hvílíka þýðingu það hafði fyrir Íslendínga og skáldskap þeirra.

Eins og áður er getið, var goðatrú Norðmanna orðin fullþroskuð um 800; það er valla efamál, að menn hafa fram að þeim tíma verið trúmenn og dyggir blótmenn. Og svo mun það hafa verið alla

Digitized by Google

9. öld. Ef trúa má sögusögnum ýmsum, var Haraldur hárfagri þó ekki sjerlegur trúmaður, og um suma af konúngunum á 10. öld vitum vjer að þeir voru það ekki. Eiríkur blóðöx hefur valla verið sterktrúaður, og hann var ekki fyrr til Englands kominn en hann ljet skírast með öllu sínu fólki. Hákon góði (935—61) var kristinn maður og reyndi að koma kristni á Noreg, ljet reisa kirkjur og hafði með sjer presta; en honum varð ekkert ágengt, og stóðu Þrændir mest og kröftugast í móti, eins og þeir gerðu alla tíð þángað til á dögum Ólafs Tryggvasonar. Haraldur gráfeldur og bræður hans (961—70) voru kristnir, brutu hof og spiltu blótum þar sem þeir gátu, og þó kristnuðu þeir ekki landið. En það má nærri geta, að það dæmi, sem var gefið af konúngunum sjálfum, gat ekki verið til stoðar fyrir heiðnina, heldur hlaut að leiða af því ýmislegt kæruleysi og trúarleysi, enda fer vantrúin eflaust í vöxt á 10. öld; menn fóru að „trúa á mátt sinn og megin“ og lítilsvirða hin fornu goð; ekki síst hefur þetta átt sjer stað um þá menn, er fengu kynni af kristninni og guði hennar; þau kynni gátu þeir fengið á margan hátt; Danmörk var kristnuð á dögum Haralds blátannar; kristniboð hafði verið haft í frammi þar frá öndverðri 9. öld (Ansgar) og sömuleiðis í Svíþjóð. Samgöngur við Íra og aðrar þjóðir hafa líka átt sinn þátt í þessari vantrú. Víkingarnir biðu oft ósigur í orustum sínum við Engla, Íra og aðra þrátt fyrir áheit á Óðin og Þór, og þá lá nærri, að skoða ósigurinn sem ósigur goða þeirra og álíta, að guð kristinna manna eða Hvítakristur væri rammari eða fult eins sterkur. Af

Digitized by Google

þessu hlaut að leiða vantrú eða fullkomið fráhvarf, guðleysi; til eru menn, er beinlínis voru kallaðir „guðlausir“ að viðurnefni. Hins vegar er það skiljanlegt, að þetta guðleysi hlaut að vekja fyrirlitning og óvild hjá öðrum, sem hjeldu fast við forna heiðni, og því fastar, sem guðleysið jókst. Að þessu eru sem sagt var Þrændir einkum kunnir. Margir hafa þeir verið, er skoðuðu fráhvarfið og trúleysið sem siðspillingu og vott um „hina síðustu og verstu tíma“; þeir hafa álitið það skyldu sína að sporna við spillingunni og leiða menn aftur inn á hina gömlu braut; þessa kennir oft í fornkvæðunum.

Á Íslandi lítur út fyrir, að kæruleysið og trúleysið hafi verið enn megnara og almennara en í Noregi; reyndar voru þar haldin blót alla 10. öld; en það er ekki fátt sem bendir á, að það hafi verið fyrir siða sakir meira en heitrar og brennandi trúar. Kristnitakan sumarið 1000 er hjer besta og ljósasta sönnunin fyrir því, hve dauf trúin var orðin hjá Íslendingum. Alt bendir á, að upplag þeirra hafi verið yfir höfuð kalt og að hin eðlilega skynsemi hafi ráðið mestu.

Sjálf goðatrúin var mjög margbreytin; goð og gyðjur voru smám saman orðin mörg að tölunni; kom það til af því, að eiginlegleikar ýmsra aðalgoðanna voru eins og leystir út og gerðir að sjerstökum guðdómi; þannig eru Magni og Móði Þórssynir ekkert annað en eiginlegleikar Þórs, megin og móður, gerðir að sjerstökum goðverum; þess konar guðir og gyðjur hafa þó valla verið dýrkaðir alment. Samtímis þessu urðu goðin altaf meir og meir mannleg í öllu sínu dagfari og eðli. Þau hafa

Digitized by Google

sömu ástríður og menskir menn, sömu breyskleika og sömu eiginlegleika, en eru þó auðvitað á æðra stigi, eru kröftugri en menn og vitrari, en þó fjarri því að vera almáttug eða alvitur. Óðinn sjálfur þarf hvað eftir annað að sækja visku um ókomna viðburði til annara osfrv. En þessir ófullkomleikar goðanna hlutu að rýra gildi þeirra og virðínguna fyrir þeim, þegar tíðarandinn á annað borð var farinn að breytast, eins og áður var getið. Sjálf heiðnin, goðatrúin, bar banamein sitt í sjer og hlaut að falla fyrr eða síðar, jafnskjótt sem nógu djarfur og duglegur kristniboði kom til sögunnar; og hann kom í Noreg, þegar Ólafur Tryggvason steig á land í Mostur vorið 995.

Önnur grein.

Um skáldskap.

1. Skáldskapur nefnist alt sem til er af fornum kvæðum og ljóðum, hvernig sem þau eru og hverrar tegundar sem þau eru, og skáld nefndust víst allir, er ljóð gerðu eða bundið mál, frá því að minsta kosti á 9. öld. Sömu merkingar er kveðskapur, og stundum er list aukið aftan við þessi orð; þeir sem ortu hjetu skáld, skáldmenn, ljóðasmiðir; konur er ortu skáldkonur eða skáldmeyjar; góðskáldin höfuðskáld og þjóðskáld, illu skáldin skáldfífl. Kvæðin hjetu ýmsum nöfnum: verki, fræði, sbr. bragur; sögukvæði, söguljóð; ástarkvæði: mansöngur (mansöngskvæði, -vísur); háðkvæði: níð, flím, flimt, (sbr. níðskár, -skældinn).

Digitized by Google

Skáldakvæði eru aftur á móti kölluð öll kvæði að undanskildum hinum svo kölluðu eddukvæðum, sem öll eru eftir ónefnda höfunda og með einfaldari bragarháttum.

2. Til er gömul skrá yfir höfðingjaskáld, Skáldatal, frá 13. öld; eru þar talin öll skáld frá elstu tímum og nefndir þeir höfðingjar, er þau ortu um. Meðal elstu skálda eru nefndir, auk Braga gamla, Grundi prúði, Erpr lútandi, Kálfr þrœnzki, Refr ryzki, Fleinn og enn fleiri, er ort hafi um Eystein konúng belja; það er ekkert vafamál, að þessi skáld hafa verið til, þótt Eysteinn þessi sje tæplega teljandi til sannsögulegra konúnga. En þegar Skáldatal þar að auk telur Starkað gamla, Ragnar loðbrók, Áslaugu og sonu þeirra til elstu skálda, þá er oss óhætt að sleppa þeim, þess heldur sem kvæði þau, er þeim eru eignuð, eru ekki eldri en frá 12. öld. Elstur allra skálda, er vjer höfum leifar af kvæðum eftir, er Bragi hinn gamli Boddason; næst honum koma skáld Haralds hárfagra og svo öll hin runan þar á eftir.

Efni kvæðanna. Það er merkilegt, að elstu kvæðin eru ekki um menn, orustur þeirra eða samtíðisviðburði, heldur um goð og fornhetjur og viðburði í lífi þeirra. Þetta kemur til af því, að þau eru ort um gjafir konúnga og þessar gjafir voru skildir; á þeim voru milli spánganna markaðar ýmsar goðasögur (t. d. um iðjur og ferðir Þórs) eða hetjusögur (t. d. um Jörmunrekk, Sörla og Hamdi). Þó að kvæðið sje t. d. nefnt Ragnarsdrápa, er það ekki um Ragnar sjálfan, heldur um gjöf þá, er Ragnar hafði sent skáldinu; þessi skjaldakvæði hafa víst verið

Digitized by Google

almenn á 9. öld, og eru ef til vill undanfarar þeirra kvæða, er voru um mennina sjálfa. Það er ekkert vafamál, að sum af skáldum Haralds hárfagra hafa ort skjaldakvæði, og Egill Skallagrímsson orti tvö (á 10. öld); það eru hin síðustu þess kyns kvæða. Skyld þeim er Húsdrápa Úlfs um myndirnar í höll Ólafs þá (um 985). Kvæði um konúngana sjálfa, eiginlegleika þeirra og afrek hefjast, að því er vjer vitum, með skáldum Haralds (kvæði Þorbjarnar). Þó er hjer þess að gæta, að sum af þessum kvæðum eru ættatöl; ætt þess manns, er kvæðið er ort til, er rakin upp á við til goðanna (Ynglíngatal Þjóðólfs um Rögnvald); það er ættgöfgin, er hjer er tignuð og verpur ljóma yfir manninn, en efnið er þó mest um goð og fornhetjur. Eftirlíking af Ynglíngatali er Háleygjatal Eyvindar (um Hákon jarl, 10. öld) og Noregs konúnga tal (um Jón Loptsson, 12. öld). Frá 10. öld eru enn kvæði, er setja konúngana í samband við goð og goðalíf, Eiríksmál og eftirlíking þeirra Hákonarmál Eyvindar. Svo eru og nokkur fá kvæði, er beinlínis eru um goðin (Þór helst). Öll önnur kvæði eru um höfðíngjana sjálfa, og þar á varð engin breytíng framar; því að helgra manna kvæði heyra fullkomlega til þeirra líka.

Það er af þessu ljóst, að það er lítil tilbreytíng í þessum skáldakvæðum að efni til yfir höfuð að tala; reyndar er til nokkuð af ástavísum, níðvísum, gamanvísum og ýmsum lausavísum um margvíslega atburði, en tilbreytíngin er þó næsta lítil, ekki síst þegar tillit er tekið til þess, að bragarháttúrinn var svo að segja jafnan einn og hinn sami.

Digitized by Google

3. Bragarháttur, búningur kvæðanna. Á eldgömlum rúnasteinum finnast ótvíræðleg vísuorð, t. d. þetta á hinum norræna Túnasteini:

ek vivaR after
vóðuríðe
vitað(a)h(a)laiban
vor(a)hto rúnoR[1]);

þetta er vísuhelmingur með þeim hætti, er heitir fornyrðislag og eflaust er elstur allra bragarhátta. Í hverju vísuorði eru vanalega 4 samstöfur, tvær lángar og tvær skammar; þær geta staðið allavega, t. d. löng og skömm á eftir tvisvar, eða öfugt; þær löngu geta staðið saman í miðju eða fremst báðar eða fremst önnur og síðast hin; í hinum tveimur síðustu tilfellum er þá sú fyrsta og síðasta eitt orð út af fyrir sig (dæmi: sátu síðan; es téð es sverð; við gim fastan; sló brjóstkringlur; svanfjaðrar dró; sbr. Bragfræði 14—15). Í hverri vísu hafa verið 8 vísuorð. Upphaflega hefur samstafnatalan ekki verið rígbundin, heldur gátu verið 5 samstöfur í vísuorði, eins og stundum ber við í elstu kvæðunum. En svo var farið að hafa 5 samstöfur í hverju vísuorði, og varð úr því málaháttur (örsjaldan hafður í skáldakvæðum). Í fornyrðislagi gátu og komið fyrir 3 samstafna vísuorð, og varð það orsök til þess að nýr bragarháttur myndaðist með 3 samstöfum í ójöfnu vísuorðunum, en 4 í hinum; það er kviðuháttur. Mörg eddukvæði, örfá skáldakvæði, eru ort

[1]) þ. e. á yngra máli: Ek Ýr (Vír) eptir Óðríð, vitaðhleifa (= mötunaut, fjelaga, af hleifr = brauð), orta (gerði) rúnar.

Digitized by Google

með ljóðahætti; þar er 3. og 4., 7. og 8., vo. í fornyrðislagi dregið saman í eitt og stytt, svo að í vísu hverri eru ekki nema 6 vísuorð alls. Þessir hættir — og nokkrir aðrir þeim náskyldir — eru nefndir hinir smærri.

Við fornyrðislagsvo. mátti bæta meiru, nfl. einu orði með 2 samstöfum; þetta var gert og myndaðist þá sá háttur, er varð lángalmennastur og „flest ort með, þat er vandat er“, segir Snorri. Það er dróttkvæður háttur (dróttkvætt); orðið merkir „kveðinn eða sá er kveða skal fyrir (eða af) drótt“, en drótt var nafn á hirð (eða herflokki) konúnga, og því hjet hann dróttinn. Hjermeð er gefin bending um, að þessi háttur er sjerstaklega bundinn við konúngakvæðin. Ef tveim samstöfum var enn bætt við, myndaðist 8 samstafna vísuorð; það er hrynhendur háttur (eða hrynhent, -henda). En svo var ekki farið lengra.

Í öllum germönskum kveðskap er það einkennilegt, að tvö vísuorð eru knýtt saman á þann hátt, að tvö orð í þeim hefjast á sama staf (allir hljóðstafir eru að því leyti sams kyns); í Túnasteins vísunni sjáum vjer þetta, *v* í *vivaʀ* og *vóðu-*; sbr. Hljóðs biðk allar | helgar kindir. Þessir stafir urðu að standa fremst í orði með áherslu og í síðara vo. í fyrsta áhersluorði. Þeir voru annaðhvort 2 eða 3, ætíð 3 í meiri háttunum (dróttkvæðu osfrv.), og stóð hinn síðari eða síðasti ætíð í síðara vo. og hjet sá höfuðstafur; hinir í fyrra vo. og hjetu stuðlar eða hljóðfyllendur. Þessir stafir eru enn í dag í íslenskum kveðskap eftir sömu reglum og fyrir þúsund árum. Þessir stafir hjálpuðu vel til að

Digitized by Google

muna vísurnar auk þess sem þeir þóttu láta vel í eyrum.

Annars konar stafasamræmi fundu menn og fljótt að hafði sömu eiginlegleika, það er orð með samstöfum er líktust hvor annari eða voru eins; *stund*: *fund*, *stund*: *land*; hjer fara 2 samhljóðar á eftir sama eða ólíkum raddstaf; hjer er fullkomið eða ófullkomið stafa (samstafna) samræmi. Menn fundu nú upp á því að setja þess konar orð í vísuorðin og kölluðu samstöfurnar hendingar. Í fyrstu var engin regla um, hvar þær skyldu standa í dróttkv. hætti; þær gátu staðið í 1. og 2. samstöfu með áherslu eða 2. og 3. eða 1. og 3; og þær gátu staðið sín í hvoru vo. (alt þetta kemur fyrir í vísum Braga); en brátt varð sú regla föst (um 900), að báðar skyldu standa í sama vo., og hin síðari ætíð í síðustu, 3. áherslusamstöfu, og hjet viðurhending, hin, frumhending, þá annaðhvort í 1. eða 2., og hjet eftir því oddhending eða hluthending; sú regla myndaðist, að fullkomnar hendingar, aðalhendingar, skyldu standa í jöfnu vo., en ófullkomnar, skothendingar, í hinum ójöfnu; fyrst þótti það mega vera, að skothendingum mætti enda sleppa, en síðar, á 13. öld, var slíkt ekki álitið leyfilegt, ef rjett skyldi vera. Eftir því, hvernig hendingum mátti koma fyrir og setja höfuðstafi og stuðla, skiftust hættir, án þess þó að um nokkur veruleg háttaskifti sje að ræða, og má um það lesa í Háttatali Snorra. Í rauninni er hátturinn (6 samst. vo.) dróttkvæður, þótt allar hendingar vanti.[1])

[1]) Nánara um hendingar sjá Bragfræði 25—31.

Digitized by Google

Þessar hendíngar mátti nú setja í fornyrðislag (og málaháttt líka), en það er áuðsjeð, að því erfiðara var að yrkja með þeim hætti, af því að vísuorðin voru svo stutt; þó var það eigi ókleift, því að svo ortu nokkrir kvæði; þessi háttur hjet tøglag eða tøgdrápuháttur; hjá flestum skáldunum, er við höfðu þenna hátt, má finna, að þau leyfa sjer ýms afbrigði. Vegna þessara erfiðleika fundu menn upp á því að setja hendíngarnar í enda vísuorðanna og láta þá tvö og tvö, eða fjögur og fjögur, eða öll átta ríma hvað við annað; svo orti Egill Höfuðlausn; þessar hendíngar voru ætíð aðalhendíngar og annaðhvort eitt einsatkvæðisorð eða tveggja samstafna orð; með þessu móti mynduðust meiri og minni hendíngarunur, og var þessi háttur því nefndur runhendur háttur (runhent eða runhenda). Þegar fram í sótti, fóru menn að viðhafa runhendu í fimm-, sex- og áttkvæðum vísuorðum.

Þetta eru helstu bragarhættirnir.

Kvæðin sjálf skiftast í kviður, flokka og drápur.

Kviður heita mörg af Eddukvæðunum, einkum fornyrðislagskvæði, er efnið er saga. En af skáldakvæðunum eru svo þau ein kölluð, er ort eru með kviðuhætti; þar á meðal eru nokkur elstu kvæðin, og á síðari tímum voru stöku kvæði ort með því móti (t. d. Hákonarkviða Sturlu).

Flokkar nefnast kvæði með dróttkvæðum hætti, sem ekkert stef hafa; vísurnar hópast, flokkast saman, án þess að þeim sje skipað í bálka eða ákveðna þætti. Kvæðin gátu eftir atvikum bæði verið löng og stutt, en jafnaðarlegast voru þau stutt

Digitized by Google

og efnið t. d. einn aðalviðburður (ein orusta); þessi kvæði voru og nefnd -vísur; svo nefndust og lausavísur, er á eftir var hægt að setja saman í eina heild.

Drápur nefndust öll önnur kvæði, flest með dróttkvæðum eða hrynhendum hætti, er höfðu stef. Stefið var eitt eða fleiri vísuorð, er voru endurtekin svo og svo oft með jöfnu millibili (svo og svo margra vísna); millibilsvísurnar voru kallaðar bálkur eða stefjabálkur eða stefjamál -mél (mél = millibil, meðalstykki). Í hverri drápu var nú upphaf, svo stefjabálkar og síðast niðurlag, slæmur, er svaraði til upphafsins. Í Höfuðlausn Egils eru fyrst 5 vísur (upphafið), svo kemur stef, svo 2 vísur, svo stef og 2 vísur, stef og 2 vísur og stef, og svo slæmurinn 5 vísur, alls 20 vísur. En ekki var niðurlagið ætíð jafnlángt upphafinu. Stefið gat, þegar tímar liðu, fengið ýmsar myndir; sjá Bragfræði s. 31—38. Í tøgdrápuhætti var stefið aðgreint, svo að fyrra vo. stóð fremst í fyrstu vísu bálksins, hitt síðast í hinni síðustu. Því mátti enn fremur skifta niður á vísurnar og hjet þá rekstef, eða á vísuorðin og hjet þá klofastef. Allar þessar tilbreytingar sýna samskonar hugvit með tilliti til búningsins, formsins, sem hættirnir sjálfir og tilbreytingar þeirra. Efnið í stefinu var oftast nær alment lof eða óskir og fyrirbænir.

Menn hefur greint á um merkingu orðsins drápa; sumir hafa viljað skýra það sem leitt af því að skáldin hefðu viðhaft hörpur og drepið strengina; en þetta er alveg rángt; um hörpur (eða önnur hljóðfæri) er aldrei talað, aldrei nefnt á nafn í sambandi við skáldskap; og svo var ómögulegt að

Digitized by Google

sýngja þessi kvæði. Einfaldasta skýringin er, að orðið sje leitt af dráp, og kvæðin kölluð svo vegna þess, að höfðingjakvæði þessi voru fyrst og fremst eða nær eingöngu um orustur og vígsafrek.

Hvort sem heldur er litið á efni eða búning skáldskaparins má með sanni segja, að hann sje ærið tilbreytingarlítill, þótt ýmsir hættir sjeu til, margir þó ekki nema að nafninu til. Síst ber hann vott um hugmyndaflug eða fjölbreytt andríki hjá forfeðrum vorum; en hann sýnir skynsemi þeirra og tilfinningu fyrir því ytra, fyrir forminu; og hann bendir áþreifanlega á, hve fastheldnir þeir voru á það, sem þeir voru orðnir vanir við, hve litlum framförum þeir voru í raun og veru færir að taka. Og þessa verðum vjer alstaðar varir.

4. Skáldskaparmál og kenningar. Annar aðalþáttur Eddu Snorra Sturlusonar er um skáldskaparmál, þ. e. það mál, sem var einkennilegt fyrir skáldskapinn, sjerstaklega viðhaft í honum. Þetta mál er í þrennum greinum: fornöfn (samnefni í daglegu máli, sum þó ekki alvanaleg með öllu; svo sem: frændi, ættingi, skyldmenni, hleytamaður osfrv.), heiti ókend (einföld orð, sem aldrei eða sjaldan voru höfð í daglegu máli, svo sem marr, ver = sjór; bönd, höpt, jólnar = goðin osfrv.); reyndar eru mörg af þessum orðum upphaflega orð úr daglegu máli og finnast enn, en þó helst eða eingöngu í samsetningum svo sem: marbakki, vertíð, jóreykur osfrv.; en þessi orð urðu að víkja fyrir öðrum, er ruddu sjer til rúms, úreltust, en lyftust um leið upp í hefðarsæti hjá skáldunum, því að þeir þurftu á sem flestum orðum að halda. Loks eru þær eiginlegu

Digitized by Google

kenníngar. Að kenna er að gera eitthvað ljóst og kennilegt; að kenna við eitthvað er að heita eitthvað eftir öðru og alkunnu og gera það svo kennilegt. Af þessu orði er kenning myndað. Þegar maður eða hermaður er nefndur *branda Týr* kölluðu fornmenn, að hann væri kallaður Týr (heiti goðsins) og kendur við branda; það var einmitt þetta orð, er gerði það ljóst, hvað átt var við. Táknun þessi, kenníngin, er því samsett heiti og geta liðirnir orðið margir.

Það þarf ekki mikið til að sjá að í þessari kenníng, er nefnd var, felst samlíking eða samanburður við annað; það er auðfundið, að hermanninum er líkt við Týr, og hans dugnaði um leið lyft á hærra stig.

Það er einkenni skálda, hvar sem eru, að viðhafa samlíkingar og ýms orðatiltæki, er miða til þess að gera tilheyrendum það enn ljósara, hvað átt er við, og setja ímyndunarafl þeirra í hreifíngu. Þegar skáldið segir: „hann var sterkur svo sem ljón“, fá tilheyrendur betri hugmynd um manninn, en ef sagt er aðeins: „hann var afarsterkur“. Hómer hefur oft lángar líkingar, t. d. „Eins tíguleg og sú örumglaða Artemis, þá hún gengur eftir einhverju fjalli . . . og skógargyðjurnar dætur Seifs þrumuskjalda skemta sjer með henni, svo að Letó hlær hugur við, því að Artemis ber höfuð og enni yfir þær allar og er auðþekt frá þeim, þótt allar sjeu fríðar, eins bar sú ógifta mey lángt af öllum þjónustumeyjum“. Svona margorður gat Hómer verið, og þó er hjer ekkert annað en samanburður á vænleik hinnar ógiftu meyjar og Artemisar, sem vel

Digitized by Google

hefði getað verið fáorðari. Með öðrum eins bragarhætti, og þar sem engin vísnaskifting var, var skáldinu það í lófa lagið, að verja eins mörgum vísuorðum og hann vildi til líkinga sinna. En alt öðru máli var að gegna með norræna skáldið; hann var svo að segja bundinn á allar hliðar; skiftingin í vísur, þar sem jafnvel hver vísuhelmingur var sjer um mál og út af fyrir sig, og stuttleiki vísuorðanna var sjálfgjör hindrun lángra líkinga. Skáldið varð að vera svo stuttorður og fáorður sem hægt var, hann varð að finna ráð til þess að gera líkingarnar svo fyrirferðarlitlar sem hægt var. Það var auðfundið, að eins gott var að segja „hann var ljónsterkur“ eins og „sterkur svo sem ljón“. Hins vegar voru samsett nöfn svo sem „bauga gjafi“, „sævar trje“ = skip, „sverða beitir“ og því um líkt eflaust til frá fornu fari, og í líkingu við þessi nöfn bjó skáldið til líkingar sínar, svo sem *branda Týr*. Í stað þess að segja „augað undir bránum skein eins milt og máninn“ fann hann upp á að segja „brámáni skein“; styttra og kröftugra var ekki auðið að segja þetta; samlíkingin var dregin saman í eitt orð eða tvö, sem vel gátu rúmast í vísuorðinu; og þar með var alt unnið. Hljóðstafasetningin, sem helst varð að vera svo tilbreytingamikil sem hægt var, og sömuleiðis hendingaskipunin leiddi aftur til þess, að allra einföldustu kenningarnar voru ekki einhlítar; sömu orðin var ekki ætið hægt að viðhafa; í þeim kenningum, sem „sverð“ t. d. var haft í, var æskilegt að hafa mörg önnur orð, er þýddu sama en byrjuðu á öðrum upphafsstaf og voru ólík hvert öðru að samstöfum. Skáldin

Digitized by Google

þurftu með öðrum orðum á miklum orðafjölda að halda, og þetta olli því, að skáldskaparmálið varð svo vellauðugt af samheitum, sem skeyta mátti við önnur orð með margvíslegu móti. Það þótti mjög heppilegt að líkja skipi við hest; hvorttveggja flytur menn og varnað á sjó eða landi; einfaldast var nú að kenna og kalla skipið *sævar hest* (*sæhest*); en þetta orð, sem var að öllu hversdagslegt, var ekki einhlítt. Auðvitað mátti nota öll önnur nöfn á *sæ* og öll önnur nöfn á *hesti* og skeyta þau saman; þannig mátti segja t. d. *mar-hestur* eða *sæ-fákur*; í báðum þessum orðum er *mar* og *fákur* á æðra og skáldlegra stigi en *sær* og *hestur*; og enn tignara var t. d. *mar-fákur*, hvorugt orðið hversdagslegt. Og enn mátti setja saman mörg fleiri orð. Þegar nú hjer við bætist, að aftur mátti kenna hvorn liðinn, kenna *sæinn* sjer og hestinn sjer, t. d. Gylfa brautar-hestr, fákr, marr osfrv., er auðsjeð, að skáldunum þurfti ekki að verða að vandræðum að koma fyrir orðinu skipi eða líkingu um það í vísu sinni, svo framarlega sem þeim var ekki því „óauðfundara". En skipið mátti kenna á marga aðra vegu, kalla það t. d. uxa, visund, og kenna við þess eigin parta, t. d. segl, árar, stafn, borð, kjöl osfrv., og jók það enn kenningafjöldann. Svona mátti halda áfram. Oftast var konúngur, orusta, alls konar vopn, skip og þess konar kent, því að þetta var oftast kveðið um. Skáldin notuðu líka fjölda af lýsingarorðum, er oft voru samsett og lítt eða ekki brúkuð í daglegu tali.

Eftir að þessar kenningar voru fundnar, voru þær alla tíð notaðar og alt fram á vora daga á Ís-

Digitized by Google

landi, og það stundum óspart. En heldur ekki hjer finst nein eiginleg tilbreyting eða djarfar nýmyndanir. Eitt skáldið tók eftir öðru og það er örsjaldan, að finna má djarfar líkingar, sem eru einstakra skálda eign og aðrir ekki þorað eða viljað taka upp. Slíku bregður fyrir hjá Egli Skallagrímssyni. Reyndar er stundum talað um „nýgörvingar“, en þær eru svo þýðingarlausar, að þeirra gætir ekki.

Þess ber enn fremur að gæta, að þegar lýsingarorð fylgdu kenningunum, urðu þau að eiga við aðalorð kenningarinnar, en ekki einmitt það sem hún táknaði; einnig urðu sagnorðin að laga sig eftir aðalorðinu; annars varð orðasambandið óeðlilegt og líkingin, sem felst í kenningunni, truflast.

Listin var nú sú, að velja og semja þess konar kenningar, er vel áttu við efnið og það sem um var talað, að hinir einstöku liðir fjelli vel saman og ásamt öðru orðavali myndaði eina samræmisheild, svo að alt, hvað með öðru ljeti vel í eyrum, hefði áhrif á ímyndunaraflið og fegurðartilfinninguna og yrði minnistætt áheyrendum.

Það eru nú þessar kenningar, er gera skáldskapinn forna svo einkennilegan; það eru þær, er veita honum kraft og fjör. Þær sýna oss oft ljúfar smámyndir af náttúrunni og öðru, sem fram fer umhverfis oss; vjer dáumst jafnaðarlega að þeirri skynsemi og hugsunarafli, sem birtist í þeim. Þetta á þó einkum við kenningarnar hjá elstu og eldri skáldunum, síður við þær hjá þeim yngri; því að það fór fyrir kenningunum, eins og öllu öðru; nýjabrumið, æskufjörið fór af þeim, þær urðu ekki annað en stælingar og endurtekningar af þeim eldri,

Digitized by Google

þær urðu ekki nema tómar, efnislausar táknanir; hermannskenningar voru hafðar um hvern, sem vera skyldi, jafnt um vaskleiksmanninn sem veslinginn, osfrv. Þessi breyting eða afturför hefst á síðara hluta 11. aldar og fer svo í vöxt, eftir því sem tímar líða.

Afleiðingin af bragarhættinum og erfiðleikunum á að eiga við formið var enn sú, að orðunum varð ekki ætið skipað sem óbrotnast og blátt áfram; heldur varð oft að skifta þeim niður á vísuorðin svo að segja af handahófi. Það er þetta, sem hefur valdið því að vísurnar eru myrkari að skilja en ella og hafa átt hægra með að afbakast, en það verður ekki sagt, að neitt skáld hafi gert sjer far um að yrkja myrkt, nema ef vera skyldi Eilífur í Þórsdrápu. Þó er þetta mismunandi hjá skáldunum. Höfuðskáldin um 1000 og á 11. öld, önnur eins og Hallfreður, Þjóðólfur, Arnór og fremur öllum öðrum Sigvatur, hafa brotið fjötrana; þeim er leikandi að yrkja svo að orðaröðin er oft næstum sem í daglegu máli og kenningarnar fáar eða miklu færri en hjá flestum öðrum; Bersöglisvísur Sigvats taka öllum öðrum fram. Það er aðdáanlegt, hve lángt þessi skáld hafa komist í liðugri og óbrotinni vísnagjörð þrátt fyrir allar hindranir.

Þegar svo er, að orðunum er bylt um og skipað af handahófi, er auðsætt, að um stíl getur ekki verið að ræða; þó bregður fyrir hjá betri skáldunum eðlilegum og smellnum setningum, áhrifamiklum setningaráherslum og þvílíku.

5. Það leiðir af því, sem þegar hefur verið sagt, að ekki var einhlítt að vera fæddur skáld eða

Digitized by Google

hafa skáldskapargáfu; það var mart, sem únga skáldið þurfti að nema; hann varð svo að segja að læra að yrkja þrátt fyrir hinar meðfæddu gáfur. Skáldskapurinn var list eða íþrótt, og svo nefndu fornmenn hann. Um mann sem ekki var skáld er sagt, að „hann hafi þeirrar listar ekki fengit"; en til þess að vera skáld, varð maður að „vera ágætr at speki (meðfæddar gáfur) ok mest at málsnild ok orðfimi", eins og Bragi var eftir lýsingu Snorra.

Fyrst og fremst urðu menn að læra alt það er snerti hinn ytra búning og gerð vísunnar, hljóðstafasetning og hendinga, stefjasetningu osfrv. Þarnæst og ekki síður skáldskaparmálið, heiti og kenningar; sömuleiðis grundvöll allra þeirra kenninga, er leiddar voru úr goðafræði og fornsögum, eða mikinn hluta hans; þess vegna hefur og Snorri þóst þurfa að rita Gylfaginningu og setja hana framan við kenningu sína um skáldskaparmálið. Þetta þurftu skáldin að læra til þess að geta skilið kenningarnar til hlítar og sett þær rjett saman, — auk sjálfs aðalefnisins í kvæðunum sjálfum.

Það var ekki svo lítið nám, er hjer er um að ræða. Snorri talar beinlínis um það, er hann segir: „En þat er nú at segja ungum skáldum, þeim er girnask at nema mál skáldskapar ok heyja sér orðfjölda með fornum heitum eða girnask þeir at kunna skilja þat, er hulit [hjer er átt við kenningarnar] er kveðit, þá skili hann þessa bók til fróðleiks ok skemtunar". Allar þær heitaþulur, er standa í handritum Snorra Eddu og eru eldri en hann, eru einmitt samdar í þeim tilgángi að vera

Digitized by Google

leiðarvísir úngum skáldum, er þeir hafa átt að læra utanað til þess „að heyja sjer orðfjölda“. Hofgarðarefur skáld, sonur Steinunnar skáldkonu, þeirrar er átti við Þángbrand, segir í erfikvæði eftir Gissur fóstra sinn, er fjell á Stiklastöðum (1030), að hann hafi „opt komið sjer að helgu fulli Hrafnásar“[1]), að hinum helga bikar Óðins, að skáldskapnum. Í þessum orðum getur ekki legið annað en að Gissur hafi kent hinum únga fóstursyni sínum skáldskaparlistina. Einar skálaglamm er sagt að hafi talað við Egil Skallagrímsson um skáldskap, og að báðum hafi þótt það skemtilegt, en þá var Egill gamall og Einar úngur, og má finna áhrif Egils á Einar í kvæðum hans.

Þeir yngri gengu, að segja má, í skóla hjá þeim eldri. Einkum átti þetta sjer stað innan hverrar ættar. Þó að vjer vitum lítið sem ekkert um ætt og uppruna margra skálda, er þó víst, að skáldskapargáfan var ættgeng; vjer getum talað um sjerstakar skáldættir; vjer finnum oft föður (móður) og son sem skáld. Einkum má benda á hinar miklu ættir: konúngsættina í Noregi með Þjóttumönnum (Eyvindi skáldaspilli og Háreki syni hans), er henni voru náskyldir; Mýramannaættina, Ósvífrsættina, osfrv. Skáldskapargáfan og skáldskaparnámið er hvað öðru nábundið. Hvorttveggja gekk í arf frá

---

[1]) Vísuhelmíngurinn hljóðar svo:

Opt kom (jarðar leiptra
es Baldr hniginn skaldi)
hollr at helgu fulli
Hrafnásar mér (stafna).

Digitized by Google

nið til niðs. Í þessum ættum hafa kvæðin geymst, bæði kvæði hennar eigin skálda og annara. Það voru þau, er voru aðalgrundvöllur námsins. Það er alleinkennilegt, sem segir um Stúf blinda (Ósvífrsættin), að hann hafi á einu kvöldi skemt Haraldi harðráða með 30 flokkum, og þegar konúngur spurði hann, hvort hann kynni engar drápur, svaraði hann, að hann kynni þær ekki færri — og kvaðst seinna skyldu með þeim skemta. Þormóður Kolbrúnarskáld kunni mörg kvæði til að skemta með, og svo var um fleiri.

Kvæðin voru nokkurs konar kenslufræði auk þess að þau voru höfð til skemtunar; en hvorttveggja varð til þess, að þau geymdust svo vel og týndust ekki, að Snorri gat sagt: „Með Haraldi [hárfagra] váru skáld ok kunna menn enn kvæði þeira ok allra konunga kvæði, þeira er síðan hafa verit at Nóregi“. Aðra skýríngu en þetta á því að kvæðin gátu geymst í manna minni, án þess að þau væru rituð á bækur eða rist á trjestokka (sem aldrei var gert), þarf ekki. Þá var hið andlega líf svo einfalt og alt líf yfir höfuð svo óbrotið og ósamsett, að hugur manna þurfti lítt að tvískifta sjer; minnið var stælt og efit einmitt vegna þess, að ritlistin þektist ekki. Vjer Íslendíngar þekkjum vel harla mörg dæmi frá lángtum seinni tímum þeirra manna, karla og kvenna, er kunnað hafa ekki aðeins kvæði, heldur og heila rímnaflokka, og það marga í senn, utanað; oss er ekki erfitt að skilja, að fornkvæðin hafa getað geymst þángað til á 12. öld, að farið var að setja þau í bækur eða nota þau við rit.

Digitized by Google

Skáldaættirnar voru nokkurs konar skáldaskólar, gróðrarreitur skáldskaparlistarinnar og griðastaður kvæða eldri skálda.

Þess var getið, að skáldin skemtu oft með því að kveða kvæði sín og annara. Þetta gerðu þeir hvort sem heldur var í heimahúsum eða annars staðar; þeir skemtu bæði ríkum og fátækum. Þótt vísurnar væru oft nokkuð torskildar, að manni finst, er þó valla efi á, að aðalefni þeirra skildist, og þegar svo að segja þær voru aðalskemtunin, ásamt sögum, er hægt að skilja, að alþýða manna hefur skilið þær að jafnaði betur en seinna meir. Undir því var líka komið, hversu vel og greinilega kveðið var. Það var líka list, að gera það vel. Þess er sjerstaklega getið um Þormóð Kolbrúnarskáld, að honum hafi látið sú list vel: „nú skemtir hann konunginum [Knúti], segir sagan, ok er þat almæli á, at hann gerir þat manna bezt"; annað sinn kvað hann á Stiklastöðum rjett fyrir orustuna hin fornu Bjarkamál; hann kvað þau hátt, svo að heyrði um allan herinn. og menn þökkuðu honum kvæðið „ok fanzk mönnum mikit um, ok þótti vel til fundit". Konúngur gaf honum gullhring að launum. Þess var getið, hvernig Stúfur skemti Haraldi harðráða. Hvenær sem mart manna var saman komið, hefur kveðskapur verið hafður til skemtunar mönnum, bæði forn og nýr. „Hvat er komit þeira manna, er skemta kunni nýjum fræðum" (fræði = kvæði) var spurt við Hrafnagilslaug einu sinni (Glúma), og svaraði „gleðimaðurinn" Þorvarður: „ekki þyki mér nú meira gaman en kveða vísur Glúms". Þetta sýnir og, hve alment það var að læra vísur annara.

Digitized by Google

Menn báru mikla virðingu fyrir skáldskapnum og skáldunum; ættin var eflaust stolt og glöð yfir þeim sem skáld voru í henni. Og þá báru skáldin sjálf ekki síður virðingu fyrir íþrótt sinni. Oft og innilega kemur það í ljós, hve hrifnir þeir voru; þegar skáldið segir „ek hef góðan óð“ eða því um líkt, gæti þetta litið út sem sjálfslof, en því er ekki svo varið; skáldið hlakkar aðeins glaður yfir því að eiga svo góða gáfu sem skáldskapargáfuna. En hvergi kemur þetta berar og hjartnæmilegar fram en í Sonatorreki Egils; hin eina raunahuggun hans er skáldskapurinn og hann er Óðni þakklátur fyrir gjöf hans (hann „gefr brag skáldum“):

Þó hefr Míms vinr
mér of fengnar
bölva bœtr,
es et betra telk.
Gáfumk íþrótt
ulfs of bági,
vígi vanr,
vammi firða.

Skáldskapurinn er „vammi firðr“ og „bölva bœtr“; það liggur mikið í þessum orðum.

Þegar skáldið kom til konúngs til þess að flytja honum kvæði, fjekk hann annaðhvort leyfi til þess þegar í stað eða hann varð að bíða, til þess er konúngi þótti hent að hlýða því. Þá hneigði hann sig fyrir konúngi og báðum bekksögnum og hóf svo kvæði sitt; oft byrjaði það með því að skáldið bað um hljóð, konúnginn, og hirðina stundum með.

Digitized by Google

Þegar búið var, var kvæðið jafnaðarlega vel rómað og skáldið hlaut þökk höfðingjans og skáldlaun þar að auk, gullhringa, sverð, skikkjur, jafnvel skip með farminum. Launin sýna best, hvað konúngunum þótti mikið til þess koma að hafa skáld með sjer og láta yrkja um sig lífs og liðna. Það sýna og orð Ólafs helga á Stiklastöðum: „skuluð þér [skáldin, er skyldu vera í skjaldborg] hér vera ok sjá þau tíðendi, er hér gerask; er yðr þá eigi segjandi saga til, þviat ér skuluð frá segja ok yrkja um síðan“. Konúngum, og reyndar hverjum öðrum, þótti gott lofið og skáldin voru óspör á lofsorðin; „þat er háttr skálda“, segir Snorri og hann mátti vita það, „at lofa þann mest, er þá [= í hvert skifti] eru þeir fyrir“. Þó er ekki hægt að segja, að skáldin væru auðvirðilegir smjaðrarar eða hræsnarar; ekkert var þeim fjær, og mörg dæmi eru þess, að þeir kærðu sig ekkert um höfðingjahylli, ef því var að skifta. Djörfúng og sjálfstæði sýna þeir ætíð, hvenær sem þurfti. En enginn hefur betur sýnt, hve fagurlega mátti sameina höfðingjahylli og djarfmannlegt sjálfstæði, en ágætismaðurinn Sigvatur, hvort sem heldur var hjá Ólafi helga eða Magnúsi góða.

Hetjuskapur og drenglyndi, ættgöfgi og ágæti voru þeir eiginleikar, er fornöldin mat mest allra. Um þessa eiginleika kváðu skáldin óþrotlega og fagurlega, og því er enginn vafi á, að þeir voru túlkar sinna tíma. Og þó að þeir byggist við launum fyrir, sýnir það ekki annað en að þeir voru börn sinna tíma í því sem öðru; „glík skulu gjöld gjöfum“ var meginregla þeirra tíma.

Digitized by Google

6. Tegundir skáldskapar. Eins og áður er getið, var búningur kvæðanna að mestu ætíð hinn sami, og þótt bragarhættir væru nokkuð mismunandi, er ekki hægt að skifta kvæðum í flokka eftir þeim, nema að því er snertir eddukvæðin, er greinast úr af ýmsum öðrum ástæðum líka. Eftir efninu er heldur ekki hægt að flokka kvæðin nema að örlitlum hluta til, vegna þess, hvað þau eru samkynja.

Flest öll kvæðin eru það sem Snorri kallar söguljóð, það er, kvæði sögulegs efnis, kvæði um höfðingja og afrek þeirra, hvort heldur eru konúngar eða jarlar eða önnur stórmenni á Íslandi eða erlendis. Til þessara söguljóða er og rjett að telja elstu kvæðin um goðin og sagnahetjurnar og afrek þeirra, Þórsdrápur og annað þess kyns; sömuleiðis helgikvæðin eftir 1000 eða kvæðin um helga menn og afrek þeirra; alt er þetta ein og hin sama tegund kvæða. Í þessum kvæðum bregður auðvitað alloft fyrir lýrískum setníngum, er skáldið lýsir tilfinníngum sínum eða annara um eða út af því, sem hann er að tala um; sömuleiðis er á kenníngunum og sjálfu skáldskaparmálinu oft lýrískur blær. En lýríska kveðskap, er svo mætti kalla, er helst að finna í hinum svo kölluðu lausavísum. Þær eru vanalega alveg eins að búníngi til og hin kvæðin, oftast dróttkvæðar; en þær eru eins og geta má nærri margvíslegs efnis, er skáldið kvað af munni fram um hvað sem fyrir gat borið í lífinu, hvar og hvernig sem hann var staddur. Það eru ásta- eða manvísur, heitar og innilegar, stundum ofsalegar, stundum spaugsamar; það eru vísur um bardaga, óvini

Digitized by Google

osfrv., osfrv. Skáldið lýsir sínum eigin tilfinningum eftir því, sem atvik eru til, eða þá þeirra manna, sem hann er saman við. Hnittnar vísur vekja gleði og kæti. Margar af þessum lausavísum eru ágætar, auk þess að þær eru jafnaðarlega mætavel kveðnar.

Sjerstaka tegund má aftur á móti kalla háðkvæði, þótt búningur þeirra sje hinn vanalegi. Forfeður vorir höfðu skarpa sjón og næma tilfinningu bæði að því er snertir gott og ilt, fagurt og ljótt. Þeir tóku vel eftir fríðleik og vænleik karla og kvenna; en þeir voru engu óskýrari þegar um lýti manna var að gera. Þeir tóku óvenjulega fljótt og vel eftir öllum líkamseinkennum og líkamslýtum. Þar af spruttu öll hin mörgu viðurnefni og uppnefni, sem menn höfðu, svarti, hviti, rauði, halti, bægifótur, höggvinkinni, kyllinefur, breiðmagi, drekaskoltur, rassa-(Bárðr), rángmunnur, háleggur, skakki, skalli osfrv., og sýna þau háðgirni manna. Sama sýna og þau kvæði eða kvæðispartar, er menn deila hvor á annan og gera gys hvor að öðrum (t. d. samtal Sinfjötla og Guðmundar í Helgakviðunni). Einstöku kvæði og vísur í sögunum eru meira eða minna biturt háð og spott. Slíkt var kallað níð, eða flím (flimt, flimtan); sbr. sagnorðin að níða, flimta. Flím var líklega græskulítið skop. Þessi kveðskapur var aldrei sjerlega mikill, bæði af því að það eru aldrei nema fáir sem gefa sig við honum og ekki síður af hinu, að hann var hættulegur. Sá er móðgaður þóttist, gat hefnt sín og það tilfinnanlega. Bardagar og blóðsúthellíngar gátu orðið afleiðíngarnar. Og snemma bættist þar við, að

Digitized by Google

bannað var með lögum að yrkja níð og háð; í Grágás stendur merkileg grein um það (Konúngsbók I b, 183—85; Staðarhólsb. 392—95). Hörð refsing lá við því að yrkja og eins við því að útbreiða þess kyns kvæði. Því er líka svo lítið til af þeim.

7. Gildi skáldakvæðanna er margvíslegt, en yfir höfuð ekki jafnmikið nú og í fornöld, einkum vegna þess að svo tiltölulega lítið er til af þeim.

Fyrst er þá það, að kvæðin eru merkileg fyrir goðafræði og fornsagnir. Elstu kvæðin og sum kvæðin frá 10. öld eru aðeins um goð og fornhetjur (sbr. framar) og skýra oss frá ýmsum merkilegum sögnum um þau. Í öðru lagi eru kenningarnar ekki þýðingarlausar; þó verða menn að vera varkárir með að nota þær, einkum þær er standa í yngri kvæðunum og stafa frá kristnum tímum.

Í öðru lagi hafa kvæðin sögulega þýðingu, og það er aðalþýðing þeirra. Aðalefni þeirra var saga og söguviðburðir. Ef öll kvæði um Noregskonúnga væru til, hefðum vjer óslitna Noregssögu í ljóðum eftir samtímis skáld fram á 13. öld; á 12. og 13. öld höfðu menn þau. Snorri hafði þau, sbr. orð hans framar (31. bls.), og hann segir um gildi þeirra svo: „ok tökum vér þar mest dœmi af því, er sagt er í þeim kvæðum, er kveðin váru fyrir sjálfum höfðingjunum eða sonum þeira; tökum vér þat alt fyrir satt, er í þeim kvæðum finsk um ferðir þeira eða orrostur“. Og Snorri hafði fulla ástæðu til þessa, og til þess að trúa því, að það er skáldin sögðu væri rjett og satt; ef svo hefði eigi verið, hefði það verið „háð en eigi lof“. Að kvæðin sjeu áreiðanleg yfir höfuð, má sjá og geta sjer til af

Digitized by Google

ýmsu. Skáldin voru höfðingjunum samtíða, er þau ortu um, voru oft og tíðum sjálfir með í þeim orustum, er þeir lýsa, og þektu höfðingjana sjálfa af eigin viðkynningu. Og þó þeir væru ekki í orustunum eða við viðburðina riðnir sjálfir, var þeim auðvelt og innan handar að fá nægar og sannar sagnir um alt hjá þeim mönnum, er sjónarvottar höfðu verið og sannorðir voru; þeir gátu spurt marga, hvern í sínu lagi, og reynt svo hvað satt eða sannast var. Þegar Hallfreður frjetti fall Ólafs Tryggvasonar, er hann unni svo mjög — hann var þá heima á Íslandi — sigldi hann til Noregs, „ok kom á Sognsæ um vetrnáttaskeið ok spurði þá at um fall Óláfs konungs; hann orti þá Óláfsdrápu". Af þessu kvæði er allmikið til enn. Sem Hallfreðr gerði, hafa margir fleiri gert. Það er því auðsjeð, að efnið í kvæðunum var eða gat verið svo áreiðanlegt og rjett, sem föng voru á. En hitt er og satt, að skáldin hafa oft getað gert ofmikið úr þeirri og þeirri orustunni eða viðburðinum. Það verður ekki heimtað af þeim, að þeir skyldu geta dæmt um þýðingu þeirra fullkomlega — en viðburðurinn sjálfur stendur alt um það. Um leið má minnast þess, að kveðskapurinn var alla tíð sjálfum sjer líkur; hann var á 11.. sem á 10., á 12. og 13. sem á 11. og 12. öld; Snorri orti eins og Glúmur Geirason; hann vissi því vel, hvert eðli hans var og gildi. Og það vissu söguritararnir mjög vel frá upphafi; þess vegna notuðu þeir fyrst og fremst kvæðin sem áreiðanlegar heimildir. Hjer við bætist nú, að oft má fá annars staðar að órækar sannanir fyrir því er skáldin segja. Eitthvað hið merkilegasta er, að grískur múnkur,

Digitized by Google

samtíða Haraldi harðráða, talar um hann og verk hans í Grikklandi. Haraldur hafði með sjer síðar mörg skáld og ortu þau sum einmitt um afrek hans í suðurlöndum; ekkert þeirra hafði verið með honum; þau hafa því aðeins farið eftir sögusögnum manna hans (Haldór Snorra son goða hafði verið með honum og sagt „útferðarsögu“ hans á alþingum heima á Íslandi); því er skáldin segja ber nú mætavel heim við það sem gríski höfundurinn segir; jafnvel einstöku kenningar sem „Bolgara brennir“ eiga við sannan atburð.

Alt styrkir eða sannar sögugildi kvæðanna. Það skal því meira til en getgátur eða lausar ásakanir um, að skáldin hafi farið með ósatt mál, af hverju sem það kann að hafa komið, eða brenglað og sveigt sannleikann. Það verður að heimta órækar sannanir í hvert skifti, og það verður að rannsaka hvert kvæði, hverja vísu, hvernig og hvenær til sje orðin, og um fram alt skilja hana rjett. Það hefur verið sagt og með rjettu, að Sigvatur fari með skrök, er hann lætur fall Ólafs helga vera samfara sólmyrkva, en það er víst, að Ólafur fjell 29. júlí, en sólmyrkvinn varð 31. ágúst. Svo stendur á þessu, að Sigvatur var ekki í Noregi 1030, heldur í Ítalíu; hann varð því að fara eftir því sem honum var sagt; nú er það víst af kvæðum Þórarins loftúngu, að helgi Ólafs kom upp þegar stuttu eftir fall hans og magnaðist á stuttum tíma, svo að furðu gegndi. Prestarnir gerðu sitt til. Þegar nokkur tími var liðinn, hafa þeir eflaust sett fallið og sólmyrkvann í enn nánara samband og viljað gera konúng Kristi líkastan (náttúruundrin við dauða hans á krossinum

Digitized by Google

varð fyrirmyndin). Sigvatur hefur tekið þetta trúanlegt, þegar hann orti kvæði sitt, en það er ort 10—12 árum eftir bardagann á Stiklastöðum. Villan er villa, og vel skiljanleg, en vjer getum ekki notað hana til þess að bera skáldunum ósannsögli á brýn alment.

Heldur ekki er það nein sönnun þess að vísan sje röng, að henni ber ekki saman við söguna. Það er ekki fremur ástæða til að trúa munnlegu sögunni en vísunni; þvert á móti er það sjálfsagt, að ætla, að það sje vísan, sem er rjett, ef hún er eftir þann, sem hún er eignuð. En nákvæm rannsókn er í hvert skifti nauðsynleg og hún verður að fara fram hleypidómalaust og styðjast við fulla þekking á öllum málavöxtum.

Í þriðja lagi hafa kvæðin mjög mikið gildi fyrir sögu fornmáls vors. Fyrir 1100 hjer um bil eru þau hinar einu leifar málsins sem til eru, hvort sem heldur er litið til Noregs eða Íslands; frá Íslandi eru engar rúnaristur til frá þessu tímabili og frá Noregi litlar sem engar. Að þessu leyti eru kvæðin oss ómetanlega dýrmæt og það því fremur, sem vjer nú getum notað þau og lesið í svo rjettri mynd sem hægt er að fá þau í, eftir að hinar fornu reglur máls og bragfræði eru fundnar. Vjer getum nú fylgt málinu og vexti þess, breytingum og einkennum í 2—3 hundrað ára, sem vjer mundum annars ekki geta vitað neitt um nema óbeinlínis. Þetta gildi kvæðanna var heldur ekki forfeðrum vorum hulið. Höfundur hinnar merkilegu fyrstu staffræði (um 1140) segir: „skáld eru höfundar [= dómarar]

Digitized by Google

allrar rynni [= staffræði] eða málsgreinar [mismunandi framburðar]", og er það orð og að sönnu.

Loks hafa kvæði þessi gildi fyrir almenna menningarsögu forfeðra vorra og sýna oss að miorgu leyti hugsunar hátt manna og lífernis. Þau höfðu gildi fyrir fegurðartilfinninguna og að því leyti sem þau voru höfð til að skemta fólki með. Mönnum hefur fundist til um hinar fögru líkingar í kenningunum, hið kröftuga hljóðfall í hendingum og hin smellnu orðatiltæki. Fólk hefur eflaust skilið þenna kveðskap mjög vel; þrátt fyrir það þótt menn skildu ekki hvert orð í vísunni, þá fóru menn nærri um aðalefnið. Þegar Máni skáld var hjá Magnúsi Erlingssyni (á 12. öld), voru þar líka leikarar, er „hlaupa létu smárakka yfir hávar stengr". Konungur skoraði á Mána að yrkja vísu um þá og sagði að þeim væri heldur illa við hann. Þá orti hann þegar 2 vísur og er síðari hluti síðari vísunnar svo:

undr es hvé augum vendir
umb sás þýtr í trumbu,
kníðan lítk á kauða
kjapt ok blásna hvapta.

Að þessu varð nú mikill hlátur, hirðmenn slógu hring um leikarana og endurtóku síðasta vísuorðið; þeim varð ekki vært og höfðu sig á burt. Þetta er aðeins lítið dæmi, en mjög gott til fróðleiks.

8. Um rjettfeðrun kvæðanna og meðferð þeirra í handritum. Það er ljóst af því, er áður er sagt um sögugildi kvæðanna og af vitnisburði Snorra, að álíta verður, að þau sjeu eftir þau skáld, sem þau eru eignuð. Arfsögnin forna og það,

Digitized by Google

hvernig kvæðin geymdust hjá ættunum og einstökum skáldum, er oss einhlít sönnun, að kalla má. Um 1200 höfðu menn öll eða flest eldri kvæði og vissu skyn á þeim; þeim var ekki ruglað saman; það ber örsjaldan við — og aldrei er talað um heil kvæði —, að sama vísan sje eignuð fleirum en einum. Sannanir fyrir því að menn hafi gert þetta rjett er meðal annars málið, og ekki síst sá skáldandi, sem birtist í hverju einstöku, einkennilegur og út af fyrir sig; mart fleira mætti telja. Um þetta kemur nú öllum saman, nema helst að því er snertir elstu kvæðin, t. d. kvæði Braga og skálda Haralds hárfagra. Próf. S. Bugge hefur viljað halda því fram, að þau væru yngri og tæplega eldri en frá síðara hluta 10. aldar; vjer munum síðar drepa á þessa skoðun, sem eflaust er röng.

Í fornaldarsögunum er fjöldi vísna og kvæða, sem eiga að vera ort af þeim mönnum, er koma fyrir í þeim; en eins og þessar sögur eru að mestu eða öllu ósannar, eins er með kvæðin í þeim; þau eru öll frá 12. og 13. og 14. öld. En um þau mun frekar talað síðar.

Meiri vafi gæti leikið á hinum svo nefndu lausavísum, er aðallega eru í Íslendingasögum, og það því fremur sem sanna má, að vísurnar í sumum þeirra eru rángt feðraðar og miklu yngri; svo er um flestar vísurnar í Njálu, Harðarsögu, Grettissögu og stöku vísur í öðrum sögum. Það sem hjer er besta sönnunin er málið, yngri orðmyndir og yngri kenningar. En að ráða af þessu, að allar eða flestar aðrar lausavísur sjeu rángfeðraðar, er óleyfilegt og vanhugsað. Það er auðsætt,

Digitized by Google

að slíkar vísur gátu eins vel geymst og hin lengri kvæðin. Vísurnar voru oft kjarninn í smásögum, skrítlum, er urðu af sjálfu sjer minnistæðar og geymdust í frásögninni mann fram af manni; þar að auk var virðingin fyrir skáldskapnum svo mikil, að það mátti vera ættarheiður að geyma vísur þeirra skálda í ættinni, er nokkuð kvað að; jeg tel það t. d. vafalaust, að Borgarmenn (Mýramenn) hafi gert alt sitt til að safna og halda á loft vísum Egils gamla. Stundum er enda sagt, að þær og þær vísur hafi menn þegar lært utanað; en þetta þarf auðvitað ekki að vera annað en tilgáta söguritarans.

Þegar um þetta mál er yfir höfuð að ræða, má ekki gleyma því, hve líf manna í fornöld var einfalt og óbrotið. Næring hins andlega lífs var aðeins sögur og kvæði, sem hlutu að lærast og gánga í munnlegri sögusögn. Minnið styrkist við þetta og stælist, og getur rúmað svo miklu meira en margir geta hugsað sjer nú (sbr. framar 31. bls.).

Það dugar ekki að segja, að lausavísurnar sjeu rángfeðraðar yfir höfuð. Það verður að rannsaka hverja fyrir sig, bera þær nákvæmlega saman við hin meiri kvæði skáldsins, ef til eru, rannsaka málið og skáldsandann, hvort hinn sami sje, og mart fleira, er hjer kemur til greina. Það er ekki sjerlega erfitt að ætlun vorri, að skilja þær vísurnar úr, er rángfeðraðar eru og yngri, en látið er í veðri vaka.

En hitt er satt, að vísurnar eru oft og einatt í handritunum afbakaðar og meira eða minna færðar úr lagi. Um 1200 hafa kvæðin vafalaust verið kveðin

Digitized by Google

rjett eða lítt afbökuð. Því eldri sem ritin og handritin eru, er þau finnast í, því rjettari eru þau; því lengur sem líður, því rángari verða þau. Því færri handrit, er þau eru í, því ver er með þau farið, og lángverst í pappírsbókum frá 17. og 18. öld, er frumritin eru týnd. Ritararnir á 13. og einkum á 14. og 15. öld rituðu oft hugsunarlaust og svo skildu þeir ekki vísurnar og afbökuðu þær allavega; þeir lásu frumritin rángt eða þau voru stundum máð og torlesin. Villurnar eru óendanlega margar en mismunandi. Sumar eru lítilvægar og snerta orðmyndir; yngri myndir eru settar í stað eldri (*sjá* f. *séa* og þess kyns). Þetta er alt í lófa lagið að leiðrjetta eftir reglum bragfræðinnar. Hendingum kann að vera raskað osfrv. En oftast eru villurnar verri og verulegri. Það geta vantað orð og vísuorð, setníngar og einkum kenníngar svo afbakaðar, að erfitt eða ómögulegt með öllu er að leiðrjetta svo að áreiðanlegt sje að hið rjetta sje fundið. Þetta á sjer einkum stað, er handritin eru úng og ef til vill aðeins eitt, er vísan stendur í. Það mætti telja mörg dæmi þessa. Vjer sögðum að ritarar hafa oft og einatt ekki skilið vísurnar; stundum hafa þeir hins vegar þóst skilja þær, þóst finna villur í þeim og þá breytt, en gætt ekki að, að alt var rjett, ef öll vísan var rjett skilin og skýrð. Þetta ber þó ekki mjög oft við.

9. Skýríng og meðferð kvæðanna. Skýríng fornkvæðanna hefst eiginlega á 12. öld, er söguritarar fóru að nota þau sem heimildir; en það var þó ekki nema sögukjarninn í þeim, er þeir tóku, en ekki verður annað sjeð yfir höfuð, en að

Digitized by Google

þeir hafi skilið kvæðin rjett. Öðru máli er að gegna um mann sem Snorra. Í Skáldskaparmálum sínum hefur hann gefið oss ágætar skýringar á öllu skáldamálinu, kenningum og heitum, er vjer getum ekki án verið, og í skýringum sínum við Háttatal hefur hann kent oss aðferðina; hann er oss vitanlega hinn fyrsti, er tekur vísur upp eða tilfærir orðaröðina, eins og hún mundi vera í óbundnu máli.

Hinar eiginlegu skýringar hefjast þó fyrst á 17. öld, og kom það einkum til af því, að útlendir, danskir fræðimenn (t. d. Óli Worm) fóru að leggja svo mikla stund á að safna fornritum og skilja þau. Þá fengu þeir Íslendínga til þess að skýra hinar torskildu vísur, og má þar til nefna ýmsa, einkum sjera Magnús Ólafsson í Laufási. Svo var þessum skýringum haldið áfram 18. öldina, og þá var farið að prenta þær með sögunum. En þessum skýringum var einatt mjög áfátt, einkum af því að vísindaleg meðferð var enn svo mjög á reiki, bæði að því er snertir meðferð handritanna sjálfra og samanburð þeirra, og hann var næsta erfiður; þar að auki var skilningur manna á sjálfu skáldamálinu að mörgu ófullkominn og smekkur manna veill. Einn maður skaraði þó fram úr öðrum, Jón Ólafsson (d. 1811), er m. a. ritaði hina ágætu bók „Nordens gamle Digtekonst“ (1786). Svona var það alt til þess er Sveinbjörn Egilsson kemur til sögunnar (d. 1852). Hann fjekst snemma við kvæðin og gerði alt til þess að fara með þau eftir rjettum rökum. Hann skýrði mörg kvæði og sögu-vísur; en öll kvæðin skýrði hann í orðabók sinni hinni ágætu, Lexicon

Digitized by Google

poeticum antiquæ linguæ septentrionalis (1860). Það er aðdáanlegt, hve lángt hann komst þrátt fyrir alla erfiðleika; meðferð hans var svo dómgreindarfull, skilníngurinn svo djúpur og skarpur, smekkurinn svo óviðjafnanlega næmur og hreinn, að alt þetta olli því að orðabókin varð sinna tíma meistaraverk. Annar merkastur maðurinn í þessari grein er Konráð prófessor Gíslason (d. 1891); hann hefur haldið fram starfi Sveinbjarnar, bætt um og skýrt ótal vísna með frábærum skarpleik og smekk. Það mætti telja fleiri menn frá hinum síðustu tímum, er hafa skýrt vel ýmislegt.

Hjer skal að síðustu getið eins manns, er reyndar hefur ekki skýrt vísur, en fundið einhverja bestu stoðina til þess að lagfæra þær; það er þjóðverjinn prófessor E. Sievers, er stofnað hefur forna bragfræði og sýnt, hvernig fornskáldin hafa skipað samstöfum í hverju vísuorði, hvort sem það var eftir tilfinníngu eða líka samkvæmt skipuðum reglum.

Um leið og vjer lúkum öllu þessu máli, skal þess getið, að dr. Guðbrandur Vigfússon hefur í útgáfu sinni af fornskáldakvæðum, Corpus poeticum boreale (1883) sett fram þá nýstárlegu kenníngu, að kvæðin frá eldri tímum (fyrir 1100), hafi verið ort upp og algerlega breytt á 12. öld; hafi þá mörg staðanöfn alveg horfið eða verið gerð torkennileg. Ef þetta væri svo, væru öll þessi kvæði einskis virði, en sem betur fer, er þetta ekki annað en tómur hugarburður, og Guðbrandur hefur ekki getað fært hin minstu rök fyrir þessu.

Digitized by Google

Það ætti ekki illa við að setja hjer almenna lýsingu á skáldunum og kveðskap þeirra, en slíkt er erfitt og að mörgu ógerandi. Fyrst er það, að það eru fæst skáldin, er mikið sje til eftir; en þó eru þau ekki svo fá, er fá má glöggva hugmynd um, einkum ef til eru þar að auk sögur um þá (Egill, Hallfreður osfrv.). En þá koma aftur sjerstakir eiginlegleikar í ljós, er hverjum tilheyra út af fyrir sig. Þó er mart sameigið með þeim, ekki síst virðing þeirra fyrir kveðskaparlistinni sjálfri og ást þeirra á henni (sbr. framar s. 33), er svo oft og fagurlega birtist í smásetningum.

Sameigið er og lýsing höfðingjanna, orustunnar, siglinga og þess kyns. Skáldin lýsa höfðingjunum hjer um bil eins, þeir eru hraustir, göfgir, gjöflir; oft er og tekið fram, hvernig þeir stýra landi og lýð, kúga ránsmenn og hegna þjófum; ársæli þeirra er og getið. Hinu verður ekki neitað, að að minsta kosti einstöku skáld viðhafa orð um höfðingjann, er fremur eiga við fyrirmyndarhöfðingja, eins og menn hugsuðu sjer að hann ætti að vera, heldur en við þann, er þau í svipinn voru höfð um. Í orustunni er konúngurinn geðharður, hjálmgöfugur, ógnsterkur osfrv.; andspænis mönnum sínum er hann blíður, mildur, heiðmildur; á þingum er hann margsnjall, snjallmæltur; hann er óneiss, rjettdæmur, ríklyndur osfrv. Skáldin hlífast ekki við sterk orðatiltæki, og þó er sjaldan að þau verði gífurleg eða gassafengin; hvervetna kemur í ljós tilfinning fyrir því, sem er hæfilegt og sæmilegt, og örsjaldan ber það við, að gert sje gys að yfirunnum óvinum.

Þá tekst skáldunum upp, er þeir lýsa orustum,

Digitized by Google

sverðshöggunum, spjótafluginu, örvadrífunni — stormi Óðins og allra vopna, blóðstraumunum, er hrafnar, ernir og úlfar sækja að og hlakka yfir. Í að lýsa siglingum, sjórokinu, útliti skipanna, er sólin skín á gullbúnað þeirra, brakinu í borðunum osfrv. eru þeir meistarar. Það þektu þeir líka lángflestir af eigin reynslu. En vjer látum oss nægja með þessar athugasemdir aðeins til þess að benda á þetta atriði.

Þriðja grein.

Norræn skáld.

Þó að ýms skáld sjeu nefnd frá elstu sögutímum, verður ekki dvalið við þau hjer, með því að vjer vitum lítið sem ekkert um þau. Einn má þó nefna, er hjet Úlfr óargi, hersir í Noregi, afi Kveldúlfs og forfaðir Mýramanna (á 8. öld), hann „orti drápu á einni nótt ok sagði frá þrekvirkjum sínum; hann var dauðr fyrir dag“, segir Skáldatal. Annar var Erpr lútandi, er „vá víg í véum ok var ætlaðr til dráps; hann orti drápu um Saur, konung at Haugi, ok þá höfuð sitt fyrir“, segir samastaðar. Þetta er elsta höfuðlausnin, sem sögur fara af. Erpur átti dóttur, er Lopthœna hjet; hana átti Bragi enn gamli Boddason; viðurnefni Braga er valla eldra en frá 12. öld og er til að greina hann frá Braga Hallssyni (á 12. öld). Samkvæmt Skáldatali hefur Bragi ort um Ragnar loðbrók, Eystein belja og Björn at Haugi. Ragnar lifði fyrir og um miðbik 9. aldar, Björn er vafalaust sá sami sem Björn Svíakonúngur í Eiglu og Bern í Birka (Bjarkey í Leginum) í ævisögu Ansgars norður-

Digitized by Google

landapostula, er þar er nefndur við árið 828; um hann á Bragi að hafa ort höfuðlausnardrápu tvituga á einni nótt. Þessu ber öllu saman — um Eystein er þó meiri óvissa — við sögu, er finst t. d. í Landnámu um Braga og konu Hjörs Hálfssonar og sonu hans þrjevetra, Geirmund og Hámund heljarskinn; Geirmundur varð síðar landnámsmaður á Íslandi, og mun vera fæddur nokkru fyrir 850. Bragi mun hafa lifað fram undir miðja öldina, og hefur eflaust átt heima vestanfjalls í Noregi. Að Bragi hafi aldrei verið til. sem nokkrir hafa ætlað, nær engri átt, enda eru nú flestir á eitt mál sáttir um það. Öðru máli er að gegna um það, hvort þau kvæði, er honum eru eignuð, eru eftir hann í raun og veru; því hefur S. Bugge neitað og viljað halda því fram, að þau væru miklu yngri. En í fyrsta lagi er arfsögnin um kvæðin og höfund þeirra að engu leyti tortryggileg og það verður eigi sagt, að það sje nein sjerleg furða, að nokkuð lítið eitt sje enn til eða hafi verið til um 1200 af kvæðum frá 9. öld. Bragi var nátengdur Mýramönnum og forfaðir Gilsbekkinga (Tindr skáld, Gunnlaugr ormstunga), svo að ekki vantaði ættirnar til þess að geyma einmitt hans kvæði. Þar næst er kvæði hans skjaldarkvæði; þó er það ekki einhlítt, en miklu þýðingarmest er það, hvernig kvæðin eru ort. Af 128 vísuorðum er 34 hendingalaus (32 í þeim ójöfnu, og er það há tala; á 10. öld hittist það endrum og eins); aðalhending stendur aðeins í 34 jöfnum vo. (2 ójöfnum), skothending í 28 jöfnum (neitt þvílíkt sjest ekki á 10. öld) og 30 ójöfnum; síðari hendingin stendur 7 sinnum í 2. áherslusamstöfu (í stað 3.) og stundum er

Digitized by Google

hendingunum skift niður á vísuorðin; á undan höfuðstafnum stendur smáorð 5 sinnum (finst valla á 10. öld); þegar hjer við bætist, að hjá Braga má finna einstöku eldri orðmyndir en hjá nokkurum öðrum og að öll framsetning og kenningar eru mjög látlausar og einfaldar, stefsetning mjög frumleg, þá bendir alt þetta á, að kvæði Braga sjeu eitthvað af því allra elsta, er til er af kvæðum; að forminu til eru þau óreglulegri en öll kvæði frá næsta tímabili eftir hann og öðruvísi en allur annar kveðskapur fyrr og síðar. Vjer verðum því að telja kvæðin fyrir víst frá fyrra hlut 9. aldar og trúa arfsögninni til þess, að þau sjeu eftir Braga.

Af kvæðum Braga þekkjum vjer lítið annað en leifar af Ragnarsdrápu hans; hún er kend við Ragnar loðbrók; á hann að hafa sent Braga ágætan skjöld með myndum; kvæðið er þökkin og skáldið yrkir um myndirnar[1]). Tveir heilir stefjabálkar eru til, annar um fall Jörmunrekks konúngs og þeirra bræðra Sörla og Hamdis, hinn um Hjaðningavíg; báðir enda með stefinu:

Ræs gáfumk reiðar mána
Ragnarr ok fjölð sagna,

(R. gaf mjer skjöld og margar sagnir á). Þess utan eru til 2 vísuhelmingar úr upphafinu (og er þar ávarpaður Hrafnketill nokkur, líklega sá er færði Braga skjöldinn) og allmargir aðrir, er lýsa viður-

[1]) Það er á einum stað sagt í riti frá upphafi 14. aldar, að Bragi hafi ort um „frændur Áslaugar", en þetta er ekkert nema síðari tíma tilbúningur.

Digitized by Google

eign Þórs og miðgarðsorms og eru eflaust úr sama kvæði; ennfremur ein vísa um Gefjun í 4 uxa draga Selund (Sjáland) frá Gylfa konúngi; um nokkra vísuhelmínga til er ekkert hægt að segja með vissu. Í einum sýnist Bragi tala um höfuð sitt og lífgjöf og er hann þá úr kvæðinu um Björn konúng. Að lyktum eru honum eignaðar tvær lausavísur, önnur um heljarskinnin, hin á að vera ort er hann ók um skóg og var spurður af „tröllkonu“, hver hann væri; svaraði hann þá með vísu, þar sem hann segist vera skáld, en gerir það með tómum kenníngum. Það er heldur ekki hægt að hafa neitt á móti því, að þessar vísur sjeu eftir Braga, þótt eitthvað kunni að vera blandað málum með síðari vísuna.

Eins og sagt var, eru kvæði Braga mjög einföld og óbrotin, frumleg og fornleg; hann blandar aldrei inn neinum setníngum frá sjálfum sjer. Málið er fremur ljóst og kenníngar vel samsettar, lýsíngarorðin ágæt. Það er ekkert hugmyndaflug hjá honum, hann er rólegur og gætinn sem hinir gömlu þulir; þeim er hann auðsjáanlega andlega skyldastur; og hann segir söguna umsvifalaust og útúrdúralaust.

2. Haraldur hárfagri og skáld hans. Það er sagt um Harald, að hann hafi virt skáld sín mest allra hirðmanna og þeir hafi skipað annað öndvegið í höll hans; eitt af þeim, Þorbjörn hornklofi, lætur hrafninn svara spurníngu valkyrjunnar um reiðu skáldanna þannig:

Digitized by Google

Á gerðum sér þeira
ok á gollbaugum,
at eru í kunnleik við konung:
feldum ráða rauðum
vel fagrrenduðum,
sverðum silfrvöfðum,
serkjum hringofnum,
gyldum andfetlum
ok gröfnum hjálmum,
hringum handbærum,
es þeim Haraldr valði.

Öll var hirðin að sama skapi skrautleg, en það er auðsjeð, að kunnað hefur Haraldur að meta skáldin og lof þeirra. Sjálfur var hann efalaust hagmæltur; honum er eignuð, auk lausavísuhelminga, drápa um konu þá, er hann unni heitast, Snæfríði finsku, Snæfríðardrápa, og er ein vísa tilfærð úr henni; efast sumir um áreiðanleik sagnar þessar.

Skáldatal nefnir þessi skáld hans: Auðun illskældu, Þorbjörn hornklofa, Ölvi hnúfu, Þjóðólf ór Hvini, Úlf Sebbason, Gutthorm sindra.

Auðun illskælda var elstur þeirra og hafði verið með Hálfdani svarta; viðurnefni sitt á hann að hafa fengið af því að hann lánaði stef úr kvæði Úlfs Sebbasonar frænda síns um Harald konúng (það vitum vjer annars ekkert um), og var kvæði Auðuns því kallað Stolinstefja. Ekkert er nú til af þessu kvæði, og vjer höfum aðeins einn vísuhelming eftir hann; hann er torskilinn og sýnist vera lausavísa. Vjer getum ekkert sagt um hæfileika Auðuns.

Digitized by Google

Um hann, Þorbjörn og Ölvi er til þáttur, Skáldasaga; þar er sagt frá, að þessi 3 skáld hafi eitt sinn orðið fyrir ónáð Haralds, af því að þeir hegðuðu sjer nokkuð óhæferskulega, er þeir gistu ríka ekkju eina og vildu allir ná ástum hennar; en hún ginti þá alla vega og eru til færðar vísur sín eftir hvern þeirra; eiga þeir að hafa ort þær um nóttina illa staddir; vísurnar eru lítt læsar í handritinu og torskildar, en líklega eftir þá, þótt þátturinn sje tæplega að öllu leyti sannur.

Ölvi hnúfu vitum vjer nokkuð um af Egilssögu; hann var sonur Berðlu-Kára, vinar Kveldúlfs og tengdaföður; hann fór í víking, en hætti því, þegar hann varð svo ástfanginn í Solveigu hinni fögru dóttur Atla jarls af Gaulum, að hann svo að segja gáði einskis annars. Hann vildi eiga hana, en var synjað; jarli þótti mannamunur. „Síðan orti Ölvir mörg mansöngskvæði“; þau eru öll týnd. Synir Atla vildu nú drepa Ölvi, en hann flýði þá á náðir Haralds konúngs og gerðist skáld hans og hirðmaður kær. Um hann segir frekar í Eiglu, og sjest af því, að Ölvir hefur verið besti drengur, en nokkuð ríkur í skapi. Af kvæðum hans um Harald er nú ekkert til, nema ef tvö vísuorð um Þór og miðgarðsorm (úr skjaldarkvæði?) eru úr einhverju þeirra. Annars er ekkert til nema lausavísan í Skáldasögu.

Þorbjörn hornklofi. Um ætt og uppruna hans vitum vjer ekkert, en hann hefur lengi verið við hirð Haralds og eitt af hans allra bestu skáldum; ef til vill var hann frá Upplöndum; þar átti hann frænda, segir Skáldasaga. Af kvæðum hans höfum vjer töluverðar leifar, fyrst og fremst af

Digitized by Google

kvæði, er ekkert nafn er á í fornritunum, en kallað hefur verið Haraldskvæði. Það er með málahætti. Skáldið lætur það vera samtal milli „glæhvarmrar, kverkhvítrar“ valkyrju og hrafns, er hefur fylgt Haraldi síðan hann kom úr egginu. Kvæðið er í 2 hlutum aðallega; og er hinn fyrri fjörug lýsing á Hafrsfjarðarorustu, þar sem „allvaldr austmanna“ kendi fjandmönnum sínum að flýja. Skáldið skopast hjer að þeim — og er það óvant að finna —, „þeir slógusk und sessþiljur“, og „létu stjölu stúpa upp, stungu höfðum í kjöl“; svo hlupu þeir heim yfir Jaðar og höfðu skjölduna á baki (en ekki á brjósti) og hugðu á mjöðdrykkju. Hinn hlutinn er ágæt lýsing á hirðlífi konúngs, og er lýst útliti hirðmanna (sbr. framar um skáldin). Kvæðið er prýðilega ort og eitt af hinum fróðlegustu kvæðum að því er snertir líf og menníngu í Noregi við lok 9. aldar. Það er valla ort fyrr en svo sem 10—15 árum eftir Hafursfjarðarorustu og ekki fyrr en eftir að Haraldur hafði gengið að eiga Ragnhildi hina ríku; um það er getið í kvæðinu. — Annað kvæði Þorbjarnar er Glymdrápa, dróttkveðið kvæði um orustur Haralds aðrar en Hafursfjarðarbardaga (þess vegna nafnið af orustuglymnum) og ekki ort fyrr en í lok 9. aldar og eftir vesturför Haralds. Af þessu kvæði eru til nokkrar vísur, merkilegar af söguefninu. Kvæðið er fullreglulegt að hætti, kenníngar stundum nokkuð reknar en vel settar saman, en finna má þó sama fjörið sem í hinu kvæðinu. Svo er ein lausavísa til í Skáldasögu.

Þjóðólfr ór Hvini eða hinn hvinverski er eitt af höfuðskáldum 9. aldar. Hann var úr firðin-

Digitized by Google

um Hvini á Ögðum, en annars vitum vjer ekkert um ætt hans. Hann hefur ekki verið að staðaldri með Haraldi hárfagra, en var mikill vinur hans og fóstraði son hans og Snæfriðar, Guðrøð ljóma; hann druknaði í ofsaveðri fyrir Jaðri. Sagan segir, að Haraldur hafi rekið sonu Snæfriðar frá sjer, hafi þá Guðrøður farið til Þjóðólfs og beðið hann að friða konúng og hafi honum tekist að sætta þá konúng og syni hans; Þjóðólfur naut mikillar virðíngar. Hann var og vinur Rögnvalds heiðumhára („hærra“ er rángt), þeir voru bræðrasynir hann og Haraldur konúngur; hann átti heima í næstu hjeruðum (Grenlandi) fyrir austan Agðir. Um hann orti Þjóðólfur Ynglingatal. Snorri kallar Þjóðólf „enn fróða“ (vegna söguefnisins í kvæðinu) og segir, að í því „hafi verið nefndir 30 langfeðga hans ok sagt frá dauða hvers þeira ok legstað“. Með þessum 30 hefur Rögnvaldur sjálfur verið talinn; það hefur byrjað á Yngva, Niðri og Frey, en vísurnar um þessa þrjá eru ekki tilfærðar og því týndar. Annars eru til um 54 heilar og hálfar vísur; og eru stundum tilfærðar 1, 1½, 2 eða jafnvel 2½ vísa um hvern af forfeðrum Rögnvalds, en það voru Ynglingar (niðjar Yngva, Svíakonúngar; ættin fluttist til Noregs með Hálfdani Óláfssyni trételgju) og þaðan er nafnið dregið. Snorri hefur kvæðið að aðalheimild í Ýnglíngasögu sinni, og það er auðsjeð að hann tilfærir ekki nema parta af þeim vísum, er voru um hvern konúng; líklega hafa þær verið 3 um hvern; það eru heldur ekki nærri allir, er legstaðir þeirra sjeu nefndir í vísunum. Kvæðið er ort með kviðuhætti. Höfundurinn hefur safnað ævagömlum sögnum um hina

Digitized by Google

fornu Ynglinga og hann getur um fróða menn, er hann hafi spurt; hann hefur tekið þær sagnir, er honum þóttu sennilegastar, þegar sagnamunur var; að hann hafi stundum verið nokkur, má sjá af konúngaröð Ara fróða. En tilbúið nokkuð af sjálfum sjer, það hefur Þjóðólfur ekki gert. Kvæðið er ofureinfalt, með nokkuð mörgum kenníngum og eflaust rjett feðrað. Það er merkilegt af efni sínu, fornsögunum, en lítt skáldlegt, og bregður þó fyrir lýrískum hugsunarhætti, t. d. er segir um konúng, er fjell í austurvegi og var heygður þar:

ok austmarr
jöfri sœnskum
Gymis ljóð
at gamni kveðr.

Annað kvæði Þjóðólfs er Haustlöng, dróttkveðið kvæði um skjöld með myndum, er skáldið hafði þegið af Þorleifi hinum spaka; stefið sýnir þetta:

Baugs þák bifum fáða
bifkleif at Þorleifi.

Nafnið getur valla þýtt annað en að höf. hafi verið haust (eða hausttíma) að yrkja kvæðið. Af því eru til 20 vísur, og eru þær um ferð Óðins, Loka og Hænis, er þeir áttu við Þjaza og Loki varð að lofa Þjaza því að selja honum Iðunni í hendur, og um það, hversu goðin þröngvuðu Loka til þess að ná henni aftur, og um dauða Þjaza. Annar kaflinn er um bardaga Þórs og Hrúngnis á Grjóttúnagörðum. En kvæðið hefur eflaust verið miklu lengra. Það er mjög markvert vegna hins goðfræðislega efnis

Digitized by Google

síns; það er meira flug og fjör í því en Yngl. tali; kenningar ágætar, alt orðaval mjög heppilegt og lýsingarnar kjarnmiklar t. d.

Ók at ísarnleiki:
Jarðar sunr, en dunði
(móðr svall Meila bróður)
mána vegr und hánum.

Af kvæðum (eða kvæði) Þjóðólfs um Harald konúng er víst ekkert til. Reyndar eru til vísur, eignaðar Þjóðólfi, með fornyrðislagi, en þær eru líklega miklu yngri. Heldur ekki er neitt til af kvæðum hans um Hákon jarl Grjótgarðsson eða Strút-harald jarl (eða ef til vill rjettara Svein jarl). Af lausavísum eru til 2 (önnur hálf); í annari ræður hann Guðrøði frá að leggja út í sjóferðina, því að „nú er brim fyrir Jaðri".

Gutthormr sindri er eflaust yngstur allra skálda Haralds og hefur lifað mest á fyrra hlut 10. aldar. Um hann segir Snorri í Har. s. hárf., að hann hafi verið göfugur og skáld mikið, ástvinur Haralds og sonar hans Hálfdanar svarta; hann hafði ort um þá báða en áskilið sjer launin síðar. Þegar svo ófriðaðist með þeim feðgum seinna meir, bar hann sættaboð milli þeirra og sætti þá; þeir höfðu lofað að gera bæn hans. Seinna hefur Gutthormur verið með Hákoni Aðalsteinsfóstra, en hefur líklega dáið á árunum 955—60. Af kvæðum hans er nú ekkert til nema 7 vísur úr drápu hans um Hákon, Hákonardrápu; þar er talað um ferðir og orustur Hákonar; hin síðasta er sú á Rastarkálfi 955. Það er vel ort, en kenningar fremur reknar.

Digitized by Google

Eftir ónefndan höfund eru Eiríksmál, er Gunnhildur, kona Eiríks blóðøxar, ljet yrkja um hann eftir fall hans (c. 950) „svá sem Óðinn fagnaði hánum í Valhöll“. Af kvæði þessu eru aðeins til fyrstu 7 vísurnar eða rúmlega það. Óðinn hefur dreymt, að voldugur konúngur muni koma, og segir það muni vera Eiríkur og bíður Sigmund og Sinfjötla gánga út á móti þeim; Óðinn kveðst hafa numið hann sigri því að hann sje hræddur um að ragnarök sje í nánd. Nú kemur Eiríkur og 5 konúngar með honum, en þar endar brotið; það er mikið tjón, að ekki skuli vera meira til af þessu kvæði; það hefur eflaust verið tilkomumikið. Hátturinn er blendíngur af málahætti og ljóðahætti.

Eyvindr skáldaspillir Finnsson, höfuðskáld Norðmanna á 10. öld. Eyvindur var af göfugum ættum, dótturdóttursonur Haralds hárfagra, dóttursonur Hálfdanar jarls og sonarsonur Berðlukára og því skyldur Mýramönnum. Hann mun vera fæddur um 910—15, og hann lifði fram undir 990. Eyvindur hefur alist upp í föðurhúsum, en vjer vitum ekkert af honum að segja fyrr en rjett fyrir og um Storðarbardaga (961); hann unni mjög Hákoni frænda sínum og var í orustunni með honum. Eftir fall hans fyltist hann harms og trega og vildi ekkert hafa við Gunnhildarsyni saman að sælda; hann kvað háðvísur um þá og síngirni þeirra; sagt var að þeir græfi gull í jörð, í stað þess að láta það skína á mönnum sínum; svo hafði það verið í tíð Hákonar góða. Þeir gáfu honum dauðasök fyrir þetta, en sættum varð þó á komið; Eyvindur varð að láta af hendi dýran hring, ættararf, og þótti

Digitized by Google

ilt. Upp frá þessu hefur hann búið heima á búum sínum á Hálogalandi. Það er sagt, að hann hafi alla tíð verið fátækur maður, og eitt sinn, er hallæri var, varð hann að kaupa síld og fje og gefa fyrir dýran silfurdálk, en Íslendíngar höfðu látið gera og sent honum að kvæðislaunum. Eftir fall Haralds gráfelds (970) hefur Eyvindur gerst tryggur maður Hákonar jarls Sigurðarsonar og skoðað hann sem þann, er leysti Noreg undan ánauðaroki; valla hefur hann þó verið með Hákoni að staðaldri, en kvæði orti hann um hann eftir Jómsvíkíngabardaga (986; það er sagt á einum stað að Eyvindur hafi verið í orustunni, en það er ef til vill ekki rjett). Skömmu þar á eftir hefur hann dáið. Eitt af börnum hans var Hárekur í Þjóttu. Eyvindur var ágætismaður, besti drengur, tryggur og vinfastur; það sem um hann segir og vísur hans bera honum best vitni;

„trúr vask tyggja dýrum,
tveim skjöldum lék ek aldri“,

segir hann, og það var satt. Hann var hugaður maður og hraustur og hann var þess hvetjandi, að Hákon flýði ekki undan fyrir orustuna á Fitjum í Storð. Betra lof en Hákonar, er hann sagði: „ertu svá góðr drengr, Eyvindr, at þú mant eigi hersögu segja, nema sönn sé“, var ekki hægt að heyra. Góðan dreng og vitran mann kallar eitt söguritið hann.

Viðurnefni hans merkir líkt og illskælda (Auðun) og er til komið af því, að Eyvindur orti kvæði sín með sama sniði sem eldri kvæði og stælti þau;

Digitized by Google

óvinir hans hafa skopast að þessu og þótt hann yrkja ver en þau skáld, er hann stælti og lánaði ýms orðatiltæki hjá. — Kvæði hans eru þessi:

Hákonarmál, 21 vísu kvæði með ljóðahætti og málahætti (orustulýsingin með þessum hætti). Óðinn sendir valkyrjur til að kjósa konúng og láta hann koma til Valhallar. Þær fundu Hákon

„konung enn kostsama,
kominn und gunnfana".

Orustunni er lýst. Hákon er sár til ólífis og heyrir, að valkyrjur segja, að nú sje honum boðið til Óðins; hann spyr, hví þær hafi skift orustunni svo; þær svara, að hann hafi unnið sigur. Þær fara. Nú kemur Hákon til Valhallar og Óðinn sendir Hermóð og Braga (hinn hugaða herguð og skáldaguðinn) í móti honum. Hákon er hálfhræddur um, að Óðinn sje honum lítt góðviljaður (Hákon var kristinn), en Bragi friðar hann — og

þá þat kyndisk,
hvé sá konungr hafði
vel of þyrmt véum,
es Hákon
báðu heilan koma
ráð öll ok regin.

Höf. endar kvæðið með því að segja, að fyrr muni ragnarök koma en jafngóður konúngur rísi upp, og hann kvartar yfir því, að „nú sé mörg þjóð of þjáð". Það sjest á þessu síðasta, að kvæðið er ort skömmu eftir fall Hákonar. Það er einkennilegt, að Eyvindur lætur Hákon koma til Valhallar, þótt

Digitized by Google

hann væri kristinn; en Eyvindur var heiðinn; honum og mönnum Hákonar, er elskuðu hann og dáðast að honum, þótti hann aðeins hafa einn blett á sjer, að hann var kristinn; það er nú auðsjeð tilgángur Eyvindar að draga úr þessu lýti eða helst þvo það af honum (sbr. vísuna, er tilfærð var); auðvitað hefur honum ekki tekist að raska sögusannleiknum; kristni Hákonar var alt of kunn til þess. Að öðru leyti er kvæðið mjög gott og skemtilegt; það gefur oss fyrst og fremst ágæta mynd af hinum fjörmikla ágætismanni, Hákoni konúngi, er

lék við ljóðmögu.
skyldi land verja,
gramr enn glaðværi,
stóð und gollhjalmi,

er barðist svo vel, að sverðið beit herklæðin í hendi hans „sem í vatn brygði“. Orustulýsingin er lifandi og kröftug. Það var ekki furða, þótt Eyvindur endaði kvæðið með raunarorðum. Kvæðið er að allri gerð stæling á Eiríksmálum, en sjálfstæði skáldsins er jafnmikil fyrir því að því er efnið snertir; og bragarhátturinn og efnið fellur prýðilega vel saman. Kvæðið er meistaraverk að öllu.

Háleygjatal er annað aðalkvæði Eyvindar og er það stælt eftir Ynglingatali og með sama hætti. Það er ættartal Hákonar jarls eða Háleygjajarlar (og konúngar) alt upp til Sæmings, sonar Óðins. Af því eru aðeins 16 heilar og hálfar vísur til, en öll ættartalan þekkist þó frá ritum. Það er ort eftir Jómsvíkingabardaga 986 og ef til vill til þess að sýna, að Hákon var engu síður til Noregs borinn

Digitized by Google

en konúngarnir af Ýnglingaættinni. Kvæðið er fremur dauft.

Af öðrum kvæðum Eyvindar þekkjum vjer aðeins af umtali drápu um alla Íslendinga (þ. e. höfðingja á Íslandi); fyrir hana gáfu Íslendingar honum 50 marka silfurdálkinn. Loks eru nokkrar lausavísur til; sumar frá Storðarbardaga, hinar síðar, einkum um viðskifti hans og Haralds grafelds og eru allar mæta vel ortar. Tvær eru um hallærið.

Af öðrum norrænum skáldum frá 9. og 10. öld skulu nefndir: Torf-Einarr jarl Rögnvaldsson i Orkneyjum (um 900). Hann hefndi föður sins, er synir Haralds hárfagra höfðu brent inni, með því að drepa Hálfdan hálegg, einn þeirra; um það kvað hann 5 vísur, fullar af hugmóði og köldu spotti. — Jórunn skáldmær orti Sendibit, og eru nokkrar vísur til úr. Um Jórunni vita menn ekkert, en hún hefur lifað um og eftir miðja 10. öld, því að hún getur um ófriðinn milli Haralds og sonar hans Hálfdanar og um kvæði Gutthorms sindra. Hvað nafnið merkir er óvist.

Önnur norræn skáld eru ekki teljandi. Bæði Óláfi Tryggvasyni og Óláfi helga eru eignaðar nokkrar vísur, hinum síðara eflaust með rjettu. Sömuleiðis var Haraldr harðráði skáld og Magnús berfœttr og mun þeirra getið síðar. Loks skal þess getið, að til eru 2 vísur eftir Hárek i Þjóttu son Eyvindar. En vjer munum nú hverfa að annari kveðskapargrein um stund.

Digitized by Google

Fjórða grein.

Um eddukvæðin.

Eddukvæði nefnast þau kvæði eftir ónafngreinda höfunda, er öll eru um goðasagnir og fornaldarhetjur norrænar og útlendar; þar á meðal er og kvæði um lífsreglur og háttsemi; öll þessi kvæði eru ort með hinum elstu háttum, fornyrðislagi, ljóðahætti og málahætti, og eru að mestu leyti eitt safn í einu handriti (og litlu af öðru).

Höfundarnir eru, sem sagt, ekki greindir, og kemur það ef til vill af því, að efnið í kvæðunum voru fornsagnir; þær voru alþjóðareign, er höfundarnir sneru í ljóð og skoðuðu sig ekki sem sjálfstæð skáld. Það er líklega rjett að benda á þulina, er áður var getið. Þótt þeir fornu þulir hafi horfið úr sögunni á 9. öld, hefur sýslan þeirra við þess konar efni getað haldist við hjá næstu kynslóðarmönnum og fyrirmyndir þær, er þeir höfðu gefið, haft sín áhrif á þá. Að minsta kosti hefst eitt kvæði svo: Mál es at þylja | þularstóli á; þar segir og að lyktum: at hárum þul | hlæ þú aldrigi — það er ekkert líklegra, en að sá er talar eigi hjer við sjálfan sig. Vjer hyggjum það víst, að eddukvæðin sjeu náskyld, nánasta frændlið þulakveðskaparins. En þó að höfundarnir þekkist eigi, sýna kvæðin þó oft og einatt, hvernig þeir voru að lunderni, hverjar tilfinningar voru ríkastar í brjóstum þeirra, hvern skilning þeir höfðu á mannlífinu og hverjar lífernismeginreglur þeir töldu bestar.

Þessi kvæði finnast aðallega í einu handriti

Digitized by Google

islensku, sem nú er 2365 í fjögra blaða broti í Gamlasafni í hinni konúnglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn (codex regius; Konúngsbók, útgefið í ljósmyndun með hliðprentuðu máli 1891); brot af öðru er í Árnasafni, 748 í fjögra bl. br.; hvað stórt þetta handrit hefur verið, er óvíst; þar er eitt kvæði (Baldrs draumar), er ekki er líka í Konúngsbók. Þar að auk eru talin til eddukvæða einstöku önnur fornkvæði líkrar tegundar, þótt í öðrum handritum sjeu. Bæði handritin eru náskyld og runnin af einu og hinu sama frumhandriti; Snorri Sturluson hefur og haft handrit, náskylt þeim. Frumsafnið eða stofninn stafar vafalaust frá 12. öld, og hafa svo síðari ritarar skotið inn kvæðum, er þeir náðu í og ekki voru í frumsafninu. Hver hafi safnað þessum kvæðum fyrstur, er alls óvíst; að Sæmundur fróði (d. 1133) hafi gert það, er ekki nema tilgáta manna frá seinni öldum. En hver sem hefur gert það, á hina mestu og bestu þökk skilið. Sjálft nafnið er heldur ekki rjett; edda er nafn á bók Snorra og á ekkert skylt við þessi kvæði, en það er nú orðin tíska að kenna kvæðin við orðið, og eitthvert nafn verða þau að hafa.

Að því er snertir þessi kvæði eru það tvö atriði, er löngum hafa valdið vísindalegum rannsóknum og deilum, aldur þeirra og heimili, og eru þau, einkum hið síðara, ekki útkljáð enn með fullri vissu[1]).

---

[1]) Einhver fyrsta ritgjörðin, er fór í rjetta átt og hafði mikla þýðingu, er ritgjörð dr. E. Jessens í Zeitschrift für deutsche Philologie III.

Digitized by Google

Að því er snertir aldur kvæðanna, er það nú vist orðið, að eldri en frá 9. öld geta þau með engu móti verið. Mart bendir á, að fátt eða ekkert af þeim sje eldra en frá því um 900. Málið á þeim er fyrst og fremst órækastur votturinn; það svarar að öllu leyti til þess sem er á kvæðum skáldanna frá 10. öld. Sömu orðmyndir eru þar og sama skáldskaparmál, kenningar og heiti, og þótt það sje ekki jafnmikið viðhaft sem í skáldakvæðunum, kemur það aðeins til af því, að bragarhættirnir voru einfaldari og auðveldari. En það er svo náskylt alt saman, að það er rjett, sem sagt hefur verið, að báðar kvæðategundirnar sjeu „greinar á sama trjenu“, og efnið er líka náskylt, goðakvæðin kvæðum eldri skálda og ýmsra á 10. öld (sjá framar), hetjukvæðin sjálfum höfðingjakvæðunum, og þó er ekki að neita, að munurinn er allmikill. Milli kvæðanna og sumra skáldakvæðanna hinna eldri er og mjög mikill skyldleiki að því er snertir bragarháttinn; ljóðaháttr og málaháttr viðhafði Þorbjörn og Eyvindur, kviðuháttur og fornyrðislagið er náskylt hvað öðru.

Það er erfiðara að ákveða takmörkin fyrir þessum kveðskap niður á við, en hjer má þó af ýmsu mark taka. Ef kvæðin eru sjálf rannsökuð, er auðfundinn nokkur aldursmunur á þeim; nú vill þar að auk svo vel til, að eitt af þeim er kallað grænlenskt og vafalaust ort í hinni íslensku nýlendu á Grænlandi; þetta kvæði er vart yngra en um 1100 eða frá 11. öld, en í samanburði við flest hin er það auðsjáanlega úngt og ófrumlegt; meginþorrinn hlýtur að vera eldri. Hjer við bætist, að í kvæðum frá miðri 11. öld og þar á eftir, ekki að tala

Digitized by Google

um kvæðin í fornaldarsögunum, finnast allmörg orð og setníngar, er auðsjáanlega eru tekin og lánuð úr eddukvæðunum, en ekki hins vegar. Af þessu leiðir, að þau hljóta flest að vera eldri en segjum 1050 hjer um bil, eða það mun óhætt að segja um 1000, eða að þau sjeu frá 10. öld yfir höfuð. Og styrkist það eða sannast af tvennu. Það er óhugsandi, að önnur eins kvæði og þau um hin heiðnu goð sje ort af kristnum mönnum eftir dauða heiðninnar. Og í hetjukvæðunum kemur fram andi og menníng víkíngaaldarinnar (9. og 10. öld) svo áþreifanlega ljóst, að það er lítt hugsanlegt, að þau sjeu ort miklu síðar. Bæði í Noregi og á Íslandi gerðu stjórnendur sjer allmikið far um að uppræta heiðnina og fornar venjur, og það kvað svo ramt að, að Ólafur helgi vildi fyrst ekki hlýða kvæði Sigvats, eflaust af því að kveðskapurinn var svo mjög bendlaður við heiðnar goðasagnir. Eftir því sem lengur leið, hlaut það að verða því meiri fjarstæða, að þess konar kvæði hafi verið ort. Vjer ætlum, að ekkert goðakvæði sje ort síðar en í lok 10. aldar, nema eitt, Völuspá hin skamma, en það var heldur ekki ort fyrr en á 12. öld á Íslandi, þegar menn voru farnir að leggja vísindalega stund á fornöldina frá sjónarmiði þeirrar aldar; það er „lært“ kvæði. Hetjukvæðin var auðvitað hægt að yrkja síðar, enda eru sum þeirra eflaust frá 11. öld, auk þess sem um var getið og ort var á Grænlandi. Að lyktum skal bent á, að Sverrir konúngur tilfærði í tali vísuhelmíng úr Fáfnismálum, eins og það væri forn orðskviður og algengur, og að Þormóður kolbrúnarskáld er látinn í Fóstbræðrasögu hafa yfir „kviðling.

Digitized by Google

er kveðinn hafði verit um lausúngarkonur, en kviðlingurinn er úr Hávamálum; hvorttveggja bendir að minsta kosti á allháan aldur. Arnór jarlaskáld hefur í einni vísu sinni auðsjáanlega lánað orð úr vísu í Völuspá.

Það er þá valla vafamál, að flestöll af þessum kvæðum eru eldri en frá 1000 og þá frá 10. öld; þá kemur aftur að rannsaka aldursmun á þeim sjálfum; en það er erfitt að greina nákvæmlega milli þeirra, enda er slíkt heldur ekki nauðsynlegt í rauninni. Vjer förum heldur ekki frekar út í þetta mál. hjer, en getum þess aðeins, að sum af hetjukvæðunum eru kölluð „forn", auðsjáanlega til aðgreiningar frá öðrum yngri um sama aðalefni, og getum vjer að sumu leyti tiltekið það nánar.

Miklu meira vafamál og deiluefni er heimili kvæðanna. Skoðanir manna um þetta mál hafa smám saman breyst. Áður voru þær fremur á reiki, þángað til það varð ljóst og viðurkent, að kvæðin voru til orðin hjá norræna ættflokkinum, en ekki Svíum eða Dönum; um þetta kemur nú öllum saman. Hitt greinast menn á um, hvar hjá norræna ættfloknum þau hafi verið ort — um eitt er víst, að það hefur verið ort á Grænlandi. Guðbrandur Vigfússon áleit, að þau ættu heima á vestureyjum, í nýlendum Norðmanna fyrir vestan haf, en ekki á Íslandi. S. Bugge hefur fetað í hans fótspor og reynt að sanna og styrkja þá skoðun enn betur. B. M. Ólsen hefur reynt að sanna, að þau væru mestmegnis ort á Íslandi. Í mót öllu þessu standa þeir, er hyggja að þau stafi frá Noregi sjálfum flest öll. Á móti skoðun Guðbrands (og þá

Digitized by Google

Bugges) ritaði A. Edzardi vel og rækilega, og það mun valla verða ofan á, að kvæðin sjeu ort fyrir vestan. Aðeins Noregur og Ísland geta í raun og veru komið til greina.

Það er satt, að kvæðin hafa geymst eingöngu á Íslandi; þar var þeim safnað og þar hafa menn kunnað þau lengi; en þetta er ekki einhlítt til þess að ætla þau ort þar; því að öll kvæði norrænna skálda (Braga—Eyvindar osfrv.) eru eingöngu geymd á Íslandi og safnað þar, og dettur engum í hug að herma þau ort þar og þá vera rángfeðruð. Af málinu á kvæðunum verður lítið sem ekkert ráðið, því að málið á Íslandi á 10. öld hefur hlotið að vera hjer um bil alveg eins og norrænan í Noregi. Heldur ekki verður neitt með vissu ráðið af því, að eitt kvæðið er ort á Grænlandi; og mun síðar talað frekar um það.

Það er einúngis ýmislegt í kvæðunum sjálfum, orðatiltæki, er á menníngarstig benda, eiga við náttúru, landslag og þess kyns, er ráða má af; slíkt er jafnaðarlegast órækur vottur um heimili og uppeldismenníngu skáldanna sjálfra. Vjer munum nú geta ýmislegs, er að þessu leyti þykir mark á takandi.

Annað eins kvæði og Hyndluljóð um norrænan úngan mann, Óttar, og ætt hans er eðlilegast að hugsa sjer ort í Noregi og af ættmanni hans; það er lítt skiljandi, að það sje ort á Íslandi. Sama er að segja um Rígsþulu, ef hún á við og er um Harald hárfagra. Enn fremur getur valla verið að tala um, að þau kvæði sje ort á Íslandi, er með rökum má heimfæra til 900 eða litlu fyrr; en þau eru reyndar fá eða fæst.

Digitized by Google

Af staðanöfnum er lítið að ráða; þau benda flest til fjallalands og eru því þýðingarlítil í þessu máli. Öðru máli er að gegna um ýms orð og orðatiltæki er eiga við náttúru og landslag og menningu; auðvitað eru og mörg þeirra þýðingarlaus, því að þau geta átt við hvar sem er. En annað eins og orðin: eða skyli haltr henda | hrein í þá-fjalli sýna lifandi mynd úr norrænu lífi og náttúru og það norðarlega í Noregi, og geta ekki verið íslensk. Sama er að segja um: Fyrr munt Goð-mundr | geitr of halda | ok bergskorar | brattar klífa | hafa þér í hendi | heslikylfu; eða: sem fyr ulfi | óðar rynni | geitr af fjalli | geiskafullar; eða: stund es til stokks | til steins önnur (norræn vega-lengdartáknun), eða: sem björn hryti; eða: sjaldan bautarsteinar | standa brautu nær; eða: þurra skíða | ok þakinna næfra | þess kann maðr mjöt; það er talað um líkabrennu, akra ársána, eikju sem ferju; ýmislegt fleira má til tína, er aðeins getur átt við Noreg og ekki líka við Ísland og hlýtur að vera sótt þángað. Lángeinfaldast og eðlilegast er því að hugsa sjer, að alt þetta sje komið beinlínis frá mönnum, er hafi alist upp í og saman við alt þetta, er þeim svo var til taks, er þeir ortu; það var auð-sjáanlega svo lifandi í brjóstum þeirra. Hins vegar er ekkert sem með neinni vissu bendi til Íslands, hinnar sjerstöku íslensku náttúru, lífs og menningar; það hefur helst verið tilfært að nefnt er á einum stað „hveralundr", hvort sem þetta orð er staðarnafn eða ekki; ef það væri víst, að „hverr" merkti heita laug hjer, þá ætti það eflaust við Ísland, en hverr merkir upphaflega ketil (í steini eða klettum) og

Digitized by Google

getur því eins átt við Noreg sem Ísland[1]). Ennfremur má segja, að það sje ólíku hægra að skilja kvæðin, sum þeirra að minsta kosti, ef þau eru norræn; Völuspá og fleiri byggjast á baráttu milli heiðinnar og kristinnar trúar; slík barátta átti sjer ekki stað á Íslandi fyrr en allra síðast á 10. öld; þar á móti var hún gömul í Noregi og hafin að minsta kosti á dögum Hákonar góða. Íslendingar voru fremur daufir í trúarefnum og miklir skynsemismenn, en Norðmenn, einkum Þrændir, voru alla tíð stækir heiðingjar og trústerkir blótmenn. Vjer teljum það af öllu þessu eðlilegast að ráða, að meginið af kvæðunum sje ort í Noregi, þótt því verði ekki neitað með öllu, að þau kunni að geta verið ort af Íslendingum.

Eitt af kvæðunum er ort á Grænlandi sem áður var getið, Átlamál hin grænlenzku; vjer vitum að til voru skáld á Grænlandi, en hirðkveðskap iðkuðu þau aldrei; það lítur því svo út, sem þau hafi gefið sig við þess konar kveðskap, sem hjer um ræðir, og það er ljóst, að hjer er aðeins um kvæði að ræða, er ort voru til þess að skemta mönnum. Þessi kveðskapur á Grænlandi stafar valla beinlínis frá Íslandi, því að samgöngur voru engar milli þessara landa eftir að Grænland fanst og byggðist. Þessi kveðskapur er líklegast til orðinn af beinum áhrifum frá Noregi, því að við þetta land voru samgöngurnar einúngis.

[1]) Orðin *und Hveralundi* hafa eflaust verið misskilin að þessu. Þau eiga að skiljast alveg eins og *und Fjöturlundi* í einu af Helgakvæðunum, *und* þýðir ekki s. s. *undir* í eiginlegri merkíngu, eins og sambandið sýnir glögt.

Digitized by Google

Höfundar kvæðanna eru óþektir og það er sjaldan eða aldrei, að þeir komi fram eða tali í sínu nafni. Þeir hafa tekið efnið, eins og það var, úr goðasögunum og fornhetjusögunum og snúið þeim í ljóð; hvort þeir þá hafa breytt nokkru af sjálfum sjer, skapað sjálfstætt, er reyndar óvíst, en ekki verður það sjeð, svo að sanna megi, að þeir hafi skapað neitt eða skilið á þeirra eigin hátt; aðeins í einu kvæði gæti um slíkt verið að tala, Völuspá, og þó einkum það, hvernig söguheildin í kvæðinu er sett fram. Hins vegar er það vel hugsanlegt, að þeir hafi viljandi eða óviljandi lagt eins og einhvern sjerstakan blæ yfir lyndi þeirra manna, er þeir yrkja um; sjerstaklega gæti þetta átt sjer stað í lýsingarorðunum, er þeir hafa. Í öllum lyndislýsingum, eins og þær koma óbeinlínis fram, er fullkomið samræmi, og menn og konur vinna og tala, hver eftir sínu eiginlyndi og einkenni. Skáldin eru hjer fullkomnir meistarar. Eins miklir eru þeir í samsetningu sjálfra kvæðanna. Þó er hjer nokkur munur á, og fer það eftir aldri kvæðanna. Í þeim eldri og elstu er alt svo stutt sagt og kjarnyrt, að skáldin forðast alt sjálfsagt og það er þeir gera ráð fyrir að tilheyrendurnir geti skilið og bætt við sjálfir. Eitt atriði fylgir öðru, án þess að verið sje að segja að nú komi það eða það. Þessu er dálítið öðruvísi varið í yngri kvæðunum, þau eru margorðari og hleypa ekki eins úr óþörfum milliliðum og skýringarsetningum.

Skáldin lýsa goðunum, eins og þau voru í trú manna á 10. öld, með ástríðum þeirra og eiginleikum; þau eru að því leyti ekki annað en menn

Digitized by Google

á æðra og fullkomnara stigi (sbr. framar); en trúin er óbiluð, og sum af kvæðunum eru auðsjáanlega ort til þess að styrkja heiðna trú. Að þessu leyti má oft sjá að skáldin hafa ákveðinn tilgáng með kvæðunum; þau eru full af gremju út af tíðarandanum; sorg og ángurblíðar tilfinníngar út af kjörum manna og kvenna koma í ljós; og um leið verða skáldin vandlætarar. Þetta kemur mest fram í goðakvæðunum, síður í hetjukvæðunum, en er þó til þar. Annars eru skáldin mjög róleg, lítt ofsafengin; meðalhóf og meðalvit er það, sem þeir lofa mest og hafa mestar mætur á.

Að því er snertir fornhetjurnar, er þess gætandi, að tvennskonar lunderni koma þar sjerstaklega fram; fyrst hinar göfugu hetjur með blíðum og innilegum tilfinníngum, eru ástfángnir, svo sem Helgi, Sigurður, Gunnar, en hraustir og hræðast ekkert. Svo eru hinir, sem aldrei eru ástfángnir, hraustir, en harðir og nokkuð ribbaldalegir, svífast einskis og berjast illyrðum og brigslum. Nokkuð líkt er með konurnar; hinar fegurstu og indælustu kvennverur eru valkyrjurnar; þær svara til hinna blíðu göfugu hraustu hetja; milli þeirra eru ástir, er lýst er fegur og hreinna en nokkurs staðar annars staðar. En sjeu þær sviknar eða tálum tældar, — það kemur fyrir með Brynhildi móti vilja Sigurðar, er ekki rýrist við það —, þá eru þær hefnigjarnar og hefna sín grimmlega, en eru stórkostlegar í hefnd sinni og aldrei ljótar eða viðbjóðslegar. En bæði konur og karlar eru færðar á nokkuð æðra stig en menn alment gerast, og þó er enginn vafi

Digitized by Google

á því, að það eru samtímismenn skáldanna, verk þeirra og allur tíðarandi, er kemur fram í kvæðunum.

Framsetningin er yfir höfuð einföld og blátt áfram; bragarhættirnir kröfðu eigi neina óeðlilega orðaröð og leyfðu skáldunum að njóta mælsku sinnar á sem eðlilegastan hátt. Setningar eru stuttar og sjaldnast lengri en visuhelmingur; „þvíað"-setningar sjaldgæfar, og orðasamband alt eðlilegt; oft viðhafa skáldin þó orðaröð, er þeim þykir áhrifameiri, en ef hún væri blátt áfram; slíkt kemur ósjálfrátt og fæðist á vörum skáldsins af hans eigin innilegleik og hugareldi; skáldið endurtekur stundum orð og setningar, breytt eða óbreytt, og verður þá ræðan áhrifameiri og viðhafnarmeiri. Þau hafa yfir höfuð hina næmustu tilfinningu fyrir málinu og orðunum; það er aðdáanlegt, hvernig þeim tekst að breiða hið bjartasta leiftурskin yfir lunderni manna eða verk aðeins með einu einasta orði (einkunn).

Þýðing þessara kvæða er margvísleg og má líkt segja um þau sem skáldakvæðin. Gildi þeirra fyrir goðatrúna gömlu og fornsagnabálkinn er þó miklu meiri, eins og gefur að skilja, og úr þessu gildi er ekki hægt að gera of mikið. En hitt er og líka dýrmætt gildi þeirra, að þau sýna oss svo ljóst líf forfeðra vorra og hugsunarhátt; vjer sjáum þá fyrir oss ljóslifandi úti og inni, í víkingu og vosi, vjer finnum tilfinningar þeirra, hvernig sem eru, vjer finnum hjörtun bærast og getum svo að segja þreifað á lífæð alls lífs þeirra, á hvaða aldri sem eru. Að þessu leyti hafa kvæðin ekki aðeins gildi fyrir Íslendinga og Norðmenn, er náskyldastir voru,

Digitized by Google

heldur og fyrir alla Norðurlandabúa, meira að segja fyrir allan hinn gotneska kynflokk.

Öll eru eddukvæðin, sem áður var getið, með hinum elstu og smærri bragarháttum. Með fornyrðislagi eru þau kvæði, er sögukyns eru, og eru það einkum hetjukvæðin (Völuspá, Hymiskviða, Þrymskv., Baldrs draumar, Rígsþula, Hyndluljóð, Völundarkv.; Helgakviðurnar, Grípisspá, Reginsmál B, Sigurðarkv. hin meiri, Guðrúnarkv. I, Sigurðarkv. hin skamma, Helreið, Guðr.kv. II—III, Oddrúnargrátr, Guðrúnarhvöt og Gróttasöngr). Með málahætti eru fáein sömuleiðis sögukvæði (Atlakviðurnar og flest í Hárbarðsljóðum), með ljóðahætti þar á móti (sam)ræðukvæði, og þau sem einhver fróðleikur er kendur í, hvort sem í kvæðinu tala einn eða fleiri (Hávamál, Vafþrúðnismál, Grímnismál, Skírnismál, Lokasenna, Alvíssmál, Hrímgerðarmál, Reginsmál A, Fáfnismál, Sigrdrífumál, Hamðismál; Grógaldr og Fjölsvinnsmál); því heita svo mörg af þeim *-mál.*

Það er nú öðru nær en að vísurnar sjeu alveg reglulegar að lengd; það ber oft við, að í vísu eru annaðhvort færri en 8 vísuorð eða fleiri, og stundum svo að ofhlaðið er. Mönnum kemur ekki saman um, hvernig á þessu stendur. Ætla sumir, að lengd vísnanna hafi getað verið óákveðin og á reiki; hitt halda aðrir, að tala vísuorðanna hafi ætið verið 8 (eða 6 í ljóðahætti), og ef ekki er svo, þá sje það því að kenna, að kvæðin hafa afbakast í meðferðinni á því 2—300 ára tímabili, er þau lifðu á vörum manna, og mun þessi skoðun vera sannari, enda

Digitized by Google

má oft beinlínis sanna, að annaðhvort vanti eitthvað í, eða óþörfu og lítt viðeigandi sje skotið inn. Auðvitað er vandi að ráða úr hverju einu. Heldur ekki er vafi á því, að heilar vísur hafa alveg gleymst, og stundum kvæðabútum steypt saman, ef eitthvað var líkt eða skylt með þeim. Allra óreglulegust eru Hárbarðsljóð; þar eru vísur með málahætti, ljóðahætti og stundum beinlínis greinar í óbundnu máli inn á milli.

Eins og kvæðunum er skipað í handritinu (Konúngsbók), einkum hetjukvæðunum, er það ljóst, að safnari hefur reynt til þess að mynda úr þeim eina söguheild í ljóðum; þess vegna hefur hann stundum skeytt saman tvö kvæði líks efnis, þar sem honum þóttu þau fylla hvort annað (Reginsmál A og B), og oft setur hann inn til skýringar og fyrir betra samanhengis sakir stuttar sögugreinir og eru þær teknar úr eldri sögu í óbundnu máli um Sigurð fáfnisbana (Sigurðarsögu). Einstöku sinnum á þetta sjer stað við goðakvæðin. Að endíngu skal þess getið, að höfundur Völsúngasögu hefur snúið mörgum af hetjukvæðunum í óbundna sögu og er hún því merkileg fyrir tekstann og meðferð hans.

Fimta grein.

Goðakvæði.

Allra fremst í Konúngsbók stendur **Völuspá**; hún er og í Hauksbók en töluvert öðruvísi og lakari þar. Það er engin tilviljun að hún stendur fremst í Kb., því að hún er yfirlit veraldarsögunnar, sögu goða og manna samkvæmt hugmyndum heið-

Digitized by Google

inna manna og skáldsins. Hún greinist í 2 aðalkafla, en aðeins hinn síðari er spá eða frásögn um ókomna tíma, og er nafnið því ekki alveg rjett. Völvan, eða spákonan, biður áheyrendur. goð og menn, hljóðs og skýrir fyrst frá upptökum heimsins og gjörðum Borssona, Óðins og bræðra hans; öll goðin lifðu fyrst í friði og ró og allsnægtum á Iðavelli; þá var gullöldin, en hún þraut, þá er þursameyjar komu úr Jötunheimum, og þá hófst ófriður og orrustur. Fyrst áttu goðin ófrið við vani, en biðu ósigur og urðu að gera sætt við þá; borgarvirki ása hafði verið brotið, og nú sömdu þeir við smið að byggja það upp og hjetu honum Freyju, sól og túngli að launum; en þetta var reyndar bergrisi; Þór drap hann áður en smíðinni var lokið, og var það í raun rjettri eiðrof frá goðanna hálfu; þau voru nú orðin sek, og mart ilt var í heiminum. Óðinn leitar nú ýmislegra bragða; hann skorar á völuna að birta mannkyni leyndardóma heimsins og fær drykk af Mímisbrunni með því að setja auga sitt að veði. Þá talar völvan um samtíðina (núlegan tíma, er völvan spáði) og það sem stóð í nánu sambandi við hana; hún sjer valkyrjur koma (ófriðarmerki), Baldur deyja — og nú hljómar með náhljóði viðkvæði hennar: *Vituð ér enn eða hvat?* Svo kemur lýsing af lífinu; völvan talar um refsingar illra manna og ýmislega óheilla fyrirboða þess sem koma skal og lýsir spillingu mannkynsins (Bræður munu berjask osfrv.), allur Yggdrasilsaskur skelfur frá rótum — því að nú koma hinir síðustu tímar og ragnarök (síðari kafli kvæðisins); fjandalið goðanna sækir fram á vígvöllinn úr öllum áttum og á

Digitized by Google

víg við goðin; einvígum og falli helstu goðanna er lýst í kjarnyrtum vísum, og alt endar í björtu báli:

Sól tér sortna,
sígr fold í mar,
hverfa af himni
heiðar stjörnur,
geisar eimi
ok aldrnari,
leikr hár hiti
við himin sjalfan.

En völvan sjer meira; hún sjer alt skapast á ný, hún sjer iðjagræna jörð koma aftur upp, æsir koma aftur saman á Iðavelli, ný og betri kynslóð; hinar gullnu töflur finnast aftur, ný gullöld hefst og sakleysisöld; Baldur kemur; dyggvar dróttir byggja Ginnlé; [stjórnarinn kemur ofan, sá er öllu ræður, en ónafngreindur] — og alt ilt hverfur.

Þetta er aðalefni hins mikilfenglega kvæðis. Hvað í því sje eign höfundarins og hvað stafi frá almennri trú, er erfitt eða ómögulegt að greina, en svo mikið er víst, að skáldið hefur með aðdáanlegum skarpleik tekið aðalatriðin, sem flest eru kunn af öðrum kvæðum, og notað þau til þess að setja fram söguheild svo áhrifamikla, sem orðið gat. Hann gerir hin heiðnu goð ekki hrein og saklaus, heldur sýnir hann, hvernig brigð á eiðum og brot á siðferðislögmáli hefur í för með sjer fulla tortímingu. En — og þar kemur hið fagra í hugsjón hans eða samtíðarmanna hans — það er nýtt líf í vændum, ný gullöld, sem aldrei mun spillast; þetta eykur von og traust. Hvernig stendur á því, að

Digitized by Google

þetta kvæði hefur verið ort? Líklega — og hjer er að eins tilgátum til að dreifa — til þess að sýna, að hin heiðna trú væri eins góð og fögur og fyrirheitisrík sem kristin trú; kvæðið er eflaust ort, er kristin trú var farin að láta bera töluvert á sjer, farin að verða hættuleg, og líklegast ort um miðbik 10. aldar og í Noregi. Að skáldið hafi tekið upp kristnar hugmyndir um eilífa sælu, sem margir ætla, er ekki ómögulegt, en hvergi nærri víst. Kristilegastan blæ hefur vísan (vísuhelmingur) um þann, er kemur öflugur ofan að regindómi, en það er ekki víst, að þessi vísa hafi staðið í kvæðinu frá öndverðu, því að hún er aðeins í Hauksbók, en ekki í Konúngsbók. Eins og kvæðið er nú í handritunum, er það margvíslega afbakað, einkum með því, að inn í það hefur verið skotið mörgum vísum, helst um sköpun dverga og manna og ýmislegt fleira, sem lítt hugsandi er að völvan hafi þóst þurfa að nefna. Hins vegar er valla vafi á, að stöku vísur sjeu týndar. Snorri hefur þekt kvæðið í sömu mynd og notar það og tilfærir margar vísur úr því.

Næst á eftir Völuspá stendur í Konúngsbók annað meginkvæði, þótt annars kyns sje, eða rjettara sagt, safn af kvæðum og kvæðabrotum, er öll eru **Hávamál**, þ. e. ræða Óðins; safnandinn hefur líklega ætlast til, að nafnið ætti við alt safnið, en sennilegt er, að það sje nafnið á einu kvæðinu og þá hinu fyrsta, er veigamest er og efnisríkast. Vjer munum taka kvæði þessi hvert fyrir sig og lýsa þeim í stuttu máli.

Eins og Völuspá er saga heimsins, eins er fyrsta

Digitized by Google

kvæðið yfirlit yfir líf einstaklíngsins eins og hann á að vera, og eru gefnar reglur fyrir því; ef það er eins og ætlast er til, verður dómurinn um manninn góður, og eftir því á að sækjast. Óðinn kemur í gestsgervi, þurfandi matar og hjúkrunar, að bæ (þ. e. mannheimi); honum er vel tekið og hann launar gestrisnina með reglum þeim, er hann gefur. Það er eðlilegt, að hann hefur máls á gestinum og skýrir, hvernig hann eigi að hegða sjer; hann varar við ofdrykkju og öllu óhófi, lofar mannvitið og lýsir atferli hins ósnotra manns til viðvörunar; en smám saman víkkar hann sinn sjóndeildarhríng og tilheyrenda sinna og kemst út í að tala um samlífi manna og viðurgerníng þeirra hvers við annan, um vináttu og tryggð manna, lofar meðalvisku, og talar frekara um ýmislegt í daglegu lífi manna alt þar til er hann kemur að lífi og dauða og hann endar með þessum undurfögru vísum:

Deyr fé,
deyja frændr,
deyr sjalfr et sama;
en orðstírr
deyr aldrigi
hveims sér góðan getr.

Deyr fé,
deyja frændr,
deyr sjalfr et sama,
ek veit einn,
at aldri deyr,
dómr um dauðan hvern.

Dómurinn er umræða þeirra, er eftir lifa.

Kvæði þetta er eitt af hinum merkustu eddukvæðum, með því að það sýnir oss svo ágætlega lífið og hugsunarháttinn á 10. öld; og það gerir það með kjarnyrtum setníngum, er mest líkjast spakmælum og orðskviðum, enda eru margar orðnar það. Það er eflaust Óðinn, er talar; enginn gat

Digitized by Google

betur en hann gefið þessar gullvægu reglur um lífið, og því var eðlilegt, að skáldið veldi hann til þess að segja þær. — Það gefur að skilja, að annað eins kvæði og þetta hefur ekki geymst óspilt; það var svo hægt að skjóta inn í það hjer og hvar vísum líks efnis, enda hefur það verið gert óspart. Þetta kvæði er það, er með mestri vissu má segja ort í Noregi, og líklega ort um eða fyrir miðja 10. öld; það er eldra en Hákonarmál Eyvindar, því að hann hefur lánað úr því (Deyr fé osfrv.).

Tvö næstu kvæðin eru smákvæði; skáldið setur fyrst fram meginreglu (1, að trúa ekki meyjarorðum, 2, að vera málugur og vitur, ef maður vill hreppa eitthvað) og skýrir hana með dæmum úr eigin lífi þess er talar í þeim, þ. e. Óðins; dæmin eru hvernig hin fagra Billingsdóttir (líklega Rindr) ginti Óðin og fór illa með hann, svo að hann hafði hennar ekki, og hvernig Óðinn fjekk skáldamjöðinn hjá Suttúngi, og er frásögnin hjer æði miklu skáldlegri en sú hjá Snorra.

Fjórða kvæðið eru hin svonefndu „Loddfáfnismál"; nafnið er rángt, því að það er ekki Loddfáfnir (hver hann er, er óvíst), er talar, heldur sá, er talað er við og ráðin eru gefin. Það er þetta kvæði, er byrjar með: „Mál es at þylja | þularstóli á"; svo koma mörg ráð um ýmislegt í lífinu og hvernig maður eigi að hegða sjer; hjer er ýmislegt líkt því, sem er í fyrsta kvæðinu. Kvæðið er ofureinfalt að efni og gerð og líklegast elst allra þessara kvæða og má vera að það sje ort fyrir 900. Innskotsvísur eru og í því.

Fimta kvæðið er ekki eiginlega kvæði heldur

Digitized by Google

reglulaus samtíningur af vísum um rúnirnar, fund þeirra, not og kraft, og um það, hvernig Óðinn aflaði sjer rúnanna með því að fórna sjálfum sjer, en efnið er nokkuð myrkt; fyrstu vísurnar eru merkilegastar.

Hið sjötta og síðasta kvæði hefur verið nefnt Ljóðatal, kallað svo, vegna þess að Óðinn segir þar frá og telur upp, hver töfraljóð, kraftasöngva, hann kunni, og er það að mörgu mjög merkilegt.

Að endíngu stendur ein vísa, er líklegast er eða á að vera endir alls safnsins, eins og það er nú í handritinu.

Bæði Völuspá og Hávamál (öll) eru í raun rjettri Óðinskvæði; og á eftir þeim fara tvö önnur, þar sem Óðinn sýnir hinn ægilega goðmátt sinn og refsikraft andspænis jötni og manni.

Í Vafþrúðnismálum á Óðinn orðastað við hinn alvísa jötun, Vafþrúðni, sem er hundgamall og man næstum alt frá elstu tímum; Óðinn, er kallar sig Gangráð, hefur með lægni og kænsku fengið Vafþrúðni til þess að vera sá er svara skal spurningum sínum; Vafþrúðnir reynir fyrst Óðin með 4 spurningum, og svo hefst aðalsamtalið; Óðinn spyr margs um heiminn og það sem í honum er, um jötnakynið, um ragnarök, en Vafþrúðnir leysir úr öllu, uns Óðinn leysir höfuð sitt — því að það lá við — með því að spyrja, hvað Óðinn hefði sagt í eyra Baldri, en það vissi enginn nema Óðinn sjálfur; nú vissi Vafþrúðnir, við hvern hann hafði átt og verður að missa höfuð sitt. Kvæðið er nokkurs konar senna eða mannjöfnuður; var það oft haft að

Digitized by Google

gamni í höllinni á kvöldin að tveir menn jöfnuðu sjer saman og vildu vera hvor öðrum meiri; ljetu þeir þá mikið af verkum sínum og þótti stundum raupsamt. Eftir þessu er kvæðið auðsjáanlega sett. Af efni sínu er það mjög merkilegt fyrir goðafræði og Snorri hefur notað það allmikið.

Grímnismál eru svo nefnd af því, að Óðinn kemur grímuklæddur (Grímnir) til Geirrøðar konúngs fóstursonar síns (hvernig það kom til, að Óðinn fóstraði hann, er sagt í lesmálsgrein á undan kvæðinu); konúngur ljet taka Óðin, sem hann þekti ekki, og setja milli elda tveggja og pína. Frigg hafði sagt Óðni, að Geirrøður væri matníðingur, og það vildi Óðinn reyna, en Frigg hafði verið þess ráðandi, að Geirrøður ljet fara svo með Óðin. Eftir 8 nátta setu milli eldanna gefur Agnar son Geirrøðar Óðni svaladrykk, og nú talar Óðinn; tilgángur hans er að opna augun á konúngi og fá hann til að sjá, hver komumaður er, og í því skyni talar Óðinn óbeinlínis um sjálfan sig og eignir sínar, en stefnir altaf nær og nær sjálfum sjer, en ekkert dugar, Geirrøður er sljór af drykk; loks kemur refsingin og dauðadómurinn í þessum ógurlegu orðum:

Eggmóðan val
nú mun Yggr hafa,
þitt veitk líf of liðit,
úfar eru dísir,
nú knátt Óðin séa,
nálgask mik, ef megir

Digitized by Google

Geirrøður lætur líf sitt. Kvæðið er mjög kjarnyrt og kröftugt; en það hefur verið farið illa með það; það er með allskonar innskotum, mest goðfræðislegs efnis; Snorri hefur notað það mjög.

Bæði kvæðin eru vafalaust frá 10. öld.

Enn er eitt kvæði eða kvæðisbrot, er Óðinn er aðalpersónan í, Baldrs draumar; Baldur hefur dreymt illa og voðvænlega drauma, goðin ráðgast um og fer Óðinn til undirheima til að vekja upp völu og spyrja hana, hvort Baldri sje hætta búin; hann fær vissu um, að það er hann, er Hel býst við að taka móti með mikilli viðhöfn. Það vantar töluvert í kvæðið. Það er vel ort og heyrir til þeim eldri og betri kvæðum.

Í Hárbarðsljóðum er Óðni (= Hárbarður) og Þór skipað andspænis hvor öðrum; Þór kemur úr austurvegi að breiðu sundi og vill fá ferju yfir, kallar á ferjukarlinn hinum megin (Óðin), en hann vill ekki flytja hlennimenn eða hrossaþjófa, segir hann, honum leist Þór vera klæðlitill förukarl, „berbeinn brautíngi“. Svo hefst orðasenna milli þeirra. Þór segir frá afrekum sínum, jötnadrápi og þess kyns verkum og spyr, hvað Hárbarður hafi móti því, en hann (ɔ: Óðinn) hefur hluttöku í orustum að setja þar á móti, og þegar Þór talar um einhverja Svárangs syni, er hafi barið hann grjóti, talar Hárbarður um ástarfundi við „línhvíta, gullbjarta“ mey. Svo þegar þeir eru búnir að senna nokkra hríð, vill Þór aftur fá hann til að ferja sig, en Hárbarður aftekur það með öllu, og Þór verður að fara sína leið, en hótar Hárbarði öllu illu næsta sinn, er þeir hittist. Þetta er gamankvæði, ein-

Digitized by Google

stakt að formi (sbr. 75. bls.), en valla óafbakað; skáldinu hefur þótt gaman að því að etja tveim höfuðgoðunum saman, Óðni og Þór, andanum og líkamskraftinum. Það eru andlegu yfirburðirnir, er sigurinn hljóta. Kvæðið er vafalaust norrænt; ýmislegt, er nefnt er í kvæðinu, bendir greinilega á það.

Þessu næst má telja þrjú Þórskvæði, Hymiskviðu, Þrymskviðu og Alvíssmál. Þrymskviða er þeirra elst og líklegast með allraelstu eddukvæðum. Það er um stuld hamarsins; Þrymur jötnahöfðingi náði eitt sinn í hann að Þór sofanda; og er aðalefnið, hvernig hann náðist aftur. Eftir að Loki hafði fengið að vita, hvað af hamrinum var orðið og að Þrymur heimtaði Freyju fyrir hann, gaf Heimdallur það ráð, að Þór skyldi klæða í brúðarföt — Þór skyldi vera brúðurin! — í stað Freyju, og Loki skyldi vera brúðarþernan; bragðið hepnaðist. Þrymur þursadróttinn ljet ginnast og jafnskjótt sem hamarinn var lagður í knje brúðinni, var ekki að sökum að spyrja —

Þrym drap hann fyrstan
þursa dróttin
ok ætt jötuns
alla lamði.

Kvæðið er hið mesta meistaraverk að öllu; skáldinu hefur tekist aðdáanlega að lýsa Þór, bæði þegar hann var ráðalaus út af hamarsmissinum og vildi þegar láta Freyju í sölurnar, og eins þegar hann át og drakk svo mikið hjá Þrym, að hann furðaði:

Digitized by Google

einn át oxa,
átta laxa,
krásir allar,
es konur skyldu:
drakk Sifjar verr
sáld þrjú mjaðar;

sömuleiðis þegar Þrym fýsti að sjá hann (eða hana) í framan, en þoldi ekki eldlegt augnaráðið og stökk utan endlangan salinn, og loks þegar Þór sá hamarinn aftur:

Hló Hlórriða
hugr í brjósti,
es harðhugaðr
hamar of þekði.

Eins er hinum klunnalega og heimska Þrym lýst vel, og ekki síst Freyju, er „fnasaði", þegar Þór stakk upp á því, að hún færi og giftist jötninum. Framsetningin er stutt og kjarnyrt sem best má verða. Skáldinu hefur tekist að sýna Þór í sínu fulla goðdómsalmætti, þótt hann kæmi svo hlægilega og auðvirðilega fram sem dularbúin brúður.

Hymiskviða er einkennilegt kvæði. Goðin vantar drykk en fá að vita, að Ægir hefur nóg til af honum, og vilja taka þar veislu, en hann skorast undan og segist ekki geta tekið móti þeim, nema þau leggi til nógu stóran ölhituketil. Týr leggur til að þeir fari til Hymis jötuns afa hans og fái hans ketil. Þetta gera þeir og fá ketilinn, en ekki fyrr, en Þór er búinn að sýna af sjer kraftaraun í helli Hymis, að brjóta kalk (bikar) Hymis, en hann gat

Digitized by Google

ekki brotnað á öðru en enni karls sjálfs; móðir Týs, hin fagra jötundóttir, kendi þeim ráðið. Inn í þetta er fljettað róðri Hymis og Þórs út á reginhaf, er Þór rendi færi sínu til að veiða miðgarðsorm og drepa hann. Í kvæðinu er hnýtt saman ýmsum goðsögnum, er upphaflega hafa ekkert átt saman að sælda, og kvæðið er ekkert meistaraverk; Týr t. d. hverfur alt í einu úr sögunni og er ærið lítilvirkur. Það er valla eldra en frá síðasta hluta 10. aldar og er auðugast allra af kenningum.

Þriðja kvæðið var Alvíssmál. Dvergurinn Alvís kemur um nótt, hittir Þór en þekkir hann ekki og segir flaumósa, að nú skal brúðurin fara heim með honum, og það kemur upp að það er dóttir Þórs (Þrúður), sem hann á við og segir sjer hafi verið lofuð. Þór synjar honum þegar ráðsins, en dvergurinn biður hann allþarflega og nú verður Þór alt í einu dálítið kænskufullur; hann segir að Alvís skuli fá meyna, ef hann kunni að svara öllu, sem Þór spyr hann að „úr hverjum heimi“. Það sjest á endanum, að Þór aðeins vill tefja fyrir dvergnum, þángað til sólin rennur upp og dverg dagar uppi, og þau verða leikslokin. Dvergi verður aldrei svarafátt; Þór spyr um nöfn margra hluta (jarðar, himins, mána, sólar, öls osfrv.) í hverjum heimi. Nöfnin hjá hinum einstöku verum (goðum, vönum, jötnum, dvergum osfrv.) eru mjög einkennileg, og það er einmitt þessi greinarmunur á nöfnunum, sem gefur kvæðinu (skáldlegt og) málslegt gildi. Það er einasta skiftið er Þór kemur slóttuglega fram; skáldinu þótti betur við eiga að láta Þór fara svo að en að beita hamrinum við jafn-

Digitized by Google

litilfjörlega veru. Kvæðið er fremur vel ort og hinum flaumósa dverg vel lýst.

Af öðrum goðakvæðum standa sjer tvö.

Skirnismál eru um það, að Freyr verður ástfánginn í hinni undurfögru jötunmey Gerði Gymisdóttur og sendir Skírni, skósvein sinn, að biðja hennar. Hún neitaði fyrst alveg að eiga Frey, og gekst hvorki við fögrum gjöfum og ljet heldur ekki undan verstu hótunum; þá fyrst er Skírnir hótaði henni með því að beita hana rúnum og gera hana með því auma og vitstolna, játaði hún að gefa Frey ástir sínar. Ástarþrá Freys og óþoli er einkar vel lýst og samtal Gerðar og Skírnis er meistaralega sett. Það er einkennilegt, að Gerður lætur ekki bugast af neinu nema hræðslu við mátt rúnanna og vald þeirra yfir sálinni. Ástarkvæði er það ekki eiginlega. Það er mart er greinilega bendir á norrænan uppruna og háan aldur.

Lokasenna. Nafnið bendir á efnið. Loki inn lævísi kemur til Ægis þar sem goðin sitja að gildi; á undan kvæðinu fer lesmálsgrein, er hnýtir því við efnið í Hymiskviðu (hún fer rjett á undan í handritinu). Loki veður inn í höllina og biður um einn drykk mjaðar; Bragi verður til að svara og neita um drykkinn; Loki snýr sjer þá að Óðni, fóstbróður sínum, og hann lætur Víðar skenkja Loka. Nú óskar Loki öllum til heilla nema Braga; Bragi svarar og nú hefst sennan, helstu goð og gyðjur vefjast inn í sennuna og hreyta hnífilyrðum að Loka, en hann skammar þau verstu brigslum, þángað til nafn Þórs er nefnt; hann kemur þegar í stað óður og uppvægur; eftir nokkurn orðastað víkur Loki út

Digitized by Google

úr höllinni með orðunum: „því at ek veit, at þú [Þór] vegr“, en óskar, að öll eiga Ægis megi brenna honum á baki. Það er ekki mikið að marka, þótt Loki berji goðin brigslum og láti fúkyrðin óþvegin fjúka, því að flest alt af þeim er tóm rángfærsla og lygi og alt fært á verra veg samkvæmt lunderni Loka. Það er því í raun rjettri engin smán fyrir goðin, að hann lastar þau. Að það er trúaður heiðingi, er hefur ort kvæðið, sjest best á því, að hann lætur Þór og þar með goðin sigrast; hið illa. rógurinn og lygin, verður að víkja þótt ekki sje nema fyrir harðneskju kraftarins. Kvæðið er ort á líkum tíma og Völuspá. Það bendir á líkan tíðaranda og siðaspillingu.

Af öðrum kvæðum, er vanalega eru talin með goðakvæðum, skal hjer minst á tvö (hin munu nefnd síðar).

Rigsþula er að nokkru leyti skyld Hávamálum (I); Heimdallur fór eitt sinn um mannheim og nefndist Rígr og kom að þremur bæjum, hverjum eftir annan; þá áttu hjónin Ái og Edda (= lángafi og lángamma), Afi og Amma, Faðir og Móðir. Rígr var þar 3 nætur og að níu mánuðum liðnum ól Edda son, er hjet Þræll, Amma son, er hjet Karl, Móðir son, er hjet Jarl. Frá Þræli eru allir þrælar komnir, frá Karli allir bændur og frá Jarli er konúngurinn. Af þessu sjest, að höf. hefur viljað skýra, hvernig mannkynið hefur smám saman hafist á æðra stig. uns það komst á hið æðsta í konúngsættum og jarla. Um leið segir kvæðið oss, hvernig menníngarástand þessara stjetta var; húsum þeirra er lýst, útliti og

Digitized by Google

klæðum, verkum og mataræði, og er í öllu þessu sami stigamunurinn; í öllu þessu kemur fram lýsing á samtíð og samtíðarfólki höfundarins; þess vegna er kvæðið svo afarmerkilegt. Því miður vantar endann á kvæðinu, er aðeins finst í einu handriti (Snorra-Eddu); þar hefur verið talað nánar um Konúng, hvernig hann hjelt sig og hvað hann gerði. Það er ýmislegt, er bendir á, að höf. hafi átt við Harald hárfagra, göfgi hans og riki, og sje ort honum til heiðurs; ef svo er, er það ort um 900; en hvernig sem það er, er kvæðið ekki miklu yngra. Það er eflaust norrænt; það mannfjelag er það lýsir átti sjer stað þar, en ekki á Íslandi. Það er ort með mjög óreglulegu fornyrðislagi.

Inni í miðjum Hyndluljóðum stendur kafli, er á ekki heima í því kvæði; Snorri skýrir oss, að hann er úr kvæði, er nefndist Völuspá hin skamma. Það er erfitt að gera sjer glöggva grein fyrir þessu kvæði; það hefur verið um guðina, og þeir taldir 12 alls; þar eru vísur um Heimdall og hans mæður, um börn Loka og nokkrar um hina síðustu tíma; alt þetta er ósamanhángandi brot. Kvæðið er vart eldra en frá 12. öld og eflaust ort á Íslandi.

Öll þau kvæði, er hjer hafa verið talin eru mjög markverð fyrir oss; vjer sjáum í þeim, hverjar hugmyndir forfeður vorir gerðu sjer um tilveruna, sköpun veraldar og endalykt, um mennina sjálfa, líf þeirra, sambúð og samneyti; vjer sjáum í þeim svo að segja daglegt líf þeirra með ástum þeirra, samræðum, ráðum hinna eldri, mannjafnaðarskemtun,

Digitized by Google

töfravald, illdeilur, notkun kænsku og bragða, jafnvel hvílíkt gaman þeir gátu haft af því að hugsa um orð og samheiti, en það er reyndar engin furða, því að hvert skáld varð að temja sjer mikla orðgnótt og orðhegi.

Hjer skal svo geta tveggja kvæða, er bæði heyra saman og að öllum líkindum eru um goð eða goðverur. Það eru Grógaldr og Fjölsvinnsmál; þau eru nú aðeins til í pappírsbókum, en eru ekki yngri en frá 10. öld eða um 1000. Í Grógaldri kemur sonur og vekur dauða móður sína upp, völuna Gróu, og biður hana kveða sjer galdra til blessunar og hamingju, af því að hann eigi hættulega ferð fyrir höndum; hún gerir það og kveður honum marga góða galdra. Þessi sami úngi maður er kominn að borg — í Fjölsvinnsmálum —, en borgarvörðurinn, Fjölsvinnur, segir honum ómögulegt að komast inn; hennar gættu hinir grimmustu hundar og vakti annar um daga, hinn um nætur; en Svipdagur, svo heitir sonur Gróu, veit, að þar inni býr sú er elskar hann og þráir hann alla tíð, mærin Menglöð. Svipdagur spyr nú borgarvörð um skilyrðin til þess að komast inn, en það reynist þá svo, að þau eru öll ein óslitin lokuð keðja. Það er með öðrum orðum ómögulegt að komast inn; aðeins einum manni er það gefið, ef hann nefnir hið rjetta nafn sitt; þetta fær Svipdagur nú fyrst að vita — hann hefur áður nefnst Vindkaldur —, og segir til nafns síns; þá opnast hliðið, hundar leggjast niður og fagna honum, og borgarvörður segir Menglöðu mannskomuna. Svo kemur Svipdagur

Digitized by Google

inn og þau heilsast með hinum innilegustu og viðkvæmustu ástarorðum. Nú eiga þau að lifa saman um ævi og aldur í fullu yndi. Kvæðið er eitt hið fegursta ástakvæði; Menglöðu og þrá hennar er mjög fagurlega lýst. Það er líklegt, að Svipdagur og Menglöð sjeu einhver goðanna, en það er alls óvíst, hvernig eigi að skýra efnið. Að bæði kvæðin eigi saman — þótt þau líklega sjeu nokkuð misgömul — sjest af hinu danska þjóðkvæði um Svejdal.

Sjötta grein.

Um hetjukvæðin.

Fremst af þeim í Konúngsbók standa 3 kvæði um fornhetjur tvær með nafninu Helgi; annar er Helgi Hundíngsbani og Höðbrodds, hinn Helgi Hjörvarðsson; þessir Helgar eru norðrænar og líklega helst danskar fornhetjur; en eru þó settir í ættarskyldleik við aðalmennina í hinum þýsku völsúngasögum.

Hið fyrsta af þessum kvæðum er Helgakviða Hundíngsbana I eða Völsúngakviða; það er heildarkvæði eða ævisögukvæði, af því það hefur yfirlit yfir ævi hetjunnar, og þess vegna er það sett fremst, en reyndar er það yngst kvæðanna um Helgana og ekki eldra en frá fyrra hluta 11. aldar. Hjer er sagt frá fæðíngu Helga og uppvexti með fremur mörgum orðum; síðan um föðurhefndina, stutt; en þá kemur Sigrún valkyrja til sögunnar; hún hefur gefið Helga sigur í baráttu við Hundíngssonu; faðir hennar hefur heitið henni Höðbroddi Granmarssyni; Helgi safnar nú flota miklum og fer til lands

Digitized by Google

Höðbrodds; allri þessari ferð er lýst mjög rækilega, og svo bardaganum, stutt. Kvæðið endar með því að Sigrún óskar Helga til heilla, og það er gefið í skyn, að þau geti nú lifað saman í ánægju og ró. Kviðan er víða kröftug, en ekki annað eins meistaraverk og sum önnur; undirbúningi og ferðum er lýst of rækilega í samanburði við sumt annað; og í henni kemur fyrir löng og heldur illorð senna milli Sinfjötla og Guðmundar Granmarssonar.

Hin kviðan um Helga, er að rjettu lagi heitir Völsúngakviða hin forna, er sú síðasta í röðinni í Konúngsbók. Þetta kvæði er alt í molum og lesmálsgreinir í milli, en allar heyra vísurnar saman og eru úr einu kvæði; það er allmiklu eldra en hið fyrra, göfugra og fegurra og skaði mikill, að ekki skuli vera til alt. Efnið er nokkuð sams kyns og í hinu, en byrjar með því að tala um ofsóknir við hinn únga Helga, flótta hans og hernað. Hann hittir Sigrúnu; hún hefur gefið honum sigur í orustum. Hún hefur verið föstnuð Höðbroddi, og þá er hún frjetti það, fór hún að hitta Helga,

kysti ok kvaddi
konung und hjalmi,
þá varð hilmi
hugr á vífi.

Helgi kveðst munu berjast við Höðbrodd; svo kemur leiðángurinn, og stutt senna milli Sinfjötla og Guðmundar og miklu samboðnari öðrum eins köppum. Helgi fær Sigrúnar, en Dagur bróðir hennar drepur hann til að hefna föður þeirra, er fallið hafði í orustunni. Dagur segir Sigrúnu tíðindin og hún

Digitized by Google

óskar honum allrar ógæfu fyrir. Helgi var lagður í haug, og eitt kvöld sá ambátt Helga dauðan koma ríðandi til haugsins og segir Sigrúnu; hún gengur í hauginn og þau Helgi tala saman. Svo fer Helgi aftur til Valhallar. Þessir síðustu kaflar, er lýsa hinni himinhreinustu og hafdýpstu ást, eru hinir fegurstu og mest hrífandi í öllum þessum kveðskap; einkum birtist valkyrjueðlið hjer í sinni hreinustu og göfugustu mynd, og þó er Sigrún í sínu insta eðli hin ástfángna, viðkvæma syrgjandi kona. Hún er

„svá fegin
fundi okrum
sem átfrekir
Óðins haukar,
es vals vitu
varmar bráðir."

Hún varð skammlíf af harmi og trega, segir í lesmálsgrein. Þau Helgi voru endurborin Helgi haddingjaskati og Kára, sem segir í Káruljóðum, en þau eru týnd. Kvæði þetta er vafalaust ort í Noregi.

Helgi Hjörvarðsson var sonur Hjörvarðs og Sigurlinnar Sváfnisdóttur, er hann hafði frjett að væri fegurst allra og átti svo; frá þessu segir í fyrsta kafla kvæðisins um Helga; það er líka í molum og fylt með lesmálsgreinum. Helgi var seinlegur í uppvexti og festist ekki nafn við hann, en Sváfa valkyrja gaf honum nafnið, og Helgi sagðist vilja fá hennar að nafnfesti, en hún vísar honum á dýrmæt sverð í Sigarshólmi. Helgi fer að hefna

Digitized by Google

afa sins, er Hróðmar, annar biðill Sigurlinnar, hafði drepið, en um þetta vantar kafla. Heðinn, bróðir Helga, strengir glapinn þess heit að eiga Sváfu, en iðrast og fer á stað og hittir Helga og segir honum glæp sinn; en þá hafði Álfur Hróðmarsson skorað á Helga til bardaga, og í þeirri orustu verður hann sár til ólífis. Hann lætur sækja Sváfu, og biður hann hana að eiga Heðin, því at „mér hefr hjörr komit | hjarta et næsta". Sváfa svarar:

Mælt hafðak þat
í munarheimi,
þás mér Helgi
hringa valði,
myndiga lostig
at liðinn fylki
jöfur ókunnan
armi verja.

Svo deyr Helgi, og Heðinn ætlar að hefna hans, að því er hann segir. Valkyrjan er hjer eins hrein og göfug og Sigrún og líkist henni að öllu leyti. En sagan um Helga þennan og hana er enn sorgnæmari og grípur mann eins og með enn meiri hátignarlegri ángurblíðutilfinning. Kvæðið er meðal þeirra bestu frá 10. öld.

Inn í þessa kviðu er skotið heilu kvæði í ljóðahætti, og er samtal milli stafnbúans Atla og jötunmeyjarinnar Hrímgerðar og er hún nokkurs konar hafmeyja. Helgi hefur drepið föður hennar og nú vill hún krefjast bóta — þeirra að mega sofa hjá Helga eina nótt. Atli á fyrst tal við hana og er það víða fremur klúrt og grófyrt; síðar kemur

Digitized by Google

Helgi sjálfur; báðum tekst að dvelja svo fyrir Hrímgerði, að hún gáir sín ekki, hana dagar uppi og hún verður að hlægilegu hafnarmarki í steinsliki. Kvæðið er vafalaust frá 10. öld og að mörgu merkilegt, náskylt sennukvæðunum. Það mætti nefna Hrímgerðarmál.

Á eftir þessum kvæðum stendur í Kbk. kafli um dauða Sinfjötla og svo kemur allur hinn mikli kvæðabálkur um Sigurð og Gjúkúnga. Eins og heildarkvæði er sett fremst í Helgabálknum, eins er hjer fyrst yfirlits- eða ævikvæði um Sigurð. Það er Grípisspá; Sigurður heimsækir móðurbróður sinn framvísan, Grípi konúng, og biður hann segja sjer ævi sína; Grípir gerir það en þó nauðugur. Þetta kvæði er með þeim allraýngstu, íslenskt frá 12. öld eða 13. og ort eftir hinum sem á eftir fara. Þess sjer og merki, að það er síðar sett inn í safnið en hin. Kvæðið er þurt og ekki mikils virði.

Þá kemur samsteypa af tveimur kvæðum, öðru með ljóðahætti, er kalla mætti Reginsmál A og B, og eru bæði brot; þau eru um uppruna gullsins mikla, oturgjaldanna með hringnum Andvaranaut, er öll bölvun fylgdi hverjum er átti; þetta gull hafði svo mikla þýðingu fyrir Sigurð og Gjúkúnga, að það átti vel við, að setja kvæðin um það fremst. Sigurður ólst upp hjá Regin smið; hann eggjaði Sigurð að drepa Fáfni, bróður Regins, til þess að eignast gullið, en það hafði Fáfnir einn tekið undir sig. Sigurður vildi fyrst hefna föður síns og það gerir hann með hjálp Óðins.

Hið næsta frægðarverk Sigurðar er að leita

Digitized by Google

Fáfni upp og drepa hann; frá viðureign þeirra segja Fáfnismál (með ljóðahætti); fyrst er samtal milli Sigurðar og Fáfnis deyjanda; hann ann ekki Sigurði gullsins og vill hræða hann frá að taka það, en Sigurður er óhræddur; hvort hann á að lifa árinu lengur eða skemur, er honum sama. Það er forn skoðun, er styðst við hina almennu forlaga trú, er öllu ráða. Svo deyr Fáfnir. Síðari hluti kvæðisins er samtal milli Regins og Sigurðar; Reginn læst vera sorgfullur út af dauða Fáfnis og kennir sjer um; hann hafði viljað að Sigurður ljeti líka sitt líf, svo að hann, Reginn, gæti einn eignast gullið; Sigurður hefur á meðan steikt hjarta Fáfnis, snert það, brent sig og stúngið fingrinum í munn sjer, og nú skilur hann fuglamál; hann heyrir igður klaka og að þær ráða honum til að drepa Regin líka, og það gerir hann; þær segja honum fleira um framtíð hans.

Sigurður tekur nú alt gullið og ríður burt og kemur á Hindarfjall; þar finnur hann valkyrju sofandi; hann vekur hana; hún nefnir sig Sigurdrífa. Um leið og hún vaknar, ávarpar hún dag og nótt, æsi og ásynjur, um að veita þeim Sigurði alla heill. Það er upphaf Sigrdrífumála (með ljóðahætti). Sigurdrífa kennir Sigurði ráð mörg um, hvernig hann eigi að hegða sjer og fara að í lífinu, og eiga að minsta kosti mörg þeirra við ýms atriði, er síðar komu fram við Sigurð. Inn í þetta kvæði hefur verið skotið löngum kafla og ósamanhángandi vísum um rúnir og rúnafræði, sem í sjálfu sjer eru merkilegar, en hafa aldrei tilheyrt þessu kvæði.

Digitized by Google

Endann á kvæðinu vantar, en hann hefur skýrt frá því, að þau Sigurður hafa heitið hvort öðru trú sinni.

Endann vantar, því að hjer vantar í konúngsbók heilt kver (8 blöð) og eitt eða fleiri kvæði, er þar hafa staðið á, og má nokkuð ráða af Völsúngasögu um efnið. Þar hefur verið talað um komu Sigurðar til Gjúka, hvernig hann var látinn gleyma Sigurdrífu, að hann giftist Guðrúnu Gjúkadóttur, svo og um Brynhildi (= Sigrdrif) osfrv. Handritið tekur aftur til í kvæði, er hefur verið lángt og mætti kalla Sigurðarkviðu hina meiri; úr þessu kvæði eru og eflaust nokkrar vísur, er tilfærðar eru í Völsúngasögu, og eru tvær um, hvernig Sigurður reið vafurlogann til Brynhildar, er Gunnar Gjúkason bað hennar. Endirinn, eða brotið, er annars um dráp Sigurðar eftir áskorun Gunnars; hann heldur að Sigurður hafi svikið sig í tryggðum; svo koma harmatölur Brynhildar; hún lýsir því nú yfir, að Sigurður hafi verið Gunnari trúr og segir fyrir um afdrif Gjúkúnga. Þá kemur

Goðrúnarkviða hin fyrsta. Það er ekki eiginlega viðburða- eða sögukvæði, en er ort til þess að lýsa og bera saman lunderni þeirra Goðrúnar og Brynhildar. Goðrún situr sorgafull við lík Sigurðar, þrúngin svo hörðum harmi, að hún getur ekki grátið og tekur engri huggun — fyrr en Gullrönd systir hennar sviftir blæjunni af líkinu og hún sá „döglings skör dreyra runna“,

þá hné Goðrún
höll við bolstri,

Digitized by Google

haddr losnaði,
hlýr roðnaði,
en regns dropi
rann niðr of kné.

Tárin brutust fram og Goðrún lýsir sorg sinni og ágæti Sigurðar hjartnæmilega, en hreytir ónotayrði að Brynhildi; hún heyrir það og svarar allhvast. Kvæðið lýsir ágætlega sorginni, eiginlegleik hennar og biturleik. Það er frá 10. öld og eflaust norrænt.

Þá kemur lángt kvæði, er nefnist Sigurðar kviða hin skamma; það er yfirlitskvæði um ævi Sigurðar eftir dráp Fáfnis og til dauða hans og endar á því að skýra frá hinum síðustu dögum Brynhildar og því, er hún rjeð sjer sjálf bana. Kvæðið er fremur þurt og eflaust ekki eldra en frá 11. öld; það heyrir til yngri kvæðanna; málalengingar eru nokkrar; þó er það víða kröftugt og það er ekki ómerkilegt að því er snertir hetjusöguna. Líklegast er það ort á Grænlandi. Það hefur verið tekið upp í safnið vegna þess, hve nákvæmlega það skýrir frá dauða Sigurðar og einkum Brynhildar.

Þá kemur stutt kvæði, er nefnist Helreið Brynhildar. Brynhildur ekur á helveg og kemur að görðum gýgjar nokkurrar. Gýgrin ávarpar hana og atyrðir, en Brynhildur svarar og segir lífsferil sinn. Tilgángur skáldsins var að sýna, hve saklaus Brynhildur í raun og veru var, en honum hefur ekki tekist neitt sjerlega vel að velja tilefnið til þess að Brynhildur færir fram afsökun sína. Kvæðið er nokkuð afbakað í meðferðinni.

Digitized by Google

Þá koma tvær Goðrúnarkviður, Goðrúnar kviða hin forna og hin síðasta (III). Í Goðr. kv. fornu talar Goðrún og lýsir æviferli sínum alt í frá barnæsku og frá því hún giftist Sigurði og þángað til hún var svikin til þess að gánga að eiga Atla Buðlason, bróður Brynhildar. Kvæðið endar með að Goðrún segir óheillavænlega drauma. Í þessu kvæði hefst þá síðasti þátturinn í sögunni, samband Goðrúnar og Atla og það sem af því leiddi. Kvæðið er eitt af þeim betri og eldri eins og nafnið bendir til og í því er margs getið, er markvert er, bæði fyrir sögusögnina og menníngarsögu, en skáldið hefur ekki vel kunnað að heimfæra viðburðina til lands, sem hann þekti ekki.

Hin þriðja Goðrúnarkviða er örstutt kvæði og er efni þess það, að Goðrún hreinsar sig með ketiltaki (með því að taka eitthvað upp af botni ketils, fulls af vellheitu vatni) af þeim áburði að hún sje Atla ótrú. Hún verður vel skir, og Herkja, ambáttin er hafði rægt hana, fær makleg málagjöld; henni er steypt í mýri fúla.

Oddrúnargrátr er kviða um Borgnýju og Oddrúnu, systur Atla. Borgný liggur á sæng en getur ekki fætt; Oddrún, vinkona hennar, kemur henni til hjálpar; að því búnu sest Oddrún og telur harmatölur sínar; hún og Gunnar — það er hið nýja atriði, er hjer kemur fram — hafa elskað hvort annað, haft launþing saman, en Atli hefur fengið þetta að vita og hindrað að þau nytist framar. Jafnvel Borgný hefur álasað henni, og nú hefnist henni sjálfri. Oddrúnu tókst ekki þótt hún vildi að bjarga lífi Gunnars í ormagarði Atla. Hún hefur

Digitized by Google

nú aðeins endurminninguna; tíminn læknar alt. Það er mikill ángurblíðublær á öllu þessu kvæði og þó er það ekki meðal hinna elstu. Oddrún þekkist aðeins af þessu kvæði.

Þá koma tvö kvæði, er kend eru við Atla konúng Buðlason, og nefnist hið fyrra Atlakviða; í hdr. er hún kölluð hin grænlenska, en það er eflaust af misskilníngi sprottið. Kviðan segir frá hinum síðustu dögum Gjúkúnga, Gunnars og Högna. Atli hefur boðið þeim til sín aðeins til þess að svíkja þá í tryggðum og fá gullið. Þeir fara þrátt fyrir illa fyrirboða; og er þeir komu til Atla, voru þeir teknir höndum eftir hraustlega vörn. Þeir höfðu falið gullið og vissi enginn hvar nema þeir. Hjartað var skorið úr Högna og borið Gunnari; en nú vildi hann enn síður segja til gullsins. Svo var hann settur í ormagarð og bitinn til bana. Atli og menn hans safnast til veislu í höllinni og nú skýrir Goðrún honum frá í bitrum orðum, að hann hafi etið hjörtu sona þeirra með hunángi, en ekki skýrir kvæðið frá því, nema svona, að Goðrún hafi ráðið börnunum bana. Þá

varð ymr á bekkjum,
afkárr söngr virða,
gnýr und goðvefjum,
grétu börn Húnar,
nema ein Goðrún,
es æva grét
brœðr sína berharða
ok buri svása.

Digitized by Google

Svo leggur Goðrún eld í höllina og brennir alt saman, eftir að hafa sært Atla banasári. Kvæðið er eitt af hinum kröftugustu og áhrifamestu; lýsing bræðranna, einkum Högna,

hló þá Högni
es til hjarta skáru
kvikvan kumblameið,
kløkkva sízt hugði,

er framúrskarandi. Öllum óþörfum liðum er slept, en kvæðið hefur verið illa skemt í meðferðinni. Það er ort á síðara hlut 10. aldar og bendir mart á, að það sje norrænt.

Í Atlamálum, er nefnd eru hin grænlenzku, segir frá því sama, en á nokkuð annan veg og miklu margmállegar; kvæðið er lengst allra Eddukvæða; það endar með dauða Atla, en hjer er það Hniflungr, sonur Högna, er helst ræður dauða hans. Það er ekkert vafamál, að kvæðið er ort á Grænlandi og líklegast á 11. öld; það hefur auðsjáanlega geymst töluverðan tíma í munnlegri meðferð. Tilgángurinn er sá að skemta með kvæðinu. Það er hvergi nærri eins kjarnyrt og hin kvæðin flest og persónurnar eru á miklu lægra stigi í andlegu tilliti en ella; höf. hefur ekki getað látið þær koma eins stórkostlega og tignarlega fram og við hefði átt; drotníngarnar eru rjettar og sljettar bóndakonur; hirð Atla eru aðeins 30 menn og alt þar eftir. Hjer er ekki slept lýsingunni á því hvernig Goðrún drap börn sín, og er það heldur hroðaleg lýsíng og ófín. En lángmerkast er kvæðið af því, að

Digitized by Google

það er víst, að það er ort á Grænlandi. Það er með málahætti.

Saga Gjúkúnga og Atla er nú búin, en sögu Goðrúnar var ekki lokið. Í þriðja sinn giftist hún; hinn síðasti maður hennar er Jónakr (nafn þetta er víst afbakað úr Odoaker, eig. = Auðvakr); við honum átti hún 2 sonu Hamði og Sörla; Svanhildur dóttir hennar og Sigurðar hafði verið gefin Jörmunrekki konúngi, en það kom upp, að hún hafði fest ást við Randve, son hans, og var þá Svanhildur tekin og hestar látnir troða hana í hel; Goðrún þoldi ekki, að þessa væri óhefnt, og hvatti sonu sína að hefna; með þessu hefst kvæðið Goðrúnarhvöt; bræðurnir fara á stað. Það sem eftir er kvæðisins er eintal Goðrúnar og lítur hún yfir liðna ævi og telur raunir sínar með ángurblíðum orðum. Það vantar endann á kvæðinu; í stað hans er hnýtt aftan við það bút af öðru kvæði, þar sem sú er talar (Goðrún) ávarpar Sigurð dauðan og biður hann vitja sín og skorar á jarla að hlaða tvo eikiköstu til að brenna sig og Sigurð.

Í Hamðismálum hinum fornu, síðasta kvæðinu, er svo skýrt frá því, er frá var horfið í Goðrúnarhvöt, ferð þeirra bræðra til Jörmunrekks; kvæðið hefst með hvöt til þeirra. Þeir hjuggu af honum hendur og fætur — höfuðið átti Erpur (hálf)bróðir þeirra að höggva, en hann höfðu þeir drepið á leiðinni; sjálfir voru þeir grýttir í hel. Nú var ætt Gjúkúnga aldauða, nema Goðrún ein lifði, en saga hennar er úti. Frá dauða hennar segir hvergi. Hamðismál er mjög fornlegt kvæði, með þeim lángbestu og ágætlega kraftmikið og lýsíngar stór-

Digitized by Google

fenglegar, t. d. á Jörmunrekki. Það er með málahætti, en inn í það er skotið vísum með fornyrðislagi og eru þær vafalaust úr yngra kvæði líks efnis. Kvæðið er mjög afbakað.

Enn fremur eru talin til eddukvæða 3 kvæði — auk nokkurra lítilfjörlegra smábrota —, er helst má telja með hetjukvæðum, þótt þau að nokkru leyti eigi og skylt við goðakvæðin. Þar er fyrst Völundarkviða, er stendur í konungsbók fyrir framan Alvíssmál. Þeir voru þrír bræður, synir Finnakonungs, er bjuggu við Úlfsjó, og er að sjá, að hann hafi átt að vera norðarlega í Noregi eða Svíþjóð. Þeir náðu í hami 3 svana, er voru suðrænar konur (valkyrjur). Þeir áttu sína hver, en á 9. vetri undu þær ekki lengur og hurfu. Völundur einn sat kyr heima, hinir fóru að leita; hann hugði að hans valkyrja mundi koma aftur. Hann var hinn ágætasti smiður og smíðaði fjölda af gullhringum; einn var einkum ágætur og líklegast flughringur (hringur, er veitti flugmegin þeim, sem bar hann). Níðuðr, Njára dróttinn, frjetti um Völund, kemur að honum á næturþeli, lætur binda hann, tekur hið góða sverð hans og hringinn; hann gefur hann Böðvildi, dóttur sinni. Völund setur hann í hólma og lætur hann smíða sjer gull og gersimar, eftir að hafa látið sníða hásinar hans, að hann gæti ekki strokið. Það er von til að Völundur hyggur til hefnda, enda býðst brátt tækifærið. Synir konungs koma til hans; hann drepur þá báða og býr úr höfuðskálunum drykkjarker, er hann sendir konungi, úr augunum gimsteina handa drotningu osfrv.

Digitized by Google

Böðvildur var svo óheppin að hún braut hringinn góða og fór án vitundar annara til Völundar að fá hringinn bættan; nú fær hann tækifæri til þess að koma fram bitrustu hefndinni —:

bar hann hana bjóri,
hann betr kunni,
svát hón í sessi
of sofnaði.
„Nú hefk hefnt
harma minna
allra nema einna
íviðgjörnum".

Greinilegar er ekki sagt frá hefndinni, en þetta er nóg, og var ómögulegt að gera það á finni hátt. Nú hefur Völundur hringinn og flýgur burt, en sest á salgarð hjá konúngi og segir honum alla söguna; er auðfundinn fögnuður hjarta hans og hversu hann hælist um, en Níðuður er ekki kátur —

Hlæjandi Völundr
hófsk at lopti,
en ókátr Níðuðr
þá eptir sat.

Hann lætur sækja Böðvildi og hún segir að það sje satt, er Völundur hafi sagt:

Sátum vit Völundr
saman í holmi
eina ögurstund,
æva skyldi,

Digitized by Google

ek vætr hánum
vinna kunnak,
ek vætr hánum
vinna máttak.

Með þessu endar kvæðið. Í engu kvæði er betur og fagurlegar lýst manni með einkennum Völundar, er svo er misþyrmt og svo greypilega hefnir sín. Alt í þessu kvæði er ágætt, eðlislýsingar, samsetning og framsetning, engu orði er ofaukið. Það mun vera með elstu kvæðunum, og valla vafi á, að það muni vera ort í Noregi norðanverðum. Annars eru sagnirnar um hinn ágæta fornsmið ekki norðrænar að uppruna, heldur komnar sunnan að.

Gróttasöngr er kvæði, er aðeins stendur í einu handriti af Snorraeddu; það er um tvær jötunmeyjar, Fenju og Menju, er Fróði konúngur í Danmörku á og lætur mala gull og frið á furðukvörninni Grótta; hann gaf þeim aldrei stundarhvíld, og er mest alt af kvæðinu ræða meyjanna og segja þær frá fyrri verkum sínum, og er sumt ills víti; ræða þeirra verður altaf geigvænlegri, uns þær segja, að her muni þegar koma „ok brenna bæ fyr buðlungi“; þær spá um Hrólf kraka og hefnd hans. Svo mólu þær ríkt að lyktum, að

skulfu skaptré,
skauzk lúðr ofan,
hraut enn höfgi
hallr sundr í tvau.

Digitized by Google

Kvæðið er merkilegt af fornsögn þeirri, er í því felst, og sjálfsagt ekki yngra en frá 10. öld.

Síðasta kvæðið eru Hyndluljóð, það stendur aðeins í Flateyjarbók, og er margvíslega afbakað, meðal annars með því að Völuspár-brotinu hinnar skömmu hefur verið skotið inn í það (sbr. framar á 89. s.); allvíða er málið úr lagi fært, vísur vantar og vísum bylt um. Efnið var þetta. Óttar úngi, Innsteins son (eflaust ættaður úr vestur-Noregi) á deilu við Angantý nokkurn og þarf að vita alla sína ætt; Freyja vill hjálpa honum, því að hann hefur ætið blótað hana og „trúað á ásynjur". Sem oftar eru það jötnar og jötnameyjar, sem þekkja best fornar sagnir og tíma, og því snýr Freyja sjer til Hyndlu og smjaðrar hana með því að kalla hana „systur" og biður hana að hjálpa Óttari. Hún er treg til þess og bregður Freyju um ósiðsemi, en Freyja hótar henni að brenna hana og svæla hana inni í hellinum ef hún geri ekki bæn sína; þá lætur Hyndla undan og fer með Freyju til Valhallar, þar sem Óttar beið; þar telur svo Hyndla upp alla ætt Óttars, og Freyja ber honum minnisöl, en Hyndla óskar, að bjórinn sje eiturblandinn, Freyja segist skulu biðja öll goð að duga Óttari; og það hefur eflaust farið svo; en kvæðið nær ekki lengra. Ættartölukaflinn er mjög úr lagi færður en afarmerkilegur. Kvæðið er vafalaust ort vestanfjalls í Noregi (Hörðalandi) og af einhverjum, er taldist í ætt við Óttar; hann er annars alls ókunnur. Kvæðið er ekki yngra en frá 10. öld.

Digitized by Google

Öll þessi kvæði, er nefnast eddukvæði, eru eins og ljóst er, einna merkastur norðrænn kveðskapur, hvar sem hann svo hefur verið kveðinn; hann stafar mestallur auðsjáanlega frá einu og sama tímabili, og það er 10. öldin, sem áður var sýnt; hann hefur allur sömu eða þá nauðalík einkenni; hættir svo að segja alt í einu, en hefur getið af sjer yngri kvæði, er með vissu eru ort á Grænlandi og (á 12. öld) á Íslandi. Að yngstu kvæðin standi hinum á baki bæði að framsetníngu og efni er ekki annað en sjálfsagt er og við mátti búast. Virðíng vor fyrir höfundunum tvinnast saman við þakklæti vort við þann íslendíng, er gerðist fyrstur til að setja þau saman í eina bók. „Þökk og heiður þeirri alúð og lotníngu fyrir þessum fornkvæðum (segir Sveinn Grundtvig), vjer getum sagt, hinu vísindalega viti, sem hinn forni íslendíngur, er safnaði „hinni eldri Eddu", hefur haft til að bera, og látið hann halda sjer frá allri misjafnlegri meðferð á þeim; með flokkun kvæðanna og athugasemdum sínum við þau hefur hann sýnt, að hann skildi bæði sambandið milli þeirra og eins afbrigðin".

Sjöunda grein.

Um íslensk skáld.

Þess var áður getið, að norrænn kveðskapur svo að segja deyr út með Eyvindi skáldaspilli. En samtímis honum er eitt af höfuðskáldum Íslands, sem ekki var hirðskáld í eiginlegri skilníngu, Egill, og samtímis honum var hið fyrsta hirðskáld, Glúmr Geirason, er var Haralds megin gráfelds; upp frá

Digitized by Google

því eru öll hirðskáld íslensk. Vjer höfum áður drepið á, að skáldskapargáfan og listin var ætt- og arfgeng; einmitt helstu skáldaættirnar, er vjer þekkjum í Noregi, fluttust, að nokkru að minsta kosti, til Íslands. En þetta skýrir þó ekki málið nema að hálfu leyti. Vjer verðum að líta á veraldarstöð og hagi Íslendínga til þess að skilja það til fulls. Þeir voru lángt úti, fjarri öllum sínum náfrændum; og þó landið, sem þeir byggðu, væri að mörgu leyti gott og dugnaður þeirra mikill til að vinna það og hagnýta sjer allar afurðir þess — enda höfðu mikinn og ódýran vinnukraft, þar sem þrælarnir voru —, þá vantaði þó ekki svo lítið á, að þeir væru sjálfum sjer nógir; þeir þurftu ýmislegt að sækja til annara, einkum timbur til húsagjörðar, korn og malt. Hvorugt gat landið framleitt svo að nokkru næmi. Hins vegar höfðu þeir nóg föng til að flytja til útlanda og kaupa fyrir það sem þeir þurftu þaðan að fá. Það er þannig sjálfgefið, að þeir hlutu þegar að komast upp á það að fara kaupferðir til útlanda, og þá var ekkert eðlilegra en að þeir sneru sjer fyrst og fremst til þess lands, er þeir voru frá komnir og áttu þar meira eða minna frændlið og traust hjá því. Í Noregi gátu þeir fengið gnótt timburs og töluvert af korni líka, að minsta kosti það sem þeir þurftu og gátu með komist, ef ekki var kornbrestur í landi af óárani og óveðráttu. Það leiðir og af sjálfu sjer, að ýmsar aðrar orsakir gátu verið til þess, að Íslendíngar færu til Noregs; löngunin til þess að sjá vini og frændur, er þeir höfðu skilið við; löngunin til þess að fá að vita hvað títt var yfir höfuð hjá frændum sínum; löngunin til

Digitized by Google

þess að taka þátt í sameiginlegum blótum í óðalbyggðum sínum — alt þetta og fleira varð til þess að auka ferðir til Noregs, fram og aftur. Og svo kemur eitt atriði enn til greina, frægðargirnin og sú skoðun, sem er eldgömul, að „heimskt er heimaalið barn“. Stórbændasynir og höfðingjaefni álitu það nauðsynlegt að sjá sig um, áður en þeir kæmust í þau metorð, er þeir áttu von á að fá síðar; þeir vildu vinna sjer frægð og frama, gull og gersemar í útlöndum. Það var eins ríkt á 10. öld, eins og á 13. öld það sem Konúngsskuggsjá segir svo ágætlega um, hvað reki menn á stað í ferðir; það er „þreföld náttúra mannsins: Einn hlutr er kapp ok frægð... en annarr hlutr er forvitni (að reyna hvort það er satt, sem þeim hefur sagt verið); hinn þriði hlutr er fjárföng“.

En hvort sem það voru bændur og kaupmenn eða höfðingjasynir, er fóru erlendis, þá var það eðlilegasta og beinasta afleiðingin af því, hvernig konúngsvaldið var orðið í Noregi, að þeir allir hlytu að komast í bein viðskifti við þann, er landinu rjeð. Hann gat gert þeim, hvað sem hann vildi, bannað þeim landsvist og kaupskap og lagt alla farartálma og allan ógreiðskap fyrir þá, sem hann lysti; hinsvegar gat hann gert þeim allan greiða, ef því var að skifta, stutt kaup þeirra, selt þeim eða gefið viðarhögg á konúngsmörkum, leyft þeim hirðvist og sýnt þeim alla hylli sína; en slíkt kom ekki til af engu; menn þurftu að sýna eitthvað af sjer til þess að geta orðið hennar njótandi. Og hjer var það einmitt skáldskaparlistin, sem fjekk mesta þýðinguna. Norðmenn sjálfir þurftu ekkert annað en

Digitized by Google

að vera trúir dugnaðarmenn til þess að verða konúngsmenn og hirðmenn; þess utan voru allir skyldir til að verja land sitt og fara í leiðángur, þegar á þurfti að halda. En útlendíngar, er vildu ná hirðvist og hylli konúngs, þurftu bæði það sama og helst meira. Haraldur hárfagri hafði sýnt, hve mikið honum þótti í skáldskap og lofkvæði (um sig og verk sín) varið. Niðjar hans á 10. öld höfðu sömu skoðun. Hvað var þá eðlilegra, en að Íslendíngar tæki til þeirrar listar, er þeir kunnu svo margir, og notuðu hana til þess að eiga því hægra með að koma sjer fram og öðlast það er þeir óskuðu helst? Einmitt þessi list var það, er gat sett þá jafnhátt Norðmönnum sjálfum, ef ekki hærra. Það hafa þeir fljótt fundið, rekspölurinn komst fljótt á. Eftir að Glúmur Geirason hafði riðið á vaðið, fylgdi honum allur hinn mikli hópur íslenskra hirð- og höfðíngjaskálda. Flestir þessara skálda sýnast hafa verið ýngri menn um tvítugs aldur eða vel það; margir voru þó eldri, einstöku ílendust í Noregi og urðu konúngum handgengnir alla ævi; einstöku fóru aldrei utan, en sendu konúngum kvæði um þá; ljetu þeir þá sonu sína t. d. fara með þau, en tilgángurinn var jafnan hinn sami. Skáldskapur Íslendínga var arfur frá forfeðrum þeirra í Noregi, en byggð þeirra svo lángt norður í reginhafi, líf og lífsþarfir ollu því, að það voru þeir, er hjeldu skáldskapnum áfram og iðkuðu hann svo mjög alla tíð, þar sem hann svo að segja lagðist niður í Noregi, af því að lífsskilyrðin þar voru önnur. Þetta er svo ljóst og auðskilið, að aðrar skýríngar á þessu máli eru ekki aðeins alveg óþarfar, heldur og ráng-

Digitized by Google

ar. Í mestum hávegum var kveðskapurinn hjá Norðmönnum, Dönum og Svíum; hjá Svíum eru þó fæst skáldin og mjög á strjálingi; hjá Dönum eru þau fleiri frá því á dögum Sveins tjúguskeggs og alt fram á daga Valdimars annars. Hjá Englakonúngum eru þeir jafnvel og yrkja um þá, en það eru lángfæstir, eins og við var að búast. Þar á mót voru sumir hjá Orkneyjajörlum og öðrum höfðíngjum þar vestra af norrænu kyni.

Af öllum þeim aragrúa af íslenskum skáldum getum vjer hjer aðeins nefnt þau helstu, og skiftum vjer þeim í söguskáld og höfðíngjaskáld; söguskáld eru þau, sem svo að segja eingöngu koma fyrir í Íslendíngasögum og mest hafa ort lausavísur, er geymdar eru í þeim; sum þeirra eru og höfðíngjaskáld. Til hinna síðari teljast öll konúnga- eða hirðskáld og eins þau, er hafa ort um innlenda höfðíngja, en þau eru fá.

Meðal landnámsmanna sjálfra eru fá skáld, svo menn viti; þar til eru teljandi Skallagrímr í Egilssögu (3 vísur), Þórir snepill (vísuhelmíngur), Önundr tréfótr í Gretlu (4 vísur, en líklega allar ýngri), en þeir hafa eflaust verið fleiri, er hafa kunnað að yrkja.

Vjer hefjum tölu íslensku skáldanna með syni þess, er nefndur var, Agli Skallagrímssyni.

Egill er fæddur um 900, heldur fyrr en eftir; og hann lifði fram yfir 980. Um hann er hin ágæta saga og er nóg að vísa til hennar um ævi hans. Þar segir meðal annars, að er hann óx upp, „mátti brátt sjá á honum, at hann mundi verða mjök ljótr ok líkr feðr sínum, svartr á hár; en þá er hann

Digitized by Google

var þrévetr, þá var hann mikill ok sterkr, svá sem þeir sveinar aðrir, er váru 6 vetra eða 7. Hann var brátt málugr ok orðvíss“ og þótti snemma nokkuð harðleikinn. Hann hefur eflaust verið mjög bráðþroska, þótt það sjeu ýkjur í sögunni, að hann hafi ort aldróttkvæðar vísur þrjevetur. Þær eru yngri; aftur á móti er ekkert því til fyrirstöðu, að hann hafi helmingi eldri (á 7. vetri) ort vísuna:

Þat mælti mín móðir
at mér skyldi kaupa
fley ok fagrar árar,
fara á brott með víkingum,
standa upp í stafni,
stýra dýrum knerri,
halda svá til hafnar,
höggva mann ok annan,

enda er sú vísa mjög barnsleg og einföld og ófullkomin að bragarhætti, en hún sýnir líka skapferli Egils eins og það kom síðar fram. Egill var skapsmunamaður mikill, og það sem einkennir hann mest, er að hann vill ætíð halda sínu fyrir hverjum sem er, öllu því sem hann átti með rjettu eða þóttist eiga með rjettu. Það er mjög mikið af rjettlætistilfinningu í og saman við þetta. Hann komst í harðar deilur og bitrasta fjandskap við Norðmenn og konungsættina, vegna þess að þeir vildu svifta hann því, er hann átti fulla lagaheimild til, arfi konu hans; út af því urðu víg og barsmíðar, níð og landrekstur. Eftir fyrstu utanför sína fór hann 3 aðrar ferðir, aðra til þess að fá arf konu sinnar, þá þriðju til þess að hitta Aðalstein konung og

Digitized by Google

fá hans hjálp til að ná arfinum, og það tókst; þá fjórðu fór hann til þess að fá jarðir þær, er Ljótur berserkur hafði átt; Egill hafði felt hann á hólmi og átti því að eignast þær, en lög voru fyrir því, að þess konar jarðir, sem Ljóts, áttu að falla í konúngs garð, og Egill fjekk þær aldrei, en Arinbjörn vinur hans reiddi honum fje fyrir, af því að hann hafði gengið á hólm við Ljót fyrir frænda hans. Egill fylgdi kröfum sínum fram með mesta kappi og ljet aldrei undan; hann níddi Eirík og Gunnhildi og drap son þeirra. Hin sama rjettlætistilfinning og vilji til að halda sínu kom og fram, er hann á gamalsaldri hjálpaði Þorsteini syni sínum á móti rifbaldanum Steinari, sem beitti ránglega land Þorsteins. Egill reyndist þar enn óvæginn og hlífðarlaus sem fyrrum. En annars skifti hann sjer ekkert af málum manna á Íslandi, átti aldrei í þingdeildum, enda kemur hann hvergi við sögur, leitaði ekki á aðra, ef ekki var á hann leitað að fyrra bragði. Af kvæðum hans sjest, að honum hafa þótt samtíðarmenn sínir smámenni og fremur lítið í fólkið varið; maðurinn var sjálfur ákaflega stórhuga og lundríkur. Fjegjarn hefur hann nokkuð verið, en ekki meir en svo, að hann vildi ausa út silfri sínu á þingi, aðeins til þess að hafa gaman af því að sjá þingheim bítast og berjast út af því, en þá var hann gamall og ellikargur. Hitt má og segja, að Egill væri fullkominn vinur vina sinna, trúlyndur og fastur, en ekki gátu allir náð vináttu hans. Arinbjörn Þórisson var hans besti vinur og hann hjálpaði Egli oftar en í eitt skifti, og svo kvað Egill um hann lof, er aldrei fyrnist. Frændrækinn var

Digitized by Google

Egill og vildi halda sem mest og best upp veg ættar sinnar, en ef honum líkaði ekki við frændur sína (t. d. Þorstein son sinn), var hann þeim lítill vinur. Það má finna ýmislegt að Egli, en kostir hans eru svo yfirgnæfandi, að ókostanna gætir lítið. Hann var auðvitað heiðinn maður, en ekki trúræknari en svo, að hann ljet það eftir að vera prímsigndur. Þó trúði hann á goðin, fyrst og fremst Óðin, skáldskaparguðinn. Það er ljóst, að Egill hefur lagt rækt á skáldskapinn ef til vill fremur öllum öðrum. Þegar þeir fundust á þingi eitt sinn, hann og Einar skálaglamm, er þá var nýkominn úr utanlandsferð, töluðu þeir um það sem frjettnæmt var, en þar kom „brátt talinu, at þeir rœddu um skáldskap; þótti hvárumtveggja þær rœður skemtiligar". Skáldskapurinn var yndi Egils, og ekkert skáld hefur látið helgari lotningu fyrir skáldskaparlistinni í ljósi en hann; það eina sem friðþægir Óðin við hann, er að Óðinn hefur gefið honum hana (sbr. framar s. 33). Egill er lángfrumlegasta skáld sinna tíma og þó lengur sje leitað; kenningar hans eru djarfar og djúptækar og öll hans kveðandi lipur og ljett; þetta sjest ekki síst á Höfuðlausn. Kvæði hans eru þessi: Aðalsteinsdrápa, um Aðalstein Engla konúng (924—41), ort eftir Vínheiðarbardaga um 926; úr henni er ein vísa og stefið til fært í sögunni. — Höfuðlausn, hið tvítuga kvæði með runhendum hætti, er hann orti á einni nótt í Jórvík (936) eftir áskorun Arinbjarnar; Egill var ætlaður til lífláts daginn eftir; með brandinn yfir höfði sjer orti hann kvæðið, þótt ekki hefði hann ætlað sjer að yrkja „lof" um Eirík konúng. En þetta var

Digitized by Google

einasta úrræðið, er reynandi var, og vísaði Arinbjörn honum á dæmi Braga forföður síns, er kveðið hafði um Björn og þegið höfuð sitt fyrir. Sögusögnin um það, hvernig kvæðið er til komið, er eflaust rjett í öllum aðalatriðum. Kvæðið er stefjadrápa (sjá framar s. 22) og stefið tvenns konar. Efnið er mjög alment og mest um orustur Eiríks og hernað; aðeins lítið eitt um örlæti hans við menn sína. Það má nærri geta, að Egli hafi ekki verið um að yrkja lof um Eirík, sinn bitrasta fjandmann, en honum hefur tekist það furðuvel. Hann lofar Eirík aðeins fyrir það, er hver maður gat hrósað honum fyrir, herkænsku og hraustleik; það varð ekki af honum tekið, og um það gat Egill ort án þess að auðvirða sig eða gera sig að lítilfjörlegum smjaðrara; hann segir svo lítið sem hann gat og þó alt satt og svo mikið, að Eiríki hlaut að þykja gott að heyra, enda rjeð Eiríkur það og af að gefa Egli höfuð sitt fyrir. Það er kraftur í kvæðinu og eykur runhendan ekki lítið hljóminn:

Flugu hjaldrtranar
á hræs lanar,
várut blóðs vanar
benmás granar,
þás oddbreki,
sleit und freki,
gnúði hrafni
á höfuðstafni.

Annað aðalkvæði Egils er Sonatorrek, ort um 960; sagan skýrir fullkomlega frá tildrögum þess, og er það mjög einkennilegt að lesa. Kvæðið er

Digitized by Google

harmakvæði um tvo sonu hans, er hann hafði mist, annan af sjúkdómi („sóttar bríma"), hinn, Böðvar, uppáhaldið hans, druknaði á Borgarfirði á leið frá Hvítá. Það er hjartnæmt og hrífandi að lesa um sorg Egils. Hann ætlaði að svelta sig til dauða, en Þorgerður dóttir hans fjekk hann af því og taldi hug í hann og fjekk hann til að yrkja kvæðið; honum batnaði smám saman er á leið kvæðið, þótt ekki „væri vænligt um Viðurs þýfi" í fyrstu. Ekkert skáld hefur lýst betur sorg sinni og missi sínum en hann, fyrst móður og föður og svo sona sinna; en krafturinn og hefndargirnin vaknar alt í einu með voðaþreki — „ef hann gæti hefnt sín með sverði, skyldi vera úti um Ægi, og hann skyldi fara andvígur ægis mani", en hann sefast, því að ekkert stendur Ægi mót. Mjúkt og ángurblítt lýsir hann syni sínum, er ekkert ilt var í og mest studdi föður sinn. Egill talar því næst um, að hann sje nú einn og öllu sviptur, engum sje trúandi, menn taki fje fyrir frændur sína, og er auðfundið að ekkert þykir honum fyrirlitlegra; hann elskar ekki friðinn sjálfs hans vegna. Í enda kvæðisins er það að hann talar um sig og Óðin og hvílík blessun skáldskapurinn sje og hann klykkir út með þessum hughreystingarorðum:

skalk þó glaðr
góðum vilja
ok óhryggr
heljar bíða.

Kvæðið er ekki alt, en mest alt til, og er ort með kviðuhætti. —

Digitized by Google

Þriðja aðalkvæði Egils er Arinbjarnarkviða, kvæði með kviðuhætti um hans tryggva vin Arinbjörn, „es oss einn of hóf | knía fremstr | frá konungs fjónum“. Það er ort að Arinbirni lifanda, eftir að hann var kominn til Noregs eftir Storðarbardaga (961). Af þessu kvæði er aðeins upphafið og stöku vísa til, og má af því sjá, hve mikilfenglegt það hefur verið. Egill byrjar með því að minnast á Jórvíkurdvölina forðum, er hann flutti Eiríki Höfuðlausn og „tryggr vinr“ stóð honum „á hlið aðra“; fyrir þetta einkum vill hann nú launa Arinbirni, og það er hægt að yrkja um hann, annan eins mann; svo hefur Egill lofað hann og eiginleikar hans, gjafmildi og vinsældir. Það er stórmikið tjón að kvæðið er ekki alt til.

Ennfremur orti Egill tvö skjaldakvæði; annan skjöldinn gaf honum Einar skálaglamm (um 970) og hinn sendi honum Þorsteinn Þóruson í Noregi (um 975); kvæðið um hann heitir Berudrápa; sín upphafsvísan er til af hvoru.

Að endingu eru til í sögu Egils undir 40 lausavísur eftir hann; nokkrar af þeim sem eru þar eru síðar ortar. Í hinum rjettfeðruðu vísum koma fram sömu eiginlegleikar sem í hinum meiri kvæðum. Egill yrkir í þeim um bardaga og víg, nið og fjandskap, um rúnir og hulinn mátt þeirra, um siglíng og særok, um skáldskap osfrv.; tvær vísur eru um ást hans til Ásgerðar, ekkju bróður hans, er hann átti síðar. Annars hefur Egill ekki verið neinn ástamaður. Margar af þessum vísum eru góðar og einkennilegar og að mörgu merkilegar.

Digitized by Google

Gunnlaugr ormstunga Illugason (f. um 983, d. 1008); um hann, Helgu og Hrafn Önundarson er hin aðdáanlega fallega saga; og þurfum vjer ekki að rekja hjer ævi Gunnlaugs. Hann var kallaður „skáld mikit ok heldr níðskár“. Hann fór utan og heimsótti marga höfðingja og orti um þá, Aðalráð í Englandi, Sigurð jarl í Orkneyjum, Sigurð jarl í Skörum, Eirík jarl í Noregi, Óláf sænska, Sigtrygg silkiskegg í Dyflinni; að þessu leyti er Gunnlaugur mikið höfðingjaskáld, en öll þessi kvæði eru gjörtýnd, nema stefið úr Aðalsteinsdrápu, og stefið og hálf önnur vísa úr Sigtryggsdrápu, runhendri. Af lausavísum hefur sagan geymt 13; eru sumar um deilur og bardaga, hinar flestar um Helgu og eru sumar þeirra fallegar og tilfinningarikar, t. d. Ormstungu varð engi | allr dagr und sal fjalla | hœgr siz Helga en fagra | Hrafns kvánar réð nafni osfrv. Gunnlaugur var ekki í fremstu skálda röð, og hann hefur ekki ætíð skeytt um að fága kvæði sín og hefla; það sýna sumar hendingar hans, og líklega er dómur Hrafns um hann nærri lagi, er hann sagði um kvæðið um Óláf sænska: „þat er stórort kvæði ok ófagrt ok nokkut stirðkveðit, sem Gunnlaugr er sjálfr í skaplyndi“.

Björn hitdœlakappi Arngeirsson (f. um 990, d. um 1024); um hann er saga, er aðallega segir frá ástum hans og Oddnýjar Þorkelsdóttur eykyndils og um ófrið hans og deilur við skáldið Þórð Kolbeinsson, er átti Oddnýju, heitmey Bjarnar, móti vilja hennar; fór Þórður fremur óráðvandlega að, er hann fjekk hennar. Að lokum feldi Þórður

Digitized by Google

Björn. Björn var dugnaðarmaður, trúlyndur og vinfastur. Þótt hann væri erlendis og með Ólafi helga, er ekki getið neins höfðingjakvæðis; en sagt er að hann hafi ort drápu um Tómás postula, og er það eitt af hinum fyrstu helgramannakvæðum, er sögur fara af, en það er týnt. Heldur ekki er neitt til af Eykyndilsvísum um Oddnýju, og var það ástakvæði. Aftur á móti eru til 3 vísur af háðeða flímkvæði hans Grámagaflími um Þórð (runhent); það er auðsjeð af þeim, að kvæðið hefur verið nokkuð gróft; Björn lætur móður Þórðar verða hafandi að honum eftir að hafa etið undarlegan fisk, sjórekinn; svo fæddist sonurinn, en —

henni þótti sá
hundbítr, þars lá,
jafnsnjallr sem geit,
es í augu leit.

Og var von til að Þórður reiddist. En þessar vísur eru merkilegar af því, að þær eru eitt af því fáa af níðkvæðum, er geymst hefur. Af lausum vísum eru til 24 og mest um ástir hans og út af deilum hans við Þórð. Þær eru eflaust allar rjettfeðraðar. Björn var af Mýramannaætt, en ekki verður hann talinn með þjóðskáldum.

Þórðr Kolbeinsson (f. um 974, d. nokkuð löngu eftir 1024, um 1040—50 líklegast); hann er bæði höfðingjaskáld og söguskáld; ævi hans þekkist best af Bjarnarsögu, en sagan lýsir honum fremur illa, gerir hann svikulan og undirförulan, og má vera, að hún halli nokkuð til sannleikanum í því

Digitized by Google

efni; en valla er vafamál, að honum hafi farist illa í viðskiftunum við Björn, er hann fjekk Oddnýjar; hann vildi bæta það upp síðar, en á þann hátt, er gerði vont verra, og svo fór að lyktum að Þórður drap Björn; hann þoldi ekki lengur mátið. Þórður var erlendis árin 1007—8 og var hjá Eiríki jarli og orti um hann Belgskakadrápu; af henni er til $2^1/_2$ vísa; þýðing nafnsins er óvís. Hann hefur skömmu eftir dauða Gunnlaugs ormstungu ort erfikvæði um hann (ein vísa til). Um 1015 fór hann enn utan og kom 1017 heim aftur. Eftir dauða Eiríks jarls (um 1022) orti hann Eiríksdrápu og er allmikið til af henni; er það yfirlitssögukvæði, vel ort og liðlega, kenningar ekki sjerlega margar og ekki tilkomumiklar. Af öðrum — týndum — kvæðum þekkjast kvæði um Óláf helga, Kolluvísur (flím um Björn) og Daggeislavísur (um konu Bjarnar, er hann nefndi „landa ljóma“). Lausavísur tilfærir Bjarnars. 12 eftir Þórð og eru flestar um Björn og viðskifti við hann. Þórður var að nokkru leyti mæðumaður, og ber á því í ýmsum setningum í kvæðum hans; ángurblíða og raunatónn kemur stundum fram, t. d. í síðustu vísunni um konu hans og veiki hennar: „Móðr verðk mitt hross leiða“ osfrv.

Af Eyrbyggju er Björn breiðvíkingakappi Ásbrandsson (fyrir og eftir 1000) kunnur af ástum sínum til Þuríðar á Fróðá, systur Snorra goða; eru þar tilfærðar 6 vísur eftir hann og eru þær sumar um Þuríði og ástir þeirra, og er ein sjerstaklega lagleg: „Guls mundum vit vilja“ o. s. frv.

Digitized by Google

Af sömu sögu þekkist Þórarinn svarti í Mávahlíð, er ratаði í vandræði og vígaferli, þótt alveg saklaus væri frá upphafi; hann var gjör sekur (um 982) og fór utan og vita menn ekki síðar um hann; um vígaferli sín orti hann Máhlíðingavísur, ljómandi fallegar og þykkjuþúngar vísur.

Úlfr Uggason (fyrir og eftir 1000). Um hann er ekki nein saga, en hann er þó nefndur einkum í Kristnisögu og Njálu. Hann átti í þingdeilu við Ásgrím Elliðagrímsson og kaus að missa fje sitt heldur en berjast við Gunnar á Hlíðarenda; þegar Þángbrandur boðaði trú, skoraði Þorvaldur veili, sem og var skáld, á Úlf með vísu að hjálpa til að reka af höndum „goðvargana“, en Úlfur svaraði með annari vísu, að hann ljeti ekki egna sig og gerðist ekki ginníngarfífil; af þessu hafa menn haldið, að hann hafi verið kristinn í hjarta sínu. Úlfur orti Húsdrápu um höll Óláfs pá í Hjarðarholti (um 985) og var hún um allar myndirnar í höllinni; af drápunni eru til nokkrar vísur, og eru vel kveðnar. Kvæðið er eins og skjaldkvæðin merkilegt fyrir goðafræðina; þar var mikið í um Baldur, um Heimdall og Loka (Brísíngamen) og um Þór og miðgarðsorm.

Hólmgöngu-Bersi Véleifsson frá Túngu í Saurbæ (fyrir og eftir miðja 10. öld) var hinn mesti kappi og hafði vegið mörg víg á hólmi; vjer þekkjum hann best af viðureign háns við Kormák, sem segir í sögu hans; Bersi átti Steingerði og því áttust þeir illdeilur við. Í Kormákss. eru tilfærðar 15 lausavísur og allar fremur vel kveðnar og flestar um víg hans og stórvirki.

Digitized by Google

Gísli Súrsson (f. um 930, d. 978), er eiginlega norðmaður, er fluttist til Íslands löngu eftir landnámstíð, en það er ekki óhæfilegt að skipa honum samt á bekk annara íslenskra skálda. Um hann er saga, og skýrir hún rækilega frá ævi hans; Gísli er kunnur að því, að hann hefur verið lengst allra í sekt á Íslandi annar en Grettir, og var á ýmsum stöðum, mest hjá hinni dyggu konu sinni. Loks varð hann unninn af Eyjólfi gráa. Gísli var hugrakkur og skyldurækinn, og af því stafaði ólán hans; hins vegar var hann þýður í lund og viðkvæmur, besti drengur. Eftir hann eru um 35 vísur í sögunni og stafa flestar frá sektarárum hans og eru um drauma, orustur og þess konar. Draumvísurnar eru alleinkennilegar og oft með undarlegum raunablæ; þær lýsa best hinni innri óró Gísla sjálfs. Þær eru eflaust rjett feðraðar.

Um Hávarð ísfirðing eða halta er til saga, reyndar úng og mart rángt í henni; hann var kappi og vígamaður; segir sagan mest af drápi Óláfs sonar hans og því sem þar af leiddi og hefndinni; og um það efni eru 13 lausavísur sögunnar; þær eru fjarska afbakaðar, en Hávarður hefur víst verið heldur gott skáld.

Um Þormóð Kolbrúnarskáld mun síðar talað.

Grettir sterki Ásmundarson (f. 996, d. 1031) var eflaust skáld og til eru nokkrar vísur eftir hann rjettfeðraðar, en flestar af þeim vísum er sagan hefur eru ortar löngu eftir hans dag. Ævikviðuvísurnar eru ef til vill eftir hann.

Digitized by Google

Kormákr Ögmundarson (f. um 935, d. um 970) er aðalmaðurinn í Kormákssögu og mest kunnur fyrir ást sína til Steingerðar Þorkelsdóttur, er fyrst átti Hólmgöngu-Bersa og síðar Þorvald tintein. Sagan er illa og ruglingslega saman sett og er eiginlega ekki annað en umgjörð um vísurnar í henni. Kormákr var mjög ákafur í lund og harðlyndur, ósveigjanlegur og tryggur. Hann hafði fest ást á Steingerði og þau áttu að giftast, en þegar til kom, varð Kormákr ofseinn, segir sagan, og varð faðir hennar reiður og gifti hana Bersa. En Kormákr brá aldrei tryggð sinni við hana, hann lofaði hana og fegurð hennar mjög, sagði að hún væri jafnmikils virði sem allur heimurinn; sem dæmi upp á tilfinníngu hans og ofsafengin orðatiltæki má tilfæra vísuna:

Heitast hellur fljóta
hvatt sem korn á vatni
(enn emk auðspöng ungri
óþekkr) en bjöð søkkva,
færask fjöll en stóru
fræg í djúpan ægi,
auðs áðr jafnfögr tróða
alin verði Steingerði.

Annars eru vísurnar mest um einvígi hans og orustur og viðureign við þá, sem gerðu móti honum; sumt eru háðvísur og naprar gletnisvísur; þær eru ágætlega kveðnar og einhverjar kröftugustu og bestu lausavísur, sem til eru, en þær eru mjög afbakaðar og allavega úr lagi færðar.

Kormákur var oft erlendis og hjá höfðingjum;

Digitized by Google

hann orti um Harald gráfeld, en það kvæði er týnt, og um Sigurð jarl (d. 962) og eru til af þeirri drápu nokkrir (um 8) vísuhelmingar. Stefið eru forn minni og fylla ekki vísuorðið (hjástælt).

Víga-Glúmr Eyjólfsson (d. 1003) er aðalmaðurinn í Glúmu; hann var af bestu ættum og höfðingi mikill, en varð loks að lægja sig og víkja fyrir Einari þveræing. Glúmur var harður og ósveigjanlegur og ljet sjer ekki alt fyrir brjósti brenna, og þótti gaman að geta gint fjandmenn sína; þegar hann átti að vinna þess eið, að hann hefði ekki drepið Þorvald krók, hagaði hann orðum sínum svo að hann í rauninni sór drápið á sig; honum er lýst svo, einu sinni er honum fjekk eitthvað mikils, að hlátur setti að honum, „ok brá honum svá við, at hann gerði fölvan í andliti ok hrutu ór augum honum tár þau, er því váru lík, sem hagl þat er stórt er". Sagan hefur 11 lausavísur, allar mætavel kveðnar, og eru eins og vant er um afrek hans og annað, er sagan getur um. Sonur hans Vigfús var og skáld. Sagan tilfærir og vísur eftir aðra, t. d. Einar þveræing.

Frá austurlandi stafa fáar sögur og smáar; og enn færri skáld eru þar nefnd; það er ekki öðrum til að dreifa svo að nefnandi sje, en Grími Droplaugarsyni (d. 1006 eða 1007); um hann segir í Droplaugarsonasögu; hann hefndi bróður síns Helga og drap höfðingjann Helga Ásbjarnarson og orti hann um það 5 vísur; hann hlakkar yfir hefndinni; eru vísurnar eflaust rjettfeðraðar og heldur góðar.

Í Njálu, Harðarsögu, Grettiss., Svarfdælasögu er allmikið af yngri vísum, frá 12., 13. og 14. öld. —

Digitized by Google

Þar að auk eru til vísur (ein og tvær) eftir allmarga, og það margar fallegar, en það yrði hjer oflángt upp að telja.

Vjer munum nú hverfa að höfðíngjaskáldunum og telja þau helstu. Er þá fyrstur

Glúmr Geirason (f. um 930, d. um 980); Geiri var austmaður og kom seint til landsins, og áttu þeir feðgar nokkuð ókyrt, uns þeir staðnæmdust fyrir vestan í Króksfirði (sbr. Reykdælasögu). Glúmur átti Ingunni Þórólfsdóttur; sonur þeirra Þórður var giftur Guðrúnu Ósvífrsdóttur og sonarson hans var Stúfur skáld. Annars segir fátt af Glúmi; hann var um tíma í Noregi og var hirðmaður Haralds gráfelds og hefur líklega tekið þátt í Bjarmalandsför hans. Glúmur orti bæði um Eirík blóðöxi, og er til lítið eitt af því kvæði, og um Harald Gráfeldardrápu, er ort er eftir dauða Haralds; það er yfirlits-sögukvæði og eru til nokkrar vísur úr því; Glúmur sýnist hafa verið gott skáld, „gott skáld ert þú, ef þú yrkir eigi verr en Glúmr", sagði Haraldur harðráði við Stúf. Kenníngar eru góðar og framsetníng fjörug. Til er ein lausavísa, þar sem hann hælist yfir falli Hákonar góða; henni svaraði Eyvindur.

Um Kormák hefur áður verið talað.

Einarr Helgason skálaglamm (f. um 945, d. um 990) var af göfugum ættum, bróðir Ósvífrs, föður Guðrúnar. Um tvítugt hefur hann farið utan og hitt Hákon jarl og gerst hans maður; síðar fór hann oft landa á milli. Um Einar segir Eigla, að hann hafi tekið að yrkja, þegar er hann var úngur

Digitized by Google

og að hann hafi verið maður námgjarn og annars hinn mesti atgjörvismaður; oft var hann með tignum mönnum, en oftast þó fjelítill, segir sagan. Um hann og Egil sjá framar. Einar var hinn ráðvandasti maður og um leið sjálfstæður og ljet ekki kúga sig. Hann var hjá Hákoni jarli um það leyti sem Jómsvíkingabardagi var (986) og var í orustunni. Þá á Hákon að hafa verið honum reiður, en Einar hótaði sins vegar því að fara til Sigvalda jarls, ef Hákon dræpi hendi við honum; en Hákon ljet kalla hann aftur, gaf honum metaskálar (þar af viðurnefnið; hann er og kallaður skjaldmeyjar-Einar) og sættust heilum sáttum. Einar druknaði á Breiðafirði, er hann kom utan. Hann var gáfumaður og með allrabestu skáldunum; kenningar hans eru valdar með framúrskarandi smekk og andriki, og alt hans skáldskaparmál er ágætt, bragarhátturinn ákaflega lipur. Án efa hefur hann lært mikið af Egli. Hann lýsir Hákoni fremur eins og höfðingi átti að vera eftir skoðun Einars sjálfs, en ekki eins og hann var í raun og veru; hann kallar hann t. d. eiðvandan, en jarl var samviskulítill. Einar orti fyrst drápu um Hákon um 970, og er til ein vísa úr henni. En aðalkvæði hans um jarl er hin nafnkunna og ágæta drápa Vellekla, ort fyrir og eftir Jómsvíkingabardaga; hún er um allar dáðir og orustur Hákonar og endar á Jómsvíkingabardaga; hún er eitthvert besta sögukvæðið og merkileg að öllu. Til eru af henni nú alt að 40 vísur, heilar og hálfar. Auk þessara leifa eru til tveir vísuhelmingar úr kvæði um danskan konúng og þrjár lausar vísur.

Tindr Hallkelsson var föðurbróðir Gunn-

Digitized by Google

laugs ormstúngu og bjó á Hallkelsstöðum í Borgarfirði. Tindur var harður kjarkmaður sem frændur hans, en kemur lítt við sögur eða atburði, nema Heiðarvíg; orti hann vísur tvær um bardagann. Auk þess eru til 11 vísur, heilar og hálfar úr drápu um Hákon jarl; en þær eru flestar illa til reika í handritinu. Tindur var mjög gott skáld og miklu betra en Gunnlaugur.

Eilífr Goðrúnarson (fyrir og eftir 1000) er allsendis ókunnur, nema hann hefur ort drápu um Hákon jarl (hálf vísa til) og hefur hann eflaust verið við hirð hans nokkurn tíma. Kunnugastur er Eilífur af kvæði um Þór, Þórsdrápa, er rúmar 20 vísur eru til úr. Hún er um ferð Þórs og Loka til Geirrøðargarða og viðureign þeirra við Geirrøð og aðra jötna. Það orð leikur á þessu kvæði, að það sje hið myrkkveðnasta og torskildasta kvæði, sem til sje, og er það ekki rángt. Það er hið einasta kvæði, er hægt er að segja um, að skáldið hafi gert sjer leik til þess að yrkja flókið; einkum eru kenníngarnar myrkar og nokkuð lángsóttar, og hann byltir um liðum þeirra miklu meir en flestir aðrir. En það er einhver fornaldarkraftur í því. Ennfremur er til vísuhelmíngur um Krist úr kristnu kvæði (drápu um Krist). Eilífur er einn af tímamótamönnunum eins og Hallfreður.

Þorleifur jarlskáld Rauðfeldarson (d. um 994); hann er einn aðalmaðurinn í Svarfdælu og til er þáttur um hann, en hvorugt er fullsönn saga, og er mart sagt um Þorleif, sem valla eða ekki er sannleikur. Hann var oftar en einu sinni hjá Há-

Digitized by Google

koni jarli; að síðustu óvingaðist með þeim og orti þá Þorleifur níð um jarl, og var svo ramt, að Hákon veiktist af. Þorleifur var snemma, þegar um miðja 11. öld, talinn galdramaður og kraftaskáld. Hann var eflaust mikill gáfumaður en ákaflega ríkur í skapi og allra manna ósveigjanlegastur. Hann var drepinn á alþingi, líklega eftir ráðum Hákonar, og heygður í árhólmanum. Af kvæðum hans er fyrst að telja drápu um Hákon, er 1½ vísa er til úr, og líklega er ort rjett eftir Jómsvíkingabardaga 986. Annað en þetta hefur Jarlsníð hlotið að vera; það var það kvæði, er hann kvað fyrir Hákoni, og var svo ramt, að er áleið kvæðið, brá honum undarlega við „at óværi ok kláði“ hljóp um búk hans, svo hann mátti hvergi kyrr þola; í miðju kvæðinu var kafli, er hjet þokuvísur, og er þær voru úti, var myrkt í höllinni, og að lokum var hvert járn á gángi, og mörg undur fylgdu með; af þokuvísum er til helmíngur, er á að vera upphaf þeirra. Þar að auk á Þorleifur að hafa ort fertuga drápu um Svein tjúguskegg, og er stefið tilfært úr henni. Af lausum vísum eru nokkrar í Svarfdælu og þættinum, en óvíst, hvort allar eru eftir hann.

Hallfreður vandræðaskáld Óttarsson (f. um 970, d. um 1007); um hann er góð saga til. Hallfreður er hvorttveggja, söguskáld og konúngaskáld, og ber ýmislegt til þess að hann er settur hjer heldur en fyrr. Hann er kunnugastur af tvennu, ástum sínum til Kolfinnu Ávaldadóttur og deilum við þann, er hún giftist, Gris Sæmingsson, og svo af hollustu sinni við Óláf Tryggvason og

Digitized by Google

hirðdvöl sinni. Hann unni Kolfinnu mjög og hjelst það alla tíð, þótt hann giftist síðar og ætti (sænska) konu; það er ekki efamál, að Kolfinna unni honum; en ástir þeirra eru ekki eins hreinar og t. d. Kormáks og Steingerðar. Gris hæddi hann og niddi svo að lítt var þolandi, enda varð Hallfreður að kenna á því að lokum. Hallfreður fór úngur erlendis, kyntist fyrst Hákoni jarli, en síðan Ólafi Tryggvasyni; er mjög einkennilegt að lesa um fyrstu skifti þeirra; Ólafur heimtaði að Hallfreður skyldi láta skírast, en hann var ófús á að skilja við hin gömlu goð, og það er auðfundið, að honum þótti fyrir að láta sinn forna skáldvin Óðin fyrir róða,

Sás með Sygna ræsi
siðr at blót eru kviðjuð,
verðum flest at forðask
fornhaldin sköp norna;
láta allir ýtar
Óðins ætt fyr róða;
nú emk neyddr frá Njarðar
niðjum Krist at biðja;

þó fór honum sem öðrum að hann ljet undan, enda varð hann brátt heillaður af Ólafi konúngi, mannkostum hans og dýrðleik; en Ólafi þótti hann vera svo torveldur, að hann kallaði hann vandræðaskáldið. Þegar Ólafur fjell, var Hallfreður heima á Íslandi og átti þá í sem mestum deilum við Gris; en er hann frjetti fall Ólafs, varð honum svo mikið um, að hann sættist við Gris og galt bætur, fór utan og ætlaði sjer að hefna Ólafs og drepa Eirík jarl, en kom því ekki fram; þá safnaði hann sönnum sögum

Digitized by Google

um Svoldarbardaga og fall konúngs. Hann undi eiginlega hvergi eftir þetta; að síðustu ætlaði hann að flytja með alt sitt til Auðgils sonar síns í Svíþjóð, en á þeirri ferð varð hann sjúkur og svo fjekk hann högg af ásinum, og varð alt þetta hans banamein. Síðasta vísa hans er einkennileg og falleg:

Ek munda nú andask,
ungr vask harðr í tungu,
senn, ef sálu minni,
sorglaust, vissak borgit;
veitk at vætki of sýtik,
valdi guð, hvar aldri
(dauðr verðr hverr) nema hræðumk
helvíti, skal slíta.

Hallfreður var að mörgu ágætismaður, tryggur og vinfastur, ævinlega glaður og kátur, og mjög rjettlátur; en við mótstöðumenn sína var hann harður, ef því var að skifta; og þótt honum væri í nöp við Grís og spottaði hann, er það skiljanlegt og mannlegt. Hallfreð má telja til hinna lángbestu skálda; hann er jafnsnjall, hvort sem hann yrkir drápur, ástavísur eða háðvísur og glens; hann er þrúnginn af sorg og ángurblíðu í kvæðinu um Svoldarbardaga; og hann lætur fremur flestum tilfinníngar sínar í ljós þar og á mjög fagran hátt. Yfir höfuð er kveðskapur Hallfreðar alment aðgengilegri fyrir allra hluta sakir, en allra annarra honum eldri skálda; honum var leikandi liðugt um að yrkja, og hann hafði meira vald yfir máli og hætti en nokkur annar á undan honum og samtímis honum; þess

Digitized by Google

vegna viðhefur hann miklu færri kenningar, og öll orðaröðin er skaplegri. Sem eitt dæmi þess, hve sýnt honum var um að yrkja, má nefna vísuna „Eitt er sverð þat 's sverða“,

Eitt er sverð þat 's sverða
sverðauðgan mik gerði,
fyr svip-Njörðum sverða
sverðótt mun nú verða;
muna vansverðat verða,
(verðr emk þriggja sverða),
jarðar hljótr, ef yrði
umbgerð at því sverði;

orðið sverð átti að koma fyrir í hverju vísuorði; það stendur í þeim sjö, en tvisvar í einu, og svo er vísan fremur blátt áfram og auðskilin. Kenningar hans eru að öllu samtöldu góðar og vel samdar. Snorri mat kvæði Hallfreðar eins og mátti. Kvæði Hallfreðar eru: drápa um Hákon jarl, ort um 990; úr henni eru aðeins til nokkrir vísuhelmingar, og eru um vald Hákonar yfir öllu landi. Drápa um Óláf Tryggvason, er skáldið flutti skömmu eftir að þeir hittust; konúngur vildi fyrst ekki hlýða kvæðinu, en Hallfreður hótaði þá að týna niður þeim kristilegu fræðum, er konúngur hafði látið kenna honum, „þau væru ekki skáldlegri en kvæði sín“. Úr þessu kvæði eru og nokkrar vísur um víking og afrek Ólafs. Af kvæðum hans um Sigvalda jarl, Oláf Sviakonung (drápa) er ekkert til; heldur ekki af Uppreistardrápu, er Hallfreður á að hafa ort eftir kröfu Ólafs konúngs (999) til að sýna að hann væri vel kristinn; hvað

Digitized by Google

nafnið þýðir er óvíst. Ennfremur er „hálfníðið“ eða „óþokkavísurnar“ Grissvísur týndar. Aftur á móti er mikið til (undir 30 vísur) af erfidrápu um Ólaf, sjálfsagt besta kvæði Hallfreðar og með bestu kvæðum yfir höfuð. Það er aðeins um síðustu för Ólafs og Svoldarbardaga. Honum þykir sem norðurlönd sjeu öll auð eftir fall Ólafs og hann lýsir sorg sinni innilega. — Þegar hann hafði ráðið að drepa Eirík jarl, birtist Ólafur honum í draumi, segir sagan, og skoraði á hann að yrkja heldur um Eirík; það gerði hann og keypti sjer frið fyrir; af þessari drápu er upphafið (tvö visuorð) til. Loks eru til margar lausar vísur (um 28), ástavísur, níðvísur um Gris og aðra, vísur um ferðir og bardaga. Síðustu vísurnar eru einkar fallegar — allar mæta vel kveðnar.

Um Eirík jarl ortu þeir Eyjólfr dáðaskáld (Bandadrápa, nokkrar vísur til), Haldórr ókristni (flokkur; nokkrar vísur um Svoldarbardaga), Þórðr Kolbeinsson (sjá 120. bls.) og Skúli Þorsteinssnn, sonarson Egils (f. um 970); hann var í Svoldarbardaga Eiríks megin og orti flokk um bardagann, en líklega ekki fyr en alllöngu síðar (nokkrar vísur til); Skúli sýnist hafa verið gott skáld; að minsta kosti er vísuhelmingur, úr lausavísu að því er sýnist, svo að segja einstakur að efni og vel kveðinn; hann hljóðar svo:

Glens beðja [sólin] veðr gyðju
goðblið í vé, síðan
ljós kømr gott, með geislum,
gránserks ofan Mána.

Digitized by Google

Þórðr Sjáreksson lifði á fyrra hlut 11. aldar, en er annars ókunnur; hann er kallaður „mágur“ Hjalta Skeggjasonar; hann fór á dögum Ólafs helga til Jórsalalands og er nefndur „maðr merkr, skynsamr ok skáld“. Hann orti um Eirík jarl, en aðalkvæði hans var Róðudrápa, erfikvæði um Ólaf helga, en aðeins ein vísa er nú til. Úr kvæði hans um Klœing Brúsason er líka til ein vísa; merkilegt er, að hann orti drápu um Þórólf Skólmsson hinn sterka, er barðist 19 vetra með Hákoni góða á Fitjum, kvæðið hefur verið alment erfikvæði; úr því eru til nokkrar vísur. Það er mjög sjaldgæft að skáldin hafi ort erfikvæði eftir sína eigin landa. Eftir hann er til ein eða fleiri lausavísur.

Með Þórði erum vjer komnir að skáldum Ólafs helga; sjálfur var hann skáld og eru til nokkrar lausavísur eftir hann sumar um ástir hans og um konu nokkura Steinvöru. Merkast allra af skáldum Ólafs var

Sigvatr Þórðarson (f. um 995, d. um 1045). Um hann hefur líklega verið til saga, en hún er nú týnd. Hann var sonur Þórðar, er kallaður var Sigvaldaskáld og lengi var erlendis; sjálfur var Sigvatur alinn upp á Apavatni og er til smásaga um það, hvernig hann á að hafa fengið skáldskapargáfuna (af því að borða höfuðið af fögrum fiski, er veiddist í vatninu). Eflaust hefur snemma borið á hæfilegleikum hans; og mjög ungur var hann, þegar hann fór fyrsta sinn erlendis (1014—15) og hitti Ólaf konúng helga. Það er sagt, að Ólafur hafi ekki fyrst viljað hlýða kvæði hans, líklegast af því,

Digitized by Google

að honum hafa þótt kenningar og orð of heiðingleg. En Sigvatur ljet engan bilbug á sjer finna, orti vísu og sagði, að konúngur gæti vel átt eitt skáld og hann skyldi fá honum hróður til hlítar. Svo fór, að Ólafur hlýddi kvæðinu og Sigvatur kom sjer í kærleika hjá Ólafi og urðu þeir brátt mestu vinir; aðeins 3 árum síðar sendi konúngur hann með mjög vandasömu máli til Gautlands, og sýnir það best, hvert traust hann þá þegar bar til Sigvats. Sigvatur tók þátt í Nesjabardaga (1016), en annars var hann aldrei neinn bardagamaður og ætíð friðsamur. Síðar gerðist hann stallari konúngs og var ekki laust við að hann væri öfundaður. En aldrei kom snurða á vináttuna með þeim konúngi, og bæri eitthvað vandamál að höndum, var Sigvatur ætíð hinn snarráðasti til þess að leysa það svo að konúngi líkaði; það er einkennilegt að lesa um hann og meðferð hans, er Hrærekur konúngur hinn blindi stofnaði flótta sinn, eða þegar Magnús (góði) fæddist. Alstaðar sýndi Sigvatur snarræði, trúfesti og dyggs manns dug, og ævinlega fann hann hið besta mið á öllu. Í raun rjettri má segja, að allir báru traust til hans, eins og reyndist þegar kastað var hlut um, hver skyldi segja Magnúsi konúngi til síðanna, er hann ætlaði að fara í hart við Norðmenn; þá var stilt svo til, „að hlutur Sigvats kom upp“; þá orti hann hinar frægu Bersöglisvísur sínar. Sigvatur fór erlendis til vesturlanda og hitti þar Knút konúng, en ekki orti hann um hann þá, eins og sumir hafa haldið; þá var Knútur farinn að fjandskapast við Ólaf og Ólafi var ekki um, að Sigvatur heimsótti hann, og stuggaði við honum, er hann

Digitized by Google

kom heim, en Sigvatur færði honum heim sann um það, að hann hefði engin mök haft við Knút er lýsti ótryggð við Ólaf. Seinna fór Sigvatur pílagrímsför til Róms; á þeirri ferð var hann, þegar Ólafur fjell á Stiklastöðum, og harmar hann mjög að hann var fjarri drotni sínum, er honum lá mest á. Hann tregaði mjög Ólaf eins og sjest af hinni gullfallegu vísu hans:

Há þótti mér hlæja
höll of Nóreg allan
(fyrr vask kendr á knörrum)
klif, meðan Áleifr lifði;
nú þykki mér miklu
(mitt stríð es svá) hlíðir,
jöfurs hylli varðk alla,
óblíðari síðan.

Eftir fall hans og meðan Sveinn og Álfífa rjeðu Noregi (1030—35) var Sigvatur lengstum í Svíþjóð og hjelt spurnum fyrir um guðson sinn Magnús, er ólst upp í Garðaríki, og fegnastur varð hann því, er hann kom til Noregs og honum var svarið land og þegnar. Hann og Magnús urðu eins miklir vinir og Sigvatur og Ólafur höfðu verið og Sigvatur hjelt öllum sínum veg og gengi til dauðadags (líklegast um 1045). Hann átti bú í Þrándheimi og var í Noregi alla tíð, en fór þó kynnisför til Íslands fyrir víst eitt sinn. Snorri lýsir Sigvati svo: „Sigvatr var ekki hraðmæltr maðr í sundrlausum orðum, en skáldskapr var honum svá tiltækr, at hann kvað af tungu fram, svá sem hann mælti annat mál“. Þetta er valla ofsögum sagt, enda sýnir sag-

Digitized by Google

an um Bersöglisvísur það best. Vjer hikum oss ekki við að telja Sigvat bestan allra skálda, bæði sakir mannkosta hans, er komu svo fagurlega fram í kveðskap hans og sýna oss, að orð hans svöruðu til þeirra, heldur og af því, að kvæðagjörð hans tekur allra annara skáldskap fram að lipurð og ljettleik. Ekkert skáld hefur haft jafnmikið vald yfir bragarhættinum og ekkert skáld hefur þurft jafnlítið á kenningum að halda; það sjást valla kenningar að mun t. d. í Bersöglisvísum. Engin kvæði eru svo manneskjuleg og skiljanleg sem Sigvats. Hann er alvarlegur og tilfinningarikur og talar hjartnæmilega um fall Ólafs og hinn mikla missi er hann fjell; meðan hann lifði, þótti honum öll klif hlæja í Noregi; nú eru allar hlíðir óbliðari; hann er strángur og stríður í refsingum sínum við Magnús og þó svo blíður og viðkvæmur. En hann gat líka verið gamansamur; það sína Austrfararvísur hans. Með öllu þessu ljet hann aldrei sjálfstæði sitt, hræsni og smjaður var ekki til í brjósti hans. Það er eitt einkennilegt, að þegar hann var hjá Rögnvaldi jarli og hafði þegið hring af honum, sagði kona, svo að hann heyrði, að hann hefði gengið til nokkurs „með svörtu augun"; þá sagði Sigvatur:

„oss hafa augu þessi
íslenzk, kona, vísat
brattan stíg at baugi
björtum langt en svörtu".

Það er einsdæmi, að skáldið taki sjerstaklega fram, að það sje íslenskt.

Digitized by Google

Kvæði Sigvats eru mörg. Fyrst er kvæði um Ólaf konúng, er nefnt hefur verið Víkingarvísur (um 15 vísur til); það er hans fyrsta kvæði; og er um víking og orustur Ólafs á árunum 1007—14; það er merkilegt sögukvæði, en þurt mjög og lítt skáldlegt. Þá eru Nesjavísur um bardagann við Svein jarl fyrir Nesjum (1016; um 10—12 vísur til); hjer birtist fyrst fjör Sigvats og eiginleg skáldleg lipurð, enda var hann sjálfur í bardaganum; bardaginn var harður, og segir Sigvatur:

þági vas, sem þessum
þengils, á jó strengjar,
mjöð, fyr malma kveðju,
mær heiðþegum bæri.

Um ferð hans til Gautlands eru Austrfararvísur (1018—19; rúmar 20 til); það eru eiginlega lausavísur, er skáldið hefur á eftir sett saman í einn flokk; þær eru mjög gamansamar að lesa; hann lýsir þar erfiðleikum sínum og ferðavosi, viðtökum á bæjum og fleiru. Síðar orti hann annað kvæði um Ólaf (ein vísa til) og líklega fleiri; um Ívar hvíta á Upplöndum orti hann á árunum 1020—26, en ekkert eða lítið til. Þá koma Vestrfararvísur (frá 1027—28) og hafa það verið lausavísur um vesturferð hans og fjelaga hans er Bergur hjet; en því miður eru ekki til af þessu kvæði nema rúmar 3 vísur. Eftir að Erlingr Skjálgsson var fallinn 1028, orti Sigvatur flokk um hann; úr honum eru til 10 vísur; Sigvatur lýsir Erlingi vel og óhlutdrægt, þótt hann hefði verið fjandmaður Ólafs, og segir að hann hafi engan þekt, er hafi „kunnat at

Digitized by Google

halda fullara“ sínum hlut; hann er fullur af aðdáun á Erlingi og telur það berlega skaða mikinn að hann hafi verið feldur. Á árunum 1030—35 orti Sigvatur um Önund konúng í Svíþjóð (kvæðið er týnt), og kvæði um hinn únga og ólánsama son Ólafs Tryggvasonar, Tryggva, er fjell 1033, og líklega kvæði um Ástríði, ekkju Ólafs. Svo orti hann eftir dauða Knúts konúngs ríka kvæði um hann, Knútsdrápu eða Tøgdrápu (með tøglagi); líklega er hún ort eftir sætt og samníngа Magnúsar góða og Hörðaknúts. Það er vel ort og fjörugt kvæði.

Bersöglisvísur er eitt af aðalkvæðum Sigvats, ort um 1038; um tilgöng kvæðisins er þegar talað; úr því eru til 17 vísur, og er víst lítið af því týnt. Nafnið bendir á aðalefnið; skáldið vill segja hinum únga konúngi frá þeirri uppreist, sem búast megi við, ef hann haldi áfram eins og hann hefur byrjað, og segir honum afdráttarlaust til syndanna. Hann minnir hann á „hinn góða konúng, er fell á Fitjum“ og allir unnu, hann minnir hann á Ólafana báða, er „gáfu frið eignum lofða“; hann biður hann eigi reiðast við bersögli ráðgjafa sinna — og nú kemur eins og þruma úr lofti:

hafa kveðask lög, nema ljúgi
landherr, búendr verri,
endr í Ulfasundum,
önnur en hézt mönnum.

Svo heldur skáldið áfram og lætur hvert reiðarslagið fylgja: „Hverr eggjar þik at ganga á bak málum þínum?, — fastorðr skyli þengill vera —;

Digitized by Google

Hverr eggjar þik höggva bú þegna?“ osfrv. Skáldið biður hann varast þetta, „vinr er sá er varar“ segir hann, og hann endar fagurlega og segist vilja lifa og deyja með Magnúsi, en skorar á hann að breyta sjer og hegðun sinni sem allra fyrst. Kvæðið hreif; Magnús hlýddi vel orðum skáldsins og varð upp frá því mildin og gæskan sjálf og var nefndur „hinn góði“. Það er óþarfi að fara frekari orðum um, hvernig þetta eina kvæði hefur afstýrt innanlands ófriði, blóðsúthellingum og barsmíðum. Kvæðið er að öllu leyti fullkomið meistaraverk, bæði að efni og öllum frágángi. Það er dýrðlegt lof þriggja mannkosta: orðheldnis, mildi, rjettlætis.

Eitt af síðustu kvæðum Sigvats er erfidrápa um Ólaf helga, Óláfsdrápa (25 heilar og hálfar vísur til); hún er mest um Stiklastaðabardagann og svarar að sínu leyti til erfidrápu Hallfreðar um Ólaf Tryggvason. Það er vel ort og tilfinningaríkt kvæði. Það er ekki ort fyrr en um eða eftir 1040; það er í þessu kvæði, að Sigvatur bendlar sólmyrkvann við fall Ólafs (sjá 39.—40. bls.). Að lyktum eru til lausar vísur, um 30 alls, og eru ortar við mörg tækifæri; einkum má geta þeirra, er hann orti 1030 eftir að hann hafði frjett dauða Ólafs; þær eru lýsíng hjartnæmrar sorgar og óbilandi tryggðar. Einhverjir voru þeir, er fundu að einhverjum braglöstum hjá Sigvati; um það orti hann vísu, og stendur þar:

Munu þeir, es mestar skynjar
munvágs Dáins kunnu,
síðr at Sigvats hróðri
svinns braglöstu finna.

Digitized by Google

Þetta er orð og að sönnu. Þótt einhverjir smábraglestir fyndust, eru þeir skáldinu margfaldlega fyrirgefnir.

Óttarr svarti var systursonur Sigvats, en vjer vitum ekkert um ævi hans fyrr en hann er kominn til Ólafs sænska; hann hefur verið þar líklega þángað til Ólafur dó (um 1022); hann hafði þar kynst Ástríði, er Ólafur helgi átti síðar, og er sagt að hann hafi ort um hana kvæði er gekk næst því að vera ástakvæði; er það trúlegt, því að Óttar var ákaflega örgeðja maður og sparaði ekki stór orð, þegar því var að skifta. Svo kom Óttar til Ólafs helga, en hann tók honum illa og var reiður út af kvæðinu, segir sagan, og ljet setja Óttar í fjötra; en Sigvatur bjargaði Óttari og rjeð honum til að yrkja lofkvæði um Ólaf og snúa við eða draga úr sterkustu orðunum um Ástríði; svo var Óttar færður fyrir konúng, og þá kvað hann bæði kvæðin, Ástríðar fyrst, og hitt þegar á eftir, og þá höfuð sitt fyrir. Hann var þó ekki lengi með Ólafi, en fór til Englands til Knúts konúngs og var lengi þar. Knútur á að hafa sagt um hann: „þenna mann hygg ek skáld vera, ok eigi hirði ek heldr annan mann hafa til einvígis við mér, en eigi trúi ek hánum einum vera íhjá konu minni". Í þessum orðum felst líklega rjettur dómur á Óttari. Af kvæðum hans þekkjast: Drápa um Óláf sœnska (hálfhnept) ort um 1016 (6 helmíngar til); drápan er nefnd var um Ástríði konúngsdóttur. Höfuðlausn um Óláf helga, ort um 1022—23 (undir 20 vísur til); kvæðið er sögukvæði um afrek og orustur

Digitized by Google

Ólafs frá því um 1008. Það er mjög fjörugt og vel ort, en nokkuð stórort. Svo er Knútsdrápa (10 vísur til) um afrek Knúts og orustur; kvæðið er ort eftir 1026. Þar á mót er ekkert til af kvæðum hans um Önund konúng, Svein tjúguskegg, eða Guðbrand í Dölum. Af lausavísum eru til 3.

Bersi Skáldtorfuson (d. 1030) var ættaður úr Miðfirði; hann fór utan og var með Eiríki jarli og síðar með Sveini jarli Hákonarsyni og var í Nesjabardaga. Hann sættist síðar við Ólaf helga og gerðist hans maður. Hann var eins og Sigvatur í Róm, þegar Ólafur fjell, en er hann frjetti fall hans, varð honum svo mikið um af sorg að hann hneig dauður niður. Bersi var hinn besti drengur og hinn ráðvandasti maður, tryggur og vinfastur; hann bjargaði Gretti úr lífsháska á dögum Eiríks jarls, og náði enginn aftur vinfengi Eiríks nema Bersi af þeim sem studdu Gretti. Bersi orti um Óláf helga kvæði á árunum 1016—20 (3 vísur til úr því), en af kvæðum hans um Svein jarl og Knút konúng (líklega frá árinu 1027) er ekkert til. Ein lausavísa er til. Hve gott skáld Bersi var, er ekki vel hægt að gera sjer glögga hugmynd um.

Þormóður Kolbrúnarskáld Bersason (f. um 997, d. 1030) var ættaður af Ísafirði og er kunnur af þrennu, fóstbræðralagi sínu við Þorgeir Hávarsson, ástum sínum við Þorbjörgu kolbrún og tryggð sinni við Ólaf helga og hollustu. Um alt þetta segir saga hans og Þorgeirs (Fóstbræðrasaga) greinilega; svo og Ólafs saga helga um hans síðustu ævi og fall á Stiklastöðum; Þormóður fór til

Digitized by Google

Grænlands til þess að hefna Þorgeirs á Þorgrími trölla og þaðan til Noregs ok kom ekki til Íslands aftur. Hann var miklu þýðari í lund en Þorgeir og betri maður; það er hrífandi að lesa um tryggð hans við Ólaf og hluttöku hans í Stiklastaðabardaga; hann vildi ekki lifa höfðingja sinn og sótti fram þar sem harðast var, og svo fjekk hann banasárið. Þormóður er með betri skáldum, hann er bæði tilfinningaríkur og svo hefur hann fullkomið vald yfir máli og hætti. Hann var og hinn besti kvæðamaður og skemti vel með kvæðum (sjá 32. bls.). Í Gretlu er hann nefndur guðhræddur, en guðhræðsla hans var þó mjög skynsemisleg sem flestra Íslendinga. Eitt hið fyrsta kvæði hans hafa Kolbrúnarvísur verið; svo er sagt, að hann hafi fyrst kveðið þær um Kolbrún, en síðar snúið þeim við og látið sem þær væru ortar um Þórdísi Kötludóttur, er hann átti fyrr vinfengi við. Síðar á hann þó að hafa gert bót og betrun og breytt þeim aftur. Því miður er kvæðið týnt. Af kvæði eða kvæðum hans um Ólaf helga er heldur ekkert nú til. Aftur á móti er allmikið (15 vísur) til úr erfikvæði um Þorgeir, Þorgeirsdrápa, er mun vera ort um 1024. Þar er sagt frá Þorgeiri og afrekum hans og þeirra fóstbræðra. Svo eru og til margar (25) lausavísur, og flestar um og útaf hefndinni á Grænlandi; allmargar um bardagann á Stiklastöðum.

Um Knút ríka orti Þórarinn loftunga; um ævi hans vita menn lítið, en hann var allmikið í förum og kom loks til Knúts og hafði ort um hann flokk; því reiddist Knútur og þótti það of lítil-

Digitized by Google

fjörlegt og hótaði að hengja hann, ef hann yrti ekki drápu; þá gerði Þórarinn drápu úr flokknum, og var kölluð Höfuðlausn (aðeins stefið til); svo orti hann Tøgdrápu (um 1029), og eru nokkrar vísur til, allar um ferð Knúts til Noregs 1028; hann var með sjálfur. Loks orti hann Glælognskviðu um Svein Alfífuson (um 1032) og er til úr henni merkilegur kafli um helgi Ólafs konúngs. Þórarinn er í betri skálda röð.

Frá miðri 11. öld eru hin mörgu skáld þeirra frænda Magnúss góða (1035—47) og Haralds harðráða (d. 1066). Eftir Magnús eru til 2 vísur og Haraldur var gott skáld og hafði hið besta vit á skáldskap, enda þótti honum gott að hafa mörg skáld til að yrkja um sig. Af vísum hans eru gamanvísur hans merkastar; það var 16 vísna flokkur, er hann orti um sjálfan sig og endaði hver vísa svo: „þó lætr Gerðr í Görðum | gollhrings við mér skollat“ og átti hann þar við Ellisif, er síðar varð kona hans. Vísurnar eru vel kveðnar. Í Skáldatali eru, auk Sigvats, talin 14 skáld, er hafi ort um þá Magnús og Harald, þar af 3 um þá báða. Af þeim eru merkastir þessir:

Arnórr jarlaskáld Þórðarson (f. um 1012, lifði fram yfir 1073). Hann var sonur Þórðar Kolbeinssonar, en kemur lítt við sögur; hann hefur snemma byrjað að fara utan og var oft í förum; hann var í mægðum við Orkneyjajarla og þeim frændum Rögnvaldi og Þorfinni mjög handgenginn og tók hann sjer nærri ófriðinn milli þeirra. Árið 1045 kom hann til Noregs, og þá flutti hann þeim Magnúsi og Haraldi kvæðin Hrynhendu og Blágagla-

Digitized by Google

drápu; þá sýndi hann, að hann kunni vel orði fyrir sig að koma og kunni að vera með höfðingjum. Hann er með bestu skáldunum teljandi; það er ótakmarkað vald sem hann hefur á öllu er að kveðandi lýtur og máli; hann sparir ekki voldug orð og íburðarmiklar lýsingar, t. d. á því hvernig hinn gullbúni skipafloti glói og glitri í sólskininu:

Hlunna es, sem röðull renni,
reiðar búningr, upp í heiði
(hrósak því es herskip glæsir
hlenna dolgr) eða vitar brenni.
Mönnum lízk, es mildingr rennir
Meita hlíðir sævar skíði,
unnir jafnt sem ofsamt renni
engla fylki himna þengils.

Einkum kennir þessa í Hrynhendu. En sjerlega frumlegt skáld var Arnór þó ekki. Hann á að hafa ort kvæði um Knút konúng, fyrir 1035, en það er týnt. Um Rögnvald jarl Brúsason (d. 1045) orti hann og er til lítið af því kvæði. Aðalkvæði hans er nú Hrynhenda, drápa um Magnús góða í hrynjandi hætti, og er mikið til af henni. Um hana sagði Haraldur að hún mundi geymast svo lengi sem heimurinn stæði; honum þótti hún svo dýrðleg. Kvæðið er um ferðir og afrek Magnúsar. Það er einkennilegt, að Arnórr hefur talað um sjálfan sig og ferðir sínar í upphafi kvæðisins, en það er svo lítið af því til, að vjer getum ekki sjeð, hvernig á því hefur staðið. Af Blágagladrápu um Harald er nú ekkert til. Um Magnús orti Arnór annað kvæði og var það erfidrápa, Magnúsdrápa,

Digitized by Google

er mikið er og til af og er um sama efni og Hrynhenda; það er sjaldgæft að sama skáldið yrki svo tvisvar um sama. Um Þorfinn jarl Sigurðsson (d. 1064) orti Arnór erfidrápu, Þorfinnsdrápu, og er mikið til af henni; hún er yfirlitssögukvæði og vel ort. Arnór hafði lofað Haraldi konúngi að yrkja erfikvæði um hann, ef hann lifði lengur; hann efndi þetta og orti um hann erfidrápu, og hefur verið gott kvæði. Af þessu kvæði er mikið til og er um orustur Haralds og afrek frá því að minsta kosti um 1054. Ennfremur sýnist Arnór að hafa ort kvæði um Hermund Illugason, bróður Gunnlaugs, eftir tveimur vísuorðum að dæma, og um Gelli Þorkelsson (d. 1073) orti hann erfidrápu, er nú er týnd; sama er að segja um kvæði um Óláf kyrra. Af lausavísum er aðeins ein til.

Annað höfuðskáld Magnúss og einkum Haralds var Þjóðólfr Arnórsson (d. 1066); hann var af lágum stigum og ættaður úr Svarfaðardal; bróðir hans var Bölverkr, er og var skáld og orti um Harald. Þjóðólfr var mestalla tíð erlendis og mjög handgenginn Haraldi, var með honum í herferðum hans og fjell með honum á Englandi. Haraldi þótti mikið til hans koma og kallaði hann þjóðskáld. Honum var mjög sýnt um að yrkja og orti eftir öllum reglum listarinnar, og þóttist nokkuð af íþrótt sinni. Segir svo sem honum hafi ekki verið um önnur skáld og hafi hann verið öfundsjúkur, og hálfilla var honum við Grautar-Halla; þótti konúngi gaman að etja þeim saman; eru um það gamansamar smásögur. Þjóðólfur er söguskáld í eiginlegri merkingu; það er sjaldan sem aldrei, að hann

Digitized by Google

skjóti inn setningu um sig eða sínar eigin tilfinningar; og vilja því kvæði hans vera fremur þur; en sem söguljóð eru þau ágæt og áreiðanleg; því hefur Snorri notað þau mjög. Í bernsku sinni orti Þjóðólfur Sorptrogsvísur, er hann varð að kveða nauðugur fyrir Haraldi einu sinni; þótti honum ekki mikið í þær varið; það kvæði er týnt. Um Þorkel jarl háa orti hann á árunum 1031—35, og um Magnús konúng góða Magnúsflokk (ortur 1044—45), yfirlitssögukvæði frá því fyrsta. Líklega hefur hann ort mörg kvæði um Harald, en nú vitum vjer aðeins af runhendu kvæði (um 1050), er örlítið er til af, og svo aðalkvæði hans, Sexstefju; eftir nafninu að dæma hafa verið í því sex stef og það verið stórfenglegra en flest önnur kvæði; það er ort árið áður en þeir fjellu báðir. Af þessari drápu er nú til um hálfur fjórði tugur vísna og visuparta og hefur verið allsherjar yfirlitskvæði alt ífrá hluttöku Haralds í Stiklastaðabardaga og til 1064. Drápan er sögukvæði í fylsta skilníngi. Af lausum vísum eru til 27, og eru þær einna skemtilegastar að lesa.

Stúfur skáld blindi Þórðarson kattar, sonarson Guðrúnar Ósvífrsdóttur; hann var fæddur blindur (um 1025); fór þó erlendis (1062) út af arfi, er honum hafði tæmst. Hann hitti Harald konúng og skemti honum með kvæðum, er hann kunni mörg utanað (sbr. framar). Annars vitum vjer ekkert frekara um ævi hans. Hann orti tvö kvæði um Harald; hið fyrra er týnt; hið síðara er Stúfsdrápa eða Stúfa og er það erfikvæði, ort um 1067; var það í fornöld talið hið besta kvæði; það

Digitized by Google

er klofastefsdrápa og ævikvæði eða yfirlitskvæði, og tekur til frá upphafi (orustum Haralds í austur- og suðurvegum); af kvæðinu eru nú aðeins 8 vísur til. Stúfur var gott skáld, en vísurnar eru hrein og bein söguljóð og líkjast kvæðum Þjóðólfs.

Enn verður að geta hjer um eitt skáld, æringjann meðal íslenskra skálda, Grautar-Halla (eða Sneglu-Halla). Hann var fátækra manna úr Svarfaðardal, eins og Þjóðólfur, og þektust þeir frá barnæsku. Halli var allra manna glaðastur og kátastur og ævinlega til í spaug og gleins og var þá ekki ætið sem finastur, ef í það fór. Haraldi þótti gaman að honum og einkum að egna hann móti Þjóðólfi; Þjóðólfur hálffyrirleit Halla. Hins vegar var Halli hinn einbeittasti og ljet ekkert fyrir brjósti brenna, sást ekki fyrir, hver sem í hlut átti; er mart kátlegt sagt frá honum í söguþætti, er til er um hann. Hann var erlendis á árunum 1053—55 og fór þá bæði til Danmarkar og Englands. Halli dó, kominn hrakinn af sjó, er hann var að eta graut sinn. Það er sagt, að Haraldur hafi frjett lát Bolla prúða og Halla í einu og hafi hann þá sagt um Bolla: „fyrir dörrum mun drengrinn hnigit hafa“, en um Halla: „á grauti mundi greyit sprungit hafa“. Það er lítið til af kvæðum hans; ekkert af Kolluvísum (um kýr) eða af drápu hans um Harald. Hann orti kvæði um Játvarð Englakonúng, sem á að hafa verið „endileysa ein“; en til eru nokkrar lausavísur eftir hann í þættinum, og eru allar frá hirðdvöl hans í Noregi og meir eða minna gamansamar, sumar nokkuð klúrar. Halli var græsku-

Digitized by Google

laus æringi og gerði engum ilt, en gaman þótti honum að beygja stórbokka sem Einar flugu.

Samtímis þessum skáldum var Þorleikr fagri, ef til vill af Laxdæla ætt; vjer vitum ekki annað um hann, en að hann fór utan 1051 og fór til Sveins konúngs í Danmörk, en vildi ekkert við Harald eiga; á leiðinni orti hann flokk um Svein konúng Úlfsson og eru til ekki allfáar vísur úr; eru þær um orustur Sveins. Hann dregur taum Sveins og er það sjaldsjeð hjá skáldum.

Meðal síðustu skálda 11. aldar og þessa tímabils er kunnastur Steinn Herdísarson, dótturdóttursonur Einars skálaglamms. Um ævi hans vitum vjer ekkert nema að hann var í Noregi 1062 og var þá í Nizarorustu og orti flokk um (til 7 vísur). Síðan var hann hjá Ólafi kyrra og aðalskáld hans, en hvað lengi hann var þar, vitum vjer ekki. Þessi Steinn er allur annar en Hallar-Steinn. Auk kvæðisins er nefnt var orti Steinn Úlfsvísur, erfikvæði um Úlf stallara, frænda sinn, er dó 1066; ein vísa til. Hið síðasta kvæði hans, er þekkist, er Óláfsdrápa um Ólaf kyrra (rúmar 15 vísur til), og er það um ævi Ólafs og ferðir fram að 1070. Steinn er ekkert sjerlegt góðskáld og hann lánar óspart frá eldri skáldum. Hjá honum er það eiginlega að maður fyrst fer að finna afturför, einkum að því er snertir kenningarnar.

Annað skáld Ólafs var Þorkell hamarskáld, er hefur víst oft verið í Noregi. Hann orti um Eystein orra, er fjell með Haraldi 1066 (týnt kvæði), Óláf kyrra (líka týnt) og um Magnús berfœtt, erfikvæði, er nokkuð er til af.

Digitized by Google

Erum vjer nú komnir að skáldum Magnús berfætts, eða hjer um bil að árinu 1100; og lúkum vjer þar með hirðskáldakaflanum fyrsta. Það er glæsilegasti kaflinn í skáldskaparsögunni; þau skáld, er hjer hafa verið nefnd, eru fá í samanburði við öll þau, er vjer vitum nöfn á (á 3. hundrað), og er kveðskapur þeirra að nokkru leyti undirstaða sagnanna, er ritaðar voru á næsta tímabili.

Að lyktum viljum vjer hnýta hjer við tveimur skáldum, er líklega fóru aldrei út fyrir landsteinana en ortu kvæði um innlend stórmenni; að framan hefur verið getið nokkurra, er og hafa ort um íslenska menn auk annara höfðingja erlendra. Þeir tveir eru:

Oddr breiðfirðingr; um ævi hans vita menn ekkert, nema hann hefur lifað um aldamót 1000 og eflaust átt kyn sitt við Breiðafjörð. Hann orti drápu um Illuga á Gilsbakka, Illugadrápu, og eru tvær vísur til um deilu Illuga við Kjalleklinga. Hann orti og erfikvæði um Hjalta Þórðarson, er hann flutti í hinu stórkostlega erfi, er Hjaltasynir hjeldu; en af því er nú ekkert til.

Hinn er Þormóðr Trefilsson (Þorkelsson trefils), er og lifði um sömu aldamót, en víst nokkuð lengur. Um ævi hans vitum vjer ekkert, en hann hefur verið mikill vinur Snorra goða, því að um hann orti hann Hrafnsmál og er ort með haðarlagi (málahætti með hendingum dróttkvæðs háttar); úr því eru til nokkrar vísur, allar um afrek og orustur Snorra; sú fyrsta er um víg Arnkels goða (um 983) og hin síðasta um Bitrubardaga (um

Digitized by Google

1010); einhvern tíma þar á eftir er kvæðið ort og fyrr en Snorri dó (1031). Kvæðið er prýðisvel ort og það er í því fornlegur kraftur og kveðandi.

Svo eru tvö kvæði eftir ónafngreinda höfunda, er vert er að nefna; eru þau í aðra röndina nokkuð skyld eddukvæðum. Þau eru:

Bjarkamál en fornu, kvæði frá 10. öld; ekki nema örfáar vísur eru til nú úr því; upphafið, tvær vísur, eru tilfærðar í Heimskringlu, þar sem sagt er, að Þormóður hafi kveðið kvæðið hátt og snjalt og kveðið dug í herinn rjett á undan Stiklastaðabardaga. Svo eru til 3 vísur, er aðeins eru kenníngar á gulli, og ef til vill nokkur vísuorð að auki. Það er erfitt að gera sjer neina glögga hugmynd um kvæðið af þessum brotum; en Saxi, söguritari Dana, hefur haft kvæðið og ort það um á latínu; það hefur eflaust verið gott og göfugt kvæði.

Darraðarljóð; svo nefnist kvæði eitt, er stendur í Njálu; segir sagan, að maður nokkur, er Dörruður hjet (þetta er sjálfsagt tilbúningur) og bjó á Katanesi, sá sýn; hann sá tólf konur ríða til dýngju einnar; þar færðu þær upp vef; höfðu höfuð fyrir kljásteina, þarma úr mönnum fyrir viftu og garn, sverð fyrir skeið osfrv., og þær áttu að kveða vísurnar (11 tals). Kvæðisefnið er spá um mikinn bardaga og blóðugan (Brjánsorustu, Clontarfsbardagann 1014); þær kveða um vefinn, bardagavef og sigurvef um úngan konúng, eflaust Sigtrygg silkiskegg, er reyndar var ekki í sjálfri orustunni; höfundurinn er Norðmannamegin. Konurnar eru

Digitized by Google

valkyrjur og kvæðið er kröftugt bardagakvæði, einstakt í sinni röð. Hver muni hafa ort þetta kvæði — og eins Bjarkamál, hvort heldur norðmaður eða íslendingur, er ómögulegt að segja. En sennilegast er að Darraðarljóð sje ort ekki alllöngu eftir bardagann.

Annar kafli.

Um 1100—1300.

Fyrsta grein.

Um skáldskapinn.

Skáldskapur þessa tímabils er beint áframhald af þeim fyrra að flestu leyti. Konúnga- og höfðingjakvæði eru ort tímabilið út, og það er allur fjöldi höfðingjaskálda til, en furðulítið til eftir næsta mörg af þeim; um Sverri ortu 13 skáld (eftir Skáldatali), en af kvæðum þeirra allra er valla ein vísa til; kemur þetta til af því, að kvæðin höfðu nú ekki lengur sama gildi sem fyrr. Hvort höfðingjar þessa tímabils hafa haft jafnmikið álit á skáldskapnum sem að undanförnu, er efamál; en það var nú orðið vani, að með konúngum væru skáld, er ortu um þá, og þessi vani hjelst; þó er valla vafi á því, að sumum konúngunum hefur þótt mikið varið í kvæði sín. Frá hálfu Íslendinga voru að mörgu eða flestu leyti sömu orsakir eða hvatir til að þeir hjeldu

Digitized by Google

áfram að kveða um konúnga sem fyrr. Þá fyrst er landið hafði gefið sig undir konúngsvald í Noregi, gjörbreyttist samband Íslendinga við konúng; þá urðu þeir þegnar hans sem Norðmenn sjálfir, og þurftu nú ekki annara meðmæla við konúng en að þeir voru þegnar hans. Þar að auk urðu utanferðir Íslendinga yfir höfuð færri og færri af ýmsum orsökum. Fyrir því er það vel skiljanlegt, að konúngakvæðin enda undir lok 13. aldar.

Þó að þessi kveðskapur sje beint áframhald af kveðskap fyrra tímabilsins og honum líkur í öllu eðli sínu, þá má þó sjá ýms afbrigði að því er snertir form og kenníngar; um efni hans og tegundir skal þar á eftir talað.

Bragarhættirnir eru að vísu þeir sömu sem áður og dróttkvæður háttur mest af öllu notaður; en það er auðsjeð, að menn eru farnir að hugsa um þá svo að segja á vísindalegan hátt og skoða þá strángar en áður; það mynduðust fastar reglur um rjetta og fullkomna hætti og afbrigðin frá því sem svo er nefnt. Afbrigði, er eldri skáldin leyfðu sjer, og ýms smáeinkenni, t. d. fleiri hendíngar en tvær, setníng stuðla og mart fleira var nú farið að skilja sem sjerstakar háttategundir og voru þeim svo gefin sjerstök nöfn (alveg eins og miklu síðar fór með rímnahættina). Þessi meðferð hófst snemma og kemur fram í Háttalykli (um 1140—50) og enn skýrar og fullkomnar í Háttatali (um 1223). Neina sjerstaka þýðíngu eða almenna útbreiðslu fengu þessir bragarhættir þó ekki og voru sjaldan hafðir í heilum kvæðum (helst tvískelft; Rekstefja). Merkilegt er það, að skáldin um 1100

Digitized by Google

taka fornyrðislagið upp og yrkja með því konúngakvæði; slíkt átti sjer aldrei áður stað, og mun víst einhver misskilningur hafa ráðið. Sömuleiðis er kviðuháttur stöku sinnum við hafður. Alt fær nú svo að segju „lært“ snið, listarsnið.

Að því er snertir kenningarnar, eru þær alveg eins að gerð sem að undanförnu, og hvernig þær voru og áttu að vera, fáum vjer besta hugmynd um af eddu Snorra. Að þessu leyti er engrar breytingar að geta. En skáldin fara nú að skoða þær auðsjáanlega öðruvísi en áður; það er eins og hinn upphaflegi tilgángur þeirra sje, ekki beinlínis að fullu gleymdur, en vanræktur. Þær eru nú mestmegnis skoðaðar sem hvert annað nafn eða orð, er viðhafa megi alveg eftir geðþótta og án tillits til efnis og eðlis. *Sverða viðr* verður ekki beinlínis eða ekki eingöngu = hermaður, heldur = maður blátt áfram og alment um hvern sem talað er. Blindan aumingja, er fjekk sjón sína af blóði Ólafs helga, kallar Einar Skúlason „árr orms landa“, en það er alt of viðhafnarmikil kenníng í sjálfu sjer, en merkir hjer aðeins „mann“. Með öðrum orðum, kenningarnar verða nú meir eða minna tóm vísufyllíng og tómt málskrúð, „dauður bókstafur“, ef vill; hið upphaflega líf og fjör er farið eða er á förum, og því lengur sem líður niður á við, því meiri verður tómleikinn. Þó skal því ekki neitað, að ýms skáld kunna enn að fara vel með þær og setja þær vel og rjett saman og hafa þær í rjettum skorðum; en það er eins og maður þó finni oft „lærdóminn“, en ekki að kenníngin hafi fæðst af innra hugarljósi og eins og af sjálfri sjer. Af öllu

Digitized by Google

þessu verður skáldskapurinn miklu daufari og bragðminni en ella. Bragarhátturinn gat ekki án kenninga verið til fulls fremur nú en áður og svo var það orðið margra alda síður að yrkja svo. Það hefði mátt búast við því, að t. d. þeir sem ortu helgikvæði hefðu reynt til þess að losa sig við hinar fornu kenningar; en það er öðru nær; þeir hafa sömu aðferðina og hinir og mynda sjálfir nýjar kenningar á guði, Kristi, helgum mönnum og ýmsum trúarhugmyndum, en hinu verður ekki neitað, að þeir hafi heldur hliðrað sjer hjá kenningum þeim, er báru altof heiðinn blæ. Hjá þeim verða kenningarnar í raun og veru miklu tilkomuminni og þeir hafa átt góðan þátt í því að gera þær svo almennar og þýðingarlausar.

Tegundir skáldskapar eru þær sömu og áður. Höfðingjakvæðin og söguljóðin alveg hin sömu og með sömu einkennum. Stöku kvæði eru nú og ort um innlenda höfðingja og atburði; eitt skáldið tekur upp gamla siðinn eftir Þjóðólfi og Eyvindi að yrkja ættartölukvæði (Noregs konunga tal um Jón Loptsson, d. 1197) og með sama hætti. Hjer sjest aftur lærdómurinn. Og ekki síður birtist hann og sögufróðleikurinn í þeim kvæðum, er menn fóru nú — og nú fyrst — að yrkja um fornhetjur og forna viðburði (Rekstefja um Ólaf Tryggvason, Geisli um Ólaf helga; Búadrápa og Jómsvíkingadrápa, Íslendingadrápa um Íslendinga á 10. öld osfrv.). Þessi kvæði höfðu auðvitað hvergi nærri þá þýðingu sem kvæði samtímisskáldanna, enda notaði Snorri engin slík kvæði.

Digitized by Google

Níð- og háðkveðskapar gætir lítið nú sem fyrr; það spretta upp háðvísur við ýms tækifæri, svo að í frásögur sje fært (t. d. í brúðkaupinu á Reykjahólum 1119; og stundum á 13. öld, þegar virðingin fyrir lögunum var troðin undir fótum). Þær eru með sömu einkennum sem fyrr, nokkuð grófar og ekki sjerlega fyndnar.

Sömuleiðis spretta upp við ýms tækifæri draumvísur og eru þær að sumu leyti einkennilegar.

Meira kveður að helgra manna kvæðum; nú er ort ekki alllítið af þeim. Þau eru með sömu ummerkjum og höfðingjakvæðin og má vel telja þau til þeirra eða sem tegund af þeim. Á 11. öld vitum vjer ekki nema um fá þess kyns kvæði, en á 12. öld, einkum síðara hluta hennar, og svo á 13. öld hefir þessi kvæðategund tekið allmiklum þrifum. Mitt á milli þeirra og konungakvæðanna er drápurnar um Ólafana, er nefndar voru. Höfundar þessara helgikvæða eru flestir ónefndir.

Að lyktum skal allur sá vísna- og kvæðabálkur nefndur, er finst í hinum svonefndu Fornaldarsögum; þar eru heil kvæði og fjöldi vísna og lögð í munn þeim mönnum er koma fyrir, stundum líka öðrum verum (kynjaverum). Öll þessi kvæði eru ort á þessu tímabili, engin fyrr svo að hægt sje að sanna.

Gildi þessa kveðskapar er nú að öllu samtöldu miklu minni en áður. Það er auðvitað að fyrir hina gömlu goðafræði getur hann ekki hafi neitt verulegt gildi, engin goðakvæði eru ort framar (að undanskildu einu eddukvæði eða svo; það er „lært“ kvæði) og kenningarnar eru nú ekkert nema stæl-

Digitized by Google

ingar og þýðingarlausar. Sem sögukvæði er gildi þeirra meira, einkum að því er snertir fyrra hluta 12. aldar, en hvergi nærri eins og áður. Það kemur ekki til af því, að höfðingjakvæðin væru ekki nú sem fyrr um orustur og sanna viðburði; heldur var orsökin sú, að söguhöfundarnir þurftu þeirra alls ekki framar með eða að minsta kosti tæplega. Þeir höfðu nú alt aðrar, auðugri og því miklu betri heimildir að ausa af, nefnilega sína eigin samtíismenn, orð og frásögur þeirra, er sjálfir voru sjónar- og heyrnarvottar og gátu rækilega sagt frá öllu, smáu sem stóru. Karl ábóti ritar sögu Sverris á þennan hátt, en hann tilfærir ekki eina vísu úr kvæðum allra 13 skálda Sverris. Einar Skúlason er hjerumbil hinn síðasti, er vísur eru tilfærðar eftir að mun af höfundum 12. og 13. aldar. Það er ekkert að marka, þótt Sturla Þórðarson hafi sett svo mikið af kvæðum sínum (og Ólafs bróður síns) í sögu Hákonar gamla, er hann setti sjálfur saman; kvæðin eru hjer ekki sett fyrir heimildar sakir, því að orð Sturlu í ljóðum voru ekki betri en saga hans; hann setur vísurnar inn aðeins fyrir síða sakir, aðeins til þess að hið gamla söguform haldi sjer með tilfærðum vísum hjer og hvar. En sögugildi hafa þær ekki neitt.

Það leiðir af sjálfu sjer, að gildi kvæðanna er nú og miklu minna að því er snertir almenna menníngarsögu og fegurðartilfinníngunа. Nú var einmitt það sem átti að hafa fegurðaráhrif tóm stæling og kalt flúr, og öll söguritin hafa óendanlega miklu meira gildi að því er almenna menníng og hagi þessa tímabils snertir. Það er því miklu

Digitized by Google

minna gaman að kveðskapnum nú; þó eru ýms góð kvæði til og einkum allmargar góðar lausavísur.

Mest gildi hafa kvæðin að því er málið snertir og orðmyndir þess; og þó er það ekkert á við það sem áður var. Ritin frá 12. og 13. öld sýna oss málið miklu fullkomnar en kvæðin, en hitt er líka víst, að þau gefa oss margar og merkar bendíngar um það og orðmyndirnar og breytíngar þeirra, er vjer mundum ekki vita eins vel um. Einkum á þetta við 12. öldina; frá henni eru nú aðeins örfá handrit til.

Eitt sýnir þessi kveðskapur fremur öllu öðru: lyndi Íslendínga, vanafestu og fastheldni og vöntun á hæfilegleikum til þess að finna nýtt upp. Þetta kemur fram í sögu þeirra alt til vorra daga. Og svo sýnir hann og, að það var sagan, sögufræðin, sem var þeirra eiginlegu og svo að segja einustu frumfræði. Því að öll kvæðin eru reyndar ekki annað en saga.

A. Höfðingjaskáld m. m.

Markús Skeggjason (f. um 1040, d. 1107) var einn af hinum merkustu lögsögumönnum Íslands (1084—1107) og var hinn lögfróðasti maður og í mesta áliti; hann var einn af heimildarmönnum Ara fróða. Annars vitum vjer ekki mikið um hann. Af Skáldatali sjest, að hann hefur ort um Inga konúng Steinkelsson í Svíþjóð (1080—1111) og um Knút helga Danakonúng (1080—86), og mætti af því ráða, að hann hafi verið erlendis árin 1080—83

Digitized by Google

eða um það bil. Af þeim kvæðum er nefnd voru er ekkert til, nema ef til vill lítið eitt af kvæðinu um Knút. Ef til vill hefur Markús ort kvæði um Krist. Að minsta kosti er það víst, að hann var mjög guðhræddur maður; það sjest af Eiríksdrápu hans; það er hrynhend drápa um Eirík Danakonúng ægóða (d. 1103) og erfidrápa, líklega ort 1104 eða 1105. Það eru til af henni um 30 vísur og eru þær um ferðir og afrek Eiríks, gjafmildi, rausn og ágæti. Það er mjög merkilegt kvæði og vel kveðið. Hann lýsir Eiríki með mjög sterkum orðum og mikilli aðdáun, enda var Eirikur hinn glæsilegasti höfðíngi. Kvæðið hefur Markús sent Nikolási konúngi, bróður Eiríks. Svo eru til 2 lausavísur eftir hann.

Gísl (Gils) Illugason var sonarsonarsonur Tinds skálds og er f. um 1079. Þegar hann var 6 vetra, var faðir hans drepinn af norrænum manni, hirðmanni Magnús berfætts, er Gjafvaldr hjet. Ekki nema 17 vetra fór Gils svo til Noregs til þess að hefna föður síns. Honum tókst að særa Gjafvald banasári, og var sjálfur tekinn höndum, settur í járn og ætlaður til dráps. Segir vel og rækilega frá atferli Íslendínga við það tækifæri (þar á meðal ræðu Jóns Ögmundssonar, síðar biskups) í þætti um Gils í Magnússögu. Svo fóru leikslok, að Gils fjekk uppgjöf sakar sinnar, líka eftir beiðni Gjafvalds sjálfs. Þegar Íslendíngar brutu upp varðhald Gils, hjelt hann, að það væru konúngsmenn, og orti hann þá fallega vísu, er sýnir kjark hans og skap:

Digitized by Google

Kátr skalk enn, þótt ætli
aldrán viðir skaldi
(járn taka oss at órna)
undateins (at beinum);
hverr deyr seggr, en svarri,
snart 's drengskapat hjarta,
prúðr skalk enn í óði
eitt sinn á þrek minnask.

Gils fjekk hirðstöðu Gjafvalds og var lengi með Magnúsi og tók víst þátt í vesturferð hans hvorritveggju. Síðan fór hann til Íslands og lifði þar lengi vel metinn. Gils orti fyrst kvæði um Magnús, er hann þá höfuð sitt fyrir, en „ekki var mikill skáldskapur í því kvæði", segir sagan, enda er það týnt. Þar á móti eru til 20 vísur úr erfikvæði með fornyrðislagi um Magnús, líklega ort skömmu eftir fall hans (1103). Kvæðið er vel ort og þar eru kröftugar og fjörugar lýsingar; það er yfirlits-sögukvæði. Svo er til lausavísan, er nú var tilfærð.

Haldórr skvaldri; um hann vitum vjer ekkert, nema að hann hefur verið erlendis lengi eða oft (á fyrra hluta 12. aldar); hann fór um meðal margra höfðingja og færði þeim kvæði, og af því hefur hann líklega fengið viðurnefni sitt. Eftir Skáldatali hefur hann ort um Magnús berfœtt, Sóna jarl Ívarsson, Eirík eimuna, Karl jarl Sónason, Inga konung Haraldsson, Sørkvi konúng Kolsson og Jón jarl Sørkvisson — en öll þessi kvæði eru gjörtýnd. Til eru aftur á móti leifar af tveim kvæðum um Sigurð jórsalafara, ein vísa úr Útfararbálki (um jórsalaferð konúngs) og

Digitized by Google

13 heilar og hálfar vísur úr Útfarardrápu (um það sama). Ekki sýnist Haldór eftir þessum brotum að hafa verið neitt stórskáld, en honum hefur auðsjáanlega verið ljett um að yrkja. Loks eru til fáein brot af kvæði um Harald gilla.

Ívarr Ingimundarson er nefndur „vitr maðr ok ættstórr"; hann hefur ef til vill verið Vatnsdælingur. Annars vitum vjer ekkert um hann, nema það sem segir um ástarsorg hans og um það, hvernig Eysteini konúngi tókst að hugga hann; þátturinn um það er mjög fallegur. Til Íslands hefur Ívarr ekki komið framar. Hann lifði fram yfir 1139. Því miður er svo lítið til af kvæðum hans, en hann hefur líklega verið í betri skálda röð. Ívar orti um Magnús berfætt og þá bræður Sigurð og Eystein, en öll eru þau kvæði týnd. Þar á móti er til allmikið af kvæði hans um Sigurð slembidjákn, Sigurðarbálki (með fornyrðislagi). Það er erfi- og ævikvæði, einfalt og laglegt, en ekki meir.

Þórarinn stuttfeldr fór um 1120 til Noregs og ætlaði að gánga suður. Hann hitti Sigurð jórsalafara, er messa var haldin, en söngurinn gekk illa; hirðmennirnir voru druknir, en konúngur kendi Þórarni um og sagði: „Villir hann vísdóm allan | veldr því karl í feldi". Þá kvað Þórarinn vísu og afsakaði ræfla sína (feldinn, er hann fjekk viðurnefni sitt af). Daginn eftir flutti Þórarinn Sigurði drápu, Stuttfeldardrápu, er nokkrar vísur eru til úr um útferð Sigurðar; hún er ort með tøglagi. Við hirð Sigurðar var Árni nokkur fjöruskeifr, norðmaður, og talinn með skáldum; honum var illa

Digitized by Google

við Hákon mörstrút og fjekk Þórarin til að yrkja háðvísu um Hákon; Þórarinn ljet tælast, en þegar hann fjekk að vita hvernig ástatt var, sættist hann við Hákon og orti napra vísu um Árna, er hljóðar svo:

Fullvíða hefr frœðum
Fjöruskeifr of her veifat
lystr ok leiri kastat
lastsamr ara ens gamla,
ok vant eina kráku
orðvandr á Serklandi
(Skeifr, bart Högna húfu
hræddr) varliga brædda.

Þórarni hefur verið ljett um að yrkja, og hefur víst verið skáld í betra lagi.

Einarr prestr Skúlason (f. um 1090, d. eftir 1160) er höfuðskáld 12. aldar og aðalhirðskáld. Vjer vitum allmikið um ævi hans og ýmsar smásögur eru til skrýtnar um hann, er sýna að hann var mesti fjörmaður, kátur og glaðlyndur, og um fram alt svo að segja talandi skáld. Hann var eflaust af Mýramanna ætt, og 1143 er hann í hinni fornu prestaskrá talinn með prestum vestanlands. Hvar eða hvernig hann hefur numið klerklegar listir, vita menn ekki. Hann hefur farið úngur í fyrsta sinn utan og var með Sigurði jórsalafara; þar hittum vjer hann fyrst 1114, og er þá kær vinur konúngs, eins og sjá má af smásögu einni; þá sýndi hann og, hve fljótur hann var til að yrkja. Þar á eftir hefur Einar verið með mörgum Noregskonúngum, en líklega hefur hann og verið heima á Íslandi á milli.

Digitized by Google

Hann var í Noregi um 1124, og hann var með Haraldi gilla, Magnúsi blinda og þeim Haraldssonum (um 1148), 1153 kvað hann Geisla í Kristkirkju í Þrándheimi. Eysteinn Haraldsson gerði hann stallara sinn, og Einar var í miklum kærleikum hjá honum. Eysteinn henti gaman að kveðskap Einars og þeir bræður; sem dæmi þess og hve Einari var ljett um að yrkja, viljum vjer tilfæra eftir Morkinskinnu smásögu eina. Einar kom eitt sinn þar, er hýða átti leikaraveslíng, er stolið hafði kiði og etið föstudag, og þótti Einari víst refsingin hörð og segir: „hart vilið þér nú búa við Jarlmann, félaga várn"; þá sagði konúngur, að það skyldi undir honum komið — „vísu skaltu yrkja, ok meðan þú yrkir [en ekki lengur] skal hann hýða". Einar svaraði: „Þat mundi hann vilja Jarlmaðr, at mér yrði eigi alltorfynt"; en fimm högg lustu þeir hann; þá var vísan búin og leikari slapp við frekari barsmíð; en vísan er svo:

Austr tók illa kristinn
Jarlmaðr frá búkarli
(gráðr var kjöts á kauða)
kiðling, hinn 's' slær fiðlu;
vöndr hrökk, vámr lá bundinn,
vísmáll, á skip þíslar,
söng leikara lengi
límí barðan príma.

Einar fór og á þessum árum til Danmerkur og færði Sveini svíðanda (graða) kvæði, en þóttist fá lítil laun fyrir og kendi um nísku Rípa-Úlfs. Einari var eins ljett um að yrkja og Sigvati, en hann nær

Digitized by Google

honum ekki, hvorki að frumleik nje krafti; þótt Einar yrti vel og eftir öllum reglum listar sinnar, finnur maður hjá honum, að það er öllu fremur listin sjálf, er honum er annast um, en beinlínis efnið. Hann var allra manna vinsælastur og hefur eflaust verið vingjarnlegur og laðandi í öllu sínu dagfari; hann hefur aldrei blandað sjer í deilur konúnga í Noregi, en hefur viljað hafa frjálsar hendur til þess að vera vinur hvers fyrir sig; hann var ráðvandur maður og græskulaus; sjálfsagt trúmaður, en ofsamaður enginn, eins og sjest af sögunni um Jarlmann; frá kirkjunnar sjónarmiði var það eiginlega sálarháski að eta kjöt á föstudegi. Hann sver sig að þessu leyti í ætt við hina skynsömu landa sína, er jafnaðarlega hafa reynst ofsatrúarlausir. Af kvæðum Einars vitum vjer um þessi. Kvæði um Sigurð jórsalafara; nokkrar vísur til; en ekkert til af kvæðum um þá Eystein og Magnús blinda. Tvö kvæði um Harald gilla, annað með tøglagi, og er nokkuð til af báðum; þau eru frá 1131—35. Ef til vill hefur hann ort eitt kvæði um alla Haraldssonu (eftir 1142); ein vísa til úr því, ef svo er. Af kvæðum um Sørkvi Kolsson, Jón Sørkvisson og Svein sviðanda er ekkert til, en þau munu hafa verið ort um 1152. Svo kemur aðaldrápa hans Geisli eða Óláfsdrápa, sem hún hefur upphaflega heitið. Það var þetta kvæði, er hann flutti í sjálfri Kristkirkju í Niðarósi, „ok varð þat með miklum jartegnum ok kom dýrligr ilmr í kirkjuna, ok þat segja menn, at þær áminningar urðu af konunginum sjálfum at honum virðisk vel kvæðit“. Það er ekkert efamál, að þetta

Digitized by Google

hefur verið 1153 (en ekki 1152, er hinn fyrsti erkibiskup í Niðarósi var vígður, sem sumir hafa ætlað). Kvæðið er til vist alt saman og er 71 vísa. Það má kalla nokkurs konar helgikvæði um Ólaf helga. Það eru verk Ólafs, sem Einar kveður um, ekki orustur hans, meðan hann lifði, og önnur verk, heldur tákn hans og jartegnir, sem hafa birst hingað og þangað, jafnvel meðal Væringja í suðurlöndum; Ólaf kallar hann „geisla guðs hallar"; þar af mun nafnið dregið. Þetta kvæði hefur verið skoðað aðalkvæði Einars og verið fyrirmynd síðari helgikvæða. Það er auðvitað vel ort og frágangur góður; en það er fult af kenningum og því verður ekki neitað, að það er ekki fjörmikið og fremur kalt; það vermir ekki á nokkurn hátt, og er það ekki efninu að kenna, heldur meðferð þess. Það hvílir andleg ró yfir því öllu; en engum vafa er það bundið, að skáldið hefur trúmaður verið. Af síðustu vísunni sjest, að það er Eysteinn konúngur sem hefur beðið Einar að yrkja drápuna. Um Eystein sjálfan orti hann runhenda drápu, og er nokkuð til af; sömuleiðis orti hann um Inga konúng (5 vísur til) og um Indriða unga (d. 1163), en það er týnt. Eftir 1157 orti Einar erfikvæði um Eystein (vísa til úr því). Loks orti hann Elfarvísur um Gregórius Dagsson um orustuna í Elfi 1159 (2 vísur til). Auk þessa eru hjer og hvar (mest hjá Snorra) tilfærðar ýmsar vísur og vísuhelmingar; sumt af þeim er vafalaust úr kvæðunum, en ómögulegt að heimfæra þær með vissu. Sumar eru um ágæta öxi, er Einar hefur þegið, og eru þær líklega úr flokki, er þá mætti nefna Øxarflokk. Honum eru

Digitized by Google

og eignaðar þuluvísur (bylgjunöfn og eyjanöfn). Og svo eru til ekki allfáar lausavísur, og hefur nokkurra verið getið.

Af öllum þeim skáldagrúa, er vjer þekkjum mest að nafninu einu til, frá síðara hluta 12. aldar og um aldamótin 1200, nefnum vjer aðeins Mána (Skáldmána), er var með Magnúsi Erlingssyni og orti háðvísur um leikara (sjá 41. bls.). Hann lifði fram á 13. öld, því að hann orti vísu um gjafir þær, er Hákon galinn sendi Snorra Sturlusyni. Hallbjörn hali orti kvæði um Þorleif jarlskáld og erlenda höfðingja. Svo koma höfuðskáld 13. aldarinnar og er þar fyrstur

Snorri Sturluson. Vjer munum síðar skýra nákvæmar frá ævi þessa manns, er einna er merkastur í bókmentasögu lands síns. Hjer skal þess aðeins getið, að hann er fæddur 1178, kom prevetur til Jóns Loptssonar í Odda og hefur líklega þar snemma komist í kynni við skáldskap og skáldskaparlistina; hann var sjálfur af skáldaætt (Mýramannaætt; ætt Markús lögsögumanns). „Hann gerðisk skáld gott", segir Sturlúnga, og hefur það eflaust verið snemma, að hann tók til þess; hann hefur eftir Skáldatali ort um Sverri konúng (d. 1202), en hvort það kvæði hefur verið ort að Sverri lifanda eða ekki, er óvíst; en valla hefur það verið ort löngu eftir lát hans. Snorri var maður bráðþroska. Stórskáld í eiginlegri merkíngu var hann aldrei; en honum var mjög ljett um að yrkja, og enginn hefur betur verið að sjer í skáldskaparlistinni sem list en hann og enginn hefur stundað hana og rannsakað á vísindalegri hátt og með meiri

Digitized by Google

nákvæmni en hann. Hann yrkir jafnljett með hverjum bragarhætti sem er, sigrast á öllum erfiðleikum, er hátturinn og hann sjálfur setti sjer; og þó eru kvæði hans ekki torveldari eða orðum skipað óeðlilegar en hjá flestum öðrum, nema síður sje. Þau eru eitthvað ófrumleg kvæði hans; hugareldur og fjör er ekki í þeim; þau eru líkari kvæðum Einars Skúlasonar, frænda hans. Kenningar Snorra eru, sem von er til, keiprjettar og samkvæmt hinum gömlu reglum íþróttarinnar. En lærdómurinn er hjer auðsjáanlega kominn að nokkru leyti í stað meðfæddrar, frumlegrar skáldgáfu. Í lausavísum sínum, þótt fáar sjeu, sýnir Snorri sína eigin lund; hvort sem hann er bitur eða smáhæðinn eða dáist að fríðleik kvennmanns, er altaf sem einhver ró og jafnvægi hvíli yfir sálu hans. Als og als var það aðeins tómur fjandskapur, að Sunnlendingar, óvinir Snorra, hæddust að kvæði hans um Skúla jarl eða að einu orði í því og keyptu mann til að yrkja háðvísu um hann; í henni stendur að „meira sævar hrægamms [arnar] leir hafi aldrigi komit fyrir horska jöfra“ — slíkt hefur eflaust verið ránglátt, enda líkaði Snorra það illa. Af 4 fyrstu kvæðum Snorra, er sögur fara af, er nú ekkert til; það voru kvæði um Sverri, um Hákon jarl galin (ort um 1212), er hann fjekk góðar gjafir fyrir (sverð, skjöld og brynju; um það orti Máni vísu), um Kristínu Nikolásdóttur, er fyrr var gift Hákoni og síðar Áskeli lögmanni í Vestra-Gautlandi; kvæðið hjet Andvaka og er vist ort um 1213—14 eftir áskorun Hákonar. Löngu seinna heimsótti Snorri Kristínu og Áskel og var tekið með mestu virktum; hún gaf

Digitized by Google

honum merki, er átt hafði Eiríkur Knútsson. Fjórða kvæðið var um Inga Bárðarson (d. 1217). Svo orti Snorri um Skúla jarl Bárðarson; þeir voru alla tíð mestu vinir og meiri en Hákon konúngur og Snorri. Þetta kvæði er ort um 1218, er Snorri fór fyrra sinn til Noregs. Úr því er ekki til nema stefið, og er það alhent; þar stendur orðið „harðmúlaðr“ um Skúla, er Sunnlendíngar skopuðust svo napurt að. Annað kvæði um Skúla er týnt. Þá kemur aðalkvæði Snorra, Háttatal, og er alt til; það er eiginlega þriðji og síðasti hluti eddu hans og fylgja því skýríngargreinir við hverja vísu svo að segja, er skýra bragarháttinn og eru þær og eftir Snorra. Kvæðið er 102 vísur, en skiftist í 3 kvæði eða deildir; er hið fyrsta um Hákon, annað um Skúla og hið þriðja um þá báða, og þó helst um konúng. Þau eru um mannkosti þeirra og rausn, og er lofið mikið, og svo um ýmsa bardaga og viðburði; hinn síðasti viðburður er frá árinu 1221; þykir því mega ráða, að kvæðið sje ort skömmu síðar og líklegast veturinn 1222—23. Hið fyrsta kvæði, 1—30 vísa, hefst með dróttkvæðum hætti í sinni fullkomnustu mynd, „með þeima hætti er flest ort, þat er vandat er; þessi er upphaf allra hátta, sem málrúnar eru fyrir öðrum rúnum“, segir Snorri; hættirnir eru hjer aðeins afbrigði frá fullum dróttkvæðum hætti, og þau oft næsta lítil; munurinn er fólginn í kenníngatölu og lengd og ýmsu þess konar. Kvæðinu er skift í flokka með 3 eða 2 × 3 vísum í og svarar 14—26 til 1—13; v. 27—29 er viðbót og 30 endir. Annað kvæðið tekur yfir 31—67. vísu og skiftist í fernar níundir vísna og er áframhald

Digitized by Google

af hinu fyrsta; hættirnir eru aftur hjer afbrigði frá dróttkvæðum hætti; hjer til heyra og stúfar, er samstöfur eru teknar úr, og svo eru hinir meiri hættir, kimblabönd og hrynhendir hættir, er samstöfum er bætt við. Hjer koma og fyrir nokkrir fornskáldahættir (Torfeinars, Egils osfrv.); Snorri hefur tekið eitt vísuorð hjá þessum fornskáldum, er honum hefur þótt einkennilegt og býr svo til alla vísuna eftir því, en svo reglulega hefur ekkert þeirra í raun rjettri ort. Í þriðja kvæðinu, 68—102. vísu, eru viðhafðir hinir smærri hættir, tøglag, fornyrðislag osfrv., og skiftist það og í þriggja vísna flokka. — Snorri er auðsjáanlega stoltur af kvæði sínu, „hróðrs ørverðr | skala maðr heitinn vera | ef svá fær alla háttu ort", segir hann, enda er kvæðið að öllu leyti fullkomið að bragarhættinum til; að því er það ólastanlegt. Hver vísa er sjálfri sjer samkvæm; samræmið milli vísuorðanna algjört. Háttakerfið er frá sjónarmiði Snorra mjög skýrt og skilmerkilegt, en það var ekki von til að hann gæti skynjað sögu hinna einstöku hátta til hlítar; þá hefði hann byrjað með hinum smærri háttum. Suma af þeim háttum, er hann sýnir oss, hefur hann líklega sjálfur fundið, t. d. nýja hátt, til þess að fylla kerfi sitt. Ekki er heldur ólíklegt, að Snorri hafi sjálfur fundið sum háttanöfnin eða vikið þeim lítið við. Það er mikils vert að þetta kvæði er alt til, þótt skáldskaparandinn í því sje ekki á jafnháu stigi sem hin meistaralega kveðandi.

Það þykir mega ráða, að Snorri hafi ort kvæði um Guðmund biskup eða að minsta kosti kvæði, er hann biður Guðmund hlýða. Loks eru til nokkrar

Digitized by Google

lausavísur, og má eflaust til þeirra telja tvær í Sturlúngu, er höfundur er ekki nefndur þar. Í þeim sjáum vjer lyndiseinkenni Snorra að ýmsu leyti.

Af hinum mörgu skáldum, er samtímis voru Snorra, nefnum vjer hjer aðeins frændur hans tvo.

Óláfr Þórðarson, hvítaskáld (f. um 1210, d. 1259). Ólafur hafði fengið mentun og var súbdjákni að vígslu. Hann kom síður fram í almennum málum en frændur hans, var spakur í lund og friðargjarn maður. Hjá Snorra föðurbróður sínum var hann 1236, fór utan með honum árið eftir og var um veturinn í Noregi með Skúla; svo fór hann til Svíþjóðar en var með Hákoni konúngi annan vetur, fór svo til Danmerkur og var með Valdimar konúngi mikla (d. 1241) og gerðist honum handgenginn og var vel virður. Hann og konúngur hafa oft haft lærðar samræður um málfræðisleg efni og önnur, að því er ráða má af hans eigin orðum. Skömmu síðar hefur hann horfið heim í átthaga sína og nú stofnaði hann skóla og hjelt í Stafholti. Hann var lögsögumaður 1248—50 og 1252, en kvað lítið að honum. Um ritgjörð hans um málskrúð skal síðar rætt. Ólafur var gott skáld, ef til vill besta skáld sinnar tíðar. Það er fjör og flug í kvæðum hans og hann hefur haft frumlegri og sjálfstæðari skáldgáfu en frændur hans; sömuleiðis hafa kenníngar hans miklu eðlilegra sjálfsköpunarblæ, sem segja má, en hjá hinum. En engu síður en Snorri var hann vel að sjer í öllu því er heyrði til kveðandi og bragarháttar. Ólafur kvað um Þorlák biskup helgikvæði, og er það týnt; sömuleiðis kvæði hans um Eirík konúng Eiríksson í Svíþjóð,

Digitized by Google

Hákon únga; sama er að segja um kvæði hans um Knút jarl Hákonarson og Valdimar konúng. Þar á móti er lítið eitt til af dróttkvæðu kvæði um Hákon gamla og töluvert af hrynhendu kvæði, er vafi gæti leikið á, hvort heldur væri um Skúla eða Hákon, en mun þó vera um Hákon; það er um orustur og atburði, þar á meðal um fall Skúla (21. apríl 1240). Ólafur leitast af fremsta megni að vera rjettdæmur um skifti þeirra konúngs og Skúla og kveður ekki mega bægjast við örlögin. Um Árón Hjörleifsson, mesta dugnaðarmann, er varð að flýja land sakir vígaferla, orti Ólafur drápu (2 vísur til), og af drápu um Tómas (Beckett) erkibiskup eru ef til vill til tvö vísuorð. Lausavísur hefur hann eflaust ort margar, en aðeins 2 eru til; þar að auk hefur hann líklega ort sumt af vísum þeim, er hann tilfærir í ritgjörð sinni.

Sturla Þórðarson, bróðir Ólafs (f. 1214, d. 1284). Æviatriða hans skal síðar getið. Hjer skal aðeins þess minst, að hann fór aldrei erlendis fyr en 1263 og hitti ekki Hákon gamla, er þá var á vesturferð sinni; en Magnúsi syni hans varð hann handgenginn og kær vinur, þótt illa á horfðist í fyrstu; Sturla hafði staðið í móti Hákoni og tilraunum hans til þess að ná Íslandi undir sig. Sturla fjekk brátt leyfi til að kveða kvæði sín um Hákon og Magnús, og Magnús á að hafa sagt, að hann hjeldi að Sturla yrti betur en páfinn. Sturla var talinn eitthvert besta skáld sinnar tíðar og víst er um það, að honum var mjög ljett um að yrkja og hann er fullkomlega vel að sjer í bragfræðinni og öllu skáldskaparmálinu. Kvæði hans eru ákaflega liðug og lipur og það er hljómur og hreimur

Digitized by Google

í öllu, er hann yrkir; en fullkomlega frumlegur er hann langt í frá; hann líkir mjög eftir eldri skáldum og lánar hjá þeim orð og setningar; þetta getur stundum hafa verið honum óafvitandi. En það rýrir hann ekki svo lítið, að maður hvað eftir annað rekur sig á þess konar lán, einkum úr Hrynhendu Arnórs, hjá honum. Sem dæmi kveðskapar hans má mart tilfæra, t. d.

Digla eldr var sénn í segli
sviptilundr á dýrðarskriptum,
rísa tóku roðnir hausar,
Rínar logs, of dreka þínum;
unnar, þóttu eisur brenna
Ullar fars af slegnu gulli,
fasti rauð of flota glæstum
flesta rönd, á skeiða bröndum.

Hann líkir líka mjög eftir bragarháttum eldri skálda, viðhefur bæði kviðuhátt og haðarlag. Kenningafjöldi fer sem endrarnær mjög eftir því, hvort hátturinn er auðveldur eða torveldur; í Hrafnsmálum er fjöldinn allur af kenningum, en Hrynhenda hans er fremur auðskilin og blátt áfram. Af kvæðum hans eldri en 1263 þekkjast tvö: Þverárvísur og Þorgilsdrápa. Hið fyrra er flokkur um Þverárbardaga 1255; aðeins einn vísuhelmingur til. Þorgilsdrápa er erfikvæði um Þorgils skarða (d. 1258); 3 vísur til (um brunann í Björgyn 1248 og Þverárbardaga). Svo koma 4 kvæði um Hákon gamla, er hann hefur öll ort á árunum 1263—65; Sturla hefur tekið mikið af þeim upp í sögu sína um konúng, en þau eru aðeins ritskrúð en ekki sögu-

Digitized by Google

heimildir; þessi kvæði eru: Hrynhenda; 21 vísa til; er sögukvæði um viðburði í lífi Hákonar frá 1247 til 1262 og um vald hans og ríkidæmi. Þetta var fyrsta kvæðið um Hákon, er Sturla ætlaði að flytja honum 1263. Það er allföngulegt og vel ort, en óþarfi að lýsa því frekar. Hákonarkviða (með kviðuhætti); 42 vísur til; það hefur verið um ævi Hákonar fram að 1247 (að Hrynhendu), að því er sjeð verður, og hefur valla verið öllu lengra en það sem nú er til. Hrafnsmál (með haðarlagi); 20 vísur til, og er um vesturferð Hákonar og dauða. Hákonarflokkr, 10 vísur rúmar til; hann er um afrek konúngs, dauða hans og þjóðarsorg eftir hann.

Sagt er, að Sturla hafi ort „mörg kvæði“ um Magnús lagabœti, og er það trúlegt, en af þeim er nú svo að segja ekkert (2 vísur) til. Heldur ekki er neitt til af 2 kvæðum um Birgi jarl, Birgisflokk (1264) og Birgisdrápu. Af lausavísum eru til 4 (ein, merkileg, um Gizur jarl og sviksemi hans) og eru það góðar vísur.

Hjer við skal bætt þremur, er ortu aðeins um íslenska höfðíngja, samtímismenn sína: Þórðr Rúfeyjaskáld (á fyrra hluta 12. aldar) orti um Þorgils Oddason, en þá ekki laun fyrir. Kvæðið er týnt, en til er lausavísa um Þorgils. Ingjaldr Geirmundarson er nokkuð kunnur af Sturlúngu (fyrra hluta 13. aldar); hann fór utan með Þórði kakala 1246. Hann kvað Atlöguflokk um Flóabardaga (6 vísur til) og flokk um Brand Kolbeinsson (d. 1245), Brandsflokk (6 vísur til), er ortur eftir fall Brands; Ingjaldur lýsir honum mjög

Digitized by Google

vel, þótt hann heyrði til mótfloknum. Skáldhallr orti líka um Brand og fall hans (6 vísur til). Um Skáldhall vitum vjer annars ekkert. Hann er einn af þeim fyrstu, er nýrri og yngri orðmyndir finnast hjá.

Hjer skal að endingu getið kvæðis um Jón Loptsson, einn hinn mesta höfðingja á Íslandi (d. 1197); hann var dóttursonur Magnúsar berfœtts; höf. yrkir ættartölukvæði um hann og telur ætt hans í móðurföður legg alt upp að Hálfdani svarta og getur um hvað lengi hver konúngur hafi ríkt og segir höf. að hann fylgi áratali Sæmundar fróða (til Magnúsar góða). Kvæðið (83 vísur) er ort með kviðuhætti og er bein stæling af Ynglingatali og Háleygjatali. Það er þurt og óskáldlegt kvæði og mun vera ort um 1190, að Jóni lifanda. Það er kallað Nóregskonungatal, en er ekki rjettnefni.

b. Hjer skulu enn fremur talin nokkur skáld, er hafa ort sögukvæði um löngu liðna tíma, menn og viðburði frá 10. öld. Þessi kveðskapur er „lærður“ og stendur í nánasta sambandi við sögufróðleik og söguritun 12. aldar. Þessi kvæði eru samskonar heimildir fyrir oss sem sögurnar sjálfar, en þau gátu eigi verið heimildir fyrir höfundana þá, enda hafa þeir ekki notað þau. Þar á móti skoðuðu ritarar og safnarar á 14. öld þessi kvæði sem góðar heimildir og tóku þau eða vísur úr þeim upp í sögusamtíning sinn.

Haukr Valdísarson er oss algerlega ókunnur. Eftir hann er Íslendingadrápa; í kvæðinu, sem er steflaust og því eiginlega rángnefnt „drápa“,

Digitized by Google

eru taldir margir fornir Íslendíngar og getið ýmsra verka þeirra og um þá talað í meira eða minna almennum orðatiltækjum; endann á kvæðinu vantar (til 26 vísur og upphaf þeirrar 27.). Kvæðið er vel ort, ekki sjerlega skáldlegt, en merkilegt að efninu til; er fróðlegt að bera það saman við sögurnar; það er ekki ætíð að þeim komi saman. Það er vafalaust ort á 12. öld (síðara hluta hennar).

Hallar-Steinn; um hann vitum vjer heldur ekkert; ef til vill hefur hann verið kendur við bæinn Höll í Þverárhlíð og má til marks um það færa, að hann á að hafa ort um Skáldhelga (er lifði á öndverðri 11. öld og fór til Grænlands), en hann var einmitt ættaður úr þeirri sveit. Steinn hefur verið uppi á síðara hluta 12. aldar. Hann orti Rekstefju um Óláf Tryggvason, líf hans, helgi og furðuverk eða jarteinir. Alt kvæðið er til (35 vísur); það hefur nafn sitt af stefinu, rekstef; því er skipt niður á 3 vísuorð; annars er hátturinn sjerstök tegund dróttkvæðs háttar, er tvískelft heitir (sbr. Háttatal Snorra 28. vísu). Skáldið snýr sjer að kvennfólkinu og biður það hlýða kvæðinu og er það í fyrsta sinn, að slíks verður vart í þess kyns kvæðum. Ef til vill hefur höf. viljað búa til kvæði um Ólaf Tryggvason í líkingu við Geisla um Ólaf helga. Kvæðið er vel ort að hætti, en ber ekki vott um neina sjerlega skáldgáfu. Þar að auk eru til vísnabrot, er sýnast helst vera úr mankvæði.

Þorkell Gíslason orti Búadrápu, um Búa og Jómsvíkingabardaga (986); með runhendum hætti; úr því eru til 12 hálfar og heilar vísur. Það er liðlega ort, en ekki atkvæðamikið. Um höfundinn

Digitized by Google

vitum vjer ekkert, en hann hefur líklegast lifað um sama leyti og þeir, er nefndir voru.

Eftir ónefndan höfund er Óláfsdrápa (í handritinu er hún ránglega eignuð Hallfreði) um Óláf Tryggvason; hún er ekki öll til (miðkaflinn týndur). Það er ævikvæði um Ólaf frá fyrstu ferðum hans til Svoldarbardaga. Höf. er auðsjáanlega prestur eða af hinni andlegu stjett. Eldra en frá 12. öld er kvæðið með engu móti og getur því ekki verið ort af Hallfreði, syni Hallfreðar, er og var nefndur vandræðaskáld. Kvæðið er vel ort og ekki fjörlaust eða sjerlega dauft.

c. Vjer viljum skjóta hjer inn umræðu um tvö skáld, er bæði eru nokkuð andlega skyld þessum, er síðast voru nefnd, þótt ekki sjeu þau íslensk. Það eru þeir orkneyingarnir Rögnvaldur jarl og Bjarni biskup.

Rögnvaldr jarl kali Kolsson er fæddur í Noregi (um 1100); hann ólst upp með föður sínum og var snemma hinn efnilegasti maður, hinn mesti íþróttamaður; í vísu einni telur hann 9 íþróttir, er hann kunni, byrjar með tafli og endar með „harpslátt og bragþáttu“. 1129 gerði Sigurður jórsalafari hann að jarli yfir hálfum Orkneyjum og gaf honum þar með nafn Rögnvalds Brúsasonar (aðalnafn hans var Kali); síðar fjekk hann allar eyjar til yfirráða. Á árunum 1151—53 fór hann sjóveg til Jórsalalands og segir mjög greinilega í Orkneyingasögu frá þeirri ferð og skemtilega; eru margar lausavísur til, er hann þá orti. Þá er hann var kominn heim aftur, hófust deilur og ófriður við aðra stórhöfðingja, er

Digitized by Google

lyktuðu með því að Rögnvaldur var drepinn 1158. 1192 var hann gerður helgur. Rögnvaldur var hinn mesti gleðimaður og fjörmaður, einhver hinn glæsilegasti höfðingi og besta skáld. Einkum vitum vjer, hvað fljótt hann gat ort, og eru allar vísur hans mæta vel kveðnar. Hann unni skáldskap og kunni alt er þar að laut. Í Orkn.s. eru tilfærðar um 30 lausavísur, og allar gamansamar; margar eru frá ferðinni; sjerstaklega skal getið þeirra, er hann orti um hina fögru Ermingerði í Nerbóni. Sem dæmi upp á gamansemi hans og hvað ljett honum var um að yrkja, skal tilfærð sagan um Ásu vinnukonu, er í kulda hafði fallið í vatn og gat ekki komið upp einu orði fyrir skjálfta, en Rögnvaldur kvaðst skilja „orð“ hennar *(atatata, hutututu)*:

Dúsið ér, en Ása
— atatata — liggr í vatni;
„hutututu, hvar skal ek sitja,
(heldr er mér kalt) við eldinn?“.

Einu sinni sem optar kom íslendingur nokkur, Hallr Þorsteinsson breiðmaga til eyjanna og tók sjer vist hjá konu, er Ragna hjet; hann vildi fá hirðvist hjá jarli, en jarl neitaði fyrst. Þá fór Ragna á fund jarls og „hafði gaddan rautt á höfði, gert af hrossahári. Ok er jarl sá þat, kvað hann:

Aldr hefk frétt þats feldu
fránstall konur allar
(verðrat menja myrðir
mjúkorðr) höfuðdúkum;

Digitized by Google

nú tér Hlökk of hnakka
haukstrindar sér binda
(skrýðisk brúðr við bræði
bengagls) merartagli“;

en við Halli tók jarl, og var hann lengi síðan með honum; þetta mun hafa átt sjer stað milli 1140 og 1150. Svo segir í sögunni: „Þeir ortu báðir saman Háttalykil enn forna ok létu vera 5 vísur með hverjum hætti; en þá þótti oflangt kveðit, ok eru nú tvær kveðnar með hverjum hætti“. Af þessu merkilega kvæði, í hinni síðari og styttri mynd, er nú til um 41 vísnatvíund (alls 82, og þó margar í brotum vegna þess að handritið, sem það var í, var illlæsilegt og nú týnt). Það er, eins og nafnið bendir á, samskonar kvæði sem Háttatal Snorra. Hverjar 2 vísur eru með sínum hætti, en það sem greinir kvæðið frá Háttatali, er, að hvorki er háttunum skipað í neitt víst kerfi, svo að sjeð verði og eins og kvæðið er nú til, og að hver vísa er ekki að gerð sjálfri sér svo samræm sem hjá Snorra. Kerfið og reglurnar voru auðsjáanlega ekki nærri eins fastbundnar orðnar þá. Flestir bragarhættirnir finnast hjá Snorra, þótt ekki sjeu nöfnin alveg eins ætið; aðeins 2 hættir, er annar er mjög einkennilegur, koma ekki fyrir í kerfi Snorra (sjá um þetta Bragfræði s. 54—55). Efnið sjálft er mestmegnis tekið úr fornum sögum og sögnum og að því leyti er kvæðið náskylt þeim er síðast var um rætt; það er um Sigurð og Gjúkúnga, Helga, Ragnar loðbrók og syni hans, Svipdag og aðrar fleiri fornhetjur, mest danskar; en í öðrum aðalkaflanum eru taldir

Digitized by Google

allir Noregskonúngar frá Haraldi hárfagra og til Magnúsar berfætts og þó á einum stað skotið inn 2 dönskum konúngum. Að efninu ekki síður en forminu er kvæðið afarmerkilegt. Hvað sje eftir hvorn þeirra tveggja skálda er ómögulegt að segja neitt um. Að því er snertir lýsíngar á þeim hetjum og konúngum, er nefndir eru, er kvæðið fremur ómerkilegt, því að þær eru litlar sem engar; það er mest talað um þá í almennum orðum og þeim lýst sem bardagamönnum og því um líkt.

Bjarni byskup Kolbeinsson, sonur Kolbeins hrúgu, norræns höfðíngja. Bjarni var í móðurætt skyldur Orkneyjajörlum; hann fjekk góða mentun og varð biskup í eyjunum og var merkismaður; hann fór oft sendifarir til Noregs til þess að semja við konúng og var í miklu áliti; hann dó 1222, er hann dvaldi í Noregi í síðasta sinn. Hann var vinur mikill íslenskra höfðíngja svo sem Hrafns Sveinbjarnarsonar og Oddaverja, og sendust þeir á gjafir. Annars vita menn lítið sem ekkert um framkvæmdir Bjarna eða embættisverknað. Skáld hefur hann verið allgott og bera kvæði hans að ýmsu leyti vott um sjálfstæðan hugsunarhátt, en merkilegra er, að hann, einkum í stefinu, lætur í veðri vaka, að hann hafi verið óheppinn í ástum, og það bregður fyrir hjá honum ángurblíðutónum, sem þó eru ekki lausir við kalt skop. Bjarni orti Jómsvíkíngadrápu — og er hún það eina, sem til er með hans nafni. Það er til af henni milli 40 og 50 vísur og er ort með munnvarpahætti (skothendur í jöfnu vísuorðunum, hin hendíngalaus) og er hættinum vel haldið. Hann kallar það sjálfur „sögu-

Digitized by Google

kvæði"; efnið er um heitstrengingar Jómsvíkinga og ferð til Noregs (um jól 986) og bardagann mikla í Hjörúngavogi, og er að mörgu merkilegt að efni sínu. Af hetjunum er Vagn uppáhaldið skáldsins, enda var Vagn líka við ástir kendur, og höf. skýrir frá því með gleði, að hann „gekk at eiga mæta Ingibjörgu" dóttur Þorkels leiru. Söguheimildir skáldsins hafa eflaust verið munnlegar sögusagnir, en ekki ritaðar sögur. Kvæðið er einfalt og auðskilið og fremur gott kvæði; ekki dauft, og þó enginn ofsi í því, og er að því víst mynd af höfundinum sjálfum; hann hefur verið hversdagslega rólegur maður og gæfur, ekki þúnglyndur, en dálítið gamansamur og ekki laus við háðsemi.

Til þessara orkneysku kvæða heyrir eflaust hið svonefnda Málsháttakvæði, það stendur í einu handriti rjett á eftir Jómsvíkingadrápu Bjarna; það sjest af ýmsum orðmyndum, að kvæðið er ekki íslenskt og er helst orkneyskt, ort um 1200; það er sennilegt með öllu, að það sje og eftir Bjarna biskup; það kemur fyrir í því sama sagan um sviknar ástir og brugðin heit, sama ángurblíðan og sama kalda háðið og glensið. Stefið hljóðar svo, og er það hljóðstrengur kvæðisins:

Ekki var þat forðum farald,
Finnan gat þó ærðan Harald;
hónum þótti sólbjört sú;
slíks dœmi verðr mörgum nú.

Bragarhátturinn er runhendur. Nafn kvæðisins (sem er ekki gamalt) bendir á samsetning þess; það er

Digitized by Google

mestmegnis ekkert annað en málshættir, spakmæli og þess konar orðatiltæki, og svo einstöku forn minni, er alt er fljettað saman með hinni mestu snild og eiga þau svo að segja öll við ástir skáldsins, hann sjálfan, tilfinningar hans og vonbrigði og konu þá, er hefur reynst honum svo ótrú og flærðarfull; hann kallar hana Rannveigu; en óvíst er, hvort það er hið rjetta nafn hennar. Vjer lesum alla ástasögu skáldsins í þessum stuttu setningum, er í fyrsta áliti kann að sýnast hrúgað saman reglulaust og tilgángslítið. Kvæðið er alls 30 vísur, en af þeirri síðustu er ekki nema upphafið læsilegt í handritinu.

d. Nafnaþulur. Þótt ekki sje hjer um skáldskap að gera að öðru en forminu, viljum vjer að endíngu geta þessara þulna í fáum orðum. Þess var áður getið, að Einari Skúlasyni væru eignaðar vísur með eyjanöfnum og bylgjunöfnum, og til eru vísur úr Þorgrímsþulu (hesta og uxa nöfn) og Kálfsvísu (hestanöfn); samkynja nafnavísur finnast og í ýmsum eddukvæðum og eru þar innskot. Það er enginn vafi á því, að flest af þess konar vísum og þulum er sett saman til þess að úng skáld skyldu læra þær utanað og hafa nöfnin á reiðum höndum, þegar á þurfti að halda hinu eða þessu, eftir því sem hljóðstafir og hendíngar kröfðu. Þetta eru smá-orðabækur í ljóðum. En lángmesta og merkasta safnið eru þær þulur, er standa í handritum af Snorraeddu. Skiftast þær í tvo aðalbálka, og er hinn eldri (og styttri) frá 12. öld, hinn yngri frá 13. öld. Þær eru allar ortar með forn-

Digitized by Google

yrðislagi, og eru tóm nöfn eða samheiti. Í eldra bálknum eru heiti sækonúnga, jötna, tröllkvenna, Þórs og goða og gyðja og ásynja og valkyrja, konu, manns, orrustu og allskonar vopna, sævar, fljóta, fiska, skips og skipshluta, jarðar, ýmsra dýra, himna og sólar. Í hinum bálknum er bætt við heitum konúnga, dverga, Óðins, trjáa, mána, dags, himins og margs annars. Sá er munur á þessum bálkum, að í þeim síðara eru orð, og þar á meðal latínsk orð, er aldrei hafa verið höfð i skáldskap; hjer ber því á dálítið öðrum tilgángi, þeim að safna samheitum yfir höfuð. Þessar þulur, báðir bálkar, eru vafalaust ortir af fleirum en einum; ekki einu sinni allar vísur, er saman heyra að heitum til, eru eftir sama mann, því að sama nafnið kemur stundum tvisvar fyrir. Heitunum hafa menn safnað annaðhvort eftir minni eða úr eldri skálda kvæðum eða líklega helst hvorttveggja. Að þulur þessar sjeu ortar á Íslandi og hvergi nema þar, má telja víst. Hvergi annarstaðar á norðurlöndum stunduðu menn forn fræði, sjerstaklega skáldskapinn, eins og þar. Þær eru grein af skáldskaparnáminu og um leið grein af fornfræðastundun Íslendínga, er var svo almenn á 12. og 13. öld. Fyrir skýríng og skilníng skáldskaparins eru þessar þulur mjög svo þýðíngarmiklar.

B. Helgikvæði.

Af þeim þekkjum vjer ekki allfá frá þessu tímabili. Þau eru öll ort með hinum gömlu háttum og hinu forna skáldskaparmáli; þó hafa höfundar þeirra

Digitized by Google

forðast þær kenningar, er mest mintu á heiðna trú. Að ýmsu leyti þurftu þeir á nýjum orðum eða kenningum að halda, en það var mest kenningar á guði, Kristi, og lá þá beint við að kalla þá himins, sólar, lofts konúnga og breyta til orðavali eftir því. Ýmsar hugmyndir, er kristninni fylgdu og ekki voru til í heiðni, þurftu að fá orð eða táknanir, t. d. orðið *synd;* það var til í daglegu máli; skáldin völdu nú önnur orð til þess að tákna hið sama, svo sem *mein, böl* og því um líkt; *mildr* ljetu þeir merkja sama sem *pius* („frómur", guðhræddur) og um guð og Krist bjuggu þeir til ýms samsett lýsingarorð, sem vel áttu við. Eftir þessu auðgaðist skáldamálið ekki alllitið bæði að orðum og (nýjum) merkingum. Hinu verður ekki neitað, er áður var á drepið, að þessi skáld hafa notað vanalegar kenningar, á mönnum t. d., án þess að taka tillit til þess, er þær eiginlega þýddu og notað þær á óeðlilegan hátt og því stutt að hnignun skáldskaparmálsins, enda eru þeir sumir ósparir á kenningar og það oft reknar.

Ef litið er á efni þessara kvæða, sjest það brátt, að skáldin hafa ekki ort nein sjálfhugsuð kvæði með guðfræðislegu efni eða almennum trúarhugleiðingum frá þeirra eigin brjósti. Lángflest eru þau höfðingjakvæði eða sögukvæði, það er að skilja, efnið er um helga menn og tekið úr sögunum um þá; af þeim var til fjöldinn allur þegar á 12. öld. Kirkjurnar voru vígðar þeim og þeim helgum manni, postula eða guði eða Maríu mey; sögurnar um þá voru til við hverja kirkju og kvæði þessi munu víst að mestu standa í nánu sambandi við kirkj-

Digitized by Google

urnar og vígslu þeirra. Ef efnið er ekki beinlínis saga, þá er það þó tekið úr hinum almennu kenslubókum í guðfræði, er notaðar voru í skólunum.

Það leiðir af sjálfu sjer, að höfundarnir standa öðruvísi andspænis guðdómnum en heiðnu skáldin, samkvæmt kristinni trú, eins og hún var á þeim tímum; og þó eimir eftir af ýmsu fornu. Um lítilfjörlega og niðurlægjandi auðmýkt er ekki að ræða; en lifandi trú og innileg tilfinníng sektar og syndar birtist oft, og það er auðfundið að það eru ærlegar sálir sem tala; en þeir eru líka í aðra röndina djarfir og frjálsmannlegir; þeir liggja ekki „flatir á hryggðarsvæði“ og velta sjer ekki eins og væru þeir verkóðir, þeir standa upprjettir og horfast svo að segja í augu við guðdóminn; og einn að minsta kosti lætur ótvírætt í ljósi, að hann eigi gott skilið — fyrir kvæði sitt. Það er kraftur og kjarkur í kvæðum þessum og það er það sem gerir þau flest svo læsileg og falleg.

Af nefndum höfundum þekkjum vjer þessa:

Nikolás ábóti Bergsson (d. 1159); hann var ábóti á Þverá og hinn mentaðasti maður. Hann hafði ferðast í útlöndum og frá honum stafar hinn svonefndi Leiðarvísir og borgaskipan, er síðar skal á minst. Um Nikulás er sagt, að hann hafi verið „gæddur náttúrugjöfum og völdum mannkostum“, og víðar er hann lofaður mjög fyrir mannkosti sína. Hann orti drápu um Jón (Jóan) postula, og eru 3 vísur til af og eru vel kveðnar. Þar að auk er til vísa, en óvíst hvaðan sje tekin.

Gamli kanoki var múnkur í Þykkvabæ um og eftir miðja 12. öld, en vjer vitum annars engin

Digitized by Google

deili á honum. Hann orti drápu hrynhenda um Jón postula (4 vísur til). En kunnastur er hann af kvæðinu Harmsól (65 vísur); það er iðrunarkvæði og um náð guðs og sekt manna; svo er rætt um krossfesting Krists, upprisu og himnaför og dómsdag. Þetta kvæði er mjög gott, skipulega samsett og innilegt í framsetning. Það er t. d. fögur önnur eins vísa og þessi:

Slík styrkja mik merki,
minn goð, undra þinna,
þótt atferðin yrði
ór herfilig, stórum,
leiptra hróts at láta
láðvaldr myni aldri
glaðr, ef ek glœpa iðrumk,
glóða mik fyr róða.

Kolbeinn Tumason (d. 1208) var einn af mestu höfðingjum sinna tíma og er einkum kunnur af Guðmundar sögu biskups. Það var Kolbeinn, er mest hafði stutt Guðmund til biskupstignar, en svo óvingaðist með þeim, og biskup bannfærði Kolbein 1207, en er Kolbeinn árið eftir fór að Guðmundi, fjekk hann steinshögg og dó af. Kolbeinn dýrkaði Máríu mey um fram alt og er sagt að hann hafi ort mart og merkilegt henni til dýrðar, en það er alt týnt. En til eru nokkrar vísur úr kvæði um Jón postula, Jónsvísum, og er auðsjeð á þeim, að hann hefur kunnað yrkja. Auk þess eru til nokkrar lausavísur ($6^1/_2$) ortar við ýms tækifæri; 3 hinar síðustu eru runhendar og ortar

Digitized by Google

rjett fyrir andlátið. Þær eru innilegar og bænheitar.

Önnur kvæði, er höfundar eru ekki nefndir, eru einkum þessi.

Leiðarvísan (45 vísur) er ort eftir umráðum við Runólf nokkurn, segir í kvæðinu, og er það annaðhvort R. Dálksson eða Ketilsson, en hvort heldur er, er kvæðið ort á 12. öld. Það er um sunnudaginn og helgi hans, og taldir upp ýmsir merkilegir viðburðir og jartegnir, er gerst hafi á sunnudegi. Efnið er tekið mest úr prjedikun, t. d. Drottinsdagamálum í íslensku homilíubókinni. Höfundurinn stælir mjög Plácitúsdrápu.

Líknarbraut (52 vísur) er um kross Krists, krossfestingu, upprisu og himnaför og endar með almennu lofi um krossinn og talin nöfn hans. Þetta kvæði er eitt af þeim bestu og innilegustu helgikvæðum þessara tíma og hið skáldlegasta. Það er líklega nokkru yngra en hin, og tæplega eldra en frá 13. öld.

Heilagsandavísur eru aðeins brot (17 vísur), nafnið sýnir efnið og er ekki mikils virði. Enn eru til smábrot af fleiri helgikvæðum og vísur. Af kvæðum um helga menn er merkust

Plácitúsdrápa frá 12. öld, eldri en Leiðarvísan og fyrirmynd hennar. Það er ekki heilt til (59 vísur) og er um riddarahöfðingjann Placitus á dögum Trájáns keisara; þar segir frá því, hvernig hann og fólk hans tók kristni og þoldu, eins og Job, alt mögulegt andstreymi lífsins, þángað til þau urðu að þola píslarvættisdauða. Kvæðið er ort út af sögunni um hann, og er hún enn til, þó ekki

Digitized by Google

alveg eins og sú, er skáldið hefur haft. Það er vel ort, en hvorki mjög innilegt nje skáldlegt og ekki ort síðar en um 1150.

Að endingu heyrir hjer til merkilegt kvæði Sólarljóð (með ljóðahætti), er valla er yngra en um 1200, og eflaust ekki eldra en frá 12. öld. Það er ef til vill eins og það er nú (í yngri pappírsbókum) samsett af kvæðapörtum, er ekki hafa heyrt saman upphaflega. Það er að öllu kristilegt kvæði og þótt sagt hafi verið, að heiðnar hugmyndir komi fram í því, þá er það ekki svo, eða að minsta kosti mjög orðum aukið. Það er tilgángur höfundarins að vara menn við syndum og hann telur rækilega og með krafti þær refsíngar, er glæpum fylgja í helvíti; hinsvegar telur hann upp sælur himnaríkis, er bíða hinna rjettlátu. Sumt af þessu, einkum í byrjun, skýrir sá er talar (faðir fyrir syni sínum) með dæmum, er hann hefur búið til sjálfur; en verið getur, að þetta sje úr kvæði sjer. Svo skýrir faðirinn frá því, er hann í dái eða dvala hafi sjálfur sjeð, refsíngarnar og svo framvegis. Þar í er vísnakafli, er hver vísa hefst með „Sól ek sá“ — og er nafnið þar af dregið. Kvæðið er hjer ljómandi fallegt og það er yfir því öllu einkennilegur þúnglyndisblær, eins og við var að búast. Ekki hefur fundist neitt frumrit, er kvæðið sje ort út af, en það er sett eftir hinum mörgu kristilegu vitrunum, er samdar voru í útlöndum og bárust til Íslands (sbr. Duggálsleislu). Kvæðið er siðferðisleg þrumuræða til mannkynsins og er ort af lifandi tilfinníngu og miklu hugsjónaafli.

Digitized by Google

C. Vísur og kvæði í Fornaldarsögum.

Með þessu nafni hafa verið gefnar út (í 3 bindum) sögur um fornkappa, er flestir hafa aldrei til verið, og eru sögurnar tómur tilbúningur og skáldskapur frá 12.—14. öld. Auk þessara fornkappa eru jötnar, tröllkonur og ýmsar þess konar verur aðalpersónurnar. Þær eru mjög misjafnar að gæðum þessar sögur. Í 15 af þeim eru kvæði og vísur, er sögumennirnir (og -verurnar) eru látnir yrkja. Ekkert af þessum kvæðum og vísum er eldra en 1100, heldur frá 12. öld og þaðan af yngri. En höfundarnir hafa reynt til þess að stæla fornkvæði (t. d. eddukvæðin) og oft lánað úr þeim orð og orðatiltæki, en sá blær, er þau hafa fengið með því, getur engan blekt, sem vit hefur á. Margar af vísunum eru góðar, smellnar og prýðisvel ortar, en flestar eru þær daufur stælingarskáldskapur. Það er sagt um Hrólf bónda í Skálmarnesi, að hann hafi sagt sögu af Hröngvið víking og Hrómundi „og margar vísur með“; Ingimundur prestur sagði sögu Orms barreyjarskálds „með mörgum vísum“ og „flokk“ á eftir — hvorttveggja í Reykjahólaveislunni 1119; þetta eru hin fyrstu merki þess kyns skáldskapar.

Hinar lausu vísur — er sumar eru ortar með málahætti og ljóðahætti, sem aldrei var siður á 9.—11. öld — eru margvíslegs efnis, eins og við er að búast, og verður það ekki talið hjer. Merkastar eru vísurnar í Friðþjófssögu, þar á meðal þær er Friðþjófur minnist Ingibjargar og ásta þeirra, og eru þær flestar snotrar. Sumar vísurnar eru háð- og glensvísur, en flestar um víg og bardaga.

Digitized by Google

Hin meiri kvæði og vísnaflokkar eru og margvíslegs efnis, og eru sum allmerkileg.

Fyrst má telja fjögur kvæði, er hetjurnar eiga að hafa ort á dauðastundinni. Þau eru: Dánaróður Hjálmars hugumstóra (í Hervararsögu og dálítið öðruvísi í Örvar-Oddssögu). Það er ángurblíðufult kvæði, er Hjálmar kveður lífið og ástir sínar og gefur nú hinum síðasta erni — sitt eigið blóð, eftir að hafa rent augunum yfir ævi sína í síðasta sinn. Þetta er tilkomumesta og fegursta kvæðið og eflaust með þeim elstu, og má það vel sóma sjer við hliðina á mörgum eddukvæðum. Hjálmar er á borð við Helgana, hraust göfugmenni og riddaralegur unnusti. Dánaróður Hildibrands húnakappa (í Ásmundarsögu) er mjög stuttur, en sama ángurblíðan yfir honum; Hildibrandur fjell fyrir hálfbróður sínum og hafði sjálfur í æði drepið son sinn, og þess er minst í kvæðinu. Dánaróður Ásbjarnar prúða (í Ormsþætti) má teljast hjer til; Ásbjörn taldi verk sín og Orms, meðan garnirnar voru raktar úr honum. Kvæðið er ómerkara miklu en hin. Loks er ævikviða Örvarodds. Það er yfirlitsævikvæði, er Örvaroddur segir sjálfur ævi sína; kvæðið er heldur þurt og einna yngst.

Öll eru þessi kvæði ort með fornyrðislagi.

Enn er einn dánaróður, Krákumál; og eru þau ort með háttleysu-hætti, og eru 29 vísur. Þau eiga að vera orð Ragnars loðbrókar í ormagarði Ellu konúngs (nafnið er dregið af Áslaugu, er fyrr nefndist Kráka, en er í rauninni alveg rángt). Í fyrra hluta kvæðisins telur Ragnar ýmsar orustur sínar og dáðir, og er sá kafli merkilega þurr og

Digitized by Google

óskáldlegur, þótt á stöku stað bregði fyrir öðru. Síðari hlutinn er lángtum betri og fjörmeiri; hinn forni hetjukraftur kemur hjer vel fram og kemst á hæsta stig með síðasta vísuorðinu: „Hlæjandi skalk deyja“. Ragnar sjer valkyrjurnar koma til að bjóða honum til Valhallar; þar vill hann „glaður drekka öl í öndvegi“. Hver vísa hefst á sama veg: „Hjoggum vér með hjörvi“, og er það nokkurs konar stef. Kvæðið er efalaust ort á Íslandi og um 1200 og er því ekki furða, þótt þar sjeu í kenningar svo sem ægis asni, odda messa og þess konar.

Deilu- og mannjafnaðarvísur eru í Örvar-oddssögu; Örvaroddur drekkur einn á þá báða Sjólf og Sigurð og mælir um leið vísur, og eins gera þeir, og mega þeir ekki við honum. Vísurnar eru einkennilegar og sýna eflaust vel, hvernig þesskonar deilur voru og fóru fram. Þar að auk eru til ýmsar níðvísur og þrætuvísur. Nokkuð sjerstakrar tegundar er Buslubæn (í Bósasögu), þar sem Busla kerling biður konúng að gefa Bósa og syni hans upp sakar, en geri hann það ekki hótar hún öllu illu; kvæðið á að hafa verið þrískift og hjet síðasti hlutinn Syrpuvers, og var hann rammastur og mátti ekki kveða hann eftir sólarlag; það var særinga- og galdrakvæði. Buslubæn er mjög úng og ekki eldri en frá 13. öld.

Samræðukvæði og eintöl finnast í sumum sögum önnur en þau, er nefnd hafa verið. Þar eru merkust samræða Hervarar og Angantýs í hauginum, er hún sótti Tyrfing. Angantýr vill hræða hana í burt, en hún lætur ekkert á sig fá og hættir ekki fyrr en hún fær sverðið. Kvæðið sýnir vel

Digitized by Google

hetjukjark Hervarar. Í Hálfssögu eru samtöl milli Hálfs og Innsteins, er hann hvetur Hálf til þess að brenna Ásmund konúng inni; milli Úlfs hins rauða og Útsteins — lofsöngur hreysti og hetjuskapar —, og loks eintal Hróks hins svarta, er hann telur hetjuverk sín og minnist Hálfs og hans rekka. Þessi kvæði eru öll með þeim betri. Í Gautreksögu er Víkarsbálkr, er Starkaður talar um sig sjálfan og telur orustur sínar og framkvæmdir með Víkari og hversu hann olli dauða hans. Í Hervarars. eru samtöl og eintöl og eru þær vísur næsta fornlegar.

Enn skulu talin tvö kvæði eða vísnaflokkar.

Gátur Gestumblinda í Hervararsögu. Gestumblindi bóndi er ósáttur við Heiðrek konúng, en á að kaupa sjer frið með því að bera upp gátu, er konúngur geti ekki ráðið. Óðinn býður bónda að leysa hann af hólmi og fer til Heiðreks í líki Gestumblinda og nú kemur svo gátnadeilan; Heiðrekur getur ráðið þær allar, uns Óðinn ber upp þá spurníngu hvað Óðinn mælti í eyra Baldri, en henni gat enginn svarað nema Óðinn einn. Þessar gátur eru í tveim aðalhandritum og sitt með hvoru móti í þeim; í öðru eru þær fleiri en hinu, og röðin er ekki sú sama. Þær eru um öl, brú, dögg, hamar, könguló, lauk, hvönn, tafl, eld á arni, rjúpur, bylgju, akkeri og fl. Mest snerta þær heimilislíf og hluti í náttúrunni lífs og dauða; fæstar snerta hernað og sjóferðir. Þessar gátur eru ekki ortar eða til orðnar alt í einu og heldur ekki færðar í ljóð af einum og sama manni; þær eru margar eða flestar eldgamlar. Það hefur verið gamanleikur að búa til og bera

Digitized by Google

upp gátur frá aldaöðli; reyndi þar á skarpleik og hugvit bæði hjá ráðanda og ekki síst gátusmiðnum sjálfum. Listin var sú að einkenna hlutinn að nokkru leyti, taka fram þá eiginlegleika, er hann einn átti, og þó á þann veg, að ekki var ljóst; gátan var og átti að vera myrk að vissu leyti, svo að lýsing hlutarins gat átt við fleira enn eitt í senn. Hvort allar þessar gátur eru íslenskar að vísuforminu til, er óvíst, en ekki er það ólíklegt; ein er að öllu leyti íslensk, sú um hrafntinnuna, en hún er að gerð reyndar alt öðruvísi en hinar. Vísurnar eru ekki allar eins að bragarhætti. Gáturnar bera enn ljósan vott um hinn „lærða“ tíma, er öllum fróðleik var safnað.

Völsaþáttur er þáttur einn kallaður í Ólafs sögu helga í Flateyjarbók. Hann er um Ólaf helga, Þormóð og Finn Árnason; þeir koma að bæ nokkrum norðarlega í Noregi og hitta þar merkilegan (heiðinn) átrúnað; vingull af hesti var dýrkaður þar. Segir frá því, hvernig þetta „heilaga blæti“ var látið fara með bekkjum um kvöldið og átti hver, er við tók, að fara um það lotningarfullum orðum. Svo lauk, að konúngur tók við og kastaði blætinu í tíkina, og var svo búin saga þess; bóndi og fólk hans tók við trú. Um leið og hver af þeim, sem við voru, tók við blætinu, mælti hann (hún) fram vísu um það, og það eru þessar vísur, er mynda einn flokk. Hann er ekki ómerkilegur, og vísurnar lýsa því, hvernig hverjum var innanbrjósts til þessa merkilega blætis, og var það nokkuð misjafnt. Hvort um nokkurn sannan viðburð sje að ræða, er óvíst,

Digitized by Google

en ekki er óliklegt, að svo kunni að vera. Í Noregi var, og það lángalengi fram eftir öllum öldum, ýms nndarlegur átrúnaður meðal hins fátækara lýðs, helst þess, er bjó á afskektum stöðum, fjalldölum og úteyjum, svo að það er ekkert ótrúlegt, að völsi hafi til verið. En vísurnar eru valla eldri en frá þessu tímabili.

D. Af annari kvæðagjörð frá þessu tímabili er lítið að segja. Draumvísur eru nokkrar til, einkum frá árunum 1237—38, og standa þær í nánu sambandi við Ørlygsstaðabardaga. Auðvitað eru þær ortar síðar; eru sumar af þeim alleinkennilegar og ekki óskáldlegar. Endurtekning orða og vísuorða kemur oft fyrir í þeim, eins og í draugavísum. Í þætti um Stjörnuodda (á 12. öld; sbr. síðar) er kvæði, Stjörnuoddadraumr. Odda dreymdi eitt sinn, að hann væri orðinn skáld hjá Hróðbjarti konúngi í Gautlandi og syni hans Geirviði; um Geirvið orti hann svo drápu og eru tilfærðar 11 vísur úr; þær eru ekki ýkja úngar. Draumvísur eru og í Bergbúaþætti, Kumlbúaþætti og litlum þætti um Þorstein Síðuhallsson.

Háðvísur finnast endrum og sinnum, en lítið kveður að þeim kveðskap; þó sýnist hann heldur hafa farið í vöxt á lögleysutímunum á 13. öld og er getið um ýmsa, er ortu níð, t. d. Tann Bjarnason. Sjerstaklega skal þess getið að sumar háðvísur (eða háðkvæði) voru nefndar dansar, og Dansa-Bergr er nefndur höfundur ýmsra þess konar kvæða (á 13. öld). Það er valla efamál, að þessi kvæði hafa verið skyld danskvæðum Færeyinga,

Digitized by Google

er þeir sýngja og dansa eftir; eru þau sum enn þann dag í dag háð- og glenskvæði. Sýnishorn þessara vísna er líklega:

Loptr er í eyjum
bítr lunda bein,
Sæmundr er á heiðum
etr berin ein.

Hafa þessi kvæði, er ef til vill sum voru þá þegar af útlendum toga spunnin, verið ort með öðrum bragarháttum en þeim vanalegu, eins og vísan sýnir. En ekki hafa öll þessi kvæði verið háðkvæði, heldur gátu þau og verið alvarlegs efnis (um menn er ratað höfðu í eitthvað, ólánsamar ástir osfrv.). Það er sagt um Þórð Andrjesson, að hann hafi eitt sinn kveðið viðlagið: „Mínar eru sorgirnar þúngar sem blý“. Það er auðsjeð að hjer er um kvæði að ræða, er hafa verið náskyld hinum svonefndu þjóðkvæðum (sbr. Íslensk fornkvæði). Danskvæði gátu og verið ástakvæði, og það eru þau kvæði, er Jón biskup Ögmundsson á Hólum (1106—21) á að hafa reynt að útrýma, vegna þess honum þóttu þau ósiðleg; en honum hefur vafalaust ekki tekist það. Það er skaði, að vjer höfum ekkert frekara af þessum kveðskap.

Þegar litið er á allan þennan íslenska kveðskap, er ekki því að heilsa, að hann sje ýkja fjölbreytinn eða sjerlega frumlegur. Hann er svo að segja að öllu leyti áframhald og eftirlíking af fyrra skáldskapnum. En hann ber rjett að segja alstaðar og í hverri grein, eins og drepið hefur verið á,

Digitized by Google

vott um fróðleik og fróðleiksfýsn, um sögustundan, vísindalegt nám og rannsóknaranda. Að því leyti er hann í besta samræmi og nánasta skyldleik við það nám og þau fræði, er mest bar á á þessu tímabili og Íslendíngar hafa getið sjer mestan heiðurinn fyrir, en það er sögufræðin, og hverfum vjer nú að því að lýsa henni og því, er þar að lýtur.

Önnur grein.

Um sögur og söguritun.

1. Upptök og undirstaða söguritunarinnar. Lýður sá, sem um 900 byggði Ísland alt umhverfis, dali þess og strendur, var, eins og áður er getið, að mestu leyti kominn beina leið frá Noregi og átti svo að segja að öllu leyti rót sína þar. Alt eðli hans var norrænt, öll menning sú hin sama sem átti heima í dölum Noregs og fjarðbyggðum. Mart af þessum lýð var smámenni að burðum, lægra bændakyn, en aðallandnemarnir voru stórættaðir, margir hersbornir, einstöku konúngbornir. En hverrar ættar sem þeir svo voru, var það öllum sameigið að eiga eftir í Noregi svo og svo mart frænda lið og vina. Það mætti furðu gegna, ef landnámsmennirnir hefðu verið hirðulausir og kærulausir um kunníngja sína og frændur; því má að vísu gera ráð fyrir, að þeir hafa haldið spurnum fyrir um þá, hvernig þeim liði, hvað þeir ynnu sjer til frama og þar fram eftir götunum; einstöku maður fór svo og svo oft til Noregs til þess að

Digitized by Google

blóta goð feðra sinna að fornum sið. Þeir áttu alhægt með að fá frjettir af vinum sínum og vensla**mönnum** með því að skipakomur voru svo tíðar og **millilandaferðir** snemma margar á ári. Sem áður var getið, reyndist enn fremur svo, að Íslendingar voru að mörgu leyti upp á Noreg komnir, svo að samgöngur við þetta land urðu meiri og fleiri en við nokkurt annað. Mjög snemma hefur þessi frjettalöngun orðið miklu almennari og víðtækari, enda hefur það frá alda öðli legið í blóði germanskra manna og ekki síst norðrænna þjóða að vilja vita hvað gerðist hjá nágrönnum sínum og öðrum fjarlægari kynfrændum. Spurningin „hvað er í frjettum“ hefur hljómað hvenær og hvar sem maður mætti manni frá því þessi orð urðu til. „Hvat er frægst á fold, hvat er hlest (= frægst) Húnalandi“ er spurt í Oddrúnargrát. Svo hafa Íslendingar jafnan spurt og það ekki aðeins um atburði og menn erlendis, heldur og um atburði og menn í landinu sjálfu, í öðrum landsfjórðúngum; þar áttu þeir líka oft vini og frændur. Það var óhjákvæmilegt að með þessu móti myndaðist vísir til almennrar vitneskju um sögulega atburði og æviatriði merkra manna.

Í hinni merku staffræði frá því um 1140 er talið það sem þá hafði verið ritað á Íslandi og er það, auk hinna „spaklegu fræða“ Ara fróða og „helgra þýðinga“, lög og ættvísi, og þetta hvorttveggja nefnt allra fyrst. Þetta er harðla eftirtektavert og einkennilegt. Höfundur Húngurvöku, er ritaði sína bók fullri hálfri öld síðar, talar um „lög eða sögur eða mannfræði“; hjer er átt við það sama; mannfræði er sömu merkingar sem ættvísi,

Digitized by Google

sögurnar bera ljósastan vottinn um ættfræði Íslendinga og hvílíkt gaman þeir höfðu af henni. En þetta er aftur nátengt því sem áður var getið, brottför frá óðulum þeirra og landnámi á hinni fjarlægu ey. Ættarsambandið og ættgöfgin var eitt af því helsta, sem Norðmenn lögðu mesta rækt við svo lángt aftur í tímann sem komist verður. Það var eigi aðeins tilgángurinn að halda ættinni uppi andspænis þrælakyninu og því lægsta mannrusli, heldur líka andspænis öðrum ættum, hærri og lægri; landeign, óðals- og eignarrjettur stóð í nánasta sambandi við þetta. „Er þér kunnig ætt hans“ var það fyrsta, sem Illugi sagði við Þorstein á Borg, þegar hann bað Helgu Gunnlaugi syni sínum til handa; og ótal dæmi þessu lík mætti telja. Á hæsta stig komst tilfinníngin fyrir ættgöfginni, þegar menn voru gerðir niðjar goðanna, en það átti sjer stað með konúnga og ættir jarla; þeir voru komnir frá Óðni. Þjóðólfur telur svo í Ýnglíngatali (Noregs og Svía konúnga), Eyvindur í Háleygjatali (Háleygjajarla). Menn voru snemma hreyknir af þessum yfirburðum, hreyknir af því að geta talið þá og þá merkismenn og hreystimenn, kappa og konúnga meðal forfeðra sinna. Menn ljetu börn sín heita eftir fyrrum frændum sínum, er fram úr höfðu skarað að afreksverkum, og þótti það giftusamlegt að bera nöfn þeirra; því var enda trúað að menn yrðu endurbornir í ættum. Oft hefur það borið við að mönnum hefur orðið tíðrætt um ættir sínar og ættir bornar saman, úr því orðið mannjöfnuður af ýmsu tagi. Í Hyndluljóðum er þetta einmitt aðalefnið. *Ítrborinn, góðborinn, ættum góðr* og þess konar eru föst orða-

Digitized by Google

tiltæki um höfðingja og kappa. Það má nærri geta að Norðmenn, sem Ísland byggðu, tóku þessa ættartilfinningu með sjer, og alt stuðlaði til þess þar, að hún efldist fremur en veiktist; alt lífið og stjórnarfyrirkomulagið fór í þá stefnu. Aðallandnámsmennirnir voru höfðingjar fararinnar og bólfestunnar; hinir fylgdarmenn þeirra voru og urðu þeim háðir, og svo gekk ættlið eftir ættlið; frá því fyrsta hlutu ýmsar ættir á Íslandi að vera þær helstu og merkustu, verða lögum og lofum ráðandi. Engu síður en í Noregi hlutu menn að leggja rækt við ætt sína og ættargöfgina, heldur jafnvel miklu fremur. Þetta sjáum vjer og finnum í sögu Íslendinga alt fram á vora eigin daga. Hvergi nema á Íslandi á svo að segja annarhver maður ættartölu sína oft lengra aftur í tímann en góðu hófi gegnir. Það er engin tilviljun, það sem vjer lesum, að eitt af því, er fyrst var fært í letur á Íslandi, hafi verið ættartölur; og vjer sjáum af þessu, hvílíka allsherjarþýðingu þær þá þegar, um 1100, hafa haft. Í hinu fyrsta söguriti á íslensku, Íslendingabók Ara, var „áttartala“, og aftan við þá bók, sem nú er til, ritaði Ari sjálfur sína eigin ættartölu og rekur hann hana upp til Ýngva, Njarðar og Freys (Ýnglingar); sömuleiðis rekur hann í öðrum viðbæti við bók sína ættir hinna íslensku biskupa upp að landnámsmönnum. Ættvísi eða mannfræði var yndi og uppáhald Íslendinga að minsta kosti frá því á 11. öld og eflaust fyrr. En það hafa ekki verið bláber nöfnin, nafnarunan ein, sem menn kunnu og lögðu rækt við, heldur hafa menn og lagt stund á og kunnað að segja eitthvað um þá menn, er báru

Digitized by Google

nöfnin, að minsta kosti þá helstu þeirra. Í sjálfu sjer var lítill fengur í nöfnunum tómum, ef hitt fylgdi ekki með. En hvílík gleði hlaut það ekki að vera fyrir soninn og sonarsoninn að geta sagt, að faðirinn eða afinn hefði verið í víkingu þar og þar, felt þann og þann kappann, unnið skip hans og gersemar, eignast ágæt sverð með hreysti og harðfengi, og svo framvegis. Hvílík gleði var honum það ekki að geta bent á gersemarnar sjálfar, vopnin sjálf, og borið þau og hversu hlaut það ekki að stæla hann sjálfan til þess að bera þau með sóma, til þess að ættlerast ekki. Þessir ættargripir studdu að því að geyma frásagnirnar; þeir voru svo að segja lifandi minjar, er áttu sögu sína og fyrri eiganda. Það er vafalaust, að í hverri ætt, að minsta kosti hverri höfðingjaætt hafa gengið og lifað þess konar sagnir um fyrri frændur. Það er þessi ættsagnaarfur, sem hefur haft hina mestu þýðingu fyrir sögufróðleik Íslendinga, og haldið stöðugt augunum opnum að því er snerti sjálfa þá.

Margs var að minnast. Ekki síst hinna merku viðburða í Noregi sjálfum, er leiddu til þess að landið nýja fanst og byggðist. Hve minnistæð var ekki ferðin, hin langa ferð yfir ólganda haf með alla sína fjölskyldu, menn og skepnur, með allri þeirri óvissu, er hlaut að æsa og koma hverri taug til að titra. Hve minnistætt hlaut ekki landnámið sjálft að vera, rannsókn landsins, bygging bólsins og alt er þar að laut. Það var óhjákvæmilegt, að alt þetta festist í minni manna, greri þar sem rótgróinn viður, er sífelt blómgaðist og bar ávöxt, stöð-

Digitized by Google

ugt vökvaður af lífsvatni úr Mímisbrunni minningarinnar.

Frá aldaöðli hafði það verið almenn skemtun manna að tala um fyrri menn og viðburði, segja sögur um þá; á þetta benda hin elstu kvæði, stefið í Ragnarsdrápu Braga talar um „fjöld sagna“ (sjá bls. 50); Þjóðólfur segir:

Þau frák verk
Vátts ok Fasta
sœnskri þjóð
at sögum verða.

Hjer er greinilega bent til frásagna til skemtunar; sama skáld bendir og á, að (sögu)ljóð hafi þá þegar verið höfð á sama hátt (sbr. vísuna á 56. bls.). Þegar á 9. öld vitum vjer ennfremur að voru þeir menn í Noregi, er sjerstaklega höfðu gaman og yndi af að safna sögum og vita mart um menn og forna viðburði, og voru þeir þá þegar nefndir fróðir menn (sbr. það sem áður er talað um þulina); Þjóðólfur nefnir þessa menn (ok ek þess opt, fróða menn of fregit hafðak osfrv.). Fagurskinnubókin önnur nefnir einn þessara manna með nafni, Dag fróða; hann á að hafa verið móðurfaðir Haralds hárfagra; þótt þetta sje líklegast rángt, hefur maðurinn vel getað verið til á 9. öld fyrir því. Vafalaust má gera ráð fyrir því, að þeir Norðmenn, er fóru til Íslands, hafi þekt flestir eða allir þessa skemtun og flutt með sjer ýmsar fornsögur þaðan bæði um forfeður sína og aðra. Af kvæðunum sjáum vjer, að hinar suðrænu sagnir hafa verið al-

Digitized by Google

gengar einmitt í þeim hjeruðum, er landnámsmenn voru ættaðir úr.

Ef vjer lítum á sögu Noregs og Íslands á 10. öld, sjáum vjer að hún er næsta auðug af atburðum, hverjum öðrum merkari. Eftir lát Haralds hárfagra (líklega 933) kom Eiríkur blóðøx til ríkis; en ári síðar kom Hákon Aðalsteinsfóstri í Noreg og náði honum öllum árið eftir, en Eiríkur flýði með öllu sínu; hann kom aldrei aftur, en synir hans óróuðu Hákon á hans efri árum, sóttu til lands og börðust við hann oftar en einu sinni, uns hann fjekk banasárið í Storðarbardaga. Stjórn Eirikssona var ill og óáran gekk yfir landið; almenn óánægja átti sjer stað. Bjarmalandsferð Haralds gráfelds var auðvitað fræg og var gert mikið úr, en bætti ekki hag manna, árferði nje ánægjusemi. Svo komu hin minnistæðu viðskifti þeirra bræðra við Hlaðajarla; Sigurð brendu þeir inni (962), en Hákon, sonur hans, hefndi föður síns harðlega (Haraldur lokkaður til Danmerkur og feldur þar 970). Stjórn Hákonar jarls var framan af góð og gifturík og komst frægð hans á hæsta stig eftir Jómsvíkingabardaga (986); hann hlutu allir að telja hinn mesta og markverðasta atburð. Þá gerðist og mart sögulegt um ævi Hákonar þegar á leið, og hlaut ekki síst dauðdagi hans (995) að hafa hin mestu áhrif. Hin skamma stjórn Ólafs Tryggvasonar var hin glæsilegasta að mörgu, fyrst og fremst af trúboðinu; hún endaði með hinum stórkostlega Svoldarbardaga — og þar með öldin. Við alla þessa viðburði voru margir Íslendingar meira eða minna riðnir.

Á Íslandi sjálfu var líf manna á 10. öld fram

Digitized by Google

úr öllu hófi ófriðlegt. Deilur og baráttur, vígaferli og áverkar gerðust með mönnum svo að segja dags daglega. Þeir sem byggðu landið voru kröftugir menn og þróttmiklir, fræknir og framsæknir, um fram alt sjálfstæðir og sjálfræðisfullir; þeir þoldu ekki neinn ágáng eða ofríki, eða að þeim væri misboðið í nokkru með orði eða verki; hugurinn var hefndarfús og höndin átti skamt til brandsins. Hins vegar má nærri geta, að deiluefni hafa getað verið mörg og margvísleg, þar sem alt var nýtt og svo að segja á tjá og tundri fyrst um sinn eftir innflutninginn. Þótt alþingi væri stofnað (um 930) og lög sett, er gilda skyldu um alt land, má nærri geta, að lög og dómar hafa ekki fengið þá allsherjar þýðingu og virðingu, að menn vildu bíða úrskurðarins þar eða kærðu sig vitund um hann. „Að taka fje á sjer“ eða „að bera föður sinn í púngi sjer“ (þ. e. silfrið fyrir hann veginn) var talið eitthvað hið fyrirlitlegasta, sem frjálsan mann gat hent. Þar að auk voru hjer og hvar ribbaldar, illir menn í eðli sínu, ofsafengnir og ránglátir; þeir svifust ekki þess að gera á hluta alveg saklausra manna og friðgjarnra, virtu lög og landsrjett að vettugi. Það var ekki von til, að menn þyldu slíkt hefndarlaust, og fór þá oft svo, að menn leiddust enda móti vilja sínum út í víg og misgerðir, þótt þeir væru í sjálfu sjer hinir friðsömustu. Vjer sjáum, að sögurnar um 10. aldar Íslendinga eru að segja má ekki um annað en ófrið, vígaferli og allskonar deilur, og gengur því fram á 11. öld eða hjer um bil fyrsta fjórðúng aldarinnar. Þetta tímabil er vanalega kallað söguöldin; þá gerðust sögurnar,

Digitized by Google

þ. e. þá gerðust hinir merku viðburðir, er þær segja frá. Má heita, að ófriðaröldin gengi yfir alt landið; flestallir höfðingjar og meiri háttar menn bendluðust á einhvern hátt við atburðina. Það var engin furða að þessum viðburðum væri haldið á loft; þeir voru svo merkir bæði fyrir einstaka menn og ættir og heil hjeruð, að það var óhjákvæmilegt að þeir yrðu sagðir mann fram af manni og það fyrst og fremst í ættunum sjálfum; þeir voru frægðarfullir fyrir þá sem höfðu unnið afrekin og urpu frægðarljóma yfir alla ættina. Alt þetta sem gerðist á 10. öld og fram á þá 11. var sannkallað söguefni og varð það líka.

Bæði í Noregi og á Íslandi varð söguefni til á 10. öldinni í ríkum mæli, söguefni, er hlaut að vekja mikla athugun, verða fært í frásögur, söguefni, er eigi aðeins var skemtunarefni, heldur hafði ýmsa aðra þýðingu og oft beinlínis fyrir líf manna.

Það er auðvitað, að það eru hinir einstöku viðburðir (orustur, viðureignir osfrv.), er hafa verið sagðir fyrst hver út af fyrir sig. Þegar svo stóð á, voru oft vísur með; þær voru eins og kjarni í frásögninni, studdu hana og voru nokkurs konar sönnun fyrir henni. Lítum á Egil Skallagrímsson; hann kom lítt við mál landa sinna og segir því lítt af afrekum hans á Íslandi; en hann fór utan fjórum sinnum og vann ýms afrek í hverri ferðinni, orti kvæði og vísur í þeim; um þessar ferðir og verk hefur hann oft talað, oft sagt frá þeim eins og þegar hann sagði þau Einari skálaglamm. „Einarr spurði ok í móti Egil at þeim tíðendum, er fyrr höfðu gerz um ferðir Egils ok stórvirki hans; en þat tal þótti

Digitized by Google

Egli gott ok rættiz af vel". Hin innri gleði Egils skín út úr þessum orðum; það er enginn vafi á því, að niðjar hans, sem sjálfsagt oftar en einu sinni hafa hlustað á frásögur hans, hafa haft sömu gleði af að halda þeim við og segja þær öðrum, og svo gengu þær framvegis í ættinni sem ættararfur. Þannig hefur þetta verið í öðrum ættum landshornanna á milli.

Vjer getum af þessu með fullri vissu gert ráð fyrir því, að um 1025 var til hjá hverri höfuðætt á Íslandi, á hverju höfuðbóli rjettar ættartölur, rjett lángniðjatöl að minsta kosti frá því um 800, og sannar frásagnir um flutninginn til Íslands og orsakir, er lágu til hans, um helstu menn ættarinnar á Íslandi og afrek þeirra utan lands og innan, svo og frásagnir um ættir og viðburði í Noregi fyrir Íslands byggð og lángt aftur í tíma; en sumt af þeim hefur valla verið að öllu leyti sannsögulegt, heldur þegar blandað ýkjum og þjóðtrúarsögnum. Enn fremur hafa verið til frásögur um stjórnendur Noregs, helstu afrek þeirra og ferðir, orustur og dauðdaga. Þessar frásagnir hafa verið hafðar til skemtunar bæði á hinum einstöku bæjum, í samkvæmum og á mannfundum, þegar svo bar undir.

Ellefta öldin var að undanskildum hinum fyrsta fjórðúngi hennar að öllu samtöldu hin mesta friðaröld á Íslandi og hjelst sá friður mestalla 12. öld, þó að þá færi að brydda á ýmsum skærum aftur og ríg meðal einstakra höfðíngja; það var undanfari 13. aldar, að alt fór í bál og brand. Kirkjuvaldið efldist smátt og smátt, en þó ekki að marki fyrr en í lok 11. aldar og þar á eftir, og var það

Digitized by Google

þó fremur af því, hvílíkir ágætismenn stóðu fyrir henni, heldur en af því að hinir íslensku höfðingjar beygðu sig fyrir henni af auðmýkt og guðsótta; þeir voru enn sem fyrrum mjög sjálfstæðir og harðir viðskiftis þegar svo bar undir. Um hinn fyrsta biskup Íslendinga, Ísleif Gissurarson, segir höfundur Húngurvöku, að hann hafi haft „nauð mikla á marga vegu í sínum byskupsdómi fyrir sakir óhlýðni manna“, en ef til vill er þetta orðum aukið frá klerklegu sjónarmiði; um Gissur biskup son hans segir að hann hafi friðað „svá vel landit, at þá urðu engar stórdeilur með höfðingjum, en vápnaburðr lagðiz mjök niðr“; flestir virðingamenn er sagt hafi verið lærðir til presta. Vjer getum því með rjettu talað um friðartíma, er stóð hjer um bil heila öld. Frá þessum tíma eru svo að segja engar sögur til, það gerðist ekkert slíkt eða næsta lítið, er vekti almenna athygli eða væri fært í frásögur. En því hentugra var þetta tímabil til þess að leggja rækt við undanfarna öld og hina stórkostlegu viðburði hennar. Þessi friðaröld er frásöguöld, sú öld, er frásögurnar í ættunum lifðu á vörum manna ættlið eftir ættlið, sú öld, er arfsögnin íslenska þróaðist og náði fullri festu, bæði að því er snerti innlenda og útlenda viðburði.

Það kom brátt í ljós, að ekki aðeins einstöku menn í ætt hverri hjeldu arfsögninni við til þess að halda uppi veg forfeðra hennar, heldur gerðust einstöku menn til þess af eigin fýst og skapferli sínu til þess að nema svo mikið af henni, sem þeir fengu tækifæri til að ná í, svo að segja safna meiri og minni heildum frásagnarinnar innan sömu sveitar

Digitized by Google

eða hjeraðs. Það lá nærri fyrir þess konar mann t. d. að safna sögunum um allar ferðir og afrek Egils. Þessir menn gátu og haft þann aukatilgáng að geta skemt fólki með sem flestum sögnum. Fullkomnar söguheildir svo sem þær, er vjer þekkjum, hafa þó naumast orðið til þá þegar á þann hátt.

Einn hlutur var sá er olli því mest og best, að menn úr einu byggðarlagi gátu líka fengið greinilegar frjettir úr öðrum, jafnvel hinum fjarlægustu á landinu, en það var hin árlega samkoma manna á Þingvelli við Öxará. Þángað komu menn og konur og únglíngar hundruðum saman á hverju sumri. Þar sagði hver öðrum frjettirnar úr sínu hjeraði, og vanalega voru þar staddir menn er nýkomnir voru frá útlöndum; þeir höfðu líka frjettir að segja. Þegar Einar talaði við Egil, var hann nýkominn út og Egill spurði hann spjörunum úr. Sjálfur fór Egill til þings einmitt til þess að frjetta nýjúngar, því að hann átti aldrei brýnt erindi þángað vegna málaferla. Til þess að sýna þessa þýðíngu alþíngis skal hjer getið nokkurra dæma. Þegar Gunnlaugur ormstúnga lenti norður á Melrakkasljettu, svo lángt frá heimili sínu og Helgu fögru sem hugsanlegt var, sama haustið sem hún átti að giftast Hrafni, fjekk hann vitneskju um hvað til stóð af bóndasyni þar frá sljettunni; „var ek hjá í sumar á alþingi, er þat réðsk“, sagði bóndason. Um Þórð Kolbeinsson segir Bjarnarsaga, að hann hafi komið út um alþíngi í Gufárós (1008) og hafi þegar riðið til þings, „ok varð mönnum dátt um þat, þvíat hann kunni vel at segja frá tíðendum“. Alveg eins var um Magnús biskup Einarsson,

Digitized by Google

þegar hann kom heim úr vígsluferð sinni (1135); þá fór hann líka til þings af skipsfjöl; menn voru við dóma og urðu ekki ásáttir, en þá barst sú fregn, að nú riði Magnús biskup á þingið, „en menn urðu svá fegnir þeiri sögu, at þegar gengu allir menn heim; en biskup gekk síðan út á hlaðit fyrir kirkju ok sagði þá öllum mönnum þau tíðindi, er gerz höfðu í Nóregi, meðan hann var útan, ok þótti öllum mönnum mikils um vert málsnilli hans ok skörungsskap". Þessi sögn skýrir betur en nokkuð annað fróðleiksfýstina og feginleikann hjá fólki, auk hins, sem hjer er mest um vert, að hún sýnir, hvernig frjettir sagðar á þingi gátu borist út um allar sveitir landsins fjær og nær. Að lyktum skal getið einnar frásagnar, er ef til vill hefur mesta þýðingu fyrir geymslu sagnanna og það sem áður var sagt um einstöku námgjarna sagnasafnara og sögumenn. Úngur Íslendíngur kom eitt sumar til Noregs og bað Harald harðráða ásjá og sagðist hann „kunna sögur". Konúngur tók við honum með því skilyrði að hann segði sögur og skemti hvenær sem nokkur óskaði þess; hann gerir svo, en þegar leið að jólum, fór hann að verða fálátur og þögull. Konúngur grenslaðist eftir, hvað ylli, og kom það þá upp, að hann átti ekki nema eina söguna eftir og það var útferðarsaga konúngsins sjálfs (sagan um ferðir hans og hernað í suðurlöndum); en eins og við var að búast þótti honum vandamikið og áhætta að segja hana; auðvitað var það líka sú, er konúng fýsti mest að heyra. Sagði konúngur, að hann skyldi segja þessa sögu og byrja jóladaginn, en kvaðst skyldu stilla svo til, að hún entist jólin út, og

Digitized by Google

sagðist ekkert skyldu láta á sjer finna, hvernig sjer líkaði sagan. Á þrettánda var sögunni lokið og var íslendíngur allur á glóðum um það, hvernig konúngi líkaði; en konúngur sagði: „mér þykkir allvel, ok hvergi verr en efni eru til — eða hverr kendi þér söguna?“; hann svaraði: „þat var vandi minn út á landinu, at ek fór hvert sumar til þings ok namk hvert sumar af sögunni nakkvat at Haldóri Snorrasyni“ [en hann hafði verið með Haraldi]. „Þá er eigi kynligt, segir konúngur, at þú kunnir vel“.

Þessi frásögn er að mörgu einkar merkileg; og ekki aðeins að því er snertir þá þýðíngu, sem alþíngi hafði fyrir útbreiðslu sögufróðleiks. Hún leiðir oss líka fyrir sjónir ljóslifandi þess konar mann, er áður var getið. Þessi maður var fróður eða sagnafróður, þótt hann sje eigi nefndur svo beinlínis.

Á síðasta hluta 11. aldar og um 1100 — og einstöku sinnum þar á eftir — rekum vjer oss á menn, er kallaðir eru fróðir og hafa jafnvel það viðurnefni (hinn fróði); þeir eru nefndir sem heimildarmenn eða sem höfundar. Nefndur er Finnbogi fróði, Kolskeggr fróði (heimildarmaður að Austfjarðalandnámum), Brandr prior enn fróði (heimildarmaður að Breiðfirðíngaættum); Ingimundr prestur á Reykjahólum er nefndur fræðimaður, og loks eru þeir báðir Sæmundr og Ari prestar. Þóríðr Snorra dóttir goða (d. 1112) er kölluð margspök og óljúgfróð. Ari fróði telur í riti sínu hina mörgu heimildarmenn sína, er hann hafi spurt og fengið mart að vita hjá, og eru

Digitized by Google

hans ummæli einkar merkileg. Vjer sjáum af öllu þessu, að um 1100 hafa verið margir menn, karlar sem konur, er beinlínis mætti kalla sögufræðínga; þeir hafa að minsta kosti hver í sínu byggðarlagi safnað arfsögnum um fyrri tíma menn og viðburði, safnað ættartölum, safnað einstökum frásögnum og líklegast skapað úr þeim meiri og minni heildir; þeir minna á skáldin, er lærðu fjölda af kvæðum utanað. Þessa fróðu menn má eflaust telja hina eiginlegu undanfara söguritaranna á 12. og 13. öld; þeir hafa undirbúið þeirra starf og frá þeim stafar efalaust meginið af öllu því söguefni, er til er.

Alþingi og hinir fróðu menn er það tvent, er líklegast hefur hvað mesta þýðingu fyrir hina íslensku arfsögn í heild sinni og þar með söguritun Íslendinga.

Það leiðir nú af sjálfu sjer, hversu skoða ber þessa arfsögn, þegar þess er spurt, hve áreiðanleg hún muni hafa verið.

Þeir eru margir nú á dögum, er hafa litla trú á því, að munnlegar sagnir geti geymst lengi óbrjálaðar og rjettar; og víst má það telja, að sögur þær er nú eru sagðar af viðburðum, er ekki eru eldri en ef til vill hálfrar aldar eða enda ekki það, reynast ekki sannar að öllu. En eftir þess konar dæmum má ekki skoða arfsagnir fornaldarinnar. Þess verður að gæta, hvílíkur ógnarmunur var á öllu lífi manna þá, bæði til sálar og líkama, eins og áður hefur verið getið. Skilyrðin voru þá miklu einfaldari og betri en síðar, miklu hægra að muna en nú, af því að hugir manna og athygli tvístraðist ekki

Digitized by Google

nærri eins mikið og síðar. Minnið stæltist við alt saman og efldist til þess að geta sogið í sig svo mart og haldið því rjettu. Sem áður var getið, var og mart er studdi sögnina, fornar gersemar (ættararfur), örnefni er sprottin voru af viðburðum, vísurnar og fleira.

Enn fremur ber þess að gæta, að hjer er ekki um lángan tíma að ræða milli viðburðanna og þessara fróðu manna á síðara hluta 11. aldar og um 1100. Setjum svo, að einn af þeim hafi þá (um 1100) verið milli þrítugs og fertugs, eða á besta þroskaskeiði; hann hefur getað haft í fyrsta lagi sagnir af gömlum manni, svo gömlum, að sá var fæddur um 1000 og fullþroska um 1025 eða á dögum Ólafs helga, lifað Njálsbrennu og munað það sem síðar gerðist. Frá þessum manni gat maðurinn um 1100 fengið vitneskju um alt miðbik 11. aldar. Þar næst hefur hinn gamli maður getað vitað ákaflega mikið um 10. öld eftir því sem eldri menn, er þá lifðu, sögðu honum. Það þarf því ekki nema einn eða tvo liði milli mannsins um 1100 og viðburða á 10. öld. Að þetta er ekki tómur hugarburður er ljóst af því, sem Ari segir um sjálfan sig; hann er fæddur 1067 en ólst upp hjá Halli Þórarinssyni í Haukadal; Hallur var fæddur 995 og mundi, að Þángbrandur skírði hann þrjevetran 998; hann var kaupfjelagi Ólafs helga; hann var stálminnugur og dó í hárri elli 1089 eða þegar Ari var löngu kominn til vits og ára. Auðvitað stóð ekki ætíð eins vel á sem hjer, en það þurfti ekki miklu að muna. Auðvitað var nokkuð öðru máli að gegna með þá viðburði, er lengra náðu

Digitized by Google

aftur í tímann; en þó þurfti ekki nema einn eða tvo liði í mesta lagi í viðbót. Frásagnirnar frá þessum eldri tímum (fyrir 950) eru líka miklu færri og fátæklegri bæði að því er snertir Ísland og Noreg, og yfir höfuð má segja, að minni manna hafi ekki náð lengra en til ríkis Haralds hárfagra og Íslands byggðar.

Það er óhætt að álíta, að arfsagnir Íslendinga um 1100 hafi verið rjettar í öllu verulegu eða haft öll hin bestu skilyrði til þess að vera það. En því verður heldur ekki neitað hins vegar, að mikið þarf ekki ætíð til að sögnin raskist eða truflist, atburðum sje blandað saman þegar frá líður — því að ekkert fast tímatal að telja eftir árum var enn til —, nöfnum blandað saman, og fleira gat skekst; einn sögumaðurinn gat tekið skakt eftir, lagt lítið eitt öðruvísi blæ yfir frásögn sína án þess þó vísvitandi að hnekkja sannleikanum eða sveigja til í neinu; auðvitað gat sumt gleymst og hefur líka gleymst.

2. Söguritunin. Vjer erum nú komnir að þeim tímum, er menn hófu að semja og setja á bækur sagnarit og sögur. Til þess þurfti fyrst og fremst að kunna að skrifa. Fyrst framan af eftir að kristni var komin á landið var prestastjettin eflaust fáliða og fákunnandi, en eftir að Ísleifur var orðinn biskup (1056—80), fór þekkingu manna fram; hann hjelt skóla og eflaust hefur þar verið kend latína meðal annars, bæði að lesa hana og skrifa. Um 1100 var prestastjettin orðin mjög mannmörg og eflaust eftir hætti fremur vel að sjer. Það var

Digitized by Google

óhjákvæmilegt að prestar skrifuðu ýmislegt, ekki aðeins hin andlegu skólafræði sín, er voru á latínu, eða latínsk rit (ræður og þess kyns), heldur líka fleira ef svo bar undir; ekkert var því til fyrirstöðu, að þeir reyndu sig við móðurmál sitt og smáuppteiknanir á því. Veturinn 1117—18 voru hin íslensku fornlög skrifuð í bók, og meðal hins allra fyrsta er skráð hafi verið telur höfundur hinnar fyrstu staffræði ættvísi. Það letur, er þeir höfðu til þessa, var efalaust latínuletrið; sumir hafa haldið, að þeir hafi notað rúnaletrið, eins og það var þá, en það er mart, sem mælir svo sterklega á móti því, að sú skoðun hlýtur að vera röng. Auðvitað fullnægði ekki latínustafrófið að öllu leyti íslensku máli, en það mátti þó vel bjargast við það, þángað til ráð fanst til þess að bæta það, og það gerði hinn fyrsti staffræðishöfundur, sem síðar mun getið. Menn skrifuðu á skinn (fell, bókfell, skrá [= skinnbútur]), er var þar til búið, oftast kálfskinn; úr skinninu voru skornir ferstrendir bútar, stærri eða minni, eftir því sem á stóð, þeir lagðir saman í miðju og mynduðu 2 blöð; 4 þess kyns bútar voru vanalega lagðir hver inn í annan og voru þessi 8 blöð kölluð kver (eða kváterni); svo og svo mörg kver voru í bók. Ef blöðin voru smá, eða eins og áttblöðúngar nú að jafnaði, var skrifað þvert yfir síðuna; ef þau voru stór og breið, var síðunni skift í 2 dálka. Til allra hliða voru látnar randir auðar. Til þess að ritið yrði sem reglulegast og laglegast, línurnar sem beinastar og jafnlángt á milli, stúngu menn smágöt á röndunum, áður en skrifað var, og stundum var strikað fyrir með fínum strikum (nál-

Digitized by Google

aroddi eða þess konar). Upphafsstafir og yfirskriftir voru að jafnaði skrifaðir fagurlega og með margskonar litum. Blekið, er notað var, var að jafnaði ágætt, oft rauðbrúnt með gljáa; er letrið oft í þeim bókum, er vel hefur verið farið með, svo nýlegt, að vel mætti trúa það skrifað á vorum dögum. Þessar bækur eru vanalega einstaklega vel úr garði gerðar, snildarverk og skrautverk, enda ljetu stórhöfðingjar oft æfða ritara skrifa fyrir sig bækur og launuðu vel; þegar fram í sótti, á 13. og 14. öld, hafa eflaust verið til skrifarar, sem ekki lifðu á öðru, og þekkjum vjer enn mörg handrit með sömu hendinni. Til þess að verja sem minstum tíma til að rita og ekki síður til þess að spara hið dýra skinn, tóku menn upp á því að skammstafa orðin; þetta var afgamall siður í útlöndum frá fornöld Grikkja og Rómverja, en engir hafa bundið og skammstafað freklegar en Íslendingar; þó veldur lesturinn ekki neinum sjerlegum erfiðleikum, ef orðin og böndin eru ekki máð, sem oft vill reyndar verða. Í fyrstu hafa það ekki verið aðrir en prestar eða skólagengnir menn, er kunnu að skrifa; síðar hafa líka aðrir lært þessa list.

Ísleifur biskup hafði numið nám í Þýskalandi; Sæmundur Sigfússon, er síðar var kallaður fróði, hafði verið að námi bæði þar og í París og þar hitti Jón Ögmundarson hann. Þessir og aðrir hafa kynst þeim ritum, er þá voru til og notuð í norðurálfu, en þau voru öll á latínu rituð. Þar á meðal hafa eflaust verið sögurit. Það er ekki ólíklegt, að þau kynni, er þessir menn og aðrir höfðu af þessum útlendu bókum, hafi vakið þá til þess að

Digitized by Google

rita á líkan hátt um norræna menn og viðburði, kveikt löngun hjá þeim til þess að semja lík rit. Svo mikið er víst, að Sæmundur fróði er hinn fyrsti, er vjer vitum til að hafi ritað sögurit um Norðmenn eða Íslendínga (ættvísin var nokkuð annað), og hann skrifaði að dæmi útlendínga á latínu. Samtímis honum var Ari Þorgilsson prestur, líka nefndur hinn fróði; hann ritaði bók, Íslendingabók hina eldri eða meiri, um Ísland og Noregs konúnga; þar að auk var í henni ættartala; hjer var alt í eina bók sett, sameinað það sem síðar var greint í sundur. Til allrar hamingju ritaði Ari á móðurmáli sínu, hvort sem það nú hefur komið til af því að hann kunni ekki latínu nógu vel (sem þó valla mun hafa verið) eða af því að hann vildi rita til þess að landar hans gætu alment lesið rit hans. Ari tók síðar úr bók sinni bæði ættartöluna og ævi Noregs konúnga og jók einhverju litlu við, það er sú Íslendíngabók, er nú er til, og er eingöngu um Ísland, einkum kirkjusögu þess.

Það var hið mesta happ að Ari ritaði á íslensku; með því var ísinn brotinn, hin erfiða byrjun gerð og gerð vel; að hans dæmi gerðu svo að segja allir síðari sagnaritarar nema örfáir klausturmúnkar, er síðar skal getið. Það var Ari, sem hin þjóðlegu fræði vor að fornu og nýju eru í raun og veru að þakka, og honum var það snemma þakkað; staffræðishöfundurinn nefnir loflega „þau en spaklegu fræði, er Ari Þorgilsson hefir á bækr sett af skynsamlegu viti“. Ari dó 1148. Um þær mundir og þar á eftir, á síðara hluta 12. aldar, eru flestar og allar hinar bestu frumsögur ritaðar; þessi

Digitized by Google

aldarhelmingur er gullöld íslenskrar sögurítunar, og sætir það firnum, hve miklu og góðu var afkastað. Þær sögur greinast nú aðallega í tvent, sögur um norræna konúnga og útlenda höfðingja yfir höfuð og Íslendingasögur. Að svo hafi verið er mart til sönnunar bæði beinlínis og óbeinlínis. Af þeim safnritum, er samin voru á öndverðri 13. öld, sjáum vjer, að þá hafa verið til einstöku sögur um alla eða flesta Noregs konúnga og jarla; vjer vitum, að nokkru eftir miðja 12. öld var samsett saga um Ólaf helga; um Ólaf Tryggvason reit Oddur múnkur á Þingeyrum á latínu, en sögu þeirri var snemma snúið á íslensku; Eiríkur Oddsson nokkur var í Noregi um líkt leyti og safnaði til samtíðarrits, er náði frá 1130—61; og hafa þá efalaust verið til sögur fram að 1130. Um 1185—7 ritaði Karl ábóti á Þingeyrum fyrra hlut sögu Sverris eftir sjálfs hans fyrirsögn. Svo var auðvelt að fylla skarðið milli hans og sögu Eiríks eða áranna 1161—77. Fyrir lok 12. aldar voru þá til einstakar sögur um norræna höfðingja alla leið frá Haraldi hárfagra og Hálfdani svarta (og ef til vill lengra aftur í tímann). Það lá beint við að safna þeim í eina heild, setja þær í eina bók eða gera ágrip af þeim og setja svo saman. Þetta var fyrst gert, svo að vjer vitum, um 1190; þá var sett saman þess konar ágrip (og er kallað svo) og er til enn að mestu; náði það frá Hálfdani svarta og til Sverris. Síðar, á 13. öld, voru samin Morkinskinna (Magnús góði til 1177), Fagurskinna (sama tímabil og Ágrip) og loks Heimskringla Snorra, er tók öllum þess konar ritum fram.

Digitized by Google

Enn fremur voru til um 1200 sögur um Orkneyjajarla, um Færeyinga, um Eirík rauða (Grænland) og um Danakonúnga (Skjöldúngasaga m. m.).

Það mætti nú undarlegt þykja, ef Íslendíngar, er rituðu svo mart og mikið um útlenda menn, hefðu gert sig sjálfa afskifta, haft sig sjálfa út undan. Svo var heldur ekki, þótt skoðanir sumra manna hafi verið á reiki um þetta. Það má nú teljast vafalaust og viðurkent, að flestar sögur um Íslendínga sjeu líka ritaðar á þessu tímabili. Bæði bera þær það óbeinlínis með sjer að þær stafi frá svo fornum tímum sem mögulegt er með máli sínu, framsetníngu og stíl; í stöku tilfellum sýna handritaleifar það nokkurn veginn órækt. En mest er í varið vitnisburð þann, er lesa má í Sturlúngusafninu; þar stendur: „Flestar allar sögur þær, er hér hafa gerz á Íslandi, váru ritaðar, áðr Brandr byskup Sæmundarson andaðiz", en hann dó 1201. Hvort sem heldur er lesið svo eða eins og í öðru handritinu stendur: „Flestar allar sögur, þær er gerz höfðu á Íslandi áður Br. b. S. andaðiz, váru ritaðar", kemur alt í sama stað niður; hugsunin er alveg hin sama. Vjer vitum og, að um þetta leyti voru samin rit um íslenska menn frá 12. öld og biskupa; Gunnlaugur múnkur (d. 1218) reit á latínu um Jón biskup á Hólum; þá var og Húngurvaka samin um hina 5 fyrstu biskupa í Skálholti og fleiri biskupasögur. Nokkru eftir 1200 (1210—20) var Landnáma sett saman og er þar getið ýmsra Íslendíngasagna og aðrar beinlínis notaðar, bæði þær er nú eru til og týndar eru, þótt þess

Digitized by Google

sje ekki ætið getið með berum orðum. Það er því alveg víst, að um 1200 hafa verið til sögur um Íslendínga, bæði um forna og ýngri, flestar þeirra er vjer vitum nú af.

Með sögunum um 1200 og með Heimskríngla var hinni eiginlegu frumsöguritun lokið. Þó ekki alveg. Bróðursonur Snorra, Sturla, ritaði, eins og Ari, bæði um Noregskonúnga og Íslendínga, og eru það hinar síðustu sannsögulegu frumsögur, er samdar voru, þegar frá eru skildar 2 sögur um síðari biskupa. Sturla ritaði sögur Hákonar gamla og Magnúsar lagabætis; og var þar með lokið hinum mikla bálki um Noregs höfðíngja; áður höfðu verið samdar sögur um tímabilið milli Sverris og Hákonar (1202—17; Böglúngasögur). Sturla samdi og Íslendíngasögu (eða sögur), sem var samtíðarsaga eða saga Íslands á 13. öld fram undir það að landið komst undir vald Hákonar.

Að lyktum voru frumsamdar sögur Árna biskups Þorlákssonar og Lárenzíus biskups á 14. öld og saga Guðmundar biskups á latínu af Arngrími Brandssyni; henni var snúið á íslensku og er enn til. Á síðara hluta 13. aldar og um 1300 voru svo ritaðar ýmsar (ekki ýkjamargar) sögur um Íslendínga, er ekki höfðu áður verið samdar eða ef hinar upphaflegu sögur höfðu týnst, sem borið gat við. Með því var lokið hinni eiginlegu söguritun Íslendínga. Hvað síðar var ritað mun síðar um rætt. Þess skal þó enn getið, að annálaritun hófst á síðara hluta 13. aldar og að þá var líka farið að setja hinar svonefndu fornaldarsögur á bækur.

Vjer verðum hjer enn að lyktum að geta nokk-

Digitized by Google

urs konar sögurítunar, er hófst á 13. öld og hjelst við alla 14. öld. Það var ekki sagt, að frumhöfundar sagnanna hefðu náð í alt sem sagt var um þá menn og atburði, er þeir rituðu um, eða þá þeir kærðu sig ekki um að taka alt upp í sögu sína sem þeir höfðu heyrt; smámsaman höfðu og myndast ýmsar óáreiðanlegar sagnir einkum um suma af konúngunum, helst Ólafana, múnkatilbúníngur um yfirnáttúrleg verk þeirra og jarteinir. Líka hafa verið til ýmsar miður áreiðanlegar sagnir um ýmsa forna Íslendínga. Lítur út fyrir sem þess háttar sögur hafi einkum fallið mönnum í geð á 13. öld; að minsta kosti var þá farið að gefa þeim sjerstakan gaum. Þeir sem þá rituðu sögurnar upp, bættu nú inn í þær þess konar sögnum, hvort sem þær voru ósennilegar í meira eða minna lagi, og þóttust með því fylla þær og bæta. Oftast skemma þessir viðaukar söguna og hið góða samhengi hennar, þótt þeir stundum geti haft þó nokkuð sögugildi í sjálfu sjer. Þegar fram í sótti, keyrðu þess konar innskot fram úr öllu hófi; heilar sögur og þættir voru nú teknar upp í frumsögurnar, svo sem t. d. sögur Ólafanna sýna, eins og þær t. a. m. eru í Flateyjarbók. Sömuleiðis steyptu menn saman sögum til þess að fá eina heild um svo og svo lángt tímabil eða ef þær voru að einhverju leyti náskyldar; þesskonar samsteypa er Sturlúnga í sinni núverandi mynd og Njála, þótt með dálítið öðru móti sje.

Það er af því, sem nú hefur verið sagt, auðsjeð, að sögurítunin tilheyrir næsta ættlið eftir tíð Ara fróða og annara hinna fróðu manna, sem getið

Digitized by Google

var. Hvernig er nú sambandið milli söguritaranna og þeirra eða hinnar fornu arfsagnar? Þar um hafa verið ýmsar skoðanir. Sumir hafa haldið, að sagan hafi myndast alveg eins og hún er færð í letur á vörum manna, og hafi þeir sem fyrstir rituðu hana ekki verið annað en skrifarar blátt áfram. Menn hafa bent m. a. á niðurlagsorð Droplaugarsonasögu þessu til stuðnings; þar segir, að sonarsonarson Gríms hafi „sagt sögu þessa". Þessi saga er nú fremur stutt og einföld og má vel vera að orðin sjeu rjett að mestu; en þegar um hinar meiri sögur er að ræða og ýmsar aðrar, bera þær glögg merki þess, að þær eru ekki svo til orðnar, að þær hafi verið til í heild sinni í hinni munnlegu frásögn. Engu að síður hefur aðalefni þeirra verið áður til, og líklegast í meiri eða minni bálkum eða heildum. Sögurnar nefna oft og einatt þá og þá heimildarmenn eða -konur; geta oft um sögur manna og missagnir um eitthvað. En hvort sem heldur er að frumritara sagnanna ber að skoða sem höfunda eða ekki, er það af öllu ljóst, að það er hin forna arfsögn, er sögurnar byggjast á. Menn hafa viljað gera mun á Konúngasögunum og Íslendingasögunum og sagt sem svo, að efnið í hinum fyrnefndu sje að miklu leyti tekið úr og styðjist við vísur og kvæði samtíðisskálda; þetta er að vísu satt, en hitt er víst, að margar Íslendingasögur styðjast líka við vísur og kvæði. Og nú þegar sannað er, að þær eru velflestar ekki yngri en konúngasögurnar, verður að gera þeirri arfsögn, er felst í þeim, jafnhátt undir höfði. Svo framarlega sem menn viðurkenna, að sögur þessar eru ekki tómur tilbúningur — og

Digitized by Google

það segir enginn —, geta þær ekki verið á öðru byggðar en á arfsögnunum, og sannindi sögunnar fara þá eftir sannfróðleik arfsagnanna; vjer höfum sjeð, hve mikið mælir með því að þær sjeu áreiðanlegar, og má telja sögurnar að sama skapi sannar. Þó ber að gæta þess, að vel mega arfsagnirnar hafa getað breyst eða brenglast eitthvað í meðferð manna á 12. öld, en valla hefur það getað verið mikið. Það mætti telja hjer mörg dæmi og góð þess, að einstök atriði í sögunum eru rjett og sönn; vjer getum sannað þau með vitnisburði útlendra rita, samanburði sagnanna sjálfra, rannsókn á sögustöðunum og með ýmsu fleiru. En meginið af efninu er þannig lagað, að það verður ekki sannað með öðrum heimildum, og verður þá sennilegleiki frásagnarinnar sjálfrar og öll gerð sögunnar að segja til.

Því verður ekki neitað, að villur má finna í sögunum — ekki síst tímatalsvillur —, að viðburðum er blandað saman og fleira; en þetta gefur enga heimild til að skoða þær yfir höfuð sem ósannar eða úr lagi færðar að miklum mun eða mestum; það heimilar heldur ekki þá skoðun, sem oft sjest látin í ljós, að þær sjeu blendingur af sönnu og tilbúnu, sögu og skáldskap (eins og nútímaskáldsögur). Hitt mun sannast, að þær sjeu að mestu leyti sönn saga; en villur þær, er finna má í þeim, vekja til varúðar og hvetja til skarprar rannsóknar á hverri sögu fyrir sig; og verður þá að inna þá rannsókn af hendi með fullum kunnugleika á öllu því, sem hjer kemur til greina.

Að endingu skal þess getið, að í Noregi mynd-

Digitized by Google

aðist engin söguritun, enda voru lífsskilyrði manna þar á 11—12. öld að minsta kosti alt öðruvísi en á Íslandi. Þar var að mestu sífeldur ófriður og aldrei var þar verri ööld en á 12. öld, en þá gekk alt nokkurnveginn skaplega á Íslandi. Engin eiginleg arfsögn myndaðist þar; sjest það glöggvast á því, sem hinn eini Norðmaður, er bar það við að rita um sögu lands síns (á latínu, múnkurinn Theodricus), segir um undirstöðu rits síns. Hann segist hafa fengið hana mest alla „hjá þeim sem vjer köllum Íslendínga, því að þeir eru álitnir að hafa geymt best minníngunа um alt þetta og þeir hafa ort merkileg sögukvæði"; þetta er ritað seint á 12. öld: rit hans mætti því að nokkru leyti telja til íslenskra sögurita.

3. Um höfunda sagnanna. Að undanskildum hinum fáu höfundanöfnum, er vjer vitum deili á, eru flestöll sögurit vor eftir ónafngreinda höfunda eins og eddukvæðin, og má vera, að það komi til af líkum orsökum. Efnið var til áður og þeir sem settu það á bækur hafa eigi skoðað sig sjálfa sem höfunda í eiginlegri merkíngu orðsins, og kynni það aftur að mega skoða sem sönnun þess, að þeir væru ekki höfundar, heldur aðeins ritarar.

En það er mart sem styður það að vjer getum nefnt þá höfunda, að minsta kosti til nokkurrar hlítar. Fyrst er það í sjálfu sjer óhugsandi, sem áður var bent á, að sögurnar hinar meiri hafi verið til í heilu líki, sögur sem Eigla, Eyrbyggja, Laxdæla, að vjer ekki tölum um Njálu og fleiri; þær bera þess ótvíræðleg merki að vera settar

Digitized by Google

saman af sagnaflokkum, og þess konar samsetníng hefur munnleg arfsögn ekki búið til, heldur er það einstakra manna verk. Og svo hefur og verið með flestar hinar sögurnar, þótt minni sje. Um leið og þær voru settar saman af hinum einstöku sögusögnum hefur sá, sem það gerði, skipað þeim eftir sinni skoðun og vikið ýmsu við, ef þurfti, til þess að fá fult samræmi og góða söguheild. Um leið hefur hann ósjálfrátt lagt sinn eiginn blæ yfir alla söguna; sögurnar eru sín á milli næsta ólíkar að mörgu, bæði að stíl og framsetníngu; þetta ætti sjer naumast stað, ef þær væru að fullu til orðnar í munnlegri frásögn. Þar að auk má kenna þess greinilega, að í hverri sögu fyrir sig (auðvitað ekki í öllum, og ekki í öllum jafngreinilega) sjást sjerstök uppáhalds umræðuefni, og bendir það á einstakan mann, og það getur valla verið annar en sá sem færði söguna í letur. Ein sagan hefur sjerstaklega gaman af að gera grein fyrir vopnum og gripum, önnur fyrir fornum siðum og venjum, þriðja staðanöfnum og þess konar, fjórða lögum, rjettarfari og málagángi osfrv. Enn fremur er það einkennilegt, að í mörgum sögum kemur í ljós að um hitt og þetta hafi til verið fleiri frásagnir en ein, sumir segi þetta, sumir hitt; stundum er svo bætt við að sú eða sú sögnin verði að teljast hin sennilegri. Svo gerir ekki arfsögnin; en auðvitað mætti hugsa sjer, að sumt af þessu stafaði frá hinum fróðu mönnum.

Út af öllu þessu leiðum vjer þá ályktun, að þeir sem færðu sögurnar í letur, hafi haldið áfram verki hinna fróðu manna, en á víðáttumeiri hátt,

Digitized by Google

safnað öllum arfsögnum og arfsagnaflokkum er þeir gátu náð í, sett svo alt saman og búið til úr því þá söguheild, er vjer höfum að miklu eða mestu óbreytta. Þeir hafa við haft dæmigreind í vali sinu og samsetning, eflaust oft sett sinn eiginn blæ á framsetníngu og orðfæri, og þeir hafa, ósjálfrátt líklegast, látið bera mest á því, sem þeim þótti mest gaman að. Að til taka nákvæmar starfsemi þeirra er ekki hægt, með því að oss vantar full skilríki til þess að dæma um sagnir hinna fróðu manna um 1100, eðli þeirra og form. En oss getur ekki skilist annað en að þeir sem færðu sögurnar í letur sjeu rjettnefndir höfundar eins fyrir því, þótt alt aðalefnið sje úr hinni fornu arfsögn tekið. Eins fengu þeir frásagnaraðferðina sjálfa frá hinni gömlu munnlegu sögusögn; þótt þeir t. d. oft hafi skapað samtöl sjálfir, hlaut frásögn þeirra að verða jafnalþýðleg fyrir því; og það því fremur sem þessir menn voru alþýðlegir menn; það er þess vegna að frásögnin er svo ágæt, að það er hið hversdagslega frásagnarsnið, sem svo að segja alstaðar er haft, — þessi látlausa, eðlilega frásögn, sem þó er svo fjörug og ljós, að það er eins og maður sjái viðburðina og heyri fólkið tala. Orðaskipun og hljóðfall orðanna skapast af sjálfu sjer, þegar svo er frá sagt, að sá sem segir er með lífi og sál í frásögninni; orðin víkjast ögn við, eftir því sem áherslan skapast í framburðinum, svo að öll ræðan verður áhrifameiri og liðugri. Alt þetta kemur greinilega í ljós hjá höfundunum og eru þeir því alþýðu-sögumenn í besta skilningi orðsins.

Digitized by Google

Þar af leiðir þó engan veginn, að þeir hafi verið óbreyttir alþýðumenn. Það er alls ólíklegt, að ritlistin hafi verið iðkuð að mun á 12. öld — fyrstu öld ritunartímans — af ólærðum mönnum og öðrum mönnum en þeim sem höfðu numið í skólum, eða með öðrum orðum, það er sennilegast, að höfundarnir sjeu skólalærðir menn, menn af andlegu stjettinni, og styrkist þetta mjög við það, að í langflestum sögunum má finna þess kyns orð og setningar og í sumum þess konar anda, að valla aðrir en lærðir menn eða menn af prestastjettinni hafa ritað þær. En það er víst, að þessir menn hafa verið lítt gagnteknir af útlendum guðfræðisritum, guðfræðislærdómi og kenslumentun, að þeir hafa staðið alþýðumönnum mjög nærri, lifað á þeirra hátt, talað í þeirra anda, og verið sem þeir að öðru en því, að þeir höfðu ritlistina fram yfir þá. Með þessu móti skýrist alt einfaldast og eðlilegast. Á móti þessu er ekki hægt að hafa það, að rit presta, er vjer þekkjum, eða múnka, eru með allri annari gerð en hinar sögurnar, og eigum vjer hjer við rit múnkanna Odds og Gunnlaugs á Þingeyrum; þessir menn voru vellærðir klaustramenn, er þar að auk rituðu á latínu; þeir vildu, einkum Gunnlaugur, spreyta sig á því að sýna lærdóm sinn og ritlist, mælsku og málskrúð; því eru þeir svo tilgerðarfullir og íburðarmiklir málrofsmenn. Hins vegar sýna önnur eins rit og rit Ara fróða og saga Karls ábóta og sanna best það, sem áður var sagt um alþýðlega menn meðal hinna lærðu; en þeir báðir rituðu á sínu móðurmáli og þar verður ekki vart prestslegrar mærðar eða lærdómsraups.

Digitized by Google

Þó að það sje sennilegast, að sögurnar sje ekki ritaðar af klaustramönnum, má þó vel vera, að klaustrin íslensku eigi nokkurn þátt í allri þessari söguritun og útbreiðslu hennar. 1133 var fyrsta klaustrið stofnað, hið fræga klaustur á Þingeyrum, rúmum 20 árum síðar (1155) Múnkaþverárklaustur í Eyjafirði, Hitárdalsklaustur 1166, Þykkvabæjarklaustur í Veri 1168, Flateyjarklaustur 1172; það var síðar (1184) flutt til Helgafells. Önnur klaustur eru yngri og þýðingarminni. Þau, er nefnd voru, eru einmitt öll í þeim hjeruðum, eða í nágrenni við þau, er lángflestar sögur eru úr. Aðeins Austfirðíngasögur — eða rjettara sagt sögur úr Vopnafirði og nágrenninu þar — hafa ekkert klaustur að styðjast við; en þess ber að gæta, hve miklar samgöngur og sambönd voru alla tíð milli nefndra hjeraða og Eyjafjarðar. En sje samband milli klaustranna og söguritunarinnar, hefur það verið óbeinlínis, og líklega aðeins falið í andlegri hvöt til bóklegrar iðju.

Hvar höfundarnir hafa átt heima á landinu er auðsvarað. Með einu orði má segja, að þeir hafi átt heima þar sem sögurnar gerast sjálfar. Kunnugleiki sá, er þær sýna, ekki aðeins til alls söguefnisins, heldur og til sögustaðanna, byggðarinnar og hjeraðsins, er þær gerast í, er ærin ein sönnun þessa. Auðvitað gátu utanhjeraðsmenn fengið góða þekkíngu á sögustöðunum, en eðlilegast er hitt. Það er t. d. óhugsandi annað en að Eigla sje samin af manni, sem svo að segja var borinn og barnfæddur á Mýrunum eða í nánd við Borg; sama er að segja um Eyrbyggju og Laxdælu, Gíslasögu,

Digitized by Google

Vígaglúmssögu osfrv. Yfir höfuð eru sögurnar rjettar að öllum staðalýsingum. Það ber örsjaldan við, að villur finnist og hafa þær þá sína eðlilegu orsök, t. d. þá, að höfundurinn er að tala um sveitir, er fjarri voru heimili hans. Í Hávarðarsögu eru miklar villur, er snerta Ísafjarðarhjeruðin, svo að það er ómögulegt, að höfundurinn hafi alist upp og ritað þar. En svo stóð á, að Hávarður varð að flýja heimili sitt vegna vígaferlis, og fór hann til Svarfaðardals og lifði þar síðasta hlut ævi sinnar, og þar er sagan rituð og ekki fyrr en allseint. Þar með skýrast nægilega staðavillur þeirrar sögu.

Ef vjer rifjum upp fyrir oss nöfnin á sögunum og gætum að, hvar þær gerast, þá er fljótsjeð, að þær gerast ekki alstaðar á Íslandi eftir jöfnu hlutfalli, eins og þegar hefur verið bent til. Þær eru lángflestar frá suðvestur- og vesturlandinu, Húnavatnssýslu og Eyjafirði og nærsveitunum og svo nokkrar frá nyrsta hluta Austfjarða. Að undanskilinni Njálu, höfuðsögunni frá Rángárvöllum, og hinni fremur ómerkilegu Flóamannasögu úr Árnessýslu, eru engar sögur frá Austfjörðum fyrir sunnan Vopnafjörð og alla leið að Borgarfjarðarsýslu; og svo er Skagafjarðarsýsla alveg sögulaus. Auðvitað koma þó sumar sögurnar ósjaldan við þessi hjeruð óbeinlínis. Það er mikil bót í máli, að Landnáma nær yfir alt landið og hefur ýmsar smásögur meðferðis um menn og viðburði landið í kringum. Hvernig á þessum mikla mun standi, er erfitt að skýra. Það dugar valla að segja, að ættir á vestur- og norðurlandi hafi verið þróttmeiri og gáfumeiri en annarstaðar, heldur ekki að þar hafi gerst meira

Digitized by Google

söguefni yfir höfuð. En vera má að hin munnlega sögusögn hafi þar verið fjörugri og einkum að fleiri einstakir menn hafi þar vaknað fyrr til þess að safna arfsögnunum; það hefur ef til vill heldur ekki verið án þýðingar, að sá maður, er fyrstur tók að rita á móðurmáli sínu, var vestfirðingur. Einhlítt er þetta þó ekki, og liggur því nærri að setja þetta í samband við klaustrin og stofnun þeirra, líkt því, sem áður var drepið á.

Þó að vjer vitum ekki nöfn höfundanna, getum vjer þó gert oss nokkra og ekki óljósa hugmynd um þá af sögunum. Þeir eru fyrst og fremst auðsjáanlega gagnteknir af söguefninu sjálfu, hafa mikla lotningu og aðdáun fyrir söguöldinni og þykir mikið koma til þeirra manna, er þeir rita um. Og þó kemur þetta aldrei fram í berum orðum. Aldrei láta þeir sína skoðun í ljósi, nema óbeinlínis, aldrei tala þeir í sínu eigin nafni; aldrei sjest þar setning, þar sem höfundurinn segi „jeg hygg“ osfrv. Sjálfstæðar hugsanir og hugleiðingar finnast aldrei. Þeir standa algerlega bak við alt og vilja aðeins segja söguna, eins og hún hafi gerst, og eins vel og samviskusamlega sem þeim er unt; um þetta þarf ekki að efast; hins vegar má ekki búast við því, að þeir hafi allir haft jafna dæmigreind eða getað sagt allir jafnsnildarlega söguna, enda sjást þess oft merki. Eins og áður var bent á, koma einnig ósjaldan fyrir ljós merki þess, að höfundarnir hafi hent mest gaman að þeirri eða þeirri hlið fornaldarlífsins eða fornra fræða. Það er því mart sem sýnir oss inn í sálir þessara manna, hugarfar þeirra og starfsemi,

Digitized by Google

þótt óbeinlínis sje, og megum vjer vera þakklátir fyrir.

4. Tegundir sagna. Eiginlega er ekki nema um eina tegund að ræða. Þær eru allar ævisögur einstakra manna, og eru það, þótt þær stundum verði nokkuð víðáttumiklar; þær eru að því leyti allar eins. Heldur ekki er í raun rjettri hægt að greina þær í sundur eftir því, hvort þær ná yfir einn eða fleiri ættliði. Fremur má skifta þeim eftir því, hvort efni þeirra er satt eða ekki. Þær sögur, er að mestu eða öllu eru tilbúningur, hafa verið nefndar fornaldarsögur, og er það ekki afleitt nafn, þótt það sje ekki alveg rjett frá sjónarmiði vorra daga. Eftir því mætti tala um sannar sögur og fornaldarsögur.

Hinar sönnu sögur eru aftur sögur um útlenda konúnga og höfðíngja; eru þær flestar um Noregs konúnga og jarla; þar næst um Dana konúnga; ennfremur um Orkneyja jarla og Færeyínga; þessi saga er þó fult eins lík og skyld Íslendíngasögum; sama er að segja um sögu Eiríks rauða eða sögu Grænlendínga; hún nær skamt niður á við, eins og líka Færeyingasaga. Um Svíþjóð er eiginlega engin saga til.

Þá er allur hinn mikli bálkur um íslenska menn eða Íslendíngasögur, sem þær eru vanalega nefndar; það eru þær sögur, er gerast á 10. öld og fram á 11.; hin síðasta þeirra er Bandamannasaga, er gerist um miðbik 11. aldar. Þær eru aftur nokkuð mismunandi að efni og stærð og ritaðar á mismunandi tímum. Til þessara sagna má

Digitized by Google

telja Landnámu þótt ekki sje saga í eiginlegri merkingu.

Síðar koma sögur frá 12. og 13. öld, og eru þær flestar saman komnar í Sturlúngu-safninu og eru ritaðar af samtíðarmönnum.

Í þessum sögum felst hin veraldlega saga landsins.

Auk allra þessara sagna eru hinir mörgu svonefndu þættir; það eru minni sögur um einstaka menn og þá oftast aðeins einn kafla úr ævi þeirra. Þeir eru helst um ýmsa Íslendinga, er voru nokkra hríð hjá konúngum; sögninni um þá hefur allajafna verið stúngið inn í konúngasögurnar, og því heitir hún þáttur. Þessir þættir eru oftast prýðilega fallegir, vel sagðir og skemtilegir og lýsa ágætlega þeim mönnum, sem fyrir koma, og tímunum, er þeir gerast á; eru þeir því ómetanlegur viðauki við allan hinn sagnabálkinn.

Þá koma sögur um vöxt og viðgáng kirkjunnar á Íslandi og einstöku aðalmenn hennar. Um kristnun landsins ritaði Ari í sinni bók og um hina fyrstu 2 biskupa; síðar var samin heil Kristnisaga og svo margar biskupasögur, þar á meðal Húngurvaka; en aldrei var rituð ein samfeld saga allra biskupa landsins; þessar sögur eru flestar afarmerkilegar, af því að þær eru að mestu eftir samtíðarhöfunda.

Hinar ósönnu sögur eða fornaldarsögur eru að mestu leyti tómur tilbúningur; þær, er sögulег undirstaða er til eða einhver sögukjarni í, eru fæstar og snerta þá menn og viðburði í Noregi (og Danmörk) fyrir 800 eða um þá tíma. Þessar sögur

Digitized by Google

eru elstar og eftir þeim eru tilbúnar allar hinar; eru þær oft um risa og jötna og yfirnáttúrlegar verur, rán konúngsdætra, hættulegar ferðir og stórkostlega bardaga og raunir, eða með öðrum orðum ævintýri. Til þeirra heyrðu og hinar svo nefndu stjúpmæðrasögur, er getið er um þegar á 12. öld. Það eru fornar þjóðsögur og ævintýri, er hafa verið tekin upp í þessar sögur, og þar að auk er ýmislegt þar af útlendum rótum og tekið úr eða stælt eftir útlendum sögum. Færðar í letur voru þessar sögur ekki fyrr en eftir miðja 13. öld og flestar enda ekki fyrr en á 14., þeirra sem nú eru til.

Allar þessar sögur eru frumsamdar. En á 12. og 13. öld voru mörg útlend, einkum latínsk, rit þýdd á norrænt mál, og voru þau öll líka nefnd sögur, ef efnið var sögukynjað að einhverju leyti, þótt þau í rauninni væri ekkert annað en kirkjuleg uppeldisrit. Hjer til má nefna Rómverjasögur, Trójumanna og Bretasögur, Alexanderssögu og Gyðingasögu; þar næst stórmikinn bálk sagna um postula og helga menn ásamt Máríu mey; hjer eru og á meðal stöku sögur frumsamdar um norræna helga menn. Þessar sögur eru þýddar bæði af Norðmönnum og — þó mest af — Íslendingum. Oft eru þessar sögur næst því að vera prjedikanir.

Þegar Hákon gamli var konúngur í Noregi, ljet hann snemma þýða á norrænu mart af útlendum einkum frönskum eða fransk-enskum skáldritum í ljóðum; þau voru þýdd í óbundið mál og kallaðar sögur; það eru sögur um Arþúr og kappa hans og margs konar riddara. Eru þær nefndar riddara-

Digitized by Google

sögur eða fornsögur Suðurlanda. Bæði þær og fornaldarsögurnar urðu orsök til þess að menn á Íslandi fóru að setja saman sögur, er voru tómur tilbúningur og stælingar, og eru það hinar yngstu íslensku sögur, er hjer verður getið. Þær mætti kalla lygisögur eða eitthvað þess konar og eru þær í heild sinni lítils virði.

Þetta er stutt yfirlit yfir alla íslenska söguritun að fornu og sagnategundir.

5. Um efni sögunnar og fyrirkomulag. Sögurnar eru flestar hver annari mjög líkar að gerð, en þó er munur á þeim, einkum að því hve viðáttumiklar þær eru. Konungasögurnar eru aðeins um aðalmanninn, konunginn, hans uppvöxt, leiðangur, ferðir og athafnir; mest er þó ófriðarsaga og orustulýsingar, en sjaldan er mikið um hina innri stjórn landsins, nema ef sagt er frá einhverju þess konar eins og af tilviljun eða af því að það snertir aðalefnið sjerstaklega. Upphaflega var ekkert tekið með nema það, sem snerti beinlínis konungana og sögu þeirra og viðkom aðalefninu. Seinna var farið að taka upp í þær hina áðurnefndu þætti, og átti það sjer einkum stað í hinum samsettu söguritum, eins og t. d. Morkinskinnu, þó að þeir væru þýðingarlausir eða alls ómerkir fyrir aðalsöguna. Í þessum samsettu söguritum er vanalega hver saga út af fyrir sig án þess að þær sjeu settar í neitt innra samband hver við aðra, nema í Heimskringlu; þar eru þær fljettaðar hver inn í aðra á meistaralegan hátt og öllu slept, sem ekki kemur við aðalsögu konunganna eða skýrir ekki

Digitized by Google

tilgáng þeirra og hugsun með verkum þeirra. Höfundarnir tilfæra oft skáldavísur til heimildar fyrir því, er þeir segja; á þetta sjer einkum stað um timann fyrir 1100—50. Þá tók við vit samtíðarmanna, og var það auðvitað betra en vísurnar og fyllra. Biskupasögurnar eru líkastar Konúngasögunum, en jarteinum skotið inn eða settar saman á eftir sögunni.

Íslendingasögurnar eru nokkuð ólíkar að gerð og auðvitað nokkuð að efni líka, og verður hjer ekki alls þessa getið. Sumar eru aðeins um eina aðalsögupersónu eða tvær, karl og konu. Segir þá fyrst frá uppruna þeirra og ætt í fáum orðum og síðan frá ævi þeirra, lítið frá uppvaxtarárunum. Vanalega er það þá einn aðalviðburður, er kemur fyrir æskumanninn, að hann verður ástfanginn í kvennmanni á sama reki og hún í honum, og verður það undirstaða allrar sögunnar og ástir þeirra meginþráðurinn; þau hljóta ekki hvort annað, heldur verður hún nauðug að eiga annan mann og rís svo bitur fjandskapur milli hans og hins mannsins, og segir greinilega frá þessu þángað til þeir berjast að lyktum og annar fellur eða báðir; svo er t. d. Gunnlaugssaga og Bjarnarsaga; sömuleiðis Hallfreðarsaga og Kormákssaga. og þó er endirinn, dauðdagi aðalmannanna, með öðru móti (falla ekki í bardaga við keppinautana). Skyld þessum sögum er Laxdæla (Kjartan og Guðrún) eða kafli í henni. Aðrar sögur eru sprotnar af vígi, er hefur ýmsar orsakir (föðurhefnd eða annars konar hefnd); afleiðingin er sekt um alla ævi, og segir þá frá flækingi

Digitized by Google

hinna seku og raunum, uns þeir verða unnir, og geta þá komið fyrir atburðir, er ekki stafa beint af undirstöðuatriðinu (Gíslas., Grettiss., og að nokkru leyti Glúma). Náskyld þessum sögum er t. d. Njála í eiginlegum skilningi, þar sem víg eitt veldur öllu því sem á eftir fer og endar með Njálsbrennu og hefnd Kára. Enn eru sögur um höfðingja og afrek þeirra, óvinättu við aðra höfðingja, og þarf þá ekki að vera einn óslitinn þráður í sögunni (Glúma, Reykdæla, Heiðarvígas., Hrafnkelss. og fl.).

Aðrar sögur eru meiri og ná yfir fleiri eða færri ættliði, þótt segja megi að ein sje aðalhetja sögunnar. Egilssaga er saga Egils aðallega og ferða hans, er allar stóðu í sambandi hver við aðra; en þar segir og frá Skallagrími föður hans allgreinilega og Kveldúlfi, afa hans, töluvert. Eyrbyggja er saga Snorra goða, en segir eins og Eigla allgreinilega frá föður hans og afa frá landnámstíð; í henni eru margar frásagnir um atburði, er fæðast ekki hver af öðrum; Laxdæla er líka aðallega saga Kjartans og Guðrúnar, en segir allglögt frá forfeðrum þeirra frá landnámstíð. Þessi saga gengur eflaust nær því að vera skáldskapur en sönn saga en flestar aðrar, en sögugerðin er söm fyrir því. Líkt og þessar sögur er Ljósvetningasaga. Vatsdæla er sú sagan, er um flesta liðina talar og minst hefur óslitið söguefni; deilist hún því frekar en flestar aðrar í þætti fyrir sig. Sjerstakrar tegundar að nokkru leyti er Fóstbræðrasaga, víga- og hefndasaga. Í flestum þessum sögum eru vísur tilfærðar og notaðar þar sem hægt var.

Digitized by Google

Alt efnið er sett í tímaröð, en tímatal er oft á reiki og óvíst, af því að orðatiltækin eru einatt óákveðin („nokkuru eftir, nokkurum árum síðar“ og þess konar). Oft verður höfundurinn að skilja við efnið og grípa aftur fyrir sig eða skjóta inn einhverju, sem er nauðsynlegt fyrir gánginn, frásögunni um nýja menn, er koma til sögunnar; svo þegar kemur aftur að aðalsögunni, „er tekið til þess, er fyrr var frá horfið“. Þegar einhver maður er búinn að afreka það sem er hans hlutverk og kemur ekki framar fyrir, „er hann úr sögunni“. Þetta er gert til þess að lesendur og tilheyrendur þurfi ekki að hafa fleiri menn og nöfn í huga sjer en þörf gerði frekast. Eiginlegar lýsingar eru sjaldgæfar. Aðalmönnunum, körlum og konum, er lýst í fáum orðum, útliti þeirra og lund. Þess þurfti heldur ekki, því að öll sagan um framkomu þeirra og athafnir er betri lýsing á þeim en nokkur bein lýsing á þeim gat verið. Það er einmitt aðalkostur sagnanna, og þar eru þær flestar jafnsnjallar, að persónurnar birtast oss svo ljóst og greinilega, að hvergi ber skugga á. Sál þeirra og hjarta og hugrenningar — alt er þetta sem gagnsætt sje. Að þessu stuðla ekki síst hin mörgu og ágætu samtöl, er hver saga er full af og heyrir til gerð hverrar sögu. Þess konar samtöl hafa eflaust verið í hinni fornu arfsögn; það heyrir til alþýðumannafrásögn, hvar sem er, að láta mennina, er frá er sagt, tala sjálfa, í stað þess í óbeinum orðum að skýra frá efni orða þeirra og hugsan. Auk þess sem maðurinn sjálfur verður oss miklu ljósari fyrir bragðið, verður öll frásagan miklum mun tilbreytingameiri,

Digitized by Google

fjörugri og skemtilegri. Og í þessum samtölum er það einmitt, að höfundarnir geta sýnt hvað best talsnild sína og orðfæri. Auðvitað eru þessi samtöl ekki sannsöguleg, heldur síðari tilbúningur, en þau falla svo vel saman við alt, að manni finst, að svo hafi maðurinn ekki aðeins getað talað, heldur líka hlotið að tala.

Sjálf framsetningin, orðfærið, er svo meistaralegt, að engin þjóð á snjallari sögurit, en sögur vorar eru. Öllu óþarfa masi og málalengingum er slept; alt er sem styst og einfaldast; og þó svo ljóst sem frekast má og einmitt af því um leið svo kjarnyrt og áhrifamikið, að frægt er orðið fremur flestu öðru.

Vjer þurfum ekki að benda hjer á hinar einstöku persónur sagnanna, hvort heldur eru menn eða konur; vjer megum vel segja, hvort heldur eru úngir eða gamlir, auðugir eða snauðir, förumenn og kjaftakindur, þrælar eða veslingar, gortarar og gleiðingjar — allir birtast þeir í sinni sönnu, sannmannlegu mynd, svo að vjer finnum, að hjer koma fram mannlegir kostir og mannlegir brestir, eins og þeir alla daga hafa verið og eru enn þann dag í dag, og þó eru þeir hver með sínu einstaklingsinnsigli; einn er ekki tekinn eftir öðrum, ekki uppsuða úr öðrum, ekki stæling af öðrum. Og einmitt þetta er besta sönnunin fyrir innra sannleik og áreiðanlegleik sagna vorra. Beri menn t. d. höfðingja saman hvorn við annan, og menn munu fljótt finna muninn; Glúmur og Einar þveræingur, Einar og bróðir hans Guðmundur ríki, Guðmundur aftur og Snorri goði; Njáll og Gunnar, eða t. d. þeir fóst-

Digitized by Google

bræður Þormóður og Þorgeir, Kári og Björn; konur sem Guðrún og Hrefna, Bergþóra og Hallgerður osfrv., osfrv., hvílík margbreytni og mótsetníngar og þó líking í sumu. En hjer verður ekki frekar farið út í þetta mál, með því að Íslendíngar eiga nú kost á að lesa sögurnar allar og njóta þeirra. Lestur þeirra er betri en allar lýsíngar, hvort sem þær eru lángar eða skammar.

6. Þýðing sagnanna. Um þetta atriði þarf ekki að fjölyrða sjerlega. Hið sannsögulega gildi þeirra leiðir af öllu eðli þeirra og sambandi þeirra við arfsögnina með sínum einkennum og skilyrðum. Noregskonúnga sögur eru samaulagðar saga Noregs frá öndverðu og fram undir lok 13. aldar eins og vjer getum fengið hana besta og fylsta, þótt vjer auðvitað fáum ekki þar alt að vita, sem við hefur borið og vjer mundum óska. Saga Íslands á 10. og 11. öld, að minsta kosti framundir 1030, og svo á 12. og 13. öld er oss svo ljós að mestu leyti, sem vjer getum vænst. Það skarð, sem verður í á 11. öld, fyllir að nokkru leyti frásögn Ara um biskupana Ísleif og Gissur, svo og frásagnir um hin mörgu og miklu viðskifti Íslendinga við Noreg á því tímabili. En sögurnar hafa líka margvíslegt annað og frekara gildi. Þær skýra oss til hlítar — auðvitað oftast nær óbeinlínis — alt um hagi forfeðra vorra; hvernig húsakynni þeirra voru utan og innan, hvernig þeir gengu klæddir og úr hverju föt þeirra voru, hvernig lit og svo framvegis; hvað þeir höfðu sjer til matar og drykkjar; hvernig veislur þeirra fóru fram; hvernig uppeldið

Digitized by Google

var, hverjar skemtanir menn höfðu innan húss og á mannfundum; hver verk voru höfð um hönd og alt það sem að því lýtur, ekki að tala um bardaga-aðferð og -útbúning osfrv.; hvernig ástum og hjúskap var farið, — í stuttu máli, vjer fáum fullkomna lýsingu á öllu daglegu lífi frá fæðingu mannsins til dánardægurs og jarðsetningar. Þetta er alt því markverðara sem það hefur miklu víðtækari þýðingu en fyrir Ísland og Íslendinga; sú mynd af lífinu, er sögurnar veita oss, á að flestu leyti líka við Noreg og allan hinn norðræna þjóðflokk; og mætti ef til vill taka dýpra í árinni; hver sem les lýsingu Tacitusar á Germönum (á fyrstu öld eftir Kr.) og þekkir sögur vorar, mun oftar en einu sinni reka sig á, hvað hún kemur vel heim við sitt hvað í þeim og hve mikill skyldleikur er þar á milli.

Það sem vjer fáum síst glöggva hugmynd um af sögunum er átrúnaður feðra vorra á 10. öld, og þó fáum vjer mart merkilegt um ýmislegt. Það sem oss helst vantar er lýsing á blótunum og aðferðinni við þau. Þetta er ofur skiljanlegt; það voru blótin, er fyrst og fremst voru látin falla í gleymsku og líklega hefur minningin um þau verið alment óljós á 12. öld. Snorri skýrir oss dálítið frá hofinu sjálfu og hvernig því var fyrir komið, en ekkert frá athöfninni sjálfri, nema að blóði fórnardýra hafi verið stökt á mennina. En um eitt atriði í trú og sálarlífi forfeðra vorra fáum vjer svo glöggva hugmynd sem æskilegt er, trúna á forlögin, sem og kemur svo vel fram í Eddukvæðunum. Menn álitu, að alt væri ákveðið fyrir fram og for-

Digitized by Google

lögin („lagt er alt fyrir“) væri óviðráðanleg og ósveigjanleg. „Eigi má sköpum vinna“, „veltur til þess sem verða vill“, „enginn kemst yfir sitt skapadægur“, „eigi má feigum forða“ — þessar setningar og aðrar eins má lesa í hverri sögu, þó að sumar láti meira bera á því en aðrar. Hverja þýðingu fyrir líf manna slík forlagatrú hlaut að hafa og hafði, er auðfundið. Einkum hvatti hún til hirðuleysis bæði um líf manns sjálfs og annara, gerði menn hlífðar- og miskunnarlausa, en hins vegar hrausta og hugaða. Í sumum sögum t. d. Vatsdælasögu er þessi trú nokkurs konar meginþráður, þó að hún að öðru leyti skiftist í kafla fremur flestum öðrum.

Að lyktum skal aðeins með einu orði bent á, hve mikið gildi sumar sögur, fyrst og fremst Njála, hafa fyrir málaferli, málsóknir og dóma á þingum, einkum alþingi. Um þetta og að hve miklu leyti sagan um það er sönn eigum vjer því hægra með að dæma, sem hinar fornu íslensku lögbækur eru enn til, og þó má ekki dæma það alt rángt í sögunum, sem ekki er í fullu samræmi við lögbækurnar, því að sögurnar geta vel skýrt frá lögum og lagaatriðum frá eldra skeiði, er síðar breyttust eða hurfu alveg, og svo er eflaust með mart í Njálu, er helst hefur verið talin marklaus, vegna þess hvað henni kemur illa heim við lögbækurnar.

Digitized by Google

Þriðja grein.

Sögurit um Ísland og Íslendínga.

A. Af höfundum er hjer ekki nema einn að nefna, en þessi eini er

Ari prestur Þorgilsson hinn fróði. Ætt þessa merkismanns er vel kunn, því að hann hefur sjálfur ritað ættartölu sína og er hún enn til. Hann rekur hana alla leið til Ýnglínga (til Yngva) og er það ætt Noregskonúnga og fornkonúnga Svía; með vissu má segja, að hann var í beinan legg kominn af Þorsteini rauð; lángafi hans var Þorkell Eyjólfsson og lángamma Guðrún Ósvífursdóttir; Jóreiður, móðir Ara, var dótturdóttir Þorsteins Síðu-Hallssonar. Þorgils faðir hans druknaði úngur á Breiðafirði og kom Ari þá til Gellis afa síns, en hann dó 1073. Þá var Ari 7 vetra (f. 1067) og varð honum þá það til happs að hann kom til Haukadals í fóstur hjá hinum merka og gamla höfðíngja Halli Þórarinssyni (995—1089) og ólst þar upp ásamt með Teiti Ísleifssyni biskups. Þar hefur Ari stundað prestanám og er hann einatt nefndur prestur og talinn meðal „virðíngamanna, er voru lærðir og vígðir", en þess er hvergi getið, hvar hann var prestur. Ari var kvongaður og átti son að nafni Þorgils. Annars vitum vjer ekkert með vissu, hvar Ari hefur hafst við á Íslandi, alt þángað til þess hann dó 9. nóvember 1148. Menn hafa getið þess til, að hann muni hafa lifað á vesturlandi í átthögum sínum og farið með goðorð eða hlut er hann átti í því. En hitt er víst, að Ari naut hinnar mestu virðíngar hjá samtíðarmönnum sínum og var vinur hinna

Digitized by Google

mestu og bestu manna, t. d. Sæmundar fróða, biskupanna Þorláks og Ketils, Markúsar lögsögumanns Skeggjasonar og margra fleiri. Ekki bar Snorri minni virðingu fyrir Ara; hann nefnir hann „forvitra“ og „stórvitran og minnugan“ og segir að sjer þyki „hans sögn öll merkilegust“. Áður hafa verið tilfærð orð hin sfyrsta staffræðishöfundar (á 195. bls.).

Vjer getum gert oss allglöggva grein fyrir ritstörfum Ara, enda segir hann oss sjálfur frá þeim; en menn hafa oftast verið í vafa um, hvernig orð hans ætti að skilja, en vjer hyggjum þau vera ótvíræð. Hann ritaði Íslendingabók — svo kallar hann ritið sjálfur og á latínu libellus Islandorum — í tvennu lagi, aðra meiri (eða eldri), hina minni (og yngri); aðeins sú síðari er til. Hann segir nú í formála sínum, að hann hafi fyrst gert bók sína fyrir biskupana báða, svo hafi hann sýnt þeim hana og sömuleiðis Sæmundi — „en með því at þeim líkaði svá at hafa eða þar við auka, þá skrivaða ek þessa of et sama far, fyr útan áttartölu ok konunga ævi, ok jókk því, es mér varð síðan kunnara ok nú es görr sagt á þessi an á þeiri“. Þessi orð inna ekki annað, en að þeim, sem fóru yfir ritið, líkaði það eins og það var, en rjeðu Ara til þess að auka það (hvernig stendur ekki, en það sjest á orðunum, sem á eftir fara). Ari hefur síðar fengið meira að vita (hvað það var, getum vjer ekki sagt) og tekið nú af sjálfsdáðum sjer fyrir hendur að rita aðra bók og auka hana að því er Ísland snerti, en sleppa alveg þeim köflum, er stóðu í fyrri bókinni og ekki komu Íslandi við, að minsta kosti ekki sögu þess beinlínis; þessir kaflar voru ættartala

Digitized by Google

og konúnga ævi. Því miður getum vjer ekki sagt með neinni vissu, hversu og hve viðáttumiklir kaflar þessir voru; en líkindi eru til að það hafi verið ættir íslenskra höfðingja frá landnámsmönnum og ef til vill dauðaár þeirra, og hafa þær þá síðar verið teknar upp í rit sem Landnámu; með konúnga ævi er að öllum líkindum átt við röð Noregs konúnga og ríkisáratal þeirra; þar við hefur Ari svo líklega bætt stuttum frásögnum um helstu viðburði í lífi þeirra og afdrif; þetta má t. d. ráða af því, sem Snorri segir í Heimskr. (Ólafs s. Tryggv. 14. kap.); hann hefur þar eftir Ara, hve mörg ár Hákon jarl væri yfir föðurleifð sinni og að hann hafi þá haft ýms ófriðarviðskifti við Gunnhildarsyni „ok stukku ýmsir ór landi"; margir aðrir staðir sanna það sama.

Á eftir formálanum er lítil grein um forfeður Haralds hárfagra frá Hálfdani hvítbein til þess að skýra dálítið frá þeim manni, er varð valdur þess, að Ísland byggðist; þar á eftir kemur kapítulatal (efnisyfirlit) og setjum vjer það hjer: „Frá Íslands byggð I; frá landnámsmönnum II ok lagasetning; frá alþingissetning III; frá misseristali IIII; frá fjórðungadeild V; frá Grœnlands byggð VI; frá því, es kristni kom á Ísland VII; frá byskopum útlendum VIII; frá Ísleifi byskopi IX; frá Gizori byskopi (X)". Þetta efnisyfirlit skýrir sig sjálft. Þess skal frekar getið, að í 2. kap. eru nefndir 4 aðallandnámsmenn, hver úr sínum fjórðúngi, og ekki fleiri; í 4. kap. er skýrt frá umbótum á missiristali á 10. öld (sumarauka Þorsteins surts), í 5. kap. að landinu var skipt í 4 fjórðúnga og merkilegum tildrög-

Digitized by Google

um til þess. Kap. 7—10 eru kirkjusaga Íslands til dauða Gissurar (1118); hið síðasta ártal, er Ari getur, er „aldamóta“ árið (1120; aldamót = mót tveggja túnglalda), og má því segja að þessi Íslendingabók nái til þessa árs. Á sinum stöðum hingað og þángað skýtur Ari inn í lögsögumannatali alt í frá Hrafni Hængssyni (930—49); verður það því nokkurs konar þráður, er heldur öllu saman, og er afarmerkilegt. Ari segir skýrt og skilmerkilega frá, er auðvitað stuttorður, en að sama skapi kjarnorður; saga hans um kristnitökuna er ekki tiltakanlega stutt, og hann tilfærir ræðu Þorgeirs goða að nokkru orðrjett. En það sem mest er um vert er hin mikla ráðvendni Ara og samviskusemi. Af formálanum sjest best, hve ant honum er um að finna sannleikann og rita hann; hann endar hann með þessum gullfallegu orðum: „en hvatki es missagt es í frœðum þessum, þá es skylt at hava þat heldr, es sannara reynisk“. Ari hefur safnað efninu á sem kostgæfilegastan hátt og við haft dómgreind sem best má verða; hann hefur leitað til þeirra manna, er fróðastir voru og áreiðanlegastir, og hann segir, frá hverjum hann hafi fengið hvað eina; það er ekki nema örlítið, er hann segir án þess að geta beinna heimildarmanna (líklegast sagnir í ætt Ara sjálfs, sbr. útg. Bókm.fjel. af Ísl.b. X. bls.). Af þessum heimildarmönnum eru helstir Hallur gamli og Teitur Ísleifsson, Markús Skeggjason (lögsögumannatalið; afi hans Bjarni enn spaki mundi annan lögsögumanninn, er var Þórarinn Ragabróðir 950—69), Þóríður Snorradóttir goða og Þorkell Gellisson, föðurbróðir Ara. Með þessu verður sögurit Ara

Digitized by Google

ekki aðeins áreiðanlegt heldur og vísindalegt rit í sannasta skilningi og stendur ekki á baki ritstarfi vísindamanna vorra tíma í neinu; það á alla þá frægð og lof skilið, sem það hefur hlotið að fornu og nýju. Það er auðvitað, að í þesskonar riti gat Ari engar vísnaheimildir notað; þær voru blátt áfram ekki til; en hann situr sig ekki úr færi með að tilfæra hinn litla goðgákviðling Hjalta Skeggjasonar, er hann var dæmdur sekur fyrir. Ari hefur haft óviðjafnanlega hvassan skilning á því, sem var kjarninn og meginatriði í sögu landsins; það er þau sem hann gripur, en sleppir öllu smásmygli og lítt merku.

Málfærið er sem við var að búast fornlegt og kröftugt; alt er ljóst og skilmerkilegt, þótt setningar sje stundum nokkuð flóknar eða lángar, sem eðlilegt var hjá fyrsta söguritaranum, og þó er eiginlega alt svo þýtt og ljett.

Hvaða ár þessi bók sje rituð verður ekki með fullri vissu sagt. Hinn síðasti lögsögumaður, er Ari nefnir, er Guðmundur Bergþórsson 1122—34; af þessu hafa menn ráðið, að bókin væri rituð eftir 1134 og áður en næsti lögsögumaður ljet af því starfi (1138). En það er ýmislegt, er sýnir, að hún muni vera rituð nokkuru fyrir þann tíma og ekki síðar en 1133, en þetta skiftir minstu.

Á eftir bókinni stendur ættartala íslenskra biskupa (Ísleifs-Gizorar, Jóns, Þorláks og Ketils) frá landnámsmönnum og þar á eftir ættartala Ara („en ek heitek Ari"), og er með því allur vafi um, hver höfundurinn sje, lokaður úti.

Önnur rit en þessi þekkjast ekki, nema hvað

Digitized by Google

menn halda með góðum rökum, að prestaskrá nokkur frá árinu 1143 sje eftir Ara. Að eigna honum Landnámu eða önnur meiri rit er heimildarlaust og eflaust rángt.

Í því sem áður hefur verið sagt felst og ljóslega, hve mikla þýðingu Ari hefur haft fyrir hin síðari sagnarit Íslendinga; hann má kalla kenniföður allra síðari höfunda beinlínis og óbeinlínis. Samviskusemin og dómgreindin gekk í arf, og var það ómetanlegt lán fyrir sagnfræði Íslendinga. Það er Ari, og ekki Sæmundur, sem er faðir hennar.

B. Sögur.

1. Íslendingasögur hinar eldri. Vjer tökum þessar sögur hjer til meðferðar eftir hjeruðum og hefjum máls á þeim, er gerðust i Borgarfirði og á Mýrum og þar i sveitum.

Egils saga Skallagrímssonar er ein af hinum meiri sögum. Hún skýrir fyrst frá því, hvernig Kveldúlfi hersi i Fjörðum og ætt hans lenti saman við Harald hárfagra; Þórólfur sonur hans gekk Haraldi til handa, en var rægður við konúng og af lífi tekinn af honum sjálfum. Skallagrímur, annar son Kveldúlfs, vildi ekki friðþægjast við konúng, en tók hefnd bróður sins; fluttust svo þeir feðgar úr Noregi til Íslands og nam Skallagrímur land á Mýrum og bjó að Borg og varð ættfaðir hinna svokölluðu Mýramanna, þróttmikil ætt og gáfuð. Segir greinilega frá landnáminu og frá iðju og búskap Skallagrims. Þá tekur við saga Egils sonar hans og er það megin allrar sögunnar. Aðal-

Digitized by Google

efnið eru ferðir Egils, víking og afrek í útlöndum og einkum viðskifti við konúngaættina í Noregi og endar með því að segja frá Þorsteini Egilssyni. Sagan er prýðilega rituð og ein söguheild frá upphafi til enda, og má telja hana til hinna allrabestu. Hún er mjög fróðleg og hefur ágætar mannlýsingar; einkum má við bregða þættinum um Vermalandsferð Egils og menn þá, sem verða þar á vegi hans. Sagan er að mestu sönn nema að stöku atriðum til úr fyrstu víkingarferð Egils; þar er útlendum orustum blandað saman. Í sögunni er allmart af lausavísum Egils; þó eru þar sumar vísur frá yngri tímum; þessar vísur hafa ásamt arfsögnunum um Egil lifað á vörum niðja hans. Höfundurinn hefur safnað þeim og sett þær saman í þessa ágætu heild, sem sagan er, á framúrskarandi góðu máli; hann hefur og notað rituð heimildarrit, t. d. sögur um Harald hárfagra og Hákon góða. Hann er nákunnugur í Borgarfirði og á Mýrum og þekkir svo að segja hvern stein og hverja þúfu. Hann þekkir mjög vel til fornra tíma, jafnvel rjettarfar og dóma á elstu tímum í Noregi, og hefur mest alt af því, er hann skýrir frá, reynst satt við nánari rannsóknir. Hann kann að lýsa mönnum forkunnlega og halda öllu þeirra sálarfari og orðalagi óskeikulu. Það væri freistandi að geta þess til, að enginn annar en Snorri væri höfundur sögunnar (og það hefur verið gert), en vjer álítum það alls óvíst og ósannanlegt, með því líka að það er ýmislegt, sem bendir á, að sagan sje rituð ekki síðar en í lok 12. aldar og notuð er hún af frumhöfundi Landnámu. Eins og sagan er í handritum, einkum einu þeirra (Möðru-

Digitized by Google

vallabók), er hún að mestu eins og höfundurinn skildi við hana.

Gunnlaugs sögu ormstúngu má telja nokkurs konar áframhald Egilssögu. Hún er sagan um ástir Gunnlaugs Illugasonar frá Gilsbakka og Helgu fögru Þorsteinsdóttur á Borg, og um viðskifti Gunnlaugs og Hrafns, er átti Helgu móti vilja hennar, en svikalaust var það frá Hrafns hálfu. Sagan endar með bardaga og lífláti beggja þeirra og með undurfallegri og hrífandi frásögn um andlát Helgu. Sagan er stutt og nær yfir fáein ár, en er ein hin fullkomnasta söguheild sem til er að öllu leyti. Draumur Þorsteins í 2. kap. felur í sjer alla söguna, og er hún hrífandi-viðkvæm lýsing hinnar innilegustu ástar, ástarþrár og ástarhryggðar. Sagan er eflaust að mestu sönn, þótt tímatali sje nokkuð áfátt. Heimildir voru, auk vísna Gunnlaugs og kvæðis Þórðar Kolbeinssonar (sjá 120. bls.), aðallega hinar fornu ættsagnir, er gengu bæði hjá Mýramönnum (Borgarfólkinu) og Gilsbekkingum. Sagan er færð í letur um líkt leyti og Egilssaga og er að mestu óbrjáluð.

Bjarnar saga hitdœlakappa er líka ástarsaga, lík Gunnlaugssögu. Björn og Oddný eykyndill unna hvort öðru og heitast, en Björn fer erlendis og Þórður Kolbeinsson fær Oddnýjar með óhreinleik og undirferli. Segir sagan frá öllu þessu, uns Þórður feldi Björn. Eftir það varð Oddný ekki mönnum sinnandi og segir viðkvæmlega frá henni og Þórði í enda sögunnar. Því miður er þessi saga ekki til í sinni upphaflegu mynd. Upphafið er týnt; það sem nú er upphaf er kafli, sem tekinn hefur

Digitized by Google

verið upp í Ólafs sögu helga og þaðan aftur í söguna. Í handritum er nú eru til vantar þar að auk ekki alllítinn kafla úr miðri sögunni. Sagan hefur verið heldur vel samin, frásögnin blátt áfram, en höfundurinn hefur ekki verið meistari að öllu leyti, ef dæma má eftir sögunni eins og hún er nú. Ýmislegt er í henni miður rjett og ævintýrslegt, eins og flugdrekadrápið og afrek Bjarnar í Garðaríki. Sagan er eflaust frumsamin á síðasta fjórðungi 12. aldar. Höfundurinn nefnir Runólf prest Dálksson að heimild, en hann er nefndur í prestaskránni 1143 og lifði fram yfir 1174. Grundvöllur sögunnar er sem vant er arfsögn og vísur, og er hún eflaust í öllum meginatriðum sönn. Í henni er ein hin besta lýsing á hestaþingi og ýmislegt fleira merkilegt (niðkvæði).

Harðar saga Grímkelssonar (eða: Sagan af Herði ok Hólmverjum). Um Hörð hefur verið til góð og gömul saga; en því miður er nú ekki til af henni nema aðeins upphafið (eitt skinnblað); svarar það til 8 kapítula í þeirri sögu er nú er til; þessi saga byggist á hinni gömlu, en eykur hana og umsteypir henni svo, að sagan verður sem öll önnur og um leið að mestu tómur skáldskapur, að mestu tilhæfulaus tilbúningur, ekki eldri en frá 14. öld.

Þá koma sögur úr Breiðafjarðarhjeruðum og Vestfjörðum.

Eyrbyggjasaga; nafnið er ekki rjett og alt of þröngt. Í raun rjettri mætti hún vel heita Snorra saga goða. Sagan nær eins og Egilssaga yfir langan tíma, frá landnámum og að dauða Snorra goða (1031). Hún hefst með útflutningi þeirra Bjarnar

Digitized by Google

hins austræna Ketilssonar flatnefs og Þórólfs mostrarskeggs, er land tóku á norðanverðu Snæfellsnesi. Það eru aðallega niðjar þeirra, er verða aðalmenn sögunnar, og deilur þær, er þeir áttu í og voru viðriðnir, sem er efnið í henni; er það fremur margbreytilegt og ekki eins bundið saman í eina óslitna heild, sem t. d. í Egilssögu. En sem sagt, það er Snorri, sonarsonur Þórólfs og einhver hinn mesti höfðingi sinna tíma, sem er aðalsögumaðurinn. Sagan er mjög viðburðaauðug og með því að hún nær yfir svo langt skeið, verður hún með hinum lángmerkustu sögum og það því fremur sem hana má telja til þeirra, er bestar og sannastar eru að flestu; því að þótt í henni sjeu draugasögur (Fróðárundur) og ýmislegt, er snertir hjátrú manna, rýrir það ekki sögugildið í sjálfu sjer.

Sagan er að mestu í frummynd sinni, þó má telja víst, að 63—64. kap. sje yngri viðbót, og á stöku stöðum öðrum kennir síðari breytínga. Eyrbyggja er ein af þeim sögum, er ljósast sýna, að þær eru samdar af sögufræðingi, en ekki til orðnar allar í munnlegri frásögn. Höf. hefur notað rit Ara og hann gerir sjer alt far um að hafa tímatalið í sem bestum skorðum. Hann var svo heppinn að geta notað kvæði samtímisskálda, drápu Odds um Illuga á Gilsbakka og Hrafnsmál Þormóðs Trefilssonar um Snorra, ennfremur Máhlíðingavísur Þórarins svarta og fleiri til. En mest er efnið auðvitað tekið úr arfsögn manna á norðurströnd Snæfellsness, og er auðsjeð á öllu, að hún hefur verið góð. Höfundurinn er auðsjáanlega andlegrar stjettar maður, viðhefur dæmigreind, eins og við

Digitized by Google

mátti búast af manni, er þekti og notaði rit Ara fróða. Hann þekkir vel forna siði og tiskur og það sem meira er um vert forn lög, er síðar hafði verið breytt. Fyrir menníngarsögu og átrúnað á 10. og 11. öld er sagan einkar merkileg. Hún er eflaust samin um 1200, ekki síðar; Landnáma er ekki notuð, heldur mun Landn. hafa notað söguna. Höfundurinn lýsir skapferli manna og kvenna einkar vel (t. d. Snorra og Þuríðar á Fróðá, hinnar ljettúðugu, glysgjörnu systur hans osfrv.) og sögufrámsetningin er mjög blátt áfram og tildurslaus.

Laxdœlasaga er ein af mestu sögunum; hún er ættarsaga og nær frá landnámi ættarinnar og alt að því jafnlángt niður á við sem Eyrbyggja. Hún hefst á Katli flatnef og Unni eða Auði dóttur hans og syni hennar Þorsteini rauð, er fjell á Skotlandi. Þorgerður dóttir hans átti Koll og var þeirra sonur Höskuldur, faðir Ólafs pá, einhvers mesta og skrautlegasta höfðíngja á sinni tíð; móðir hans var Melkorka, írsk konúngsdóttir. Frásögnin um Höskuld og Ólaf er að öllu samtöldu stutt, en því lengri er hún um sonu Ólafs, einkum Kjartan, og í sambandi við þá Laugafólkið eða Ósvífursættina, og um ástir og viðskifti Kjartans og Guðrúnar. Sagan segir og rækilega frá Guðrúnu og öllum hennar giftíngum og ævi til aldursloka. Sagan er yfirhöfuð ágætlega sett saman og frásögnin mjög góð yfirhöfuð; eins er og það víst, að meginið af því, sem í henni stendur, er sögulegur sannleikur. Og þó er það Laxdæla, er helst má um segja að hún standi nær því að vera skáldsaga en nokkur önnur, og eins og einhver útlendur skáldsögublær hvíli yfir

Digitized by Google

henni. Höf. undirbýr viðburðina með rjettum rökum og sýnir alstaðar ljóst orsakar (forlaga) samband, og eins er honum sýnt um að lýsa sögumönnunum og lunderni þeirra, og má hann að því leyti vel kallast meistari. Það er frábærlegt, hvernig hann sýnir oss inn í hugskot Guðrúnar, Hrefnu og annara, og tekst að sýna muninn á þeim. Aftur á móti eru ekki margar sögur lakari að því er snertir tímatalið; það er ruglingslegt mjög og rángt og kemur oft illa heim við aðrar sögur. Upphaf sögunnar er alveg ósannsögulegt og víst tómur tilbúningur og má vel vera, að upphafið, eins og það hefur fyrst verið, sje nú týnt eða hafi snemma týnst, og hafi svo annað verið tilbúið síðar; slíkt væri ekki eins dæmi. Sömuleiðis er alt, sem segir um Bolla Bollason og hluttöku hans í hefndinni eftir föður hans, tóm fjarstæða og tilbúningur. Mart fleira mætti til tína sögunni til foráttu hvað áreiðanlegleik hennar snertir og sögugildi. Aðalheimild sögunnar eru arfsagnir, en þær hafa þá í þetta sinn verið allmikið úr lagi færðar; reyndar er ómögulegt að segja, hvað mikið stafi frá höf. sjálfum; hann hefur og þekt nokkur rituð skjöl og sögurit og kvæði, er hann vitnar til án þess að taka neitt upp af þeim (í sögunni eru aðeins fáeinar smávísur); hann er stundum ekki með öllu tilgerðarlaus í framsetningu sinni og hann heldur mjög upp á samræður. Höf. er vafalaust lærður maður. Hann hefur lifað um 1200; miklu yngri getur sagan ekki verið, en hún er valla í sinni frummynd í handritum þeim, sem nú eru til.

Aftan við söguna er skeytt Bollaþætti, en efni

Digitized by Google

hans er alveg tómur tilbúningur og er hann settur saman um 1300.

Gullþórissaga er fremur lítil saga um Þorskfirðinga (og kölluð líka þar eftir) og af þeim helst um Þóri Oddason skrauta, er kallaður var Gullþórir af afreki sínu erlendis, er hann vann mikið drekagull við Dumbshaf. Eftir að hann er aftur kominn heim, á hann í ýmsum deilum við aðra og hverfur loks eftir að hafa falið gull sitt. Sagan gerist á fyrsta þriðjúngi 10. aldar og er að því leyti ein af hinum allra elstu sögum. Aðalefnið eða það í henni, sem gerist á Íslandi, er ekkert ósennilegt og víst í öllum aðalatriðum rjett, en það sem segir um ferðir Þóris erlendis er fult af ævintýrum og þjóðsögnum, og er ekki ólíklegt, að alt þetta sje síðara innskot. Sagan er nefnd í Landnámu og er frumsagan því valla yngri en frá því um 1200. Höf. segir heldur vel frá, þekkir alla sögustaðina út í hörgul og hefur gaman af því að skýra uppruna þeirra.

Gíslasaga Súrssonar. Gísli Súrsson var norðmaður og kom ekki til Íslands fyrr en eftir miðbik 10. aldar og fjekk land í Dýrafirði sunnanmegin. Segir í sögunni greinilega frá því sem gerðist fyrir það og hvað olli því að Gísli varð að flýja eignir sínar í Noregi. Systir hans átti Þorgrím, sonarson Þórólfs mostrarskeggs, og var þeirra son Snorri goði. Sagan er annars mestmegnis um að Þorgrímur drap Vjestein mág Gísla og afleiðingar þess; Gísli hefndi hans, varð sekur fyrir og lifði 13 ár í sekt uns hann var feldur 978. Sagan er ágætlega saman sett og sögð, ein óslitin heild frá því fyrsta til hins

Digitized by Google

síðasta; mannlýsingin er ágæt, bæði Gísla og bróður hans Þorkels, er aldrei vildi hjálpa honum svo að hafa mætti á því, kvenna þeirra Auðar og Ásgerðar og enn fleiri. Þegar í útgáfum er talað um „tvær“ sögur af Gísla, er þetta ekki rjett; sagan er aðeins ein, ef vel er að gáð; en það er upphafið, sem er mismunandi eða sitt hvað í handritum hennar. Í öðru er efalaust upphafið eins og í frumsögunni stóð (í útg. „fyrri“ sagan); en í öðru („síðari“ sögunni) er það alt öðruvísi; en það er líka auðsjeð, að hjer er um tóman yngri tilbúning að ræða, og er ljóst, hvernig hann er til kominn. Það hefur einhver átt handrit af sögunni, er vantaði upphafið, hafði týnst úr bókinni, og svo hefur hann tekið sig til að semja nýtt upphaf og notað þar ýms munnmæli, er hann þekti eða gat náð í, og svo ort inn í heilan kafla um víking Gísla. Eftir upphafið er sagan hin sama að öllu efni, nema hvað orðabreytingar eru eins og vant er. Sagan er efalaust frumsamin fyrir lok 12. aldar og í öllu verulegu alsönn; heimildir eru arfsögnin og hinar mörgu vísur Gísla; þó má sýna, að ýmislegt smávegis muni valla vera rjett. Málið er óviðjafnanlega hispurslaust og sljett. Höf. var vafalaust lærður maður og mjög vel að sjer í flestu, er eldri tíma siðu og hætti snerti.

Fóstbræðrasaga er síðasta sagan frá Vestfjörðum meðal þeirra, er eldri eru. Það er sagan um þá fóstbræður Þorgeir Hávarsson og Þormóð Kolbrúnarskáld og fer fram á fyrsta þriðjungi 11. aldar; er mest um yfirgáng þeirra fóstbræðra, ástir Þormóðs, hefnd hans eftir Þorgeir og dvöl hans

Digitized by Google

með Ólafi helga og fall á Stiklastöðum. Hún veitir oss mjög ljósa mynd af þeim Þormóði og mun vera að mestu sönn. Höf. styðst eins og nærri má geta mjög við vísur Þormóðs og erfidrápu hans um Þorgeir. Sagan er frumsamin um 1200 og er til að mestu í frummynd sinni (í Hauksbók og vantar þar þó upphafið því miður); orðfærið er blátt áfram og sögustíllinn hinn vanalegi. Annars er þetta sú saga, er einna verst hefur verið farið með í yngri handritum; bæði er skotið inn ýmsum yngri og óáreiðanlegum munnmælasögum og svo er málinu gjörbreytt; setningum skotið inn, sem eiginlega eiga að vera gamansamar, en eru smekkleysur, eða einhver hefur viljað spreyta sig á að sýna lærdóm sinn (t. d. segja hvað mörg bein eru í líkama mannsins) og fleira þess konar. Sagan er, eins og hún er í þessum handritum, einhver hin versta, sem til er. Í Heimskr. er sagt frá hinum síðustu ævistundum Þormóðs, en milli hennar og sögunnar er ekkert eiginlegt samband. Höf. er eflaust ísfirðingur eða af Vestfjörðum; annars einkennir hann sig ekki neitt sjerstaklega.

Þá koma Norðurlandssögur og fyrst sögur úr Miðfirðinum og nærsveitum þar.

Bandamannasaga er stutt saga um Odd Ófeigsson á Mel og þá hjálp, sem faðir hans gamall veitti honum í deilum við höfðingja, er gert höfðu bandalag móti honum („bandamenn"). Sagan er einkennileg að því, að hún er kátleg og fremur friðsamleg, enda gerist hún um miðbik 11. aldar og er að því leyti yngst allra er hjer ræðir um. Ófeigur gamli leikur illa á höfðingjana og Oddur

Digitized by Google

hefur betur. Sagan er mismunandi í handritum, styttri og lengri; sú styttri er frumsagan og er vel og skipulega sögð; hin lengri er eins í öllu efni sínu, en er aukin mjög með samtölum og ómerkilegri mærð. Frumsagan er rituð fyrir lok 12. aldar og í Miðfirði helst; og er efnið alt úr arfsögn tekið; í auknu sögunni eru og vísur, en óvíst, hvort þær sjeu ekki síðar ortar.

Hallfreðarsaga vandræðaskálds verður að teljast til þessara sagna, þótt sagan fari víða og gerist eins mikið utan lands sem innan og þótt faðir Hallfreðar yrði að flytja suður á land. Sagan er eflaust rituð á norðurlandi í þeim sveitum sem Hallfreður var upp runninn og ástir hans og Kolfinnu gerðust, og þá helst í Vatsdalnum. Sagan er einkar vel og skemtilega samin og styðst mjög við vísur Hallfreðar og er vafalaust að mestu fullsönn. Hún sýnir vel meðal annars baráttuna milli kristni og heiðni hjá gáfumanni og fjörmanni sem Hallfreði. Frumsagan er til að mestu óbreytt; hún var tekin í köflum upp í sögu Ólafs Tryggvasonar; svo tók einhver sig til og safnaði þessum köflum og gerði eina heild úr, og er sú saga og til. Höf. segir vel og ljóst frá, er alveg óhlutdrægur og auðsjáanlega gæflyndur maður, mildur í hug og ráðvandur; sagan er ekki yngri en frá 1200.

Vatsdœlasaga segir frá Ingimundi gamla landnámsmanni í Vatsdal, forfeðrum hans og niðjum alt fram á 11. öld, og er efni hennar margbreytt og fjölskrúðugt og afarmerkilegt fyrir sögu og fornfræði. Hún er í þáttum, líkt og Eyrbyggja, er ekki beinlínis leiðast hver af öðrum, og þó kemur

Digitized by Google

berar fram en í henni trúin á örlaganna óbifandi festu. Aðalmennirnir eru í fyrra hlutanum Ingimundur og synir hans og segir þar mart frá viðureign þeirra og Hrolleifs hins illa, er varð banamaður Ingimundar. Ingimundarsynir vinna mest að því, að friða hjeraðið og útrýma illþýði. Í síðara hlutanum segir skemtilega frá sonum Þorsteins Guðbrandi og Ingólfi fagra, er allar Vatsdalsmeyjar voru ástfángnar í. Sagan er svo að segja alveg vísnalaus og byggist því að öllu leyti á munnlegri frásögn, og verður ekki annað sjeð en að hún sje að mestu áreiðanleg. Sagan getur um ýmislegt markvert, er snertir fornsiði og átrúnað, og mannlýsingarnar eru allgóðar. En því miður hefur verið farið fremur illa með frumsöguna, er eflaust má telja samda fyrir lok 12. aldar (höf. Landn. hefur notað hana); orðfærinu hefur verið breytt, yngri orð sett inn og ýmislegt orðatildur við haft, er sýnir, að það eru skrifarar á 14. öld, er þetta má kenna. Heldur ekki mun sagan að öllu leyti vera að efni sínu eins og hún kom frá höf.

Til þessara sagna verður enn að telja Heiðarvigasögu (Víga-Styrs ok H.); dregur hún nafn af orustu á Tvídægruheiði með Barða Guðmundarsyni, er hefnt hafði bróður síns, og Borgfirðingum 1014 (eða 1015); um alt þetta hljóðar hinn síðari kafli sögunnar. Þar á móti var allur fyrri kaflinn um Víga-Styr og dráp hans, en hann er týndur; aðalatriðin eru þó kunn af útdrætti Jóns Ólafssonar grunnvíkings; hann hafði lesið hann áður en hann brann 1728 (handritið var eign bókasafnsins í Stokk-

Digitized by Google

hólmi, en Árni hafði fengið fyrra kaflann að láni). Fyrri kaflinn heyrir eiginlega til Breiðafjarðarsögunum, en sagan er eflaust öll rituð í Húnavatsþingi, enda var sumt rángt sagt í fyrra kaflanum; sjest það á samanburði við Eyrbyggju. Annars er ómögulegt að dæma um fyrri kaflann; þó voru þar tilfærðar vísur sem söguheimildir. Meðal beggja kafla var það samband, að Halli bróðir Guðmundar hafði bjargað manni, er hafði verið í hefndarferðinni með Snorra goða eftir Víga-Styr, og var Halli af því drepinn. Fór Barða var hefndarför eftir hann og Heiðarvíg aftur afleiðing af henni. Sagan er mjög nákvæm og fjölorð, einkum að því er snertir undirbúning ferðarinnar, og eru þar lángar ræður. Höf. þekkir út í hörgul allar sveitir þar norður frá og eins leiðina suður og alt landslag; frásagan er fremur einföld og mannlýsingin mjög góð, ekki síst Þuríðar gömlu, móður Barða. Orðalagið er nokkuð fornlegt og er enginn vafi á, að sagan er samin á 12. öld. Hún sýnist vera að mestu vel áreiðanleg, enda hefur höf. haft ýmsar skáldavísur við að styðjast auk traustra arfsagna. Tímatalið er fremur gott, og að öllu samanlögðu er sagan fróðleg og skemtileg; meðal annars er tekinn upp í hana griðaformálinn forni (Hafrsgrið).

Þá koma sögur úr Eyjafirðinum.

Víga-Glúmssaga er stutt en góð saga um höfðingjann Víga-Glúm Eyjólfsson, er úngur hefndi föður síns og átti í deilum við þá Esphælinga, uns hann varð ofurliði borinn af Einari þveræing. Sagan segir og frá Eyjólfi, föður hans. Alt efni sögunnar er óslitin viðburðaröð og samstætt og er hún

Digitized by Google

mjög vel samin og skipulega, en inn í hana hefur síðar verið skotið nokkrum kapítulum, sem rífa í sundur efnið (13.—16. kap.). Sagan veitir oss ágæta mynd af Glúmi og er enginn vafi á, að hún er að mestu sönn; höf. hefur líka haft vísur Glúms og sagnir er þeim fylgdu og fleiri vísur aðrar. Frásögnin er sem best má vera og þó hispurslaus og einföld og mannlýsingar að sama skapi. Sagan er rituð fyrir lok 12. aldar.

Valla-Ljótssaga er einhver stysta sagan og fer hún fram á öndverðri 11. öld; hún segir frá skærum Valla-Ljóts, höfðingja í Svarfaðardal, sonar Ljótólfs goða í Svarfdælu, og Halla Sigmundarsonar óeirumanns, er tók sjer bólfestu í Svarfaðardal. Ljótur vá Halla og komu aftur af því víg og ófriður. Sagan er góð og vel sett saman og lýsir einkum Ljóti á einkennilegan hátt. Við þessa sögu kemur Guðmundur ríki allmikið, en hann er aðalmaðurinn í næstu sögu.

Ljósvetningasaga er önnur þeirra, sem verst hefur verið farið með; hún er ekki nema að nokkru leyti til á skinni, og í pappírsbókum vantar endann. Það er ennfremur auðsjeð, að 5.—12. kap. er innskot í frumsöguna og rífa þeir í sundur það sem saman á. Ýmsar aðrar misfellur eru á henni. Í fyrstu kapítulunum segir frá óeirðum og deilum í Reykjardalnum, er Guðmundur ríki var lítið riðinn við; en þar á eftir segir rækilega frá deilum hans við Ljósvetninga, einkum Þorkel hák, og við Þóri Helgason í Hörgárdal. Þeir gerðu níð um Guðmund, en hann hefndi sín harðfengilega. Þessir tveir fyrstu kaflar hafa eflaust heyrt saman, en í

Digitized by Google

skinnbókarbrotið vantar og það er ekki óliklegt, að upphaf sögunnar vanti alveg; hún byrjar nú alt öðruvísi en sögurnar eru vanar. Hinn þriðji og síðasti kaflinn er um sonu Guðmundar Eyjólf og Koðrán, og má vel vera, að hann sje yngri en frumsagan; en þessi kafli er að mörgu merkilegur, ekki síst af því að hann gerist eftir lok hinnar eiginlegu sögualdar eins og Bandamannasaga. Hinn síðasti kapituli, sem nú er, er eflaust enn yngri viðbót. Það er erfitt að dæma þessa sögu vegna þess ástands sem hún er í; en frumsagan hefur án efa verið eins og hinar betri sögur og frá aðalsögueitstímunum. Höf. sögunnar er eflaust eyfirðingur og hefur hann samviskusamlega safnað arfsögnum og sett þær heldur vel saman og sagt frá öllu tilgerðarlaust. Sagan er visnalaus.

Í Reykjardalnum og í Mývatssveit gerist að mestu Reykdœlasaga eða Vémundar saga og Víga-Skútu, og skiftist hún í tvo aðalkafla. Í hinum fyrra er Vémundr kögurr, heldur illur maður, og hinn göfuglyndi goði Áskell aðalmennirnir, í hinum síðara Víga-Skúta, sonur Áskels. Sagan rís af þjófnaðarmáli og þar af leiðandi deilum milli Reykdæla og Eyfirðinga. Áskell goði var drepinn saklaus og var það mesta óhappaverk og illvirki. Skúta hefndi hans og er síðari kaflinn um deilur hans; endann vantar. Sagan byggist á góðum og gömlum frásögnum og höf. sýnir góða dómgreind og greinilegar en flestir aðrir. Hún er mjög fróðleg og gefur ágæta mynd af mönnum og viðburðum og má teljast með bestu sögum að áreiðanleik, en sjálf frásögnin en ekkert fyrirtak, sljett og

Digitized by Google

blátt áfram; og sagan er ekki samstæð heild eins og t. d. Glúma. Höf. hefur vafalaust verið Reykdælingur eða Mývetningur og vel kunnugur þar um allar sveitir.

Þá koma Austfirðingasögur, sem þó er ekki rjettnefni nema að nokkru; þær eru í rauninni beint áframhald af hinum síðastnefndu sögum, og gerast allar við Vopnafjörðinn og í nærsveitunum, en þar fyrir sunnan gerast engar sögur.

Þorsteinssaga hvíta; um landnámsmanninn Þorstein, er bjó að Hofi; sagan segir mest af deilum milli sonar hans Þorgils og Þorsteins fagra, er drepið hafði Einar nokkurn; þessi Einar hafði spottað Þorstein og fengið heitmeyjar hans með svikum (sbr. Bjarnars.). Þorsteinn drepur Þorgils og sættist við Þorstein hvíta en fer að lyktum alfarinn til Noregs til þess að verða ekki fyrir hefnd Broddhelga, sonar Þorgils, er ólst upp hjá afa sínum. Áframhald af þessari sögu er

Vápnfirðinga saga, og er þar Broddhelgi fyrst aðalmaðurinn; segir frá því, hvernig fjandskapaðist með honum og Geiti í Krossavík, þótt Broddhelgi ætti Höllu systur hans. Svo lauk, að hann var drepinn af Geiti, en hjer vantar í söguna. Sonur Broddhelga var Bjarni; hann hefnir föður síns og drepur Geiti og ófriðast svo með honum og Þorkatli Geitissyni, en þeir sættust þó að lyktum og segir frá því mjög fagurlega (sbr. endann á Njálu). Sagan gerist öll á 10. öld. Hún er ágæt söguheild sem best má verða og óslitinn þráðurinn í henni allri, og að öllu öðru leyti er hún mjög góð og vel sögð.

Digitized by Google

Báðar þessar sögur tilheyra 12. öld, og höfundarnir hafa átt heima í Vopnafirðinum. Þeir eru alveg óhlutdrægir og segja samviskusamlega söguna eftir arfsögnum; og sýnast þær að vera mjög áreiðanlegar, en því miður eru sögurnar ekki til í góðum handritum.

Þriðja sagan er Njarðvíkingasaga, og er vitnað í hana í Laxdælu, en sú saga er alveg týnd. Það er fráleitt að hún sje sama og Gunnars þáttur Þiðrandabana.

Droplaugarsonasaga eða sagan af Helga og Grími Droplaugarsonum er vígasaga og deilda; Helgi á í ófriði við Helga Ásbjarnarson og er drepinn af honum, en Grímur hefnir hans, verður svo að fara utan og deyr þar skömmu síðar. Sagan gerist á fáum árum að mestu leyti rjett eftir 1000. Þó að sagan sje stutt, hefst hún þó á forfeðrum þeirra bræðra á landnámstíð. Sagan er fullkomin og vel samsett heild. Eins og áður er getið stendur í niðurlagi hennar, að einn af niðjum Gríms hafi sagt þessa sögu, og er eflaust, að eitthvað er satt í þessu; bæði arfsögn og kveðskapur (vísur Gríms) er undirstaða sögunnar; hún sýnist vera vel áreiðanleg og kemur heim við aðrar heimildir svo sem Landnámu. Hún er eflaust samin fyrir lok 12. aldar.

Hrafnkelssaga freysgoða hefst á landnámum, en gerist mest á 10. öld. Aðalmaðurinn er Hrafnkell freysgoði, er lendir í vígaferlum vegna heits eins er hann hefur gert, og spinst út af því öll saga hans. Hann verður dæmdur á þingi, er misþyrmt og rekinn úr sveit sinni, en hann nær

Digitized by Google

sjer, hefnir sín greypilega og fær aftur ból sitt og virðíngar, en er um leið orðinn að miklu betra manni. Sagan er eitthvert hið mesta snildarverk að öllu, mesta gersemi meðal sagnanna. Hún er jafngóð, hvort sem litið er á mannlýsíngar og skapferliseinkunnir, eða á söguheildina eða frásögnina; hún er stutt og kjarnyrt, en þó bregður fyrir nokkuð löngum ræðum og hugleiðíngum, en þær rýra frásögnina ekki verulega. Að því er sjeð verður, er alt aðalefnið satt og höf. þekkir ekki aðeins vel til þar sem sagan gerist, heldur og miklu víðar. Höf. hefur sjerstaklega gaman af málaferlum og lögum, og hann hefur verið vel að sjer í fornum fræðum. Sagan er valla breytt í meðferðinni að neinum mun.

Allar þessar sögur sýna, að höfundum þeirra hefur verið vel sýnt um að fara með sögur og standa þeir ekki á baki höfundum úr öðrum hjeruðum landsins. Það er furða, hvað margir menn koma fyrir í þeim, ekki lengri en þær eru. Fáum vjer því ágætan sögufróðleik um það tiltölulega litla svæði, er þær ná yfir á 10. öld og lítið eitt inn á 11. Það er ýmislegt fleira sameigið með þeim, t. d. að þess kennir, að málshættir eru að öllu samanlögðu tíðari í þeim en öðrum.

Vjer höfum nú farið yfir alt vesturland og norðurland að nyrsta hluta Austfjarða. Úr öllu hinu landinu austan og sunnan er aðeins ein saga til, er hjer komi til greina, en það er

Njála, Njálssaga eða Brennunjálssaga. Þessi saga er að mörgu leyti mjög einkennileg og ólík í mörgu öðrum sögum. Hún er einna frægust

Digitized by Google

allra Íslendingasagna og á það að mörgu leyti skilið. Hún hefur alla jafna verið lofuð mjög, stundum oflofuð; hins vegar hefur valla verið farið ver með nokkra sögu að því er snertir dóminn um sögugildi hennar og áreiðanleik; á það sjer þó einkum stað að því er snertir laga- og málaferlakaflana; þeir sem hafa rannsakað hana svo stranglega og dæmt hana svo harðlega eru tveir þjóðverjar, en rannsókn þeirra er í mörgu áfátt og dómur þeirra í mörgum atriðum alveg rángur, þótt eigi sje hægt að neita því, að hann hins vegar sje rjettur í sumu og að það sjeu margar misfellur á því sem sagan segir. Vilhj. Finsen hefur sannað, að mart af því, sem sagan segir, muni vera rjett og það sje eldri lög, en þau er lagabækurnar hafa, er sögusögnin skýrir frá.

Eins og sagan er nú, þarf engum blöðum um það að fletta, að hún er ekki mjög forn; það er sannleikur; en aðalatriðið er ekki það, heldur hvernig sagan er til orðin og hvernig hún er komin í þetta lag, sem hún hefur nú. Í stað þess að byrja með Njáli og frumætt hans, eins og allar aðrar sögur hefjast á höfuðættinni, — Njálsætt kemur ekki fyrr en í 20. kap. —, hefst sagan með viðskiftum Laxdæla og Marðar ættar gígju á Rángárvöllum, og segir mjög frá æsku og uppvexti Hallgerðar lángbrókar Höskuldsdóttur og giftíngum hennar, svo og frá hjónabandi Hrúts Herjólfssonar og Unnar Marðardóttur; hún gekk frá honum og varð af því málaþras, og þá kemur Gunnar til sögunnar, frændi Unnar; með hjálp Njáls vinar síns, er nú kemur til sögunnar, fær hann Hrút til þess

Digitized by Google

að greiða út fje Unnar, og er sagt mjög skemtilega frá því (Kaupahjeðinn). Eftir þetta kemur löngur kafli, allur fyrri kafli sögunnar, og Gunnar aðalmaður í; þetta er auðsjáanlega sjerstök saga um hann, þótt Njáll komi þar og fyrir helst sem hollur og rjettsýnn ráðgjafi. Um efnið vísum vjer til sögunnar. Gunnar átti Hallgerði og flæktist inn í vígaferli, var dæmdur sekur, en fór hvergi og var veginn á bæ sínum Hlíðarenda (um 993). Mart í sögu þessari, er nær að 78. kap. (eða 80., hefndinni eftir hann), er auðsjáanlega yngri tilbúningur, einkum það sem segir um ferðir Gunnars og víking í útlöndum; það er sniðið eftir yngri sögum og er náskylt t. d. líkum ferðasögum í Svarfdælu og öðrum þess konar sögum. Í Gunnars-sögu þessari eru margar vísur, en þær eru allar mjög ungar og ekki eldri en frá síðara hluta 13. aldar og þar á eftir og standa ekki í öllum handritum og í sumum á einkennilegan hátt. Það er tæpast að þessi kafli sje eldri en frá 13. öld, miðri eða svo til.

Með 82. kap. hefst hinn síðari meginkafli, og á hann þó rót sína í sumu af því, sem fyrr stendur, og er það sagan um Njál og syni hans. Segir fyrst frá utanferð Njálssona og því, hversu óvingaðist með þeim og Þráni, tengdasyni Hallgerðar. Í þessum smákafla er og ýmislegt, sem er af yngra toga spunnið, t. d. ævintýrið um Hrapp. Njálssynir drápu Þráin og út af því verki leiðist öll hin sagan, er eftir er (þetta stendur ekkert í sambandi við Gunnarssögu). Njáll tekur Höskuld Þráinsson til fósturs og vex hann þar upp í miklu dálæti; hann fær Hildigunnar með því skilyrði, að hann fái

Digitized by Google

mannaforráð (goðorð), og leiðir það til merkilegrar breytíngar í dómum Íslendínga (1004; fimtardómur stofnaður), og er skýrt frá því greinilega. Þá kemur kafli, er ekkert eða lítið kemur sögunni við, um Lýting og Ámunda blinda (98—99 og 106 kap.) og þar inn í er aftur skotið kristindómsþætti (100—105. kap.); er hann í sjálfu sjer mikilsverður, en í Njálssögu hefur hann ekki frá öndverðu staðið, heldur hefur honum verið skotið inn; í frumsögunni mun hafa verið sagt í fám orðum, að Njáll og fólk hans hafi látið skírast, þegar kristni var boðuð. Í stað þessarar stuttu frásagnar hefur þeim, sem setti kristnikaflann inn, þótt hæfa, að skýra frá öllu kristniboðinu frá því að Ólafur sendi Þángbrand. Vjer munum síðar reka oss á annað líkt innskot. Eftir 106. kap. er þráðurinn tekinn upp aftur og sagt frá öllum hinum mörgu og merku atburðum er gerðust frá rógi Marðar, drápi Höskulds, brennu Njáls og til hefndar Kára og þess að hann gekk að eiga Hildigunni, og er það nokkurs konar tákn fullkomins friðar meðal höfuðættanna, er höfðu leikist svo grátt. Er hjer þráðurinn óslitinn og söguheildin óskert, nema að því, að inn í síðasta hlutann er skotið þætti um Brjánsbardaga hinn mikla (1014) á Írlandi. Í frumsögunni hefur aðeins staðið stutt setníng um fall sumra brennumanna, og því hefur einhver viljað fá heila sögu um bardagann og tekið hana úr sjerstakri Brjánssögu. Í þessum aðalkafla eru nokkrar vísur, og eru þær miklu eldri að gerð og máli en þær fyrri, og það er merkilegt, að Skarphjeðinn er altaf að yrkja í sögunni um Gunnar, en hjer verður honum aldrei ljóð á munni.

Digitized by Google

Þótt þessi síðari deild sögunnar, er að rjettu lagi má nefna Njálssögu (og sona hans), sje auðsjáanlega aukin með ýmsu (t. d. Brjánsþætti og ættartölum og fleiru smávegis), er frumsagan þó öðruvísi en fyrri deildin um Gunnar og eflaust ekki alllitlu eldri, og hafa í henni staðið vísur frá 12., ef ekki 11. öld.

Af nákvæmri rannsókn sögunnar og öllum smáatriðum þykjumst vjer með fullri vissu geta sagt, hvernig vor núverandi saga er til orðin. Á síðara hluta 12. aldar (eða um 1200) var samin saga um Njál og fólk hans; hún hefur að öllu leyti verið í vanalegri sögumynd og með vísum, er þó voru ekki eftir þá, er þær eru eignaðar (sbr. sumar vísur í Eiglu). Í þeirri sögu hefur Gunnar eflaust verið nefndur og ef til vill sagt frá viðskiftum Hallgerðar og Bergþóru. Þá og síðar lifðu á Rángárvöllum sagnir um Gunnar, þennan glæsilegasta fornkappann, og hefur svo verið búin til saga um hann á 13. öld, heldur síðar en fyrr, en þá voru hinar fornu sagnir brenglaðar og hnignaði óðum. Af því nú að þessar tvær sögur höfðu svo mart sameigið, um Gunnar og Njál og fólk þeirra, var hægt að sjá, að gera mátti úr þeim eina sögu og svo var þeim steypt saman í eina heild og um leið settir inn kaflar þeir, er áður var getið. Þó er ekki víst nema sá sem þetta gerði hafi sjálfur frumsamið Gunnarssögu. Líklega hafa svo aðrir ritarar skotið öðru smávegis inn hjer og þar (t. d. vísunum í Gunnarss.) og með öllu þessu hefur hún fengið það gervi, er hún hefur nú. Með þessu móti skiljast best og skýrast allar þær misfellur sem eru í frá-

Digitized by Google

sögninni, endurtekningar, nefndir menn, sem aldrei koma síðar fyrir, aðrir ekki nefndir, sem þó koma til sögunnar síðar, og mart fleira, er telja mætti.

Það er af þessu ljóst, að ekki er hægt að ræða um höfund sögunnar, eins og hún er nú, en hitt má þó segja, að sá sem setti sögurnar saman hefur ekki verið neinn bjáni; það er óhætt að segja, að honum hefur tekist mjög vel yfir höfuð. Það er ekki sagt, að þær misfellur, er á eru, stafi allar frá honum. Orðfæri Njálu hefur lengi verið við brugðið og með rjettu; þó er ekki því að neita, að stundum sýnist nokkuð mikið í borið og sumt eins og reiknað út og spillir það lestrarnautninni. En það sem má segja sögunni til lofs og aldrei verður af henni tekið, er hin frábæra lýsing manna og kvenna, lýsing hjer í sömu merking sem endrarnær óbeinlínis, þ. e. framkoma og tal þeirra og það lunderni, sem það er sprottið af. Lunderni manna og kvenna er haldið óbreyttu um alla söguna og það er langt frá því að eitt sje öðru líkt, heldur er hvert með sínum afmörkuðu einkennum.

Spurningunni um það, hve áreiðanleg sagan er, er vandsvarað; efalaust byggist hún á fornum arfsögnum, en það er mesti munur á því, hvort þær voru settar í bækur á 12. eða ekki fyrr en á 13. öld. Njálu ber ekki vel saman við Landnámu og er valla vafi á því, að Landn. er rjettari. Annars verður minsti hlutinn sannaður af öðrum ritum. Vjer hyggjum, að meginið sje að mestu satt, að minsta kosti af því sem er efnið í hinni eiginlegu Njálssögu.

Þessi saga er kunn að því að segja frá mála-

Digitized by Google

gángi frekar en nokkur önnur saga; það er auðsjeð, að höfundurinn eða höfundarnir hafa hent sjerstaklegt gaman að því sem laut að málaferlum og dómum og meðferð mála á alþingi; sumt af þessu er nú yngri tilbúningur (í Gunnarss. sumt), og sumt er rángt eða misskilið. Það er ekki lögfræðingur er þetta hefur samið, heldur er meginið af því sótt úr fornum frásögnum, en það gefur að skilja, að einmitt þess konar málefni var í eðli sínu svo, að það átti fremur flestu öðru hægt með að skekkjast. Vjer álítum ekki rjett að áfella mjög söguna fyrir þær villur eða ónákvæmni, sem í henni eru. Það er betra að skilja, hvernig á þeim stendur, og endirinn verður sá, að það má dást að því, að alt er svo rjett sem það er.

Það er ekki óliklegt, einmitt vegna þess að svo mikið segir frá þeim Laxdælum og Hallgerði í upphafi sögunnar, að sá sem setti Njálu saman í þá mynd, sem hún hefur nú, hafi verið breiðfirðingur.

Auk allra þessara sagna er fjöldi af þáttum, einkum í konúngasögunum, og einkenna þeir sig allir með skarpri mannlýsingu og ágætri frásögn, auk þess sem þeir oft og einatt hafa margvíslega þýðingu t. d. fyrir menningarsögu vora. Það má heimfæra þá undir sömu flokka sem sögurnar, en þó er óvíst, hvort þeir eru allir samdir í þeim hjeruðum, er aðalmennirnir voru úr, þótt það sje líklegast. Þeir eru um skáld eins og Einars þ. Skúlasonar, Gils þ. Illugasonar, Stúfsþ., af Gullásu-Þórði, Sneglu-Hallaþ. (einn af þeim skemtilegustu), Ívarsþ.,

Digitized by Google

Mánaþ.; eða um þróttmikla menn og bardaga þeirra, t. d. Halldórs þ. Snorrasonar, Hrómundar þ. halta, einkennilega menn sem Hrafns þ. hrútfirðings og einkum Hreiðars þ. heimska, Auðunar þ. vestfirska, um kaupmenn sem Odds þ. Ófeigssonar (sbr. Bandam.), sbr. Ölkofraþ. osfrv.

2. Sögur um Íslendinga á 12. öld. Þær sögur, er hjer koma til greina, eru aðeins fáar, og finnast allar í Sturlúngusafninu; þær eru:

Þorgils saga ok Hafliða. Sagan nær ekki nema yfir fáein ár, hjer um bil 1117—21, og er mest um þingdeilur milli þessara tveggja höfðingja, Þorgils Oddasonar á Staðarhóli fyrir vestan og Hafliða Mássonar fyrir norðan, er kemur við hina fyrstu ritun laganna. Deilurnar risu af vígum, og áttu óhlutvandir menn í. Alt endaði þó með frið og sætt. Auk þess finst í sögunni ýmislegt, er lýsir þeim tímum og mönnum, er sagan gerist, t. d. kaflinn um Reykjahólabrúðkaupið 1119, sem er svo merkur fyrir sögusögnina, einkum fornaldarsögurnar. Höf. hefur eflaust lifað þessa atburði, er sagan segir frá, en þó er hún rituð ekki allskömmu eftir og valla fyrr en um miðbik 12. aldar, ef ekki síðar. Sagan er heldur vel sögð og fróðlega.

Sturlusaga eða saga Sturlu Þórðarsonar í Hvammi (d. 1183), föður Snorra. Sagan er um deilur Sturlu við aðra höfðingja, einkum Einar Þorgilsson (Oddasonar); þeir börðust á Sælingsdalsheiði (heiðarvíg; nefnist því sagan og Heiðarvígasaga). Sagan gefur oss ljósa mynd af Sturlu, prettvísi hans og ráðríki, og eru í henni mjög skemtilegir kaflar

Digitized by Google

(t. d. sagan um Þorbjörgu og Sturlu; hún vildi stinga augað úr Sturlu til þess að gera hann að útliti líkastan þeim, er hann var líkastur að öðru, Óðni). Hin síðustu málaferli voru að því leyti merk, að þau urðu til þess, að Snorri, sonur Sturlu, kom til fósturs í Odda til Jóns Loftssonar. Sagan mun vera rituð á öndverðri 13. öld og af manni, er var gjörkunnugur öllu sem að efninu lýtur. Hann er óhlutdrægur og dylur ekki ókosti Sturlu. Sagan er sögð ljóst og einfalt.

Hrafns saga Sveinbjarnarsonar er um hinn ágæta höfðingja Hrafn á Eyri, hinn göfugasta mann og fjölhæfasta; hann var smiður og læknir og mart fleira. Eins og vant er, segir sagan frá deilum þeim, er hann flæktist í, einkum við Þorvald Snorrason í Vatsfirði; þær enduðu með því, að Þorvaldur fór að Hrafni öllum á óvart og tók hann höndum og ljet vega hann (1213), og fór illa að öllu. Í sögunni segir og frá því, er Hrafn fór utan með Guðmundi biskupsefni; þeir voru vinir miklir, enda var Hrafn mjög guðhræddur maður. Þessi saga er lángbest allra af hinum yngri sögum, vel sögð og prýðilega saman sett. Lýsingin á Hrafni er ágæt, enda var höf. auðsjáanlega vinur hans og honum handgenginn; þó verður ekki sagt, að hann sje hlutdrægur. Í sögunni eru m. a. vísur úr drápu um Hrafn. Höf. er sem sagt samtíðismaður og hefur valla ritað sögu sína mjög löngu eftir dauða Hrafns og líklega ekki síðar en um 1220. Höf. var auðsjáanlega prestur, og er hjer enn gott dæmi þess, að prestar gátu ritað sögu

Digitized by Google

mærðarlaust og án eigin hugleiðinga; þeirra kennir sjaldan.

Guðmundar saga dýra eða Önundarbrennu saga er hroðaleg ófriðarsaga úr Eyjafirði. Segir frá deilum milli Guðmundar dýra á Bakka í Öxnadal og Önundar í Lönguhlíð, er enduðu með því, að Guðmundur brendi Önund inni (1197); út af henni risu auðvitað deilur og bardagar og blóðsúthellingar, og eru þær aðfarir eins og undanfari Sturlúnga-styrjarins. Hún endar með því að segja frá því, að Guðmundur gekk í klaustur og dó þar (1212). Sagan er fremur illa sögð, og er stundum eins og eitthvað vanti í; það er t. d. eftir henni eiginlega bágt að skilja hvað það er, sem rekur Guðmund til brennuódæðisins, en sagan mun valla vera í Sturlúngusafninu í frummynd sinni, heldur eitthvað stytt og breytt. Hún er ekki miklu yngri en Hrafnssaga. Höf. er eyfirðingur og án efa andlegrar stjettar maður, mildur í lund og friðsamur; hann dæmir sjálfur atburðina stundum. Í heild sinni gefur sagan góða hugmynd um spillingu þá í hugarfari manna á síðasta hluta 12. aldar, er svo fer sí og æ í vöxt á 13. öld.

3. Hinar yngri Íslendingasögur. Það eru þær sögur, er ritaðar voru á síðara hlut 13. aldar og um 1300; þær einkenna sig með því, að þær eru ritaðar eftir munnmælum og arfsögn, er þá var orðin næsta brengluð og skekt; saman við hana var blandað ýmsum ævintýrasögum og múnkatilbúningi. Þó má vel vera, að aðalatriðin sjeu rjett að mestu, en varlegt er samt að treysta því;

Digitized by Google

enda má sjá, að höfundarnir oft og einatt hafa litla þekkingu á þeim tímum, er þeir rita um. Það er merkilegt, hve sannsögulegri arfsögn og þarmeð þekkingu á söguöldinni hefur hnignað á 13. öld, hvernig sem á því stendur; en það er víst að svo hefur verið. Þessir söguhöfundar yrkja nú sjálfir inn í, búa til löngar sögur um víkingarferðir og afrek aðalmannanna (líkt og Gunnars í Njálu og í hinu yngra upphafi Gíslasögu), og yfir öllu hvílir yngri, meiri eða minni skáldsagnablær. Í flestum eru og vísur, en þær eru líka að mestu yngri tilbúningur. Sem söguheimildir eru þessar sögur ekki góðar og verður að nota þær með mikilli varkárni. Stundum eru þær svo til orðnar, að til hefur verið eldri saga, en hún hefur snemma týnst, og hefur þá einhver viljað bæta úr og fylla skarðið. Eins og nærri má geta, standa þessar sögur mjög á baki hinum eldri systrum sínum bæði að samsetningu, þótt öll gerðin sje hin sama, og að orðfæri ekki síður. Hjer koma fyrir yngri orð og almúgalegri og setningar ekki jafnsnjallar. Þessar sögur eru í í sömu röð og áður var höfð þær, er nú skulu taldar.

Hœnsaþórissaga. Aðalmaðurinn er Hœnsaþórir, illur maður og uppskafningur. Segir sagan frá því, er Blundketill höfðingi í Örnólfsdal vildi kaupa hey af Þóri til þess að hjálpa öðrum bændum, en Þórir vildi ekki selja; tók þá Blundketill heyið en lagði fje í staðinn, og risu af því deilur, er enduðu með því að Þórir brendi Blundketil inni og var gerður sekur fyrir og var drepinn af syni Blundketils. Alt þetta gerðist í Þverárhlíð í Borg-

Digitized by Google

arfirði litlu eftir miðja 10. öld og varð til þess að landinu var skift í fjórðúnga með sínum fjórðúngaþingum, sem Ari segir frá í 5. kap. bókar sinnar. Sagan er ein af hinum vanalegu hjeraðsdeildasögum og í sjálfu sjer ekki ómerkileg að mörgu. Hænsa-Þórir er nýr sögu-maður, sem ekki finst ella, og er honum vel lýst, og yfir höfuð eru mannlýsíngarnar góðar. Í sögunni koma fyrir hrífandi atriði, t. d. dauði hins únga sonar Arngríms, er Þórir hafði fóstrað og hann notaði á illmannlegasta hátt. Þar á móti er orðfærið ekki jafnsnjalt og höf. tekst ekki vel að gera grein fyrir ýmsu er hann segir frá; hann hefur haft fyrir sjer marga góða arfsagnarmola, en hann kann ekki að nota þá eða hann skilur þá ekki, og mart fleira má að sögunni finna. En verst er, að frásögninni er alveg ruglað um aðalmanninn; það var ekki Blundketill, sem var brendur inni, heldur sonur hans Þorkell, eins og Ari segir, og má trúa orðum hans; en þetta er þó ekki tilbúníngur höfundarins, heldur stafar villan frá eldri tímum og finst t. d. í aðalhandritum Landnámu.

Til norðurlandssagnanna heyra flestar og eru:

Kormákssaga um skáldið Kormák, ástir hans og Steingerðar, vígaferli og ferðir. Í sögunni er fjöldi vísna bæði Kormáks og annara, t. d. Hólmgöngu-Bersa. Það er auðsjeð, hvernig sagan er til orðin; hún er umgjörð um vísurnar og byggist á fornum, en óljósum og rugluðum arfsögnum; heldur ekki eru vísurnar rjettar en margvíslega úr lagi færðar, steypt saman vísuhelmingum osfrv. Í helstu aðalatriðunum mun sagan vera rjett, en samanheng-

Digitized by Google

ið er oft laust og framsetningin ruglingsleg. Mart er í henni um töfra og tröllskap, og er það ekki marklaust; aftur á móti er ýmislegt bogið við lýsinguna á hólmgöngum að fornu. Tímatalið er slæmt. Í sögunni segir langt skeið frá Bersa og halda sumir, að það sje tekið úr sjerstakri sögu um hann. Höf. er eflaust miðfirðingur og eru heimildir hans vísurnar og arfsagnirnar í þeirri mynd, sem þær höfðu eftir miðja 13. öld.

Grettissaga. Þessi saga heyrir til þeim meiri Íslendingasögum, eins og hún er nú; fyrst er langur þáttur um forfeður Grettis og aftan við er þáttur um Þorstein drómund, bróður Grettis og hefni, og Spes, gríska konu, er hann átti; þessi þáttur er að minsta kosti síðari viðbót, og er hann alkunnugt ástaræfintýri milli manns og giftrar konu. Lángmerkastur er aðalkaflinn um Gretti sjálfan, vígaferli og ógæfu, sekt hans og þrautir og sektarafrek (viðureign við drauga og illþýði). Efalaust má telja, að aðalviðburðirnir sjeu sannir, en á hitt er ekki að treysta, að frá þeim sje rjett sagt í öllum atriðum. Svo bætist þar við, að þjóðtrúin og munnmælin hafa sett í samband við Gretti ýmsar forynju-, vætta- og draugasögur, sem hann átti frá upphafi ekkert skylt við. Þetta verður alt til þess að sagan verður fremur skáldsaga í heild sinni en sönn saga. En hún er vel sett saman, frásögnin ljós og lipur og lundernislýsingar ágætar, fyrst og fremst Grettis sjálfs með öllu hans glensi og fjöri; hvernig sem veltist „missir hann ekki móðinn“, og altaf hefur hann vel viðeigandi málshætti á vörunum. Vegna alls þessa og þess, hve efnið er marg-

Digitized by Google

breytilegt, er sagan mjög skemtileg. Auk þeirra arfsagna og þjóðsagna sem við Gretti voru bendluð hefur höf. notað Landnámu; hann tekur úr henni heila kaflá og yrkir svo við og utan um þá, einkum í fyrsta kaflanum um Önund trjefót, og það er auðsjeð að höf. hefur þekt fleiri sögur, er hafa haft áhrif á hann. Að til hafi verið eldri saga um Gretti er með öllu óvíst.

Hávarðarsaga ísfirðings. Það er sagan um Hávarð gamla, halta með öðru viðurnefni, èr á gamalsaldri átti ófrið við ísfirskan höfðingja; sá hafði drepið son hans Ólaf bjarnyl um enga sök; Hávarður hefndi sonar síns og var svo dæmdur hjeraðssekur; fór hann þá brott og settist að í Svarfaðardal og lifði þar til dauða síns. Sagan er aðeins til í pappírsbókum og hefur verið illa með hana farið. En hitt er þó auðsjeð, að aðalvillurnar eru höfundinum sjálfum að kenna. Þær eru margar og miklar, einkum að því er snertir staðalýsingar í Ísafirði og þeim hjeruðum, sem sagan gerist í; svo er og mönnum ruglað saman, og mart er með öllu óeðlilegt í frásögninni. Arfsögnin, sem ásamt vísum Hávarðar (er flestar munu rjett feðraðar) er grundvöllur sögunnar, hefur verið mjög svo trufluð, þegar sagan var færð í letur um 1300; hún er eflaust rituð í Svarfaðardalnum og skýrir staður og tími best eiginlegleika hennar; höf. hefur aldrei komið á Ísafjörð og hann hefur heldur ekki spurst fyrir um hann. Samkvæmt Landn. mun hafa til verið önnur og eldri saga um Hávarð.

Svarfdœlasaga. Þessi saga er vanaleg byggðarsaga og hefst á landnámi Þorsteins svarfaðar og

Digitized by Google

nær yfir nokkra ættliði fram undir lok 10. aldar, og segir frá merkum deilum í hjeraðinu og mönnum, svo sem Klaufa berserk, Ýngveldi fagrkinn og Karli únga. Einkum er það, er segir frá Ýngveldi, merkilegt. Í öndverðri sögunni segir mart frá víking Þorsteins og ferðum og berserkjadrápi, er alt er auðsjáanlega tilbúningur. Því miður er stór skella í söguna; hún finst nú aðeins í pappírsbókum, og hefur vantað í skinnbókina, er þær eru af runnar. Einn af aðalmönnunum er og Ljótólfur goði, faðir Valla-Ljóts. Í sögunni eru miklar draugasögur, er hafa gildi fyrir þjóðtrúna. Sagan er í mörgu mjög ruglingsleg og er það ekki ætið sök höf. Það er víst, að til hefur verið eldri saga um Svarfdæli og er hún notuð í Landn., en hún hefur týnst, og hefur svo ný saga verið búin til um 1300 eftir ljelegum arfsögnum; vísur eru nokkrar í henni, en vafasamt, að hverju leyti þær eru rjettfeðraðar; allar eru þær það ekki. Að öllu samtöldu er sagan með þeim rýrustu og sú, er minstur sögusannleikur er í; sagan er að mörgu skyld Hávarðarsögu; þó er sumt í henni merkilegt og hefur á sjer skáldlegan blæ.

Á suðurlandi gerist Flóamannasaga; aðalmaðurinn er Þorgils örrabeinsstjúpur og gerist sagan mest fyrir og eftir 1000. Þorgils fer til Grænlands og er þar nokkra stund, og er frásögnin um það merkasti kafli sögunnar, en ekki laus við hindurvitni og hjátrú. Sagan er rjett vel saman sett og frásögnin liðleg, en sögugildi hennar er ekki mikið; þar eru bardagar við berserki og drauga; þar er talað um undrasverð og mart fleira sem er alveg ævintýri. Þorgils er líka mesti draumamaður.

Digitized by Google

Sagan er á borð við Gretlu og henni lík að ýmsu; hún er og rituð um sama leyti og hefur eins og hún tekið kafla um Flóa-landnám úr Landnámu. Annars byggist hún á brenglaðri arfsögn og hreinum skáldskap höfundarins.

Til þessara sagna heyra og ýmsir þættir, er flestallir eru meira eða minna ósannir og ævintýri. Sannastir munu vera Geirmundarþ. (í Sturlúngu), Þorsteins þ. stangarhöggs (austf.) og Þorsteins saga Síðu-Hallssonar, er notað hefur Brjánssögu eins og Njála. Þar næst má nefna Þorsteins þ. jarlsskálds, sem er nokkurs konar viðauki við Svarfdælu og segir frá Þorleifi og Hákoni jarli eftir gömlum en nokkuð skektum arfsögnum og hjátrúarfullum. Tómur skáldskapur eða ævintýri og náskyldir fornaldarsögunum eru Brandkrossaþ. (snertir Droplaugarsonas.) og Þorsteinsþ. uxafóts. Kristileg ævintýri og múnkaskrök eru Þorsteins þ. skelks, Svaða þ. og Arnórs kerlingarnefs, Þiðranda þ. og Þórhalls. Að lyktum skulu nefndir Bollaþáttur (viðauki við Laxdælu), Þorvalds þ. tasalda, Þórarins þ. Nefjólfssonar og Orms þ. Stórólfssonar. Aðalmennirnir í þáttum þessum hafa verið til, en alt eða flest er um þá segir er tilbúningur eða ævintýri; merkastur þeirra er Ormsþ., og er ef til vill eitthvað í honum tilhæft um Orm; höf. hans hefur annars mjög notað Egilssögu og Örvar-Oddss. og fleiri rit.

Hjer til mætti og telja ýmsa drauma eða draumavitranir og eru þær í Stjörnu-Odda draum, Bergbúaþætti, Kumlbúaþætti og Draumi Þorsteins Síðu-

Digitized by Google

Hallssonar. Eru þeir ekki ómerkir með öllu, síst sá fyrsti.

4. Sögur um Íslendinga á 13. öld. Hjer er ekki nema um fáeinar sögur að ræða og eru þær nær allar í Sturlúngusafninu. Íslendingasaga Sturlu verður tekin síðar og fyrir sig, þó að hún í raun rjettri heyri þessum sögum til. Þá er fyrst

Þórðarsaga kakala; hún nær yfir fá ár, í rauninni ekki nema 1242—50 eða þau ár, sem Þórður var á Íslandi og vann þar það, sem í frásögur var færandi; um hin fyrri ár hans segir ekkert og eftir 1250 var hann embættismaður í Noregi og dó 1256. Sagan um hann er rituð töluvert síðar; höf. hefur þekt Þórð vel og segir vel og sannorðlega frá honum og gerðum hans; hann notaði og kvæði um Þórð og önnur kvæði og hefur þar að auk haft ýmsa góða heimildarmenn. Ekki er ólíklegt, að sagan sje nú ekki í frummynd sinni alveg.

Svínfellingasaga. Af þessari sögu eru nú til lítil brot eða aðeins nokkrir kapítular í Sturlúngusafninu og er aðalefnið í þeim hinn bitri fjandskapur Ormssona í Svínafelli og Ögmundar í Kirkjubæ árið 1248 og þar á eftir. Þetta sögubrot er að því leyti sjerstaklega merkilegt, að það segir frá mönnum og viðburðum, er vjer ella mundum ekki vita neitt um. Það er erfitt að segja, hvernig sagan hefur verið í heild sinni. Höf. er auðsjáanlega prestur; hann lýsir mönnum mjög vel og hefur líklega ritað um 1270—80.

Þorgilssaga skarða. Hin upphaflega saga

Digitized by Google

er nú týnd, nema til er lítið brot af henni, en hún er að mestu tekin upp í Sturlúngusafnið í stærri og smærri köflum; það er fullkomin saga Þorgils (f. 1226), en nákvæmust frá því er hann tekur til að starfa á Íslandi (1252). Sagan um Þorgils er mætavel skrifuð og veitir oss glöggva mynd af þessum únga manni, er var nokkuð ofsafenginn í lund en mjög rjettdæmur maður. Höf. segir efalaust rjett frá, er auðsjáanlega þeirra megin á Íslandi, er vildu hnekkja óskum Hákonar konúngs um ríki á Íslandi. Hann er nákunnugur öllu því, sem gerðist á árunum 1252—58, og hefur víst skrifað sögu sína skömmu síðar og fyrr en landið komst undir konúng. Hann þekkir og kvæði um Þorgils. Frásögnin er ljós, skilmerkileg, lipur og tilgerðarlaus, og má telja söguna með betri sögum frá þessu tímaskeiði.

Að lyktum skal hjer nefnd Árónssaga eða sagan um Árón Hjörleifsson; hann var af Seldælaætt, hinn duglegasti og vænsti maður. Segir sagan einkum frá verkum hans og ferðum með Eyjólfi Kárssyni, er var vinur mikill Guðmundar biskups (Grímseyjarför 1222). Árón var dæmdur sekur fyrir framin víg og varð hann að fara huldu höfði þángað til hann komst utan; þar gerðist hann maður Hákonar konúngs; hann dó 1255, en frá síðara hluta ævi hans segir lítið og í molum. Sagan er rituð þó nokkru eftir dauða Áróns en þó fyrr en um 1280 og er byggð á sögusögnum manna; þær vísur, er í henni eru, eru flestar síðari innskot. Orðfærinu er stundum ábótavant og mannlýsingum líka. Sögunni ber ekki ætíð saman við sögu Sturlu og er þá valla efamál, að það er rjett, sem Sturla

Digitized by Google

segir, og mart sýnist vera orðum aukið. Hver síða hennar sýnir, að höf. hefur verið prestur.

5. Biskupasögur og kirkjusaga. Um sögu hinnar íslensku kirkju hafði Ari ritað í sinni bók, bæði um útlenda biskupa, er liðu og kendu á Íslandi á 11. öld, og ekki síður um hina tvo fyrstu biskupa Ísleif og Gizur feðga, og var hans sögn síðar mjög notuð. Þar að auk er til lítill þáttur um Ísleif, er finst í Ólafs sögu helga (í Flateyjarbók). En eitthvert helsta ritið um biskupa á Íslandi frá því um 1200 er hin svonefnda

Hungrvaka. Það er saga um hina fyrstu 5 biskupa í Skálholti, Ísleif, Gizur, Þorlák Runólfsson, Magnús Einarsson og Klœing Þorsteinsson (d. 1176). Höf. segir frá þeim öllum með sama sniðinu, frá ætterni þeirra og uppruna; svo er þeim stuttlega lýst, svo sagt frá kjöri þeirra til biskups, vígsluferð og vígslu og helstu biskupaathöfnum til æviloka; segir, hvert ár og dag þeir hafi dáið og nefndir helstu viðburðir í útlöndum um ævi þeirra. Höf. segir mjög vel og greinilega, og honum tekst að lýsa biskupunum ljóst hverjum með sínum einkennum. Hann fer eingöngu eftir munnlegum frásögnum; Klæng þekti hann sjálfur. Af ritinu fær maður óvenju fagra og góða mynd af höfundinum sjálfum, einkum af formála hans. Nafn ritsins á að tákna, að bókin eigi að hvetja námfúsa únga menn til þess að vilja vita enn meira um biskupana, og segist höf. hafa viljað rita til þess að sjer gleymdist ekki það sem hann hafi heyrt fróða menn segja og Gizur Hallsson (d. 1206); enn fremur segist hann

Digitized by Google

vilja teygja únga menn til þess að lesa íslensk rit, „lög eða sögur eða mannfræði“. Hann segist hafa hlotið alla gæfu þessa heims af staðnum í Skálaholti, og hefur hann því eflaust verið þar klerkur, en nafn sitt hirðir hann ekki að nefna, og er hann yfir höfuð mjög bljúgur í lund og laus við að trana sjer fram til þess að fá sjer lofdýrðar. Höf. gerir sig ekki sekan í neinum sjerlegum villum svo að sjeð verði. Tímatal hans er einkennilegt að því, að hann færir alt aftur um 7 ár, og kennir þessa tímatals víðar í bókum. Ritið er samið um eða litlu eftir 1200; það sýna orð hans um Gizur Hallsson; það getur verið ritað að honum lifanda og eflaust fyrir 1211 (dánarár Páls biskups).

Pálssaga. Páll Jónsson, systurson Þorláks helga, var biskup í Skálholti 1195—1211; um hann var samin saga, líklega ekki löngu eftir dauða hans, af einum af vinum hans. Gerðin á þessari sögu er alveg sem á Húngurvökusögunum, áratalið hið sama, alt talið 7 árum fyrr en skal, og er því lánglíklegast, að hún sje eftir sama höfund sem Húngurvaka, enda hefur alla sömu eiginlegleika.

Milli Klængs og Páls var Þorlákur Þórhallsson biskup (d. 1193), er kallaður var hinn helgi. Helgi hans kom snemma upp, og var henni lýst á alþingi 1198 og þá lesin upp jarteinaskrá hans; árið eftir var lögtekin Þorláksmessa. Um Þorlák var, sem vænta mátti, sett saman saga, og er hún til í tvennu líki. Hún er vanaleg ævisaga, en klerklega rituð, eins og við var að búast, og er Þorláki mjög hrósað fyrir kunnáttu og stjórnsemi, meðan hann var ábóti í Kirkjubæ. Guðrækni hans er lýst ræki-

Digitized by Google

lega, en um stjórnsemi hans eftir að hann varð biskup er ekki mikið talað; hafði það þau rök, að Þorlákur hafði vandað mjög um illlifnað manna og sambúð, er óleyfileg var eftir kirkjulögum; komst hann því í deilu við Jón í Odda, sem hafði átt börn með systur Þorláks, þar á meðal Pál biskup; vegna hans er öllu þess konar slept úr frumsögunni. Að lyktum er sagt frá dauða biskups og kafli úr líkræðu Gizurar Hallssonar tilfærður. Sagan er eflaust rituð á dögum Páls biskups á árunum 1203—1210 (eftir dauða Sverris konúngs og fyrir lát Páls). Frásögnin er nokkuð lángdregin, full af biblíugreinum og latínskum klausum og mærðarfull. Höf. hefur vafalaust verið í Skálholti, þekt Húngurvöku og notað hana; hann hefur og sama timatal. Inn í þessa sögu hefur svo síðar verið skotið löngum kafla um baráttu Þorláks fyrir kirkjunni og lögum hennar, fullu valdi kirkjunnar yfir öllum kirkjum og eignum þeirra, og er sá þáttur kallaður Oddaverjaþáttur, af því að Jón í Odda var höfuðmótstöðumaður biskups. Annars er sagan í þessu líki hjer um bil orðrjett sú sama og hin. Þessi saga er ekki eldri en um 1225.

Þá er eftir Guðmundar saga biskups Arasonar, og er hún ekki eiginlega ein, heldur fleiri. Fyrst er prestssaga hans, og segir hún mjög nákvæmlega frá ævi hans ár fyrir ár frá því hann fæddist 1161 og þángað til hann var vígður til biskups í Noregi 1202; við hvert ár er bætt við annálaathugasemdum um hvað við bar á hverju ári í útlöndum og á Íslandi; eins og auðvitað er, var ekki mikið um Guðmund að segja á prestsárum

Digitized by Google

hans, enda er sagan ekki mikið annað en upptalning og lýsing ferða hans og furðuverka, brunnvígslur og þess konar. Af þessum lýsingum má þó fá glöggva hugmynd um Guðmund sjálfan og hjátrú þá, er þá ríkti og hann eflaust átti mikinn þátt í. Áraröðin hefur það í för með sjer, að öllu ægir saman í einni bendu, og í sögunni finnast ýmsar hroðalegar smekkleysur. Höf. þekkir ævi Guðmundar út í hörgul og hefur auðsjáanlega verið honum nákunnugur; hefur þess verið getið til, að hann sje Lambkárr, djákn Guðmundar. Hitt mun mega telja víst, að sagan sje rituð ekki alllöngu eftir að Guðmundur varð biskup.

Þessi saga finst í Sturlúngusafninu og þar að auk í öðru sjálfstæðu aðalhandriti (Resensbók), og ekki mikill munur á. Í hinu síðarnefnda handriti er sögunni haldið áfram og bætt við biskupssögu Guðmundar til dánardægurs hans (1237) og þar lýst þrengingum þessa flakkarabiskups, sem menn síðar vildu gera að dýrlingi, og athöfnum hans. Þessi viðbót er sjálfsagt eftir einhvern annan en prestssagan og er sett saman eftir ýmsum heimildum, Íslendingasögu Sturlu, Árónssögu og Sturlúngusafninu sjálfu; en svo hefur þessi saga samt ekki verið frá upphafi. Til eru enn handrit af sögunni og hafa menn kallað það miðsögu; hún er styttri og vantar þar t. d. kaflann úr Árónssögu. Það er líklegast, að þessi saga hafi upphaflega ekki verið meira en kaflarnir um Guðmund í bók Sturlu, tindir saman í eina heild. Aftur er hitt mögulegt, að þessir kaflar sje teknir úr eldri (elstu) sögu um biskupstíð Guðmundar, og er þá sú saga týnd.

Digitized by Google

Allar þessar sögur eru afarmerkilegar, af því að þær eru eftir samtímismenn, og hafa því mjög mikið gildi fyrir menningarsögu landsins á þeim tímum.

Um Jónssögu Hólabiskups mun síðar talað, er rætt verður um Gunnlaug múnk; svo og um Þorvaldsþátt víðförla, er við kemur kristniboðinu.

Um kristniboðið sjálft og sögu kristninnar frá því að Þorvaldur Koðránsson og Friðrik saxneski hófu kristniboð og að dauða Gizurar biskups (jafnlángt Íslendingabók Ara) er til safnsrit, er kallast Kristnisaga. Þar er skýrt frá trúboði Þorvalds og Stefnis og Þángbrands, kristnitökunni 1000, útlendum biskupum og svo frá þeim feðgum Ísleifi og Gizuri. Efninu er vel og skipulega fyrir komið og frásögnin er einföld og mærðarlaus og hefur öll einkenni hinnar eldri sagnaaldar, að frátöldum smáköflum, sem auðsjáanlega eru innskot. Síðasti kapítulinn kemur lítið efninu við og er líklegast tekinn úr Húngurvöku. Sögunni er, eins og hún er nú, hnýtt aftan við Landnámu, og hefur verið ætlast til að hún væri nokkurs konar áframhald af henni; þess vegna er byrjun hennar nokkuð ósöguleg. Sagan mun vera samansett á öndverðri 13. öld; þótt Bótólfur biskup (1238—46) sje nefndur, er það þýðingarlítið. Það er erfitt að segja, hvaðan hvað eina sje tekið; sumt úr ritum, sem nú eru týnd, sumt úr Ólafssögu Tryggvasonar eða rjettara sagt úr sögu Gunnlaugs múnks um Ólaf og svo er bók Ara notuð alveg í frásögninni um biskupana, en aukin með ýmsu smávegis. Af þessu

Digitized by Google

leiðir, að um höfundareinkenni er ekki vel hægt að tala. Það er sjálfstæður en rángur reikningur höfundarins, er hann teygir úr dvöl Þángbrands á Íslandi og lætur hana hafa varað í 3 ár í stað 2, sem öll önnur heimildarrit hafa. Sagan er merkilegt rit af því, að hún er eitt af hinum elstu safns- eða yfirlitsritum, er Íslendíngar hafa samið eftir Ara.

6. Vjer höfum sjeð, að eitt af því, er fyrst var fært í letur á Íslandi, voru ættartölur, sjálfsagt Íslendínga sjálfra; Ari reit „áttartölu“ í sinni bók. Hann setti þar og líka kafla um byggíngu landsins og nefndi helstu landnámsmenn, einn fyrir hvern fjórðúng. Sjálfar bera sögurnar ljóst vitni um það, hve ant menn ljetu sjer um forfeður sína og frumbyggð hjeraðanna. Ekkert gat verið eðlilegra eða sjálfsagðara en að einhver maður, fróður og hneigður fyrir sögur, fyndi hve gott það var, að hafa yfirlit yfir alla frumbyggíngu landsins í einni bók. Að til hefur verið yfirlit yfir byggíngu einstakra hjeraða vitum vjer, t. d. vesturlands eða Breiðafjarðarhjeraða og Austfjarða, og sjest það af því, sem síðar skal getið. Yfirlitsrit var byrjað að semja fyrir lok 12. aldar (Ágrip); sbr. Húngurvöku og Kristnisögu dálitið síðar. Á árunum 1210—20 var nú samsett í fyrsta sinn þess konar rit um öll landnám á Íslandi og nefnt Landnámabók (stytt: Landnáma). Þetta rit er nú ekki til í frummynd sinni, heldur í afritum, breyttum nokkuð og auknum, og samsteypum fleiri afrita, og munu þau nefnd. Í frumritinu var byrjað á hinum fyrsta og frægasta

Digitized by Google

landnámsmanni, Íngólfi Arnarsyni, og sagt frá honum og landnámi hans; svo var farið vestur frá honum og þá áfram í kringum alt landið, uns komið var aftur að Íngólfi. Þar var sagt frá hverjum landnámsmanni og stundum skotið inn í smásögum um þá, og er auðsjeð á öllu, að höf. var kunnugastur á suðvestur- og vesturlandinu; þaðan eru þær flestar; færri frá norðurlandi og fæstar úr hinum hlutum landsins. Í þessu frumriti hefur líklega verið getið um, að Brandr príór enn fróði hafi mest skrifað Breiðfirðingakynslóð; þetta stendur þó aðeins í öðru aðalhandritinu, en í báðum stendur, og er það engu ómerkara, að Kolskeggr enn fróði hafi fyrir sagt um Austfjarða landnám. Báðir þessir menn hafa lifað á öndverðri 12. öld eða litlu fyrr. Þetta frumrit fjekk Sturla Þórðarson og hefur hann aukið það með ýmsum fróðleik, smásögum og ættartölum (t. d. Sturlúnga), þótt vjer getum nú ekki til tekið nákvæmlega alt þetta. Sömuleiðis fjekk Styrmir enn fróði Kárason (d. 1245) ritið og jók hann það enn meir með allra handa munnmælum og smásögum, helst ef þær stóðu í sambandi við kristna trú og sagnir, og má nærri geta, að þessar sögur snerta mest þau hjeruð er hann var kunnastur, suðvesturhluta landsins. Með þessu varð ritið auðvitað fyllra en um leið ólögulegra og ekki í fullu samræmi við sig sjálft, sem það þó hefur eflaust verið að mestu frá öndverðu. Haukr lögmaður Erlendsson (d. 1334) ritaði eða setti saman nýja bók og er hún samsteypa úr báðum hinum fyrri; segir hann svo frá sjálfur: „en þessa bók ritaða [ek] Haukr Ellinz-

Digitized by Google

son eptir þeiri bók, sem ritat hafði herra Sturla lögmaðr, hinn fróðasti maðr, ok eptir þeiri bók annarri, er ritat hafði Styrmir enn fróði, ok hafða ek þat ór hvárri sem framar greindi, en mikill þorri var þat, er þær sögðu eins báðar, ok því er þat ekki at undra, þótt þessi landnámabók sé lengri en nokkur önnur". Nú er til handrit, er ber það ljóslega með sjer, að hún hefur rit Sturlu að geyma hjer um bil óbreytt. Það er því hægt að gera sjer hugmynd um bók Styrmis, sem er týnd, því það sem finst í Hauksbók fram yfir það sem er í Sturlubók, hlýtur að vera úr bók Styrmis. Orð Hauks sýna oss því vel inn í sögu Landnámu sjálfrar og sömuleiðis, hvernig menn á hans tímum fóru með eldri rit yfir höfuð. Enn tók maður einn af Melaætt í Borgarfirði sig til rjett eftir 1300 og gerði nýja bók. Hann fjekk bók Sturlu og stytti hana (gerði ágrip af henni), en bætti inn í ætt sinni á mörgum stöðum og jók við ýmsum sögum viðvíkjandi þeim sveitum, er hann þekti best, og eru þessir viðaukar oft allmerkir. Þar að auk bylti hann röðinni nokkuð til og byrjaði á Sunnlendingalandnámum frá Jökulsá og hjelt svo áfram vestur á við. Þessi bók er kölluð Melabók, en hún er því miður ekki til í heilu líki, heldur aðeins brot af fremur slæmu handriti.

Þessi merka bók, sem á hvergi sinn líka, skýrir oss frá landnámsmönnum, hvort sem þeir námu land eða keyptu eða fengu það gefins; hún skýrir oss frá ætterni þeirra og átthögum, svo og frá niðjum þeirra svo og svo lángt niður á við. Og svo eru settar inn hingað og þángað smásagnir um

Digitized by Google

einstaka menn, er allar hafa meiri og minni þýðingu fyrir sögu alment eða menningarsögu á margvíslegan hátt, skýra hugsunarhátt manna, átrúnað og fleira. Kaflinn um Austfjarðalandnám, sem stafar frá Kolskegg, er þó með dálítið annari gerð en hitt, styttri og vanalega látið sjer nægja með að nefna niðjana með einu nafni. Alt er mjög nákvæmt, sagt frá allri strandlengjunni, hverjum firði og vík, svo og hverjum dal og afdal, hver byggði, svo rjett og vel, að næstum aldrei skeikar. Þess kennir á stöku stað á norðurlandi, að bókin hefur villur en fremur þó litlar. Heimildir höf. eru fyrst og fremst menn þeir, er hann nefnir og aðrir „fróðir menn"; hinar skráðu ættartölur hefur hann eflaust notað; en hann hefur líka notað í ríkum mæli sögur, bæði Íslendingasögur (Harðars., Gullþóriss., Egilss., Hávarðars., Svarfdælas., sögur um Þórð gelli og fleiri) og sögur um útlenda höfðingja (Haraldss. hárfagra og Orkneyjas.). Munnleg frásögn hefur eflaust og verið notuð. Í ritinu er og sagt frá landnámum á Grænlandi. Að þetta rit sje í heild sinni áreiðanlegt, er vafalaust; hjer var grundvöllurinn yfir höfuð svo traustur sem vel mátti verða; hver ætt geymdi landnám forföður síns og þann rjett, er því til heyrði, söguna um það og ættartölu sína sem fjársjóð. Landn. ber ekki ætíð saman við aðrar Íslendingasögur, og sýna frekari rannsóknir þá oftast, að það er rjett sem í henni stendur eða er sennilegast. En oft fylla þær hver aðra án þess að komast í mótsagnir.

Landnáma er eitthvert hið merkasta ritið í bókmentum vorum, sannkallað risaverk að efni og

Digitized by Google

ágætisverk að frágángi, heimildarrit í besta skilníngi og á marga lund.

Fjórða grein.

Sögurit um Noreg og Danmörk o. fl.

Þau rit er hjer koma til greina eru mörg og skiftast þau eftir því, hvort þau eru með höfundarnafni eða án þess, og viljum vjer hjer fyrst nefna þá höfunda, er vjer vitum af, að undanskildum þeim Snorra og Sturlu.

A. Höfundar.

Sæmundr enn fróði Sigfússon, prestur í Odda (f. 1056, d. 1133, 22. maí). Hann var af hinni göfugu Oddaætt, er var komin af Mærajörlum; hann var dótturdóttursonur Síðu-Halls og frændi Ara. Sæmundur fór snemma utan til náms, því að 1076 segir, að hann hafi komið heim aftur með Jóni Ögmundssyni frá Frakklandi eða frá skóla í Paris. Mynduðust síðar, eins og kunnugt er, ýmsar ævintýrlegar frásagnir um lærdóm hans og galdranám (sbr. Þjóðsögur), og voru þær þegar tilorðnar sumar á 13. öld. Víst er það, að Sæmundur var hinn gáfaðasti maður og eflaust á þeim tímum lærðari en flestir eða allir landar hans. Vjer vitum lítið um ævi hans; hann studdi Gizur biskup, er hann kom tíundarlögum á Ísland (1096), og var mikill vin Ara. Sæmundur var alment virtur af öllum og átti aldrei í deilum, svo að menn viti. Sonur hans Loptur átti Þóru, dóttur Magnúsar berfætts; þeirra son var Jón, hinn mesti höfðíngi sinna

Digitized by Google

daga og fósturfaðir Snorra; um hann var Noregskonúngatal ort (sjá 173. bls.). Annar son hans var Eyjólfur, er Þorlákssaga helga lofar svo mjög.

Það er víða vitnað í frásagnir Sæmundar um ýmsa viðburði, og er oft vafalaust þar átt við munnlegar frásagnir, en sumar af þessum tilvitnunum eru þannig lagaðar, að af þeim mætti ráða, að þær ætti við rit; en Oddur múnkur segir á einum stað: „svá hefir S. ritat ... í sinni bók“ og tekur það af öll tvímæli, með því líka að engin ástæða er til að efa þessi orð. Þetta rit Sæmundar hefur vafalaust verið ritað á latínu, og líklega verið stutt saga eða söguágrip um Noregskonúnga frá Haraldi hárfagra til Magnúsar góða, og hefur þar sjerstaklega verið gerð grein fyrir stjórnarárum hvers konúngs (og jarla). Þetta tímatal (að Magnúsi góða) segist höf. Noregskonúngatals hafa notað, og hefur því að mestu borið saman við tímatal Ara. Annars getum vjer ekki gert oss neina grein fyrir þessu riti, en ætla má, að það hafi verið notað af síðari sagnariturum. — Mörg önnur rit og bækur (og kvæði, t. d. eddukvæði) hafa verið eignuð Sæmundi, en það er alt úr lausu lofti gripið.

Eirikr Oddsson hjet maður og var eflaust íslendíngur, er lifði á 12. öld, en vjer vitum því miður svo að segja ekkert um æviferil þessa manns; hann er nefndur vitur maður og er sagt, að hann hafi löngum dvalið í Noregi um miðja öldina. Þessar dvalir sínar þar hefur hann notað til þess að safna sögnum hjá sjónarvottum og öðrum nákunnugum mönnum um atburði þá, er gerst höfðu í Noregi eftir ríkistöku Haralds gilla (1130), til þess

Digitized by Google

að rita um þá bók. Þessi bók er því miður týnd, en aðrir ritarar, t. d. höfundur Morkinskinnu og Snorri, hafa notað hana og tekið hana upp meira eða minna óbreytta. Þessir höfundar nefna Eirík og bók hans og þó hefur verið nokkur vafi á, hve lángt hún náði, en sennilegast er, að hún hafi náð til dauða Ínga konúngs (1161). Hún er nefnd Hryggjarstykki og vita menn ekki hvað það nafn þýðir (hryggur hjer = miðbik aldarinnar?). Þessi samtíðarsaga hefur efalaust verið njög samviskusamlega og greinilega samin og svo áreiðanleg sem best mátti verða. Höf. hefur oft talað þar í fyrstu persónu og skýrt nákvæmlega frá heimildarmönnum sínum. Það er afarmerkilegt, að vjer fáum svo snemma samtímissögu ritaða um norræna konúnga. Sagan mun hafa verið rituð um 1165—70.

Karl Jónsson, ábóti. Um ævi hans og ætterni vita menn lítið. 1169 verður hann ábóti á Þingeyrum, en sagði ábótadæminu af sjer 1181 og fór 1185 til Noregs. Þar komst hann í náin kynni við Sverri konúng, er þá var nýorðinn einn konúngur yfir landinu. Nokkrum árum síðar hvarf Karl heim aftur og gerðist í annað sinn ábóti á Þingeyrum; sagði svo af sjer fyrir elli sakir 1207, en árið 1213 dó hann. Vjer vitum ekki til að Karl hafi ritað meira en eitt rit, en það er Sverrissaga eða sagan um Sverri konúng Sigurðarson (1177(84) —1202). Fyrir sögunni er formáli (í tvennri mynd í handritum); segir þar, að Karl ábóti hafi fyrst ritað bók, „er yfir sat sjálfr Sverrir konungr ok réð fyrir hvat rita skyldi; er sú sögn eigi langt fram-

Digitized by Google

komin“, og er sagt að þessi hluti sögunnar hafi verið nefndur Grýla vegna allra bardaganna. Þessi orð eru fullljós. Þau verða eigi skilin öðruvísi en að Karl hafi ritað eftir fyrirsögn Sverris sjálfs fram að þeim tíma, er Sverrir hafði felt Magnús konúng (1184) og hjer um bil til þess er Karl var hjá Sverri. Orðin „eigi langt fram komin“ eiga við tímann (það er aðeins 7—8 ára skeið, sem þar er sagt frá), en alls ekki við lítinn kafla (upphaf) sögunnar; frásögnin gat fyrir því verið löng. Grýluparturinn eru 100 fyrstu kapítularnir, og eru þeir allir steyptir í einu móti. Frásögnin er mjög nákvæm í öllu, smáu sem stóru; ferðum og bardögum er lýst hið greinilegasta. Einkennilegar fyrir þenna kafla eru hinar ágætu ræður Sverris, er hann á að hafa haldið, og hefur hann eflaust sagt Karli þær eða aðalefni þeirra. Það er auðvitað að Karl ritaði ekki annað en konúngur vildi láta rita, og þótt frásögnin sje yfir höfuð óhlutdræg, þá er þó auðsjeð, að alt er gert til að fegra málstað Sverris og styðja rjett hans til ríkisstjórnar. Höf. hefur dást að Sverri í hjarta sínu og er honum fulltrúr. Kap. 101—6 eru um árin 1185—87 og eru hið nánasta áframhald af fyrri sögunni; efnið í þeim þekti Karl af eigin reynslu, og er full ástæða til að ætla, að þeir sjeu eftir hann. Meiri vafi hefur leikið á um síðara hluta sögunnar (107—182. kap.), er nær yfir 15 ár. Hann er miklu styttri en hinn að hlutfalli og að sumu leyti nokkuð öðruvísi; hafa því sumir viljað álíta, að hann væri eftir einhvern annan. Vjer hyggjum þó, að svo muni ekki vera, heldur sje hann og eftir Karl. Í fyrsta lagi mætti ætla eðlilegast, að Karl

Digitized by Google

hefði sjálfur óskað þess að halda sögu sinni áfram og ljúka við hana eftir dauða Sverris; það stóð engum nær en honum. Sá munur, sem er á frásögninni, skýrist fullkomlega vel við þetta. Karl hlaut að hafa frjettir af mönnum, sem verið höfðu í Noregi, en með því móti gat hann auðvitað ekki fengið jafnsmásmugular skýrslur um alt sem gerðist sem fyrr, er hann var hjá Sverri sjálfum. Fyrir því varð frásögnin að verða styttri. Ræður Sverris í þessum kafla eru líka öðruvísi og styttri, en sýna um leið, að höf. hefur hlotið að vera Sverri nákunnugur. Vjer finnum hvervetna hinn sama höfundaranda, og frásögnin er hin sama, einföld og hispurslaus og blátt áfram, ef til vill látlausari en í nokkurri annari sögu. Að Karl hafi ritað upphaflega á íslensku, má telja vafalaust.

Það er hjer sem ella, að mest er sagt frá ytri atburðum, en lítið frá stjórnarathöfnum Sverris og heldur ekki mikið frá hinu þúnga og lánga stríði við kirkjuna og hennar menn, er Sverrir átti, og kemur það ef til vill nokkuð af því, að höf. var sjálfur kirkjunnar þjónn og því viljað vera hlífinn. En sú mynd, sem vjer fáum af hinum gáfaða konúngi, er bæði sönn og ljós.

Í hinum ofannefnda formála er þess getið að Styrmir fróði hafi skrifað bók um Sverri. Ef þetta er rjett, og það er það líklega, þá getur ekki hjer verið um annað að ræða en uppskrift af sögunni; Styrmir gat engu við bætt nema einhverju smávegis, helst múnkasögum, hjer og hvar, og það eru líka stöku kapítular og setníngar, sem stínga svo í stúf við alt hitt, að þeir eru auðsjáanlega innskot,

Digitized by Google

og Styrmi er vel trúandi til þess, að hafa svo spilt góðu riti.

Í sögunni eru einstöku, mest lausar vísur, þar á móti ekkert úr hinum mörgu kvæðum, er ort voru um Sverri.

Oddr munkr Snorrason. Um hann vitum vjer aðeins að hann var af góðum og gömlum ættum, vígður til prests og múnkur í Þingeyraklaustri, og er á einum stað látið í veðri vaka, að hann hafi ekki verið vel ánægður með klausturlífið þar. Hann hefur aðallega lifað á síðara hluta 12. aldar, en líklega verið heldur eldri en Karl ábóti og Gunnlaugur, er næst verður getið. Oddur ritaði sögu Ólafs konúngs Tryggvasonar á latínu; en henni var snemma (þegar um 1200) snúið á íslensku; af latínska frumtextanum er nú ekkert til nema þýðing Odds á níðvísu Stefnis um Sigvalda jarl (Munkat nefna, nær munk stefna osfrv. = Nec nominabo, pæne monstrabo osfrv.); en af þýðingunni eru nú til meiri og minni handritabrot; þessi handrit eru nokkuð ólík sín á milli og kemur það til af breytingargirni ritara; sömuleiðis hefur í einu handritinu verið skotið inn köflum (t. d. úr Ísl.bók Ara), og vísum hefur verið skotið inn í þýðinguna. Á undan sögunni fer formáli Odds, er hann gerir grein fyrir riti sínu, og sjest þar þegar mark hins dómgreindarlitla klausturmúnks. Hann vill auk þess að segja almenn menskuverk Ólafs líka segja hans dýrðarverk, það er þau yfirnáttúrlegu verk, er síðari tíma prestar, múnkar og þjóðtrú hafði hlaðið á Ólaf. Það er engin saga svo ævintýrsleg, óeðlileg og lygileg, að Oddur taki hana ekki trúan-

Digitized by Google

lega og fylli bók sína með; það er ekki svo mikið að hann sjái, að hann stundum segir sömu söguna tvisvar. Að hann trúir á galdra og gerninga er eins og við var að búast. Öll frásögnin er ruglingsleg og tímatal ærið bágborið. Þó er mjög mikið satt söguefni í ritinu og var það notað síðar, t. d. af Snorra. Aðalheimild Odds eru fornar munnlegar frásagnir, og getur hann þeirra oft á vanalegan hátt, en þær hafa verið ærið blandnar og skektar, og Oddur hafði hvorki vit nje vilja á því að reyna að greina í sundur satt og ósatt. Hann hefur og þekt rit Sæmundar og Ara með, en hann hefur ekkert gott lært af Ara. Rit þetta er ekki samið síðar en um 1190, en líklegast nokkru fyrr.

Gunnlaugr munkr Leifsson. Vjer vitum um þenna mann ekki annað en að hann var lánga tíð múnkur á Þingeyrum og að hann dó 1218 (eða 1219); og hefur hann eflaust verið nokkru yngri en Oddur. Gunnlaugur kemur nokkuð við sögu Guðmundar biskups og var fyrst vinur hans (Guðmundur á að hafa sent honum vitranir og jarteinir Þorláks helga, til þess að hann skyldi snúa þeim á latínu), en síðar gerðist óvinveitt með þeim. Gunnlaugur var talinn einhver lærðasti maður sinna tíma, og er það að öllum líkindum rjett; hann hefur eflaust kunnað latínu vel og verið sýnt um að rita á því máli; hann hefur og eflaust verið mjög lesinn maður og vel að sjer í andlegum miðaldafræðum og kirkjusögu. Hins vegar hefur hann sjálfsagt fundið ekki alllitið til sín og verið hreykinn af öllum sínum lærdómi. Ber vitni um það sem Arngrímur ábóti segir í sögu sinni um Guð-

Digitized by Google

mund; er honum reyndar í nöp við Gunnlaug og gerir ef til vill meira úr en þurfti. Hann segir Gunnlaug hafa gert „svá forsligan hlut at svá sem hann hafði diktat novam historiam sancti Ambrosii, fór hann norðr til Hóla..., gekk fram í kór næsta kveld fyrir festum Ambrosii ok hefr at óspurðum biskupinum þat nýja dikt, er hann hafði saman borit"; þá kom biskup og bannaði Gunnlaugi, svo að hann „fekk fyrir dirfð heyrilegan kinnroða". Gunnlaugur hefur ritað ekki svo lítið og eru það, að því er vjer vitum, þessi rit, öll á latínu. Saga Jóns Ögmundssonar helga, biskups á Hólum (1106—21); hana samdi hann eftir áskorun Guðmundar biskups (prests) um 1200; þýðing af henni á íslensku er til í tvennu lagi og er annað handritið breytt úr hinu. Sagan er um Jón og ævi hans alt til dauða og greftrunar og er þar við aukið jarteinabálki; ævisagan sjálf er ekki stórmerkileg en lýsingin á Jóni, ofstæki hans og guðrækni er fremur markverð. Jarteinarnar stafa allar frá árunum 1198—1201, og rjett þar á eftir mun sagan samin. Gunnlaugur segist hafa fróðleik sinn úr ýmsum fróðum mönnum, notar Ara og stælir hann að því leyti, að hann nefnir heimild sína á nafn (reyndar ekki nema einu sinni í þessari sögu). Saga þessi sýnir oss ritháttt Gunnlaugs; hann er mjög margorður og fullur af óþrotlegri mærð með helgisögu orðfæri; hið góða gamla sögumál er hjer fyrir borð borið, og mundi það hafa verið svo, þótt hann hefði skrifað á íslensku. Hann er jafnauðtrúa sem Oddur á öll ævintýri og múnkarugl og jafndóm-

Digitized by Google

greindarlaus, en hann ritar miklu skipulegar en hann. Svona hafa öll hans rit verið.

Annað aðalrit Gunnlaugs er Ólafs saga Tryggvasonar; hún er nú ekki til í heilu líki, en lángir kaflar úr henni eru teknir upp í hina svokölluðu Ólafssögu meiri, er t. d. finst í Flateyjarbók. Saga Snorra er þar grundvöllurinn og er inn í hans frásögn skotið mörgum og miklum köflum, þar á meðal kapítulum bæði frá Oddi og Gunnlaugi, og má með nokkurn veginn vissu lesa kafla Gunnlaugs úr; þeir eru svo líkir Jónssögu að orðfæri og gerð. Í þessari Ólafssögu hefur m. a. verið kafli um Þorvald víðförla (Þorvaldsþáttur). Mærðin er hjer afskapleg og höf. er altaf að láta Ólaf konúng halda ræður, hverja annari óeðlilegri. Annars hefur sögunni líklega verið vel skipað og tímatal betra en hjá Oddi, og má vera, að þess konar gallar á bók Odds hafi knúð Gunnlaug til að semja sína. Saga Gunnlaugs hefur og verið mjög löng og hefur hann tekið upp í hana ýmislegt, sem eiginlega kom ekki Ólafi við; að þessu leyti hefur honum líklega ekki þótt saga Odds nógu auðug.

Hin áðurnefnda Ambrósíussaga er týnd. Á íslensku er til eitt frumrit Gunnlaugs, en það er þýðing hans á hinni svonefndu Merlínusspá, er finst á latínu og í óbundnu máli í Bretasögu Galfriðs frá Monmouth (sjá síðar um Bretasögur). Þessi spá er í 2 aðalkvæðum og er um konúnga á Englandi (nokkurs konar Krukkspá). Hún er ort með fornyrðislagi og ekki illa gerð; skáld er Gunnlaugur ekki, en það má sjá, að hann hefur þekt ýms eldri kvæði, t. d. Völuspá, og lánað hjá þeim orð og

Digitized by Google

setningar; stundum yrkir hann sjálfur inn í, helst um vopnaglamur, og verður það hjá honum orðaglamur.

Töluvert yngri en allir þeir, er nefndir hafa verið, var Styrmir Kárason hinn fróði. Hann hefur ef til vill verið af Gilsbekkingakyni; hann var lærður og vígður til prests; eftir 1235 var hann príór í Viðeyjarklaustri og dó þar 1245. Lögsögumaður var hann 1210—14 og aftur 1232—35, og hefur hann því verið talinn lögfróður maður. Hann var mjög handgenginn Snorra Sturlusyni og dvaldi hjá honum alllengi, líklega sem nokkurs konar skrifari; því miður verður ekki sjeð, að hann hafi lært mikið af Snorra, síst hvað dómgreind snertir. Styrmir var einn af þeim mönnum, sem bæði höfðu yndi af sögufróðleik og gaman af að safna öllum sögusögnum, sem þeir gátu náð í; þeir voru lifandi sagnasjóður og svo var Styrmir; hann var líka mjög iðinn maður og minnið hefur verið gott; átti hann því skilið að vera nefndur fróði; en hann var sneyddur dómgreind, og ritverk hans eru ekki frumverk heldur uppsuða úr eldri ritum, og má óhætt segja, að hann hefur spilt þeim en ekki bætt; með honum hefst sú öld (eða óöld), er menn leyfa sjer að taka hin eldri rit og umsteypa þeim með alls konar viðaukum og öðrum breytingum. Við Styrmi eru kend ýms rit og er um tvö þegar talað. Sem áður er getið, notaði Haukur Erlendsson Landnámu-handrit Styrmis; það var hin gamla Landn. með viðbótum hans, er snerta fornfræði, staðanöfn og helgikendar smásögur um ýmsa fornmenn og þess konar, sumt gott og sumt tilbúningur; en hon-

Digitized by Google

um var alt jafnþýðingarmikið. Að því er snertir Sverrissögu hefur hann heldur ekki gert annað en rita hana upp og bæta við einstöku smáköflum, er voru þýðingarlitlir. Loks er kend við hann Lífssaga Ólafs helga. Hún er ekki til nú, nema aðeins nokkur brot eða kapítular (í Flateyjarbók); til er sjerstakt handrit af Ólafssögu nokkurri, er síðar verður getið, og á hún rót sína í bók Styrmis. Svo eru og til brot af sögu, sem auðsjáanlega er elst allra sagna um Ólaf helga. Með því að bera alt þetta saman er auðsjeð, að saga Styrmis hefur ekki verið annað en þessi elsta saga með miklum viðbótum af múnkasögum og jarteinum; þetta vantaði ekki, þegar um Ólaf var að ræða, og Styrmir notaði það alt óspart; en meðferðin var hin sama og sami skortur dæmigreindar.

Styrmir er alstaðar mærðarfullur og margorður, og hann hirðir ekkert um góðar, gamlar söguheildir, heldur um að hrúga saman öllu, sem hann finnur og veit af. Með þessu móti hefur hann reyndar bjargað ýmsu góðu, sem hefði annars týnst, og er það að nokkru góðra gjalda vert; en hann hefur líka safnað rusli, sem engin eftirsjón var í, og spilt góðum ritum með því. Það sjest af þessu, að höfundur var Styrmir aldrei í eiginlegri merkingu orðsins.

B. Sögur eftir ónefnda höfunda.

1. Um Noreg. Af því er hefur verið sagt hjer að framan um hina nafngreindu höfunda sjest, að auk yfirlits Sæmundar yfir konúngaröð (og jarla) í Noregi niður að Magnúsi góða voru til sögurit

Digitized by Google

um Ólaf Tryggvason (Oddur, Gunnlaugur), Sverri (Karl) og tímabilið 1130—61 (Eiríkur). Auk þessa má draga mart til marks um, að miklu fleiri sögur um einstaka höfðingja hafi verið til um 1200 bæði beinlínis af því að þær eru nefndar og óbeinlínis af því, hvernig þær eru notaðar og birtast í yngri ritum. Vísað er til sögu um Harald hárfagra, Hákon góða, Eirík jarl, Magnús góða, Harald harðráða og fleiri, og þar á er enginn efi að hjer sje átt við sjerstakar sögur. Þetta styrkist við samanburð á þeim safns-ritum, er til eru, og eru þau oft orðrjett samhljóða; það kemur ekki til af því, að þau hafi notað hvert annað, heldur af hinu, að þau hvert fyrir sig hafa notað sömu frumritin, þ. e. hinar sjerstöku sögur. Það má og beinlínis ráða, að samtímissögur þeirra Eiríks og Karls geri ráð fyrir þessum sjersögum um fyrri konúnga. Flestallar af þessum elstu frumsögum eru týndar, en þær hljóta allar að hafa verið samdar á síðara hluta 12. aldar. Vjer förum ekki nú frekar út í hverja sögu fyrir sig, en viljum nefna þau rit, er til eru nú og lýsa þeim eins og þau eru.

Af einni merkilegri sjersögu eru til lítil brot, elstu sögu Óláfs helga. Til eru bútar af mjög gamalli og góðri skinnbók, er Ólafssaga hefur verið rituð á, og er hún öðruvísi en hinar vanalegu Ólafssögur, er stafa frá Heimskringlu. Það hefur verið sannað (G. Storm), að þeir sjeu leifar af sögu, er nefna megi hina elstu um Ólaf. Hefur það verið góð og sannsöguleg saga, er var byggð á traustri arfsögn og góðri notkun skáldakvæða, og teljandi með bestu sögum, laus við prestamærð og helgi-

Digitized by Google

sögur. Styrmir jók þessa ágætu sögu, eins og fyrr var getið, með ýmsu og eflaust helgisögum og jarteinum og setti á hana helgiblæ. Til er enn handrit með sögu um Ólaf, ritað af norðmanni, og er sú saga nefnd helgisagan (legendariska sagan); hún byggist á bók Styrmis, en svo hefur aftur verið misfarið með söguna, hún stytt á ýmsa lund og að öðru leyti breytt og brengluð; hins vegar hefur verið skotið enn inn ýmsum smáköflum. Ritarinn hefur verið mjög hirðulaus og hugsunarlítill, og er því sagan í þessu handriti mjög bágborin; aftan við hana er settur jarteinabálkur Ólafs. Samt er sagan nytsöm, því að hún hjálpar vel til að sýna hvernig frumsagan hefur verið notuð í safnsritunum, og munu þau nú talin.

Ágrip af Nóregs konunga sögum (eða aðeins Ágrip). Svo nefnist stutt rit, er stendur í mjög fornu handriti frá öndverðri 13. öld, og er þar einmitt ágrip af öllum sögum Noregs konúnga frá Hálfdani svarta og til 1177; reyndar vantar bæði upphaf og enda (og inn í á einum stað), en það er enginn vafi á því, að ritið hefur náð yfir það tímabil, er nefnt var. Það er auðsjeð, hvernig þetta rit er til orðið. Sá sem setti það saman hefur haft sjersögurnar, flestar að minsta kosti og tekið úr þeim aðalatriðin, en stytt þær ákaflega. Aðeins að því er snerti Eirík blóðöx og Hlaðajarla sýnist hann ekki hafa notað neinar sjersögur, heldur fornar sagnir. Flest alt er hann segir hefur hann tekið úr frumsögunum, en sumu hefur hann bætt við frá eigin brjósti, og eru það smásögur, er hafa rót sína í norrænum en ekki íslenskum arfsögnum; þær eru

Digitized by Google

í sjálfu sjer flestar ómerkilegar og alveg rángar í sögulegu tilliti; en þær hafa þá þýðingu, að þær sýna, að höf. hefur dvalið í Noregi og fengið þessar sögur þar, samið rit sitt þar og fyrir Norðmenn eða norrænan höfðingja. Þar eð nú ritið er auðsjáanlega samið um 1190 og það er á einum stað (í öðru riti) vitnað til þess, er „Sverrir hafi rita látið“ (og ekki snertir hans sögu), er freistandi að halda, að Sverrir konúngur hafi fengið íslending til þess að semja þetta yfirlit yfir ævi Noregs konúnga; að það er eftir íslending er vafalaust. Einstöku vísur finnast þar, sem ekki eru annars staðar. Höf. hnýtir ekki hinar einstöku sögur með neinu móti saman, nema hann segir, að eftir þann og þann hafi komið osfrv. Saga Eiríks blóðöxar er slitin í sundur. Frásögnin er fremur einföld, en kennir þó málskrúðs nokkurs stundum; höf. eru mjög mislagðar hendur; sumu merkilegu sleppir hann alveg (t. d. Jómsvikingabardaga), en er lángorður um annað t. d. um jól og Óðin (nöfnin); hann sýnist helst hafa haft gaman af fornum þjóðsögum. Verra er, að hann er hlutdrægur og gerir t. d. ófarirnar á Foxerni að sigri fyrir Norðmenn, ef ekki einhver misskilníngur á sjer hjer stað, sem valla mun vera. Orðfærið er ekki snildarlegt og sýnist vera nokkuð byggt á því sem var á frumsögunum og því sjálfu sjer ósamkvæmt. Höf. notar útlend orð (sem *korteiss*). Það er því lángt frá, að höfundinn megi telja til betri rithöfunda; hann tilheyrir þeim lakari, og þó er rit hans allmerkilegt, einkum af því að það er svo gamalt. Eitt er það, sem hann hefur látið sjer ant um, auk þessara norrænu munnmæla,

Digitized by Google

en það er tímatalið; þar studdist hann líka við Sæmund og Ara. Í stöku yngri ritum er Ágrip þetta notað.

Morkinskinna. Svo nefndi Þormóður Torfason handrit eitt, er á var söguheild um Noregs konúnga frá Magnúsi góða og líklega til 1177; endann á því vantar, og framan til er stór skella í það (í Magnús og Haraldss., en hana má fylla eftir sögunni í Flateyjarbók). Nafnið fjekk handritið af því hvað illa það var til reika, og er þó ekki verra en mörg önnur; það á heima í konúngsbókhlöðu í Kaupmannahöfn. Það stendur eins á með þetta rit og Ágrip, að það er samsteypa af hinum eldri sjersögum, en með þeim mun, að þær eru ekki styttar; höf. hefur mjög notað Hryggjarstykki Eiríks og tekið það upp að miklu leyti. En hann eða síðari ritarar hafa skotið inn í frumsögurnar fjöldanum öllum af þáttum, helst um ýmsa íslendinga, er komu til konúnga og dvöldu hjá þeim lengri eða skemri tíma; þeir eru alls um 30 og eru þeir flestir mjög merkilegir, en þeir rífa frumsöguna oft illilega í sundur. Þar að auk hefur höf. þekt mikið af kvæðum og vísum og tekur allmikið af þeim upp. Þótt nú svona sje farið með frumsögurnar, er Morkinskinna þó afarmerkilegt rit, vegna hinna snildarlegu þátta ekki hvað síst; þeir hafa svo mikið gildi fyrir konúnginn, skap hans og meðferð, og tímann, sem þeir gerast á. Höf. hefur ekki ætið tekist vel með að skeyta saman söguritin, er hann notar; auk sjersagnanna hefur hann eflaust notað Ágrip. Að öllu samtöldu er Morkinskinna mjög skemtilegt rit og fróðlegt að lesa. Hún er upphaflega sett

Digitized by Google

saman um 1220—30, og því er orðfærið gott og fornlegt að jafnaði, sömuleiðis rjettritunin. En síðari ritarar hafa þó spilt því lítið eitt stundum með því að setja inn yngri orð, jafnvel útlend. Það er líklegast, að þetta safnsrit sje samið á vesturlandi, því að svo margir af þáttunum eru um menn þaðan.

Fagrskinna. Svo nefndi og Þormóður handrit af safnsriti um Noregs konúnga. Þetta rit var reyndar til í 2 handritum, og var annað aukið og dálítið breytt (það sem Þormóður notaði), hitt var eldra og betra, en á einum stað var aukið þar inn löngum ættartölum, er ekki áttu heima í frumritinu; en í þetta handrit vantaði mjög mikið og allan endann; bæði til samans eru þau frumritið fult, nema ein skella er í. Bæði handritin voru skrifuð af norðmönnum; þau eru nær að fullu týnd (brunnu), en pappírsupprit eru til af þeim. Ritið nær yfir Noregskonúnga frá Hálfdani svarta til Sverris (1177) og er hinn rjetti titill þess Nóregs konunga tal. Sögurnar um hina einstöku konúnga koma og hjer hver eftir aðra án þess að vera fljettaðar hver inn í aðra, nema sögurnar (eða sagan) um Magnús góða og Harald harðráða, en þær voru frá öndverðu af sjálfu sjer ein saga. Hjer er farið að eins og endrarnær. Hinar eldri sjersögur eru notaðar á sjálfstæðan hátt og teknar upp en styttar og dregnar saman (eins og í Ágripi, en hvergi eins mikið). Höf. hefur þó valla haft sjersöguna um Harald hárfagra; sagan um hann er undarlega stutt og ruglingsleg; má vera að sama sje um sögu Haralds gráfelds. Odds saga um Ólaf Tryggvason er notuð

Digitized by Google

sem í Agripi, sömuleiðis elsta sagan um Ólaf helga og bók Eiríks. Sjerstaklega er höf. þessi kunnur fyrir notkun skáldakvæða, einkum þó í fyrri hluta rits síns; og þótt hann tilfæri ekki vísurnar sjálfar, sýnir hann þó, að hann hefur haft samtímiskvæði og jafnvel borið saman kvæði um sama konúnginn eftir ýms skáld, til þess að fá alt sem rjettast. Það er hann sem vjer eigum aðallega að þakka, að svo mikið er til af kvæðum Þorbjarnar og Eiríksmálum. Það er þetta sem gerir höfundinn að sjálfstæðum frásagnarmanni, og ekki síður hitt, hver tilgángur hans var með riti sínu, en hann var sá, að skýra frá þeim atburðum í ævi konúnga og jarla, er með fullum sanni mátti segja að hefðu haft þýðingu fyrir Noreg sem ríki og höfðingja þess. Þess vegna er hann mjög fáorður um ferðir þeirra og orustur áður en þeir náðu völdum (nema helst um Harald harðráða); en hann segir rækilega frá viðburðum sem Jómsvíkingabardaga og þess konar. Um Stiklastaðaorustu er hann stuttorður og hefur það eflaust haft sínar orsakir. Konúngarnir eru aðalmiðdeplar í frásögninni og höf. forðast alla útúrdúra, er geti leitt athyglina frá þeim og aðalviðburðunum; hjer eru engir þættir, og jarteinir og helgisögur tekur höf. ekki með að neinu ráði. Honum hefur tekist heldur vel yfir höfuð, þótt ekki sje alveg misfellulaust. Orðfærið er erfitt að dæma um, því að eigi er vel hægt að segja, hvað stafi frá honum sjálfum; stundum kennir dálítils orðskrúðs, en það er ekki mikið sem að því kveður.

Að höf. sje íslendingur er sannað fyrir löngu og efast nú enginn um það; þekking hans á fornum

Digitized by Google

kveðskap er hjer í rauninni nóg sönnun. En hitt er jafnvíst, að hann hefur ritað í Noregi og líklegast fyrir konúnginn sjálfan og handa honum, og þá getur ekki verið um aðra að tala en Hákon gamla. Það er sagt, að hann hafi látið lesa fyrir sig í banalegunni *konungatal frá Hálfdani svarta* og getur þetta nafn ekki betur átt við neitt annað en þetta sögurit. Það er valla samið fyrr en milli 1230 og 1240 og líklega nær þessu ári, en hver höf. sje, verður ekki sagt. Það væri freistandi að geta upp á Ólafi hvítaskáldi, en það er heldur ekkert nema tóm getgátan.

Innskot þau, sem finnast í handritunum, eru hvert fyrir sig ekki þýðingarlaus, ekki síst ættartölubálkurinn í eldra handritinu.

Auk þessara rita um Noreg — um Heimskringlu mun talað síðar — má enn telja sögurit um Hlaðajarla. Það er reyndar ekki til nú, en hefur verið notað í konúngasögunum; þar hefur einkum verið sagt frá Hákoni og Eiríki, en annars er nú ekki hægt að gera nánari grein fyrir því, hvað langt hafi verið, en eflaust hefur það náð aftur á 9. öld. Sömuleiðis hefur verið til saga um Hákon jarl Ívarsson, hinn duglega jarl á dögum Haralds harðráða, og er til enn brot af henni; hana notaði Snorri, og er hún því rituð um 1200 eða ekki miklu síðar. Hún var nokkurs konar áframhald af Hlaðajarlasögunni.

Með Sverrissögu var komið niður að 1202 með Noregssögu. Síðar ritaði Sturla sögur Hákonar og Magnúsar feðga eða um árin 1217 — hjer um bil — til 1280. Um hin miklu ófriðarár 1203—17 eru líka

Digitized by Google

til sögur og nefnast Böglungasögur eftir Böglum, er var annar aðalflokkurinn í Noregi; hinn var Birkibeinar. Þessar sögur eru til í tvennu líki, önnur er lengri en hin; sú styttri nær aðeins til 1208, hin til 1217 og er nú til svo að segja aðeins í þýðingu P. Klaussonar Friis, er og þýddi Snorra; hann var norrænn prestur og dó 1614. Styttri sagan er auðsjáanlega rituð af manni, er stóð Baglamegin, og ritar hann afarnákvæmlega og hefur líklega verið með í ferðum þeirra. Hin lengri sagan notar þessa sögu, en bætir inn í og breytir nokkuð til og er heldur Birkibeina megin, og svo er bætt við sögunni um árin eftir 1208; er hún nokkuð slitrótt og laus í sjer. Sagan hefur mjög mikið sögugildi, þótt hún sje ekki sett saman af neinni list. Styttri sagan er rituð stuttu eftir 1208, hin milli 1220 og 1230, eflaust báðar af íslending.

Noreg snerta nokkrir þættir, og eru þeir margir eða flestir nokkuð ósannsögulegir og segja sumir frá mönnum frá kristniboðstímabilinu, viðureign heiðni og kristni, og er því nokkur helgiblær á þeim.

Merkastur þessara þátta og fullkomlega sannur er Þingasaga eða Þingaþáttr; er það frásaga um málaferli milli Sigurðar jórsalafara og Sigurðar Hranasonar árin 1112—14; Sigurð Hranason studdi Eysteinn konúngur, og verður þátturinn því aðallega frásögn um þá bræður konúngana og hvernig Eysteinn fór með Sigurð, er var ólögkænn maður. Þátturinn hefur allmikið gildi fyrir rjettarfarssögu Noregs á þeim tímum. Hann er skemtilegur og lýsir mjög vel bræðrunum og skapferli þeirra.

Rauðs eða Rauðólfsþáttr er um mann

Digitized by Google

nokkurn með því nafni og Ólaf helga. Rauður var bóndi í Eystridölum og var ásamt sonum sínum vændur þjófnaði, en sá var raunar þjófurinn sjálfur, sem hafði kent þeim. Rauður var vitur maður og forspár og segir frá dvöl Ólafs konúngs hjá honum og samræðum þeirra. Snorri hefur þáttinn einfaldan, en síðar var hann aukinn og ýktur.

Finns þáttr Sveinssonar segir frá mjög einrænum bóndasyni á dögum Ólafs Tryggvasonar; hann vildi ekki blóta, brendi hof föður síns og misþyrmdi goðunum, fór svo til Danmerkur og var þar skírður. Hvað satt er í þættinum er ómögulegt að segja. Vera má að hann hafi upphaflega staðið í Ólafssögu Gunnlaugs.

Eindriða þáttr Einarssonar er um Eindriða og Sigríði, dóttur Erlings á Sóla, og samvistir þeirra eitt sinn á ferðalagi. Eindriði flutti hana heim á Sóla, og hjelt Erlingur, að þau hefði aðhafst eitthvað ósæmilegt, sem ekki var. Einar þambarskelfir frjettir alt og fer til Sóla til þess að hjálpa Eindriða, en alt endar vel og hann fær Sigríðar. Þátturinn er ekki sannur allur. Eindriði átti Sigríði fyrir konu, en hún var dóttir Ketils kálfs. Annars er þátturinn skemtilega sagður.

Skáldasaga er ritkorn um höfuðskáld Haralds hárfagra, er eitt sinn urðu fyrir reiði hans og urðu því að fara hættulega sendiför til Svíþjóðar; þeir komu henni fram og voru teknir í sætt. Þessi saga er ævintýrsleg en kann þó að fela í sjer sannan kjarna. — Líkt er að segja um þætti tvo af Hálfdani svarta og Haraldi hárfagra (Upphaf ríkis H. h.); byggjast þeir á elstu sögunum um þá,

Digitized by Google

en eru ýktir og tekin ævintýris-innskot í þá. — Óláfs þ. Geirstaðaálfs um Ólaf fornkonúng á Geirstöðum og dauða hans og hversu hann var blótaður; hann stendur í nánu sambandi við Ólafs sögu helga. — Sigurðar þ. slefu er um Sigurð Gunnhildarson og hvernig hann tók konu Klypps hersis frillutaki; Klyppur hefndi sín og drap Sigurð. Kona hans á síðar að hafa farið til Íslands og gifst þar. Þátturinn er að mestu ævintýri. — Eins er Hauks þ. hábrókar og Hemings þ. Áslákssonar. Sá fyrri er um kaupferðir Hauks til Hólmgarðs og Bjarmalands (tómt ævintýr), hinn um Heming, er á að hafa verið bóndason á Hálogalandi, hin besta skytta; Haraldur harðráði neyðir hann til að sýna sjer list sína (Tells-ævintýrið) og vill hann helst feigan; í hefndarskyni á Hemingur svo að hafa orðið banamaður Haralds við Stafnfurðubryggju. Þátturinn er vafalaust tómt ævintýr að mestu og úngur, orðfærið ekki gott og múnksandinn alstaðar auðsær. Höf. hefur ekki haft hugmynd um lunderni Haralds konúngs og litla um tíma þá, sem hann ritar um. — Aðrir smáþættir eru enn ómerkilegri.

Að lyktum á öllu þessu máli skal þess getið, að í hinum svo nefndu Fornmannasögum, 1.—10. bindi, eru gefnar út allar hinar sjerstöku sögur um Noregskonúnga, er í handritum finnast. Sögurnar að 1177, að undanskilinni Ólafs sögu Tryggvasonar, eru allar ekki annað en uppskriftir af sögunum eins og þær eru í Heimskríglu og Morkinskinnu; þessum ritum er steypt saman og annað hvort notað aðallega sem grundvöllur; og stundum Heimskríngla

Digitized by Google

svo að segja eingöngu. Ólafssaga helga er að mestu saga Snorra, en inn í hana hefur verið skotið mörgum þáttum og smásögum af hinum ýmsu skrifurum, og er því eitt handritið fyllra en annað; en lángfylst er sagan í Flateyjarbók. Ólafs saga Tryggvasonar er nokkuð út af fyrir sig og sjálfstæð samsteypa af mörgum sögum og þáttum; þar eru teknir upp kaflar úr sögum Odds og Gunnlaugs, Hallfreðarsaga, Laxdælukaflar, Landnámukaflar, Orkneyingas., Færeyingas. osfrv. Skipulagið er gott og tímatalið hefur sá sem saman setti látið sjer mjög ant um. Þessi saga og t. d. Ólafss. helga í Flateyjarbók er fjarri því að vera listaverk, og þó voru menn hreyknir af þess konar samtíningi.

2. Sögur um Grænland, Færeyjar og Orkneyjar. — Eiríks saga rauða segir frá Þorvaldi frá Jaðri og Eiríki syni hans rauða. Þeir komu til Íslands; Eiríkur vá þar víg og var ger sekur; fór hann þá í landaleit í vestur og fann Grænland; byggði þar og stofnaði þar nýlendu, er stóð þángað til á 15. öld. Sagan segir frá þessum merka landafundi og ekki síður frá því, er Leifur hepni, sonur Eiríks, fann Vínland hið góða (norður-Ameríkustrandir), og frá ferðum Þorfinns karlsefnis. Sagan gerist öll um 1000 og fyrstu árin þar á eftir; hún skýrir oss vel frá hag manna á Grænlandi og tísku þar, og það er þessi saga, er gefur oss besta lýsíngu á völu og útbúníngi hennar. Sagan er einkar merkileg og vel samin og efalaust í öllum aðalatriðum sönn, en því miður er hún ekki til í

Digitized by Google

frummynd sinni; upphafið er tekið úr Landnámu Sturlu. Þó er sagan sjálf miklu eldri en það rit.

Grœnlendingaþáttr eða Einars þáttr Sokkasonar segir helst frá því, er Grænlendíngar fengu sinn eiginn biskupsstól í Görðum í Einarsfirði á öndverðri 12. öld. Það afrekaði Einar, sonur Sokka í Brattahlíð, er sendur var til Noregs í því skyni. Auk þess er sagt frá ýmsum deilum milli Grænlendinga og norrænna kaupmanna. Þátturinn er vel sagður og efalaust sannur að mestu. Aftur er annar svo nefndur Grænlendíngaþáttr, sem eins og hinn fyrri finst í Flateyjarbók (sá sjer, en þessi í Ólafss. Tryggv.), mest ýki og ævintýr; þar segir mikið um Bjarna Herjólfsson og Vínlandsfund hans og margar ferðir þángað. En mest eða mikið af því sem hjer er sagt byggist á óljósum frásögnum, og er því í stað sannrar sögu hjer óáreiðanleg munnmæli og ruglíngur; þátturinn er saminn um 1300 og líklega norðanlands (ef til vill í Skagafirði).

Færeyíngasaga. Þessi saga er nú ekki til í heilu líki í sjerstöku handriti, en að hún hafi upphaflega verið svo til er víst, og er sagan eldri en Heimskringla, því að Snorri notaði hana. Svo var hún tekin í köflum upp í sögur Ólafanna í Flateyjarbók og er það aðeins á þann hátt, sem vjer þekkjum hana, að undanskildum kaflanum hjá Snorra. Fullkomlega heil fæst sagan ekki út úr Flateyjarbók, en þó að mestu leyti og ekki mun henni þar breytt til muna. Sagan líkist mjög Íslendingasögum; hún hefst með byggíngu Færeyja, en segir einkum frá einni aðalætt (Götuskeggjum) og innbyrðis deilum

Digitized by Google

fyrir og eftir 1000 ásamt kristniboðinu og hvernig Ólafur helgi fjekk eyjarnar í sitt vald, þrátt fyrir mótstöðu hins gamla bragðakarls Þrándar í Götu. Aðalmennirnir eru Sigmundur Brestisson og Þrándur og ýmsir ættingjar þeirra. Sagan endar með dauða Þrándar. Í frummynd sinni er sagan valla; einkum sýnist kaflinn um Sigmund að hafa tekið stakkaskiftum; það sem segir af ferðum hans og víking er líkt því sem segir um Gunnar í Njálu og hefur á sjer nokkurn ýkju- og ævintýrisblæ. Annars má telja söguna mjög sanna og vel saman setta; mannlýsingarnar eru ágætar í heild sinni. Að hún er samin af íslendingi (um 1200) er vafalaust; það kemur fyrir staðarvilla, er enginn færeyingur hefði getað látið sig henda. En furðuvel hefur hin forna arfsögn, er komin var frá Færeyjum, geymst á Íslandi. Í sögunni eru engar vísur.

Jarlasögur eða Orkneyingasaga. Auk þess að þessi saga hefur verið tekin upp í Ólafss. helga í Flateyjarbók finst hún og í brotum af sjerstökum handritum og í gamalli danskri þýðingu. Þetta sögurit svarar til safnsritanna um Noregskonúnga og er saga Orkneyja frá öndverðu og hjer um bil til 1170 eða eiginlega ekki lengra en að dauða Rögnvalds jarls (1158). Fyrst stendur þáttur um fund og byggingu Noregs (um Nór, Gór og Góa). Górr var forfaðir Rögnvalds jarls á Mæri og þar með Orkneyjajarla. Þá kemur um Torf-Einar og svo jarlana hvern eftir annan. Merkastir kaflar eru þeir um Þorfinn jarl Sigurðarson og Rögnvald Brúsason, um Magnús helga (d. 1116) og fylgir hans

Digitized by Google

sögu jarteinakapituli. En lángskemtilegasti kaflinn er saga Rögnvalds kala, skáldsins og gleðimannsins; segir þar nákvæmlega frá ferð hans til Jórsala og síðan frá óeirðum í eyjum. Hjer finst mart af vísum jarls og annara skálda. Það sem segir um tímann eftir lát hans er stutt og lauslegt. Alt þetta rit er mjög merkilegt og því fyllra og nákvæmara sem nær dregur tíma höf. og fylst um Rögnvald kala. Sagan byggist á orkneyskum frásögnum; bæði á 11. og 12. öld voru svo miklar og tíðar samgöngur milli eyjanna og Íslands, að frásagnirnar áttu hægt með að komast til Íslands og verða þar að arfsögn, og má segja um hana, eins og þá í Færeyingasögu, að hún er furðugóð og í öllu verulegu áreiðanleg. Það er efalaust einn maður, sem hefur safnað ritinu og samið það, ekki miklu síðar en um 1200; það er eldra en Heimskringla. Auk arfsagnanna hefur höf. og notað rit um Noregskonúnga og tekið smákafla úr því, og svo eru kvæði skálda (t. d. Arnórs) notuð. Orðfærið er gott og öll gerðin í besta lagi. Sagan er full af ágætum mannlýsingum, bæði karla og kvenna, og er í heild sinni eitt hið ánægjulegasta sögurit.

Saga Magnúsar helga var tekin út úr safninu og „gefin út“ sjerstaklega með ágripi stuttu af því sem undan var farið. En til er líka önnur saga um Magnús og er hún samsteypa af íslensku frumsögunni og þýðingu af mjög mærðarfullu helgiriti um Magnús, er „meistari Roðbert“ nokkur hefur frumsamið á latínu. Hans rit er fremur prjedikun en saga, og er tóm mælgi og múnksþvaður og lítilsvirði.

Digitized by Google

Að því er snertir sögu Danmerkur eru til nokkur merk rit, en frá mismunandi tímum.

Skjöldungasaga hefur verið til fyrir daga Snorra — hann hefur notað hana og nefnir hana — og Arngrímur Jónsson lærði (d. 1648) hafði hana og setti mikið úr henni á latínu, og þaðan stafar að mestu það sem vjer vitum um það rit, því að það er nú því miður týnt í heilu líki. Sagan var um Skjöldúnga, þ. e., eftirkomendur Skjaldar eða fornkonúnga Danmerkur, og hefur því svarað til Ynglingasögu Snorra. Hún hefur verið um konúnga sem Hrólf kraka og aðra og hefur verið full af hinum merkustu fornsögum og ýmsum fornum fræðum. Frumsagan hefur síðar verið aukin og höfð til að vera upphaf samfeldrar sögu um Danakonúnga, er nefnist

Knýtlingasaga. Í handritum hefst þetta sögurit með Haraldi blátönn Gormssyni, en upphafið sýnir, að eitthvað hefur hlotið að hafa staðið á undan og hefur það ekki getað verið annað en Skjöldúngasaga (eflaust í sínu aukna líki). Þetta rit er safn af sögum hinna einstöku konúnga alt niður að Knúti Valdimarssyni, eða hjer um bil niður að árinu 1190, eða til þess er Vindir voru alkúgaðir. Hver sagan fylgir annari eins og í Ágripi og Fagurskinnu án þess að þær sjeu fljettaðar eða tvinnaðar saman með neinni list. Sögurnar eru misjafnar að lengd og gæðum. Sumt er mjög ritað eftir fornum frásögnum og kvæðum (t. d. Knútss. gamla); sumt byggist á eldri ritum og loks er sumt munnlegar frásagnir um 12. öldina, sem hafa orðið nokkurs konar arfsögn. Heimildir

Digitized by Google

eru fyrst og fremst Heimskringla Snorra, og er svo að segja tekið úr henni alt sem snerti Danmörk, og var það ekki lítið. Aðalsagan er að nokkru leyti saga Knúts helga og á hún að svara til Ólafss. í Heimskr. Þessi saga er eldri og tekin af höf. í heild sinni upp í ritið; hún er auðvitað helgisaga og kemst ekki í samjöfnuð við Ólafss. Snorra, en í meginatriðunum er hún rjett; í þessa sögu hefur verið stúngið inn merkum kapítula um Danmörku sjálfa (landafræði). Allmerk er Eiríks saga góða og styðst hún mjög við kvæði Markúsar Skeggjasonar. Þó tekur saga þeirra Valdimars og Knúts (og Absalons) öllum hinum fram að nákvæmni og áreiðanlegleik, og þó er hún eingöngu á frásögnum byggð. Hjer er Danasaga Saxa fróða ágæt til samanburðar og gegnir það mestu furðu, hvað sagan reynist rjett og sönn, og þó gat Saxi ekki haft betri heimildir en hann hafði. Það finnast auðvitað smávillur, en þeirra gætir svo lítið. Yfir höfuð má segja, að sögugildi Knytlingu sje stórmikið, þótt hins vegar megi finna stórvillur í henni. Sagan er lært safnsrit, og um höfund er valla að ræða í eiginlegri merkingu orðsins, og vandi að segja, hvað stafi beint frá honum. Ef t. d. Knútss. ríka og Eiríkss. góða eru eftir hann, þá má segja að honum hafi ekki verið ósýnt um að nota skáldakvæðin; líklegast er og allur síðasti kaflinn fyrst færður í letur af honum. Hann lætur sjer ant um stjórnarár og þar með tímatal. Sagan er sett saman nokkru eftir að Heimskringla var samin og líklega um 1270 eða ekki miklu seinna. Sú Skjöldúngasaga, sem stóð fremst í ritinu, er týnd nema að svo miklu

Digitized by Google

leyti sem hún er hjá Arngrími; ómögulegt er að segja, hvort það er höf. Knytlingu, er aukið hefur frumsöguna, eða einhver annar.

Jómsvíkingasaga. Um einn hinn merkasta viðburð á dögum Hákonar jarls, hinn mikla Jómsvíkingabardaga á Hjörúngavogi (um jólaleytið 986), voru snemma til á Íslandi frásagnir, komnar frá ýmsum íslendingum, er sjálfir voru í bardaganum (t. d. Einar skálaglamm, Tindur, Vigfús Vígaglúmsson og fl.); urðu þær undirstaða arfsagnar um hann, en saman við þær blönduðust þegar tímar liðu ýmsar ýkjur og þjóðsagnir. Það var eðlilegt, að rituð yrði sjerstök saga um bardagann; í Fagurskinnu er löngur kafli um hann, auk þess sem Snorri segir frá honum. En sjerstök saga er til í ýmsum handritum og í ýmsum líkjum. Í nokkrum þeirra stendur fyrst alllángur kafli (fyrri hlutinn), er segir frá Gormi barnlausa og Knúti fundna og svo Danakonúngum niður að Haraldi blátönn; þar í er sagt frá Hákoni jarli og Gull-Haraldi og viðskiftum þeirra við Harald blátönn. Í öðrum handritum vantar þenna kafla og hefst sagan þar með frásögn um Pálnatóka, Harald og Svein tjúguskegg og upphaf Jómsborgar og Jómsvíkinga. Það er vafalaust, að í þessu líki er sagan upphaflegri; „fyrri kaflinn“ er síðari viðbót og stendur í litlu sögusambandi við hinn eða engu, en á þó víst að vera nokkurs konar inngángur fyrir honum, en þeim, sem setti saman, hefur farist það óliðlega. Efnið í þessum kafla er ævintýrslegt og fengið úr ýmsum stöðum og ekki mikils virði. Sjálf sagan um bardagann og aðdragandann að honum er aftur

Digitized by Google

á móti í öllum meginatriðum rjett, og er frásögnin ljós og skemtileg, en hún er nokkuð mismunandi í handritunum og sumstaðar ýkt og aukin. Þessi saga er eldri en Knytlingasaga og rituð á fyrra hluta 13. aldar.

Af þáttum er snerta Danmörk og önnur lönd skulu hjer nefndir tveir, og snertir sá fyrri líka Svíþjóð. Styrbjarnarþáttr Svíakappa. Styrbjörn var bróðurson Eiríks sigursæla að Uppsölum, var lengi í Danmörk og átti Þyri, dóttur Haralds blátannar; konúngur styrkti hann til herferðar gegn Eiríki (og fór sjálfur, segja Danir) og áttu þeir hinn nafnkunna bardaga á Fýrisvöllum (um 980); þar fjell Styrbjörn. Frá þessari orustu segir þátturinn og er frásögnin komin frá íslending, er var í bardaganum. Þó er frásögnin víða ýkt og ævintýrsleg. — Hinn þátturinn er Eymundar þ. Hringssonar, og snertir mest sögu Rússlands á 11. öld. Eymundur var norrænn höfðingjason og fór til Garðaríkis og gerðist þar landvarnarmaður, vann mikla sigra, en varð skammlífur. Þó að mart eða meginið af því sem segir í þættinum sje rángt og skekt eða með öllu ósannsögulegt, þá er þó ýmislegt mjög merkilegt og rjett eða hálfrjett og styrkir eða fyllir sögu Nestors múnks um Rússa.

Um Svíþjóðarsögu eru ekki til nein sjerstök rit, en þó má mart finna um Svía og Svíakonúnga í sögunum, er snerta Noreg einkum.

Digitized by Google

Fimta grein.

Um Snorra og Sturlu.

Snorri var sonur Sturlu í Hvammi og Guðnýjar, í bæði kyn af góðum ættum. Hann var fæddur 1178; þrjevetur kom hann til hins mesta höfðingja á Íslandi, Jóns Loptssonar í Odda, til fósturs. Segir ekki af dvöl hans þar í uppvexti, en það er eflaust þar, að hann hefur numið sitt æskunám og ef til vill fengið lystina til bókalesturs og fræða; enda hefur þar verið góður grundvöllur þess, bækur og fræðirit alt í frá tíð Sæmundar. Latínu hefur Snorri ekki lært, að minsta kosti kennir þess aldrei og þess er ekki getið að hann hafi tekið neina vígslu. Fósturfaðir hans dó 1197, og var Snorri þá 19 ára, fullþroskaður maður; tveimur árum síðar var honum leitað kvonfángs og fjekk hann Herdísar, dóttur Bersa hins auðga á Borg, og voru þau fyrst í Odda, en fengu Borg til ábúðar eftir Bersa látinn (1201). Líklega árið 1206 eignaðist Snorri Reykjaholt, og var sá bær upp frá því uppáhaldsbústaður hans, og ljet hann húsa bæinn vel og gera þar mörg mannvirki, og stafar laugin þar ef til vill einmitt frá honum. Reykholt fjekk hann með samníngi við eigandann. Samvistum þeirra Herdísar var þar með í raun og veru lokið, en hún dó 1233; þau höfðu átt tvö börn. Snorri byrjaði snemma að skifta sjer af ýmsum málum og rak hann þau með fjöri og harðfengi, en hann varð síðar spakari. Hann eignaðist og snemma parta í goðorðum og fjekk öll skilyrði til þess að verða mikill höfðingi.

Digitized by Google

Enda segir i Sturlúngu, er hjer er komið sögunni, að hann „gerðisk höfðingi mikill; því at eigi skorti fé at; var hann hinn mesti fjárgæzlumaðr, fjöllyndr, ok átti börn við fleiri konum en Herdísi“, þar á meðal Órækju og Ingibjörgu. Fram undir 1214 segir lítið af honum, nema um viðskifti hans og Guðmundar biskups 1209—10 og sýndi Snorri honum virðingu og mildi. Ber framkoma hans þá vitni um friðsemi og spekt. Í öðru máli (um arf, sem hann græddi ekkert á sjálfur) kom hann þó fram brögðum. Um þetta leyti er sagt um hann, að „hann gerðisk skáld gott. Var hann ok hagr á alt þat, er hann tók höndum til ok hafði hinar beztu forsagnir á öllu því, er gera skyldi“. Má af slíku marka, hvílíkur afbragðsmaður Snorri var. Þá var það sem hann orti um Hákon jarl galin; jarl bauð honum svo til sín, og Snorri vildi feginn fara, en þá dó jarl, og Snorri var í fyrsta sinn kjörinn lögsögumaður og var hann það 1214—17; hann hefur því verið mjög lögfróður maður líka. 1218—20 var hann í Noregi og gerðist einkum mikill vinur Skúla jarls. Þá atvikaðist svo, segir sagan, að Hákon og Skúli ætluðu að fara hefndarför til Íslands, en Snorri fjekk afstýrt því og á þá að hafa lofað því Hákoni að starfa að því, að landið gæfi sig undir vald hans, og var Snorri þá gerður lendur maður; hann hafði áður fengið skutilsveinsnafnbót. Hvað sem um þetta má segja, þá er víst, að Snorri gerði aldrei hina minstu tilraun til þess að efna loforð sitt, eftir að heim kom, og er því rjettast að álíta, að hann hafi aldrei ætlað sjer að halda það, heldur aðeins með hægu móti afstýra ófögnuði, og ættum vjer

Digitized by Google

Íslendingar að vera síðastir til að hallmæla honum fyrir það. Nokkru eftir að Snorri kom heim, orti hann Háttatal, og þá (1222) var hann aftur kosinn lögsögumaður og hjelt hann þeirri stöðu til 1231. Þetta tímabil er friðsemdarkafli og mun Snorri þá eflaust hafa sett saman aðalrit sitt, að minsta kosti verður ekki bent á hæfilegri tíma til þess, og sannast það við það sem segir um Sturlu Sigvatsson, að hann hafi (veturinn 1230—31) verið hjá Snorra og lagt hug á að rita bækur eftir „þeim, er Snorri setti (= hafði sett) saman". Árið 1224 hafði Snorri gert svokallað helmingarfjelag við hina auðugu Hallveigu, ekkju eftir Björn Þorvaldsson, er fyrr hafði verið óvinur Snorra, og jók það enn auðvald hans. Þau bjuggu saman með ást og trúlyndi; hún dó skömmu fyrir víg Snorra og syrgði hann hana. Síðar kom upp deila við sonu Bjarnar út af arfinum og studdi það nokkuð, að Snorri misti lífið. Eftir 1230 fór að ókyrrast og ófriðast á Íslandi, en ekki verður hjer skýrt frá því nánar eða ýmsum deilum, er Snorri átti í; en þess má geta, að hann var ætíð fús til sátta og lauk svo flestum málum hans. Sturla og Sigvatur feðgar fóru illa með Snorra, svo að hann varð að flýja um hríð frá höfuðbóli sínu; Órækja sonur hans var tekinn höndum og misþyrmt skammarlega. Þá rjeð Snorri það af, að fara til Noregs aftur, og verður eiginlega ekki sjeð, hvað rak hann til þess. Þetta var óheppilegt, því að þá var farið að fjandskapast með Skúla og Hákoni, en Snorri hjelt sjer mest að Skúla sem fyrrum. Snorri var aftur 2 ár í Noregi, en fátt segir af gjörðum hans þar. Snorri fór heim

Digitized by Google

vorið 1239 þrátt fyrir bann Hákonar — „út vil ek“ sagði hann og fór. Upp frá þessu hefur Hákon skoðað hann sem fjandmann sinn. Sumarið 1240 fjekk Gizur Þorvaldsson, er fyrr hafði verið tengdason Snorra og átt Ingibjörgu, og aðrir höfðingjar brjef frá Hákoni um að koma Snorra utan aftur eða taka hann af dögum. Aðfaranótt hins 23. september 1241 framdi Gizur það ódæðisverk, að taka hús á Snorra í Reykholti, og var hann þá nótt veginn. Sá konungur, er hann hafði lofað í hinu skrúðmesta kvæði, er til er, og ritað ódauðlegt meistaraverk um forfeður hans, varð ráðbani Snorra; hans eigin landi gerðist að orsakalausu auðsveipur konungsþræll til þess að flekka sig með blóði þess manns, er mestur snillingur var sinna tíma og meiri ættjarðarvinur en flestir eða allir aðrir. Svo harmsamlega lauk ævi þessa manns, er varpað hefur mestum frægðarljóma á feðraey sína. Það var von til að vinum hans gremdist, og reis nú upp flokkur, sem eftir þetta stóð móti tilraunum Hákonar með meiri sjálfsmeðvitund og einbeitni. 1253 hrópaði Kolbeinn grön á Flugumýri: „hvárt man nú engi Snorra Sturluson?“, en Gizur og hinir skammsýnu fylgismenn hans báru hærra hlut og landið gaf sig undir konúng 1262—64, og varð þá sá flokkur, „sem mundi Snorra Sturluson“, að beygja sig. En Snorra nafn hefur ekki gleymst.

Það er oft farið hörðum orðum um Snorra, lund hans og meðferð, og því verður ekki neitað, að það er sumt í fari hans, sem valla verður varið, og kemur það helst fram á hans yngri dögum. Eflaust var hann fjegjarn og metnaðargjarn, en vjer

Digitized by Google

höfum enga heimild til þess að segja, að hann hafi svælt undir sig fje annara eða fengið metorð með prettvísi. Hann var hefndargjarn og varð feginn óförum óvina sinna, en hann fór aldrei að mönnum til þess að drepa þá eða brenna þá inni eins og svo margir aðrir gerðu. Hann var friðgjarn og sáttgjarn maður og kom oft vel fram í málum manna. Það er engin tilhæfa í því, að hann hafi verið hvatamaður þess, hvernig farið var að á Sauðafelli 1228 og það hvílir engin ábyrgð á honum fyrir spellvirkið. Það er vafalaust, að Snorri er betri maður en sumir hafa ætlað hann, að dæma eftir því er um hann er sagt, og annað er ekki til. Að hann var kvennhollur, er víst, en það voru allir aðrir á þeim tímum; frillulífi var alment; hjá Snorra brann það við, eftir að þau Herdis hættu samvistum. Hins vegar er Snorri einhver hinn glæsilegasti maður sinna tíma að höfðingsskap og rausnarframkomu. Hann unni öllu mikilfenglegu; hann unni stórkostlegum gestaboðum og þótti gaman að hafa þau í fornum stíl; hann nefndi búð sína á Þingvelli Valhöll og hann reið oft á þing með mörgum hundruðum manna. Fornfræði og sögustundan hafa vakið kapp hans og löngun til þess að líkja eftir fornaldarhöfðingjum.

Um skáldskap Snorra hefur áður verið talað. Önnur rit hans eru þessi.

Edda. Orð þetta er leitt af óður (= skáldskapur) og merkir „bók um skáldskap"; þetta nafn hefur Snorri ef til vill sjálfur gefið þessu riti sínu, Það er í þremur köflum, og heitir miðkaflinn Skáldskaparmál, og sýnir nafnið, um hvað hann er.

Digitized by Google

Snorri lætur Braga, skáldguðiun, fræða Ægi um það sem má kalla sjerstakt mál skáldanna, en það eru kenníngarnar, heiti og fornöfn (sbr. 23.—24. bls.), einföld heiti á mönnum og hlutum, er annaðhvort aldrei eða sjaldan voru höfð í daglegri ræðu, og samsett nöfn (kenníngarnar). Snorri skipar efninu mjög vel og skipulega og byrjar með því að láta Braga segja uppruna skáldskaparins (eða skáldadrykkjarins); þá segir frá kenníngum Óðins og skáldskaparins sjálfs, þá Þórs og annara goða, þá himins og jarðar og sævar m. m., þá manns og konu og upp úr því gulls osfrv.; lík er röð í hinum köflunum. Hann lætur vísur fornskálda fylgja til sönnunar, og er hjer með því geymdur mikill sjóður af kveðskap; aðeins í fornafnaþættinum er vísum alveg slept. Inn í alt þetta er skotið ýmsum sögum til skýríngar uppruna kenníganna, og eru þær mikils verðar og meistaralega sagðar.

Mikill þorri af þessum kenníngum á rót sína í goðafræði eða goðasögnum. Snorri áleit því vel til fallið að setja fremst yfirlit yfir alla goðafræði norræna, eins og hann þekti hana úr munnmælum en einkum úr fornkvæðum (eddukvæðum). Það var ærið vandaverk á þeim tímum að gera slíkt, enda gat Snorri ekki siglt fyrir öll sker; hann hefur gert sig sekan í misskilníngi á ýmsu, en þrátt fyrir það verður ekki annað sagt en að honum hafi tekist frábærlega vel. Hann notar mjög helstu goðakvæðin (Völuspá, Vafþrúðnismál, Grímnismál o. fl.) og tilfærir oft vísur úr þeim. Lengri og skemri frásagnir, einkum um Þór, eru settar inn, og er framsetníng og orðfærið með hinni mestu snild. Snorri

Digitized by Google

lætur Gylfa konúng (Gánglera) fara til ása og vita hverju gegndi um þá, og heitir þessi þáttur Gylfaginníng. Hann skoðar Óðin og æsi sem menn, er hafi gert sig að goðum, og vill vita, hve kröftugir þeir sje. Hann fer og finnur þrjá menn í hásæti, og nefnast þeir Hár, Jafnhár og Þriði; alt er nú samtal milli þeirra, Gángleri spyr og hinir svara. Það er mjög skemtilegt að lesa ritið; orðfærið fer eftir efninu, hátíðlegt, þegar því er að skifta (ragnarökr), spaugsamt, þegar það á við, og gletnisfult, þegar Gángleri þykir spyrja ófróðlega. Í rjettri tímaröð er sagt frá upphafi heims, goða og manna og öllu því sem þar á eftir fer, dauða Baldurs og frá ragnarökri að síðustu og hinum nýja heimi (samanber Völuspá).

Á undan bókinni fer formáli, og setur Snorri þar fram skoðanir sínar á goðunum, að þeir hafi verið menn og tengir þá við Tróju og eyðileggíng hennar. Það er miðaldafróðleikur, sem hjer birtist.

Hinn síðasti þáttur Eddu er Háttatal Snorra, og hefur áður verið talað um það. Kvæðinu fylgja skýríngar bragfræðilegs efnis og mikils virði, og eru þær eflaust eftir Snorra sjálfan.

Það má telja víst, að þetta verk, sem heyrir til þeim allramerkustu í bókmentum vorum, sje ritað fyrir 1222—23 (það ár er lokið við Háttatal) og þá líklega að mestu fyrir utanför Snorra (1218).

Heimskringla. Þetta nafn er ekki fornt; ritið heitir með rjettu Konúngasögur (eða Nóregs konunga sögur) og er til í heilu líki og sem betur fer í frummynd sinni að mestu, þó að

Digitized by Google

misfarið hafi verið með textann í sumum handritum. Nafnið ber það með sjer, hvert efnið er. Heimskr. er safnsrit um konúnga Noregs ekki aðeins frá Hálfdani svarta eða frá því sögutíð Noregs hófst, heldur byrjar Snorri á Ýnglingum í Uppsölum; af þeim voru Noregs konúngar komnir og fluttist ættin til Noregs með Hálfdani hvítbein; Snorri fer því svo langt aftur í tímana, sem hægt var, upp að Óðni og komu hans á Norðurlönd. Því heitir fyrsta sagan Ýnglingasaga, og er hún mest samin eftir Ýnglingatali Þjóðólfs, goðasögum og hetjusögum (t. d. Skjöldúngasögu). Vera má að til hafi verið eldri Ýnglingasaga, er Snorri hefur notað en aukið svo mjög, að saga hans má frumsmíð heita. Það er auðsjeð, að Snorri hefur næma greind á ættadeilum og ættaeinkennum, og birtist þegar í þessari sögu snild hans. Þar á eftir koma allar hinar sögurnar alla leið niður að Sverri (eða að 1177), og nær því Heimskr. eins langt og hin safnsritin. En það er mesti munur á gerð hennar og þeirra. Auðvitað greinist hún í sögur um hina einstöku konúnga, en þær eru ekki skarpt afmarkaðar, heldur fljettast þær hvor inn í aðra og grípa hvor inn í aðra eftir eðlilegu orsakarsambandi milli viðburðanna. Með þessu móti undirbýr ein sagan aðra og verður svo ein og óslitin heild úr; það er ekki hægt að skera eina söguna út, svo að hún þá verði skilin til fulls. Þessi er hinn fyrsti kostur ritsins. Snorri hefur notað mest eða alt af þeim ritum, er til voru á öndverðri 13. öld um Noreg og útlönd, og hann fór að, sem allir aðrir, ljet taka upp úr þeim orðrjett eða svo til, alt það, sem hann þóttist

Digitized by Google

með þurfa, en heldur ekki meira. Hann tók kafla úr Skjöldúngasögu, úr Orkneyíngas., úr Færeyingas., úr Hákonars. Ívarssonar osfrv., en það gerði hann aðeins að svo miklu leyti sem það átti við; kaflana úr Orkn. og Fær. tók hann til þess að sýna, hvernig Ólafur helgi fjekk yfirráðin yfir þessum löndum; honum er ekki, eins og Styrmi, annast um að dýngja inn söguefni í tíma og ótíma. Hann tekur úr öðrum ritum svo mikið sem hann þurfti til þess að ná tilgángi sínum í hvert sinn, en hann var einkum sá, að sýna þýðingu hvers konúngs fyrir ríkið í heild sinni og hverjir eiginlegleikar voru mestir hjá hverjum; enginn hefur skarplegar skilið tilgöng gjörða og sálarfar þeirra manna, er hann ritar um, en hann. Ennfremur ber Snorri ritin saman og hefur það úr hverju sem hann áleit rjettast eftir verkum og lunderni hvers eins, og sýnir í þessu ágætlega skarpa dæmigreind; að honum gat skjátlast segir sig sjálft. Svo notaði hann fornskáldakvæði betur og skarplegar en nokkur annar á undan honum hafði gert, enda skildi hann þau fremur öllum öðrum, og hann notar þau til að treysta og prófa sögusögnina. Múnkasögur og helgiævintýri hirðir Snorri aldrei um. Saga hans er því beinlínis gerð eftir sannvísindalegum reglum og meðferð. Aðalheimild hans fyrir hverri sögu er auðvitað hinar eldri sjersögur. Með öllu þessu er honum mjög ant um alt tímatal, að svo miklu leyti sem hægt var að ráða fram úr því yfir höfuð. Alt þetta verður því annar kostur og höfuðkostur bókarinnar.

Meginsaga hennar er Ólafss. helga og hefur Snorri vandað þar mest til, enda er hún að öllu

Digitized by Google

eitt hið glæsilegasta sögurit sem til er, og á hún að sýna, hvernig Ólafur vann að takmarki sínu, því að breiða út og efla guðsríki eins vegar og Noregsríki annars vegar.[1]) Jarteinir Ólafs tekur Snorri upp nokkrar, en skiftir þeim niður á sögurnar eftir tímaröð.

Í öllum mannlýsingum er Snorri meistari; hann gerir sjer far um að dæma menn og gerir það ætíð sanngjarnlega og rólega; honum tekst upp, þegar hann ber menn saman; hver maður og kona hefur sín einkenni, en það yrði oflángt að fara frekar út í það mál. Snorri hefur gaman af að lýsa fornum tímum og fornum siðum og þó gerir hann það því að eins að það eigi við á hverjum stað. Í Ágripi var málið mjög ósamkvæmt sjálfu sjer, eftir því hvaða rit var notað í hvert skifti. En svo er ekki í Heimskr. Þar er málfærið frá upphafi til enda hið sama, og hin sama snild á, og sýnir það, að Snorri hefur ekki látið sjer nægja með að rita upp eða láta rita upp úr heimildarritunum án þess að setja á það alt saman sama markið. Að mestu hefur hann lesið fyrir og látið aðra rita og um leið orðað alt saman. Málið er lipurt og leikandi ljett; valla að sjáist flóknar setníngar eða settar hver inn í aðra; engar klaufalegar setníngar. Orðaáherslan í ræðum og annarstaðar er eðlileg og oft einstaklega áhrifamikil. Framsetníng og orðfæri er hinn þriðji aðalkostur Heimskr.

[1] Þessi saga var afskrifuð sjer og settur framanvið útdráttur úr því sem undan fór og bak við útdráttur úr hinu og jarteinir, og er það hin svonefnda Ólafssaga hin sjerstaka, og er til í afarmörgum handritum.

Digitized by Google

Með öllu þessu tókst Snorra að skapa sögurit er tók öllum öðrum fram, rit, er getur staðið við hliðina á hverju öðru söguriti veraldarinnar, og rit, sem þá bar af öllum söguritum, sem yfir höfuð höfðu verið samin, hvar sem var.

Snorri ritaði formála fyrir söguriti sínu og segir hann þar frá heimildum sínum, einkum meðferð vísna, og frá Ara fróða, og er formálinn allur mjög merkilegur og einkennilegur.

Þess hefur verið áður getið, hvenær Snorri muni hafa ritað Heimskr., og er valla nokkur vafi á því, að hún sje rituð á árunum 1220—30, að henni hafi verið lokið, þegar Sturla Sigvatsson dvaldi hjá Snorra veturinn 1230—31.

Sturla Þórðarson var bróðurson Snorra og fjekk nafn afa síns í Hvammi. Óláfr var bróðir hans hvítaskáld. Sturla er borinn 29. júlí 1214. Um uppvöxt hans vitum vjer ekki annað, en að hann um tíma var hjá ömmu sinni Guðnýju, og vildi hún arfleiða hann að öllu sínu. Snemma var hann hjá Snorra, t. d. í hinni miklu veislu hans 1226; sumarið eftir fór hann 13 vetra til þings með goðorð föður síns. Sturla hefur því verið mjög bráðþroska og snemma sýndi hann dugnað í málum, og segir frá því í Sturlúngu og getum vjer eigi rakið það frekar hjer. Hann og Snorri voru miklir mátar, að því er sjeð verður, og veturinn 1235—36 var Sturla hjá Snorra; eftir víg hans var Sturla aðalmaðurinn í flokki þeim, er geymdi minningu Snorra og stóð mest í mót tilraunum Hákonar konúngs og erindreka hans, sjerstaklega Gizuri. Hann

Digitized by Google

hafði verið í Apavatsför, þegar átti að taka Gizur höndum, og hann hafði verið í Örlygsstaðabardaga (1238). Skömmu eftir víg Snorra fór hann aftur að Gizuri í Skálaholt, en förin varð árángurslaus; skömmu síðar náði Gizur Sturlu sviksamlega á sitt vald við Hvítárbrú og var hann svo fluttur af Kolbeini únga norður til Flugumýrar; hann slapp úr fángelsinu með því að vinna þess tylftareið, að hann skyldi aldrei vera móti Kolbeini í málum; ella var honum hótað því, að hann skyldi sendur til Noregs á vald Hákonar, en það vildi Sturla fyrir hvern mun ekki. Sturla gerðist vinur Þórðar kakala og studdi hann af alefli, eftir að svo atvikaðist að hann þóttist laus allra mála við Kolbein. Þórður fór frá Íslandi 1250. Sama ár segir að Sturla hafi orðið lögsögumaður og 1251 er hann það. Gizur hafði verið lengi utan, en 1252 kom hann aftur í konúngs erindum og risu nú upp aftur flokkadeilur, sem Sturla gat ekki komist hjá, fór þó fyrst alt friðvænlega; Gizur og Sturla sættust og fjekk þá Hallur, sonur Gizurar, dóttur Sturlu, og var brúðkaupið haldið á Flugumýri; en þá komu óvinir Gizurar óvörum og ætluðu að brenna hann inni, og brann Hallur þá og Gróa kona Gizurar, en sjálfur komst hann lífs úr brennunni. Upp frá þessu var enginn ófriður með Gizuri og Sturlu, enda var Gizur utan aftur 1254—58; 1259 gerðist Sturla lendur maður Gizurar, og er auðsjeð af því, að hugur hans var farinn að sveigjast og hann að sjá, að mótstaða móti Hákoni var ekki framar möguleg; 1262 vann hann, sem svo margir aðrir, eiða konúngi. Þá var honum og þröngvað til utanfarar, og

Digitized by Google

fór hann í fyrsta sinn utan 1263. Þá var Hákon konúngur farinn í vesturför sína og kom hann ekki lífs aftur úr þeirri; þeir sáust aldrei hann og Sturla og var það eflaust happ fyrir Sturlu. Í Noregi hitti hann Magnús konúng og gerðist brátt mikil vinátta með þeim. Magnús sá þegar, hvílíkur maður Sturla var, að hann var ekki aðeins skáld, heldur og vel hæfur söguritari, og þar að auk góður drengur. Í Noregi var Sturla nú samfleytt til 1271. Það ár var hann sendur til Íslands með lögbók (Járnsíðu) og var þá hið nýja lögmannsembætti stofnað og var Sturla fyrst skipaður í það, en 1276 var því skift í tvent og var hann eftir það lögmaður norðan og vestan til 1282; tvö ár lifði hann embættislaus, var orðinn gamall og þreyttur. 1277 hafði hann í annað sinn brugðið sjer til Noregs og verið herraður; árið eftir kom hann út aftur. Sturla dó 30. júlí 1284, rjett sjötugur.

Sturla var aldrei neinn styrjaldarmaður eða bardagamaður, þó að hann gæti ekki komist hjá því, að bendlast við deilur og ýmsar herferðir. Aldrei segir neitt um framgöngu hans, því síður um hryðjuverk. Hann var því síður undirferlismaður og var næsta ólíkur afa sínum og nafna. Hann var yfir höfuð gæfur maður og gegn og samviskusamur; aldrei rauf hann sættir eða heit sín og eiða, nema þegar aðrir að fyrra bragði rufu eiða sína og orð við hann. Hann var friðsamur í sjálfu sjer, rólegur og óhlutdrægur. Hann var trúlyndur og fastur í skoðunum og ljet aldrei af skoðunum sínum af singirni. Hann hefur í fyrstu líklega ekki til fulls skilið, að hverju alt stefndi, en enginn vafi

Digitized by Google

er á því, að konúngur hefur talið hann sinn aðalmótstöðumann eftir Snorra veginn; Sturla stóð eins lengi í mót og nokkur vegur var til, en ljet nauðugur viljugur undan, er hann sá, að alt hlaut að fara sem fór. Hinir ágætu eiginlegleikar, sem hann hafði til að bera, áunnu honum fljótt traust manna og vináttu, og reyndist það svo og með hann og Magnús konúng. Sturla var í miklu áliti fyrir gáfur sínar. Sá sem setti Sturlúngusafnið saman segir um hann: „ok treystum vér honum bæði vel til vits ok einarðar at segja frá, því at hann vissum vér alvitrastan ok hófsamastan". Þessa fögru lýsingu átti Sturla fullkomlega skilið. Sturla var eflaust skarpvitur maður og mikill mannþekkjari, enda hafði hann það orð á sjer, að hann gæti sjeð jafnlángt nefi sínu, og hann hefur ef til vill trúað því sjálfur; hann var draumamaður mikill, og á einum stað er jafnvel talað beinlínis um hann sem nokkurs konar spámann. Hann var spurður um, hvort manni nokkrum mundi batna sóttar sinnar; „skil ek nú", segir Sturla, „hví þú spyrr þessa, en fá mér nú vaxspjöld mín"; ljek hann þar að um hríð og mælti svo: „ór þessi sótt mun Bárðr andask". Sturla lifði góðu hjónabandi og átti við konu sinni 4 börn, og getur engra frillubarna. Sturla er yfir höfuð einn hinn besti maður sinna tíma, sem enginn blettur hvílir á og allir hafa verið samróma um. Það sama styrkist af öllum ritum hans. Þau sýna, hve óhlutdrægur og einarður hann var, frá hverjum sem hann segir, og hve rólega andi hans hvílir yfir öllu. Hann vekur miklu meiri aðdáun sem maður og söguritari en sem skáld. Að hann

Digitized by Google

hafði ekki það yfirlit og þann skilning er þurfti til þess að greina í sundur það sem merkilegt var og það sem ómerkara var, er auðvitað; það væri að ætlast til ofmikils af samtímishöfundi. Hann og Ari eru líkir að því, að þeir rituðu bæði um innlenda og útlenda menn og viðburði, en munurinn er sá, að Ari ritaði um liðna tíma, Sturla um sína eigin tíma; Ari horfir eins og af tindi og sjer alt það sem merkast er og rís hæst upp úr gróðrarakri sögunnar; en Sturla fer um akurinn sjálfan og tínir alt smátt og stórt; hann sjer ekki muninn. Því eru rit Sturlu jafnlöng og rit Ara voru stutt. En andinn er hinn sami og samviskusemin sú sama hjá hinum fyrsta og hinum síðasta söguritara Íslands á hinni eiginlegu ritöld landsins.

Sögurit Sturlu, er snerta Ísland, eru þessi:

Þess hefur áður verið getið, að hann hafi ritað Landnámu. Hjer er þó valla um neitt sjálfstætt rit að ræða; heldur hefur Sturla aðeins aukið frumritið með ættartölum og smásögum um hitt og þetta. Hans bók, Sturlubók, er til í handriti, að mestu óbreytt eins og hann gekk frá henni. Það eru líkur til, að Sturla hafi skeytt Kristnisögu aftan við, og hefur hann þá líklega farið með frumrit hennar á líkan hátt. Með Kristnisögu er komið að Hafliðasögu og Þorgils, áframhald hennar er Sturlusaga gamla, og er þá komið fram undir 1200, og tekur þá við Íslendingasaga Sturlu sjálfs; það er trúlegt, að það hafi verið hugsun Sturlu að fá með þessu móti nokkurs konar samfelda sögu Íslands frá upphafi og til sinna daga.

Það sem annars er kent við Sturlu er hin svo-

Digitized by Google

nefnda Sturlúnga. En þetta er safn af ýmsum söguritum, og hefur um flest þeirra þegar verið rætt. Nokkru eftir dauða Sturlu og fyrir lok 13. aldar tók sig einhver maður til, líklega af Skarðsætt þar fyrir vestan, að setja saman eina söguheild af þeim sögum, er til voru um menn á 12. og 13. öld (líklega eftir dæmi Sturlu sjálfs); það er sá, sem orðin um Sturlu, er tilfærð voru, eru eftir. Hann notaði þær sögur, er Sturla hafði sett fyrst og eftir Kristnisögu, en setti allrafremst þátt af Geirmundi heljarskinn landnámsmanni; þá kemur Hafliðasaga, þá ættartölur, þá Sturlusaga og svo þessar sögur í röð: Guðmundar s. prests (kafli), Guðmundar s. dýra (kafli), Guðmundar s. prests (áfrh.), Guðmundar s. dýra (áfrh.), Guðmundar s. prests (áfrh.), þá Íslendingasaga Sturlu, en aftur skotið inn endanum af Guðm. s. og Hrafnssögu. Á eftir 163. kap. af Ísl. sögu kemur Þórðar s. kakala, Svínfellingas. (fáeinir kapítular) og svo kapítular, sem að líkindum tilheyra Ísl. sögu; þá kemur í öðru handritinu Þorgils s. skarða, þá aftur Ísl.-saga og að lyktum nokkrir kapítular ósamstæðir og nokkuð ruglingslegir, hverju sem það er að kenna. Safnarinn hefur þannig tvinnað sögur saman á ýmsan hátt og ekki tekið nema kafla stundum, til þess að fá söguheild, en meginsagan, er alt hitt hópast utan um, er Íslendingasaga Sturlu, og er líklegt, að þetta (og ekki -sögur) sje hið rjetta nafn. Á því er enginn vafi, hvar þetta ritstarf hefjist; það hefst með stuttri frásögn um Sturlu í Hvammi, dauða hans og börn, og það eru einmitt niðjar hans, er ritið er aðallega um, og mætti því eins vel

Digitized by Google

nefnast Sturlúnga saga. Segir vel og skilmerkilega frá öllu því er gerðist alla leið niður á 13. öld og er sagan óslitin fyrst að dauða Snorra eða til 1241; halda sumir, að rit Sturlu sjálfs nái ekki lengra. Vjer hyggjum ekki svo vera, heldur hafi hann ritað um sögu Sturlúnga alt niður að 1260 eða vel það; en hjer hefur frumriti hans verið illilega raskað og slitið í sundur, því að safnarinn hefur inn í hana sett sjersögur þær, er til voru, einkum Þórðar s. kakala; en nú eru vandhæfi á því að greina alt vel í sundur. Í þeim köflum, sem Sturlu má eigna, er sami höfundarandi og sami góði frásagnarháttur, sem í ritinu fram að 1241. Frásögnin er afarnákvæm og skilmerkileg, en um leið í mesta máta óhlutdræg og blátt áfram; aldrei hrýtur höf. ónotaorð af munni í garð mótstöðumanna hans, ekki einu sinni útaf vígi Snorra og aðförunum þá. Höf. stendur bak við alt og lætur söguna gánga, eins og hún gekk. Vera má, að þessi ró og þetta kyrláta vald yfir öllu efninu stafi af því, að Sturla ritaði ekki fyrr en um 1260 (eða 1250—60), þegar sættir voru á komnar með þeim Gizuri. Það má telja vafalaust, að fyrr er sagan ekki samin. Hún er efalaust að öllu áreiðanleg og valla neinu slept, t. d. að því er snertir Snorra og gæti verið honum til ófrægðar, því að sumt, er þar segir, er honum ekki til lofs. Sturla setti hjer í bók það sem hann annaðhvort vissi sjálfur og hafði lifað og jafnvel sjálfur tekið meira eða minna þátt í eða hann gat fengið fullar og áreiðanlegar frjettir um hjá samtímis- og eldri mönnum. Hann gat og notað brjef og skjöl. Af því efnið er svo fjölbreytt og svo ótal

Digitized by Google

margir menn koma við söguna og hún nær yfir svo lánga tima, verður hún að nokkru leyti — ekki öllu — saga alls landsins og má því vel heita Íslendingasaga. Rit þetta er með lángmerkustu ritum í öllum sagnabálkinum fyrir flestra hluta sakir.

Sögurit Sturlu, er snerta Noreg, eru tvö:

Saga Hákonar gamla Hákonarsonar (1217—63). Saga þessi er samin eftir áskorun Magnúsar konúngs lagabætis þegar eftir lát Hákonar, á árunum 1263—64, og er hún til öll í mörgum handritum. Hún segir frá Hákoni og allri hans ævi með dæmafárri nákvæmni ár eftir ár og segir rækilega frá öllu því helsta, er við bar um ævi hans með miklum fróðleik og skynsemi og hófi, en stundum ef til vill tekið ofmikið með. Sturla hefur til þessa haft nákvæmar sögur af eldri mönnum, fornum Birkibeinum og öðrum; þar að auk hefur hann haft ótakmarkaðan rjett til þess að nota bestu heimildina, skjalasafn konúngs; enn hefur hann notað Böglúngasögur. Sturla hefur sömu gerðina á sinni sögu sem eldri konúngasögur höfðu, þ. e. hann skaut inn í hana fjölda af vísum eftir sjálfan sig og Ólaf bróður sinn; en auðvitað eru þessi kvæði ekki til annars en skrúðs, því að sögusannanir felast engar í þeim. Vafalaust er Hákonarsaga eitthvert hið áreiðanlegasta sögurit og mega Norðmenn vera þakklátir Sturlu, þótt ekkert væri annað til en hún.

Það var eðlilegt, að Sturla setti saman rit um þann konúng, er hann þekti sjálfur og virti svo mjög og naut virðingar hans, Magnús sjálfan

Digitized by Google

lagabæti. Sagan um hann er nú því miður aðeins til í brotum og þeim litlum; en hún hefur verið jafnnákvæm og mikils virði sem hin um Hákon. Það er hin síðasta saga um norrænan konúng, og höfðu þar með Íslendíngar ritað sögu um Noreg og höfðíngja Noregs frá því fyrir allar (sögulegar) aldir og niður að 1280. Sagan um Magnús er rituð um eða eftir 1280 og eftir samskonar heimildum og sagan um Hákon og svo viti og reynslu Sturlu sjálfs.

Að hve miklu leyti Sturla hefur átt við önnur og eldri rit, en áður eru talin, vitum vjer ekki, en eigi er það óhugsandi. Líklega hefur hann og átt þátt í samsetníngu Járnsíðu, en um það vitum vjer ekkert.

Sjötta grein.

Fornaldarsögur Norðurlanda.

Árin 1829—30 gaf Fornfræðafjelagið út 3 bindi af sögum, er það nefndi Fornaldarsögur Norðurlanda, og þýddi orðið fornöld þar þá tíma, sem eru eldri en sá er vjer höfum sannar sögur frá, eða með öðrum orðum tímana fyrir 800; á þeim tímum áttu þessar sögur að gerast. Orðinu Norðurlanda var bætt við til þess að benda á, að efnið var af norrænni rót og að þær gerðust innan endimarka hins norræna kynflokks. Hvorugt nafnið er þó í rauninni rjett; flestar af þessum sögum eru fullkominn tilbúníngur og aðalmenn þeirra hafa aldrei til verið hvorki fyrr nje síðar; svo finst oft í þessum sögum ýmislegt, sem alls ekki er af nor-

Digitized by Google

rænum toga spunnið. Nafnið er þó ekki með öllu óheppilegt og má vel halda því.

Mjög snemma hafa verið til sögur og þjóðsagnir um fyrri menn og fyrri tíma; þær voru ekki sannar, en sögukjarni gat vel verið í þeim; þessir menn voru fornar hetjur, og gengu um þá margar frásagnir og gátu þær allavega ýkst og blandast; það sem var sagt um einn, var síðar eða í öðru hjeraði sagt um annan. Þess konar sagnablendingur birtist ljóslega í Eddukvæðunum t. d. Við þessar sögur blönduðust svo þjóðtrúar sögur af ýmsu tagi. Og svo var alt sagt sem ein saga og smámsaman aukið enn við. Af öllu efninu er valla nokkurt orð sannsögulegt og ekkert nema nafnið sjálft á aðalhetjunni, ef það var það þá.

Þess konar sögusamsetningur var snemma skemtunarefni; hinar elstu sagnir um það stafa frá Reykjahólabrúðkaupinu (1119). Þá er sagt, að Hrólfur bóndi á Skálmarnesi hafi sagt sögu af Hröngvið víking og Ólafi liðsmannakonúngi, haugbroti Þráins berserks og Hrómundi Gripssyni og margar vísur með; þetta er alt sama sagan, Hrómundarsaga, og er hún enn til, en ekki þó í þeirri frummynd, sem hjer er átt við; þá sagði og Ingimundur prestur Einarsson sögu Orms barreyjarskálds og vísur margar og flokk við enda sögunnar eftir Ingimund sjálfan. Þar segir og, að Hrólfur hafi sjálfur saman sett sína sögu, og ennfremur, að með henni var skemt Sverri konúngi og á hann að hafa nefnt „slíkar lygisögur skemtiligastar“. Þegar þetta var ritað, hafa menn haft ljósa hugmynd um eðli þessara sagna, að þær voru ósannar. Vjer fáum hjer

Digitized by Google

líka góða fræðslu um, að þess konar sögur voru þá þegar einstakra manna tilbúningur, og sjáum, hvernig þær voru settar saman af sögnum og þáttum, sem frá upphafi áttu ekki saman. Vjer finnum ýmsar frásagnir um eldri sögur af líku tagi; þær hafa oft verið staðasagnir bundnar við sýnilegar fornaldarmenjar t. d. hauga og þess konar. Fyrir sunnan Hákonarhellu í Noregi var Vatnarshaugur; kaupmaður einn, er sigldi þar fram hjá, sagði þá sögu Vatnars; það hefur eflaust verið fornaldarsaga. Líkt kemur víðar fyrir. Í þessu máli skal og þess getið, að um stjúpmæðrasögur talar Oddur múnkur í formála sinnar bókar sem skemtisögur, en talar óvirðulega um þær; í þessum sögum hafa komið fyrir illar stjúpmæður og álög, og koma þær oft fyrir í fornaldarsögunum og í þjóðsögum vorum. Um 1200 hefur eflaust til verið allur fjöldinn af þess konar sögum á vörum manna bæði í Noregi og á Íslandi; ef þær voru vel sagðar, gat verið góð skemtun að þeim eins og sjest af því, sem segir um Sverri; hafa þær eflaust smámsaman breytt smekk manna, þegar fór að líða á 13. öldina og hinar sönnu sögur voru orðnar alkunnar og menn nokkuð mettir á þeim. Þó voru þessar sögur ekki álitnar þess verðar að vera færðar í letur fyrr en seint á 13. öld, þegar búið var að semja svo að segja öll frumrit og ekki var hægt að gera annað en rita þau upp aftur og aftur.

Það er sagt um Sturlu Þórðarson, að hann hafi 1263 skemt Magnúsi konúngi og mönnum hans með Huldarsögu; af þeim orðatiltækjum, er þar um eru höfð, mætti ráða, að Sturla hafi haft söguna

Digitized by Google

ritaða (konúngur bað hann koma til sín og „hafa söguna með sér“). Um 1300 hefur það víst orðið tíska, að rita þær á bækur og lesa þær og skemta með þeim. Grímur prestur Hólmsteinsson (d. 1298) kvartar sáran yfir „heimskra manna þokka, þeira sem alt þykkir þat lángt, er frá Krists köppum er sagt, ok skemtaz framar með skröksögur“. Eftir 1300 var farið með þessar sögur eins og allar aðrar, að þeim var margvíslega breytt og nýjum þáttum skotið inn, enda var ekkert hægara; alveg nýjar sögur voru þar að auk búnar til. Svo voru rímur ortar út af þessum sögum, og eru þá stundum frumsögurnar týndar; var þá aftur í einstöku tilfellum enn búin til ný saga eftir rímunum; þetta heyrir alt eiginlega næsta þætti, en varð þó að geta þess hjer; með því að efnið í flestum fornaldarsögunum er eldra en 1300 og þær margar ritaðar fyrr, tökum vjer þær allar til athugunar hjer í einu lagi, með því að þær heyra allar mjög náið saman.

Gerðin á þessum sögum er hin vanalega. Segir fyrst af uppruna aðalsögumannsins og svo frá athöfnum hans til dauðadags, en það er einkennilegt fyrir flestar af þeim, að þær enda vel og ólíkt Íslendingasögum. Sumar af þeim eru fremur einfaldar að efni og gángurinn í þeim blátt áfram; aftur eru aðrar eða flestar mjög svo fullar af alls konar viðburðum, svo að einum er hrúgað ofan á annan og stundum eins og aldrei sje nóg komið — hernaður og víking, hættulegar ferðir á sjó og landi, einlægir bardagar og þrautir, viðureign við víkinga, berserki og járnhausa, tröll og óvætti, torfærur og villidýr og ýmsar yfirnáttúrlegar verur. Þótt sagan

Digitized by Google

gerist eiginlega í einu landi, fer hún þó víða um, og eru það þá einkum löndin fyrir austan Eystrasalt og við Gandvík; þessi lönd verða kynjalönd og full af tröllum og trölldómi. Sjaldnast fara þessar sögur í vesturveg, og enn sjaldnar til annara landa í norðurálfunni (t. d. Grikklands). Mönnum er lýst í þeim og oft allrækilegar og beinna en í sönnum sögum, og er eins og höfundarnir hafi fundið, að það var ekki nóg að láta framkomu þeirra lýsa þeim. En þessir menn eru öðruvísi en í sönnu sögunum, þar sem hver sál hefur sín einkenni. Hjer eru allir eins eða eins og steyptir í sama móti; sömu eiginlegleikarnir, sama hreystin, voðaaflið og þrautseigjan er ætið hin sama; þetta er eðlilegt; það er líkt með þessa menn og þá í eddukvæðunum; ekkert annað var hægt en að búa sjer til fyrirmyndarmenn og veita þeim alla mannlega prýði og kosti, og af því alt sem átti sjer stað í fornöld var betra og glæsilegra en það sem samtíðin þekti, þá voru þessir menn eiginlega meiri en menn; þeir hafa þúng og löng sverð (oft töfrasverð) og þreytast aldrei, þótt þeir berjist allan liðlángan daginn og hafi „báðar hendur blóðugar til axla“; þeir höggva marga menn í einu og ætið ofan í jaxla eða helst enn lengra; þeir gánga aftur og fram í gegnum fylkíngar og vinna sigur að lokum, hvaða illþýði sem þeir eiga við, stundum ferst þeim illa, en þá kemur þeim ætíð hjálp. Þeir eru allir eins. Þótt athafnirnar sjeu margar og fremur tilbreytíngamiklar, þá lýsa þær og mennirnir fremur andlegri fátækt og skorti á ímyndunarafli, því að satt að segja eru höfuðviðburðirnir fáir og hinir sömu,

Digitized by Google

hvort sem heldur er um það að ræða, t. d. að sækja gersimar í heiðin hof eða horfnar konúngadætur í tröllahendur. Annars koma konúngadætur mjög oft fyrir í þessum sögum, og valda þær einatt ferðum og bardögum. Konúngasynir eru flestir aðalmennirnir, og eru þeir hraustir og vitrir; við hliðina á þeim er stundum bóndason, sonur „karls og kerlingar í koti“, og er hann þá oftast slúnginn og duglegur. Í sögunum eru ástir oft meginþráðurinn (Friðþjófss., Hálfd. Eyst. osfrv.) og er Friðþjófssaga fegursta og hreinasta mansagan. Þar er oft talað um ástir milli menskra manna og tröllkvenna; þær eru þá stundum menskar konur í álögum, álögin eru aftur illum stjúpmæðrum að kenna. Tröllkonum er oft hjálpað í bágindum þeirra eða hættu og reynast þær þá trúfastar og hjálpsamar, mestu tryggðatröll og þarf ekki annað en nefna þær, eins og Þór forðum, til þess að þær sje óðar komnar. Annars eru tröll og jötnar mönnum mjög óvinveittir og oft verstu mannætur, einkum þeir gömlu (hjónin), og seiða til sín menn og skip. Oft koma og fyrir dvergar og hin ágætu smíð þeirra, hringar og vopn; þeir eru og oft vinveittir og tryggir, einkum hafi þeim verið sýndur góðvilji eða hjálpað, en sje þeim þröngvað, hefna þeir sín með álögum, t. d. á vopnin (níðingsverk). Þeir eru afarvitrir. Loksins má nefna berserkina: þeir eru ætíð þrjótar, ljótir og viðbjóðslegir, ósvífnir og heimtufrekir og ætíð til ills búnir, en þeir fá líka ævinlega makleg málagjöld, og er eins og maður finni ánægju söguhöfundarins út af því.

Eins og menn og viðburðir eru allir líkir og

Digitized by Google

með sama markinu brendir, eins er og með nöfn þau, er fyrir koma; þau eru oft hin sömu og er þá oftast auðsjeð, að þau eru löguð eftir nöfnum í sönnum sögum; konúngar heita Hríngur, Herrøður, Hálfdan, Haraldur, Agnar, Eiríkur, Hrólfur osfrv.; konúngadætur Íngibjörg og Íngigerður, Ása (Æsa) osfrv.; konúngar í Vallandi heita Vilhjálmur, í Englandi Ella, Hárekur í Bjarmalandi; ráðgjafar heita Björn osfrv. Stöku nöfn eru táknunarnöfn (Mjöll, Drífa, Glóð, Eimyrja). Jötunmeyjar heita Skinnnefja, Arinnefja, Skellinefja (og allar eru þær eins klæddar); Kolur og Sóti heita berserkir og þrælar. Alvanaleg íslensk nöfn koma sjaldan fyrir.

Mart af þessum nöfnum eða flest á rót sína í hinum sönnu sögum, eins og sagt var. En það er miklu fleira, sem þaðan er runnið, beinlínis eða óbeinlínis, og þá úr þeim sögunum, er tíðlesnastar voru, t. d. Ólafssögu helga. Allar Bjarmalandsferðirnar eiga rót sína þar og eru stælingar af þeirri ferð, sem þar er lýst svo vel og rækilega, og svo mætti telja ótal einstakra viðburða og söguminja. Það er því ljóst, að hjer er ekki að neinu ráði að ræða um virkilegar gamlar arfsagnir, heldur tóman tilbúning frá síðari tímum eftir skrifuðum bókum. Höfundar þessara sagna hafa yfir höfuð næsta litla hugmynd um forna tíma, venjur og hætti, hið forna líf yfir höfuð, og þeim verður oft á að tala um hluti, sem alls ekki gátu tilheyrt svo gömlum tímum; þess kennir jafnvel oft, að ýmislegt úr riddarasögum, útlent, er tekið upp í þær; það er talað um herspora, lásboga, albrynjaða hesta, turniment, stræti í borgum og háa borgarturna,

Digitized by Google

drómunda í Írlandshafi, ofna í húsum; og svo lítið vit hafa sumir höfundarnir, að þeir geta látið hvítabirni vera að svamla í Eystrasalti. Þeir kunna ekki að bregða fornaldarblæ á menn sína og viðburði og syndga hvað á fætur öðru móti góðum og gömlum fornaldaranda. Það eru ekki hinir ágætu söguhöfundar á 12. öld, sem hjer hafa fjallað um. Þó finnast í einstöku sögum góðar og fornar minjar, t. d. Ætternisstapinn í Gautreks sögu, enda er sú saga að mörgu hin einkennilegasta.

Baráttunni milli kristni og heiðni ber yfir höfuð lítið á, enda eiga flestar þessar sögur að gerast löngu fyrr.

Framsetningin er að öllu samtöldu góð og liðleg; enda var hægur hjá, þar sem svo ágætar sögur voru skapaðar fyrir löngu. Samsetningin sjálf er fremur góð og gott orsakarsamband, góður þráður í sögunni, hvað sem öðru líður um innra eðli viðburðanna. Og eins er orðfærið fremur liðugt og málið hreint; þó má oft finna merki þess, að sögurnar eru ritaðar seint, því að yngri orð koma ósjaldan fyrir og sömuleiðis almúgaorð, er aldrei finnast í hinum eldri sögum; um þetta verður reyndar varlega að dæma, því að mart af þessu getur verið síðari riturum að kenna, með því að flest handritin heyra til hinna yngstu, frá 14. öld og þaðan af yngri.

Höfundarnir koma sjaldan eða aldrei fram sjálfir og er erfitt eða ómögulegt að fá af þessum sögum nokkra hugmynd um þá framar en þá allraalmennustu að sýna, að hverju þeir hentu mest gaman, en það er reyndar ekki annað en það sem samtíð

Digitized by Google

þeirra geðjaðist mest að. Þeir eru túlkar hennar og þjónar. En það er óhætt að segja, að þeir hafa ætlast til að sögurnar litu svo fornlega út og sennilega, sem hægt var. Þess vegna fylla sumir þeirra þær með vísum, er þeir sjálfir ortu og stældu þá eldri kvæði eða notuðu kvæði, sem voru eldri en sagan, en þó ekki forn.

Þess eru ýmsar líkur, að velflest af þessum sögum sje upp runnið á vesturlandi (og suðvesturhluta landsins); þaðan eru flest handritin að minsta kosti ættuð, og fleira mætti nefna.

Þessum sögum má skifta með ýmsu móti; vjer kjósum hjer að flokka þær eftir því, hvort nokkur sögukjarni er í þeim, hvort þær eru tengdar við ákveðnar ættir í Noregi og á Íslandi, eða þær eru með öllu tilbúningur, og hnýtum svo þar við sögum um fornhetjur Dana og um fjarlægari lönd og viðburði.

A. Sögur, er snerta Noreg og menn, er ætla má að hafi til verið.

Hálfssaga (eða sagan af Hálfi ok Hálfsrekkum). Aðalhetjan er Hálfur (þ. e. Há-Álfur) konúngur á Hörðalandi, og er fyrst skýrt frá forfeðrum hans, og í sambandi við þá frá Víkari konúngi, er gefinn var Óðni. Aðalsagan um hinn volduga víkingakonúng, Hálf sjálfan, er ekki mikil eða viðburðarík, og eiginlega ekki annað en um hin síðustu viðskifti hans og Ásmundar konúngs, mágs hans; Ásmundur brendi Hálf inni og alla hans rekka nema tvo og hefndi annar þeirra hans, Hrókur hinn svarti. Sonur Hálfs var Hjörr faðir Heljarskinnanna, og eru hjer auðsjáanlega íslenskar ættarsögur, þótt rýrar

Digitized by Google

sjeu. Um Hálf hafa eflaust áður gengið miklar sagnir, en þær hafa flestar verið týndar, er sagan var rituð. Þó eru í henni nokkrar góðar minjar, sumt auðvitað úr þjóðtrúnni tekið. Sagan er ekki allúng og vel samin, orðfærið gott.

Hrómundar saga Greipssonar. Þessi saga var, eins og áður var getið, sett saman af Hrólfi bónda í Skálmarnesi á öndverðri 12. öld; frumsagan er týnd, en sú saga, sem nú er til, er gerð eftir rímunum fornu, og því allúng og að því skapi ófullkomin. Hrómundur hefur vafalaust lifað og verið frá Þelamörk. Björnólfur, afi Íngólfs, var sonur hans samkvæmt Landnámu. Sjálfur er hann í sögunni látinn vera dótturson Hróks svarta. En ekkert af því, sem segir um Hrómund, er sannsögulegt, og er mörgu blandað saman, sem aldrei hefur átt saman. Lángmerkust er sagan fyrir það, að í henni felst að nokkru hið forna valkyrjuefni, er var aðalefnið í hinum týndu Káruljóðum. Kára er valkyrja Helga haddíngjaskata, en hann er heillum horfinn, særir valkyrju sína (í svanslíki) og missir lífið. Sagan lýsir vel og innilega ástum Hrómundar og Svanhvítar konúngsdóttur, en hin fagra valkyrja er hjer orðin að frillu. Alt um það er þessi saga ein hinna merkari fornaldarsagna og ilt að hún er ekki til í frummynd sinni.

Gjafa-Refssaga ok Gautreks konungs. Þessi saga snertir sjerstaklega Rogaland og Gautland. Eins og hún er nú, er hún í 3 þáttum, og á miðþátturinn upphaflega ekki heima í henni, heldur er honum síðar skotið inn, og er hann mest um niðja Friðþjófs frækna og deilur þeirra við Víkar

Digitized by Google

nokkurn og er þar við skeytt sögnum um Starkað gamla. Í fyrra frumþættinum er sagt frá Gauta konúngi í vestra-Gautlandi og fólki nokkru furðu einkennilegu úti í skógi; hann rakst á það og var þar nokkra stund og átti þar son við Snotru, dóttur bónda; það var Gautrekur. Kaflinn um þetta fólk er eitthvert það skemtilegasta og geðugasta í öllum þessum sögum og æði fornaldarkent. Síðari frumkaflinn er um Gautrek konúng og Gjafa-Ref og hinn níska jarl, Nera á Upplöndum, og viðskifti þeirra, og er sá kaflinn og allskemtilegur og hefur í sjer forn og góð minni. Mannlýsíngar eru hjer með besta hætti og með sjereinkennum, sem annars á sjer örsjaldan stað, sem áður var sagt.

Sögur um Hrafnistumenn. Það eru forfeður Mýramanna og annara, og heyra hjer til 4 sögur alls, þó ekki allar jafngamlar, en sumar allmerkar. Það eru sögurnar um Ketil hœng, Grím loðinkinna og Örvar-Odd feðga, og svo Án bogsveigi, föður Helgu, konu Gríms (samkvæmt Landn.). Sagan um Ketil er fremur ómerk; hann er kolbítur, en reynist hraustur og harður, og segir mest frá viðureign hans við flugdreka og risa og sjálfan Gusi konúng; af honum tekur hann Gusisnauta; með Hrafnhildi risadóttur á hann Grím. Sagan um hann er mest um, hvernig hersisdóttirin Lopthæna, heitmey hans, hvarf og hvernig Grímur náði henni úr tröllahöndum. Annars er sagan fremur ómerk. Merkust þessara sagna er Örvar-Oddssaga. Örvar-Oddur á að hafa verið sonur Gríms, en það er líklega síðari tilbúningur. Oddur er upphaflega sjálfstæð sagnahetja og ættaður af

Digitized by Google

Jaðri. Það má líkt segja um hann og Gretti að hann var á eilífum ferðum og var því nefndur hinn víðförli og að öllum hugsanlegum ævintýrum og þrautum hefur verið hrúgað á hann og alls konar fornminni fest við hann. Mesta frægðarverkið hans var Bjarmalandsferðin. Sá sem fyrstur fór og fann hinn langa og hættulega sjóveg norður fyrir allan Noreg og inn í Gandvík hlaut að verða frægur fyrir; vjer vitum vel, hver hann var; hann hjet Óttar og var frá Hálogalandi og lifði á síðara hluta 9. aldar; íslensk rit þekkja hann ekki. Það er eflaust minníngin um þessa frumferð, sem hefur fest sig við Odd af Jaðri hinn víðförla. Hann fer um flest lönd norðurálfunnar, lifir 300 vetra, en ber þó beinin þar sem hann var upp alinn; svo var fyrir honum spáð, og enginn vinnur sköpunum. Oddur á einn aðalóvin, Ögmund Eyþjófsbana, og er hann nokkurs konar illur örlagaandi. Loks vinnur Oddur Bjálkaland og fær dóttur konúngs í Húnalandi, Silkisifjar (sbr. Ellisif og Harald). Sagan er til í ýmsum líkjum, en það er auðsjeð, að ritarar hafa altaf aukið hana meira og meira. Einna merkastur kaflinn er sá, er segir frá Oddi og Hjálmari hugumstóra og viðureign þeirra við Arngrímssyni. Oddur er sem maður mildur og góður og einn af þeim sem ekki vilja trúa á goð og spádóma, heldur á mátt sinn og megin; samkvæmt lunderni hans er því ekki að undra, þótt hann að síðustu láti skírast. Sagan er ein af þeim, sem fyrst hafa verið færðar í letur af þess kyns sögum og enn til í elstu handriti.

Ánssaga bogsveigis segir mest frá deilum

Digitized by Google

Áns við Íngjald konúng Ólafsson í Naumudal; Íngjaldur var illur maður og ljet drepa Þóri, bróður Áns. Viðurnefni sitt fjekk hann af því, hve góður bogmaður hann var. Hann á son, Þóri hálegg, við bóndadóttur, er Drífa hjet, og lætur Ánn hann drepa Íngjald. Alt endar vel að lyktum; Ánn giftist og býr á óðulum sínum. Sagan er allskemtilega rituð, einkum er kaflinn um Án og Drífu og Ketil hirðmann gamansamur. Sagan er fremur einföld, en handritin eru ekki vel góð, en svo er oftar.

Sögur úr Sogni. Þær eru tvær og eru þó mjög misjafnar, en heyra þó að því leyti saman sem þær segja frá feðgum, Þorsteins saga Víkingssonar og Friðþjófssaga. Þorsteinssaga er vafalaust miklu yngri en Friðþ.s. og samin til að vera nokkurs konar inngángur til hennar. Hún er bæði um Víking, föður Þorsteins, og sjálfan hann og full af alls konar fornsagnasögum, ferðum, bardögum, deilum um konúngsdóttur, berserkjadrápi osfrv. Sagan fer mest fram í Noregi og Svíþjóð, en er fremur ómerkileg. Alt öðru máli er að gegna um Friðþjófssögu; hún er stutt og einföld ástarsaga Friðþjófs og Íngibjargar og um viðskifti hans og bræðra hennar; þeir vildu ekki gifta honum systur sína, en urðu neyddir til að gifta hana Hríngi konúngi afgömlum; alt endar þó vel; Friðþjófur fær bæði hana og ríkið eftir Hríng dáinn. Sagan er vel sögð og ágætir kaflar í henni, t. d. sá um vesturferð Friðþjófs á Ellíða og dvöl hans hjá Hríngi konúngi. Mannlýsíngar eru góðar og alt yfir höfuð mannlegt í sögunni, litlar sem engar ýkjur, og má

Digitized by Google

telja með hinum bestu. Friðþjófur er hraustur og harður, riddaralegur í lund, og Íngibjörg er trúfestin sjálf bæði andspænis Friðþjófi og Hring; Hringur er líka mjög skapfeldlegur; þar á mót eru bræðurnir lyddur og litilfjörlegir, og er þeim líka vel lýst. Hitt er satt, að höf. hefur ekki verið vel að sjer um forna tíma, er hann lætur Eyjajarla vera þá skattgilda undir konúng í Noregi. Hvort nokkuð satt sje í sögunni, hvort Friðþjófur hafi lifað, er alls óvíst, og eru margir á því að svo hafi ekki verið. Vjer höldum þó, að eitthvað sögulegt hafi sagan að styðjast við og staðalýsingar við Sognsæ eru merkilega rjettar.

B. Sögur, er að öllu leyti eru tilbúningur. Aðalmenn þessara sagna eiga að vera norðrænir menn, en eru víst allir tilbúnir, og sögurnar fara að mestu leyti fram á norðurlöndum; þó finst í þeim mart tekið úr útlendum frásögnum og ævintýrum, og jötnar og stjúpmæður koma hjer einatt fyrir.

Hrólfs saga Gautrekssonar er skemtileg saga að efni. Hún á að vera áframhald af Gautrekssögu. Hrólfur og Ketill bróðir hans eru aðalmenn og að lyndisfari hvor öðrum ólíkir. Aðalefnið er bónorðsför Hrólfs til Svíþjóðar og erfiðleikar við hana. Konúngsdóttirin er hörð í skapi, nokkurs konar skjaldmær, og verður hún að beygja sig að lokum; sagan endar með 3 brúðkaupum og sagt nánar frá öllum. Í þessari sögu kemur fyrir ferð til Írlands. Þar er í skemtilegur þáttur um Þóri járnskjöld. Sagan er með þeim eldri.

Digitized by Google

Hálfdanarsaga Eysteinssonar er saga um óaflátanlegar þrautir, ferðir og ástir, og er sumt þar í alleinkennilegt (glófaminnið); hún fer mest fram austan við Eystrasalt. Það litla sem er einkennilegt og skáldlegt druknar þó næstum því í allri hinni þrauta- og viðburðahrúgunni. Svo er alt sett í samband við Gullþórissögu að lyktum, en svo hefur valla verið í frumsögunni.

Sturlaugs saga starfsama. Sturlaugur hersisson úr Naumudal er aðalmaðurinn og Ása hin fagra jarlsdóttir; hún er fóstruð af Véfreyju, fornri fósturmóður, og er hún góðviljuð Sturlaugi og hjálpar honum; hann giftist Ásu en ekki fyrr en eftir margar þrautir og bardaga. Sturlaugur verður að lyktum konúngur í Svíþjóð, og þar með ætti sagan að vera búin; en svo er hnýtt við kafla um úrarhornið og uppruna þess; er hann líklega yngri viðauki.

Göngu-Hrólfssaga er einhver hin víðáttumesta sagan að efni, viðburðum og sögusvæði. Og eins er í henni mart af útlendum rótum runnið (t. d. hesturinn Dúlcifal), og er hjer hrúgað saman öllum mögulegum sagnaminnum og þjóðtrúarþáttum. Eitt aðalatriðið er viðskifti Hrólfs (hann á ekkert skylt við Göngu-Hrólf, er vann Normandí) og hins danska bóndasonar Vilhjálms; hann fær vald yfir Hrólfi, fer illa með hann og notar hann sem þjón, og er aðalhetjan hjer lengi í niðurlægingarástandi, og þó er Vilhjálmur væsklingur og til einskis nýtur nema raupa. Alt endar þó eftir allar þrautirnar vel og Hrólfur fær konúngsdóttur.

Digitized by Google

Hjer finnast verur sem Grímur ægir, höfðingjar sem Menelás frá Tattaríinu osfrv.

Bósasaga hefur sín einkenni fyrir sig. Konúngsson og karlsson eru vinir, en komast í fjandskap við konúng og eru ætlaðir til dráps. Hin gamla Busla bjargar þeim (Buslubæn), og verða þeir að vinna ýmsar þrautir og sigrast þeir á öllum. Hjer er hættuleg Bjarmalandsför, Jómálinn ræntur. Á einni af ferðunum hittir Bósi bóndadóttur og er viðureign þeirra lýst svo, að slíkt kemur aldrei fyrir í neinni annari sögu (sbr. kvenna-Bósi), og er hjer enda endurtekið tvisvar, en það mun ekki hafa verið svo í frumsögunni. Annars er ekki mikið í söguna varið; mart eða flest af söguatriðunum er útlent.

Fósturmæðra sögur og tröllkvenna um leið eru þessar:

Egils saga ok Ásmundar. Egill og Asmundur eru norðrænir konúngasynir og hefst sagan — og er það einstætt — mitt inni í æviferli þeirra, og kemur það til af því, að þeir eiga að fá tækifæri til að segja sögu sína tröllkonu nokkurri, þeirri, er Egill eitt sinn hafði hjálpað og mist hönd sína; hún hafði geymt höndina og haldið henni lifandi og græðir hana nú við stúfinn. Annars er aðalefnið að leita að tveimur horfnum konúngsdætrum úr Garðaríki; þeir finna þær með hjálp hinnar tryggu tröllkonu, og giftast þeim. Ýmislegt útlent finst hjer, t. d. Polýfemussögnin í Ódýsseifskviðu og fleira. Hjer er og sagt frá einkennilegri fóstbræðrasögu og fleiru ekki ómerkilegu (frá Þór og tröllkonu).

Digitized by Google

Hálfdanar saga Brönufóstra. Hálfdan og Íngibjörg eru konúngsbörn úr Danmörku og verða að flýja land og fara til Bjarmalands. Hálfdan er svo í víkíng, kemur eitt sinn að tröllabyggð og er vetur hjá Brönu, sem síðan hjálpar honum vel og dyggilega. Hálfdan fer til Englands og fær þar ást Marsíbilar með grösum Brönu og Íngibjörg giftist Eiríki af Miklagarði, er kominn var að biðja Marsíbilar. Sagan er fremur ómerk að öllu samtöldu og ekki nærri eins skemtileg og margar hinar.

Illhuga saga Gríðarfóstra. Illugi karlsson og konúngsson eru vinir líkt og í Bósasögu; illur ráðgjafi rægir þá og þeir fara í víkíng, komast í tröllabyggðir og eru hjá Gríði tröllkonu um vetur og dóttur hennar. Sú reyndin verður á, að þær eru menskar konur og í álögum. Alt endar vel með brúðkaupum og friði. Þessi saga er heldur ekki sjerlega merkileg.

Að lyktum skal hjer nefnd Hjálmtérs saga ok Ölvis. Hún er furðanlegur blendíngur af mörgu, en eiginlega er hún stjúpmóður og álagasaga um konúngsbörn, er leysast úr álögunum, og alt endar vel. Hjálmtjer konúngsson og Ölvir jarlsson eru annars vegar aðalmennirnir, Hörður nokkur hins vegar, og er hann í álögum og þjónar hann stallbræðrunum vel og trúlega. Sagan er að vísu mjög úng og eflaust langt frá því að vera í frummynd sinni, en hún er þó engan veginn ómerk og það eru í henni skáldleg fornminni.

Digitized by Google

C. Sögur er snerta Danmörk og önnur lönd.

Hrólfs saga kraka er aðeins til í pappírsbókum og er mjög úng. Hún segir frá forfeðrum Hrólfs, en hann er aðalmaðurinn í síðari hlutanum. Þó segir lítið af honum nema af Uppsalaför hans og viðureign við Aðils konúng og svo frá hinum síðasta bardaga hans og falli. Inn í söguna er skotið alllöngum þáttum um Svipdag og Böðvar-Bjarka, er slíta þráð sögunnar. Ýms fornminni eru hjer og aðalatriðin finnast í dönskum fornsögum, en sem saga er Hrólfss. því miður mjög úng, og hefur miklu betur verið skýrt frá öllu í Skjöldunga-sögu. Sumir þættir sögunnar eru betur sagðir en aðrir og eru víst ekki allir jafngamlir.

Ragnars saga loðbrókar og Ragnars-sonaþáttr. Um Ragnar loðbrók, er hefur verið konúngur á 9. öld, hafa snemma myndast miklar sögur og svo hafa þær stöðugt aukist, svo að alt, sem nú finst um hann, er tómur tilbúningur; það sem í sögunni stendur er í rauninni ekki annað en það, hvernig hann fjekk fyrst Þóru borgarhjartar og síðan Kráku-Áslaugar, er átti að vera dóttir Sigurðar og Brynhildar, og svo sagan um hina síðustu herferð hans til Englands, dauða hans í ormagarði Ellu og hefnd sona hans. Inn í hana er skotið frásögnum um sonu hans og segir sjerstaklega frá þeim í þættinum. Sagan er ekki mjög forn og hún er ekki frumsagan, heldur yngri uppsuða úr henni; það sjest á þættinum; það sem þar segir er fornara og upphaflegra og eflaust tekið úr frumsögunni. Sagan byrjar nú nokkuð ósögulega og kemur

Digitized by Google

það til af því, að hún er í handritum látin vera beint áframhald af Völsúngasögu. Þátturinn er samtíningur úr ýmsu og jafnvel útlendum ritum og er þýðingarmestur fyrir það, að hann sannar tilveru hinnar eldri Ragnarssögu.

Sögubrot af fornkonungum er nefnt brot eitt um fornkonúnga Danmerkur, er vafalaust hefur verið notað sem inngángur til Knytlíngu. Það hefst í sögu Ívars víðfaðma og segir frá honum og Auði dóttur hans; mann hennar drap Ívar og flýði hún þá til Garðaríkis með Harald son sinn (hilditönn) og giftist þar aftur. Svo segir frá dauða Ívars og, eftir mikla skellu í handritinu, frá Haraldi hilditönn og Brávallarbardaga, en þar hættir aftur í miðju kafi. Þessi saga hefur mart af ágætum fornminnum, og þó er ljóst, að hún er heldur úngt rit í þeirri mynd, sem hún er nú í, og byggist hún á hinni gömlu Skjöldúngasögu. Henni hefur verið skeytt framan við Knytlingasögu en valla af höfundinum sjálfum.

Hervarar saga ok Heiðreks konungs er með hinum merkilegri sögum; hún er til í tveimur líkjum og þeim allmismunandi. Sagan í öðru handritinu (í konúngsbókhlöðu) er að öllu upphaflegri, en í Hauksbók er hún að miklu sjálfstæður tilbúníngur, samansett eftir minni manns, er hefur heyrt hana lesna eða sagða; hjer er frásögnin víða ruglíngsleg, og fram yfir hana hefur hin alla söguna um Sámseyjarbardaga þeirra berserkja við Hjálmar og Örvar-Odd; í Hauksbók er þar farið fljótt yfir sögu. Fyrst segir frá þeim bræðrum og undrasverðinu Tyrfíng; það hefur líka þýðíngu hjer sem

Digitized by Google

Fáfnisgullið í Sigurðarsögu. Hervör, dóttir Ángantýs, er nokkurs konar skjaldmær og fær sverðið hjá föður sínum dauðum, og lætur hún engan draugagáng aftra sjer frá að heimsækja haug hans. Svo giftist hún Höfundi, syni Guðmundar á Glæsisvöllum, og eru þeirra synir Heiðrekur og Ángantýr. Heiðrekur er illur þegn og drepur bróður sinn, flýr svo land og hefur Tyrfing, kemur til Reiðgotalands og giftist Helgu dóttur Haralds konúngs og á við henni Ángantý; annan son á hann, Hlöð. Heiðrekur verður nú smámsaman að betra manni; hann er ákaflega vitur maður og getur t. d. ráðið allar gátur. Gestumblindi bóndi fær ónáð hans og á að leysa höfuð sitt með því að bera upp gátu, er Heiðrekur geti ekki ráðið; Óðinn hjálpar honum og fer í hans líki og á gátudeilu við Heiðrek (sjá framar 190. bls.). Skömmu síðar var konúngur veginn af þrælum (hefnd Óðins); Ángantýr verður konúngur, en nú kemur Hlöður hálfbróðir hans og krefur landa og arfs, en er hann neitar kostaboðum Ángantýs, slær í voldugan bardaga með þeim, og er hann merkur af því, að það er hinn mikli bardagi á Katalánsvöllum við Húna, er hjer er átt við; Hlöður fellur og Húnar flýja og er það endir sögunnar. Upphaflega hefur ef til vill verið meira, t. d. um hvað loks varð af skaðræðisgripnum Tyrfingi. Þessi saga er með þeim merkustu bæði að efni og mannlýsingum, og má vel tala hjer um menn, hvern með sínum einkennum; einkum er það þó Hervör sjálf og Heiðrekur konúngur, sem á ber. Sagan er full af ýmsum merkum og

Digitized by Google

góðum fornminnum; hún er eflaust færð í letur um eða eftir miðja 13. öld.

Ásmundar saga kappabana er stutt og laggóð saga um bræður tvo, Ásmund og Hildibrand; þeir eru ekki samfeðra og alast ekki upp saman. Aðalviðburðurinn er sá, að hálfbræðurnir eiga víg saman og fellur Hildibrandur; þeir þekkja ekki hvor annan. Er auðvitað skýrt frá aðdragandanum til þessa sorglega vígs. Hildibrandur var alinn upp meðal Húna og varð konúngur þeirra. Hann fellir Álf Dana konúng; dóttir hans Æsa giftist Ásmundi og hann vill hefna tengdaföður síns. Hildibrandur mælir vísur nokkrar rjett fyrir andlát sitt, og fær þá Ásmundur að vita, hver hann er; þær eru með elstu vísunum í þessum sögum. Í þessari sögu eru efalaust forn minni, ættuð frá Þýskalandi, um ófrið milli Dana og Saxa, og svara bræðurnir til fornhetja í þýskum sögnum. Sagan er ekki nú í frummynd sinni til.

Völsúngasaga. Þessi saga er alveg sjerstæð meðal þessa sagnabálks eftir uppruna sínum. Fyrstu 8 kapítularnir eru um Siga, Rera og Völsúng, en sonur Völsúngs var Sigmundur, faðir Sigurðar fáfnisbana. Efnið í þessu upphafi finst ekki annars staðar og vita menn ekki um, hvernig á því stendur, en þar eru ekki allfá góð fornminni. Sumt af efninu er ef til vill tekið úr týndum kvæðum. Það sem nú fer á eftir þessu er að mestu tekið úr fornum kvæðum, og þekkjum vjer lángflest þeirra, en það eru einmitt eddukvæðin, er vjer höfum, um Helga hundingsbana, Sigurð og Gjúkúnga, og hefur þeim verið snúið í sögu hjer í óbundnu máli. Sumum

Digitized by Google

kvæðunum er slept eða höfundurinn hefur ekki þekt þau, stundum eru tvö kvæði um líkt efni (t. d. Atlakvæðin) tvinnuð saman. Þetta var ekki vandalaust verk, og verður þó ekki sagt annað en að höf. hafi tekist það vel yfir höfuð. Sagan er á heldur góðu máli; þó bregður yfir það stundum dálitið öðrum blæ en daglegs sögumáls, og er þá eins og hin skáldlega framsetning frumkvæðanna komi í ljós. Að forðast allar misfellur var ekki hægt, þegar um annað eins efni var að ræða, en það er furða, hve vel hefur tekist að fá eina söguheild, að setja viðburðina í orsakarsamband osfrv. Sögunni eigum vjer að þakka, að vjer vitum til nokkurrar hlítar, hvað staðið hefur á kverinu í handritinu af eddukvæðunum (sbr. 64. bls.), er tapast hefur. Einstöku kapítular eiga þó ekkert skylt við þennan uppruna, t. a. m. sá, er lýsir Sigurði; hann er beinlínis tekinn úr Þiðrekssögu; ennfremur þeir, er segja frá Sigurði hjá Heimi í Hlymdölum og Brynhildi; þeir standa í sambandi við getnað Áslaugar, konu Ragnars loðbrókar, og sögu hans, en svo sem áður var getið, er Ragnarssaga í hdr. áframhald Völs.s.; þessir kapítular eru víst síðar teknir upp einmitt úr þessari sögu. Að lyktum er kapítuli, er tengir báðar sögurnar saman. Völs.s. er sett saman litlu eftir miðja 13. öld. Að endingu skal þess getið, að til hefur verið sjerstök Sigurðarsaga, er og hefur verið notuð; hana hefur og Snorri þekt og notað, og sömuleiðis eru frá henni komnir þeir smáþættir flestir, er standa í og milli kvæðanna í eddukvæðahandritinu.

Nornagestsþáttr er lítill þáttur um Norna-

Digitized by Google

gest, er skyldi lifa eins lengi og kerti, er hann átti, væri óbrunnið. Hann hefur lifað í 300 ár og er nú kominn til hirðar Ólafs Tryggvasonar. Hann kann frá mörgu að skýra og segir hann þar mart um Sigurð og Gjúkúnga, Loðbrókarsyni og fleira. Hann lætur skírast og kertið brenna út og þá andast hann. Þátturinn hefur lítið eða ekkert sjálfstætt gildi, því alt hans efni er tekið úr eldri ritum, eddukvæðum, Sigurðarsögu, Ragnarss. og fl.; hann er ekki eldri en frá því um 1300.

Að lyktum þessa sagnabálks skal skýrt frá sögu, sem er að nokkru leyti frábrugðin öllum öðrum, en það er Þiðrekssaga (eða saga Þiðreks konúngs af Bern, stundum nefnd Vilkinasaga). Efni þessarar sögu er mjög margbrotið og verður hjer ekki neitt viðlit að skýra nánar frá því. Hún skiftist í allmarga þætti, er að einhverju leyti flestir snerta aðalhetjuna, Þiðrek; þó eru sumir þeirra fyrir utan alt samhengi, og eru þeir vafalaust innskot í frumsöguna. Þar er fyrst um Samson og Þjettmar, son hans, og eru þeir konúngar í Salerni. Sonur Þjettmars er Þiðrekur (er á rjettri norrænu ætti að heita Þjóðrekur). Þá kemur lángur kafli um Vilkina og orustur; snertir það mest sögu Attila konúngs, en hann kemur síðar mjög við söguna. Þá kemur lángt skeið um feðgana Velent smið (Völund) og Viðga, er gerist maður Þiðreks. Þá segir af ýmsum öðrum köppum, er verða menn Þiðreks, og er einna helstur af þeim Þjettleifur danski, og er sagan um hann einna skemtilegust. Aðalviðburðurinn er herferð Þiðreks til Bertángalands móti Ísúngi konúngi og sonum hans. Segir þar á

Digitized by Google

eftir mest af viðskiftum Þiðreks og Attila konúngs og loks frá dauða beggja. En inn í alt þetta er skotið löngum frásögnum um Sigurð fáfnisbana og Gjúkúnga og um þá og Attila. Það er nú ekki nokkur vafi á því, að alt þetta efni hefur ekki frá öndverðu verið sett þannig saman í eina bók, heldur hefur miklum hluta (t. d. af Sigurðarsögunni) síðar verið bætt við. Annars hefur menn mjög greint á um, hvernig sagan sje til orðin og sú mynd hennar fram komin, sem nú er til. Hún er til í einu skinnhandriti og tveimur ísl. pappírsbókum (eftir týndum skinnbókum), og er skinnbókin sjálf svo, að ilt er að átta sig til fulls á henni. Sagan sjálf gefur góðar vísbendingar ásamt formála þeim, er finst í ísl. handritunum. Á 12. og 13. öld var fjöldi af þýskum kaupmönnum í Noregi, einkum í Björgvin, og dvöldu þar alllengi til þess að selja vörur sínar; þeir og Norðmenn hafa lært að skilja hvorir aðra, og hafa víst sagt hvorir öðrum ýmsar sögur. Þjóðverjar sögðu sínar sögur og voru þær mest um aðalfornhetjur þeirra, svo sem Þiðrek og Gjúkúnga eða Niflúnga (enn eru til mörg fornþýsk hetjukvæði, sem eru skyld Þiðr. s.). Það eru þessar frásögur, sem eru aðalefnið í sögunni, og aðeins lítið blandað saman við eldri norrænar eða eddufrásagnir um sömu hetjur; nöfnin eru öll í hinni yngri þýsku mynd, og Guðrúnu þekkir sagan alls ekki. Þessum frásögnum þýskra manna um Þiðrek konúng hefur nú einhver einn maður um miðbik 13. aldar safnað saman í eina heild, og er mart til marks um, að það hafi gert íslendingur; svo var annar, er safnaði eða þekti

Digitized by Google

þýskar sögur um Sigurð og Gjúkúnga, og skeytti hann þeim inn í Þiðr.s.; þó má vel vera, að það sje þriðji maður, sem steypti sögunum saman í þá heild, sem nú er til, og svo enn aðrir bætt við síðar. Það er ómögulegt að rekja með fullri vissu gánginn í sköpun sögunnar. Frumsafnarinn ritaði og formála, og er hann allmerkilegur. Handrit af sögunni komst til Íslands, og voru eftir því gerðar afskriftir og þá enn breytt nokkuð þáttaröðinni.

Efnið í sögunni er margvíslegt, en mest eru það alls konar þrautir og ótal bardagar, sem þar er sagt frá, en alt tómur tilbúningur. Alt er stórkostlegt og ægilegt, menn og skepnur, vopn og víg, högg og harðfengi; herinn er óteljandi og blóðbaðið óþrotlegt, einvíg altaf meðal kappanna. Málfærið er þar eftir. Skrúð orðanna er mikið; lýsingarorð mjög tíð og orð sem hefjast á sama staf mjög oft höfð; verður lesturinn oft og einatt þreytandi, ekki síst líka vegna hinna eilífu orustulýsinga. Saga þessi hafði mjög mikil áhrif á Íslandi. Eftir henni og öðrum útlendum sögum, er síðar verður getið, voru tilbúnar margar sögur, og atburðir lánaðir úr henni eða stældir. Og eins sjer merki þessara stælinga í fornaldarsögunum. Það er valla ofsögum sagt að segja, að Þiðr.s. hafi átt aðalþátt í að breyta smekk manna á síðara hluta 13. aldar og þar á eftir, jafnlygileg og hún er í heild sinni skoðuð sem saga.

Digitized by Google

Sjöunda grein.

Þýddar sögur.

Þær sögur eða sögurit, er hjer koma til greina, eru tvennskonar. Í fyrsta lagi sögurit um veraldleg efni og í öðru lagi um helga menn, postulana og Maríu mey, eða rit, er snerta kirkjusöguna. Í raun og veru eru hin síðarnefndu rit ekki sögurit í eiginlegri merkingu, heldur eru þau uppbyggileg rit, en þau eru þó um ævi og verk hinna helgu manna, og Íslendíngar skoðuðu þau sem sögur og kölluðu þau svo, og verður því að taka þau með hjer. Flest eða alt af því, sem hjer kemur til greina, er þýtt úr latínu, stundum úr latínskum kvæðum. Sjáum vjer þá tvent, bæði, að þýðendurnir voru yfir höfuð mjög vel að sjer í latínu og skildu hana prýðisvel, þótt þeir einstöku sinnum misskilji, og svo hitt, að þeir þýða með snild; þýðíngin hefur auðvitað nokkuð annan blæ, en frumsaga mundi hafa, en engu að síður er málið gott, íslenskt og kjarnmikið; það er aðdáanlegt, hvernig tekist hefur að finna orð, er svari til hinna latínsku orða, t. d. hið alkunna „ræðismaður“ (= consul). Þýðendurnir eru svo norrænir sem mest má verða; þeir viðhafa hin norrænu gömlu goðanöfn í stað hinna latínsku. Þó að efnið í þessum ritum sje oft ærið leiðinlegt í sjálfu sjer, gerir hið lipra mál þau læsileg og aðlaðandi. Málið varð lakara þegar fram í sótti (um 1300) og lángvest á þeim ritum, er samin voru í Noregi; útlend orð og orðskrípi, útlent setníngasnið og klaufalegt málfæri, óeðlilegt málskrúð

Digitized by Google

og mærð urðu þá aðaleinkenni ritanna, og verða þau með því alveg ólæsileg.

A. Sögur veraldlegs efnis.

Veraldarsaga kallast stutt rit um hina sex heimsaldra frá sköpun veraldar, og er yfirlit yfir helstu viðburðina. Ritið er tekið úr ýmsum heimildum, aðallega frá Beda, en hinn íslenski þýðari (eða ritari) hefur bætt ýmsu við t. d. keisurunum á Þýskalandi eftir Karl mikla. Má vera, að sumt stafi frá Gissuri Hallssyni, enda mun frumþýðingin ekki vera yngri en frá því um 1200.

Rómverjasögur (eða -saga) eru til í ýmsum handritum og brotum, sem eru nokkuð mismunandi, en þó er alstaðar um sama ritið að ræða. Það sem svo kallast er samsteypa af þremur latínskum frumritum, kvæði Lúkans: Pharsalia, og riti Sallústs um ófriðinn við Júgúrðu konúng og samsæri Katilínu. Einstöku kapítular og inngángur um byggíngu Rómaborgar (Upphaf Rómverja) er sjálfstæð viðbót, en eftir útlendum ritum. Málið á þessum sögum er framúrskarandi gott.

Trójumannasaga er um umsát og töku Trójuborgar, bruna hennar og flótta íbúanna, með inngángi um alls konar gríska goðasagnir. Aðalefni ritsins er eftir allljelegum miðaldatilbúningi um Trójustríð (De excidio Trojæ), sem á að vera eftir Dares nokkurn hinn frýgverska; fleiri rit eru og notuð. Þýðingin er fremur góð, en ekki orðrjett, og er frá fyrra hluta 13. aldar.

Áframhald af þessari sögu má skoða Bretasögur; Bretar eru látnir vera komnir af Brútus,

Digitized by Google

niðja Eneasar; með honum og stofnun ríkis hans í Ítalíu byrjar sagan. Það var síður lærðra manna á miðöldunum að setja ríkjastofnanir í samband við þá menn, er flýðu úr Tróju eftir brunann. Á árunum 1132—35 ritaði maður nokkur, Galfreður frá Monmáð (Galfridus Monumetensis, Geoffroy of Monmouth) allmikið rit á latínu, Historia Brittonum, eftir ýmsum eldri ritum og sögnum. Það er hans rit er þýtt hefur verið á íslensku og kallað Bretasögur. Ritið er fult af ýmsum merkilegum frásögum og þjóðsögnum; þar eru sögurnar um Arður konúng, um Leir (Lear) og margar fleiri, og hafa margir fengið góð yrkisefni úr ritinu. Þar er Merlinusspá, sem Gunnlaugur múnkur þýddi í ljóð (sbr. 295. bls.). Annars er sjálf þýðingin mjög lausleg, víða stytt og dregin saman, enda svo að rángt verður. Þýðandinn hefur oft lesið heilar síður í einu og svo sett á blaðið það sem hann mundi og aðalefnið. Hann gerir sig stundum sekan í skoplegum misskilningi eða fljótfærnis villum, eins og þegar lat. hluttaksorðið *invisus* (leiður) verður að mannsnafni, Invíss. Þýðingin er frá 13. öld.

Alexanderssaga er þýðing á kvæðinu Alexandreis eftir Philippus nokkurn Gualterus, ortu á síðasta þriðjúngi 12. aldar, og er alt um Alexander mikla, ferðir hans og bardaga, en um sanna sögu er hjer ekki að ræða, heldur er meginið tilbúningur. Þetta kvæði þýddi Brandr Jónsson. Brandur var af fornum höfðingja ættum (svínfellingur) og dótturdóttursonur Brands biskups Sæmundarsonar (d. 1201). Um 1230 var Brandur erlendis, líklega að námi, og 1247 var hann vígður til ábóta að

Digitized by Google

Þykkvabæ. Eftir dauða Hinriks Hólabiskups (1260) var Brandur kjörinn biskup og fór hann þá utan 1262 og var um veturinn með Hákoni konúngi og Magnúsi; eftir áskorun þeirra þýddi hann þá ef til vill Alexanderssögu, en víst er, að hann þá þýddi Gyðingasögu. Eftir að hann var kominn heim aftur, naut hans því miður skamma stund; hann andaðist 26. maj 1264. Brandur var hinn lærðasti maður og í miklu áliti, góður maður og friðgjarn, og kom alstaðar fram til góðs. Hve vel hann kunni latínu sýna þýðingar hans, en þær sýna líka, hve forkunnlega hann ritaði sitt móðurmál. Hans þýðingar er hin mesta ánægja að lesa. Auk Alexanderssögu vitum vjer, að hann þýddi Gyðingasögu; það er saga Gyðinga á dögum Makkabea og er þýdd eftir Vulgata, sem eignuð var Hieronýmusi (og því er hann talinn höfundur). Hjer finst þó aðeins fyrsta Makkabeabókin aftur að 21. kap.; áframhaldið er tekið úr öðrum ritum, og að lyktum er þar saga Pílatus Pontíus eftir óþektu frumriti. Þetta áframhald er eflaust ekki eftir Brand, heldur einhvern annan.

B. Helgra manna sögur.

Það er allur fjöldi sem til er af þessum sögum, og nær alt útlent. Snemma var farið að rita á skrá athafnir postula og helgra manna, sem barist höfðu fyrir guðs ríki, verið þjáðir og píndir til dauðs (píslarvottar), og voru það bæði menn og konur; þá var auðvitað ekki slept jarteinum þeirra; þessi rit voru ætluð til þess að vera lesin upp á messudegi þeirra (og voru þess vegna nefnd lestrarrit, legendæ). Um leið og þau eru frásögur, eru þau og uppbyggileg rit, er eiga að hvetja til guðsótta

Digitized by Google

og dyggða, sjálfsafneitunar, auðmýktar osfrv. Kaþólska kirkjan á þess konar rit þúsundum saman, og hafa þau mörg verið prentuð í miklum söfnum. Frumrit hinna ísl. þýðinga eru alloftast til eða þá rit, sem þeim eru náskyld. Þýðingarnar eru vel flestar mjög gamlar og stafa frá 12. öld og öndverðri 13. Þær voru aftur og aftur ritaðar upp og þá var þeim oft breytt eins og öðrum sögum bæði að því er snerti mál og efni (innskot). Síðar (á 13. öld og 14.) tóku sumir lærðir menn sig til og steyptu sögum saman (t. d. þeim um Pjetur og Pál) og juku þær með svo kölluðum skýringum, og var þá tekinn ýmislegur lærdómur úr öðrum kirkjulegum ritum, sem litið eða ekkert snerta efnið, en sýna aðeins lærdóm og mærð þess er samansetti. Vjer þekkjum eitt eða tvö slík „höfunda"-nöfn frá 13. öld; annar er Grímr prestur Hólmsteinsson (d. 1298); hann samdi Jónssögu skírara. En þessi skýringarrit þolir enginn nú á dögum að lesa.

Af hverri sögu eru oft til ýms handrit og brot, en oftast er þó þýðingin ein og hin sama. Aðeins stöku sinnum er um 2 frumþýðingar að tala, og mun þá önnur vera norræn, hin íslensk. Á hinum eldri þýðingum er málið vanalega framúrskarandi gott og þýðingarnar nákvæmar.

Um Jón skírara eru til sögur og ein eftir Grím prest; hann var prestur í Kirkjubæ og síðar í Odda og á að hafa ritað sögu sína eftir áskorun Runólfs ábóta í Veri (1264—1306); Jónssaga er afarlöng og full af skýringum. — Máríusaga er til með aragrúa af jarteinum; hún er í tvennu líki, en aðalsagan er hin sama; vera má að hana megi

Digitized by Google

eigna Kygra-Birni (d. 1237). — Þá eru sögur sumar stuttar, sumar lángar samsteypur með skýríngum, um postulana, Pjetur, Pál (og samsteypa um þá), Andréás, Jón (í þessari sögu eru tilfærðar vísur úr kvæðum Gamla og Kolbeins um Jóhannes), Jákob (og samsteypa um Jón og Jakob), Tómás, Filippus og Jákob (ein heild), Barþólómeus, Matþías, Símon og Júde og Matheús.

Heilagra manna sögur eru um 40 alls að minsta kosti, að ótöldum helgisögum um kross Krists og uppruna hans og um Fides, Spes og Caritas og fleira. Einni af þessum sögum, þeirri um Ágústínus, á Rúnólfr ábóti að hafa snúið. Vjer getum ekki hjer farið frekara út í hinar einstöku sögur, enda er lítið að segja um hverja fyrir sig. Í Cecilíusögu eru nefndar 2 jarteinir, er gerðust á Húsafelli, og er sagan eflaust þýdd þar, enda var kirkjan þar helguð Cecilíu. Vitæ patrum heitir safnsrit um egypska einsetumenn, og heyrir það hjer til.

Um norðræna helga menn er til lítið brot af sögu um Hallvarð helga, frænda Ólafs helga; hann var drepinn 1044. Það sem er kallað Óláfs saga helga og gefið út með Heilagra manna sögum er ekki nema samtíningur af jarteinum Ólafs í Heimskríngla og útdráttur úr henni.

Svo eru enn 2 helgisögur, er snerta England. Játvarðar saga helga um Játvarð confessor (1042—66); sagan er mest jarteinaskrá, en teknir upp kaflar úr Heimskríngla um Harald Goðvinason og Tósta jarl; sagan er rituð um 1300. — Tómás saga erkibiskups (d. 1170); um hann er til saga

Digitized by Google

og sögubrot og er það ekki alt sama sagan; ein er samtíningur frá því um 1300 með lángri jarteinarollu.

Áttunda grein.

Um lögin.

Það sem hjer kemur til umræðu er saga hinna fornu laga og uppruni lagahandritanna eða lagasafnanna rjettara talað. Um þetta höfum vjer að nokkru leyti fulla vissu og að nokkru leyti getum vjer ráðið mart af líkindum.

Um það leyti sem flutningar til landsins fóru að minka og landið að verða albyggt (um 910—20), fóru menn vafalaust að finna til þess, að menn vantaði skipun laga og rjettar, og þurftu menn ekki annað en minnast þess, hvernig verið hafði í byggðum þeirra í Noregi; þar höfðu menn svo og svo margra fylkja samband með sameiginlegu þingi og lögum; þar gátu menn fengið mál sín leidd til lykta friðsamlega eftir lögum og fornum venjum. Á Íslandi var nú samankominn allmikill lýður af einum ættstofni og með einu máli og fjöldinn allur, eða mestur, úr sömu hjeruðum Noregs eða þingfjelagi. Bæði dæmin úr Noregi og tíska þar, svo og þörfin, er brátt hefur hlotið að gera vart við sig, hafa orðið til þess, að menn hafa, meira eða minna alment, farið að hugsa um að koma sjer upp lögum eða með öðrum orðum mynda eitt þing eða ríki, er næði yfir alt landið. Þessi þörf hafði að vísu fyrir 930 skapað minni þingsambönd á stöku stað; talað er um þing á Kjalarnesi og Þórsnesi, en þau

Digitized by Google

voru stofnuð af einstöku höfðingjum og giltu aðeins fyrir litla landskika og voru afskekt, og menn hafa sjeð, að meira þurfti til. Ari segir oss í 2. kap. sinnar bókar, að er Ísland var víða byggt orðið, „þá hafði maðr austrœnn fyrst lög út hingat ýr Norvegi, sá es Ulfljótr hét, ok váru þá Ulfljótslög kölluð, en þau váru flest sett at því, sem þá váru Golaþingslög eða ráð Þorleifs ens spaka Hörðakárasonar váru til, hvar við skyldi auka eða af nema eða annan veg setja“, og svo var „Alþingi sett (segir í 3. kap.) at ráði Ulfljóts ok allra lanzmanna, þar es nú es“. Um Úlfljót þenna vitum vjer, að hann var landnámsmaður og hafði keypt land austur í Lóni af Þórði skeggja; hann var um sextugt, er hann fór utan að sækja lögin. Tildrögin til þessa vitum vjer því miður ekkert um, en líklega hefur það verið eftir samanteknu ráði fleiri eða færri höfðingja. Úlfljótur var erlendis 3 vetur; eftir að hann var kominn heim aftur, var alþingi stofnað og haldið á Þingvelli við Öxará (og segir Ari, hvernig á því stóð, að sá staður var kjörinn) í fyrsta sinn 930, og þar með hófst lýðveldi Íslendinga, er stóð til 1262. Í Noregi eða Gulaþingi var ein lögrjetta, svo kölluð, er í voru 3 tylftir manna; í henni voru lög rjett (þ. e. hinum fornu breytt og ný samþykt) og dómar dæmdir; í henni var löggjafarvald og dómsvald sameinað. Á Íslandi var líka stofnuð lögrjetta með 36 mönnum (goðum úr hinum ýmsu hjeruðum landsins), en menn tóku það snjallræði — að líkindum þegar í stað — að greina sundur þessi tvenn störf og setja sjerstakan dóm við hliðina á lögrjettunni, og í honum 36 menn,

Digitized by Google

kjörnir af goðunum. Þessi dómur mun hafa verið kallaður alþingisdómur. Orsökin til þessarar greiningar hefur líklega verið, að menn þóttust sjá í hendi sinni, að lögrjettan fengi svo mikið að gera með löggjöfina fyrir hið nýja ríki, að hún gæti ekki líka komist yfir að dæma. Þetta var mjög skynsamlegt. Rúmum 30 árum síðar (um eða nokkru eftir 963) varð sú breyting á dómnum, að honum var skift í 4 dóma, og var hver fyrir sinn fjórðúng og nefndur eftir því, og voru í hverjum 9 dómendur; það hefur reynst eða þótt óheppilegt, að mál úr einum fjórðúngi væru dæmd af mönnum úr öðrum fjórðúngum; það var ekki svo hægt fyrir þá, að skilja alt jafnvel; og svo varð annað unnið með þessu — og það var lángmerkast —, að því fleiri mál gátu orðið útkljáð á svo stuttum tíma, sem þingið stóð, aðeins 14 daga, og var þó ekki hægt að dæma nema síðari vikuna, af því að undirbúning þurfti nokkurn á þingi. Um sama leyti voru og þing skipuð reglulega í fjórðúngunum, en af því að í Norðlendíngafjórðúngi urðu 4 (hvert með 3 lögrjettu-goðum), var tala lögrjettumannanna í hinum fjórðúngunum líka aukin, og urðu þeir nú alls 48; hver þessara valdi sjer svo þess utan tvo aðra, sem áttu að vera ráðunautar án atkvæðis; síðar urðu biskuparnir líka lögrjettumenn.

Rjettur dómur gat því aðeins verið feldur, að allir dómendur væru sammála; ef þeir urðu það ekki, áttu báðir flokkarnir að fella hvor sinn dóm (að vefengja), og voru þá tveir dómar, en það var sama sem enginn dómur (vefáng = árángursleysa). Af þessu gátu risið og risu vandræði, og það varð

Digitized by Google

meðal annars til þess að 1004 var stofnaður nýr dómstóll, hinn fimti dómur, fimtardómur, og var hann æðri dómur í öllum vefángsmálum og frumdómur í öðrum málum sjerstaks eðlis. Þar var dæmt eftir atkvæðamagni, svo að minni hlutinn varð að hlíta því, sem meiri hlutur manna dæmdi. Síðar voru aldrei gerðar breytíngar á þessu, meðan lýðveldið stóð.

Í þessu lýðveldi var enginn eiginlegur embættismaður, er stöðugt hefði mál lýðveldisins til meðferðar og umráða; það var ekki til nein aðalstjórn. En hitt var mönnum frá öndverðu ljóst, og hefur þar eflaust einhver fyrirmynd í Noregi haft sína þýðíngu, að það þurfti að sjá lögunum borgið, að þau spiltust ekki eða týndust eða væru ókunn öllum landslýð. Fyrir því var svo fyrir skipað, að stöðugt skyldi vera einn maður, er ekki aðeins skyldi kunna lögin utanað, heldur og vera skyldur til að segja þau upp, hafa þau yfir, á þíngi, öll á því tímabili, er hann skyldi kosinn til í hvert sinn, en það voru 3 ár, og hinn svonefnda þíngskapaþátt (um meðferð mála) á hverju þíngi. Til þessarar uppsögu var ætlaður sjerstakur staður á Þíngvelli, hið nafnkunna lögberg, og eru mestar líkur til að það hafi verið rjett fyrir sunnan vanalega (gamla) veginn upp í Almannagjá af vellinum, rjett fyrir ofan helsta búðastæðið. Á lögbergi fóru og fram ýmsar aðrar athafnir, einkum lýsíngar. Þessi maður fjekk nokkra þóknun fyrir starf sitt og var hann eftir því nefndur lögsögumaður. Til þessa starfs völdust auðvitað bestu lögfræðíngar og gáfumenn og mátti velja þá aftur og aftur,

Digitized by Google

og voru margir lögsögumenn fjölda ára, en lengst allra var Skapti Þóroddsson, 27 ár (1004—30). Alt lögsögumannatalið (sbr. Ara) þekkist út í æsar; hinn síðasti var Þorleifr hreimr (1271).

Því miður vitum vjer lítið sem ekkert um Úlfljótslög og efni þeirra, en eftir fornum bókum er það haft, að upphaf þeirra hafi verið ákvæði um að ekki mætti sigla að landi með gapandi höfðum og ginandi trjónum á skipunum, til þess að landvættir fældust ekki við. Það má ætla, að þessi lög hafi verið nokkuð stutt, og þau hafa fljótt þurft breytínga. Lögrjettustarfið til umbóta lögunum var mikið, og hvenær sem það reyndist, að í einhverju var áfátt eða ný lög þurfti, tók lögrjettan málið til meðferðar. Það eru allar líkur til að hún hafi afrekað mart og mikið bæði á 10. og 11. öld; þegar kristni var tekin í lög, þurfti afarmikilla breytínga. Hitt má með fullri vissu segja, að þó að til væru lögfróðir menn (þeir voru vanalega nefndir spakir, eins og sögufræðíngarnir voru nefndir fróðir), þá tóku þeir sjer ekki fyrir hendur að hugsa um lögin í heild sinni, hugsa út bætur á þeim eða hugsa um að semja lög, er væru almenn og heimfæra mætti undir þau og þau atriði, eins og löggjöfin nú á tímum. Lögin urðu, eins og lög allra annara fornþjóða, ekki annað en upptalning þeirra og þeirra atriða, misferla og gerða, og þá þegar nefnd hegningin eða bætur. Svo voru t. d. tiltekin öll sár og högg nákvæmlega, bæði eftir afleiðíngum þeirra og eins eftir því, hvar á líkamann þau höfðu komið. Þá er vanalega sagt: „nú gerir maður osfrv.“, eða „ef maður gerir osfrv.“, „þá skal osfrv.“ fyrir hvert

Digitized by Google

einstakt tilfelli. Með þessu móti geta lögin orðið löng en um leið að þessu leyti mjög nákvæm; af því að þau tala aldrei um hvað hugsanlegt sje, heldur eiga rót sína í lífinu sjálfu og því sem í raun og veru átti sjer stað, fá þau enn aðra og mikla þýðingu, þá að þau sýna manni svo vel inn í líf mannfjelagsins, inn í borgmannlegt líf og landsháttu í svo mörgu, sem vjer annars mundum lítið eða ekkert um vita.

Allur lagabálkurinn var um 1100 orðinn stórmikill; til þess að læra alt þetta, þurfti mikinn tima og mikla aðgætni, og stálminni til þess að gleyma engu. Þeir voru reyndar margir, auk lögsögumannanna, er stunduðu laganám og kendu öðrum úngum mönnum — vjer kunnum að segja mörg dæmi þess —, en því lengur sem leið, því erfiðara varð námið viðfángs og því meiri varð hættan á því að eitthvað merkilegt kynni að týnast og gleymast.

Það hafa verið þess konar hugleiðingar, er vöktu fyrir mönnum á alþingi 1117, er hin merkilega tillaga kom fram og var samþykt, að skrifa lögin í bók, og látum vjer Ara segja frá þessu; hann segir svo: „et fyrsta sumar, es Bergþórr sagði lög upp, vas nýmæli þat gört, at lög ór skyldi skriva á bók at Hafliða Mássonar of vetrinn eptir at sögu ok umbráði þeira Bergþórs ok annarra spakra manna, þeira es til þess váru teknir; skyldu þeir gerva nýmæli þau öll í lögum, es þeim litisk þau betri an en fornu lög; skyldi þau segja upp et næsta sumar eptir í lögréttu ok þau öll halda, es enn meiri hlutr manna mælti þá eigi gegn; en þat varð at

Digitized by Google

framfara, at þá vas skrivaðr Vígslóði ok mart annat í lögum ok sagt upp í lögréttu af kennimönnum of sumarit eptir, en þat líkaði öllum vel ok mælti því mangi í gegn". Því miður er ekki tiltekið nákvæmar, hvað þetta „mart annat" var, en það hafa vafalaust verið ýmsir aðrir lagabálkar, en valla kristindómsbálkur; Bergþór og hinir spöku menn hafa ráðgast um lögin og ákveðið, hvað taka skyldi, og svo skrifuðu kennimennirnir; þeir einir kunnu ritlistina og þeir lásu upp alt saman í lögrjettunni. Þessi fyrsta lögbók var samin veturinn 1117—18 og kölluð Hafliðaskrá. Það er ómögulegt að segja með vissu, hvort nokkuð sje til af þessari lögbók, en þó mun það mega telja vafalítið, að megin hennar hafi verið tekið upp í handrit frá síðari tímum og sje að finna í þeim handritum, er vjer nú höfum, enda eru litlar líkur til, að hin íslensku lög hafi breyst eða verið umsteypt svo mjög á 12. öld og fyrra hluta 13. aldar, að lögbókin 1118 væri svo að segja horfin. Þó vitum vjer um einstöku lög og lagabreytíngar frá þessum tímum. Hinn elsti íslenski kristinrjettur var saminn af biskupunum Þorláki Runólfssyni og Katli Þorsteinssyni „at ráði Özurar erkibiskups [í Lundi] ok Sæmundar ok margra kennimanna", og er hann þá saminn á tímabilinu 1123—32, og líklegast nær fyrra árinu.

Af Hafliðaskrá hafa þegar til verið uppskriftir, og voru merkastar þeirra þær, er áttu að vera við biskupsstólana á Hólum og í Skálholti; í Lögrjettuþætti er nákvæmlega til tekið, hverjar skyldu mest gilda af lögbókum, ef þeim bar eigi saman og skyldu

Digitized by Google

þá biskupabækurnar ráða, en ef þær skildi á, þá skyldi sú, er var í Skálholti, „hafa sitt mál“. Hjer sjáum vjer að er gert ráð fyrir fleirum lagahandritum og getur þar ekki verið átt við önnur en þau, sem ýmsir menn rituðu upp hjer og hvar eða bjuggu sjer til. Með því móti gátu komið fram ýms handrit og með nokkrum mun, og því verður ákvæðið í Lögrjettuþætti eðlilegt og enda sjálfsagt.

Þessi fornu lýðveldislög Íslands eru vanalega nú nefnd einu nafni Grágás; þetta nafn fundu menn á 17. öld í fornritum og þar haft um norræn lög, er kend voru við Magnús góða; þá var mönnum sambandið milli Íslands og Noregs á 11. öld óljóst, og þegar lagahandritin fóru að verða mönnum kunn á 17. öld, hjeldu þeir, að þetta væru lög Magnúsar og kölluðu þau Grágás, og hefur það haldist síðan.

Nú eru til 2 aðalhandrit og nokkur brot af öðrum og er einkum eitt afarfornt (frá 12. öld) og merkilegt. Aðalhandritin eru nefnd Konúngsbók (í konúngsbókhlöðu í Kaupmannahöfn), hitt Staðarhólsbók (eftir bænum, sem það er komið frá; það er í Árnasafni). Þau eru ólík nokkuð hvort öðru, bæði að því leyti sem Staðarhólsbók vantar mart, sem í hinni stendur, og hefur annars vegar ýmsa smákafla, sem oft eru ekki annað en afbrigði frá öðrum, sem hún líka hefur (það sama í tvennu lagi); þessir kaflar eru einkar merkilegir og fornlegir og er enginn vafi á því, að þeir eru teknir upp í handritið eftir öðru en hitt aðalefnið; freistandi væri að geta sjer til að þessir kaflar væri

Digitized by Google

beinlínis úr Hafliðaskrá. Þeir eru oft ágætt dæmi uppá það, hvernig orðanna hljóðan gat breyst í meðferðinni, þótt hugsunin og efnið sje hið sama.

Efnið skiftist í þætti og eru þessir í Kgbk: Kristinna laga þáttr, Þingskapaþ., Vígslóði með Baugatali, Lögsögumannsþ., Lögréttuþ., Arfaþ., Ómagabálkr (aðeins hjer er „bálkr“ notað), Festaþ., Landbrigðaþ., Um fjárleigur, Rannsóknaþ., Um hreppaskil; að lyktum eru ýmsar lausar greinir og Um tíundargjald. Í Sthb. vantar m. a. Þingskapaþ., Lögsögum.þ., Lögréttuþ. og Rannsóknaþ.; þar að auk er röðin á hinu nokkuð önnur og ekki eins góð sem í Kgbk.

Þótt nú munurinn á þessum bókum sje töluverður, þá eru þær þó næsta skyldar; meginið af því efni, sem báðar hafa sameigið, er auðsjáanlega runnið frá einu og sama frumhandriti; þessi frumstofn hefur stafað frá 12. öld og hann verið aukinn og breytt til á ólíkan hátt af þeim söfnurum eða riturum, sem hafa átt við þessi handrit eða þau, sem þau eru eftir skrifuð. Vjer finnum hjer enn sömu meðferð á eldri ritum, sem annars varð svo almenn á 13. öld. En sem ritsafn stendur Sthb. Kgbk. að baki vegna þess, að efninu er raðað óskipulegar og svo mart tekið upp af afbrigðum; en einmitt þetta gefur handritinu afarmikið gildi á annan hátt. Hvenær þessi lagahandrit sjeu til orðin, fáum vjer vísbending um; í Kgbk. eru lagabreytíngar um hjúskap frá 1217 og um Þorláksmessu frá 1237 í Sthb.

Efnið í handritum þessum eru hin fornu lög; þau eru lagasöfn í eiginlegri merkíngu orðsins. Þau

Digitized by Google

bera oft vott um hina munnlegu uppsögn lögsögumannsins (hann talar oft í eigin persónu). Þau eru hvervetna ljós og greinileg, og þess sjer merki, að menn hafa gert sjer alt far um að hafa þau svo full og skilmerkileg sem hægt var; setningar eru stuttar og kjarngóðar, en stundum nokkuð fljettaðar hver innan í aðra, alt vegna nákvæmni; sjaldan verður að þessu neinn skilningsmissir. Það er oft einhver hátíðlegur blær yfir lögum þessum, en málskrúðs verður ekki vart nema þess, sem eðlilegt var og kom eins og af sjálfu sjer, og orð eru ekki sett að jafnaði saman, er hefjast á sama staf. Annars eru hinir einstöku þættir nokkuð ólíkir að máli; á sumum er það fornlegra en öðrum.

Grágásarlögin eru einna lángmerkust fornlög meðal allra annara fornlaga hinna germönsku þjóða.

Við það að landið gaf sig inn undir vald konúngs í Noregi, hlaut mart að breytast, ekki síst lög og rjettarfar með mörgu móti. Konúngur þurfti að hafa erindreka í landinu, og varð að hafa afskifti af lögum. Því var reyndar heitið af konúngs hálfu með Gamla sáttmála, að Íslendingar skyldu halda fornlögum sínum, en þegar til kom, varð reyndin önnur. Magnús konúngur lagabætir skapaði ný landslög, er gilda skyldu um allan Noreg (í stað hinna fornu laga fyrir hvern landshluta). Frá hans sjónarmiði hlaut það að vera sjálfsagt, að Ísland sem hluti af ríki hans fengi líka sömu lög eða svo lík sem hægt var staðhátta vegna. Það er ekki ólíklegt, að Sturla hafi átt þátt í þeim ráðagerðum, er fram hafa farið á árunum 1264—70, og sá endir

Digitized by Google

varð á, að ný lögbók var samin og Sturla sendur til Íslands með hana til að fá hana samþykta. Þessi bók er nefnd Járnsíða; var hún samþykt á alþingum árin 1271—73, þó ekki mótstöðulaust. Þar með var lýðveldið búið að vera. Lögsögumaðurinn hvarf og lögberg datt nú alveg úr sögunni og gleymdist lengi. Nú kom lögmaður, embættismaður konúngs og erindreki, og lögrjettan breyttist nokkuð, einkum að því leyti, að hinir fornu dómar voru afnumdir og lögrjettunni fengið dómsvald þeirra, eins og átt hafði sjer stað í Noregi frá öndverðu. Nú gat ekkert orðið að lögum nema með samþykki konúngs. Járnsíða var að mestu leyti sniðin eftir norrænum lögum og lítið tillit tekið til íslenskra staðhátta, og reyndist hún því fljótt ónóg; þar að auk var hún illa og flaustrslega samin. Það hefur komið brátt í ljós, að sú bók dugði ekki.

Þess vegna var ný lögbók samin í Noregi og send til Íslands með Jóni Einarssyni lögmanni (sunnan og austan; 1277—91) og átti hann og Loðinn leppur að fá hana samþykta; þessi bók hefur verið nefnd Jónsbók. Ýmislegt í henni vakti megna óánægju, einkum Árna biskups, en með fylgi erindreka konúngs var bókin samþykt 1281 öll nema ýmsar greinir, og var því skotið til konúngs að milda þær eða breyta. Það eru þessi lög, sem síðan hafa gilt á Íslandi öld fram af öld, aukin og breytt með rjettarbótum og öðrum sjerstökum lögum.

Þessi bók styðst mjög við hin norrænu lög, er sniðin eftir þeim og skift í bálka eftir þeim, alloftast orðrjett samkvæm þeim; en í henni var miklu

Digitized by Google

meira tekið tillit til fornlaga Íslands en áður, og eru teknir upp úr þeim meiri og minni kaflar. Hún er þolanlega vel og skipulega samsett. Í henni eru þessir bálkar: Þingfararb., Kristindómsb. og um konúngserfð og þegnskyldu, Mannhelgisb., Erfðab., Landabrigðisb., Landsleigub., Kaupab., Farmannalög, Þjófab. og þá rjettarbætur. Í Kristindómsþ. er eiginlega ekkert nema alment, hverju trúa skuli og svo um konúngserfðir. Svo stóð á, að um þær mundir voru allmiklar deilur milli konúngs og klerkavaldsins um löggjöf kirkjunnar; vildu klerkar, að kirkjan gæfi sjer sjálf sín lög og hlítti þeim einum, er hún setti. Af þessu var það, að Árni biskup Þorlákssón samdi sjerstakan kristinrjett fyrir Ísland 1274—75, og var hann mestallur samþyktur á alþingi 1275; Magnús konúngur var óánægður með þetta, en hefur víst látið undan með því skilyrði, að ekkert í honum skyldi gilda, er kæmi í bága við veraldleg lög. — Í Landabrigðabálki og Landsleigubálki einkum er mart tekið úr Grágás.

Jónsbók er stutt og fremur laggóð, hefur almennari ákvæði en hin fornu lög; stundum finnast þar hugleiðíngar, sem helst hefði átt að sleppa, og málið ber oft vott um hinn norræna uppruna bókarinnar (skrúðmál og orð bundin saman með hljóðstöfum).

Digitized by Google

Niunda grein.

Um málfræði.

Um málfræði getur þá fyrst verið að ræða, er skólar eru stofnaðir og latínulærdómur hafinn, en það var um og eftir miðja 11. öld. Á Íslandi voru þegar á fyrri hluta aldarinnar ýmsir útlendir biskupar (t. d. Bjarnharðr enn bókvísi og einkum annar Bjarnharðr, er var þar 19 ár), og hafa þeir kent mörgum latínu og önnur fræði kirkjunnar. Svo fóru og nokkrir Íslendingar utan og námu í skólum í Frakklandi og Þýskalandi, svo sem Ísleifur biskup og Sæmundur, Jón biskup og fleiri. Þegar þeir komu heim, tóku þeir að kenna og hjeldu skóla, og voru frægastir skólar við biskupsstólana og í Odda, líka eftir dauða Sæmundar, og eru nefndir ýmsir fræðimenn og góðir kennarar. Það sem kent var var hið sama sem í útlendum skólum, guðfræði og svo þær 7 svonefndu artes liberales (stjörnufræði, landmæling, tölvísi, söngfræði; málfræði, málskrúðsfræði og orðdeilufræði). Af þeim er málfræðin með málskrúðsfræðinni merkust í þessu máli. Kenslubækur voru allar latínskar frá upphafi; þó hefur kenslan orðið að fara fram á íslensku, og orðin hafa verið þýdd fyrir lærisveinum. Til er lítið brot af latínskri málmyndalýsingu; partur af beygingum sagnorðsins *amo* með íslenskum þýðingum. Þar stendur m. a. svo: „optativo modo með æskilegum hætti, presenti tempore á nálægum tíma, et preterito imperfecto á liðnum tíma ok óloknum, utinam amarem gæfi guð ek tæki til at

Digitized by Google

elska, amares þú tækir til at elska“ osfrv.; persóna er þar kölluð „grein“ osfrv.

Íslendingar hafa frá öndverðu haft næma heyrn og tekið vel eftir hljóði orða og hljóðfalli, og hafa skáldin þar verið fremst í flokki, enda voru hendingar þeirra einmitt komnar undir því að setja lík hljóð saman. Þess vegna segir og höfundur hinnar fyrstu staffræði, að skáld sjeu „höfundar allrar rýnni eða málsgreinar“ (sbr. 40—41. bls.), af því að þeir þektu alt slíkt best. En hitt verður ekki af þeim heimtað, að þeir þektu nokkuð til sögu málsins eða þess, hvernig orðmyndirnar voru til orðnar, og þegar farið er að skýra þær, villast menn vanalega háskalega.

Af ritum um málfræði eru einkum og eiginlega ekki annað en þær ritgjörðir fjórar, er aðallega finnast í einu handriti af Snorra-Eddu (Wormsbók).

Menn hlutu snemma að finna til þess, hve hið latínska stafróf var ónógt til þess að tákna með hin íslensku hljóð, einkum þó hljóðstafina (raddstafina) og aftur meðal þeirra hljóðvörpin: æ, œ(ø). y, ö. „Fylgir“ varð að rita *fulgir*, „bœkr“ *bocr* osfrv. Hljóðtáknanirnar visuðu óskýrt, þótt menn gætu komist fram úr því og lesið það. Þeir sem fyrstir rituðu lögin (Hafliðaskrá) hafa hlotið að finna sárt til þeirra vandræða, er hjer voru fyrir. Því meir sem ritað var, því fleiri fundu til þeirra. Það var því ekki nema eðlilegt, að menn reyndu að finna ráð til þess að bæta úr þessu, og vaktist þá upp skarpur og gáfaður maður til þess að rita „oss Íslendingum stafróf, — segir hann — bæði

Digitized by Google

látínustöfum öllum, þeim er mér þótti gegna til vars máls vel, svá at réttrœðir [rjett fram bornir] mætti verða, ok þeim öðrum, er mér þótti í þurfa at vera, en ór váru teknir þeir, er eigi gegna atkvæðum várrar tungu". Það er með öðrum orðum, höfundurinn vill breyta latínustafrófinu og auka það svo, að það hæfi hljóðum íslenskrar túngu. Að því er snertir hljóðstafina, eykur hann við þá fimm: *a, e, i, o, u* fjórum stöfum, er hann táknar svo: *ǫ*, *ę*, *ø*, *y*; það eru hljóðvarpstáknanirnar; *ǫ* (opið o, å) er vort *ö* (en framburðurinn er annar en þá var), *ę* er *æ*, *ø* er *œ* (og *ø*). Hann segir, að alla þessa 9 stafi megi bera fram með löngu hljóði og stuttu, og til þess að greina þá, merkir hann löngu stafina með striki: *á*, *ǫ́*, *ę́*, *ý*, *ó* osfrv. Hann skýrir oss ennfremur frá því, að hver af þessum 18 stöfum geti verið „kveðinn í nef", fengið nefhljóð, og táknar hann nefhljóðið með depli (á með nefhljóði: ȧ). Þetta sýnir, hve aðdáanlega næma heyrn höf. hefur haft; það er enginn vafi á því að hann hefur heyrt rjett; þessir nefhljóðar hurfu síðar alveg úr málinu, en þeir finnast enn þann dag í dag í sumum norrænum og sænskum mállýskum. Ritgjörð höf. er einmitt einna merkust þessa atriðis vegna. Hann skýrir hverja grein hljóðanna með dæmum. Lengdarmerki hans og hljóðstafir voru alment tekin upp af síðari riturum, þó að sjaldnast sjeu þau höfð um hönd með fullu samræmi, enda eru handrit þau, sem nú eru til, fæst frá 12. öld, en nefhljóðamerkin finnast hvergi. *ę* og *y* var til áður í latínsku riti, svo að höf. hefur ekki fyrstur fundið þau. Þess skal enn getið, að hann lýsir því, hvernig

Digitized by Google

hljóðvörpin eru framborin, með meir eða minna opnum munni.

Kafli höf. um samhljóðendurna er þýðingarminni; hann vill láta alla smáu stafina gilda einn staf og nöfn þeirra öll eins (*be, de, ef, en* osfrv.); stóru stafina vill hann láta vera tvígilda (G=*gg*) og heita eftir því, en hljóðstafinn vera fremst í nafninu (*egg, ell, emm, epp* osfrv.); undan þessu er þeginn stafurinn *þ* (sem er tekinn úr fornensku stafrófi og í það úr gamla rúnaletrinu), sem hann vill að heiti *þe* (ekki *þorn*); *ð* þekkir hann ekki. Hann stingur upp á tákni fyrir *ng* (í einum staf) og hann vill ekki hafa í stafrófinu *x* nje *z* og vill í þeirra stað rita *ks* og *ds(ts)*. Að lyktum ræðir höf. um skammstafanir (titla).

Höf. er vel lærður maður; hann þekkir bæði grískt og ebreskt stafróf, auk þess fornenska; hann þekkir latínsk rit og tilfærir dæmi úr kvæðinu Catonis disticha (Hugsvinnsmálum) og þýðir þau prýðilega; hann þekkir innlend rit, sem þá voru til (þýðingar helgar, ættvísi og rit Ara), og hann þekkir fornskálda kvæði og tilfærir vísur eftir Óttar og Þjóðólf. Höf. lætur mótstöðumann (hugsaðan) hafa á móti hinum nýju stöfum og hrekur höf. hann vel og rækilega og gamansamlega. Höf. er bæði litillátur og borginmannlegur í einu. Hann hugsar vel og skipulega og ritar kjarnyrt en nokkuð fornlega, og eru setníngar hans stundum nokkuð klúsaðar. Hann hefur eflaust lifað á fyrra hluta 12. aldar og ritað um 1140. Ritgjörð hans hefur haft mjög mikla þýðingu þá þegar.

Digitized by Google

Önnur staffræðin, er og finst í Uppsalabók Snorra Eddu, er miklu þýðingarminni. Hún er um stafrófið og samstafnamyndun. Stöfunum er skift í flokka og skipað eftir því í fimm hringa, hvern utan um annan, og eru sett nöfn þeirra við og eru sum fáránleg (*dud, faf, gug: d, f, g* t. d.); þessi höf. hefur *ð* (er ætla má að hafi verið tekið upp um 1220—30). Í síðara kaflanum er mynd með smáferhyrningum og í hverri röð þversum samhljóður; fyrir ofan eru raddarstafirnir og eins og milli samhljóðanna (b ª b), og á þetta að sýna, að bæði megi mynda samstöfuna *ba* og *ab* osfrv.; þessu er líkt við nokkurs konar streng-söngfæri. Eins og þessi ritgjörð er í Upps.b. er hún betri og í eldri mynd en í hinu handritinu; þar er ýmsu skotið inn, þar á meðal kafla úr fyrstu staffræðinni. Þessi ritgjörð er vafalaust skólaritgjörð og ekki mikils virði, valla eldri en um 1250. Ætla sumir, að hún stafi frá Snorra sjálfum og eigi að vera inngángur að Háttatali, af því að hún stendur í Upps.b. og rjett á undan Háttatali. En slíkt nær engri átt.

Hin þriðja ritgjörð er nokkuð annars efnis en hinar tvær fyrstu. Það er málskrúðsfræði Óláfs hvítaskálds Þórðarsonar. Vjer höfum áður talað um skáldskap hans. Ólafur var fæddur um 1210 og var víst elstur alsystkina sinna. Hann stundaði nám en komst þó aldrei lengra en til þess að verða súbdjákn. Hann var mjög handgenginn Snorra frænda sínum eins og Sturla. Vjer vitum lítið um hann fram undir 1235, en af því sem segir

Digitized by Google

um hann má sjá, að hann var friðsamur og ráðvandur, fastur fyrir og trúlyndur. Með Snorra fór hann utan 1237 og var í Noregi með Skúla og Hákoni; með honum var hann veturinn 1239—40; en þá fór Ólafur suður til Danmerkur og gerðist handgenginn maður Valdimars konúngs (d. 1241); þeir hafa haft lærðar samræður og getur Ólafur sjerstakrar setníngar, er konúngur hafi búið til og snertir stafi og rúnir, og ýmsan annan fróðleik á Ólafur að hafa fengið hjá konúngi. Hvenær Ólafur kom heim aftur, vita menn ekki; en öllu síðar en 1245 mun það valla hafa verið. Eftir þetta hefur Ólafur mest gefið sig við vísindum; bjó hann lengstum í Stafholti og hjelt þar skóla. Hann tók lítinn þátt í deilum; hann var fylgismaður Þórðar kakala og var gerður lögsögumaður 1248—50 og aftur 1252, en kom ekki til þíngs árið eftir, sagði af sjer sýslaninni og bar fyrir sig heilsubrest. Hann var Hákoni konúngi heldur liðsinnandi og áleit ekki heppilegt að fyrirlíta erindi svo „ágæts konúngs". Ólafur kom annars ætið fram sem sætta- og friðarmaður, og Sturla sagði um hann, að hann vildi aldrei annað en það sem væri gott. Ólafur dó 1259. Hann var í mörgu líkur Sturlu bróður sínum og er einn af hinum bestu í Sturlúngaættinni. Hann var og með mestu gáfumönnum í henni, ef til vill besta skáldið og engu síður en frændur hans vel að sjer. Hvernig kennari hann hefur verið, vitum vjer að sönnu ekki beinlínis, en það er víst, að hann reyndi til að gera kenslu sína svo þjóðlega, sem hægt var, og viðfeldlega; það sjáum vjer af ritgjörð hans.

Digitized by Google

Ritgjörðin skiftist í tvo þætti; hefur hinn fyrri verið nefndur málfræðinnar grundvöllur, hinn síðari málskrúðsfræði. Í þeim fyrra er aðalefnið um stafi og hljóð og samstöfur og er þeim lýst með tilheyrandi dæmum eftir málfræði Priskíans eða bók, sem byggðist á henni. Í þessum þætti fær Ólafur tækifæri til þess að tala um rúnirnar, 16 rúna stafrófið; hafa sumir haldið, að þessi kafli sje tekinn úr ritgjörð, er Þóroddur rúnameistari Gamlason (um og eftir 1100) hafi átt að hafa samið; þetta er þó alls óvíst, með því að vjer vitum ekkert um slíka ritgjörð;[1]) og mun allur kaflinn vera eftir Ólaf sjálfan; hann er allmerkilegur. Síðari þátturinn er byggður á kenslubók Dónats og er um málskrúð eða rjettara sagt um ýmisleg orð og orðmyndir og setningu þeirra, sem annaðhvort er talið til prýðis (og leyft) eða vanprýðis (og þá bannað). Alt þetta er rakið og í hverri grein er viðhaft latínska nafnið á þeim og þeim málskosti eða málslesti, en til skýringar tekur Ólafur dæmi úr íslenskum kveðskap, og setur þau í staðinn fyrir latínsku frumdæmin. Fyrir þetta ber Ólafi mestur heiðurinn og hefur hann með því bjargað ekki svo litlu, sem annars væri nú týnt; það eru 34 nafngreind skáld, er hann tilfærir vísur eftir, en þar er líka mart úr höfundalausum kvæðum og vísum. Auðvitað flaskaði Ólafur á rjettri skýringu sumra orðmynda og var ekki við öðru að búast, eins og

---

[1]) Það er líklegast, að Þóroddur hafi aðeins endurbætt rúnastafrófið í líkingu við það, sem 1. staffr. höf. síðar gerði við latínustafrófið.

Digitized by Google

þegar hann heldur, að *hvárr* sje dregið í sundur í *hvaðarr* (þetta orð er einmitt elsta myndin) og þess konar. Ólafur notar stundum útlend orð *(pontaðr)* eða orð, sem eru bein þýðing latínska frumorðsins *(hræriligr, unbeygiligr)*. Hvenær Ólafur hafi samið ritgjörðina verður ekki með vissu sagt, nema að hún er samin á tímabilinu 1245—59, líklega heldur fyrr en seinna.

Hin fjórða ritgjörðin er beint áframhald af síðara þætti í Ólafs ritgjörð, en er miklu yngri og skrifuð um 1320; hún er miklu ómerkari, þótt sömu gerðinni sje haldið. Höf. tilfærir nokkrar vísur eldri skálda, en flestar eru nafnlausar og líklega eftir hann sjálfan. Bókin, sem hann hefur valið að grundvelli sínum, er kenslubók eftir Alexander af Guðsgarði (Villa Dei). Höf. eykur við alllöngum skýringum og er þá nokkuð mærðarfullur.

Í Wormsbók stendur formáli, sem á við allar þessar ritgjörðir, og er hann að líkindum eftir þenna síðasta höfund. Hann er mjög ruglingslega ritaður, lýsir mikilli vanþekkingu, og er engar reiður á honum að henda.

Af öðrum ritgjörðum er svo sem ekkert til, nema brot af íslenskri málskrúðsfræði með vísnadæmum og íslenskum nöfnum á málseinkennunum. Svo er til lítið eitt af orðasöfnum, þar sem latínsk orð eru þýdd með íslenskum orðum, er rituð eru fyrir ofan hin latínsku. Þessi orðasöfn eru mjög gömul og merkileg.

Digitized by Google

Tíunda grein.

Önnur vísindi.

A. Guðfræði.

Um sjálfstæða starfsemi er ekki að ræða í þessari grein. Alt, sem hjer má nefna, er þýtt úr latínu. Hjer undir heyra í raun rjettri öll uppbyggileg rit, helgisögurnar, er áður er um talað, og hvað annað sem er. Það er eins og mönnum hafi þótt það ósvinna að koma með nokkuð frá eigin brjósti, t. d. semja ræður. Til er allur fjöldi af prjedikunum (homilíum) einkum í einni gamalli skinnbók, sem nú er í Stokkhólmi, og svo brotum af öðrum. Þetta eru alt þýðingar úr latínu, yfir höfuð prýðisvel gerðar. Þessar ræður eru ekki í neinni fastri röð; annars er þeim vanalega skipað eftir tímaröð (sunnudaga- og messudagaröð). Svo eru til ýmsar uppbyggilegar ritgjörðir, svo sem Viðræða æðru og hugrekki og líkama og sálar, og eru þýðingar úr tveim ritum (Moralium dogma eftir Philippus Gualterus og De arrha animæ eftir Hugo de sancto Victore). Svo er þýðing af viðræðum Gregors mikla og ýmislegt fleira smávegis.

Af kenslubókum í guðfræði er til þýðing á Elucidarius eftir Honorius Augustodunensis; hún er um sköpun heimsins og sögu hans eftir bibliunni og miðaldaritum, og er í samræðuformi milli kennara og lærisveins. Þýðingin er til í afarfornu handriti en þó ekki nema brot. Þýðingin er ágæt, og það er ekkert sett inn í þetta rit af öllu því rusli, sem síðar er sett í svo kölluð Lucidaria í öðrum löndum.

Digitized by Google

Jarteinabálkar eru til allmiklir bæði Máríu og annara, sömuleiðis Þorláks helga og fleiri.

B. Landafræði.

Norðurlandabúar höfðu snemma ljósar hugmyndir um þeirra eigin lönd og legu þeirra; svo þegar þeir fóru að fara í austurveg og alla leið til Miklagarðs eftir hinum miklu elfum þar, jókst þekking þeirra um þau lönd. Ekki síður jókst þekking þeirra við vesturferðir til Stórbretalands og Írlands, fund Grænlands og Vínlands; svo og við allar pílagrímsferðir, er farnar voru eftir 1000 bæði á sjó og landi til Ítalíu og Jórsalalands. Á 9. öld hafði Óttar af Hálogalandi fundið veginn til Hvítahafsins (Bjarmalands). Menn höfðu glöggvan skilning á öllu sem fyrir augu bar og voru mjög veg- og staðvísir. Það er því óhætt að segja, að Íslendingar á 12. öld hafa haft góða hugmynd um alla norðurálfu og löndin sunnan og austan við miðjarðarsjó. Hjer og hvar finnast lýsingar á ýmsum stöðum á norðurlöndum; hjá Oddi múnk finst lýsing á Noregi, á Finnmörku í Egilssögu, á Svíþjóð í Heimskringlu, Danmörk í Knytlingu. Landnámu má skoða sem nokkurs konar Íslands lýsingu. Af landafræðisritum eru ekki mörg til. Til er fylkjatal í Noregi og skrá yfir féhirzlu Björgynjar og biskupsstóla í Noregi, Englandi og Skotlandi; ennfremur fjarðatal á Íslandi og tylftatal umhverfis Ísland og fleiri þess konar smáskrár. Í nokkrum handritum eru til ýmsar lýsingar á stöðum í austurálfu og annarstaðar, er styðjast við bibliuna; er það alt fult af ýmsum hindurvitnum og hjátrúar-

Digitized by Google

sögum; svo og upptalning á bæjum, er geymdu leifar af helgum mönnum.

Sjerstaklegt rit er það, er nefnist Leiðarvísir ok borgaskipan; það er almenn landalýsing og þar með lýsing á þeim tveim aðalleiðum pílagríma gegnum Evrópu að norðan til Rómaborgar; eru bæir (áfángastaðir) nefndir og það sem markverðast var í þeim (kirkjur og helgileifar). Við enda rits þessa er sagt, að „leiðarvísir sjá ok borgaskipan ok allr þessi fróðleikr er ritinn at fyrirsögn Nikulás ábóta, er bæði var vitr ok víðfrægr, minnigr ok margfróðr, ráðviss ok réttorðr". Þessi Nikulás var skáld (sbr. 183. bls.). — Um Gizur Hallsson er sagt, að hann hafi farið víða um suðurlönd og ritað þar um bók, sem hafi heitið Flos peregrinationis (Ferðarblóm), en því miður er það rit gjörtýnt.

C. Læknisfræði.

Allar lækningar voru á elstu tímum yfirnáttúrlegar og unnar með rúnum og göldrum; stundum voru og ýmsar jurtir notaðar, er taldar voru græðandi. Það er auðvitað, að við innmeinum voru engin ráð til af viti; þar á móti lærðu menn snemma að fara með sár og meiðsl, binda um þau og leggja ýms smyrsl við. Sömuleiðis höfðu menn snemma ýms smáverkfæri, t. d. tengur, til þess að draga út brot af örum eða spjótum, er ekki náðust með öðru móti. Í sögunum er oft talað um lækna, bæði menn og konur, og konur ekki hvað síst, þegar á 10. öld. Í sögunni um Stiklastaðabardaga getur þess, að þar var kvennlæknir, er batt um sár

Digitized by Google

manna og hjúkraði þeim; „hon vermdi vatn til at fægja sárin“, og „hon hafði þar gört í steinkatli, stappat lauk ok önnur grös ok vellt þat saman ok gaf at eta inum sárum mönnum ok reyndi svá, hvárt þeir hefði holsár, þviat kendi af laukinum út ór sári því, er á hol var“. Annars vitum vjer lítið sem ekkert um lækningar. Þeir sem voru hepnir sáralæknar höfðu „læknishendur“, og er á Íslandi sjerstaklega talað um Seldæli sem góða lækna, og af henni var Hrafn Sveinbjarnarson á Eyri; hann læknaði ýms mein t. d. steinsótt.

Af læknisritum er svo að segja ekkert til, sem nefnandi sje. Það sem til er, er mest alt líklega frá síðari tímum og fult af hindurvitnum og hjátrú (kellingabækur), um lyf og lyfjatilbúning, og er mart skríngilegt þar í.

D. Tölvísi og tímatal.

Um sjálfstæða tölvísi er heldur ekki að ræða. Fyrst voru í riti hafðar rómverskar tölur; síðar (á 13. öld) var líka farið að nota serkneska (indverska) tölustafi, og kom það með kenslubókum í tölvísi. Ein af þessum var hinn svonefndi Algorismus (eig. nafn á merkum arðbskum stærðfræðíngi). Alexander af Guðsgarði, er fyrr var nefndur, orti kvæði um „algorismus“; það er þýtt á íslensku mjög snemma og er um tölurnar sjálfar og nöfn þeirra, þá um hinar 4 einföldu reikníngstegundir, um kvaðratrætur og rótarútdrátt. Ritgjörðin er, sem við var að búast, stundum mjög óljóst orðuð, en hún er líka næsta afbökuð í handritum.

Tímatalið var að nokkru leyti hið almenna.

Digitized by Google

Árinu var skift í 12 mánuði þrítugnátta; á 10. öld varð skekkja vegna vangár; fann þá Þorsteinn surtur upp sumaraukann (innskot viku 6. hvert sumar). Eftir að kristni var komin á, var það fremur öllum skylda prestanna, að vaka yfir tímatalinu og gæta þess, að alt væri í skorðum með messudaga og allar helgar. Höfðu menn fundið upp sjerstaka aðferð til þess að reikna alt þetta út, hið svo nefnda fingrarím. Til þess að vera enn vissari þurftu menn að bera gott skyn á gáng himintúngla, sólar og mána osfrv. Þetta var kallað stjörnulist eða stjörnubókarfræði. Um tvo menn er sjerstaklega talað á Íslandi vel að sjer í þessum fræðum. Annar er Bjarni Bergþórsson inn tölvísi (d. 1173), er á að hafa reiknað út túnglöld. Hinn er Stjörnu-Oddi (sbr. 192. bls.) Helgason, norðan úr Þingeyjarsýslu. Honum er hrósað mjög fyrir stjörnufróðleik og eftir honum er haft Stjörnu-Oddatal um gáng sólarinnar, hækkun og lækkun sólargángsins; finst það m. a. í Rímbeyglu og á að vera furðugott.

Þetta rit, Rímbeygla, er annars aðalritið í þessari grein og er í afarfornu handriti til. Aðalefnið er allskonar tímatal, misseristal, mánaðatal, osfrv., og er nokkurs konar kenslubók í tímatali kirkjunnar; en alt efnið er tekið úr útlendum ritum (Beda og fl.). Í þessu riti finst og ýmislegt guðfræðislegs efnis. Líkt efni, en aukið með ýmsum miðaldafræðum, má finna í öðrum handritum.

Hjer mætti og telja ýms almanök (kalendaria) með viðteiknuðum ártíðum manna, þ. e. dauða-

Digitized by Google

degi þeirra; og eru þessar ártíðaskrár mjög merkar í sögulegu tilliti.

Öðrum fræðum er ekki til að dreifa, en vjer sjáum af öllu þessu, hve mikið Íslendingar hafa haft af útlendum ritum og hve iðnir þeir voru og hve fróðleiksfýst þeirra var lifandi. Heimspekilegum fræðum í eiginlegri merkingu voru þeir alveg fráhverfir, enda er svo að segja ekkert til af neinu, er heimfæra megi þar undir. Eiginleg náttúruvísindi var ekki um að ræða í útlöndum og þá heldur ekki á Íslandi. Það sem til var, var alt tóm hindurvitni og hjátrú (steinar voru náttúrusteinar og því um líkt). Til er rit eitt, er nefnist Bestiarius (dýrakverið) eða Physiologus; eru þar nefnd ýms dýr, sum ímyndunarverur og ófreskjur, og er lýst stuttlega (einhverjum sjerstökum eiginleika) og mynd af því látin fylgja; en svo er bætt við, hvílíkan lærdóm út af lýsingunni megi leiða, og er hann þá siðfræðislegur og guðfræðislegur og oft næsta hlægilegur. Slíkt er því fremur uppbyggilegt rit en náttúrufræði.

Ellefta grein.

Viðauki. Norræn rit.

Vjer álítum rjett að skýra hjer stuttlega frá norrænni bókagerð á þessu tímabili, bæði vegna þess að þau rit, er þar til heyra, eru svo að segja eingöngu til í íslenskum handritum og oft töluvert breytt, og vegna þess, að þau hafa haft mjög mikil

Digitized by Google

áhrif á íslensk rit á 14. og 15. öld og þýðingu fyrir Íslendinga.

Norðmenn sömdu svo að segja engin frumrit; engar sögur eru til frá þeirra hendi. Hvernig á því standi, er óvíst, en benda mætti á, að einmitt þá, er mestur friður var á Íslandi, á 12. öld, var einhver hin mesta óöld í Noregi alt í frá dögum Haralds gilla og öldina út. Þó er þessi skýring valla einhlít. Norðmenn viðurkendu aftur á mót Íslendinga sem söguritara og Sverrir notaði tækifærið til þess að láta Karl ábóta rita sögu sína. Langflest af ritum Norðmanna eru þýðingar. Fyrst og fremst þýðingar af prjedikunum (homilíum), helgisögum og öðrum þesskonar ritum; þar næst þýðingar af fornfrönskum skáldritum og eru þau rit miklu merkust. Hákon konungur gamli fjekk snemma löngun til að hefja konungsríki sitt og tign sína svo hátt, að hún stæði jafnfætis hverri annari konungstign í norðurálfunni að mentun og skrauti og allri framkomu inn á við sem út á við. Hann vildi efla hirðprýði og hæversku á hverja lund. Eitt af ráðum hans til þessa var það, að fá samskonar rit til lesturs fyrir hirð sinni sem annars staðar voru til, skáldrit um fornkappa, dáðir þeirra og ástir. Á Frakklandi og í Englandi var til allur fjöldi þess konar skáldrita, og voru þau t. d. um kappa Arðus konungs og marga aðra. Aðalmennirnir í þeim voru konungar, hirðmenn og riddarar, drotningar, hirðfrúr og meyjar, og jafnvel yfirnáttúrlegar verur. Hjer er alt fult af hinum ævintýralegustu viðburðum, orustum og þrautum, og ævinlega eru ástir annars vegar, sjaldan hreinar, göfugar ástir, heldur á einhvern

Digitized by Google

hátt með meinum, milli riddara og giftrar konu, er þá kann að vera illa haldin og gift einhverjum afbrýðissömum og jafnvel gömlum manni. Alt á að vera fint og riddaralegt, hæverskt og hátignarfult í þessum ritum, og er það og oft svo, en yfir höfuð má telja þau fremur siðspillandi heldur en hitt. Í Noregi hafa þau valla breiðst út til muna, en þau komu snemma til Íslands og fengu þar afarmikla þýðingu. Þau komu sjer vel þar, til þess að menn fengju tilbreytingu, þau sýndu þessu afskekta fólki eins og inn í nýja heima, og það gleypti við þeim. Þau voru þar rituð upp aftur og aftur; svo voru rímur ortar út af þeim og loks voru búnar til alveg nýjar sögur í líkingu við þær. Ásamt Þiðrekssögu hafa þessi rit gjörbreytt smekk manna á 14. öld. Allar eru þessar þýðingar í óbundnu máli. Það er vissa fyrir því, að hinar fyrstu þýðingar af þessum ritum eru eftir mann með ónorrænu nafni; Tristramssaga er sögð þýdd 1226 af „bróður Róbert"; Elis saga og Rósamundu er þýdd af „Róbert ábóta". Þetta er vafalaust sami maðurinn og hefur hann þá verið englendingur helst, en verið lengi í Noregi og kunnað norrænu fullkomlega. Eftir hverja hinar eru, vita menn ekki; en Hákon konúngur, sem fjekk Róbert til þess að þýða, hefur eflaust fengið duglega menn til þess, að því er hin ritin snertir. Þýðingarnar eru mjög góðar yfir höfuð, ekki orðrjettar, en oft hlaupið yfir mærð og lýsingarrollur í frumritunum; oft eru þau gerð skiljanlegri með því að viðhafa orð, er eiginlega eiga við alnorrænan hugsunarhátt, siði og athafnir. Öll þessi rit voru nefnd sögur og skoðuð sem sögur. Málið

Digitized by Google

á þeim er oft skrúðmál mikið og einkum er oft skipað orðum saman, er byrja eins.

Hinar helgu þýðingar eru oftast orðrjettar og mjög góðar og með fornlegu orðbragði. En alt öðru máli er að gegna með rit frá því um 1300, og sjest þá best, hve málspillingin var orðin mikil í Noregi að flestu leyti.

A. Frumsamin rit.

Hjer er fyrst eitt sögurit að telja, ritað á latínu af manni, sem nefnir sig Teodricus múnk; hver hann hafi verið, vita menn ekki. Rit hans heitir: Historia de antiquitate regum Norwagiensium (saga um konúnga Noregs að fornu). Það nær frá Haraldi hárfagra til dauða Sigurðar jórsalafara; höf. segist ekki hafa viljað rita um allar þær orustur, svívirðingar- og níðingsverk, er síðan hafi verið unnin í Noregi. Ritið er eignað Eysteini erkibiskupi (1161—88) og samið milli 1178 og 1187. Höf. skýrir frá hverjum konúngi og aðalverkum hans stuttlega og greiðlega, en svo skýtur hann stundum inn kapítulum, sem ekkert við koma efninu og eiga aðeins að sýna lærdóm hans og vera til þess að skemta lesaranum. Þetta skemmir ritið, sem annars er heldur vel skrifað og á fremur góðu máli. Meginefnið segist hann hafa frá Íslendíngum og fer um þá og kvæði þeirra miklum lofsorðum fyrir fróðleik þeirra, enda kastar hann líka allri ábyrgðinni á hendur þeim fyrir sannleik sagnanna, því að í Noregi hafi aldrei verið neinn sagnaritari. Höf. hefur bæði haft munnlegar frásagnir og rit Íslendínga; hans saga er mjög merk af því að hún

Digitized by Google

er svo gömul og óbreytt eins og hann skildi við hana.

Annað rit er Historia Norwegiæ (saga Noregs) eftir ónafngreindan höfund. Þetta rit átti að vera í 3 hlutum, um landalegu, um konúnga landsins og um kristnun þess og hag. En nú er ekki til nema landslýsingin, og eru þar teknar með Orkneyjar, Suðureyjar, Færeyjar og Ísland, og svo upphafið á öðrum kaflanum, er hefst með Ýnglingum; ritið hættir í miðju kafi í sögu Ólafs helga. Hvernig á þessu stendur, er óvíst. Ritið er ekki ómerkilegt; það er tileinkað Agnellus nokkrum, er líklega hefur verið englendingur, og þykir með líkindum mega ráða, að það sje samið á fyrsta fjórðúngi 13. aldar. Höf. er fremur illa að sjer og fer oft villur vega, og eru miklar líkur til að hann hafi ekki verið norðmaður, heldur útlendingur, sem hefur lifað lengi í Noregi. Hann hefur notað ýms rit og munnlegar frásagnir. Mál hans er afarslæmt.

Enn er eitt lítið rit til: Historia de profectione Danorum in terram sanctam (saga um för Dana til Jórsalalands); þessi ferð var farin 1192 og segir frá upptökum hennar. Í ferðinni voru líka Norðmenn, og ritið er vafalaust eftir norðmann. Það er mest um undirbúning ferðarinnar og byrjun hennar. Það er ýmislegt merkilegt í ritinu (t. d. um Sverri konúng). Það er samið nokkru síðar en ferðin var farin.

Á norrænu er til lítið rit: Saga Danakonunga, samin um 1270; það er ættartal frá Haraldi hárfagra og endar með Ingibjörgu drotníngu í Noregi

Digitized by Google

og Eiríki klipping; svo kemur stutt yfirlit yfir konúnga og helstu viðburði í annálsformi. Alt þetta er tekið úr Snorra og dönskum annál og er ritið fremur lítils virði.

Varnarræða móti páfavaldinu heitir rit eitt, sem samið hefur verið eftir undirlagi Sverris konúngs og honum til varnar móti hinu norræna klerka- og biskupavaldi. Ritið er samið 1197 og er mjög skemtilegt. Það átti að vera lesið upp við kirkjur og koma fólki í skilning um, að Sverrir hefði á rjettu máli að standa andspænis klerkavaldinu.

Lángmerkasta frumrit Norðmanna er Konungsskuggsjá. Í formála ritsins segist höf. ætla að rita um kaupmanna íþróttir (íþrótt = sýslan og staða), um konúnglega siðu, um lærðra manna íþróttir og um íþróttir bænda, með öðrum orðum, hann hefur ætlað sjer að rita um allar þessar stjettir, stöðu þeirra, verk, athafnir og einkenni; en hvernig sem á því stendur eru ekki til nema tveir fyrstu kaflarnir, um kaupmenn og konúng; hina tvo hefur höf. líklega ekki enst til að semja, eða þá þeir eru löngu týndir. En konúngs skuggsjá heitir ritið, af því að síðir konúnga eru hæstir og mest metandi og af því að konúngur hefur gott af að sjá í þessa skuggsjón og sjá sína siðu og annara. Höf. er mjög víðförull maður, hefur sjálfur verið í ferðum og kynst öðrum löndum; hann hefur dvalist með konúngum og þekkir því svo að segja alt sem hann ritar um og það snertir af eigin reynslu. Hann hefur verið hniginn á efra aldur, er hann ritaði, og þá lifað á búi sínu í ró og næði nærri Njarðey á Hálogalandi. Það má reikna út

Digitized by Google

eftir ritinu sjálfu, hvar hann hefur hjer um bil búið, eftir því, sem hann segir um sólargáng þar norður frá.

Í fyrra kaflanum um kaupmanninn standa mjög merkilegar lýsingar á Íslandi, Grænlandi og hvölum í höfunum; þetta er eftir sögusögnum manna, því að höf. hefur að minsta kosti ekki til Grænlands komið. Þar er og lýsing á Írlandi, en full af hindurvitnum. Í þessum kafla er og lýsing á vindum, sumarblíðu og vetrarhörku (alt með tilliti til sjóferða) og er hún rituð með svo miklu fjöri og málskrúði, að slíkt er einsdæmi. Í þessum kafla stendur og hin gullfallega setning — er faðir gefur syni sínum; því að öll bókin er látin vera samræða milli föður og sonar —: „ef þú vilt verða fullkominn í fróðleik, þá nem þú allar mállýzkur, en þó týn þú eigi at heldr þinni tungu“.

Í síðara kaflanum er rætt um konúng og hirð hans, hvernig maður eigi að hegða sjer hjá konúngi, tala til hans osfrv.; þar á eftir um riddara og vopnabúnað, umsát borga og fl., þá um konúng sjálfan og eiginlegleika hans, og eru hjer tekin mörg dæmi úr bibliunni, og sjest á þeim, að höf. hefur verið bæði latínulærður og bibliufastur; stundum verður ræða hans næstum því prjedikun.

Ritið er ómetanleg gersemi, því að það sýnir oss vel inn í alt borgaralegt líf í Noregi um miðja 13. öld og hugsunarhátt hinna mentaðri manna, svo og lærdóm. En ómetanlegt tjón er það, að ekki er meira til af því. Ritið er samið um 1250. Mest alt er það byggt á reynslu höf. sjálfs; sumt er tekið úr ritum og sumt eftir annara frásögn. Höf. er

Digitized by Google

lítillátur, mjög guðhræddur og ekki laus við trú á hindurvitni og náttúrufurður, en allra manna ráðvandastur í orðum og gjörðum. Mál hans er yfir höfuð gott og leikandi lipurt, en ber stundum vott um latínukunnáttu höf.; hann hefur oft tvö orð hliðstæð, þar sem eitt var nóg, og hann er stundum, eins og getið var, mesti málskrúðsmaður.

Lög Norðmanna. Þess er getið um ýmsa Noregs konúnga, að þeir hafi haft afskifti af lögunum, „sett" þau eða bætt. Frá alda öðli voru til lög og venjur í hverju hjeraði eða þingi og hafa þau smámsaman verið bætt og aukin. Bæði Hálfdan svarti, Haraldur hárfagri, Hákon góði og einkum Ólafur helgi og Magnús góði eru taldir lagasemjarar eða bætendur. Þegar hjer var komið sögunni, skiftist Noregur í 3 — síðar 4 — lagasambönd, þing hvert með sínum lögum, Frostaþing (í Þrándheimi), Gulaþing (vestanfjalls), Upplönd með Heiðsævislögum, og Borgarþing (í Víkinni). Af hinum elstu lögum Norðmanna er lítið sem ekkert til. Einna elstir eru sumir kristinrjettir og elst þeirra laga, er nú eru til, eru Gulaþingslög (hin eldri); þau eru þó ekki öll til og stafa frá miðri 12. öld í sinni núverandi mynd. Þau eru í bálkum, eru stutt og gagnorð og mjög merkileg. Frostaþingslög eru næstum öll til, en ekki eldri en frá 13. öld í þeirri mynd, sem þau eru nú. Af hinum lögunum er næstum ekkert til nema kristinrjettirnir.

Hjer við bætist hinn svo nefndi Bjarkeyjarréttr eða lög fyrir kaupstaði og verslunarstaði.

Lög Norðmanna voru fyrst færð í letur um 1100 og líklega nokkru fyrr en hin íslensku.

Digitized by Google

Á 13. öld fundu menn til þess, hve óþægilegt það var, að ekki skyldu ein lög gánga um allan Noreg; eftir ýmsar árángurslausar tilraunir tókst Magnúsi Hákonarsyni „lagabæti“ að fá samþykt ný lög, er mest voru sniðin eftir Frostaþingslögum, og skyldu þau gilda um alt land. Af þessari bók voru skrifaðar 4 uppskriftir, ein fyrir hvert þing, og var hver bók nefnd hinu gamla nafni (Gulaþingslög osfrv.); þetta er villandi. Nú var og saminn nýr Bjarkeyjarréttr fyrir kaupstaðina, og var hann nákvæmlega sniðinn eftir aðalbókinni. Þessi nýju landslög skiftast í bálka (sbr. Jónsbók). Ennfremur skal þess getið, að til voru sjerstök lög fyrir hirðina, Hirðskrá, mjög merkileg lög.

B. Þýðingar.

1. Af þýðingum helgirita er til nokkuð af helgra manna sögum og postulasögum eða brot af þeim og hirðum vjer eigi að telja slíkt. Hjer til má og telja Tómássögu erkibiskups; hún er þýdd eftir hinum svonefnda quadrilogus, þ. e. samsteypu fjögurra ævisagna um Tómás; málið á þessari sögu er fremur úngt en þó ekki sjerlega slæmt; þýðingin er fremur góð og ekki orðrjett. Af prjedikunum (homilíum) má sjerstaklega nefna safn, sem til er í mjög fornu norrænu handriti (frá því um 1200), og er það handrit helst allra norrænna handrita og mjög merkilegt að máli og rjettritun. Á þessari homilíubók er fyrst rit hins fræga fornenska fræðimanns Alcuins (735—804): De virtutibus et vitiis (um dyggðir og ódyggðir); það er siðfræðisrit og uppbyggilegt; þýðingin er orðrjett

Digitized by Google

og ágæt. Þá taka við homilíurnar og standa þær í rjettri dagaröð; þær enda með Visio Pauli, sem er samræða milli sálar og líkama, og með skýríngu drottinlegrar bænar. Inn í þessar prjedikanir er skotið jarteinabálki Ólafs helga, auðsjáanlega þýddum úr latínu, með stuttri ævisögu Ólafs. Á latínu var til snemma skrá yfir jarteinir hans, Acta, og eru þær hjer þýddar og auknar.

Hákon gamli átti son, sem og hjet Hákon, kallaður hinn úngi; hann var efnilegur maður og námsmaður, en dó 1257, 25 vetra gamall. Hann var hneigður fyrir bókmentir og lærdóm sem frændur hans; eftir hann er til þýðíng úr latínu af hinu nafnfræga siðfræðis- og trúarriti, sem kallast Barlaams saga ok Jósafats; Jósafat er indverskur konúngsson, og uppalinn mjög stránglega og einmanalega, til þess að hindra að hann yrði kristinn, en því hafði honum verið spáð. Barlaam einsetumaður fær þó aðgáng að honum og kennir honum kristna trú og siðafræði með mörgum sögum og dæmisögum. Jósafat verður konúngur, kristnar ríki sitt en skilur svo við alt saman til þess að lifa með Barlaam það sem eftir var ævinnar. Þýðíngin er nokkuð laus og frummálið er víða æði misskilið; málið er oft stirt og böglíngslegt eða viðvaníngslegt, svo að oft verður erfitt að komast að hugsuninni, nema farið sje í frumtextann.

Eitt merkasta ritið í þessum greinum eru þýðíngar þær af nokkrum bókum Gamla testamentisins, sem sameinaðar eru í handritum og nefnast Stjórn einu nafni, af hverju sem svo það nafn er dregið. Tvö aðalrit eru hjer skeytt saman. Fyrst

Digitized by Google

er eins manns verk þýðingarnar af bókunum um Jósúa til Konúngabókanna að þeim meðtöldum; sú þýðing er mjög nákvæm yfir höfuð og gerð eftir Vulgata; þýðarinn hefur gert sjer alt far um að gera þýðingu sína svo læsilega og skiljanlega norrænum lesendum sem hann gat; málið er hreint og gott. Þýðingin mun vera gerð á öðrum fjórðúngi 13. aldar og er með elstu biblíuþýðingum. Stundum er hjer bætt við ýmsum skýríngum, en þær eru eflaust yngri innskot. Til þessarar þýðingar sýnist enn fremur mega telja þýðingar á 2. Mósebók 19. kap. til 5. Mósebókar á enda; hún er með sömu ummerkjum og hitt, sem áður var um talað; það er valla ástæða til að álíta, að þessir kaflar sje íslensk þýðing.

Á undan öllu þessu og fremst í Stjórn fer nú þýðing af 1. Mósebók til 2. Móseb. 18. kap., og er þetta rit með alt öðru móti en hitt. Frumtextinn er hjer auðvitað þýddur grein fyrir grein, en hverri grein fylgir skýríng, og er hún tekin úr ýmsum alkunnum miðaldafræðiritum. Þessar skýríngar bera vott um afarmikinn lærdóm, en verða stundum geysilángar, heil rit sjer má segja, og um alt mögulegt. Höf. hefur ekki orkað meiru en þessu litla, enda hefði það yfirstigið eins manns ævi og þrótt að fara svo með allar bækur gamla testamentisins. Það er enginn skaði að því, að höf. gafst upp, því að öllu óskemtilegra rit en þetta fær ekki. Þetta rit er frá því um 1300 og gert eftir ósk Hákonar háleggs Magnússonar (1299—1319); hann á að hafa sjeð um fleiri helgirit til uppbyggíngar fólki. Málið er fremur slæmt og mjög ónorrænt. — Til þess að

Digitized by Google

fá svo góða heild sem hægt var, var þýðingunum slengt saman í eitt, eins lángt og þær náðu. Þess skal enn getið, að til er önnur þýðing af Jósúabók, en sú er nefnd var, og er hún gerð eftir Historia scholastica Pjeturs commestors (matgoggs).

Í handritum finnast þessi rit sett saman til þess að mynda eina samfelda sögu: Stjórn, svo Rómverjasögur, þá Alexanderssaga og Gyðingasögur.

2. Þýðingar hinna fornfrönsku kvæða, Riddarasögur m. m. Þess hefur áður verið getið, hvernig stóð á uppruna þessara þýðinga og hverjum þær eru að þakka. Þær eru í stuttu máli þessar, er nú skulu greindar.

Tristramssaga er þeirra einna elst; frumþýðingin finst svo að segja aðeins í úngu ísl. handriti. Það er hinn alkunni ástaróman um Tristram og Ísold björtu; sagnirnar um þau eru í rót sinni keltneskar og urðu altítt yrkisefni á miðöldunum. Sú saga eða kvæði, sem ísl. sagan er þýdd eftir, á að hafa verið eftir Thomás nokkurn frá Bretagne. Þýðingin er eftir Róbert múnk 1226, svo sem stendur í fyrirsögninni í hdr.

Elis saga ok Rósamundu er um höfðingjason, er komst í hendur heiðingjum og vann ástir Rósamundu, dóttur konúngs þar; hún gerðist kristin og flýði burt með honum. Sagan finst í einu norrænu hdr. og íslenskum uppskriftum og má þar af glögglega sjá, hvernig Íslendíngar fóru með hinar norrænu frumþýðíngar. Þessi þýðing er eftir Róbert, sem líklega er sami maðurinn, en er hjer nefndur ábóti.

Digitized by Google

Til þeirra sagna, sem eru um Arðus konúng og kappa hans, heyra Ívens saga Arðuskappa og Möttulssaga; hin fyrri, um hinn fræga ljónsriddara og ævintýri hans, stafar frá kvæði eftir hið nafnkunna franska skáld Chrestien de Troyès, er var samið 1169. Möttulssaga er um hinn furðulega möttul, er engri konu fór vel er ekki hafði verið bónda sínum eða unnusta altrú. Þenna möttul urðu einu sinni allar hirðmeyjar og konur í höll Arðus að reyna, en aðeins einni fór hann vel í alla staði. Frásagan um þetta er mjög gamansöm, en þykir nokkuð ljettúðleg.

Til þessara sagna teljast og Errex saga og Parcevalssaga. Hin fyrri er um Errex og konu hans Enide og stafar frá kvæði Chrestiens. Endir þessarar sögu er sjálfstæður tilbúningur einhvers íslendings. Parcevalssaga er um Parceval hinn únga, er ekkert kunni að hræðast og var ætið barnslegur og einfeldnislegur, en flekkaðist aldrei af þessa heims vastri. Hún er og eftir Chrestien.

Beverssaga er um Bevers (Bevis) og hina egipsku konúngsdóttur Jósevæn, er lætur skírast. Bevis á í fjölda af þrautum og orustum eftir að hann var seldur kaupmönnum mansali af móður sinni. Þessi saga er líklega ein hin yngsta þess konar þýðinga.

Flóventssaga er um Flóvent, er berst mjög við heiðingja, Saxa, vinnur sigra og giftist Marsibilíu, dóttur hins heiðna konúngs.

Af nokkuð öðru tagi eru sögurnar um Flóres ok Blankinflúr og um Partalópa. Þær stafa

Digitized by Google

austan að, frá Býsants. Flóres og Blankinflúr alast upp saman, verða að skilja, en Flóres frelsar Blankinflúr úr höndum Babýlonshöfðingja. Þau giftast og Flóres verður konúngur. Þetta er ein fegursta og hreinasta ástasagan. Partalópasaga er eiginlega í rót sinni ekki annað en ævintýrið um Amor og Psyche, en snúið við, svo að það er Marmoría keisaradóttir í Miklagarði, er svarar til Amors; hún elskar Partalópa og lætur sækja hann, en hann fær ekki að sjá hana. Endirinn verður þó sá, að þau eigast og Partalópi verður keisari.

Að lyktum er ein saga, viðáttumest og einna merkust; það er Karlamagnús saga ok kappa hans. Hún er í allmörgum þáttum og nokkuð mismunandi í handritum og eftir ýmsum frumtextum. Fyrst er um Upphaf Karlamagnúsar, um æsku hans og ævi þar til hann er krýndur til keisara af páfanum; þessi kafli er tekinn eftir ýmsum heimildum. 2. þáttur er um Ólif, systur Karls, og son hennar Landrjes; Ólif er gift Húgoni konúngi, en er rægð og hún látin í turn; Landrjes tekst að hefna hennar og alt verður gott. Þessi kafli er með þeim yngstu og heyrir ekki til frumsögusafninu um Karl. Bjarni Erlingsson frá Bjarkey fjekk þenna þátt í Skotlandi 1286—87 og ljet þýða hann síðar. 3. þáttur er um Oddgeir danska og er tekinn eftir fornfrönsku kvæði. 4. þáttur er um Agúlandus konúng og Rollant, og er efnið tekið bæði úr latínsku riti (Túrpínskroniku) og fornfrönsku kvæði (Aspromont). Samsteypan er ekki vel gerð. Í öðru aðalhdr. sögunnar er öllum þessum þætti gjörumsteypt til þess að fá betri heild, og hefur það

Digitized by Google

gert íslendingur. 5. þáttur er um ófriðinn við Saxa og Guitalín Saxakonúng, og kemur Rollant hjer mjög við söguna. Hjer er og fleiri sögnum (kvæðum) steypt saman. Frumtextarnir eru týndir. 6. þáttur er um Otúel heiðingja; hann lætur skírast og fær dóttur keisara; frumkvæðið (Otinel) er enn til. 7. þáttur er um Jórsalaferð Karls og jafningja hans. Þar í er um dvöl þeirra í Miklagarði og þrautir þær, er þeir urðu að inna vegna stóryrða þeirra (geipunar) sín á milli, en keisari í Miklagarði heyrði til þeirra úr leyni sínu. Þessi þátturinn er einna skemtilegastur; frumkvæðið (fornfranskt) er enn til. 8. þátturinn er um herferð Rollants og Frakka til Spánar móti Serkjum, eftir því fornkvæði, sem lángmerkast er og enn til, um Rollant. 9. þáttur er um Vilhjálm korneis og er fremur ómerkileg helgisaga. 10. þáttur er endir sögunnar og segir frá dauða Karls og jarteinum ýmsum, og hefur hann líklega aðeins átt heima í öðru handritinu.

Hinir ýmsu þættir eru þýddir hver í sínu lagi og hver eftir sinn þýðara, og því er allmikill munur á máli og meðferð efnisins. Svo hefur einhver safnað þeim saman í eina heild (sbr. Þiðr.s.), en fyrst hafa þó aðeins verið saman 1 og 3—8; hinum hefur síðar verið bætt við og ýmsu breytt í hinum fyrri þáttunum. Þýðingarnar hafa vel flestar verið gerðar í Noregi um miðja 13. öld.

Á Íslandi var Karlamagnússaga mjög útbreidd og tíðlesin og hafði hin mestu áhrif á menn; skáldin tóku úr henni rímnaefni og sögur voru búnar til eftir henni sem fyrirmynd.

Digitized by Google

Bæði um hana og hinar sögurnar má segja, að þær hafa hina mestu þýðingu fyrir hina fornfrönsku frumtexta, ekki síst þegar þeir eru týndir eða ekki til nema í brotum, og fyrir frummynd sagnanna.

Að endingu skal talað um merkilegt rit, er nefnt er Strengleikar eða Ljóðabók. Það er safn af smákvæðum fornfrönskum, er eignuð eru Marie de France; hún lifði í Englandi á dögum Hinriks annars og orti kvæði sín (lais) líklega eftir bretónskum kvæðum og sögnum. Þessir strengleikar eru aðeins til í einu handriti og hafa aldrei til Íslands borist. Um 20 kvæði eru hjer þýdd, en þau eru ekki öll til full, því að skellur eru í hdr. Þýðarinn segist hafa þýtt þau eftir ósk Hákonar konúngs og líklega er hann enginn annar en Róbert ábóti. Efnið í þessum ljóðum eru riddaralegar ástir, og eru mörg þeirra mjög fögur og ynnileg, en hreinleiki ástanna er ekki jafnan hinn sami. Það er eitthvað blítt við þau flest og stundum ángurblítt, er riddarinn verður að missa lífið fyrir ástir sínar. Hreinast og undurfallegt er kvæðið um hinn únga mann, er varð að vinna það til að fá konúngsdóttur, að bera hana upp á hátt fjall hvíldarlaust. Honum tekst það, en hann deyr af mæði þegar er upp er komið, og svo deyr hún af harmi. Þýðingin á þessum kvæðum var einhver hin vandasamasta, og verður ekki annað sagt, en að þýðaranum hafi tekist prýðisvel. Hann skoðar þau sem siðferðisleg kvæði. Þýðingin er vel nákvæm og örsjaldan leyfir þýðarinn sjer sjálfstæð innskot.

Digitized by Google

Einstöku af þeim eru nú aðeins til í hinni norrænu þýðingu.

Þriðji kafli.

Um 1300 — um 1450.

Fyrsta grein.

Það tímabil, er hjer verður um rætt, er með alt öðru eðli og útliti en hið undanfarna. Frumsögurituninn er svo að segja alveg á enda, en það er haldið áfram með mestu iðni og alúð að rita upp hin fornu rit og um leið breyta þeim og einkum auka þau. Samkynja sögum er safnað í stór og fönguleg handrit, er ýmsir ríkismenn kostuðu (t. d. hin mikla Flateyjarbók), og efalaust eru nú margir skrifarar sem lifa ekki á öðru. Stundum eru þeir sjálfstæðir ritarar, að því leyti sem þeir velja rit og þætti til upptöku og búa til heild úr, og varð þá að gæta þess að öllu væri nokkurn veginn vel fyrir komið. Svo eru Ólafssögurnar hinar meiri, er áður hefur verið getið. Málið breytist töluvert; bæði með því að hið daglega mál og almúgamálið eða orð úr því eru tekin upp í ritmálið (orðin *piltur* og *stúlka* koma t. d. ekki fram í ritum fyrr en um 1300).

Smekkur manna var nú breyttur töluvert, þótt andinn væri eiginlega stöðugt hinn sami. Það eru sögur og sögukvæði, sem mönnum þykir altaf mest

Digitized by Google

gaman að. Fornu sögurnar um Íslendínga osfrv. voru ritaðar og lesnar, en það er samt svo, að menn eru eins og orðnir nokkuð mettir á þeim, og það er auðsjeð, að hinar útlendu sögur voru nú orðnar aðalskemtun manna; þær gerðu tilbreyting með því að þær voru um alt annars konar menn, riddara og frúr þeirra og hæversku, svo og um ókunn lönd og ókunnar þjóðir; þær sýndu mönnum inn í aðra veröld, og var því ekki að furða, þótt þær vektu fjör og glæddu ímyndunaraflið. Þessar sögur höfðu áhrif að ýmsu leyti; ýmsu í hinum sönnu eða hálfsönnu sögum og þáttum var breytt eftir þeim. Enn meiri þýðingu fengu þær við það, að menn fóru að búa til nýjar sögur í líkingu við þær og með þeirra sniði og efni margvíslega samantvinnuðu; má segja, að þær sjeu skyldar fornaldarsögunum og að nokkru leyti áframhald þeirra. Vjer furðum oss reyndar oft á því smekkleysi, sem sýnir sig í þessum sögum, þar sem alt er ýkt og sjeð í mjög sterkum sjónauka. Það lítur út fyrir, að menn hafi alment trúað eða getað trúað á allar bábiljur, sem sögur þessar segja frá. Menn voru alment á lægra mentunarstigi nú en fyrr, og bar mart til þess, einkum þó það, að Íslendíngar voru svo að segja alveg hættir því að fara sjálfir utan og sjá sig um í öðrum löndum. Hirðskáld voru ekki framar til og verslunin var í höndum útlendra manna; þótt getið sje um stöku Íslendínga erlendis, þá er það ekkert á við það sem áður var, þegar þeir voru stundum í Noregi hundruðum saman í einu. Þar næst hafði trú á helga menn og jarteinir þróast svo að undrum gegnir; samfara þeirri trú

Digitized by Google

er ævinlega fáfræði og bágborinn hugsunarháttur eins vegar, trú á hindurvitni og yfirnáttúrlega hluti yfir höfuð, ýkjur og ofsagnir annars vegar. Og svo var á Íslandi. Annálar skýra frá ýmsum dæmum þessa. 1338 á 15 álna hár risi að hafa verið drepinn á Finnmörk. 1405 á Árni bróðir Ólafsson einhvers staðar í útlöndum að hafa sjeð hjaltið af sverði Sigurðar fáfnisbana, 10 feta langt; til átti að vera tönn úr Starkaði gamla, eins stór og höfuð eða stærri, og mart fleira mætti telja; þessu var öllu trúað; og þá var líka trúað á kukl og galdur (hina svörtu kúnst). Alt þetta mótaði hugsunarháttinn og skilninginn. Það er afturför geysileg í öllu þessu. Þó er enn mikill kraftur hjá fólkinu og margir duglegir menn og höfðingjar voru enn til, er sýndu mikla rausn. Tilfinningin fyrir fornu sjálfstæði var enn lifandi og menn vöruðust að láta konúng eða umboðsmenn hans fá ofmikið vald yfir málum landsins. Á þing komu engir aðrir nú en lögrjettumennirnir; týndist því sú þýðing þess, sem það hafði fyrr haft til þess að útbreiða frjettir innan lands og utan að.

Auk þeirra sagna, er nefndar voru, var annálaritun nú almennust, og munum vjer skýra nánar frá henni síðar. Frumsamdar voru tvær biskupasögur.

Að því er kveðskap snertir, verður og stórmikil breyting á honum. Konúngakvæðin leggjast alveg niður; hinn forni drápukveðskapur heldur þó áfram, en það eru aðeins kvæði um helga menn, sem ort eru með því sniði; öllu því gamla er haldið, hætti (mest hrynhent og dróttkveðið), kenningum og allri

Digitized by Google

annari bragargerð (stefi osfrv.). Samt sem áður hefst nú alveg nýr kveðskapur og eru það rímurnar; þær eru með nýjum bragarháttum, sem ekki beinlínis eiga rót sína í þeim gömlu; þetta eru söguljóð, að efninu til áframhald af fornu sögukvæðunum, flest öll ort út af sögum og söguviðburðum. Þau sýna löngun á tilbreytingu að forminu til, en ekki að efni. Það eru sögur og aftur sögur, í hverri mynd sem er, sem þjóðin elur við brjóst sjer og svo að segja er hin einasta skemtun hennar. Sögurnar og kvæðin (rímurnar) voru hafðar yfir og kveðin á kvöldin og hafa snemma verið til þeir menn, bæði karlar og konur, er hafa sjerstaklega lagt stund á það, og enda kunnað utanað mart af rímunum. Hinir meiri höfðingjar sýnast jafnvel að hafa haft með sjer rímnaskáld til að yrkja og kveða fyrir fólkið. Rímurnar (og kvæðin) hafa ákaflega mikla þýðingu fyrir málið.

Að nokkuru leyti má segja, að hið andlega líf hafi verið fjörugt og engan veginn ómerkilegt, en takmörk þess voru ákaflega þröng, sjóndeildarhringurinn geysilega viðáttulitill.

Undir lok 14. aldar komst Ísland ásamt Noregi undir yfirráð Danakonúngs. Áhrif frá Danmörku eru þó á þessu tímabili næsta lítil; þau verða meiri síðar. Landið hjelt sömu stjórn sinni og var skoðað fyrst um sinn sem sambandsland Noregs. En auðvitað hafði þetta nýja samband einkum áhrif á málið, þegar fram í sótti.

Digitized by Google

Önnur grein.

Um kveðskap.

A. Helgikvæði.

1. Nafngreind skáld eru örfá; flest af þeim kvæðum, er koma til greina, eru eftir ónefnda höfunda. En eitt nafn skarar hjer fram úr öllum.

Arngrímr Brandsson, ábóti á Þingeyrum (1350—61) samdi sögu um Guðmund biskup, er síðar verður getið; en hann orti og hrynhenda drápu um Guðmund með meir en 60 vísum og tvöföldu stefi, og er hún öll til. Bein biskups voru tekin upp 1344 og mun kvæðið ort við það tækifæri; það er einkum um jarteinir hans; það er heldur vel ort en þýðingarlítið að öðru.

Eysteinn Ásgrímsson er höfuðskáldið á 14. öld og ber af öllum öðrum. Árið 1343 er hann nefndur múnkur í Þykkvabæ og á þá að hafa sýnt ábóta sínum mikinn mótþróa; enginn vafi er á því, að Eysteinn var harður í skapi, geðmikill maður og óvæginn. Hvernig þessu máli lyktaði, vita menn ekki, en álit hefur hann hlotið að hafa á sjer, því að 1349 var hann officialis á Helgafelli. Árin 1353—54 er hann í Skálholti hjá Gyrði biskupi og fylgdi honum á vísitasíuferð. 1355 fóru þeir báðir utan og var Eysteinn tekinn inn í Elgisetursklaustur við Niðarós. Tveim árum síðar kom hann út ásamt öðrum og var nú orðinn vísitator um alt Ísland. Segir að Eysteinn hafi verið harður og þúngur í skrifum; urðu þá deilur með honum og Gyrði biskupi, svo að biskup bannfærði Eystein (1359), en Eysteinn stefndi hon-

Digitized by Google

um fyrir erkibiskup. Frá þessum árum eru líklega kviðlingar eftir Gyrð og Eystein. Eysteinn kom þar, sem Gyrður var að kemba sjer, og á Gyrður að hafa sagt:

Gyrður kembir nú gula reik
með gyltum kambi,

Eysteinn botnaði þegar og sagði:

kominn ertu úr krókasteik[1])
þinn kúluvambi.

Þetta er hin fyrsta vísa með rímnalagi sem til er, ef hún er rjettfeðruð og það mun hún vera. Þeir biskup sættust þó aftur og varð Eysteinn officialis fyrir vestan. 1360 fór hann aftur utan, en fjekk mjög erfiða útivist og komst með illan leik til Elgiseturs og þar dó hann skömmu síðar í apríl 1361.

Eysteinn var efalaust atgjörvis- og dugnaðarmaður, en óþjáll og lítt sveigjanlegur. Vjer þekkjum hann þó betur sem skáld en sem embættismann og veldur því, að til er eftir hann hið nafnfræga kvæði Lilja. Það er hrynhend 100-vísna drápa, og stafar nafnið frá höf. sjálfum. Skáldið ákallar guð og Maríu og biður þau styrkja sig til að yrkja svo verðugt sje, snýr hann sjer þá að aðalefninu, en það er yfirlit yfir sköpun veraldar og mannsins, freistíng og syndafall, frelsun og sáluhjálp með fæðíngu Krists; svo segir frá Kristi, kenníngu hans og kraftaverkum, krossfestíng og dauða, upprisu og

[1]) Þetta orð er klámfengið.

Digitized by Google

himnaför og hinum síðasta dómi. Endir kvæðisins eru hugleiðingar og heitt ákall einkum á Máríu mey. Hin síðasta vísa er samhljóða hinni fyrstu. Aðalefnið sjálft er alveg samkvæmt kenningu kirkjunnar og styðst líklega við einhverja kenslubók; er meðferð þessa efnis ekki að neinu leyti sjálfstæð, sem heldur ekki var við að búast. En það sem gerir kvæðið svo einstakt í sinni röð og ágætt er andriki, mælska og lipurð, og er alt jafnframúrskarandi. Andríkið og trúarkrafturinn kemur hvervetna fram, en einkum í ákallsvísunum; tilfinning syndar og sektar er innileg og átakanleg og þó er hvergi neinn vesaldómur; það er kraftur í innilegleiknum og kjarkur í auðmýktinni; trúin er einföld og bernskuleg. Orðatiltækin eru oft sterk, og þó finnur maður aldrei að þau sjeu óeðlileg eða tóm mærð og klingjandi bjalla; þau falla svo vel saman við hið ærlega trúarfjör og hinn innri andans loga í brjósti skáldsins, að öll hin mállega framsetning er eins og fædd af sjálfu sjer um leið og hugsunin skapast; hugsun og mál eru hjer skilgetnir tvíburar, sem aldrei mega hvor af öðrum sjá. Mælskan er því ekki mælgi heldur hinn rjetti kraftur orðanna og alt málfærið er ágætt, hreint og einfalt; stöku síðari orð og útlend orð eru komin inn *(hreinferðugur)*. Svarandi til alls þessa er hin óviðjafnanlega lipurð kveðandinnar; það er eins og engar torfærur sjeu til fyrir Eysteini; hann gerir sjer oft erfiðara fyrir en þörf var á með ýmislegu bragskrúði, en hvergi verður þess vart, að það hafi verið með harmkvælum fætt; hortyttur sjest ekki. Með öllu þessu er kvæðið svo að segja alveg kenninga-

Digitized by Google

laust og orðaröðin svo að segja ætið ljós og einföld. Eysteinn hefur lag á því að leggja þann blæ yfir orð sín, er á við efnið, hátíðlegan, þegar það á við, þúngan og alvarlegan, spaugsaman, þegar svo ber undir (t. d. þar sem hann lýsir hugleiðíngum fjandans um Krist). Það var engin furða, þótt kvæðið yrði frægt og að sá talsháttur kom upp, að „öll skáld vildu Lilju kveðið hafa“. Kvæðið hafði mikla þýðíngu fyrir síðari tíma; það var stælt á marga lund. Margir álitu það trúarskyldu að lesa kvæðið einu sinni á dag, að minsta kosti einu sinni á viku. Vjer setjum hjer nokkur vísuorð sem sýnishorn af Lilju. Fjandinn segir (41. v.):

Feðrætt hans trúig fá munu hitta,
finnz móðernið hér með þjóðum;
því er aðferðin Jesú burðar
undarlig, svó skil eg það varla.

Um lækning Krists (v. 46), þar sem hvert nafnorð svarar til lýsíngarorðs í rjettri röð:

. . . og þar með veitir
blindum, hrjúfum, dumbum, daufum,
dauðum, krömdum, ærum, lömdum:
augu, græðíng, orð, að hlýða,
andir, heilsu, visku, að standa.

Um kraft orðanna ber vitni meðal annars (75. v):

Tárum rigni, en túngan þagni,
taki af mál, en þurftug sálin
beriz um fast og búkinn hristi,
bið eg óttandi: hjálp mér dróttinn.

Digitized by Google

Að Eysteinn hefur vísvitandi viljað hafa kvæðið svo ljóst og einfalt og laust við edduhnoð sýnir 98. v.:

Sá er óðinn skal vandan velja
velr svó mörg í kvæði að selja
hulin fornyrði, að trautt má telja,
tel eg að það má skilníng dvelja;
vel því að hér má skýr orð skilja,
skili þjóðir minn ljósan vilja,
tal óbreytt og veitt af vilja,
vil eg að drápan heiti Lilja.

Það dæmi, sem Eysteinn gaf með þessu, hefur og síðar haft mjög mikla þýðingu.

Einarr Gilsson, lögmaður norðan og vestan 1367—69, var víst kominn af hinum fornu Gilsbekkíngum; vjer vitum lítið um hann, en hann mun átt hafa heima norðanlands. Hann hefur verið mikill dýrlíngavinur, einkum Guðmundar biskups; um hann hefur hann ort 2 drápur, aðra dróttkvæða, hina hrynhenda, og þekkjast báðar af Guðmundarsögu Arngríms. Af dróttkvæðu drápunni eru til um 40 vísur og er hún ævikvæði, þurt og óskáldlegt; um jarteinir biskups er allmikið talað. Af hinni drápunni eru til 17 vísur (um samræðu Guðmundar og Þóris erkibiskups í Noregi). Þar að auk er í sögunni 21-vísu flokkur um afturgöngu nokkra, er Selkolla hjet og Guðmundur kom fyrir, Selkollu-vísur. Annars er Einar kunnastur af því að hafa verið einn hinn fyrsti rímuhöfundur. Eftir hann er Ólafsríma, ein ríma ferskeytt, mansöngslaus, 65 erindi; hún er um orustuna á Stiklastöðum, fall Ólafs helga og jarteinir. Efnið er tekið úr Heimskr. Einar

Digitized by Google

hefur ekki verið neitt höfuðskáld og laus við alt hugmyndaflug.

Árni Jónsson. Um hann vitum vjer ekki annað en að hann varð ábóti á Múnkaþverá 1370 og fór utan 1379. Árni orti og drápu um Guðmund, er sýnist hafa verið aðaldýrlingur manna á 14. öld, Guðmundardrápu; hún er hrynhend og 80 vísur með tvennu stefi. Það er löng lýsing af Guðmundi og mærðarfull lofdýrðarrolla um hann og kraftaverk hans, er flest eru kunn af sögu Arngríms. Kvæðið er miklu fjörmeira og óbragðdaufara en Einars kvæði, og málfærið heldur gott. Einstöku vísnastúfar eru aðrir til eftir þenna Árna.

Jón Pálsson, Máríuskáld; hann mun vera fæddur um 1380, en lifði lángt fram á 15. öld og fram yfir 1471; hann var kominn af Hauki Erlendssyni; hann var lengi prestur á Grenjaðarstað (1427—30 og 1447—71). Jón var einna helstur prestur sinna tíma, duglegur og þróttmikill. Hann átti í ýmsum deilum við biskupa, fyrst við Jón Vilhjálmsson (1225—35), svo við Ólaf Rögnvaldsson (1459—95). Hann var oftar en eitt sinn officialis á Hólum. Viðurnefni sitt fjekk hann af hinum mörgu kvæðum sínum um Maríu mey, er hann tignaði mest allra helgra manna; en því miður er lítið til, sem honum verði eignað með vissu. Þar á meðal er Máríulykill, er helst verður talið víst; það kvæði er ort með ýmsum háttum og er 37 vísur; háttunum er ekki skipað eftir neinni röð. Kvæðið er vanalegt lof um Maríu en ekki neitt sjerlega atkvæðamikið.

Enn má nefna Kálf skáld, er vjer annars vitum

Digitized by Google

ekkert um. Hann orti Katrínardrápu (hrynhenda); hann nefnir sig í 49. vísu, en á latínu, „vitulus vates“, og verður það eigi skilið öðruvís; það er vafalaust sami maðurinn, er orti Völsúngsrímur (sjá síðar) og kallar hann sig þar eins. Hann var múnkur, því að hann kallar sig frater (bróðir). Drápan er um hina heilögu Katrínu og byggist á sögunni um hana.

2. Kvæði eftir ónafngreinda höfunda. Til eru ekki svo fá kvæði, er öll munu ort um 1400 og verður það ekki tiltekið nákvæmar. Þau eru flest-öll dróttkveðin eða hrynhend og flest um Maríu mey og aðra helga menn og ort út af sögum um þá. Svo eru til Maríuvísur þrennar (um hjálpir hennar við ýmsa), Maríugrátr (um sorg Maríu við krossinn), Maríudrápa (lofdýrð). Það eru ýmsar laglegar setníngar og tilfinníngaríkar í þessum kvæðum. En í sumum þeirra er mikið málróf, t. d. upptalníng nafna Maríu. Hjer til heyra og Vitnisvísur (um úngan mann, er vill ekki halda eið, er hann hefur heitið mey fyrir framan líkneski Maríu, en hún vitnar meynni í vil).

Þá er til Pétrsdrápa, Andréásdrápa (brot), Heilagra manna drápa (ekki til öll); hún er um ýmsa helga menn, þar á meðal um Knút helga og Benedikt og Hallvarð; Meyjadrápa um ýmsar helgar meyjar (70 vísur), og ýmislegt fleira smávegis. Öll þessi kvæði eru beint áframhald af gamla drápukveðskapnum og eru öll sögukvæði, en eru um leið eða eiga að vera uppbyggileg. Flest þeirra eru þur og fjörlaus og ómögulegt að þau geti haft

Digitized by Google

nokkur áhrif á sál manna. Í þeim er og allmikið af kenningum.

B. Veraldleg kvæði.

1. Nafngreind skáld eru hjer ekki heldur sjerlega mörg. Nefna má Þormóð Óláfsson prest; er tilfærð vísa eftir hann um Gunnar í einu handritinu af Njálu. Það er sami maðurinn og sá, sem eftir annálum fór utan 1338. Auk þessarar vísu orti hann 2 kvæði um Árón Hjörleifsson og eru tilfærðar nokkrar vísur í sögunni um hann úr þeim; annað var dróttkveðið, hitt hrynhent. Vísurnar eru þurrar og efnið aðeins saga, engar hugleiðingar skáldsins sjálfs. — Snjólfr nokkur orti 6 vísur runhendar um dráp Smiðs Andrjessonar hirðstjóra, er Norðlendingar drápu 1361.

Lángmerkastur allra er höfðínginn Loptr Guttormsson hinn ríki á Möðruvöllum (f. um 1375, d. 1432). Hann var ríkastur og voldugastur höfðíngi sinna daga; var utan á öndverðri 15. öld og tignaður af Eiríki konúngi af Pommern. Hann kemur við mörg brjef og skjöl, en ilt er að fá lýsíngu af honum, svo að hlít sje að. Hann hefur vafalaust verið duglegur maður, þróttmikill og gáfumaður. Sagan segir, og er það rjett, að hann hafi haft Kristínu, er án efa var dóttir Odds lepps Þórðarsonar, að ástmey sinni og áttu þau börn saman, en er það fylgir, að þau hafi eigi mátt giftast vegna skyldleika, mun það valla vera svo. Loptur unni mjög Kristínu og um hana og til hennar orti hann Háttalykil. Það er lángt kvæði, um 90 vísur, þegar alt er talið með, en handritin eru ekki

Digitized by Google

áreiðanleg, og líklega hefur kvæðið ekki verið svo lángt. Kvæðið er ástarkvæði og er Kristín lofuð mjög; eru margar setníngar innilegar og lýsa tilfinníngu og viðkvæmni, en það er fult af endurtekníngum og verður því ekki jafnáhrifamikið. Það er, eins og nafnið sýnir, ort með ýmsum bragarháttum. Loptur hefur þekt bæði kvæði Rögnvalds-Halls og Snorra. Hans kvæði líkist mest Háttalykli Rögnvalds-Halls, sami skortur á skipulegri röð háttanna, en allir eru þeir kunnir áður, og hefur Loptur ekki fundið eða skapað neina nýja. Önnur kvæði verða ekki með vissu eignuð Lopti.

2. Kvæði eftir ónafngreinda höfunda. Hjer mætti fyrst telja vísur í hinum yngstu sögum og hinum nýsömdu sögum frá 14. öld, er í eru vísur, og eru þær eftir söguhöfundana sjálfa. Þær eru flestar fremur lítilfjörlegar og óskáldlegar. Svo eru vísurnar í Harðarsögu, Grettissögu og þær yngstu í Njáluhandritum, ennfremur vísur í ýmsum þáttum (draumavísur og fl.). Í hinum nýju sögum, sem eru alveg ósannsögulegar, finnast vísur í Bárðars., Þórðars. hreðu, Krókarefss. og Víglundarsögu. Stöku vísa í Bárðars. og vísurnar í Vígl.s. eru bestar og sumar prýðilega fallegar, viðkvæmar og tilfinníngaríkar.

Frá 14. öld mun og vera þýðíngin á Disticha Catonis, er á ísl. nefnast Hugsvinnsmál; það er heilræðakvæði, fult af snjöllum setníngum og minnir einatt á Hávamál.

Ástakvæði eru rímnamansöngvar, og skal þegar um þá talað.

Digitized by Google

Rímur. Lángmerkastur af öllum kveðskap Íslendinga á þessu tímabili er rímnakveðskapurinn. Orðið *ríma* er myndað af *rím*, sem er útlent orð og merkir hendingar (runhent eða því um líkt; rim á norrænu-íslensku merkir alt annað) eða vísu; *ríma* merkir því kvæði (vísu) með rími, það er með vísuorðum, er enda með hendingum og helst svo, að þau rími á víxl (1. og 3., 2. og 4. vo.); vísa er vanalega (og upphaflega) aðeins 4 vísuorð. Hjer var þá alveg nýr bragarháttur tekinn upp, nýr í íslensku; en hann var reyndar til áður í latínskum kirkjuljóðum og helgikvæðum; og má finna bragarháttinn hjá öllum öðrum norðurálfuþjóðum; á Íslandi hafði hann og verið hafður í tíðasöngum (t. d. á Þorlákstíðum). Þaðan var hann svo tekinn til þess að yrkja undir þjóðleg kvæði; hann var og reyndist lángtum auðvelðari en fornu bragarhættirnir, og mun það í fyrstu hafa valdið, að hann varð svo almennur; að runhent var til áður, hefur og gert nokkuð til. Bragarhátturinn var nefndur *ferskeytt(ur)*; reyndar er óvíst, hvað gamalt nafnið er. Hljóðstafasetníngu var haldið óbreyttri. Ferskeytt vísa var 4 vísuorð, þar sem 1. og 3. vo. voru 7 samstöfur (eða 3 tveggja samstafna orð og eitt einnar samstöfu orð) og 2. og 4. voru 6 (3 tveggja samstafna orð); samstöfum gat fjölgað við klofníngu. Einhver elsta vísan með þessum hætti er sú sem tilfærð er á 411. bls. eftir Gyrð og Eystein; og er ekki ólíklegt, að svo hafi verið ortar lausavísur áður en farið var að yrkja heil kvæði með þessum hætti. Elsta kvæðið er talið Óláfsríma Einars Gilssonar. Þegar yrkja skyldi mikið í einu, fundu menn

Digitized by Google

brátt, að það var holt að skifta efninu í tvent eða meir eftir því sem á stóð, og var þá heildin eðlilega nefnd rímur (í fleirtölu); seinna var það líka kallað rímnaflokkur.

Þegar þess er gætt, hve auðfynt Íslendingum hafði verið um tilbreytingar í bragarháttum, er ekki að furða, þótt þeir reyndust nú sem áður duglegir háttasmiðir. Þeir sáu fljótt, að vel mátti hafa rím í öllum 4 vísuorðum og urðu þau þá öll jafnlöng (7 samstöfur). Eins og til var frá fornu 6 vísuorða bragarháttur andspænis þeim með 8, eins mátti stytta háttinn, svo að í vísu urðu ekki nema 3 vo., og var þá hið fyrsta lengt nokkuð; hið fyrsta stóð þá sjer (með 3 stuðlum) og hin tvö gerðu hendingar hvort við annað, ellegar þá öll þrjú; seinna bjuggu menn jafnvel til 2 vísuorða-hátt. Hins vegar voru hinar gömlu hendingar sumum mönnum of kærar til þess, að þeir gætu gleymt þeim alveg; tóku menn þá upp á því að setja hendingar inn í vísuorðin (eitt eða tvö eða öll sömun) t. d. Báleygs vín fyr bauga lín, eða sögð af brögðum Svölnisskeið. Á alla vega mátti breyta til, svo að hjer kom þá aftur upp fjöldi nýrra bragarhátta, er sumir voru engu auðveldari en hinir fornu. En það er ekki að sjá, að rímnaskáldin hafi fundið mikið til erfiðleikanna, því að ef satt skal segja, eru flestar rímur leikandi liðugar og mæta-vel kveðnar. Því eldri sem rímurnar eru, því einfaldari eru þær, því færri eru bragarhættir þeir, er notaðir eru, og því minna er í þeim af hendingaskrúði. Má því af þessu og ýmsu öðru marka aldursmun á þeim.

Hið gamla skáldskaparmál gekk í arf til rímna-

Digitized by Google

skáldanna og nota þeir samskonar kenningar og áður. En kenningarnar eru hjá þeim aðeins táknanir, og má vel segja dauðar táknanir; þeir hafa enga hugmynd um upphaflega merkingu þeirra, sem við var að búast, og hafa engan skilning á eðlilegri eða óeðlilegri notkun þeirra. Um eldri rímnaskáldin má þó segja, að þeir hafa hvorki viðhaft svo margar nje svo klastraðar kenningar sem síðar tíðkuðust svo mjög. En annað er enn verra, og það er, að kenningarnar eru oft spiltar eða misskildar; hin fornu kenningaorð voru sum gleymd eða hálfgleymd og afmynduðust, og verða því stundum skrípi úr; þó er sumt af þessu líklega riturunum að kenna. Skáldin hafa þekt eddu eða vitað af henni og afsaka þeir oft fáfræði sína með því að þeir hafi ekki lært eddulist og þess konar, en slíkt er látalæti.

Annars er málið hjá þeim yfir höfuð gott eftir því sem íslenskan var orðin um 1400. Það er ein höfuðþýðing þessara rímna, að þær sýna oss betur en nokkuð annað íslenskuna á 14. og 15. öld. Vjer sjáum í fyrsta lagi, að hinn forni munur á samstöfunum eða lengd og stuttleiki raddstafanna er enn í góðu gildi í hinum eldri rímum (það sjest og á hinum kvæðunum frá þessu skeiði). Þegar þetta fer að raskast, hefst nýtt tímabil í sögu málsins, en það fór ekki að raskast fyrr en eftir miðja 15. öld. Þetta má og til marks hafa um aldur og aldursmun rímna. Þá var líka farið úr því að breyta *é* í *je*, *y* í *i* (*ý* í *í*, *ey* í *ei* osfrv.). Í annan stað sjáum vjer af rímunum málfærið sjálft, orðaauðinn. Þá sjest, að ýms útlend, einkum lágþýsk orð, eru

Digitized by Google

orðin innlygsa í málinu (t. d. *klénn, kvintr, finn; klót, pláta; frómr, frygð* og fl.). Þau haldast í málinu sum en breyta stundum merkingu sinni; sum (eða flest) hverfa þó alveg úr því aftur. Þessi málþýðing rímnanna er svo miklu meiri sem svo lítið er til af ritum frá tímunum umhverfis 1400 og þar á eftir.

Efni rímnanna stendur í nánasta sambandi við þau rit, sem var mest alþýðuskemtun. Rímurnar voru sjálfar skemtunarefni og var því sjálfsagt, að yrkisefnið yrði þær sögur eða tekið úr þeim sögum, er fólki gast best að, en það eru fornaldarsögurnar, hinar útlendu sögur og skröksögurnar. Örfáar eru ortar út af fornu norrænu eða íslensku söguefni, eins og sjest af því er síðar segir. Meðferð efnisins var blátt áfram; sögunni var beinlínis snúið í ljóð, án þess að skáldið gerði þar neina breytingu á, nema að því leyti sem hann gat dregið saman efnið og stytt það; sömuleiðis skaut hann inn stöku setningum frá sínu eigin brjósti, en þær eru svo þýðingarlitlar, að þeirra gætir ekki. En einmitt vegna þessa, hvað höfundarnir þræddu söguna, hafa margar af þessum rímum mjög mikið gildi, ef frumsagan er týnd eða seinna mjög breytt og aukin. Koma þá rímurnar í stað frumsögunnar.

Höf. gerir vanalega stutta athugasemd við rímnaskifti um að nú sje þessi ríma búin, nú hefjist ný ríma, eða þar sje til að taka aftur og því um líkt. Í hinum elstu rímum er þetta gert mjög stutt með einni vísu eða hálfri. En smám saman verður þetta óðruvísi, einkum með upphaf rímunnar. Það eykst svo að úr því verður heilt kvæði

Digitized by Google

með 6, 8 vísum eða meira. Stendur það út af fyrir sig og á ekkert skylt við efnið; það kallast *mansöngur*. Nafnið bendir á efni þess; það er vanalegast um konur og ástir og skáldið sjálft. Hann talar um, hvernig honum lánast með kvennahylli og ástir, og er þá vanalega svo, að hann talar um óstöðuglyndi kvenna og að þær hafi brugðist, gefið ást sína öðrum, og allajafna kvartar þá skáldið líka yfir því, að hann sje farinn að eldast og ófríkka. Mansöngurinn verður þá um leið nokkurs konar heimsádeila. Þessir mansöngvar eru oft laglegir og lýsa sönnum tilfinningum. En þegar það var orðið siður að yrkja þessa mansöngva, fer hvert skáldið að taka efni og orðalag upp eftir öðru og það er altaf sama hljóðið, sem kveður við hjá þeim flestum. Verða því kærur þeirra ekki teknar alvarlega; þær verða tómar stælingar og tóm orð. Sem dæmi hinna eldri og betri mansöngva setjum vjer hjer:

Reika tekr hin ramma þrá
rýgjar mér í vindi,
því er eg orðinn öxlum frá
úngri silkilindi.

Gekk eg framm á Sútarsand
á sorgartíma örmum,
þar lá fley við frygðarland
fult af allskyns hörmum.

Stóð þar upp í stafni Pín
af stríðuhatri kvenna,
hun bað mig koma í sess til sín
á sorgar bátinn þenna.

Digitized by Google

Er því drjúgum daga sem húm
dapr að öðru hverju,
kom eg þar niðr í krapparúm
Kjalars á hauka ferju.
Rak mig burt af ræktar hafn
af ráði sorgarvinda,
má eg því ekki meyjar nafn
í mínum kvæðum binda.
Sorgum trúeg að sætan kær
seint mun vilja létta.
Þulda eg rímur þrjár og tvær,
þessi verðr hin sétta.

Griplur VI. Líkingin er hjer góð og frumleg og henni er vel haldið.

Fyrrum áttig fræða brunn,
fekk eg af skemtan ljósa,
þann hefr næsta niðr í grunn
náð með ángri að frjósa.
Svellur það með sorgum kól,
svó mun hljóta að bíða,
hvórki náði hiti né sól
þann hrygðar jökul að þíða.
Kvað eg þá fyrr með kátri lund
kvíttr af allri pínu,
berr eg nú ei svó blíða stund
að brosi eg í hjarta mínu.
Ljúfar meyjar listug orð
lokka af skáldum úngum,
eg mun segja af seima skorð
sögu með raunum þúngum.

Digitized by Google

Jafnan hafa menn eigi lítt
unnað menja skorðum;
sú var eigi af ángri kvítt
öld að hér bjó forðum.

Skáldhelgar. I. Eitt dæmi skal enn sýnt úr Bósar. III., og er þó vant að velja þau sem einkennilegust sjeu:

Skáldin eru þar skyldug til,
er skemtan hljóta af sprundum,
mjúkt að færa mansöngs spil
mektugum silkihrundum.
Ferr eg rétt sem fiskr í sjá,
fugl með vængi skerða,
mig vill engi menja Ná,
mun svó standa verða.
Hvað skal þeim að hugsa til
hreinna elsku funda,
er ekki kunna afmors spil
og eigi fljóðin stunda.
Veit eg önga verri þrá
fyr væna hrínga brjóta,
en mætri að unna menja Ná
og mega hennar ekki njóta.

Skáldin eiga stundum við holdlegar ástir og ferst þeim misjafnt að tala um þær, eru sum nokkuð grófari en önnur. Saklausar eru vísur sem þessi úr Bjarkarímum:

Þykkist margur svella sá
í sínu hjarta landi,

Digitized by Google

sem aldrei kemr við auðar Ná
upp að sokkabandi.

Yfir höfuð má segja, að elstu skáldin sjeu laus við grófyrði eða klúr keskimál, en það verður ekki ætið sagt um hin síðari.

Til eru mansöngvar, sem ekkert er í um ástir, og er nafninu haldið eins fyrir því.

Þess er oft getið, hvort sem það á að skiljast ætið eftir bókstafnum eða ekki, að rímurnar sjeu ortar fyrir kvennmann, og er þá stundum nafn kvennmannsins „bundið“ á einkennilegan hátt og oftast óskiljanlegan (t. d. „þúngi mikill og þrettán bú“) eða gefið til kynna með rúnanöfnum. Líka bindur skáldið stundum sitt eigið nafn, og er það í hinum eldri rímum gert svo, að eigi verður ráðið úr hvert sje. Seinna gerðu skáldin það ljóst og skiljanlega, svo sem alkunnugt er.

Tilgángurinn með rímum þessum var upphaflega eingöngu sá að skemta fólki með þeim, kveða þær á kvöldin og í samkvæmum. Sagt er að höf. Skíðarímu hafi verið „skemtunarmaður“ Björns jórsalafara, og á hann að hafa átt að skemta þrisvar í viku. Endir Skíðarímu á víst við þetta; þar stendur:

Hér skal Suðra sjávarrok
sunnudagsins bíða.

Kveðnar hafa þær líklegast verið á sama eða líkan hátt sem síðar. Snemma var farið að nota þær á annan merkilegan hátt, sem danskvæði. Það má sjá af ýmsu, ekki síst því, að þær eru oft af

Digitized by Google

skáldunum sjálfum kallaðar dansar, t. d. í Griplum (I, 8):

> Vessa eg aldrei um vífa krans
> af Venris látum neinum,
> færum heldur fyrðum dans
> af fróðum sagnagreinum.

Vera má, að hinir lengri mansöngvar eigi einmitt rót sína í þessari notkun rímnanna.

Ef dæma má eftir handritum og ýmsu smávegis, mætti ætla, að rímnakveðskapurinn hafi einkum tíðkast vestanlands og norðanlands.

Rímunum má skifta eftir þeim sögum, sem þær eru ortar útaf; þær flokkast þá eftir því, hvort efnið er tekið úr goða- og hetjusögum eða úr Íslendingasögunum, eða úr riddarasögunum og ævintýrum.

Þær rímur, er hjer skulu taldar, eru þær er telja má eldri en um 1450 og flestar til í skinnbókum eða pappírsbókum, sem beinlínis eru skrifaðar eftir skinnbókum.

I. Rímur með efni úr goða- og hetjusögum.

Lokrur eru um ferð Þórs til Útgarðaloka (þar af er nafnið dregið) eftir sögu Snorra í Gylfaginning; en upphafið er alment um Óðin og Þór. Rímurnar eru 4 og allar ferskeyttar og því mjög gamlar, mansöngvar svo að segja engir. Í þeim finnast sjálfstæðar lýsingar og eru þær ekki óskemtilegar, þótt nokkuð sjeu orðum auknar.

Þrymlur eru ortar út af hinu gamla eddu-

Digitized by Google

kvæði, Þrymskviðu, en upphafið er sjálfstætt um goðin og Þór (en fyrstu erindin vantar) og þó tekið úr Snorraeddu; ýmislegt fleira er þar frá skáldsins eigin brjósti, t. d. allur sá grúi, sem fylgir Þór í Jötunheima, nöfnin á boðsgestunum osfrv. Höf. er gamansamur og ýkir oft svo að gaman er að, fram yfir það, sem í fornkvæðinu er; t. d. þar sem segir um matlyst brúðarinnar (Þórs):

> Uxa frá eg að æti brúðr,
> ekki var þeirra leikrinn prúðr,
> lagði hun að sér laxa tólf [í Þrymskv. 8].
> og lét þó aldrei bein á gólf.

Rímurnar eru 3 alls.

Griplur eru ortar út af Hrómundar sögu Gripssonar (hinni eldri, er týnd er) og eru 6. Öll aðalatriði sögunnar hans Hrólfs frá 1119 finnast hjer, víking Hrómundar með Ólafi liðsmannakonúngi, haugbrot Þráins osfrv. Rímurnar eru prýðisvel ortar og liðugar, og yfir höfuð vel með efnið farið.

Völsúngsrímur eru og 6 tals, allar ferskeyttar, og ortar út af upphafinu á Völsúngasögu, 8 kapítulunum um forfeður Sigmundar, Siga, Rera og Völsúng hinn óborna. Upphaf er hjer og sjálfstætt (þó eftir sögum Snorra) um Óðin og æsi og komu þeirra á norðurlönd. Frumsagan var eldri en sú, sem nú er til, eða í fornlegri mynd en hún. Höf. nefnir sig Vitulus (Kálf), sbr. 416. bls.

Digitized by Google

II. Rímur um íslenska eða norræna menn.

Grettisrímur, 8 tals, eru ortar út af 14.—24. kap. Grettissögu, um æsku Grettis og fyrstu utanlandsferð, og eru þær blátt áfram, en með þeim elstu; mansöngvar næsta stuttir.

Skáldhelgarímur, 7 alls; þær eru ortar út af sögu um Skáldhelga frá Þverárhlíð og um ástir hans og Þorkötlu. Sagan er týnd og því eru rímurnar mikils virði. Skáldhelgi lifði á fyrra hluta 11. aldar, fór til Noregs og þaðan til Grænlands og dó þar. Þorkatla fór og til Grænlands, en þá var Helgi giftur þar, og segir vel og innilega frá ástum þeirra og allri meðferð. Rímurnar eru prýðisvel ortar og að öllu samtöldu hinar merkilegustu. Sagan um þau Þorkötlu byggist á því, sem sýnist hafa verið nokkurs konar trúarsetning, að ást yrði ekki farsæl fyrir hjónabandið:

gefast þau illa girndarráð,
er garpar fljóðum unna.

Skíðaríma, ein ríma (rúm 200 er.) um Skíða göngumann (umflakkandi ónytjúng). Það er kostulegasta ríman, sem til er. Skíði var uppi á 12. öld og segir frá honum í einum kapítula í Sturlusögu (þó nafn hans sje ekki nefnt). Skíði er ljótur í vexti og hinn ógeðslegasti, ruddalegur og mesti dóni, auðmjúkur við sjer meiri menn, frekur og ósvífinn við alla aðra; hugsar um ekkert nema mat og skæðaskinn, illmálugur og orðhvass; efalaust sönn mynd af þess konar förumanni um 1400. Skíði er vel út búinn, á stóran staf með stæltum

Digitized by Google

broddi og smjeröskju gríðarstóra, er heitir Smjörsvín og er dvergasmíði. Skíði hefur kannað vesturs veitir og er kominn að Staðarhóli til Þorgils bónda, og fær hann þar bestu viðtökur, mat og ný skæði af Stagleyjaruxa einum; Skíði biður um ein skæði til. Kemur svo til Sturlu í Hvammi og var þar líka vel með hann farið. Svo heldur hann áfram suður í Hítardal og kemur til Þorleifs beiskalda (það gerir ekkert til, að Þorgils dó 1151 og Þorleifur 1200). En þar er honum ekkert sint, og látinn vera frammi í stofunni ásamt öðru förumannarusli. Eftir að hafa snætt og tæmt Smjörsvínið legst hann til svefns og gleymir auðvitað að signa sig. Og því fór sem fór. Nú dreymir Skíða, og er draumurinn úr þessu aðalefnið. Þór kemur til hans og segir sig sendan af Óðni til þess að biðja hann að koma og sætta þá Heðin og Högna; þeir eiga í deilu út af Hildi mjóvu, dóttur Högna, er Heðinn vill fá; Þór segist snúa sjer að Skíða, því að honum sje lánuð „list og vit“. Skíði svaraði, og er sem maður sjái hann ljóslifandi:

Réttast gjörði raumrinn stirðr,
réð þó fyrst að hrækja:
„ei skal mildíng minna virðr,
mun eg á fund hans sækja“.

Svo fara þeir og koma vonum bráðar til Valhallar fyrir Óðin, en Þór skýrir Skíða, hverjir helstu mennirnir sjeu þar; var ekki trútt um, að hirðin brosti að Skíða. Óðinn spyr frjetta af Íslandi: „eru margir meiri en þú | menn á Ísalandi?“. Skíði metur alla eftir matgjöfum. Óðinn býður honum

Digitized by Google

gjafir og þiggur hann hólk á staf sinn og smjer í svínið; Freyja, sem hjer er kona Óðins, er nísk og segir ekki til vera nóg handa þeim sjálfum. Óðinn býður Skíða kvonfáng og kýs hann Hildi sjálfa, og láta allir sjer það vel líka, og þar með er deilan milli Heðins og Högna farsællega útkljáð.

Skíði rjetti skitna hönd,
skyldi hann fastna Hildi,
Óðinn gaf honum Indíalönd
og alt það hann kjósa vildi.

Skíði hafði tvisvar nefnt guð og líkaði það illa í Valhöll, og nú signdi hann sig. Það þoldi Heimdallur ekki og sló Skíða „horns með stúti sínum“. Högni, mágur hans, tekur þykkjuna upp og Skíði sló Heimdall í svíma; brestur svo í bardaga um alla höllina; menn skiftast í tvo andstæða flokka, og það er ekkert lát á voðalegustu höggum og drápum, alt eftir þeim fyrirmyndum, sem finnast í riddarasögunum og fornaldarsögunum, enda eru það aðalhetjurnar úr þeim, sem berjast. Skíði sjálfur barðist fræknlega og ljet ekki undan fyrir Þór. Loksins tók Sigurður sveinn Skíða og hnykti honum út um hallardyr; en Skíði biður Sigurð auðmjúklega um svínið:

Nefna mundi eg nafnið þitt,
nistill silkitreyju,
ef þú Sigurður svínið mitt
sæktir inn til Freyju.

Hann fjekk það, því var kastað út til hans og kom það framan á brjóst honum og við það vaknaði

Digitized by Google

hann. En í svefni hafði Skíði barið og meitt marga af þeim sem sváfu í stofunni og drepið fimm. Til sönnunar því, að draumurinn var sannur, var hólkurinn á staf Skíða, tönn, er hann hafði brotið úr Starkaði 20 marka þúng, og hið þríforna smjer í svíninu, sem var gefið hundum og drápust þeir af; sjálfur var Skíði örkumlaður frá hvirfli til ilja og lá lengi vetrar eftir og batnaði ekki fyrr en lofaði „að leggja af blót og laugarnætur að vatna“ (= vatnfasta, neyta einskis nema vatns!).

Ríma þessi er að öllu meistaraverk. Hún er sambland draums og vöku, rómanskrar dýrðar og íslensks förumanns rustaskapar, og alt ofið saman svo snildarlega í eina heild. Höf. gerir auðsjáanlega gys að öllum öfgunum, öllu því óeðlilega í þeim sögum, sem fólki gast best að. Hvort tilgángur hans var sá, að útrýma þeim sögum og bæta smekkinn, er þar á móti alls óvíst og valla líklegt. Hann þekkir fjölda af fornhetjum og sögum, fornaldarsögum og öðrum, hvort sem hann hefur þekt þær af sögunum sjálfum eða af munnlegum frásögnum. Lýsingin einkum af Skíða er ágæt; hjer er um virkilega mannlýsingu að ræða með sínum einkennum út af fyrir sig, og lýsingin er stöðugt sjálfri sjer prýðilega vel samkvæm. Málið er gott og fellur vel við efnið og kveðandin einkar lipur.

Ríman er eignuð höfundi, er ýmist er nefndur Einar fóstri eða Sigurður fóstri, og er hann látinn vera skemtunarmaður höfðíngjans Björns jórsalafara (d. 1415). Sigurðarnafnið er að líkindum rjettara. Er þá ríman ort um 1400 og með hinum elstu.

Digitized by Google

Um Óláfsrímu hefur áður verið talað.

Þrændlur eða Sigmundar rímur Brestissonar eru ekki allar til (10 alls); þær eru ortar út af Færeyingasögu kap. 34—50 og fylgja henni nákvæmlega, og eru með elstu rímum.

Rímur út af tilbúnum sögum um Íslendinga eru eiginlega ekki aðrar en Krókarefsrímur, 8 tals. Þær eru ortar út af sögunni og víkja ekki frá henni. Þessar rímur eru með þeim yngstu; það sýna hinir löngu mansöngvar og málseinkenni.

III. Rímur út af fornaldarsögum.

Friðþjófsrímur (5 alls) út af Friðþjófssögu, Sturlaugs r. starfsama (7 tals) út af 20 fyrstu kapítulum sögunnar og hefur hún verið í betri og eldri mynd. — Bósarímur (10 alls, en vantar endann) út af sögunni um hann; höf. hefur skotið inn í efnið berserkjabardaga. — Hjálmtérs r. og Ölvis (11 tals) eftir sögu, eldri en þeirri, er nú er til; eru frá fyrra hluta 15. aldar og ekki sjerlega vel ortar. — Bjarkarímur (8, en vantar endann); eru þær ortar út af þættinum um Böðvar-Bjarka í Hrólfs sögu kraka en eftir betri sögu en þeirri, er nú er til. Höf. hefur og tekið ýmsa smákafla úr öðrum þáttum sögunnar, og hafa því rímur þessar allmikið gildi. — Sörlarímur (6, en vantar endann); frumsagan er týnd. Höf. hefur gaman af lýsingum (víkingalaga og fl.). Þessar rímur eru einna elstar og hafa allmikið sögugildi.

Til þessara rímna má enn telja rímur út af sögum um menn, sem eiga að vera norrænir, en sögurnar eru alveg týndar. Hrings r. og Tryggva

Digitized by Google

eða Geðraunir (13 eða 12 tals) um ástir milli Hrings konúngssonar og Brynhildar dóttur Hertryggs konúngs í Garðaríki. Eftir margar þrautir eigast þau loks á endanum. Þær eru með þeim elstu. — Grims r. og Hjálmars (4 alls) eru um Grím jarlsson og Íngigerði konúngsdóttur í Svíþjóð; Grímur á að fá hennar, ef hann drepur Hjálmar Hárekssón frá Bjarmalandi, og það gerir hann. — Úlfhamsrímur eða Vargstökkur (6 alls); aðalefnið er um mann, sem um tíma er í úlfslíki og á 2 börn við konu sinni; hún ræður manni sínum bana og vill giftast syni sínum, en hann vill ekki, og leggur hún þá á hann, en hann frelsast og hún fær sín makleg málagjöld. Efnið er ekki ómerkilegt. — Sigurðar r. fóts og Ásmundar Húnakóngs (6 tals) er ástarsaga, lagleg og vel til fundin um Ásmund Húnakonúng og Signýju, dóttur Knúts konúngs í Sjólöndum. Knútur festir dóttur sína Sigurði fót; þar af gerist sagan; Ásmundur og Sigurður berjast og hefur Sigurður miður, en Ásmundur lætur þó af hendi við hann Signýju og fær annarar konu, og fær þá Sigurður tækifæri til að duga honum.

IV. Rímur út af riddarasögum og ævintýrum og þess konar.

Skikkjurímur (3 að tölu) út af hinni gamansömu Möttulssögu, en hún nokkuð stytt, í upphafinu einkum, en aukin inni í frásögninni til þess að gera hana enn hlægilegri. — Geiplur (4 alls) eru ortar út af 7. þætti Karlamagnússögu og fylgja frásögninni fremur nákvæmlega. — Landrésrímur

Digitized by Google

(9 tals) út af 2. þætti í sömu sögu, eftir öðru aðalhandritinu (sbr. 403. bls.), en höf. hefur haft þáttinn í dálitið annari mynd. — Herburtsrímur (4 alls) eftir þættinum um Herburt og Hildi í Þiðreks-sögu.

Út af sögum, er frumsamdar eru á Íslandi og eftir riddarasögunum sem fyrirmynd, eru til rímur: Geirarðsrímur (8 alls) um Geirarð og Elinborg, keisaradóttur í Frakklandi. — Filpórímur (8 alls) um Filpó, konúngsson frá Krit, og Lilju, konúngsdóttur á Spáni. — Konráðs r. keisarasonar (8 tals) um Konráð og Matthildi keisaradóttur í Miklagarði. — Mágusrímur (9 tals) út af fyrstu 10 kapítulum sögunnar, en eru nokkuð endasleppar og má vera, að eitthvað vanti. — Blávus r. og Viktors (8 tals) um Viktor konúngsson á Frakklandi og Blávus konúng fóstbræður; þar kemur fyrir undradúkur. — Sálus r. og Nikanórs (11 alls); efnið líkist því sem er í Flóventssögu. Endann á rímunum vantar.

Út af öðrum ævintýrasögum og skröksögum eru til Dámustarímur (4), Dínus r. drambláta (4), Jóns r. leiksveins (leikara; 3), Vergilíusrímur (2), Klerkarímur (-spil; 5), og eru tvennar þær síðustu merkastar, um töframenn og höfðingjadætur; og eru Vergilíusrímur stundum ekki sjerlega fínar. En vjer getum ekki hjer farið frekara út í efni eða lýsingu þessara rímnaflokka.

Flestar aðrar rímur, er til eru á skinnbókum (hinum yngstu), munu vera yngri en frá því um 1450, þótt oft sje vandi að ákveða það með fullri nákvæmni.

Digitized by Google

Þriðja grein.

Sögur. Annálar.

A. Svo sem áður hefur verið frá skýrt, var frumritun sagna að mestu lokið með ritum Sturlu Þórðarsonar. Á 14. öld var, sem fyrr er sagt, lítið gert annað en skrifuð upp hin gömlu rit, stundum aukin og gerðar samsteypur úr. Þó voru þá frumsamdar sögur, einkum þegar leið á öldina, en fæstar þeirra voru sannsögulegar, heldur flestar hreinar og beinar skáldsögur. Vjer skulum gera grein fyrir þeim síðarnefndu sjer og ræða hjer aðeins um rit þau, sem eru sannar sögur og þó aðeins snertandi kirkjuna og árbækur.

Árna biskups saga Þorlákssonar. Árni var biskup 1269—98 í Skálholti og er kunnastur fyrir baráttu sína fyrir kirkjunnar og klerkanna valdi (valdi kirkjunnar yfir öllum kirkjum og kapellum og því kallaður Staða-Árni). Hann var strángur maður og duglegur. Sagan segir einkum frá honum eftir að hann var orðinn biskup, og alt til ársins 1290—91; þá hættir hún í miðju kafi og hefur annaðhvort aldrei náð lengra eða týnst endir á handriti. Sagan er, það sem hún nær, afarmerkileg, því hún segir frá mjög þýðingarfullum atburðum, er snerta alt landið, á tímabili, sem rit eru annars svo að segja engin til frá. Hún er í alla staði áreiðanleg, því að höf. er Árna nákunnugur og hefur haft biskupsskjöl að styðjast við og tilfærir oft brjefin sjálf. Þess hefur verið getið til, að höf. sje Árni biskup Helgason (1304—20), systurson

Digitized by Google

Árna sjálfs og honum mjög handgenginn. Þessi tilgáta er mjög sennileg, og mun sagan þá samin á biskupsárum Árna Helgasonar. Inn í söguna eru settar annálaklausur um árin 1268—88.

Lárenzíus saga biskups er löng saga, en vantar endann; hefur týnst úr handriti. Hún er um Lárenzíus biskup Kálfsson á Hólum (1323—30); hann var gáfaður maður og hinn lærðasti, hjelt skóla og var ágætur kennari. Sagan segir ljóst frá honum og greinilega og gefur ágæta mynd af honum. Hann átti í miklum þröngvingum, einkum er hann dvaldi í Noregi, og var illa með hann farið af kórsbræðrum í Niðarósi, en hann var kjarkmaður og ósýtinn. Sagan er mjög auðug að efni og viðburðum og rekur æviferil biskups mjög nákvæmlega. Það er allmerkilegt, að í henni kemur fyrir allmikið af stúfum, sem eru eins og teknir úr annál, og eru náskyldir þeim annál, sem Þefndur hefur verið Lögmannsannáll og saminn er af Einari presti Hafliðasyni. Þessi Einar er fæddur 1307 og var prestur á Höskuldsstöðum 1334, ökónóm á Hólum 1340, en fjekk Breiðabólstað í Vesturhópi 1344; var erlendis 1345—46 og hitti þá Klemens páva hinn sjötta í Avignon. Hann dó 1393. Einar var hinn mesti heiðursmaður, velmetinn, gáfumaður og þróttmikill. Hann var mesti vin Lárenzíus og hjálparhönd. Annálastúfum sögunnar kemur svo vel heim við „lögmannsannál", að það er enginn vafi á, að Einar er höfundur hennar. Einar er mjög óhlutdrægur og gyllir biskup alls ekki, heldur segir um hann bæði það sem vel og miður var. Það er mart í sögunni mjög fróðlegt og skemtilegt

Digitized by Google

og þar að auk þýðingarmikið fyrir lýsingu tíma og siða á 14. öld. Málið er fremur lipurt, en auðvitað ekki eins hreint og fyrr. Sagan er ekki rituð fyrr en um eða eftir miðja öldina. Hún er vafalaust að vel flestu áreiðanleg; en þó koma fyrir villur t. d. sú, að Einar lætur Hákon Magnússon vera krýndan í Niðarósi í staðinn fyrir í Ósló.

Guðmundar saga biskups Arasonar er hin þriðja biskupssagan frá 14. öld, og er hún eftir Arngrím ábóta (sbr. 410. bls.). Arngrímur dó 1361, en hafði gengið ýmislegt skrykkjótt; 1351 var hann vígður til ábóta á Þingeyrum og officialis var hann gerður 1357, en settur af. Lítið annað vita menn um hann með vissu. Arngrímur var vel lærður og þekti mörg af miðaldarritum. Hann samdi — auk kvæðanna — sögu um Guðmund biskup á latínu og hefur hún verið ætluð útlendingum, ef til vill páfa sjálfum, því að menn vildu fá Guðmund gerðan að viðurkendum dýrlingi; þess vegna finst þar allmerk lýsing á Íslandi. Segir fremur stuttlega frá sjálfum æviferli biskups — og er það mest tekið úr eldri sögunni um hann; en því meir og rækilegar er skýrt frá jarteinum Guðmundar, og er hann hvervetna lofaður ákaflega. Inn í söguna eru hjer og hvar settir kaflar, er lítið sem ekkert snerta efnið. Sagan er ekki skemtileg, mærðin mikil og orðfærið mjög mengað útlendum orðum og óíslenskulegt. Líklega er sagan rituð um 1345 (sbr. kvæðið). Frumritið á latínu er týnt. Inn í þýðinguna hefur þýðarinn sett vísur margar bæði eftir Arngrím sjálfan og Einar Gilsson og fl. Sumir ætla, að það

Digitized by Google

sje Arngrímur sjálfur, er þýtt hefur söguna; en það er hæpin skoðun.

Allar þessar sögur eru að sönnu með sömu sögugerð og áður, og þó er mesti munur á framsetníngu þeirra og hinna gömlu sagna, sem við var að búast vegna tímamunar og eins vegna hins, að þessar sögur eru samtíðarrit nema hin síðasta.

B. Annálar. Annáll (árbók) er í sjálfu sjer ekki saga, heldur nokkurs konar sögurit eða tildrög til slíks. Viðburðir eru taldir eftir áraröð og við hvert ár (ef til eru) og geta þá verið margir við eitt ár, en sambands milli hinna einstöku viðburða gætir aldrei, og það er örsjaldan og helst þegar kemur niður að tímum höfundarins eða ritarans, að þeir verða að samfeldum smásögum. Þess konar annálaritun hafði verið almenn í norðurálfu löngu áður en Ísland byggðist. Með útlendum ritum fluttust og annálarit, auðvitað á latínu, til Íslands; en hvort sem þau komu þángað fyrr eða síðar, verður þeirra ekki vart í riti fyrr en á síðara hlut 13. aldar eða eftir miðja öldina. Það lá nú mjög nærri fyrir íslenska fræðimenn að reyna að ársetja merka viðburði í sögu Noregs og Íslands. Þetta gerðu menn og, og hafa því orðið að gera ýmsar athuganir, er snertu tímatal og tímatalsreikníngа. Fyrst tóku menn latínska frumritið eða uppskrift af því og skrifuðu inn í það þá norrænu og íslensku viðburði, er þeir þóttust geta ársett. Þessi fyrsti annáll hefur verið saminn á Íslandi um 1280, og hefur hann hafist með fæðingarári Haralds hárfagra. Vjer höfum áður getið þess, að t. d. í Guðmundarsögu

Digitized by Google

hefur annáll verið notaður. Til er eitt annálsrit (Konúngsannáll), er stendur þessu frumriti mjög nærri; þar er íslenskan innan um latínuna alt niður á 10. öld, en úr því hverfur latínan að mestu, og svo er um flesta aðra annála, að latínan hverfur eða er þýdd á íslensku. Frumritið viðkemur oss lítið hjer; það hefst með veraldarsögu, er á að vera samið af manni, er hjet Ekkehard af Aura, en þar við hafa og önnur rit verið notuð. Þau annálsrit, er merkust eru, eru þessi:

Resensannáll kallast handrit, er J. P. Resen átti; þar hófst tímatalið með Krists fæðingu og það nær að 1295; þar eru íslenskir lögsögumenn og biskupar taldir. Þar er og tekið sjerstakt tillit til Sturlúnga á 13. öld, og mun því ritið vera samið af einhverjum þeirra eða manni, sem var þeim nákominn. Setningar eru mjög stuttar og er ritið með allraelstu annálum.

Annales vetustissimi (Forni-annáll) var handrit nefnt (af Árna Magnússyni); þar er í stór skella um árin 1000—1269. Ritið hefst með fæðingu Krists og endar með árinu 1314; frá 1302 eru eyður látnar vera við árin og hefur ritarinn ætlað sjer að fylla þær síðar, eftir því sem honum ykist fróðleikur, og sjáum vjer hjer þegar, hvernig ritararnir fóru með hinn síðasta hluta, er náði yfir þeira eigin ævi. Endirinn er og ritaður með ýmsum höndum. Annáll þessi er náskyldur Resensannál, en eykur stundum við, t. d. skýrslu um hin nýju lög á Íslandi og lögmannatali. Efalaust er hann og saminn á vesturlandi.

Annáll Henriks Höyers (heitinn eftir dr. H.

Digitized by Google

Höyer, norrænum manni, d. 1615, hann skrifaði upp ísl. handrit) nær frá 547 e. Kr. til 1310; hann er fyrst stuttur en eykst altaf meir og meir, líka með ýmsum útlendum viðburðum, og er hann náskyldur Fornaannál alt að 1302.

Konúngs annáll (Annales regii, í norsku handriti í Konúngsbókhlöðu í Kaupmannahöfn) hefst með árinu 46 f. Kr. og endar við 1341, en vantar í endann; aðalhöndin endar við 1328; hitt eru síðari viðaukar. Þessi annáll er, sem getið var, uppskrift af latínskum annál og íslensku viðburðirnir settir inn í frumtextann; latínan hverfur þó smámsaman. Íslenski annállinn er tekinn eftir tveim handritum, bæði Resensannál og Fornaannál, og þó aukið miklu við, og það tekið úr fjölda af sögum og Ara fróða. Annállinn er einn með helstu sjálfstæðu ritum af því tagi og einna merkastur. Eftir 1279 eru líka eyður látnar vera í til síðari fyllingar, og eru sumar þeirra fyltar. Endirinn er samsettur eftir ýmsum ritum. Annállinn er vafalaust saminn á vesturlandi.

Skálholtsannáll hefst með 140 e. Kr., en upphafið vantar, ýmsar skellur í, og nær að 1356; eyður í endanum ófyltar. Hann er skyldastur Konúngsannál, en þar að auk er og annar annáll notaður (Resens) og ýmsu sjálfstæðu aukið við. Eftir 1305 verður hann stöðugt sjálfstæðari. Það eru miklar líkur til, að hann sje saminn í Skálholti. Fyrir 14. öld er hann mjög merkur.

Annálsbrot frá Skálholti nefnist brot eitt, er nær frá 1328—72 og ritað, eftir 1362, með ýms-

Digitized by Google

um höndum; það er mjög merkt og sjálfstætt, og mun líka vera samið í Skálholti.

Lögmannsannáll er eins og áður var getið vafalaust saminn af Einari presti Hafliðasyni (d. 1393) og ritaður að mestu með hans eigin hendi. Hann hefst nú með 70 e. K., en upphafið er týnt. Um árin 1380—92 er hann ritaður með ýmsum höndum, og er það eflaust Einar sjálfur, er hefur látið skrifara sína bæta við eftir fyrirsögn sinni. Svo er síðar bætt við yfirliti yfir árin 1393—1430. Til ársins 1257 er annállinn stuttur en lengist smám saman úr því; um 14. öld er hann lángmerkasta annálsritið. Einar hefur haft latínskt annálshandrit og notað það og er frumtextinn víða látinn standa. Hjer er sjerstaklega mikið tekið tillit til helgra manna og kirkjusöguviðburða. Hin eiginlega viðbót er ef til vill rituð í Skálholti.

Flateyjarannáll, eða annáll sá, sem stendur í Flateyjarbók, er ritaður þar af Magnúsi presti Þórhallssyni og nær að 1394; efnið er tekið úr ýmsum eldri annálum og alt á íslensku. M. a. er annáll Einars notaður. Magnús hefur sett hjer saman ýmsa annála, en ferst það mjög óhönduglega og gerir sig sekan í mótsögnum og vantar nægilega dómgreind (sami viðburðurinn nefndur tvisvar sitt við hvort árið); einstöku sjálfstæðir viðaukar eru þar og. Flateyjarbók er rituð af 2 prestum fyrir höfðíngjann Jón Hákonarson í Víðidalstúngu, næsta nágrenni við Einar Hafliðason á Breiðabólstað.

Enn verður eitt rit að telja, þótt aðeins sje til í úngri uppskrift; það er Gottskálksannáll,

Digitized by Google

skrifaður af Gottskálk prófasti Jónssyni í Glaumbæ 1550—93, og Jóni syni hans. Gottskálk hefur haft fyrir sjer góðan gamlan annál, er náði til 1394 og hjer um bil sem Konúngsannáll og Skálholtsannáll. Einna merkastur er Gottskálksannáll fyrir það, að í hann hafa verið teknir upp kaflar úr sögu Sturlu um Magnús lagabæti við árin 1273—76. Um 14. öld er hann og allmerkur.

Í hinum svonefnda Oddaverjaannál hefur og verið notaður forn annáll niður að 1313.

Allir þessir annálar eru meira eða minna skyldir hver öðrum. Frumstofninn er hinn sami, en hann er margvíslega aukinn eftir því sem hver ritari sá sjer fært og samkvæmt tilgángi hans og tilhneigíngum. Samanlagðir verða þeir ákaflega þýðingarmikil heimildarrit, en nota verður þá nokkuð varlega; þeim ber ekki ætíð saman, og er það annaðhvort af því, að einn ritari hefur með ásettu ráði fylgt nokkuð öðrum reikningi, og má eftir því skifta þeim í 2 aðalflokka, eða af því, að ritarar hafa misskilið frumritið og ritað viðburðina t. d. einni línu of ofarlega eða of neðarlega. Árin eru vanalegast táknuð svo, að með rómverskum tölum (vinstra megin við meginmálið) eru táknaðar alda- og tugatölurnar (sjaldnast með serkneskum tölum), en árin þess á milli með bókstöfum og púnkti fyrir framan eða aftan eftir ákveðnum reglum (sunnudagsbókstafir, gyllinital); þeir ritarar, er ekki skildu þessar táknanir, hafa oft skrifað rángt, en það er oftast auðvelt að leiðrjetta.

Aðallega er það tímatal Bedu, sem fylgt er;

Digitized by Google

þó finst og alveg sjálfstætt tímatal íslenskt, og fólgið í því, að páskaöld er látin hefjast með árunum 76, 608, 1140 (en ekki með 1, 532, 1064 sem Beda gerir).

Öll þessi annálaritun, er haldið hefur verið áfram á Íslandi alt til vorra daga, sýnir sömu ástundun, elju og iðni að sínu leyti sem hin forna söguritun og að sínu leyti líka alveg sömu meðferð, sömu fróðleiksfýst og sama vísindalegan anda.

Fjórða grein.

Um skáldsögur.

Meðal fornaldarsagnanna, er áður er um talað, eru vafalaust margar tómar skáldsögur og efalaust frá því tímabili, er hjer er skýrt frá; en þær urðu eigi greindar frá þeim er eldri voru, og svo mynda þær einn sagnaflokk út af fyrir sig, er eigi verður vel slitinn í sundur. En hinu verður ekki neitað, að með nokkrum rjetti hefði mátt heimfæra meginið af honum til þessa tímabils. Sama er að segja um ýmsa þætti, er áður hefur verið getið og valla eru sannir, nema þá aðeins að nokkru. Hvílíka þýðingu og útbreiðslu riddarasögurnar hafi haft, hefur og áður verið drepið á. Allar þessar sögur leiddu það af sjer, að nýjar sögur voru samdar á 14. öld, skáldsögur, sem má nefna þær. Þeim má skifta í 3 flokka; í einum eru sögur, sem eiga að vera um forna íslenska menn og viðburði og eru stæltar eftir Íslendingasögum, — í öðrum eru sögur eða þættir, er mest styðjast við og eiga skylt við fornaldarsögurnar — og í þriðja

Digitized by Google

flokki eru sögur, er samdar eru eftir riddarasögum (og fornaldarsögum), og eru þær lángflestar.

A. Skáldsögur um íslenska menn.

Finnboga saga ramma. Aðalmaður þessarar sögu hefur til verið og er hans getið í Landnámu og Vatsdælu. Hafa líklega gengið um hann og krafta hans ýmsar sögur, er altaf hafa blandast og gerst ósannari og ýkjumeiri. Að minsta kosti er það víst, að sú saga, sem um hann er til, er alveg tilbúníngur frá rótum. Finnbogi er fyrst borinn út, en barnið finst og er alið upp af karli og kerlíngu; Finnbogi reynist þroskamikill, fer erlendis, til Noregs og Grikklands og vinnur þrautir og afreksverk; kemur heim aftur og gerist höfðíngi. Sagan er ekki illa sögð nje óskemtilega, en nokkuð löng, og mannlýsíngar lítilfjörlegar. Hún mun vera samin litlu eftir 1300.

Kjalnesínga saga er aðallega um Búa Andríðsson, fósturson Esju á Kjalarnesi; sagan er látin hefjast með sögumönnum, en aðalpersónurnar, sumar tröllkendar, eru tómur tilbúníngur. Búi er mesti krafta- og þreksmaður; hann fer líka utan og vinnur ýmsar ævintýralegar þrautir, á son, Jökul, við dóttur Dofra jötuns og þar fram eftir götunum. Jökull kemur síðar til Íslands; Búi vill ekki kannast við hann; þeir glíma og fellur Búi og deyr skömmu síðar. Áframhald af sögunni er Jökuls þáttr, og er hann enn lakara samsull. Höf. sögunnar hefur þekt margar eldri sögur og lánar hjá þeim menn og lýsíngar og viðburði. Sagan er ef-

Digitized by Google

laust ekki eldri en frá fyrra hluta 14. aldar, og samin á Kjalarnesi eða þar í grendinni.

Víglundar saga og Ketilríðar er allsnotur og einföld ástasaga um Víglund son Þorgríms og Ólafar geisla, Þórisdóttur jarls, og Ketilríði, sem látin er vera dóttir Hólmkels á Fossi (kunnur úr Landn.). Víglundur á Trausta fyrir bróður, en bræður Ketilríðar eru illir og vilja fyrir hvern mun hindra ástir þeirra, og er svo nánara sagt frá því. Víglundur og Trausti fara utan, en á meðan hefur Ketilríður verið gefin bónda nokkrum fyrir austan, og þar ber Víglund að landi úr afturförinni. Það kemur þá upp úr kafinu, að maður hennar er föðurbróðir Víglundar, að ekkert hjónaband hefur raunar átt sjer stað, og að hann hefur einmitt geymt hana handa Víglundi, og alt endar í glaum og gleði. Mannlýsingarnar eru ekki skarpar, lunderni Ketilríðar nokkuð þokulegt; en efnið er yfir höfuð blátt áfram og sagan einföld. Einstöku atriði í henni eru lagleg, en vísurnar einna bestar. Friðþjófssaga og útlendar ástasögur hafa haft mikil áhrif á tilbúning þenna. Höf. var vafalaust snæfellingur.

Bárðar saga Snæfellsáss og Gests. Þessi saga er landvættarsaga frá Snæfellsnesi og að því leyti út af fyrir sig. Bárður á að vera sonur Dumbs konúngs, og fer hann til Íslands. Jötuneðli hans leynist aldrei, en eðli hans er gott og hann reynist mönnum bjargvættur. Um Helgu dóttur hans segir, hvernig hana hafi rekið til Grænlands á ísi, og um hana og Miðfjarðarskeggja er sagt á einkennilegan hátt. Það er merkilegt, að hjá Helgu er látin koma fram föðurlandsást og þrá á innilegan og fagran

Digitized by Google

hátt, og er slíkt sjaldgæft. Gestur er sonur Bárðar, næsta tröllkendur; hann fer líka til Grænlands og kemur svo til Noregs; þar lætur hann skírast af Ólafi Tryggvasyni. Annars er sagan hin mesta tröllasaga; sagan um Gest er yngri en Bárðarsaga og síðari viðauki við hana. Bárðars. er vafalaust rituð á Snæfellsnesi eftir gömlum þjóðsögum, og má vera, að hún sje eftir sama mann og Víglundars. Höf. hefur notað Landnámu allmikið.

Krókarefssaga er einhver skemtilegasta sagan af þessum skáldsögum. Hún er tómur tilbúningur, þótt aðalmaðurinn sje settur í ættarsamband við Gest Oddleifsson. Krókarefur hefnir föður síns, flýr til Gests og fer eftir hans ráði til Grænlands (það er merkilegt, hvað þessar sögur færast mjög til Grænlands). Þar giftist hann, vegur víg, verður að flýja og sest að í óbyggðum. Refur er þjóðhagasmiður og býr sjer til hús með mikilli list og skip og siglir á því til Noregs og síðan til Danmerkur og deyr þar í hárri elli. Hann á viðskifti við Harald harðráða og drepur hirðmann hans, er vildi fífla konu Refs, og segir mjög skemtilega frá því. Sagan er skipulega samin og vel sögð og gott mál á. Í henni eru nokkrar vísur. Hún er vafalaust samin við Breiðafjörð.

Þórðar saga hreðu gerist í Miðfirðinum mest, og segir frá Þórði, mesta smið, og er hann settur í ættarsamband við ætt Hörðakára; enginn vafi er á því, að Þórður hefur aldrei til verið, en sögur um þjóðhaga eru algengar þjóðsögur. Annars er sagan mest ástasaga systur hans Sigríðar; það eru ýmsir, sem vilja ná ástum hennar, þar á meðal

Digitized by Google

Ásbjörn nokkur, og hann fær hún. Sagan er full af orustum Þórðar og standa þær í sambandi við ástir Sigríðar. Í sögunni eru allmargar vísur Þórðar. Sagan er ekki illa saman sett, en bardagarnir eru óskemtilegir og altof margir. Hún er samin um miðja 14. öld.

Ennfremur má til þessara sagna telja Harðar sögu Grímkelssonar, þótt hún sje tilkomin nokkuð öðruvísi. Hörður er sannsögulegur maður og til var saga um hann, sem áður er á minst, en hún er svo að segja öll töpuð, nema aðeins byrjunin. Höf. þeirrar sögu, sem nú er til, hefur notað hana, en umsteypt henni alveg, sett inn lánga kafla um viðburði utan lands og innan og margar vísur; er það alt tómur skáldskapur og fremur óskemtilegur. Víkingarferðir, berserkjadráp, draugaviðureign og þess konar er smíðað inn í í fornaldarsagna stíl og gerð. Þó er sagan ekki óliðlega sögð.

Ýmsir smáþættir, er snerta Noreg, eru til, svo sem Rauðólfs þáttr, Rögnvalds þ. ok Rauðs, Hákonar þ. Þórissonar, en þeir eru allir ómerkilegir.

Allar þessar sögur hafa ekki lítið gildi til að sýna sögulyst Íslendinga og mentunarástand á 14. öld. Þær sýna, að þeim var sýnt um að segja sögur, færa þær í sinn rjetta búning og setja þær skipulega saman. Að höfundar þeirra lána frá öðrum sögum er eðlilegt og raunar sjálfsagt, enda er fult af lánum og stælingum í þeim. Þrátt fyrir það er það ljóst, að höfundarnir hafa litla hugmynd um hina fornu tíma, er sögurnar eiga að

Digitized by Google

gerast á, um siði og anda þeirra tíma. Þeir láta söguhetjuna eiga við blámenn í Noregi á 10. öld, láta norðmenn þá heita Jón, láta kvennmann, Ketilríði, hylja andlit sitt með blæju, til þess að hún verði fölari og ófríðari (blæjan er lánuð hjá Mágussögu) og mart fleira. Alt tímatal er ruglað; Refur er fæddur á dögum Hákonar Aðalsteinsfóstra (d. 961) og er enn á besta skeiði á dögum Haralds harðráða og Sveins eða um miðja 11. öld. Að öllu þessu eru þessar sögur mótsetningar hinna góðu gömlu sagna, sem eru svo rjettar í öllum þessum greinum, að furðu má gegna. En þessar skáldsögur hafa náð tilgángi sínum, þeim að skemta.

B. Sögur, er skyldastar eru fornaldarsögum.

Auk nokkurra þátta, er sumir bera á sjer nokkurs konar helgisögublæ, svo sem af Þorsteini bæjarmagni, Helga Þórissyni og Tóka Tókasyni (nokkurs konar Nornagesti), skulu hjer nefndar tvær sögur um Eirík víðförla og Yngvar víðförla.

Eiríks saga víðförla er um Eirík son Þrándar í Þrándheimi; hann vill leita og finna Ódáinsakur, kemur til Danmerkur, og slæst þar í förina með honum annar Eiríkur, son Danakonúngs. Þeir koma til keisarans í Miklagarði og fá þar fræðslu um kristna trú. Eiríkur kemur fram ferð sinni og verður frægur fyrir. Þetta er eiginlega kristilegt ævintýri og hin kristnu fræði keisarans eru blátt áfram tekin úr Elúcídaríus.

Yngvars saga víðförla er um Yngvar kon-

Digitized by Google

úngsson í Svíþjóð; fer hann miklar og hættulegar ferðir í austurveg, einkum til að finna upptök elfar einnar. Honum tókst það þrátt fyrir allar þrautir, en deyr svo skömmu eftir. Sagan heldur svo áfram og segir frá Sveini syni hans; hann fer líka í austurveg og á þar mikla bardaga við jötna osfrv. Svo giftist hann Silkisif drotníngu, er áður hafði verið heitin föður hans, og þau taka bæði kristilega trú. Ekki eitt einasta atriði í sögunni er annað en tilbúníngur, en það er sannleikur, að til var sænskur maður á 11. öld, er Yngvar hjet og fór í austurveg og fjell þar (1041), og eru margir rúnasteinar í Svíþjóð reistir til minníngar um hann og menn hans.

Báðar þessar sögur eru fremur ómerkar og með múnkasagnablæ.

C. Sögur, er gerðar eru eftir riddarasögum.

Þær sögur, er hjer koma til greina, eru margar, yfir 30, og getur ekki verið að tala um að skýra hjer frá efni hverrar um sig. Þær gerast flestar í Frakklandi, í Miklagarði, í austurálfu og víðar og oft sama sagan í mörgum löndum. Aðalefnið eru ástir milli manns og konu; þar er ævinlega konúngs son og konúngs dóttir, sem unnast, eða eiga að lokum að fá hvort annað, og oft endar sagan með fleirum brúðkaupum í senn. En til þess að komast að þessu farsællega niðurlagi, þarf höf. að skapa aðalhetjum sögunnar alla mögulega erfiðleika, bónorðsferðir, eilífa bardaga og alls konar hættur. Stundum eru konúngsdæturnar harðar og vilja ekki eiga biðilinn, leika hann háðulega, en hann sigrast

Digitized by Google

þó að lokum, auðmýkir hana, svo að hún verður auðsveip og alt önnur kona. Töfrabrögð era tíð, og risar og dvergar koma fyrir nær í hverri sögu. Alt er hjer stórfenglegt og glæsilegt. En menn og konur eru ekki eða sjaldnast með neinum sjerstökum einkennum; þau eru öll eins. Í rauninni eru allar þessar sögur mjög snoðlíkar; þótt gángur þeirra sje nokkuð ólíkur, eru það þó í rauninni sömu ferðirnirnar, sömu bardagarnir, sömu viðburðirnir, sem koma aftur og aftur, aðeins eru þeir í annari röð og með nokkrum afbrigðum. Þessir viðburðir eða efnið er nú alt stælíng á riddarasögum og fornaldarsögunum, (sbr. Klárússögu, er síðar verður getið), hið furðanlegasta sambland. Ef sagan er löng, og það eru margar þeirra, verður hún oft svo að segja ólæsileg fyrir leiðinda sakir; að mönnum hefur þótt gaman að þúa til þessar sögur, lesa þær og hlýða á þær, getur aðeins skilist af því, hvað smekkur manna var orðinn spiltur og mentunarstig það bágborið, er menn þá stóðu á, er þess konar sögur voru ortar. En þær eru aðallega tilbúnar ekki fyrr en um 1400 og þar á eftir, einstöku sögur fyrr. Eins og áður er getið, voru og rímur ortar út af þeim.

Vjer skulum nefna nöfn á þessum sögum og síðan geta frekar um fáeinar hinar merkari. Það eru þá Hermanns saga og Jarlmanns, Kirjalaxs., Hektorss., Addóníuss., Samsonars. fagra, Viktors s. og Blávus, Ála s. flekks, Dámustas., Dínuss. drambláta, Flóress. og sona hans, Geirarðss., Gibbonss., Hríngs s. og Tryggva, Nítídas., Rémundars., Sálus s. og

Digitized by Google

Nikanórs, Sigurðars. fóts, Sigurðars. þögla, Vilhjálmss. sjóðs, Þjalarjónss., Jóns s. leikara og svo framvegis.

Mágussaga er löng saga, en samsett af ýmsum þáttum, en sumum hefur verið bætt við síðar. Aðalefnið er tekið úr frönskum fornsögum um Aimons sonu, þ. e. syni Ámunda í sögunni, og ófrið meðal þeirra og Karls konúngs Játmundarsonar. Mágus jarl er giftur systur þeirra og er hann hinn mesti spekíngur og töframaður, leikur mart með kukli og sjónhverfíngum og hjálpar ætíð mágum sínum. Að mestöllu leyti er sagan íslenskur tilbúníngur og lánað til úr mörgum sögum svo sem Þiðrekss., Karlamagnúss. osfrv. Sagan er einna elst þessara og um leið einna best og skemtilegust. Hún er samin á öndverðri 14. öld.

Mírmannssaga er efalaust íslensk skáldsaga, en líklega byggist hún á óljósum munnlegum frásögnum, er komnar eru úr einhverri frakkneskri riddarasögu. Mírmann er jarlsson og hefur lært allar artes liberales (þetta og þetta orð kemur oft fyrir í þessum sögum). Hann kemur til konúngs og verður kristinn, en þegar hann vill snúa föður sínum og móður frá heiðni, neita þau, og hann drepur þá föður sinn, en móðir hans gerir hann líkþráan. Hann leitar lækninga hjá sikileyskri konúngsdóttur og takast ástir með þeim og þau eigast, en ekki fyrr en eftir margar þrautir og bardaga. Sagan minnir í ýmsu á Flóventssögu. Mírmann er bæði hraustur riddari og trúarhetja í einu, og hvílir yfir allri sögunni helgiblær. Sagan er vel sögð og ekki miklu yngri en Mágussaga.

Digitized by Google

Líkrar tegundar er Bæringssaga að því leyti sem hún er líka byggð á óljósum sögnum, er hjer eiga helst rót sína í norðurþjóðverskum skáldsögum. Aðalhetjan er Bæringur, og er sagan föðurhefndasaga hans og um leið líka ástasaga. Bæringur nefnist hinn fagri, enda urðu margar ástfángnar í honum, en hann stóðst allar tilraunir til þess að vekja ást hans, með því að hann var ástfánginn í Vindemíu keisarasystur, og bundu þau trú sína. Annars er sagan full af allskonar þrautum og bardögum, og ekki eins skemtileg eins og þó sumar hinar.

Svo er Konráðs saga keisarasonar. Hún er um Konráð í Saxlandi, sem engar túngur hefur lært; hann fer úr landi með Roðbert jarlssyni; hann er illur maður og falskur og hefur getið barn með systur Konráðs; hann kann aðrar túngur. Þeir koma til Miklagarðs og læst Roðbert þar vera keisarason sjálfur. Á hann svo að sýna af sjer vaskleik og inna þrautir, en það er Konráð, sem innir þær allar af höndum; það er líkt og með Göngu-hrólf og Vilhjálm. Mattildur keisaradóttir hefur grun um, að Roðbert ljúgi og fær fulla vissu um það; hún hjálpar svo Konráði með ráðum og dáðum. Ein af aðalþrautunum er sú, að sækja dýrmæta steina til Ormalands, og tekst Konráði það alt vel; endar sagan svo auðvitað með því, að Konráð fær Mattildar og Roðbert makleg málagjöld. Sagan er með þeim skemtilegri; hún er vel og skipulega sett saman og lipurt sögð, og viðburðunum ekki svo hrúgað saman, sem oft ella. Vera má, að hún eigi líka rót sína í gömlum munnlegum frásögnum

Digitized by Google

um efni frakkneskra kvæða, er aldrei hafa verið þýdd í sögur eða færð í letur.

Enn fleiri sögur af líku tagi hafa verið til, en þær eru týndar nema að því leyti sem þeim hefur verið snúið í rímur (Andrarímur, Mábilsr., Reinallsr., Úlfhamsr. og fl.). Þó er ekki víst nema rímurnar, sumar að minsta kosti, geti verið ortar og tilbúnar, án þess að nein saga hafi verið til áður.

Fimta grein.

Um helgisögur og ævintýri.

Vjer höfum áður getið ýmsra sagna um helga menn, er voru þannig, að þær eru frumsögur auknar mjög með hugleiðingum og margvíslegum klerkalærdómi, teknum að miklu leyti úr miðaldaritum kirkjunnar. Voru með þessu móti búnar til nýjar sögur með útlistunum og allskonar skýríngum, líkt og rit þau, sem Hákon konúngur Magnússon ljet semja. Þess konar rit bera vott um víðlesni og lærdóm höfundanna; enda er auðsjeð, að þeir þykjast meiri menn eftir en áður, en leiðinlegri rit en þessi aflestrar getur ekki, og það er ómögulegt, að mönnum hafi nokkuru sinni getist að þeim og mærð þeirra. Vjer höfum áður nefnt eða getið um ýmislegt, sem að rjettu lagi heyrir til þessu tímaskeiði. Vjer höfum áður getið um höfunda þvílíkra rita svo sem Grím prest og Runólf ábóta. Á 14. öld finnum vjer tvö höfundanöfn.

Bergr Sokkason hefur oft verið nefndur sem mikill rithöfundur og merkur, en það er af tómum

Digitized by Google

misskilningi sprottið. Árið 1316—17 var hann múnkur á Þingeyrum, 1322 príór á Múnkaþverá og 1325 ábóti þar. 1334 afsalaði hann þeirri stöðu fyrir auðmýktar sakir, en tók þó aftur sömu stöðu 1345, en hann dó sama árið. Bergur var vafalaust gáfumaður og vel lærður og hinn siðbesti. Það er sagt um hann, að hann hafi saman sett margar helgra manna sögur. Af þeim þekkjum vjer nú enga með vissu nema Nikolássögu. Bergur tók latínusögu eftir Jóhannes nokkurn frá Bár og þýddi hana, en jók hana með ýmsu (landafræði, skýringum, basiliskussögu og fl.), er oft á mjög illa við efnið og er því alveg óviðkomandi. Það er auðsjeð, að Bergur var lærður maður, en fráleitt því að vera neinn ritsnillingur, og málfæri hans er eitt hið versta. Bergur hefur stundum verið bendlaður við önnur rit, t. d. Ólafssögu hina meiri, en það er alt gripið úr lausu lofti.

Árni Lárenziusson var launson Lárenzíus biskups, mesti óreglumaður og siðlaus, en vel greindur og vel að sjer í mörgu. Hann er f. 1302, varð 1317 múnkur á Þingeyrum og prestvígður 1326. Honum er hrósað fyrir latínuskáldskap og kenslu. Hann samdi Dunstanussögu, og segist hafa safnað því um ævi Dunstanus og jarteinir, er hann hafi fundið í bókum. Ritið er því ósjálfstætt og ekki nema samtíningur; málið er æði mærðarfult og óskemtilegt.

Ævintýri. Svo hafa verið nefndar ýmsar smásögur, allar eða flestar uppbyggilegs og siðferðislegs efnis, er vjer mundum fremur nefna dæmisögur. Í þeim segir oft frá einhverjum löst-

Digitized by Google

um, m. a. glæpsamlegum ástum, svikum osfrv., og hverjar hegníngar hinir seku hafa fengið, ef ekki er um iðran og fyrirgefníng að ræða, sem auðvitað er oft. Sumar af þessum dæmisögum eru skemtilegar, aðrar miður. Allar eru þær útlendar, og er mikill hluti þeirra svo til kominn sem nú skal greint.

Jón Haldórsson, biskup í Skálholti 1322—39, var norðmaður og hafði stundað nám bæði í París og Bologna (um hann er til lítill þáttur). Það er sagt um hann, að hann hafi kunnað allan fjöldann af smásögum og hafi hann oft sagt þær mönnum til skemtunar og jafnvel stundum ofið þær inn í ræður sínar á stólnum, og er ekkert líklegra eftir efni þeirra. Sjálfur hefur hann ekki safnað þeim og ritað þær í bækur; það hafa aðrir gert, og eru þær því ekki ætíð í sama gervi, sem þær komu frá Jóni sjálfum. Af dæmisögum þessum eru nú til aðallega tvö söfn, en mart í þeim er á engan hátt við Jón bendlað. Sumt er þýtt beinlínis úr latínu, þar á meðal rit eitt eftir Petrus Alfonsi frá öndverðri 12. öld, sem heitir Disciplina clericalis; þýðíngin af þessu sagnasafni er hjer um bil orðrjett.

Sumar af dæmisögunum eru settar í samband við eða um nafngreinda menn, (Tíberíus keisara, Konstantínus konúng, Silvester páva, Gregoríus páva, Vilhjálm bastarð, Absalón erkibiskup osfrv.), en flestar eru þær um ónafngreinda menn; nokkrir titlar veita hugmynd um efnin: „Frá þeim manni, er drap prestana tvo í kirkjunni og fylgdi púkan-

Digitized by Google

um“, „Af biskupi og púka“, „Frá því er púkinn gerðist ábóti“, „Frá prestkonu, er tekin varð af djöflinum“, „Af einni frú og hennar syni“ (um launborið barn), „Af einni ekkju og syni hennar“ (blóðskammarsaga), „Af konu ógiptri, er drap barn sitt“, „Af einum ríkum manni, er eigi vildi skriptast“ osfrv. Dæmi úr Disciplina cler. eru: „Frá lærisveini einum, er freistaði vina sinna í nauðum staddr“, „Frá klerki, er týndist af vándum félagsskap“, „Frá einni húsfreyju, er svikin var af einum ungum manni“, „Frá því, hversu tvær mæðgur dáruðu sinn bónda“, osfrv. Hjer til heyrir og „Frá 3 þjófum í Danmörk“ (sbr. Þjófarímur), „Af meistara Pero“ og fl.

Málið á þessum sögum er fremur gott eftir hætti, en þó kennir nokkuð útlendra orða og setníngaskipunar.

Náskyld þessum „ævintýrum“ er Klárússaga keisarasonar, um Klárus og kennara hans, meistara Perus; það er annars nokkurs konar skáldsaga um Klárus, ást hans til Serenu í Frakklandi og viðskifti þeirra, uns þau eigast. Hún hæðir hann fyrst og fer alla vega illa með hann, en hún verður auðmýkt. Sagan er líka uppbyggileg og sögð af Jóni biskupi og rituð upp eftir honum. Hún mun upphaflega vera rituð á latínu. Sagan hefur að nokkru leyti orðið fyrirmynd hinna yngri skáldsagna, að minsta kosti haft töluverð áhrif á þær.

Um aðrar greinir bókmenta á þessu tímabili er ekki að ræða. Þó að eitthvað hafi verið þýtt

Digitized by Google

eða skráð, t. d. af helgiritum eða lækningakverum og þess konar smáritum, tekur það ekki að telja það upp hjer.

Fjórði kafli.

Tímahvörf 1450—1550.

Því er oft við brugðið, að þessi öld sje hin dimmasta í sögu Íslands. Svo er nú samt ekki, þegar betur er að gáð, eða að minsta kosti er þetta mjög svo orðum aukið. Það er satt, að ekki eru til nein eiginleg rit um þessa tíma nema annálar, og eru í þeim margar góðar skýrslur, þótt í molum sje. Til eru og biskupaannálar, t. d. Jóns Egilssonar, er mikill fróðleikur er í. En umfram alt er til sægur af brjefum frá þessum tímum og mart fleira svo sem máldagar. Má af öllu þessu fá glöggva hugmynd ekki aðeins um ástand landsins og stjórnarfar, heldur og um marga einstaka menn, biskupa, presta og veraldlega höfðingja. Vjer vitum, að oft dundu plágur yfir landið, drepsóttir, jarðeldar og hafísar, og dó mart fólk. En ímyndi menn sjer, að eintóm eymd og volæði hafi átt sjer stað, fara menn villir vega. Auðvitað hafa margir hinna fátækari og minni háttar manna oft átt bágt, og enginn vafi á, að mikið hefur verið af iðjuleysingjum og flökkukindum. Hins vegar voru uppi á þessum tímum margir og miklir höfðingjar, sem

Digitized by Google

sumir voru ágætismenn á sinn hátt, rausnarmenn og ríkir. Biskuparnir voru margir hinir duglegustu menn frá kirkjunnar sjónarmiði, en þeir voru afarráðríkir, harðdrægir og eigingjarnir fyrir hönd stólsins og fjedráttarmenn og ekki ætíð prútnir með tilliti til þess sem rjett var. Á þessum tímum voru sífeldar deilur milli biskupa og annara, bæði presta og veraldlegra höfðíngja, einkum um jarðir og svo um stórmæli, og sýna þær, að þróttur var ekki enn horfinn úr mönnum að neinu leyti. Árásir og bardagar, aðfarir og víg voru enn alltíð, og hvorki var biskupum nje konúngsmönnum óhætt, ef í það fór og mönnum þótti sjer misboðið. Hvort sem menn vilja kalla þetta ástand myrkt eða ekki, þá er víst, að kynslóðin var enn vel kröftug og harðgeðja, og það konur sem karlar. Konúngsvaldið bar engan veginn enn landið og lög þess ofurliði; það kom ekki fyrr en síðar.

Hvað mentunarhag viðvíkur, er hann á líku stigi nú og um 1400. Handritin gömlu eru stöðugt rituð upp og lesin, en auðvitað er þetta tímabil beint áframhald af hinu fyrra og einkum síðara hluta þess að því er snertir smekk og lestrarfýsn. Riddarasögurnar og skáldsögurnar voru eftir sem áður uppáhald manna og þar með rímnaskemtun. Svo og helgikvæði með nýrri gerð en áður var. Dýrlíngatrú og hjátrú var mikil, en valla meiri en á 14. öld. Nú var og álfatrú allmikil; sömuleiðis bregður fyrir trú á rúnir og galdra. Galdrabrennur og ofsóknir urðu þó ekki tíðar fyrr en eftir siðabót. Ýmsir fróðleiksmenn voru uppi og vel lærðir eftir tíðarhættinum. Einkum er til þess getið Stefáns

Digitized by Google

biskups Jónssonar í Skálholti (1491—1518); hann hafði farið utan og numið í Frakklandi og kom ekki heim aftur fyrr en eftir 10 ár; hann „var vel lærður", segir Jón Egilsson, „og hans iðja ekki annað en kenna og gaf hann vers upp á sjerhvern hlut, sem við veik". Í öllum fjármálum var hann mjög sjeður. Líklega hafa þó prestar alment verið fremur miður vel að sjer. Gömlu klaustrin hjeldust öll við og nú bættist eitt við, Skriðuklaustur (1492), en af þeim fara litlar sögur.

Hin síðustu 20—30 ár af þessu tímabili eru afarmerk og þekkjum vjer þau út í æsar; það er biskupstími þeirra Ögmundar biskups og Jóns Arasonar, barátta kaþólskunnar og lúterskunnar, og þarf hjer ekki að segja þá sögu. Lúterskan sigraði sem við var að búast, úr því að konúngur studdi hana, en það kostaði blóð þess manns, er með merkustu íslendíngum má telja frá því landið byggðist, Jóns Arasonar, og sona hans. Þar með hefst alveg nýtt tímaskeið í sögu lands vors. Það er vert að minnast þess hjer, að það var Jón Arason, sem fyrstur stofnaði prentsmiðju á Íslandi (um 1530), einmitt þá prentsmiðju, sem Guðbrandur biskup notaði mest og best í þarfir lúterskunnar og almennrar fræðslu.

Af ritum var á þessu tímabili lítið ritað að sönnu, en því meira var ort, og er ekki að sjá, að skáldskaparlistinni hafi hnignað; auðvitað er mart af því, sem ort var, ljelegt í vorum augum, en það er líka mart gott og fallegt þar á meðal.

Fyrst og fremst var ortur allur sægur af helgikvæðum, einkum um Maríu mey, og svo helga

Digitized by Google

menn ýmsa, og kvæði, ætluð til nota á ýmsum tíðum. Talin hafa verið alt upp að 50 kvæðum um Máríu mey (Máríuvísur, -kvæði, -grátur, Blómarós, stæling eftir Lilju). Mörg af þeim eru þur og lítilsvirði, sum leiðinlegur blendingur af íslensku og latínu, stundum talin upp nöfn Máríu, en mörg eru lagleg bænarávörp. Einkum er eitt kvæði laglegt, er byrjar svo:

Enginn heyrði og enginn sá,
engin túnga greina má,
hversu að dýr er drotníng sjá,
dróttins móðir Máríá,
María frú, líknar brú,
minnar sálar minstu nú.

Eru tvö síðustu vísuorðin viðkvæði.

Svo eru kvæði um postulana, Pjetur, Pál, Jóhannes, Andrjes osfrv., mörg kvæði um kross Krists og Kaldaðarneskrossinn, sem menn komu hópum saman til á vorin, Krossþulur, Krossvísur osfrv., og ýmsa aðra helga menn og konur, sem hjer verður oflángt upp að telja. Loks eru nokkur vandlætíngakvæði.

Sum af þessum kvæðum eru ort með gömlum háttum (einkum hrynjandi), en flest eru þau með nýjum lögum, sem eru undanfarar sálmalaganna síðarmeir; þau eru ljettari en fornu hættirnir með rími í enda vísuorðanna, og er vísan, sem tilfærð var, sýnishorn af einu laginu. Vísuorðin geta verið misjöfn að tölu, stundum 5 eða fleiri, og rímið alla vega sett; t. d.:

Digitized by Google

Fljóðið ekki finnast má
fegra en júngfrú Maríá,
berandi alla blómadygð
bæði á himnum og um veraldar bygð
æ aukandi, ei minkandi alskyns frygð.

Og þá kemur upp hið alkunna og tíðhafða lag:

Græðarinn lýðs og landa
með líknar valdið sitt
frá öllum vóða og vanda
vernda þú ráðið mitt
annars heims og einninn nú,
rót ilmandi, á rjettan veg
ráðinu mínu snú.

Önnur grein kveðskapar eru rímur, og er þeim haldið áfram á þessu tímabili með mestu iðni, og er þeim alveg eins farið og áður, nema að mansöngvar verða nú lengri, bragarhættir fleiri og bragskrúð meira. Hjer verður ekki farið út í að telja allar þær rímur er ortar voru, en t. d. má nefna rímur um Ólaf helga, þ. e. út af Rauðólfsþætti, Hemingsr., Ölvis r. Hákonarsonar, Þóris r. háleggs, Egils r. einhenta, Gönguhrólfsr., Haralds r. Hringsbana (nokkuð stirðar, enda segir höf. þær vera sínar fyrstu rímur), Ormarsr., Þjalarjónsr., Þjófar. og Klerkar. og enn fleiri.

Nafngreindir höfundar eru helstir:

Sigurður blindi lifði fyrir og eftir aldamót 1500 og fram undir miðja 16. öld. Fleiri skáld, sem hjer um bil eru uppi á sama tíma, hafa að viðurnefni „blindi“, og er víst eitthvað blandað málum með þá (Rögnvaldur „blindi“ og Bergsteinn

Digitized by Google

„blindi“). Sigurður er talinn með betri eða bestu skáldum, og má vel vera, að það sje rjett. Sigurði er eignað helgikvæðið Rósa, stefjadrápa og stæling eftir Lilju og um Máríu, og Andrarímur og Mábilsrímur og enn fleiri.

Rögnvaldur „blindi“ — um ævi hans vita menn svo sem ekkert — á að hafa ort Skógarkristsrímur (efnið nokkuð lauslætislegt) og Brönurímur. —

Bergsteinn „blindi“ Þorvaldsson; um hann vitum vjer heldur ekkert, en honum eru eignaðar Jómsvíkingarímur (og stundum sumar af rímum Sigurðar) og kappakvæði.

Gunni Jónsson Hólaskáld er talinn með betri skáldum á fyrra hluta 16. aldar; hann var prestur og ráðsmaður á Hólum. Honum eru eignaðar Ólafsvísur („Herra Ólaf, hjálpin Nóregs landa“).

Hallur prestur Ögmundsson lifði fram undir miðja 16. öld og var merkisprestur á sinni tíð og allmikið skáld. Hann orti Míkaelsflokk (stýfður háttur), Gimstein (Krossdrápu; hrynhent kvæði og langt), Nikulásdrápu (sömuleiðis), Náð og fleiri helgikvæði. Kvæðin eru fremur liðug og vel ort en að öðru tilkomulítil.

Öllum þessum fremri að frumlegri andagift og skáldskaparlist er Jón biskup Arason. Hann er fæddur 1484 af fátækum foreldrum og ólst upp við örbirgð; þó komst hann til nokkurra menta, varð prestvígður 1508, fjekk Helgastaði og tveim árum síðar Hrafnagil; eftir að hafa verið officialis frá 1520 (þá dó Gottskálk biskup Nikulásson) varð hann

Digitized by Google

biskup á Hólum 1524. Það má nærri geta, að hann hefur þá verið reyndur að dugnaði og talinn ágætismaður í sinni stjett, ekki eldri en hann var, er honum var trúað fyrir svo vandasömu embætti. Vjer getum ekki farið hjer frekar út í biskupssögu hans, það er saga landsins um leið, eða sýnt, hversu hann stjórnaði biskupsdómi sínum með rögg og krafti, hversu fast og óbilgjarnlega hann hjelt við páfatrú og reisti rönd við lúterskunni og þar með konúngsríki, eða með hve miklu ráðríki hann blandaði sjer inn í mál Skálholtsstiftis, sem honum kom ekkert við, og hversu alt þetta dró til þess minnistæða atburðar um hinn sorglega dauðdaga hans, er hann var hálshöggvinn með sonum sínum Birni og Ara í Skálholti þ. 7. nóvember 1550. Með hátignarlegu þreki þoldi hann píslarvættisdauðann. Hann var óefað mestur maður sinna tíma og minnir í mörgu á hina fornu höfðíngja vora, og má með nokkrum rjetti segja, að hann endar fornöld vora, tíð hetjuskapar, tíð ráðríkis og tíð einræðisskapar.

Auk nokkurra lausavísna, er Jóni eru eignaðar, eru þessi kvæði hans hin helstu. Píslargrátur, hrynhent kvæði og stælt eftir Lilju, um pínu Jesú og dauða; 47 vísur. Ljómur, 38 vísur, um sköpunarverkið, fæðing Krists og endurlausn, dauða og niðurför til helvítis, upprisu og himnaför og hinn efsta dóm. Efnið er því nokkuð hið sama og í Lilju; en kvæðið er ort með sjerstökum bragarhætti, ynnilega þýðum og áhrifamiklum; 37. vísan er svo:

Digitized by Google

Æðar og sinar allar
önd og sál með búki
guð minn gef eg þér;
þá herrann heðan mig kallar
hjálp, svó eigi púki
vinni vald á mér;
dugi þú mér þá, drottinn himna halla,
að dauðinn kemr á enda lífsins palla.
Þessar vísur þiggja nafnið valla,
þó vilda eg þær Ljómur láta kalla.

Af þessu sjest, að nafnið er kvennkent fleirtöluorð og eflaust dregið af dýrðarljóma efnisins. Það er merkilegt, að þetta kvæði hefur snemma borist til Færeyja og hefur lifað þar um lángan aldur á vörum manna nær óbreytt, án þess menn hefðu hugmynd um uppruna þess, þángað til það var uppskrifað og prentað (árið 1869). — Með sama bragarhætti er Davíðs diktur, ortur út af 51. sálmi Davíðs (30 vísur). — Niðurstigsvísur, nokkurs konar yfirlitskvæði um Jesú líf og dauða og niðurstigningu (hvernig hann vinnur sigur á satan); 42 vísur. — Krossvísur, líka 42 vísur, um kross Krists eftir kunnum sögnum. Um öll þessi kvæði má segja, að þau eru ágætlega ort að öllu leyti, málið mjög einfalt og blátt áfram og setningaskipun greið og ljós. Þau eru þýð en kröftug og lýsa því andríki, trúarmóð og hita, sem bjó í brjósti Jóns biskups. — Ýms kvæði og vísur eru eignaðar Jóni, en um þau er mikil óvissa; til eru þó vísur, er honum eru eignaðar með rjettu, og sýna

Digitized by Google

þær fjör hans og gleðilund, og hafði hann til að vera spaugsamur.

Enn er einn kvæðabálkur, sem að miklu leyti er til kominn á þessu tímabili. Það eru þýðingar af dönskum þjóðkvæðum, er nefnd hafa verið Íslensk fornkvæði og gefin eru út í 2 bindum. Þessi kvæði eru ort með sama eða líkum bragarhætti og frumkvæðin, en ákaflega formlaus, svo að hljóðstafasamband er oft ekkert eða veikt og hendingar lausar í sjer. Þýðingin er líka laus og hin dönsku orðatiltæki oft tekin næstum óbreytt, svo að orðskripi verða úr („under lide“ er þýtt *undir hlíða*). Það þarf ekki að lýsa þessum kvæðum hjer; þau eru alkunn; þau eru mest um riddara, frúr og jómfrúr og ástir, og að jafnaði sorgleg; er í þeim hrífandi fagur og hátignarlegur skáldskapur. Þessi kvæði eru einkar merk, þegar frumkvæðin eru týnd, og er það alloft, eða þegar hin dönsku kvæði, sem nú eru til, eru í yngri og breyttri mynd. Flest öll þessara kvæða eru viðlagakvæði og vísurnar tvö eða fjögur vísuorð auk viðkvæðis. Þau voru notuð sem danskvæði.

Í líkingu við þessi útlendu kvæði voru nokkur frumort á Íslandi svo sem Gunnbjarnarkvæði um Gunnbjörn á Upplöndum og Snjáfríði, dóttur Grikkjakonungs, Ólafsvísur um Ólaf helga og Álfeiði og fæðingu Magnúsar góða, en einkum Gunnarskvæði um Gunnar og Hallgerði (eftir Njálu). Það hefst svo:

Digitized by Google

Gunnar hjet bóndi á Hlíðarenda,
þángað vilda eg vísu venda
— Á þingi
betur unni Brynhildur Hríngi;

hjer er átt við aðalmennina í Hríngssögu og Tryggva í viðkvæðinu. Kvæðið er um oststuldinn og pústurinn, er Gunnar gaf Hallgerði, og hver laun hann fjekk, er hann varðist þeim Gissuri:

Ekki vildi hún Hallgerður hárið ljá,
þar lá Gunnars lífið á —

Kvæðið endar svo:

Só lyktaði þeirra fundum
að Gunnar lá dauður á grundu.
— Á þingi
betur unni Brynhildur Hríngi.

Viðkvæðið er prýðisvel valið; á svo vel við efnið.

Frá þessu tímabili er efalaust ýmislegt af öllum þeim fróðleik og kvæðum, sem gefinn er út í Íslenskum gátum, skemtunum, vikivökum og þulum. En ekki getum vjer farið freklega út í það hjer. Vikivakakvæðin eru danskvæði með ýmsri gerð, en einkennilegt við þau er viðkvæði, sem er 2 eða fleiri vísuorð, er gera eitt mál fyrir sig, en er þó skift niður á ýmsa staði í hverri vísu, og gera þá hin einstöku vísuorð ekki eða sjaldnast mál við það sem á undan og eftir fer. Þessi kvæði munu þó flest ort eftir siðabót. Þau geta verið með margvíslegu efni, ástakvæði, raunakvæði, keskikvæði.

Digitized by Google

Enn eru margar þulur, sem hjer mætti telja, um margs konar efni, og þó stundum lítið; mart af þeim barngælur. Sumar þeirra eru einkennilegar og tilfinníngasamar og lýsa vel einhverri lífsstöðu eða atviki og þar með aldarhætti. Þær eru oft náskyldar vikivökunum og líkar þeim að hætti. Sem dæmi skal aðeins þessi litla þula tilfærð:

Vappaðu með mjer vala,
verð eg þig að fala,
komdu ekki að mjer kala,
keyrðu fjeð í hala;
nú er dögg til dala,
dimma tekur á víði
— fjármannahríðin —
þú átt að elska smala
sem þitt eigið blóð
— fjármannahríðin
er full af bölmóð.

Að lyktum mætti telja ýms þjóðsögu- og ævintýrakvæði (svo sem Vambarljóð, Snjáskvæði, Kringilnefjukvæði, Kötludraum og fl.), er sum að minsta kosti eru eldri en siðabótin, og eru þau öll með fornyrðislagi (eða síðar svonefndu ljúflingslagi). Hjer til má og heimfæra Skaufhalabálk (tóukvæði) eftir Svart nokkurn Þórðarson á Hofstöðum, er á að hafa verið skáld Ólafar ríku (á síðara hluta 15. aldar).

Það er auðsjeð, að ekki hefur svo lítið verið ort á þessu tímabili, enda er svo að segja heldur ekki öðru til að dreifa. Af ritum í óbundnu máli

Digitized by Google

þekkist svo að segja ekki neitt. Þó eru til ekki allfá handrit frá því, en það eru mest alt uppskriftir af eldri ritum, sögum og þess konar. Frumlegt er aðeins bænir og áköll og ýmislegt smávegis, helst er snertir hjátrú og hjátrúarlækningar, særingar og stefnur, og þá eru stundum notaðar rúnir og galdrastafir. En alt þetta verður tæplega talið til bókmenta.

Líklega hafa ýmsar skáldsögur verið samdar, sem vjer kunnum eigi að greina frá þeim eldri; til þeirra heyrir og hin svonefnda Droplaugarsonasaga hin meiri, er samin mun vera á fyrra hluta 16. aldar. Hún er ekki illa samsett og málið ekki slæmt, furðanlega hreint og blátt áfram; en um forna tíma hefur höf. enga hugmynd. Hún er byggð á ýmsum fornritum, Droplaugars.s. (hinni fornu), Hrafnkelss., Brandkrossaþ. og Gunnars þ. Þiðrandabana, og ef til vill gömlum sveitamunnmælum. Vera má, að hjer til heyri og Gunnars þáttur keldugnúpsfífls, þáttur af Þóri hast og Bárði birtu; svo og Blómsturvallasaga og fl. smávegis.

Nokkrar helgisögur stafa og frá þessum tímum, og eru þær mjög lítils virði.

Digitized by Google

Höfundar og rit.

Aðalsteinsdrápa 114.
Ágrip 299—301.
Alcuin 398—99.
Alexanders s. 361—62.
Algórismus 388.
Alvíssmál 86—87.
Ambrósius s. 295.
Andra r. 463.
Andvaka 166.
Annálar 439—44.
Áns s. 345—46.
Ari fróði Þorgilsson 238—43.
Arinbjarnarkviða 117.
Árna s. biskups 436—37.
Arngrímr ábóti 410.
Árni Helgason 436.
Árni Jónsson, ábóti 415.
Árni Lárenzíusson 455.
Arnórr jarlaskáld 143—45.
Árons s. 277—78.
Ásmundars. kappabana 354.
Atlakviða 100—01.
Atlamál 101—02.
Atlöguflokkr 172.
Auðun illskælda 52—53.
Austrfararvísur 137.

Baldrs draumar 83.
Bandadrápa 132.
Bandamanna s. 252—53.
Bárðar s. 446—47.
Barlaams s. ok Jósafats 399.
Belgskakadrápa 120.
Bergr Sokkason 454—55.
Bergsteinn blindi 463.
Bersi Skáldtorfuson 141.
Bersöglisvísur 138—39.
Berudrápa 117.
Bestiarius 390.
Bevers s. 402.
Birgisflokkr og Birgisdrápa 172.
Bjarkamál 150.
Bjarka r. 433.
Bjarkeyjarréttr 397.
Bjarnar s. hitdk. 245—46.
Bjarni Bergþórsson 389.
Bjarni biskup Kolbeinsson 178—79.
Björn breiðvíkingakappi 120—21.
Björn hitdælakappi 118—19.
Blágagladrápa 144.
Blávus r. og Viktors 435.
Blómsturvallasaga 469.
Bósa r. 433.
Bósa s. 319.
Bragi gamli 48—50.
Brandr príór 207, 284.
Brandr biskup Jónsson 361—62.
Brandsflokkr 172.

Digitized by Google

Bretasögur 360—61.
Brönu r. 463.
Búadrápa 174.
Buslubæn 189.
Bærings s. 453.
Böglunga s. 305.
Bölverkr Arnórsson 145.

Daggeislavísur 120.
Dámusta r. 435.
Danakonunga s. 394—95.
Dansabergr 192.
Darraðarljóð 150—51.
Daviðsdiktur 465.
Dínusr. 435.
Droplaugarsona s. 259, (hin meiri) 469.
Dunstanus s. 455.

Edda 320—22.
Egill Skallagrímsson 111—17.
Egils s. 243—45.
Egils s. ok Ásmundar 349.
Eilífr Goðrúnarson 127.
Einarr fóstri 432.
Einarr Gilsson 414—15.
Einarr Hafliðason 437—38.
Einarr Helgason, skálaglamm 125—26.
Einarr Skúlason 161—65.
Einarr þveræingr 124.
Eiríkr Oddsson 288—89.
Eiríksdrápa 120, 158.
Eiríksmál 58.
Eiríks s. rauða 308—09.
Eiríks s. víðförla 449.
Elfarvísur 164.
Elis s. ok Rósamundu 401.
Elucidarius 385.
Erpr lútandi 16, 48.
Errex s. 402.
Eyjólfr dáðaskáld 132.
Eykyndilsvísur 119.
Eyrbyggja s. 246—48.
Eysteinn Ásgrímsson 410—14.
Eyvindr Finnsson 58—62.

Fáfnismál 96.
Fagrskinna 302—04.
Filpó r. 435.
Finnboga s. ramma 445.
Finnbogi fróði 207.
Fjölsvinnsmál 90—91.
Fleinn skáld 16.
Flóamanna s. 274—75.
Flóres s. ok Blankinflúr 402—03.
Flos peregrinationis 387.
Flóvents s. 402—03.
Fornkvæði 466—67.
Fóstbræðra s. 251—52.
Friðþjófs r. 433.
Friðþjófs s. 346—47.
Frostaþingslög 397.
Færeyingasaga 309—10.

Gamli kanoki 183—84.
Gátur 190—91.
Geiplur 434.
Geirarðs r. 435.
Geisli 163—64.
Gests s. Bárðars. 446—47.
Gimsteinn 463.
Gísl Illugason 158—59.
Gísla s. Súrss. 250—51.
Gísli Súrsson 122.
Gizurr Hallsson 387.
Gjafa-Refs s. ok Gaulr. 343—44.
Glúmr Geirason 125.
Glymdrápa 54.
Glælognskviða 143.

Digitized by Google

Gráfeldardrápa 125.
Grágás 372.
Grámagaflím 119.
Grautar-Halli 147—48.
Grettir 122.
Grettis r. 429.
Grettis s. 272—73.
Grímnismál 82—83.
Grímr Droplaugarson 124.
Grímr Hólmsteinsson 363.
Gríms r. 434.
Gríms s. loðinkinna 344.
Grípisspá 95.
Griplur 428.
Grissvisur 132.
Grógaldr 90.
Gróttasöngr 105—06.
Grundi prúði 16.
Grænlendinga þ. 309.
Guðmundardrápa 415.
Guðmundar s. dýra 269.
Guðmundar s. helga 280—81, 438—39.
Guðrúnarhvöt 102.
Guðrúnarkviður 97—98, 99.
Gulaþingslög 397.
Gullþóris s. 250.
Gunnars þ. Keldugn.fífls 469.
Gunnarskvæði 466.
Gunnbjarnarkvæði 466.
Gunni Jónsson 463.
Gunnlaugr múnkr 293—96.
Gunnlaugr ormstunga 118.
Gunnlaugs s. 245.
Gutthormr sindri 57.
Gyðingasaga 362.
Gylfaginning, sjá Edda.
Gönguhrólfs s. 348.

Hafliðaskrá 371.
Hákon ungi 399.
Hákonardrápa 57.
Hákonarflokkr 172.
Hákonarkviða 172.
Hákonarmál 60—61.
Hákonar s. Ívarss. 304.
Hákonar s. gamla 333.
Haldórr ókristni 132.
Haldórr skvaldri 159—60.
Háleygjatal 61—62.
Hálfdanar s. Brönuf. 350.
Hálfdanar s. Eysteinss. 348.
Hálfs s. 342—43.
Hallar-Steinn 174.
Hallbjörn hali 165.
Hallfreðar s. 253.
Hallfreðr vandræðask. 128—32.
Hallr Þórarinsson 176—77.
Hallr Ögmundarson 463.
Hamðismál 102—03.
Haraldr hárfagri 51—52.
Haraldr harðráði 143.
Haraldskvæði 54.
Hárbarðsljóð 83—84.
Harðar s. 246, 448.
Hárekr í Þjóttu 62.
Harmsól 184.
Háttalykill 177—78.
Háttatal 167—68.
Haukr Erlendsson 284.
Haukr Valdísarson 173—74.
Haustlöng 56—57.
Hávamál 78—81.
Hávarðar s. 273.
Hávarðr halti 122.
Heiðarvíga s. 254—55.
Heilagsanda vísur 185.
Heilagra manna sögur 364, 398.
Heimskringla 322—25.
Helgakviður 91—92, 93—94.

Digitized by Google

Helgikvæði 416—17, 460—62.
Helreið 98.
Herburts r. 435.
Hervarar s. 352—54.
Hirðskrá 398.
Historia de ant. reg. Norw. 393.
Historia de prof. Dan. 394.
Historia Norvegiæ 394.
Hjálmtérs r. 433.
Hjálmtérs s. ok Ölvis 350.
Hólmgöngu-Bersi 121.
Homilíur 385, 398.
Hrafnkels s. goða 259—60.
Hrafnsmál 149, 172.
Hrafns s. Svbj. 268—69.
Hrings r. ok Tryggva 433—34.
Hrólfr af Skálmarnesi 343.
Hrólfs s. Gautrekss. 347.
Hrólfs s. kraka 351.
Hrómundar s. 343.
Hryggjarstykki 289.
Hrynhenda 144, 172.
Hugsvinnsmál 418.
Hungrvaka 278—79.
Húsdrápa 121.
Hymiskviða 85—86.
Hyndluljóð 106.
Hænsaþóris s. 270—71.
Höfuðlausn 114—15, 140—41, 143.

Illugadrápa 149.
Illuga s. gríðarfóstra 350.
Ingjaldr Geirmundarson 172.
Íslendingabók 239—42.
Íslendingadrápa 173.
Íslendingasaga 331—33.
Ívarr Ingimundarson 160.
Ívens s. 402.

Jarla s. 310—11.
Járnsíða 375.
Játvarðar s. 364.
Jómsvíkingadrápa 178—79.
Jómsvíkinga r. 463.
Jómsvíkinga s. 314—15.
Jón Arason 463—66.
Jón Haldórsson, biskup 456.
Jón Pálsson 415.
Jónsbók 375—76.
Jóns r. leik. 435.
Jóns s. biskups 294.
Jóns s. skírara 363.
Jónsvísur 184.
Jórunn skáldmær 62.
Jökuls þ. 445—46.

Kálfr skáld 415—16.
Kálfr þrænski 16.
Kálfsvísa 180.
Karl Jónsson, ábóti 289—92.
Karlamagnús s. 403—04.
Káruljóð 93.
Katrínardrápa 416.
Ketils s. hængs 344.
Kjalnesinga s. 445.
Klárus s. 457.
Klerka r. 435.
Knútsdrápa 138, 141.
Knýtlinga s. 312—14.
Kolbeinn Tumason 184—85.
Kolbrúnarvísur 142.
Kolluvísur 120, 147.
Kolskeggr fróði 207, 284.
Konráðs r. 435.
Konráðs s. 453—54.
Konungsskuggsjá 395—97.
Kormákr skáld 123—24.
Kormáks s. 271—72.
Krákumál 188—89.

Digitized by Google

Kristni s. 282—83.
Krókarefs r. 433.
Krókarefs s. 447.
Krossvísur 465.

Landnámabók 283—87.
Landrésss r. 434—35.
Lárenzíus s. 437—38.
Laxdæla 248—49.
Leiðarvísan 185.
Leiðarvísir ok borgaskipan 387.
Líknarbraut 185.
Lilja 411—14.
Ljómur 464—65.
Ljósvetninga s. 256—57.
Lokasenna 87—88.
Lokrur 427.
Loptr Guttormsson 417—18.
Lygisögur 451—52.

Mábils r. 463.
Magnúsdrápa 144—45.
Magnúsflokkr 146.
Magnús góði 143.
Magnús s. helga 311.
Magnús s. lagabætis 334.
Mágus r. 435.
Mágus s. 452.
Máhlíðingavísur 121.
Málsháttakvæði 179—80.
Máni skáld 165.
Máríulykill 415.
Máríu s. 363—64.
Markús Skeggjason 157—58.
Merlínus spá 295—96.
Míkaelsflokkr 463.
Mírmanns s. 452.
Morkinskinna 301—02.
Möttuls s. 402.

Náð 463.
Nafnaþulur 180—81.
Nesjavísur 137.
Niðurstigsvísur 465.
Nikulás ábóti 183, 387.
Nikulásdrápa 463.
Nikulás s. 455.
Njáls s. 260—66.
Njarðvikinga s. 259.
Nóregskonungatal 173.
Nornagests þ. 355—56.

Oddr breiðfirðingr 149.
Oddr múnkr 292—93.
Oddrúnargrátr 99—100.
Óláfr helgi 62.
Óláfr Tryggvason 62.
Óláfr Þórðarson 169—70, 381—84.
Óláfsdrápa 139, 148, 175.
Óláfs r. 414.
Óláfs s. helga 297, 298—99, 364.
Óláfs s. Tryggvas. 292, 295.
Ólafsvísur 463, 466.
Orkneyinga s. = Jarla s.
Óttarr svarti 140—41.

Páls s. biskups 279.
Parcevals s. 402.
Partalópa s. 403.
Píslargrátr 464.
Plácítúsdrápa 185—86.
Postula s. 364, 398.

Ragnarsdrápa 50—51.
Ragnars s. 351.
Ragnarssona þ. 351.
Refr ryzki 16.
Reginsmál 95.
Rekstefja 174.

Digitized by Google

Reykdæla s. 257—58.
Rígsþula 88—89.
Rímbeygla 389.
Rímur (laldar) 462.
Róbert ábóti 392, 401.
Roðbert meistari 311.
Róðudrápa 133.
Rómverja sögur 360.
Rósa 463.
Rúnólfr ábóti 364.
Rögnvaldr blindi 463.
Rögnvaldr kali 175—78.

Sálus r. 435.
Selkolluvísur 414.
Sendibítr 62.
Sexstefja 146.
Sigrdrífumál 96—97.
Sigurðarbálkr 160.
Sigurðarkviður 97, 98.
Sigurðar r. fóts 434.
Sigurðr blindi 462—63.
Sigurðr fóstri 432.
Sigvatr Þórðarson 133—40.
Skáldasaga 53.
Skáldhallr 173.
Skáldhelga r. 429.
Skáldskaparmál, sjá Edda.
Skallagrímr 111.
Skaufhalabálkr 468.
Skíða r. 429—32.
Skikkju r. 434.
Skírnismál 87.
Skjöldunga s. 312.
Skógarkrists r. 463.
Skúli Þorsteinsson 132.
Snjólfr 417.
Snorri Sturluson 165—69, 316—26.
Snæfríðardrápa 52.
Sólarljóð 186.
Sonatorrek 115—16.
Sorptrogsvísur 146.
Steinn Herdísarson 148.
Stjórn 399—401.
Stjörnuoddadraumr 192.
Stjörnu-Oddi 389.
Stolinstefja 52.
Strengleikar 405—06.
Stúfr Þórðarson 146—47.
Sturla Þórðarson 170—72, 284, 326—34.
Sturlaugs r. 433.
Sturlaugs s. 348.
Sturlunga s. 331—33.
Sturlu s. 267—68.
Stuttfeldardrápa 160.
Styrmir fróði 284, 296—97.
Svarfdæla s. 273—74.
Svartr Þórðarson 468.
Sverris s. 289—92.
Svínfellinga s. 276.
Sæmundr fróði 287—88.
Sögubrot af fornkonungum 352.
Sörla r. 433.

Teodricus múnkr 393—94.
Tindr Hallkelsson 126—27.
Tómás s. erkibiskups 364—65, 398—99.
Torf-Einarr jarl 62.
Tristrams s. 401.
Trójumanna s. 360.
Tögdrápa 138, 143.

Úlfhams r. 434.
Úlfr óargi 48.
Úlfr Uggason 121.

Digitized by Google

Úlfsvísur 148.
Uppreistardrápa 131—32.
Útfararbálkr 159.
Útfarardrápa 160.

Vafþrúðnismál 81—82.
Vallaljóts s. 256.
Vápnfirðinga s. 258.
Varnarræða 395.
Vatsdæla s. 253—54.
Vellekla 126.
Vémundar s. ok Víga-Skútu 257.
Veraldar s. 360.
Vergilíus r. 435.
Vestrfararvísur 137.
Viðræðurit 385.
Víga-Glúmr 124.
Víga-Glúms s. 255—56.
Vigfúss Víga-Glúmsson 124.
Víglundar s. 446.
Víkarsbálkr 190.
Víkingarvísur 137.
Vikivakakvæði 467.
Völsa þ. 191—92.
Völsungakviða 92—93.
Völsunga s. 354—55.
Völsungs r. 428.
Völundarkviða 103—05.
Völuspá 75—78.
Völuspá hin skamma 89.

Ynglingatal 55—56.
Yngvars s. víðförla 449—50.

Þiðreks s. 356—58.
Þinga s. 305.
Þjóðólfr ór Hvini 54—57.
Þjóðólfr Arnórsson 145—46.
Þjóðsögukvæði 468.
Þórarinn loftunga 142—43.
Þórarinn stuttfeldr 160—61.
Þórarinn svarti 121.
Þorbjörn hornklofi 53—54.
Þórðar s. hreðu 447—48.
Þórðar s. kakala 276.
Þórðr Kolbeinsson 119—20.
Þórðr Rúfeyjaskáld 172.
Þórðr Sjáreksson 133.
Þorfinnsdrápa 145.
Þorgeirsdrápa 142.
Þorgilsdrápa 171.
Þorgils s. ok Hafliða 267.
Þorgils s. skarða 276—77.
Þorgrímsþula 180.
Þóriðr Snorradóttir 207.
Þórir snepill 111.
Þóris þ. hasts 469.
Þorkell Gíslason 174.
Þorkell hamarskáld 148.
Þorláks s. biskups 279—80.
Þorleifr jarlsskáld 127—28.
Þorleikr fagri 148.
Þormóðr Kolbrúnarskáld 141—42.
Þormóðr Óláfsson 417.
Þormóðr Trefilsson 149.
Þóroddr rúnameistari 383.
Þórsdrápa 127.
Þorsteinn surtr 389.
Þorsteins s. hvíta 258.
Þorsteins saga Víkingssonar 346.
Þrymlur 427—28.
Þrymskviða 84—85.
Þrændlur 433.
Þulur 468.
Þverárvísur 171.

Digitized by Google

Þættir 266—67, 275—76, 305—
—07, 315, 448. 449.

Ævintýrakvæði 468.
Ævintýri 455—57.

Ölvir hnúfa 53.
Önundr tréfótr 111.
Örvar-Odds s. 344—45.
Öxarflokkr 164.

Digitized by Google

Leiðrjettingar:

Bls.	*141*	*l.* 8	*a.*	*n.*	*les* Þormóðr.
—	*146*	- 10	-	-	— Stúfr.
—	*176*	- 9	-	-	— Þórarinsson.
—	*207*	- 8	-	-	— príór.

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

This book should be returned to the Library on or before the last da stamped below.

A fine of five cents a day is incurred by retaining it beyond the specified time.

Please return promptly.

DUE OCT 7 '33

Digitized by Google

Scan 4114.5
Bokmentasaga islendinga fram und
Widener Library 003168122
3 2044 084 733 963